Menningarminjar í Austur-Húnavatnssýslu

Svæðisskráning

Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS148-01131

Reykjavík

2001

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur....4
1.1. Um fornleifaskráningu....4
1.2 Um svæðisskráningu....8
1.3 Fornleifakönnun á svæðinu....11
2. Yfirlit um sögu byggðar í Austur-Húnavatnssýslu....14
2.1. Sveinsstaðahreppur....14
2.2. Áshreppur....19
2.3. Torfalækjarhreppur....21
2.4. Svínavatnshreppur....23
2.5. Bólstaðarhlíðarhreppur....26
2.6. Engihlíðarhreppur....31
2.7. Vindhælishreppur....33
3. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra....37
4. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu....45
5. Heimildarskrá....48
6. Fornleifaskrá....69
6.1. Fornleifar í Sveinsstaðahreppi....69
6.2. Fornleifar í Áshreppi....119
6.3. Fornleifar í Torfalækjarhreppi....195
6.4. Fornleifar í Svínavatnshreppi....241
6.5. Fornleifar í Bólstaðarhlíðarhreppi....311
6.6. Fornleifar í Engihlíðarhreppi....408
6.7. Fornleifar í Vindhælishreppi....475

1. Inngangur

Í mars 2001 var hafist handa við svæðisskráningu fornleifa í Austur-Húnavatnssýslu. Alls voru skráðar upplýsingar um 4551 fornleifar í sýslunni. Skráningin er gerð vegna yfirstandandi svæðisskipulagsvinnu í sýslunni og er gerð að ósk Samvinnunefndar um svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu. Guðrún Jónsdóttir arkitekt er ráðgjafi við skipulagsgerðina og hafði milligöngu um að Fornleifastofnun tók að sér að gera svæðisskráningu fornleifa.

Svæðisskráningin og skýrslan er unnin af Sædísi Gunnarsdóttur en Sólborg Una Pálsdóttir veitti aðgang að gögnum úr grunninum GUIDE 2000 og eru henni hér með veittar bestu þakkir fyrir.

1.1. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum og sér í lagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta

gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförnum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagðan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé “að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...” Samkvæmt lögunum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samráð við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornleifaskráningu og hefur raunin orðið sú á undanförnum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta fornleifaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar

framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skrám um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánu samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

Hér á eftir verður gerð rein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki svæðisskráningu fornleifa. Hér er þó greint stuttlega frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 16. grein þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. Byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. Vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar eiga að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eyktamörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll grettistök skráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar. Þar sem til eru upplýsingar um gróðurfar og búskaparskilyrði fyrir einstakar jarðir (t.d. í sóknarlýsingum og héraðssöguritum) er slíkum upplýsingum safnað á stigi svæðisskráningar.

Samkvæmt lögunum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar,

upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast Seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlit um þær fyrr en á stigi aðalskráningar. Helst er að upplýsingar um gamlar sundlaugar komi fram við svæðisskráningu.

1.2 Um svæðisskráningu

Við hefðbundna fornleifaskráningu hefur fyrst og fremst verið leitast við að finna og staðsetja einstakar rústir sem sýnilegar eru á yfirborðinu. Ekki var reynt að grennslast fyrir um hvar fornleifar gætu leynst þó þær séu ekki sýnilegar á yfirborði, en ætla má að meginþorri minja á Íslandi sé hulinn sjónum. Til að ráða bót á þessu hefur Fornleifastofnun Íslands þróað aðferðir til að áætla staðsetningu menningarminja en það er mikilvægt bæði frá vísindalegu sjónarmiði og nauðsynlegt ef forðast á röskun minja við framkvæmdir. Annarsvegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hinsvegar eru óbeinar vísbendingar um byggð og búsetu en með því að fá yfirlit um hvar byggð hefur verið má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þótt þeirra sjái ekki stað lengur. Við upphaf svæðisskráningar fornleifa er gert yfirlit um sögu byggðar, skilgreindar jarðir og takmörk þeirra og gert yfirlitskort um staði sem vitað er að búið var á. Helstu heimildir eru jarðabækur frá ýmsum tímum, sölubréf og landamerkjalýsingar. Þá er farið skipulega yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár. Að því loknu er leitað í beinum heimildum um fornleifar þ.e. eiginlegum fornleifaskýrslum.

Notagildi svæðisskráningar eru ákveðin takmörk sett og hún getur aldrei komið í staðin fyrir vettvangskönnun (aðalskráningu). Í fyrsta lagi takmarkast svæðisskráning

við þá flokka heimilda sem eru aðgengilegastir og gefa heildstæðasta mynd af menningarminjum á viðkomandi svæði. Er þar um að ræða jarðabækur, fornleifaskýrslur, örnefnaskrár og túnakort. Aðrar heimildir eins og t.d. ævisögur eða ferðasögur, sem oft geyma nákvæmar upplýsingar um húsaskipan og staðsetningu mannvirkja á 19. öld, eru ekki rannsakaðar skipulega á stigi svæðisskráningar þar sem nákvæmni og fjöldi slíkra upplýsinga er tilviljanakenndur og erfitt að hafa upp á þeim þegar stór svæði eru könnuð. Heimildir af þessu tagi eru hinsvegar kannaðar á stigi aðalskráningar. Í öðru lagi getur svæðisskráning ekki gefið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu allra minjastaða og í þriðja lagi er ekki hægt að segja til um ástand eða afdrif allra minjastaða á grunni svæðisskráningar. Nákvæmra upplýsinga um þessi atriði er ekki hægt að afla nema með vettvangsathugun, en á grunni svæðisskráningar má hinsvegar gefa grófa mynd af dreifingu og ástandi fornleifa á skráningarsvæðinu.

Helstu flokkar heimilda sem við er stuðst við svæðisskráningu fornleifa eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur. *Jarðabækur*. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er helsta og ítarlegasta verk sinnar tegundar og grundvallarheimildarrit um sögu byggðar á Íslandi og var hún tekin saman á árunum 1706-1713 í Húnavatnssýslu. Þar að auki má nefna Jarðatal Johnsens frá 1847 og síðan ritið *Húnaþing I-III* en saman gefa þessi rit allgóða mynd um dreifingu byggðar á skráningarsvæðinu. Með því að bera jarðabækurnar saman við jarða- og landamerkjaskjöl fæst einnig gróf mynd af þróun byggðar, skiptingu jarða og breytingum á eignarhaldsfyrirkomulagi. Þessar heimildir geta að jafnaði ekki um einstaka minjastaði, aðra en bæjarstæði og stöku sinnum selstöður, en heildstæðar upplýsingar um dreifingu byggðar eru grundvöllur fyrir túlkun flestra annarra minja, þ.e. þeirra sem orðið hafa til í sambandi við landbúnað, en það er þorri allra fornleifa. *Túnakort*. Um 1920 voru gerðir uppdrættir í mælikvarðanum 1:2000 af túnum svo til allra jarða á Íslandi. Kortin eru allmisjöfn að gerð enda eftir mismunandi mælingamenn. Öll sýna þau þó mörk túnanna og langoftast er staðsetning bæjarhúsa og útihúsa innan þeirra sýnd, en yfirleitt engin hús utan túns. Einnig er ritað á kortin hversu stór túnin voru í fermetrum og/eða dagsláttum, hversu stór hluti þeirra var þýfður þegar mælt var og hversu stórir matjurtagarðar voru. Öll kortin á skráningarsvæðinu voru gerð á bilinu 1919-1922 og koma fram á þeim bæði

bæjarstæði og útihús og stundum var merkt inn hlutverk útihúsanna. *Örnefnaskrár*. Söfnun og skráning örnefna hófst á seinni hluta 19. aldar og þá fyrst og fremst í samhengi við skýringar fornrita. Það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst að marki. Örnefnaskráning varð síðan eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins en örnefnasafnið er nú í umsjá Örnefnastofnunar Íslands. Örnefnalýsingar á skráningarsvæðinu eru nokkuð góðar. Til eru skrár fyrir flestar jarðir sem er gott í ljósi þess hve mikil eyðibyggð er á svæðinu og mikið þarfaverk unnið með því að ná saman þessum fróðleik áður en þeir sem til þekkja eru fallnir frá. Skráning örnefna á svæðinu hefur átt sér stað smátt og smátt, meira og minna unnin af heimamönnum. Allmisjafnt er hversu nákvæmlega er getið um rústir í örnefnaskrám en sjaldgæft er að höfundar skránna láti alveg hjá líða að minnast á mannvirkjaleifar. Þar kemur auðvitað aðallega til að margar rústir bera nöfn og eru auk þess fastir punktar í landslaginu sem hægt er að miða við í lýsingum á landinu. Örnefnaskrár eru stærsta og heildstæðasta safn upplýsinga um fornminjar sem völ er á en helstu gallar þeirra eru, að það er ekki hægt að treysta því að fullt samræmi sé á milli skráa, þar sem þær eru samdar af ólíku fólki á ólíkum tímum og höfundar þeirra eru oft of staðkunnugir þannig að lýsingar á landslagi verið illskiljanlegar þeim sem ekki þekkja til. Sjaldgæft er að fornleifum sé lýst að marki í örnefnaskrám, heldur er langoftast aðeins getið um þær í framhjáhlaupi eða til skýringar. *Fornleifaskýrslur*. Í lok 19. aldar var gert mikið átak á vegum Hins íslenzka fornleifafélags í að kanna íslenska fornleifastaði, og voru það einkum staðir sem tengdust frásögnum fornrita sem þóttu athyglisverðir. Til eru nokkrar skýrslur og greinar um fornleifar í Austur-Húnavatnssýslu og verður gerð frekari grein fyrir þeim hér að neðan.

Það má því segja að jarðabækur, og skyldar heimildir gefi rammann utan um skráningu menningarminja, en þorri upplýsinga um einstaka staði kemur úr örnefnaskrám og af túnakortum. Á svæðum þar sem aðalskráning (vettvangsathugun) hefur ekki farið fram eru fornleifaskýrslur aðeins til um örfáa staði, og yfirleitt um staði sem á einhvern hátt hafa þótt sérstakir. Mjög sjaldgæft er að til séu nákvæmar lýsingar á minjum um landbúnaðarstörf og daglegt líf seinni alda.

Vitað er um heimildir á héraðsskjalasafninu á Blönduósi sem eftir á að fara í gegnum. Af þeim má helstar telja handrita- og bréfasafn Guðmundar Jósafatssonar og Eyðijarðir og hjáleigur í Húnavatnssýslu á 18. öld Lbs 500, 4to.

1.3 Fornleifakönnun á svæðinu

Mikill áhugi var á fornaldarminjum í Danmörku í upphafi 19. aldar og lét konungleg nefnd um varðveislu fornminja þá skrá merkar minjar í öllu Danaveldi. Árið 1817 voru sendir út spurningalistar til sóknarpresta á Íslandi og þeir beðnir að gera grein fyrir fornum mannvirkjum og gripum sem fundust í sóknum þeirra. Svörin sem bárust nefndinni á næstu árum eru mjög misjöfn að lengd og gæðum og frá sumum prestum komu engin. Af skráningarsvæðinu bárust svör frá sr. Magnúsi Árnasyni á Þingeyrum Hann gat um nokkrar minjar í sókn sinni, einkum minjar á Þingeyrum, svo sem Munkaleiði, þingstaðinn, Stígandahróf, túngarðinn, vatnsstokk og minjar um rauðablástur. Einnig getur hann um Grettistak í Hnjúkalandi, Gullstein á merkjum Stóru-Giljár og Kringlu og Syngjanda á merkjum Steinness og Sveinsstaða. Sr. Hallgrímur Jónsson prestur á Þingeyrum skrifaði einnig skýrslu um staðinn og gat hann margs þess sama og Magnús en bætti við Ingólfsleiði skammt frá Gilsstöðum. Sr. Páll Bjarnason prestur á Undirfelli getur einnig Ingólfsleiðis og Grettistaks á Hnjúki. Sr. Sigvaldi Snæbjörnsson prestur í Grímstungu og Einar Guðbrandsson prestur á Hjaltabakka geta engra fornleifa í sóknum sínum og sr. Jón Jónsson á Auðkúlu, sr. Ölafur Tómasson á Blöndudalshólum og Björn Jónsson á Bergstöðum geta aðeins kirkjumuna. Sr. Jón Pétursson á Höskuldsstöðum getur Svönuleiðis í Refasveit, Þorlaugardysjar og Mánaleiðis. Árni prestur Illugason á Hofi getur um Kurfshaug, Höru í Harastaðatúni og Formannaklöpp. Einnig hofminja á prestsetrinu og eyðijarðanna Gullbrekku í Óslandi og Jörfa í Tjarnarlandi.[1]

Af þessu yfirliti má sjá að haugar fornmanna, hof, grettistök, þingstaðir og fornar sagnir voru þær tegundir fornleifa sem mest ástæða þótti að nefna á þessum tíma og fátt er um hversdagsminjar annað en forn bæjarstæði. Þessar áherslur voru að hluta dregnar af spurningum nefndarinnar, sem greinilega hafði mestan áhuga á sýnilegum

[1] FF, 463-485

minnismerkjum um söguöldina, en þær lýsa einnig almennri skoðun á fornminjum í byrjun 19. aldar. Þær áherslur áttu ekki eftir að breytast næstu áratugi en áhugi jókst hinsvegar mjög á íslenskum fornleifum er leið á 19. öld.

Árið 1838 er á ný sendur spurningalisti til sóknarpresta á Íslandi. Þá hafa áherslur breyst töluvert því flestir prestar geta um jarðir í sóknum sínum, eyðibýli, leiðir, bænhús og seljabúskap en segja fátt um aðrar fornleifar á svæðinu. Ýtarlegasta greinargerðin er rituð af séra Eggert Ó. Briem og getur hann einn presta um fornleifar í sókn sinni og telur þá helst til forn garðlög og sagnir um dysjar.[2]

Skipulegar rannsóknir á Íslendingasögunum áttu blómaskeið á seinni hluta 19. aldar, og voru þær, af hálfu Íslendinga að minnsta kosti, tengdar sjálfstæðisbaráttunni og þörf Íslendinga fyrir skýra mynd af eigin fortíð. Á þessum tíma gerðu menn sér grein fyrir að ein helsta leiðin til að sannreyna að hversu miklu leyti sögurnar segðu frá raunverulegum atburðum var að athuga staða- og leiðalýsingar þeirra. Í þeim tilgangi reið danski handritafræðingurinn Kristian Kålund um landið á árunum 1872-74, með Íslendingasögurnar í hnakktöskunni og kannaði staði og leiðir sem lýst er í sögunum. Hann hefur för sína á Þingeyrum og lýsir þar stofnun klausturs og minja sem þar eru. Hann nefnir þar bæir sem getið er um í fornritum og sögunnar um Skíðastaði sem tók af í skriðu. Síðan nefnir hann Vatnsdalshóla og Þórdísarlæk sem getið er í Vatnsdælu og fleiri sögustaði þar. Einnig þær jarðir í Vatnsdal sem talið er að landnámsmenn hafi búið á svo sem Grundarkot. Um aðra bæi í dalnum getur hann sérstaklega Hvamms og Hofs og sögufrægra minja þar. Hann nefnir nokkra minjastaði svo sem Ljótunarkinn í landi Áss en hefur greinilega ekki komið á staðinn. Hann virðist hafa skoðað tóftir Þórhallsstaða lítilsháttar en bætir litlu við þekkingu okkar um þær minjar. Kålund fer síðan í Svínavatnshrepp og heldur lýsingu sinni áfram en styðst greinilega frekar við ritaðar heimildir en eigin upplifun af staðnum. Hann segir lítið frá bæjum í Langadal annarra en þeirra sem nefndir eru í fornritum og sama má í raun segja um aðra hluta sýslunnar.[3]

Árið 1879 var Hið íslenzka fornleifafélag stofnað og var markmið þess meðal annars að kanna forn mannvirki og einkum þau sem tengdust fornsögunum og samfélagi þjóðveldisaldar. Félagið gerði út leiðangra á sumrin til að kanna sögustaði

[2] *Sýslu og sóknalýsingar hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1871. Húnavatnssýsla.* I bindi
[3] KK III, 20-41

og safna forngripum og var Sigurður Vigfússon gullsmiður og fornfræðingur aðal rannsóknarmaður félagsins fyrstu tíu árin. Hann fór í leiðangur um Húnavatnssýslur árið 1886. Helstu áherslur hans voru að finna staði sem nefndir voru í Íslendingasögunum sem og hof. Á Þingeyrum skoðaði hann þingstaðinn, ásamt Stígandahrófi, og Faxbrandsstaði í landi Breiðabólsstaðar. Einnig meinta Sleggjustaði í landi Helgavatns og Nautabú í landi Undirfells sem eru sögustaðir úr Vatnsdælu. Fleiri sögustaði úr sama riti skoðaði Sigurður svo sem Oddaás í landi Áss ásamt Þórhallsstöðum sem nefndir eru í Grettissögu. Einnig leitaði Sigurður Jökulsstaða sem nefndir eru í Landnámu. Hann skoðaði einnig sundlaugarhleðslu í landi Marðarnúps og hofið í Vatnsdal. Eftir 1890 tók Brynjúlfur Jónsson við fornleifakönnun á vegum fornleifafélagsins og ferðaðist víða um land fram um 1910. Hann kom í Húnavatnssýslur árin 1894 og 1905. Þeir staðir sem vöktu mestan áhuga hans voru þeir sömu og Sigurður hafði haft áhuga á, svo sem fornleifar á Þingeyrum, Faxbrandsstaðir, Oddaás og hofið í Vatnsdal. Frá því að Brynjúlfur hætti hefur lítið verið ritað um minjar í Húnaþingi helst má nefna rit Páls Kolka, Föðurtún, sem getur margra eyðibýla á svæðinu.

Nær engir uppgreftir hafa verið á svæðinu. Matthías Þórðarson rannsakaði kumlin á Tindum árið 1937 og á Stafni árið 1933. Kristján Eldjárn gróf upp kumlið á Smyrlabergi í Torfalækjarhreppi árið 1954 og á Brandsstöðum árið 1967.[4] Guðmundur Ólafsson gerði rannsókn á vegarstæði Skagastrandarvegur um Hafursstaðaá en fann engar fornleifar þar.[5] Guðmundur gerði sama ár rannsókn á Þverárfjallsvegi-Skagavegi, vegarkafla milli Skagastrandar og Skagafjarðar um Norðurárdal, Laxárdal og Laxárdalsheiði og skráði hann þar nokkra minjastaði[6] sem hann rannsakaði frekar ári síðar.[7] Einnig hafa starfsmenn Fornleifastofnunar Íslands skráð hof- og kirkjuminjar í sýslunni á 10. áratug 20 . aldar.

.

[4] KEKH 2000, 126-132
[5] Guðmundur Ólafsson: *Skagastandarvegum um Hafursstaðaá*, 6
[6] Guðmundur Ólafsson: *Þverárfjallsvegur-Skagavegur*, 6-17
[7] Guðmundur Ólafsson: *Illugastaðir í Laxárdal og Neðstibær í Vindhælishreppi*, 5-14

2. Yfirlit um sögu byggðar í Austur-Húnavatnssýslu

Til að fá gróft yfirlit um byggðasögu skráningarsvæðisins verður hér fjallað um hvern hrepp fyrir sig. Aðferðirnar sem hér verður beitt til þess að skoða byggð á svæðinu eru þær að fyrst er litið á landnám í Austur-Húnavatnssýslu, gerð grein fyrir landnámi hvers hrepps fyrir sig en á grunni þess og staðsetningu kumla og kirkna er hægt að geta sér til um hvaða jarðir byggðust fyrst á svæðinu. Kuml eru auðsjáanlega heimild um byggð fyrir árið 1000 en kirkjur og bænhús eru yfirleitt talin hafa verið reist skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á hinum mikla fjölda guðshúsa er sú að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum, sem voru líklega við hvern bæ eins og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið komin í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús séu seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Ritaðar heimildir eru helstar Landnámabók, fornbréf og fornsögur. Þær Íslendingasögur sem nefna jarðir í Austur-Húnaþingi eru helstar Vatnsdæla, Hallfreðarsaga, Heiðarvígasaga, Gunnlaugs saga Ormstungu og Grettis saga og má ætla að þær jarðir, sem þar eru nefndar, hafi verið komnar í byggð þegar sögurnar voru ritaðar.[8] Elstu fornbréfin eru frá 13. öld og má af þeim fá nokkra hugmynd um byggðaskipun á svæðinu.

2.1. Sveinsstaðahreppur

Landnám Sveinsstaðahrepps er nokkuð afmarkað og virðist fylgja nokkurn veginn núverandi hreppamörkum. Það sem er sammerkt með landnámsmönnum

[8] Vatnsdæla, Hallfreðarsaga og Heiðarvígasaga ritaðar á bilinu 1200-1280, Gunnlaugs saga 1240-1310 og Grettissaga 1300-1450. *Íslensk bókmenntasaga* II, 42

Sveinsstaðahrepps er að þeir tengjast allir Ingimundi gamla á Hofi í Vatnsdal. Jörundur háls Þórisson var mágur Ingimundar og nam hann land frá Urðarvatni til Mógilslækjar og bjó á Grund undir Jörundarfelli, faðir Más á Másstöðum.[9] Mörk þessa landnáms eru skýr, Urðarvatn nefnist nú Hvammstjörn og er milli Hjallalands og Hvamms. Mógilslækur er norður af Bjarnastöðum og að vestan afmarkast land Jörundar af Vatnsdalsá og Flóðinu. Bærinn Grund er ekki til en hins vegar er til Grundarkot býli suður af Másstöðum. Már sonur Jörundar gerði býli á Másstöðum, 80 hundraða jörð og er ekki ólíklegt að hún hafi reynst betri kostur en Grund og því hafi fjölskyldan fært sig um set. Grund hefur síðar farið í eyði og nafnið Grundarkot festst við býlið eins og algengt var með eyðibýli. Jörðin hefur haldið því nafni þegar hún byggðist aftur, þá sem hluti af Másstöðum. Norðan við Jörund nam Hvati land frá Mógilslæk til Giljár og bjó hann á Hvatastöðum.[10] Áin sem kemur út úr Sauðadal er nefnd Giljá þar og rennur hún áfram út í Húnavatn og hefur land Hvata því verið austan undir fjallinu. Hins vegar er ekki ljóst hvort Sauðadalur hefur tilheyrt Hvata. Sauðadalur hefur yfirleitt verið óbyggður og jarðir þær sem þar áttu selstöðu eru flestar í Vatnsdal, svo sem Másstaðir og Hnausar.[11] Það verður þó að teljast ólíklegt að landnám Hvata hafi náð svo austarlega því samkvæmt jarðabókum átti Stóra-Giljá Sauðadal allan en sú jörð er norðan við Giljá og því utan landnáms hans. Þriðji landnámsmaðurinn í Sveinsstaðahreppi var Ásmundur vinur Ingimundar. Hann nam lönd vestan við Vatnsdalsá og Flóðið, norðan við Helgavatn og um Þingeyrarsveit og bjó undir Gnúpi.[12] Mörk Ásmundar að vestan eru á móti landnámi Auðuns skökuls og er erfitt að greina ákveðin mörk fyrr en kemur norður að Hópi. Bæjarnafnið hefur ekki varðveist en Ásmundarnúpur er nyrst á Víðidalsfjalli. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er nefnt Ásmundarkot fornt eyðiból undir Ásmundarnúpi, sem ekki hefur byggst í manna minnum. Þar var síðar sel og býli um stuttan tíma og gæti Ásmundur hafa gert sér ból þar.[13] Þessar sagnir hljóma nokkuð sannfærandi þó sérkennilegt sé að engum landnámsmannanna hafi tekist að finna sér bólstað á jörð sem

[9] ÍF I, 219
[10] ÍF I, 219
[11] Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma*, 257
[12] ÍF I, 219
[13] JÁM VIII, 244: Kaalund II, 25-26; Brynjúlfur Jónsson: "Rannsókn sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894" *Árbók 1895*, 3

hélst í byggð, en slík minni eru algeng í Landnámabók og virðast vísa til þess að menn endurskoðuðu oft staðarval sitt eftir að reynsla var komin á búsetuna.

Aðeins er eitt kuml skráð í Sveinsstaðahreppi á bakka Gljúfrár en ekki víst hvoru megin árinnar það var og því lítið á því að græða um hvar menn tóku sér bólfestu fyrst, þó það sýni að byggð hefur verið komin á svæðinu á 10. öld. Hins vegar voru þrjár sóknakirkjur í hreppnum á miðöldum, á Breiðabólstað, Másstöðum og Þingeyrum sem auðvitað er einn merkasti minjastaður sýslunnar og rétt að líta aðeins á sögu staðarins og klaustursins. Í Jóns sögu biskups segir að hann hafi látið reisa kirkju og bæ á Þingeyrum.[14] Samkvæmt tímatali sögunnar átti þetta sér stað um 1112 sem þýðir að þar hefur sennilega verið þingstaður en ekki býli fyrir þann tíma. Í annálum er klaustrið talið sett 1134 og er þar með elsta klaustur á Íslandi.[15] Það var ríkt af jörðum og átti það um tíma allar jarðir í hreppnum að Másstöðum undanskilum. Á Þingeyrum er skráð eyðibýlið Trumsalir og árið 1713 fylgir því sú arfsögn að þar hafi bærinn upphaflega staðið og klaustrið einnig. Þykir þetta ótrúverðug saga sökum staðsetningar tóftanna en ef til vill hefur verið býli þar sem lagðist af þegar klaustrið var stofnað og í fornleifaskýrslu prests um Þingeyrar telur hann staðinn hafa byggst úr landi þessa eyðibýlis.[16] Sennilegt er að upphaflega hafi verið tvær aðalkirkjur í sveitinni, á Másstöðum og Breiðabólstað. Ekki er ljóst hvar sóknarmörkin lágu, freistandi er að telja að þau hafi verið við vatnsföllin sem skipta sveitinni í tvennt. Á 14. öld áttu 6 bæir sókn til Másstaða en 1432 voru þeir taldir fjórir og þar af var einn í eyði. 1486 segir að tvö bænhús fylgi Másstaðakirkju, á Hjallalandi og Bjarnastöðum.[17] Þetta kemur ágætlega heim við það að Másstaðasókn hafi náð yfir stærstan hluta landnáma Jörundar og Hvata, þ.e. frá Hjallalandi og að Öxl. Nyrstu bæirnir tveir gætu svo hafa flust yfir til Þingeyrasóknar í byrjun 15. aldar, en þangað lagðist svo öll sóknin eftir að Másstaðakirkja var lögð niður 1811. Í máldögum Breiðabólstaðarsóknar frá 1318 og 1432 segir að 13 bæir eigi sókn þangað en aðeins sjö þeirra voru í byggð 1432. 1486 var eitt bænhús í Breiðabólstaðarþingum og var það á Miðhópi, en 5 bæir í Víðidal áttu sókn til Breiðabólstaðar. Þar fyrir utan náði sóknin frá Helgavatni að Hólabaki. Þar norðan við var kjarninn í sókn Þingeyraklausturs, og má vera að þeir bæir hafi sótt

[14] *Biskupasögu I*, 171
[15] IA, 320
[16] JÁM VIII, 250-251; FF, 468
[17] DI II, 475-476; IV, 513; V, 354

þjónustu til Breiðabólstaðar eða Giljár áður en klaustrið var stofnað. Kirkja var á Giljá og hafa þangað átt sókn bæir í suðurhluta Ása, en sú sókn lagðist snemma undir Þingeyrar ásamt Litlu-Giljá og Brekku, en á Brekku var bænhús. Eftir að Þingeyraklaustur var stofnað eignaðist það smám saman nær allar jarðir í nágrenninu og meðal annars kirkjustaðinn að Breiðabólstað. Með í þeim kaupum hefur eflaust fylgt afréttin á Víðidalsfjalli því í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir að fjalllandið hafi til forna verið eign þeirrar jarðar.[18]

Eins og áður sagði má telja líklegt að jarðir þar sem guðshús voru, hafi byggst fyrir 11. öld. Fyrir utan áðurnefnda kirkjustaði (Þingeyrar undanþegnar) hefur byggð því hafist snemma á Steinnesi, Sveinsstöðum, Hjallalandi, Bjarnastöðum og Brekku en á þessum jörðum voru bænhús. Eins má telja líklegt að dýrar jarðir hafi byggst snemma, það er áður en fólk tók að koma sér fyrir á rýrari jörðum. Hnjúkar og Helgavatn eru báðar 30 hundraða jarðir og því líklegt að þær hafi þótt eftirsótt jarðnæði. Þeirra er einnig beggja getið í fornsögum: Hnjúka í Hallfreðarsögu og Helgavatns í Vatnsdælu.[19] Skíðastaða er einnig getið í Vatnsdælu en það var forn klausturjörð sem tók af í skriðu á 16. öld en síðar var jörðin Hnausar byggð þar í landinu, fyrst sem selstaða en varð síðar lögbýli.[20] Vatnsdalshóla er getið í Sturlungu.[21] Margra jarðanna er ekki getið í heimildum fyrr en með jarðalista Þingeyrarklausturs frá árinu 1525 svo sem Geirastaða, Leysingjastaða, Haga, Hólabaks, Axlar, Litlu-Giljár og Miðhúsa.[22] Síðastnefnda jörðin er talin byggð úr landi Breiðabólstaðar ásamt Uppsölum.[23] Þessar jarðir eru flestar aðeins rýrari en þær fyrrtöldu en hins vegar hafa þær allar sennilega verið löngu komnar í byggð á 16. öld, sennilega flestar á 12. öld þó ekki sé hægt að sýna fram á það nema með uppgreftri. Hér að neðan verður hjáleigubyggð sveitarinnar skoðuð en vert er að minnast sérstaklega á tvö býli í landi Breiðabólstaðar. Háholt er eyðibýli sem sagt er frá í jarðabók 1713 og hafði þá lengi verið í eyði. Í máldaga kirkjunnar frá 1318 segir að kirkjan eigi hjáland að Háfaholti

[18] JÁM VIII, 258
[19] ÍF VIII, 140, 110
[20] ÍF VIII, 85; JÁM VIIII, 265-266
[21] *Sturlunga saga* II, 203
[22] DI XI, 314
[23] Ö-Uppsalir, 2

sem áreiðanlega er sama jörð og því heimild fyrir mjög fornri hjáleigubyggð. Síðan eru Faxbrandsstaðir sem eru taldir vera bær Faxbrands sem getið er um í fornritum.[24]

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847.

Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð
HV-168:012	Prjámstaðir	um 1700
HV-169:009	Trumsalir	fyrir 1700
HV-169:028	Eyjabær	ekki vitað
HV-169b:001	Þingeyrarsel	til 1930
HV-171:007	Steinholt	fyrir 1700
HV-172:012	Steinneskot	19. öld
HV-172:014	Árnakot	ekki vitað
HV-173:036	Litlu Sveinsst	fyrir 1700
HV-178:009	Háholt	14. öld
HV-178:017	Faxbrandsst.	ekki vitað
HV-178:020	Litlu-Miðhús	fram yfir 1900
HV-178:021	Arabía	fyrir 1707
HV-179:013	Minni Hnjúkar	fyrir 1525
HV-180:015	Sleggjustaðir	ekki vitað
HV-183:008	Skriðukot	fyrir 1700
HV-183:009	Skammbeinsk.	fyrir 1700
HV-183:010	Steinkot	fram á 19. öld
HV-185:025	Aralækur	19. öld
HV-186:006	Gullberust.	ekki vitað
HV-187:010	Geitaból	fyrir 1713
HV-187:014	Fremrasel	ekki vitað
HV-662:001	Jörfi	um 1840
HV-662:002	Skriðbrekka	1525
HV-662:003	Hvatastaðir	10. öld

Af þessari töflu má sjá að mesta hjáleigubyggðin hefur verið fyrir aldamótin 1700 og margar hjáleigur hafa ekki byggst aftur eftir það. Aðeins er vitað um byggð á sex jörðum eftir þann tíma af 24 skráðum býlum. Þessi þróun sést víðar á landinu og ákveðið ris virðist hafa verið í hjáleigubyggð á 17. öld.

[24] JÁM VIII, 258; DI II, 478

2.2. Áshreppur

Vatnsdalur efri var numinn af Ingimundi gamla Þorsteinssyni sem virðist hafa komið til Íslands frekar snemma á landnámstíð því með honum komu flestir þeir sem síðar námu lönd í nágrenni hans. Mörk landnáms Ingimundar eru nánast eins og hreppamörkin liggja nálægt Helgavatni og Hvammstjörn og suður á fjöll að Forsæludal undanskilum og bjó Ingimundur að Hofi. Friðmundur þræll hans nam Forsæludal en ekki er getið um mörk milli landnáma þeirra. Synir Ingimundar byggðu síðan víða um dalinn. Jökull sonur hans bjó í Tungu (Þórormstungu) og Smiður bjó að Smiðsstöðum en ekki er vitað hvar sú jörð var en talið að hún sé ekki langt ofan Þórormstungu.[25] Telja má líklegt að jarðirnar syðst í dalnum hafi byggst mjög snemma því mikil og góð afréttarlönd tilheyrðu Haukadal og Grímstungum.

Tvö kuml hafa fundist á Áshreppi, í landi Kornsár og Hofs. Alls voru fjórar sóknarkirkjur í hreppnum á miðöldum, á Undirfelli, Grímstungum, Marðarnúpi og Hvammi og eru heimildir um byggð í hreppnum nokkuð góðar. Fyrsti varðveitti máldagi Undirfellskirkju er frá 1318 og segir þá að til hennar liggi sex jarðir og voru á fjórum þeirra bænhús.[26] Árið 1360 hefur bænhúsunum fækkað í þrjú en hins vegar er þá hálfkirkja í Ási og freistandi að ætla að þar hafi bænhús breyst í kirkju.[27] Vitað er að bænhús voru á Gilsstöðum, Kornsá og Brúsastöðum þannig að sóknarmörkin eru nokkuð skýr. Sóknarkirkja var í Grímstungum og í máldaga hennar frá 1318 eru taldar upp þær jarðir áttu sókn til Grímstungna, alls sjö býli, en þar fyrir utan voru útkirkjur í Forsæludal og á Guðrúnarstöðum sem þjónað var frá Grímstungum. Síðar fjölgar í sókninni er Marðarnúpskirkja var lögð niður um 1700 en litlar heimildir eru til um þá sókn. Nær allar heimildir sem til eru um kirkju á Marðargnúpi koma úr máldögum annarra kirkna sem áttu að sjá um sóknina þegar kirkjan lá niðri.[28] Sennilegt er að Marðarnúpssókn hafi ekki náð yfir mikið meira en jörðina sjálfa og nágrannabæinn Gilá Ein sóknarkirkja er ótalin hér og það er Hvammskirkja en til hennar áttu aðeins

[25] ÍF I, 217-223
[26] DI II, 477-378
[27] DI III, 162
[28] sbr. DI II, 476-477; III, 161-162; III, 540-542

tveir bær sókn, sennilega Bakki og Eyjólfsstaðir en líklega ekki Flaga þó Hvammskirkja hafi átt hana.[29] Kirkjunni á Hofi var þjónað frá Hvammi.

Af þessu má ætla að byggð hafi hafist snemma á Undirfelli, í Grímstungum, á Marðarnúpi og í Hvammi, sem og á Ási, Haukagili, í Forsæludal, á Hofi og Guðrúnarstöðum. Þar sem bænhús voru byggðust jarðir einnig snemma en þau voru á Gilsstöðum, Kornsá, Brúsastöðum og Þórormstungu.

Þær jarðir sem getið er í heimildum er nokkuð margar. Flögu er getið í bréfi frá um 1300 er jörðin var gefin í kristfé.[30] Snæringsstaða er getið í máldaga Undirfellskirkju frá 1318.[31] Til er máldagi Grímstungnakirkju frá sama ári og er þar getið um allar jarðir í sókninni. Þær eru taldar Saurbær, Brekka (sem er gamalt eyðibýli í landi Saurbæjar), Haukagil, Þórormstunga, Káradalstunga, Torfastaðir og Þórhallsstaðir.[32] Tvær síðasttöldu jarðirnar eru löngu farnar í eyði en jörðin Kot er byggð í landi Torfustaða, þó deildar meiningar séu um hvort það sé sama jörðin eða hvort Torfustaðir hafi staðið innar en Kot sem hafi heitið Torfustaðakot áður. Jarðanna Bakka og Eyjólfsstaða er ekki getið svo öruggt sé fyrr en með sölubréfum frá árinu 1550 er Björn Jónsson keypti þær.[33] Nær allra jarða í hreppnum er getið á miðöldum og sennilega hafa þær flestar verið komnar í byggð að minnsta kosti á 12 öld.

Nokkur hjáleigubyggð hefur verið í hreppnum og þar af mikið af seljum sem voru í byggð um skamman tíma.

Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð
HV-192b:002	Kornársel	1890-1900
HV-192b:007	Gilsstaðasel	um 1886
HV-193:023	Hringhóll	fyrir 1700
HV-193:027	Oddnýjarkot	um 1680
HV-194:006	Oddnýjarkot	ekki vitað
HV-196:008	Ljótunarkinn	ekki vitað
HV-196:010	Hagahlíð	ekki vitað
HV-196:011	Grænhóll	ekki vitað
HV-196:034	Oddaás	ekki vitað
HV-196:035	Ásshús	fyrir 1700
HV-197:026	Brekka	f 1318-f1700
HV-198b:005	Gilsbakki	fyrir 1700
HV-198b:008	Gilhagi	til 1931
HV-199:010	Grímstungukot	í eyði á 18. öld
HV-199b:009	Skútabær	í eyði á 18. öld
HV-199b:010	Þórhallsstaðir	f1318-ekki vitað
HV-199b:013	Smiðshóll	ekki vitað
HV-199b:014	Litlidalur	f1760-19.aldar
HV-201:021	[nafnlaust]	ekki vitað
HV-201:026	Stekkur	ekki vitað
HV-201b:004	Réttarhóll	1886-1891
HV-201b:005	Dallssel	fyrir 1886
HV-202:008	[Torfustaðir]	ekki vitað
HV-203:009	Jökulsstaðir	ekki vitað
HV-203:010	Tungukot	ekki vitað
HV-203:011	Hólkot	f1706-1920
HV-204:019	[nafnlaust]	ekki vitað
HV-205:009	Guðrúnarst.g.	um 1690

[29] DI II, 330, 478
[30] DI II, 330
[31] DI II, 477
[32] DI II, 476
[33] DI XI, 777, 779

HV-206:007	Vaglasel	19. öld	
HV-207:012	Melagerði	f 1706-?	
HV-207:013	Marðarnúpss.	til 1920	
HV-207:026	Giljársel	ekki vitað	
HV-212:016	Kárastaðir	ekki vitað	
HV-213:028	Fosskot	ekki vitað	
HV-213:043	Hvammkot	ekki vitað	
HV-213:044	Syðra-Hvam.k.	um 1650-70	
HV-213:045	Eilífstóftir	um 1600	

Greinilegt er að mest hjáleigubyggð í sveitinni hefur verið fyrir aldamótin 1700, alls 14 býli. Þau býli sem eru í byggð á 19. öld eru flest sel sem byggðust um skamma stund flest eftir miðja 19. öld og sum fram á þá 20.

2.3. Torfalækjarhreppur

Um landnám í Torfalækjarhreppi segir að Þorbjörn Kolka hafi numið Kolkumýrar og búið þar.[34] Að vestan er landnám hans markað af Húnavatni en að austan er líklegra að Efri-Laxá, Laxárvatn og Laxá á Ásum marki landnámið, en að það hafi náð austur að Blöndu. Því falla austustu og nyrstu bæir hreppsins sennilega innan landnáms Holta á Holtastað sem nam Langadal og verður fjallað um það síðar. Suðurmörkin eru ekki ljós, Stóra-Giljá er innan marka landnáms hans og Sauðadalur fylgdi þeirri jörð. Því er freistandi að telja hann innan landnámsins. Bústaður Þorbjörn er ekki þekktur. Aðeins ein sóknarkirkja var í Torfalækjarhreppi og var hún á Hjaltabakka og áttu þangað sókn 12 bæir árið 1318.[35] Árið 1847 eru einnig tólf bæir í sókninni og þó einhverjar breytingar hafi orðið þá má ætla að sóknarmörkin hafi verið svipuð. Aðrir bæir innan Torfalækjarhrepps áttu sókn að Þingeyrum. Tvö kuml hafa fundist í hreppnum, á Sauðanesi og Smyrlabergi og eru þau órækur vitnisburður um forna byggð þar. Kumlið á Smyrlabergi, sem aðeins var 16 hundraða jörð, sýnir að rýrustu jarðirnar á þessu svæði voru þegar komnar í byggð á 10. öld. Útkirkjur og bænhús voru á Meðalheimi, Köldukinn, Holti, Torfalæk, Akri og Stóru-Giljá og því ljóst að þær jarðir voru sennilega komnar í byggð á 11. öld. Staðsetning guðshúsa í hreppnum er athyglisverð og sýnir glöggt að slík hús risu á betri jörðum. Í bæjarröðinni frá Stóru-Giljá norður að Hjaltabakka eru fimm af sjö kirkjum/bænhúsum hreppsins. Af hinum jörðunum í hreppnum var bænhús í Köldukinn 24 hundraða jörð og útkirkja í Meðalheimi sem einnig var 24 hundraða jörð. Allar aðrar jarðir austan í hreppnum eru

[34] ÍF I, 223
[35] DI II, 475

minna metnar að Sauðanesi frátöldu sem var 36 hundraða jörð og í raun skrýtið að þar hafi ekki verið kirkja þar sem forn búseta er staðfest þar. Sennilega ræður þar um nálægðin við Köldukinn og Holt eða þá að vitneskjan um bænhús á Sauðanesi hefur glatast. Líta má á jarðirnar syðst og austast í hreppnum sem jaðar sem byggðist síðar en bæjarröðin niðri við sjó/Húnavatn. Gæti þar hafa verið um skipulagða byggð að ræða.

Ritaðar heimildir um byggð í hreppnum eru nokkrar. Stóru-Giljár er getið bæði í Vatnsdælu og Sturlungu.[36] Kagaðarhóll var að hluta eign Holtastaðarkirkju og er fyrst getið í máldaga hennar frá árinu 1318.[37] Beinakeldu hjáleigu Stóru-Giljár er fyrst getið í bréfi frá 1384.[38] Þingeyrarklaustur eignast Húnstaði árið 1326, Hurðabak árið 1365, hálft Sauðanes árið 1373 og kaupir Hæli/Hæl árið 1385.[39] Árið 1405 er jörðin Knúkar nefnd í sölubréfi og gæti það verið sama jörð og Hnjúkar sem er annars ekki getið fyrr en 1706.[40] Þeirra jarða sem fyrst er getið með jarðaskrá Þingeyrarklausturs frá 1525 eru Kringla og Reykir.[41] Orrastaða, Hamrakots og Skinnastaða er ekki getið fyrr en með jarðatali 1713 en sennilega hafa allar þessar jarðir verið komnar í byggð á 12 öld.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847.

[36] ÍF VIII, 124; *Sturlunga saga* II, 35
[37] DI II, 471-472
[38] DI III, 374
[39] DI II, 580-581; III, 207, 275-276, 385-386
[40] DI IX, 26
[41] DI IX, 314

Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð	Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð
HV-220:009	Þúfukot	fyrir 1700	HV-227:028	Klif	f.1346-ekki v.
HV-223:008	[nafnlaust]	ekki vitað	HV-227:049	[nafnlaust]	19-20. öld
HV-223:009	[nafnlaust]	ekki vitað	HV-227:050	[nafnlaust]	19-20. öld
HV-224:007	Skildibr.st.	fyrir 1700	HV-227:052	Sveinstún	19-20. öld
HV-224:008	[nafnlaust]	ekki vitað	HV-227:053	Snorratún	19-20. öld
HV-224:009	[nafnlaust]	ekki vitað	HV-227:054	[nafnlaust]	19-20. öld
HV-224:010	Vatnskot	ekki vitað	HV-227:058	[nafnlaust]	19-20. öld
HV-224:020	Bakkakot	ekki vitað	HV-227:059	Höpnersbúð	20. öld
HV-224:021	Grunnur	1525	HV-227:060	Melaberg	ekki vitað
HV-225:008	Gerði	fyrir 1700	HV-229:012	Mánagerði	fyrir 1700
HV-225:014	Mánakot	ekki vitað	HV-229:021	Dalstóftir	1925-1926
HV-225:044	Sauðaneskot	ekki vitað	HV-231:017	[nafnlaust]	ekki vitað
HV-226:021	Fossakot	ekki vitað	HV-231:029	[nafnlaust]	ekki vitað
HV-226:026	Ytri-Hnjúkar	ekki vitað	HV-234b:004	Giljársel	ekki vitað

Blönduósbær byggðist upp í landi Hnjúka og Hjaltabakka en sögu byggðar þar og einstakra bústaða verður ekki gerð skil hér. Nokkur hluti býlanna sem talin eru í töflunni hér að framan risu í landi Blönduóss, en fáar ályktanir er hægt að draga af þessum upplýsingum því í flestum tilfellum er ekki vitað hvenær hjáleigurnar voru í byggð.

2.4. Svínavatnshreppur

Frásögn Landnámabókar af byggð í hreppnum er ekki mjög nákvæm. Þar segir af Eyvindi Auðkúlu sem nam allan Svínadal og bjó á Auðkúlu og Þorgils gjallanda sem bjó á Svínavatni.[42] Skipting hreppsins milli þeirra er ekki ljós þó sennilegast virðist að landnám Eyvindar hafi verið Svínadalur en Þorgils hafi numið Sólheimaháls á móts við Holta og vestanverðan Blöndudal. Mörkin í Sléttárdal eru óljós en Svínavatn er beint niður af honum en hins vegar átti Auðkúla selför í dalnum og hjáleigu þannig að dalurinn hefur fylgd landnámi Eyvindar. Mörkin milli Þorgils og Holta eru ekki ljós og heldur ekki milli Þorgils og Eyvindar sörkvir sem nam Blöndudal.[43]

Aðeins eitt kuml hefur fundist í hreppnum og er það á Tindum, en þar var einnig bænhús. Sóknarkirkjur innan hreppsins voru tvær, á Auðkúlu og Svínavatni og áttu jarðir hreppsins sókn að þeim nema syðstu jarðir í Blöndudal sem sóttu kirkju á

[42] ÍF I, 223
[43] Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma*, 259-260

Blöndudalshólum. Fjöldi bænhúsa var í hreppnum og er athyglisvert að bænhús er á nær hverri jörð í Svínadal, Geithamri, Grund, Snæringsstöðum, Ljótshólum og Hrafnabjörgum og bendir það til að dalurinn hefur þótt góður til búsetu og byggst snemma. Einnig voru bænhús í Holti, á Ytri-Löngumýri, Sólheimum og Tindum og útkirkja á Guðlaugsstöðum en heimildir um tvö síðastnefndu guðshúsin eru ungar, aðeins jarðabók frá 1706.

Heimildir gefa ekki góða mynd af byggð í Svínavatnshreppi. Eldjárnsstaða er fyrst getið í skrá Þingeyrarklausturs frá 1220. Í sömu skrá er Löngumýrar getið en ekki er ljóst um hvora jörðina er að ræða enda gætu þær hafa verið ein jörð í upphafi.[44] Jörðin Stóridalur hét áður Sléttárdalur og er getið í Heiðarvígasögu.[45] Litladals, hjáleigu Auðkúlu, er fyrst getið í máldaga kirkjunnar frá 1432.[46] Árið 1458 er gerð skrá um eignir Vatnsfjarðar-Kristínar og átti hún þá jarðirnar; Búrfell, Ása, Tungunes og sennilega Mosfell.[47] Þramar er getið árið 1512.[48] Hamars er getið árið 1536 sem eign Holtastaðakirkju.[49] 1563 er Kárastaða getið sem eign Svínavatns sem stóð til lausnar fyrir 16 hundruð.[50] 1587 er Rútsstaða getið í vitnisburði um landareign Hrafnabjarga.[51] Gafls er getið í bréfi frá 1586.[52] Gunnfríðarstaða er fyrst getið 1661.[53] Höllustaðir byggðust ekki fyrr en um 1660.[54] Eiðsstaða er hins vegar ekki getið fyrr en árið 1706.[55]

Í grein Braga Guðmundssonar um byggð í Svínavatnshreppi fyrir 1706 hefur hann talið til 26 jarðir í hreppnum sem voru byggðar fyrir 1600. Þær jarðir sem hann telur hafa byggst síðar eru Höllustaðir, Litla-Búrfell og annað hvort Gafl eða Rútsstaðir.[56] Eins og áður hefur verið bent á má ætla að flest lögbýli hafi verið komin í byggð á 12. öld þó sum þeirra hafi farið síðar í eyði um lengri eða skemmri tíma.

---

[44] DI I, 398-400
[45] ÍF III, 265
[46] DI IV, 512
[47] DI V, 162
[48] DI VIII, 376-378
[49] DI XI, 115
[50] DI XIV, 166
[51] *Bréfabók Þorláks*, 43
[52] *Bréfabók Guðbrands*, 525
[53] *Jarðarbréf*, 198
[54] JÁM VIII, 348
[55] JÁM VIII, 325-349
[56] Bragi Guðmundsson: "Um byggð í Svínavatnshreppi fyrir 1706", 57-58. Hann telur víst að ekki hafi verið hálfkirkjur á Tindum og Guðlaugsstöðum en engar heimildir eru fyrir þeim fyrr en frá 1706.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847.

Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð
HV-235b:017	Ingibj.sel	um 1830
HV-235b:018	Kúlusel	til 1907
HV-235b:037	Selbrekka	f1870-um1920
HV-239:010	Hólakot	fyrir 1700
HV-245:015	Litladalskot	19. öld
HV-245:019	Litladalssel	ekki vitað
HV-246:014	Sléttárdalur	til um 1900
HV-246:015	Hagakot	ekki vitað
HV-246:018	Neskot	fyrir 1700
HV-247:014	[nafnlaust]	ekki vitað
HV-250:020	Hólaborg	f 1840
HV-251:014	Kot	fyrir 1700
HV-251:032	Mmlagerði	ekki vitað
HV-253:010	[nafnlaust]	ekki vitað
HV-256:009	[nafnlaust]	fyrir 1600
HV-257:007	Gunnfríðarst.	fyrir 1700
HV-259:008	Litlu-Gunnfr.	ekki vitað
HV-259:010	Brandakot	17. öld
HV-259:011	[nafnlaust]	fyrir 1700
HV-259:028	Dísureitur	ekki vitað
HV-260:007	Auðnukot	fyrir 1700
HV-260:008	Ásukot	ekki vitað
HV-260:009	Dunhóll	um 1900
HV-263:011	Garðaríki	fyrir 1700
HV-263:021	Grænistekkur	ekki vitað
HV-263:023	Litlakot	ekki vitað

Hér má aftur sjá að flestar hjáleigur eru í byggð fyrir 1700 og byggjast ekki aftur. Af sex býlum sem vitað er að voru í byggð frá 1700-1920 eru fjögur sel sem voru í byggð til skamms tíma, en gætu vel hafa verið í byggð áður, sérstaklega á 17. öld þegar landþröngt var og mikil hjáleigubyggð.

2.5. Bólstaðarhlíðarhreppur

Eyvindur Sörkvir nam allan Blöndudal,[57] segir í Landnámu. Sennilega er átt við dalinn frá mörkum hans við Langadal og suður eftir. Mörk hans hafa verið við hálsinn austan Sléttárdals að vestan. Ekki er vitað hvar hann bjó en menn hafa getið þess til að hann hafi valið sér bústað á Eyvindarstöðum. Má styðja það með tveimur rökum fyrir utan nafnið: annarsvegar eru Eyvindarstaðir kostajörð og hinsvegar má benda á að jörðin átti mikil afréttarlönd og því líklegt að landnámsmaður hafi átt hana, og síðar selt frá jarðir milli Eyvindarstaða og afréttanna en haldið í heiðarlöndin sjálfur. Þorkell vingnir nam land um Vatnsskarð og Svartárdal og hefur hann sennilega búið einhversstaðar í dalnum.[58] Síðan segir af landnámi Ævars gamla Ketilssonar. Hann kom til landsins ásamt sonum sínum Karli, Þorbirni Strjúg og Þóði ásamt frænda sínum Gunnsteini. Einnig fylgdu með þeir Auðólfur nokkur og Gautur. Ævar lenti skipi sínu við Blönduósa en þá voru numin lönd vestan þeirra. Hann hélt því upp Langadal þar til hann kom að Móbergsbrekkum og nam þar land fyrir son sinn Véfröð sem enn var í víking. Hann nam Langadal upp þaðan og skipti löndum milli skipverja sinna og bjó í Ævarsskarði. Véfröður bjó á Móbergi, Þorbjörn á Strjúgsstöðum, Gunnsteinn á Gunnsteinsstöðum, Karl á Karlsstöðum, Þórður á Mikilsstöðum, Auðólfur á Auðólfsstöðum og Gautur í Gautsdal.[59] Karlasstaðir og Mikilstaðir eru eyðijarðir í landi Gunnsteinsstaða. Mörk landnámsins að norðanverðu virðast vera aðeins norðan við núverandi hreppamörk en suðurmörkin eru alls óljós og hafa menn deilt mikið um landnám Ævars og bústað hans Ævarsskarð. Í spássíugrein í Þórðarbók Landnámu segir að Ævarsskarð sé fyrir norðan land sona hans á Laxárdal.[60] Helst hafa menn deilt um hvort bærinn Bólstaðarhlíð hefur talist til Svartárdals eða Langadals því margir hafa viljað telja það landnámsbýli Ævars, en það gæti líka hafa verið bólstaður Þorkels. Í fornbréfum og í jarðbók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er Bólstaðarhlíð sögð í Langadal og má hafa þá málvenju til marks um að bærinn sé innan landnáms Ævars, en vitanlega er það heldur ótraust.[61] Annar staður sem menn hafa bent á sem mögulegan bólstað Ævars er bærinn Litla-Vatnsskarð á Laxárdal. Þegar bústaðir sona og vina Ævars eru skoðaðir má sjá að þeir hafa búið í einum hnapp. Af því mætti ætla

[57] ÍF I, 223
[58] ÍF I, 230
[59] IF I, 224-225
[60] ÍF I, 225nm
[61] DI III, 421; VI, 266. JÁM VIII, 389

að Ævarsskarð sé ef til vill gleymt bæjarstæði í miðri þvögunni, en eins má færa rök fyrir að hann hafi viljað hafa rúmt um sig, t.d. í Bólstaðarhlíð, og hinir því þurft að láta sér nægja minni lönd lengra í burtu. Einnig hafa menn deilt um hvort um eitthvert skarð sé að ræða nálægt Bólstaðarhlíð en kunnugir menn hafa bent á mögulegt skarð. Laxárdalur var sennilega nær einungis seljadalur á fyrstu áratugum Íslandsbyggðar enda harðbýlt og snjóþung þar og ólíklegt að þétt byggð hafi myndast þar fyrr en landþröngt var orðið í nágrannasveitum. Hér verður ekki komist að endanlegri niðurstöðu í þessu máli enda skiptir bústaður Ævars litlu máli fyrir byggðasögu sveitarinnar þó teljast verði líklegra að hann hafi búið í Bólstaðarhlíð en uppi í Laxárdal. Þriðji möguleikinn er að Ævarsskarð sé mislestur fyrir Æsustaðir en bundin gætu þessi orð litið svipuð út í handriti. Ævar og frændur hans og vinir námu lönd á efri hluta Langadals og um efri hluta Laxárdals að Stóra-Vatnsskarði og landnámi Þorkels.[62]

Aðrar heimildir um forna byggð í Bólstaðarhlíðarhreppi eru ágætar. Kuml hafa fundist í landi Brandsstaða í Blöndudal og á Stafni í Svartárdal sem leiðir að því líkum að menn hafi snemma búið innarlega í dalnum. Sóknarkirkjur á miðöldum voru á Gunnsteinsstöðum, í Bólstaðarhlíð, á Bergsstöðum og í Blöndudalshólum. Gunnsteinsstaðasókn var lítil en aðeins var greidd þangað tíund af einum bæ, sennilega Strjúgsstöðum. Útkirkja var á Auðólfsstöðum og gæti henni hafa verið þjónað frá Gunnsteinsstöðum.[63] Í Blöndudalshólasókn voru sex bæir, auk Eyvindarstaða og Finnstungu, þar sem voru útkirkjur. Þrír þeirra voru í Svínavatnshreppi en hinir voru Bollastaðir, Brandsstaðir og Selland eða Rugludalur. Til Bólstaðahlíðarsóknar greiddu 12 bæir gjöld árið 1318 en ekki er neinna bænhúsa getið. En í máldaga frá 1388 að Bólstaðarhlíðarprestur hafði tekjur utan garðs sem bendir til að þau hafi einhver verið. Alkirkja var í Mjóadal í Laxárdal sem sennilega hefur verið þjónað frá Bólstaðarhlíð, en auk þess er sennilegt að bænhús hafi verið á Skeggstöðum, Æsustöðum eða í Þverárdal. Stærsti hluti sóknarinnar var í Laxárdal og sýna máldagarnir að þar hefur verið stöðug og þétt byggð á 14. öld. Bergsstaðasókn virðist hafa verið klofin út úr eða stækkuð mikið á kostnað Bólstaðarhlíðar í byrjun 14. aldar. Í elstu máldögum

[62] Greinar um landnám Ævars. Gunnar Árnason: "Ævarsskarð" Árbók 1941-1942. Jón Tryggvason: "Nokkur orð um landnám Ævars gamla Ketilssonar" *Húnavaka*. Margeir Jónsson: "Ævarsskarð hið forna" Árbók 1924-25

[63] DI II, 485; V, 220

Bergstaðakirkju er frá því sagt að þangað greiði 10 bæir tíundir en hálfar tíundir af 8 bæjum lágu til Bólstaðarhlíðar. Kirkjan hlaut aðeins heilar tíundir af Bergstöðum sjálfum og Leifsstöðum sem virðast hafa verið gamalt afbýli Bergsstaða og gæti þetta bent til að Bergsstaðakirkja hafi upphaflega verið alkirkja með litla sem enga sókn, eins og t.d. Gunnsteinsstaðakirkja, en síðan fengið hluta af gríðarstórri Bólstaðarhlíðarsókn. Það mætti þá hafa til marks um að byggð hafi verið að aukast í Svartárdal og/eða Laxárdal um eða fyrir 1300, svo mikið að nauðsynlegt varð að skipta Bólstaðarhlíðarsókn í tvennt. Í Bergstaðasókn voru fimm bænhús og ein útkirkja árið 1360.[64] Sóknarmörkin við Bólstaðarhlíð hafa sennilega verið þar sem þau héldust um aldir milli Brúnar og Skeggjastaða. Í Bólstaðarhlíðarhreppi voru útkirkjur á Auðólfsstöðum, í Finnstungu, á Eyvindarstöðum, Eiríksstöðum og í Mjóadal en bænhús á Stafni, Kúfustöðum, Hóli, Steiná, Barkarstöðum, Skeggjastöðum og í Mörk.

Því má ætla að á 11. öld hafi verið búið á jörðunum milli Auðólfsstaðaskarðs og Strjúgsskarðs, sem og í Bólstaðarhlíð, Finnstungu, Gautsdal, Blöndudalshólum, Eyvindarstöðum, Brandsstöðum, Stafni, Kúastöðum, Hóli, Steiná, Bergstöðum, Barkarstöðum, Eiríksstöðum, Skeggjastöðum, Mjóadal og Mörk. Telja verður líklegt að Æsustaðir hafi einnig byggst snemma, sennilega fljótlega á 11. öld. Fjöldi jarða í sóknum hreppsins snemma á 14. öld gefur hugmynd um að þá hafi verið orðið þéttbýlt í sveitinni, en hugsanlegt er að sum býlin, einkum á Laxárdal og í Svartárdal, hafi þá verið nýlega stofnuð, á 12. eða 13. öld.

Skottastaða og Gils er getið í skrá Þingeyrarklausturs frá um 1220, en það eru með lægst metnu jörðum í hreppnum.[65] Vatnshlíðar er getið í landamerkjabréfi frá 1309. Árið 1318 er Bollastaða getið í máldaga Bólstaðarhlíðarkirkju og sama ár er Leifsstaða getið í máldaga Bergstaðakirkju.[66] Í máldaga Bólstaðarhlíðarkirkju frá 1364 er þess getið að kirkjan eigi hálfa Botnastaði.[67] Fjósa er getið í sölubréfi frá 1482.[68] Vitnisburðarbréf frá árinu 1488 getur Brúnar.[69] Árið 1529 er Hvammur nefndur í

[64] DI III, 158-159
[65] DI I, 398-400
[66] DI II, 47, 473
[67] DI III, 157
[68] DI VI, 456
[69] DI VI, 465

sölubréfi.[70] Æsustaða er getið í sölubréfi frá árinu 1541.[71] Hólabær var hjáleiga Gunnsteinsstaða og var byggð árið 1670.[72] Sellands, Rugludals, Kóngsgarðs, Steinárgerðis, Torfustaða (byggðir úr landi Barkarstaða), Eiríksstaðakots, Þverárdals, Skyttnadals og Hvamms í Laxárdal er fyrst getið í jarðabók 1708. Einnig Kálfárdals sem var byggður á selstöðu Bólstaðarhlíðar.[73] Jörðin Selhagi byggð einhverntíma á bilinu 1707-1847 og það sama má segja um býlið Þverfell. Um tíma hefur verið mjög þéttbýlt í Laxárdal og dölunum suður af honum en það voru allt lítil kot og byggð stóð þar sjaldan lengi og er nú allur Laxárdalur komin í eyði að undanskilum Gautsdal og býlunum nyrst í dalnum.

Bólstaðarhlíðarhreppur er allstór og því ekki að undra að þar hefur verið þó nokkur hjáleigubyggð.

Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð	Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð
HV-264:010	Nýlenda	frá 1660-?	HV-284:006	Teigakot	fyrir 1700
HV-264:011	Gunnsteinsst.k.	fyrir 1700	HV-284:007	Hólsgerði	ekki vitað
HV-264:012	Gunnsteinsst.s.	um 1680	HV-284:013	Hólssel	f. 1850
HV-264:013	[nafnlaust]	ekki vitað	HV-284:026	[nafnlaust]	1883
HV-264:017	Karlastaðir	9.-14. öld	HV-288:009	Bergsstaðasel	fyrir 1900
HV-264:018	Mikilsstaðir	9-14. öld	HV-288:017	Stekkur	ekki vitað
HV-264:024	Skriða	f. 1762	HV-289:012	Barkarstaðag.	ekki vitað
HV-266:007	Óðulsstaðakot	fyrir 1705	HV-292:009	Grófarkot	um 1670
HV-266:008	Hávarðsstaðir	fyrir 1700	HV-295:015	Höfði	ekki vitað
HV-267:006	[nafnlaus]	ekki vitað	HV-300:015	[nafnlaust]	ekki vitað
HV-268:018	Gamlakot	ekki vitað	HV-301:012	Vatnsendi	f.hl. 19. aldar
HV-271:013	Hólaborg	ekki vitað	HV-302:006	Hlíðarsel	19. öld
HV-273:012	Jökulgerði	ekki vitað	HV-303:010	Þverárdalskot	17. öld
HV-273:013	Þrætugerði	fyrir 1700	HV-303:015	Myrkheimar	ekki vitað
HV-275:008	[nafnlaust]	fyrir 1700	HV-305:013	Hólakot	fyrir 1700
HV-275:009	Sveinskot	fyrir 1700	HV-305:027	Þrælagerði	ekki vitað
HV-275:020	Dísukofi	ekki vitað	HV-305:028	Kringlugerði	ekki vitað
HV-279:010	Stafnskot	lok 17. aldar	HV-307:006	Neðrakot	ekki vitað
HV-279:011	Þorbj.st.gerði	fyrir 1700	HV-307:007	Efrakot	ekki vitað
HV-279:016	Melkot	ekki vitað	HV-309:006	Litlamörk	fyrir 1700
HV-279:022	Teigkot	ekki vitað	HV-309:011	[nafnlaust]	ekki vitað
HV-279b:002	Stafnssel	ekki vitað	HV-309:013	Kristínarkofi	miðja 19. öld
HV-279b:003	Stafnssel	ekki vitað	HV-310:024	Kárahlíð	fram á 20. öld
HV-281:008	Skíthöll	19. öld	HV-310:025	Grundarkot	1852-1886
HV-282:011	Teigakot	fram á 20. öld	HV-310:029	Strjúgssel	lok 19. aldar
HV-283:007	Sunnuhlíð	ekki vitað	HV-702:002	Ævarskarð	9. –10. öld

Hjáleigubyggðin í hreppnum er nokkuð dreifð, hjáleigur virðast byggjast frá flestum jörðun nema alla rýrustu býlum syðst í sveitinni. Nokkur hjáleigubyggð var á stærri

[70] DI IX, 489
[71] DI X, 612
[72] JÁM VIII, 395
[73] JÁM VIII, 350-395

jörðum í Laxárdal sem sýnir að minnsta kosti um tíma hefur verið þéttbýlt í dalnum. Sama sagan er í Bólstaðarhlíðarhreppi og nágrannasveitafélögum að áberandi flest afbýlin hafa verið í byggð laust fyrir 1700, og ekki byggst aftur, þó nokkur hjáleigubyggð sé greinileg aftur á 19. öld.

2.6. Engihlíðarhreppur

Um landnám í Engihlíðarhreppi segir í Landnámu og Holti hafi numið Langadal ofan frá Móbergi og hafi búið á Holtastöðum.[74] Hann hefur eins og áður var sagt sennilega numið lönd beggja vegna dalsins, Holtastaður hefur átt landsvæði vestan ár og hafa mörkin sennilega verið um Laxárvatn og Laxá á Ásum niður að Blönduósi. Ekki er ljóst hversu langt í norður landnám hans náði. Það gæti hafa náð yfir Refasveit en tæplega lengra en að Laxá.[75] Ekki er þess getið hvort Holti nam einnig Laxárdal en í ljósi þess að margar jarðir í Langadal áttu stóra hluta af Laxárdal og Holtastaður þann stærsta er mjög líklegt að nyrðri hluti Laxárdals hafi fylgt landnámi Holta.

Engin kuml hafa fundist í Engihlíðarhreppi en þar var aðeins ein sóknarkirkja, á landnámsjörðinni Holtastað. Í máldaga kirkjunnar frá 1318 má sjá að þrettán bæir voru í sókninni, og hefur þá verið heldur fábýlla en oft seinna, sennilega einkum í Laxárdal.[76] Aðrar jarðir í hreppnum átti sókn til Höskuldarstaðakirkju. Bænhús voru á Sneis og Móbergi en útkirkjur á Breiðavaði, Blöndubakka, Vatnahverfi, Engihlíð og Geitaskarði. Þessi býli sem hér eru talin að framan hafa sennilega öll verið komin í byggð á 11. öld.

Mörg önnur býli í hreppnum hafa sennilega einnig verið komin í byggð þá þó þeirra sé ekki getið í heimildum fyrr en síðar. Breiðavaðs er getið í Vatnsdæla sögu.[77] 1318 er Kirkjuskarðs og Hvamms getið.[78] Í máldaga Höskuldsstaðakirkju frá 1395 er Efri-Mýra, Sölvabakka og Svansgrundar getið.[79] Illugastaða, Björnólfsstaða, Ysta-

[74] ÍF I, 226
[75] Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma*, 264
[76] DI II, 471-572
[77] ÍF VIII, 129
[78] DI II, 471-472
[79] DI III, 601

Gils, Mið-Gils, Syðsta-Gils og Úlfagils er getið árið 1405.[80] Síðu er getið í bréfi frá 1472.[81] Refsstaða er fyrst getið árið 1536 og sama ár er Lækjardalsjarða getið.[82] Ennis er fyrst getið 1567. Vesturár er getið árið 1624 og var þá í eyði.[83]

Jarðir sem ekki er getið fyrr en 1708 eru Vatnsskarð, Neðri-Mýrar, Mýrarkot, Kúskerpi, Bakkakot, Glaumbær, Þorbrandsstaðir og Holtastaðakot.[84] Þær jarðir sem byggjast ekki fyrr en á 19. öld eru Eyrarland og Tungubakki báðar sennilega á selstöðum og Núpsöxl. Byggð á flestum lögbýlisjörðum í Langadal hefur sennilega verið nokkuð stöðug fram á 20. öld en býlin í Laxárdal héldust illa í byggð enda snjóþungt og harðbýlt víða á dalnum og hann nú nær allur kominn í eyði.

Hér fylgir skrá yfir skráðar hjáleigur og afbýli í hreppnum.

Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð
HV-311:015	Evartstóftir	ekki vitað
HV-312:007	Litlu-Refsstaðir	ekki vitað
HV-315:003	Eyrarbakki	ekki vitað
HV-320:007	Háistekkur	ekki vitað
HV-321:017	Neðrimýrarsel	ekki vitað
HV-321:018	Mýrarhús	ekki vitað
HV-321:019	Nýlenda	ekki vitað
HV-323:018	Kaldbakssel	ekki vitað
HV-324:006	Hamborg	lok 19. aldar
HV-325:012	Dýjadalskot	f.m. 19. öld
HV-325:012	Fúsakot	ekki vitað
HV-330:009	Neðribakkakot	ekki vitað
HV-331:007	Syðra-Bakkakot	ekki vitað
HV-332:005	Melaberg	ekki vitað
HV-332:012	Þórdísarkot	ekki vitað
HV-332:014	Grund	1897
HV-332:015	Litla-Enni	1907-?
HV-332:017	Enniskot	ekki vitað
HV-334:008	Breiðavaðskot	fyrir 1700
HV-334:016	Breiðavaðssel	fyrir 1850
HV-335:012	Jósefstættur	19. öld
HV-335:023	Hagi	ekki vitað
HV-342:016	Buðlunganes	f.1405-1650
HV-342:036	Fosskot	ekki vitað
HV-343:014	Brennitóft	ekki vitað
HV-343:021	Holtastaðareitur	f. 1920
HV-343:023	Dísukofi	ekki vitað
HV-343:027	Eyrarland	ekki vitað
HV-346:007	Móbergskot	ekki vitað
HV-346:008	Gullkró	ekki vitað
HV-346:019	Kjóavellir	ekki vitað

Hjáleigubyggðin dreifist nokkuð jafnt á milli betri jarða í hreppnum. Ekki er mikil hjáleigubyggð í Laxárdal enda þær jarðir þar sem tilheyra Engihlíðarhreppi rýr afbýli frá betri jörðum í Langadal. Um flestar hjáleigur er ekki vitað hvenær þær voru í byggð og því erfitt að draga miklar ályktanir um þróun byggðarinnar af þeim, en ekki verður í Engihlíðarhreppi vart hinnar miklu aukningar byggðar sem varð víðast á Íslandi í lok 17. aldar.

[80] DI IX, 26
[81] DI V, 685
[82] DI XI, 115
[83] *Jarðabréf*, 196
[84] JÁM VIII, 399-426

2.7. Vindhælishreppur

Í Landnámu segir að Hólmgöngu-Máni hafi numið land á Skagaströnd frá Fossá að Mánaþúfu og búið í Mánavík.[85] Fossá er innan við Kálfshamarsvík rétt norðan við Krókssel og er Mánavík næst austasti bær Austur-Húnavatnssýslu sem bendir til þess að mörk landnáms Mána hafi legið á svipuðum slóðum og núverandi sýslumerki. Hins vegar er ekki getið um landnám milli Fossár og landnáms Holta í Langadal og er þar allstór eyða í landnámsfrásagnir.

Eina kumlið sem fundist hefur á svæðinu er á Höskuldsstöðum. Þar var einnig sóknarkirkja sem og á Spákonufelli og Hofi. Í máldaga Hofskirkju frá 1318 má sjá að 25 bæir áttu sókn þangað.[86] 1360 er það orðað svo að allir bæir utan við Fossá greiði hvaltoll til kirkjunnar en að 13 bæir fyrir innan ána greiði þangað heytoll.[87] 1398 voru 27 bæir í sókninni og bendir það til lítilsháttar aukningar í byggð á 14. öld.[88] Sóknarmörkin við Spákonufell voru milli Finnsstaða og Spákonufells, en austurmerkin eru óljósari. Á seinni öldum áttu þrír nyrstu bæirnir í hreppnum sókn til Ketu í Skagafirði, en engar heimildir eru um að kirkja hafi verið á Ketu á miðöldum og má vera að sókn um austanverðan Skaga hafi þá skipst milli Hofs og Hvamms í Skagafirði. Það gæti stutt það að 12 bæir hafi verið í sókninni norðan við Fossá en þar voru á seinni öldum aðeins fimm eða sex. Út frá því má ætla að sóknin hafi náð austur að Neðranesi eða svo á miðöldum. Í máldaga Spákonufellskirkju frá árinu 1318 eru taldir upp þeir sjö bæir sem í sókninni voru og náði hún frá Spákonufelli og suður að Hallá og voru flestir bæirnir í norðanverðum Hallárdal. 1432 eru enn sjö bæir í sókninni og 1486 eru talin þar eitt bænhús og ein hálfkirkja. Vitað er um hálfkirkju á Vindhæli en ekki er vitað hvar bænhúsið var. Höskuldsstaðasókn hefur verið mjög stór og á 14. öld og síðar eftir því sem máldagar ná, voru á bilinu 26-27 jarðir í sókninni og fylgdu jörðinni um tíma tvær útkirkjur, fjórar fjórðungakirkjur og eitt bænhús. Í sókninni voru bæir í Norðurárdal og sunnan Höfðakaupstaðar ásamt Refasveit og neðstu bæjum í Laxárdal. Bænhús voru á Höfnum, Harastöðum, og Mánaskála en útkirkjur á

[85] ÍF I, 227
[86] DI II, 469
[87] DI III, 172
[88] DI III, 551.

Hafstöðum, Ytriey, Kirkjubæ, Vindhæli og Skrapatungu. Því má sjá að snemma hefur verið byggð á síðast töldum jörðum ásamt Mánavík og kirkjustöðunum.

Um 1220 er Njálsstaða getið í skrá Þingeyrarklausturs.[89] Árið 1318 er Árbakka, Vindhælis, Vakurstaða, Sæunnarstaða, Bergstaða og Höfðahóla getið í máldaga Spákonufellskirkju ásamt Efstabæ sem er sennilega sama jörð og Þverá.[90] Sama ár er Hólslands og Þverár getið í máldaga Höskuldsstaðakirkju.[91] Bakki er seldur árið 1388 og sama ár er gerður samningur milli Harastaða og Finnstaða.[92] Bjarga er fyrst getið árið 1394 í máldaga Blöndudalshólakirkju.[93] Ytrieyjar er fyrst getið árið 1403[94] og Neðstabæjar er getið í sölubréfi frá 1423.[95] Árið 1437 kaupir Þingeyrarklaustur jörðina Kelduland[96] en selur Krók árið 1477.[97] Árið 1449 er Steinnýjarstaða getið í kaupbréfi.[98] Skeggjastaða, Hróarsstaða, Kurfs, Sviðings, Kálfshamars, Tjarnar, Óss og Kaldrana er fyrst getið í jarðalista Þingeyrarklausturs frá 1525.[99] Vaglir voru fornbýli en ekki er vitað nákvæmlega hvenær það var í byggð. Þær jarðir sem ekki er getið fyrr en með jarðatali 1708 eru Ásbúðir, Víkur, Saurar, Örlygsstaðir, Hvammkot, Fjall, Brandaskarð, Hafsvellir, Harastaðakot og Háfagerði. Sama má segja um Bláland, Kjalarland, Skúf, Hvammshlíð og Höskuldarstaðasel, Kollugerði, Balaskarð og Núp. Einnig Álfshól og Hofskot (sel) sem voru hjáleigur Hofs, og Hafstaðakot og Kambakot sem voru hjáleigur Hafstaða.[100]

Margra jarða í hreppnum er seint getið í heimildum. Ef til vill hefur byggð ekki fest sig í sessi á býlum meðfram sjónum úti á Skaga. Þær voru flestar eignir klaustra eða kirkna sem hafa nýtt þær sjálfar með verbúðafólk í vinnu.

Mikil hjáleigubyggð var í Vindhælishreppi enda náði hann yfir stórt svæði. Sérstaklega eru mörg býli skráð í landi Skagastrandar annarsvegar og á útvegsjörðunum hinsvegar en á mörgum þeirra var mikil byggð sérstaklega á 19. öld og

[89] DI I, 398-400
[90] DI II, 469-470
[91] DI II, 469-471
[92] DI III, 423-424
[93] DI III, 543-544
[94] DI III, 683-684
[95] DI IV, 303
[96] DI IV, 572-573
[97] DI VI, 116
[98] DI V, 31
[99] DI IX, 314
[100] JÁM VIII, 427-482

má líta á sum svæðin sem þorp svo þéttbýlt var til dæmis í landi Tjarnar og Kálfshamars.

Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð
HV-349:003	Mánavíkurkot	um 1680
HV-350:008	Tunguhús	um 1680
HV-350:024	Víknahjáleiga	ekki vitað
HV-350:025	[nafnlaus]	ekki vitað
HV-350:051	Birkivellir	ekki vitað
HV-351:005	Hvalgarður	fyrir 1700
HV-352:015	Hafnarkot	ekki vitað
HV-352:024	Rif	um 1525/19. öld
HV-352:025	Kolkubúð	19. öld
HV-353:004	Tjarnarbúð	ekki vitað
HV-353:005	Tjarnarbúð	ekki vitað
HV-353:006	Fagrabrekka	í byggð 1525
HV-353:007	Litli-Krókur	fyrir 1700
HV-353:008	Klauf	19. öld
HV-353:009	Tjarnarland	fram á 20. öld
HV-353:010	Tjarnarsel	19. öld
HV-353:011	Hjallar	til 1924
HV-353:012	Tjarnarkot	ekki vitað
HV-353:016	Skálavík	til 1922
HV-353:032	Njörvi	ekki vitað
HV-353:037	[nafnlaust]	ekki vitað
HV-354:004	Litliós	fyrir 1700
HV-354:005	Gullbrekka	ekki vitað
HV-355:006	Einarsnes	fyrir 1700
HV-355:009	[nafnlaust]	1904-5
HV-355:010	Barðhús	ekki vitað
HV-355:012	Ægissíða	til 1924
HV-355:013	Holt	ekki vitað
HV-355.014	Steinholt	fyrir 1914
HV-356:007	Holt	fram á 20. öld
HV-356:014	Bárutóftir	1901-?
HV-356:015	Mallandstóft	um 1900
HV-356:020	Lambastaðir	til um 1930
HV356:021	Iðavellir	til um 1930
HV-356:018	Klöpp	til um 1930
HV-356:019	Klettur	til um 1930
HV-356:022	Hátún	til um 1930
HV-356:023	Hvammur	til um 1930
HV-356:030	Klauf	ekki vitað
HV-356:034	Jaðar	fram yfir 1920
HV-356:035	Garðholt	ekki vitað
HV-356:036	Blómsturvellir	ekki vitað
HV-356:037	Nýibær	til um 1920
HV-356:046	Einarsnes	ekki vitað
HV-359:005	Krókssel	ekki vitað
HV-360:010	Hróarsstaðasel	fram yfir 1920
HV-360:014	Hróarsstaðakot	ekki vitað
HV-362:005	Örlygsstaðasel	fram yfir 1920
HV-362:006	Örlygsstaðasel	ekki vitað
HV-363:007	Helgrind	ekki vitað
HV-370:011	Jeríkó	fyrir 1700
HV-374:011	Harastaðahjál.	fyrir 1700
HV-374:012	Harastaðakot	um 1700
HV-376:013	Finnastaðakot	fyrir 1700
HV-376:014	Finnastaðanes	f.1399-?
HV-376:015	Hólkot	17. öld
HV-378:005	Höfðakot	19-20. öld
HV-238:020	Hólagerði	19-20. öld
HV-379:014	[nafnlaust]	18. öld
HV-379:015	Spákonufellsk.	fyrir 1700
HV-379:016	Spákonfellsg.	fyrir 1700
HV-379:017	Réttarholt	ekki vitað
HV-379:033	Þúfnavellir	ekki vitað
HV-379:034	Ölduhólar	ekki vitað
HV-379:061	Viðvík	1867-?
HV-379:062	Lækjarbakki	ekki vitað
HV-379:063	Karlsskáli	ekki vitað
HV-379:064	Lækur	fram á 20. öld
HV-279:064	Höpfnerstún	fram á 20. öld
HV-379:069	Hnappstaðir	fram á 20 öld
HV-379:070	Brúarland	fram á 20.öld
HV-379:070	Berg	fram á 20. öld
HV-379:072	Karlsmynni	fram á 20 öld
HV-379:073	Melstaður	fram á 20. öld
HV-379:074	Móí	fram á 20. öld
HV-379:075	Óseyri	fram á 20. öld
HV-379:076	Stienstún	fram á 20. öld
HV-379:077	Sæborg	fram á 20. öld
HV-379:078	Sæból	fram á 20. öld
HV-380:010	Árbakkabúð	fram á 20. öld
HV-381:011	Vindhælisbúð	f. 1700-?
HV-383:015	Skriða	um 1840
HV-385:008	Vaglir	fyrir 1700
HV-388:011	Hafursstaðab.	fyrir 1840
HV-388:012	Hafursstaðasel	1859-1869
HV-391:012	Steinkot	ekki vitað
HV-391:013	Dúfukot	ekki vitað
HV-391:017	[nafnlaust]	19. öld
HV-392:009	Efrakot	18. öld
HV-392:010	Neðrakot	18. öld
HV-392:011	Ólafshjáleiga	fyrir 1700
HV-392:019	Háibær	ekki vitað
HV-392:020	Auga	ekki vitað
HV-392:021	Skemmubær	ekki vitað
HV-392:022	Suðurbær	ekki vitað
HV-392:023	Eyjarkot	ekki vitað
HV-392:024	Ósvíkurbúð	ekki vitað
HV-395:006	Fitjarkot	fyrir 1700
HV-395:016	Sléttárdalur	ekki vitað
HV-395:017	[nafnlaust]	ekki vitað
HV-395:018	Kaldbakssel	ekki vitað
HV-398:033	Andrésartóftir	ekki vitað
HV-400:024	Finnstaðir	ekki vitað
HV-402:014	Kirkjubæjarsel	ekki vitað
HV-402:015	Barð	ekki vitað
HV-402:017	Kirkjubæjarg.e.	ekki vitað
HV-402:018	Kirkjubæjarg.n.	ekki vitað
HV-403:013	Óttarsstaðir	ekki vitað

HV-406:006	Draflastaðir	ekki vitað
HV406b:010	Þórðarsel	ekki vitað
HV-406b:011	Skálarhnjúkur	ekki vitað
HV-406b:012	Trölleyrar	ekki vitað
HV-408:007	Neskot	ekki vitað
HV-409:007	[nafnlaust]	ekki vitað
HV-722:002	Efstibær	1318

3. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra

Alls hafa verið skráðar 4551 fornleifar í Austur-Húnavatnssýslu. Fjöldi minjastaða skiptist þannig eftir hinum fornu hreppum:

	Fjöldi minjastaða	Fjöldi jarða	Minjastaðir á jörð - meðaltal.
Sveinsstaðahreppur	395	26	15,2
Áshreppur	604	30	20,1
Torfalækjarhreppur	419	22	19
Svínavatnshreppur	643	31	20,7
Bólstaðarhlíðarhreppur	818	53	15,4
Engihlíðarhreppur	538	40	13,5
Vindhælishreppur	1134	65	17,5
Samtals	4551	270	16,85

Við skráningu fornleifa er notast við tvennskonar flokkun minja. Í fyrsta lagi er flokkað eftir eðli fornleifanna, en með því er reynt að greina á milli hvort á staðnum er mannvirki, hvort aðeins er vísbending um að mannvirki sé eða hafi verið þar, hvort um er að ræða stað sem tengist þjóðsögum eða markverðum atburðum eða náttúruminjar sem hafa menningarsögulegt gildi. Innan hvers flokks er síðan reynt að greina frekar eftir gerð. Flokkun af þessu tagi kemur ekki nema að takmörkuðu gagni við svæðisskráningu vegna þess að heimildir þær sem stuðst er við eru yfirleitt ekki svo nákvæmar að hægt sé að sjá hvort mannvirki er enn á þeim stað sem lýst er eða hvort mannvirki hefur nokkurn tíma verið á minjastaðnum (t.d. þar sem talað er um stöðla eða ból). Þessi flokkun kemur fyrst verulega að gagni eftir að farið hefur verið á vettvang. Tegundir fornleifa á skráningarsvæðinu eru skráðar hér að neðan.

álagablettir	32	brunnar	2
áletranir	7	bæjarhólar	226

bæjarstæði	297
dysjar	2
frásagnir	2
garðlög	25
götur	4
gripir	9
gryfjur	2
heimildir	2795
hellar	4
hleðslur	8
hús	1
hver	1
kirkjugarðar	2
kuml	9
lindir	12
mannabein	6
námur	2
renna	1
sögustaðir	9
tóftir	57
vörður	322
vegir	19
þjóðsögur	26
örnefni	663
öskuhaugar	5

Hægt var að greina hlutverk 3845 þeirra staða sem skráðir voru og eru þau sýnd í eftirfarandi töflu

Búsetuminjar		
bústaðir		270
býli		253
býli/sel	49	
Minjar um jarðrækt		
áveitur	53	
akrar		4
kálgarðar		10
Búnaðarminjar innan túns		
útihús (ótilgreind)		738
fjárhús	259	
skemmur		14
lambhús		24
hesthús		133
fjós		66
túngarðar		35
hjallar	6	
myllur	16	
smiðjur		12
hlöður	1	
geitakofi		3
göng		1
Búnaðarminjar utan túns		
stekkir	220	
sel		145
mógrafir		75
réttir		74
kvíar		83
torfristustaðir		58
beitarhús		27
fjárskýli		2
kolagrafir		4
smalakofar		30
nátthagar		5
vörslugarðar		3
heygarðar		18
heystæði		6
heygryfja		1
varnargarðar		2
rauðablástur		1
Aðrar búsetuminjar		
brunnar		29
þvottastaðir		33
vatnsból		27
sundlaugar		5
hlóðir		5
útgerðarminjar		
lendingar		39
naust		7
verbúðir		11
sjóbúð	1	
uppsátur		8
Veiðiminjar		
refagildrur		13
skotbyrgi		14
Samgönguminjar		
leiðir		268
samgöngubætur		14
vöð		154
áningarstaðir		8
traðir		11
brú		24
tjaldstaður		13

ferjur	11
náttstaðir	20
sæluhús	24
kláfferja	2
Samkomuminjar	
þingstaðir	9
leikvellir	5
aftökustaðir	7
manndómsraun	3
Kirkjur og legstaðir	
legstaðir	49
kirkjur	19
útkirkjur	26
bænhús	34
Þjóðsögustaðir	
huldufólksbústaðir	27
draugar	9
tröll	4
Aðrar minjar	
landamerki	180
útilegumannabústaðir	2
virki	3
eyktamörk	25

Bæjarhólar og bæjarstæði

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, og jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mestra og fjölbreytilegastra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllurum verið byggð á þeim og skemmt þá að meira eða minna leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætanlegt sé eða raunhæft að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á bæjarhólum. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar sem ekki hefur verið byggt á eða orðið fyrir raski. Sjaldnast er hægt að komast að því hvort bæjarhólar eru óskemmdir eður ei, nema við vettvangsathugun, en til eru upplýsingar um hvar bæjarhús hafa verið flutt og má ganga útfrá að þar sem hús hafa ekki verið flutt, þar séu bæjarhólar minna eða meira raskaðir. Á skráningarsvæðinu má ætla að nokkuð sé af óröskuðum bæjarhólum, svo sem í Laxárdal og Hallárdal og bíða þar mörg rannsóknarefni.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem

hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði, eins og sjá má af töflum sem fylgja byggðasöguköflum hvers hrepps. Frá sjónarmiði fornleifafræðinnar eru staðir af þessu tagi ekki síður mikilvægir en bæjarhólar á lögbýlum því oft er meira eftir af byggingum í kringum bæjarhólinn, þ.e. útihúsum og görðum. Slíkir staðir hafa einnig meira kynningargildi því á þeim getur verið auðvelt að átta sig á legu og afstöðu bygginga en bæjarhólar eru oftast ekki annað en ólögulegir hólar, margir huldir sjónum af byggingum og uppfyllingum.

Útihús

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og víðast á Íslandi voru útihús dreifð um túnin. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, einnig hefur verið nokkuð af lambhúsum en lítið af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Að meðaltali voru 4,5 útihús á hverri jörð sem er sami fjöldi og í t.d. Borgarfirði og Eyjafirði þar sem algengast var að 4–5 útihús væru á hverjum bæ. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en þeim hefur síðan fækkað meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan á eldri útihúsarústum

Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun þeirrar 20. og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Húnvetningar virðast ekki hafa byggt sérstæðar hlöður, aðeins er skráð ein hlaða á svæðinu en hlaðna víða getið sem hlutar útihúsa.

Tún, garðar og akrar

Á fyrri hluta 19. aldar voru tún almennt ekki girt á Íslandi og virðist svo hafa verið um allnokkrar aldir. Á 19. öld var rekinn áróður fyrir túngarðhleðslum en um aldamótin síðustu voru ekki komnir garðar víða í Austur-Húnavatnssýslu, aðeins eru 35 garðar skráðir. Oftast er ekki hægt að greina hvort garðar þessir eru fornir, en líklegast verður að telja að flestir séu þeir frá 19. öld.

Auk eiginlegra túngarða sem gerðir voru til að hlífa túnum við ágangi kvikfjár voru sumstaðar byggðir sérstakir garðar til að verja tún og hús fyrir skriðuföllum. Ekki virðist hafa verið mikið af slíkum görðum á skráningarsvæðinu en það skýrist sennilega betur á stigi aðalskráningar.

Á undanförnum árum hafa orðið hraðar framfarir á sviði fornleifavísinda og hafa menn m.a. þróað aðferðir sem byggja á efnagreiningum á jarðvegi og geta með því móti sagt til um ræktun túna og áburðarnotkun til forna. Til þess að hægt sé að beita slíkum aðferðum verða túnin að vera óskemmd af vinnuvélum og helst má tilbúinn áburður ekki hafa verið borin á þau. Slík tún eru allnokkur á skráningarsvæðinu, ekki er mikill uppblástur í Húnaþingi og tún í eyðidölum þar henta mjög vel til rannsókna. Ekki var mikið um grænmetisrækt á skráningarsvæðinu, flestir kálgarðar þar munu vera frá því um aldamótin 1900 eða síðar, er þess sérstaklega getið að Húnvetningar hafi ekki verið gefnir fyrir að borða kál.

Kvíar og stekkir

Fráfærur byrjuðu að leggjast af í Austur-Húnavatnssýslu um miðja 19. öld, og eru skráðir stekkir á flestum jörðum. Stekkir virðast yfirleitt vera einfaldar girðingar með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda. Sumsstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir.

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnir og oftast beinlínis í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur aðeins ákveðinn staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumsstaðar voru færikvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á

þessa öld. Hugtakið „stöðull“ er oft notað um kvíar sem ær voru mjólkaðar í en oftast er það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum. Aðeins 83 kvíar og stöðlar eru skráðir á svæðinu en slíkir staðir hafa eflaust verið á hverjum bæ. Líklegasta ástæðan fyrir því að þeirra er ekki getið nema á um þriðjungi jarðanna er sú að færikvíar voru mikið algengari í seinni tíð og hafa sennilega ekki staðið á sama stað nema nokkur ár í einu. Örnefni hafa því ekki náð að festast við staðinn og því ekki nefnd í örnefnaskrá.

Aðrar minjar sem tengjast mjaltaám eru smalakofar. Aðeins 30 slíkir eru skráðir og líklega hafa langflestir þeirra varðveist. Líklegt er að smalakofar og –skýli hafi verið á fleiri stöðum og jafnvel margir á hverri jörð því algengt hefur verið að nýir smalar byggðu sinn eigin kofa frá grunni. Smalakofar eru undantekningarlítið við staði sem hátt ber og þar sem víðsýnt er.

Beitarhús og sel

Aðeins 27 beitarhús eru skráð á 270 jörðum og má draga þá ályktun að sennilega hafi beitarhús ekki verið mikið notuð í sýslunni. Alls eru skráð 145 sel og að auki er vitað um 49 staði þar sem sel hafa verið byggð á tóftum gamalla býla eða býli byggð á gömlum selrústum. Þess er sjaldnast getið hve lengi haft var í seli en seljabúskap hefur sennilega verið hætt víðast snemma á 19. öld. Seljarústir eru yfirleitt skráðar á stærri jörðum, kirkjujörðum og stærri býlum, sem eiga land til fjalla eða afréttarlanda. Vitað er um seljarústir á 22 stöðum á skráningarsvæðinu en líka eru seltóftir mun víðar, en þær ásamt eyðibýlum eru þeir minjastaðir þar sem mest er að sjá af mannvirkjaleifum og sem eina best gætu hentað til kynningar. Mörg rannsóknarefni eru einnig enn óleyst varðandi seljabúskap. Ekki hefur enn verið ráðið fram úr hvernig greina megi muninn á selbyggingum og byggingum þar sem búið var allt árið og er það eitt af mikilvægari verkefnum íslenskrar fornleifafræði. Sömuleiðis er lítið sem ekkert vitað um mismunandi tegundir af seljabúskap.

Engjar og áveitur

Fram á þessa öld var stór hluti heyafla hverrar jarðar fenginn á engjum. Af örnefnaskrám sést að menn hafa oft leitað mjög langt eftir örlitlum heytuggureytingi og móar hafa verið slegnir þar sem nú sprettur lítið sem ekkert gras. Bestu engjarnar voru flæðiengjar þar sem vatn flæddi yfir öðru hvoru. Slíkar engjar eru á nokkrum stöðum á skráningarsvæðinu. Þar sem flæðiengjar voru ekki frá náttúrunnar hendi var vatni víða veitt á móa og mýrar. Algengt er að bæjarlækjum hafi verið veitt á svæði utan við tún og gætu á nokkrum stöðum enn sést merki um stíflur og veituskurði sem byggðir voru í þessum tilgangi. Í Austur-Húnavatnssýslu eru skráðar 53 áveitur.

Flestir veitugarðar eru byggðir í votlendi og sökkva því fljótt og hverfa ef þeim er ekki haldið við. Einstaka áveituskurðir og stíflugarðar teljast kannski ekki merkileg mannvirki, en þau eru þó minjar um tegund af jarðrækt sem fæstir af yngri kynslóðinni hafa hugmynd um eða bera skynbragð á, og er því nauðsynlegt að koma í veg fyrir að öll veitumannvirki hverfi.

Minjar um samkomur og þinghald

Alls eru skráðir 9 þingstaðir í Rangárþingi. Má fyrst nefna Þingeyrarþingstað, og þingstaði í Steinnesi og á Sveinsstöðum. Þingstaður var á Breiðabólstað en var síðar fluttur að Miðhúsum, eru allir þessir staðir í Sveinsstaðahreppi sem er ótrúlegur fjöldi þingstaða í sama hreppi. Einnig eru skráðir þingstaðir í Þórormstungu, Engihlíð og á Vindhæli og einnig er örnefnið Þinghóll í landi Höfðahóla.

Sjö aftökustaðir eru skráðir. Þar af er örnefnið Gálgagil í landi Kirkjubæjar. Enn þekktasti aftökustaður Íslandssögunnar er í landi Sveinsstaða og kallast Þrístapar en þar voru Agnes og Friðrik hoggin fyrir morðið á Natani Ketilssyni. Svarthamrar eru aftökustaður í landi Kagaðarhóls. Í Gálgagili milli Hamars og Ása eru sagnir um aftökur. Aftökustaður var einnig í landi Stafns og Höskuldarstaðasels. Einnig er Drekkingarhylur einhverstaðar í Svartárdal.

Kuml og kirkjugarðar

Aðeins eru skráð níu kuml og einnig er nokkuð um sagnir af fornmannahaugum á skráningarsvæðinu og mannabein hafa komið upp á sex stöðum. Sumir af fornmannahaugunum eru örugglega náttúrumyndanir en á öðrum stöðum gæti hafa geymst þekking um mannabeinafundi eða gripa.

Greftrað hefur verið í kirkjugörðum þar sem voru sóknarkirkjur og útkirkjur og jafnvel einnig við bænhús en kirkjur og bænhús voru á miðöldum miklu víðar en seinna varð. Ekki eru til heildstæðar upplýsingar um hvar útkirkjur og bænhús voru á miðöldum. Í Sveinsstaðahreppi eru skráð bænhús á Steinnesi, Sveinsstöðum, Hjallalandi, Bjarnastöðum og Brekku en engar útkirkjur. Í Áshreppi voru útkirkjur á Ási, Haukagili, Forsæludal, Hofi og Guðrúnarstöðum en bænhús á Gilsstöðum, Kornsá, Brúastöðum og Þórormstungu. Í Torfalækjarhreppi voru bænhús í Holti og Torfalæk en bænhús í Meðalheimi, Köldukinn, Akri og Stóru-Giljá. Í Svínavatnshreppi var fjöldi bænhúsa á Geithamri, Grund, Særingsstöðum, Ljótshólum, Hrafnabjörgum, Holti, Ytri-Löngumýri og Sólheimum, en útkirkjur voru mögulega á Tindum og Guðlaugsstöðum. Í Bólstaðarhlíðarhreppi voru útkirkjur á Auðólfsstöðum, Ginnstungu, Eyvindarstöðum, Eiríksstöðum og Mjóadal en bænhús á Stafni, Kúastöðum, Hóli, Steiná, Barkarstöðum, Skeggjastöðum og Mörk. Í Engihlíðarhreppi voru bænhús á Sneis og Móbergi en útkirkjur á Breiðavaði, Blöndubakka, Vatnahverfi, Engihlíð og Geitaskarði. Í Vindhælishreppi voru útkirkjur á Hafstöðum, Ytriey, Kirkjubæ, Vindhæli og Skrapatungu en bænhús á Höfnum, Harastöðum, og Mánaskál.

Samgönguminjar

Alls hafa verið skráðar 268 leiðir í Austur Húnavatnssýslu. Margar þeirra eru leiðir milli bæja eða sveitarhluta en aðrar eru milli sveita innan héraðsins eða liggja til annarra héraða. Ekki var sérstaklega greiðfært innan sveitar. Ár og lækir eru farartálmar á flestum leiðum innan sýslunnar sem og fjallgarðar. Skráð hafa verið 154 vöð og eflaust er það ekki nema brot af öllum leiðum yfir vatnsföllin. Nú er búið að

brúa flestar ár þannig að nú eru fáir farartálmar þeim sem vilja ferðast um svæðið nema í eyðidölum svo sem Laxárdal þar sem vegaframkvæmdir urðu aldrei miklar. Menn hafa leitað ýmissa leiða að komast yfir árnar og eru skráðar 24 brýr, 11 ferjur og 2 klákferjur.

4. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Eins og þegar hefur verið minnst á þá eru líkur á að meirihluti fornleifa á skráningarsvæðinu hafi verið eyðilagður á 20. öld og sést nú aðeins lítið brot þeirra rústa sem áður voru til. Skilvirk minjavernd verður að byggja á vettvangsathugunum en benda má á nokkur atriði sem vert er að hafa í huga við áætlanagerð og skipulag byggðar.

Langmest af fornleifum er að finna á gömlum bæjarstæðum sem oftar en ekki er enn búið á. Mikilvægt er að reynt verði að takmarka framkvæmdir á slíkum stöðum og fylgjast vel með því raski sem nauðsynlegt er.

Dregið hefur úr framkvæmdum í landbúnaði á undanförunum árum og stafar því þeim tóftum sem enn eru sýnilegar ekki jafnmikil hætta og áður af nýbyggingum, framræslu og túnsléttun. Stórt hlutfall slíkra tófta eru stekkir, beitarhús, eyðikot og sel og hafa margar þeirra kynningargildi. Brýnt er að komið verði í veg fyrir frekari eyðileggingu slíkra minja. Auk vegagerðar og línulagna stafar fornleifum nú helst hætta af skógrækt og aukinni sumarbústaðabyggð auk þess sem nýbyggingar og framkvæmdir ógna fornleifum. Aukin skógrækt er vaxandi áhyggjuefni fyrir minjavernd á Íslandi og brýnt að fundnar verið leiðir til að koma í veg fyrir að fornleifar spillist af völdum skógræktar.

Skógur eyðileggur hinsvegar fornleifar ekki á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja vegghleðslur og afmynda rústir þannig að erfitt verður að átta sig á þeim á yfirborði eða kanna þær með uppgrefti. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatamáli mögulegs skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim.

Slíkt krefst þess aðeins að fornleifastaðir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum.

Byggingar sumarbústaða getur valdið miklu alvarlegri spjöllum á fornleifum ef ekki er farið að með gát. Þar gildir hinsvegar það sama og með skógrækt. Ef fornleifastaðir eru þekktir á að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Augljóst er að með lágmarkskynningu og viðhaldi geta fornleifastaðir aukið útivistargildi sumarbústaðalanda og því réttara að líta svo á að fornleifar auki verðmæti þeirra frekar en að þær séu fyrir framkvæmdum.

Ekki verður tekið tillit til fornleifa á skógræktarsvæðum, sumarbústaðalöndum eða þar sem aðrar framkvæmdir eiga sér stað nema fornleifastaðir hafi verið rannsakaðir á vettvangi og staðsetning þeirra færð inn á kort. Það er brýnt að gerðar séu vettvangsathuganir á fornleifum í Húnaþingi

Margir athyglisverðir minjastaðir eru á skráningasvæðinu og ljóst að miklu fleiri munu koma fram í dagsljósið við vettvangsathugun. Gera má ráð fyrir að mikið af stöðum sé í hættu og því brýnt að skrá fornleifar á vettvangi svo hægt sé að gera yfirlit um þá. Þar má fyrst nefna Þingeyrar þar sem fjöldi minja leynist í jörðu. Laxárdalur er fullur af óskemmdum fornminjum sem og dalirnir upp af honum svo sem Skyttudalur, Kálfárdalur, Þverárdalur og Mjóidalur. Einnig eru syðst í sveitinni tóftir eyðibýla og selja, á mörkum byggða og afrétta, sem eru margar hverjar vel varðveittar ásamt seljunum og/eða býlum á Víðidalsfjalli og í Sauðadal. Úti á Skaga má nefna Hallárdal, þar sem eru nokkur eyðibýli og einnig eru seljatóftir á Skagaheiðinni og við Skagastrandarfjöll. Einnig má nefna að víða á skaganum eru merkar útgerðarminjar, svo sem við Kálfshamar.

Allmargir staðir njóta friðlýsingar á skráningarsvæðinu eins og sést af meðfylgjandi skrá:

- Stígandahróf
- Þingeyrarþingstaður
- Trumsalir í landi Þingeyrar
- Þingstaður í landi Steinness
- Faxbrandsstaðir í landi Breiðabólstaðar
- Nautabú í landi Undirfells
- Ljótunarkinn í landi Áss
- Oddaás í landi Áss
- Þórhallsstaðir
- Glámsþúfa
- Jökulstaðir
- Lögrétta í landi Þórormstungu
- Sundlaug í landi Marðarnúps
- Áletrun í landi Svínavatns
- Bæjarrústir í landi Markar
- Tóftir í landi Litla-Vatnsskarðs

- Evartstóftir í landi Litla-Vatnsskarðs
- Tóftir í landi Holtastaðar
- Goðatóft í landi Hofs

Af fenginni reynslu má ætla að við aðalskráningu muni bætast við skrá yfir tillögur um friðlýsingar og þá bætast margir minjastaðir við listann. Má strax sjá að fjöldi staða er í Austur-Húnavatnssýslu sem hægt væri að nýta til kynningar, til að efla útivist og ferðaþjónustu, ekki síður en til að stunda rannsóknir.

Mjög mikið er af rústum eyðibýla og selja á svæðinu og eru mörg hver ekki langt frá alfaraleið og hægt væri að finna kynningarvæna staði við aðalskráningu og tengja saman útivist og kynningu á fornleifum og menningarsögu. Þar sem byggð hefur verið sem þéttust og mikið af eyðibýlum er brýnt að kortleggja kotbyggðina og gera mætti gönguleiðir á milli staða. Nýlega fékk Engihlíðarhreppur styrk til að merkja eyðibýli í Laxárdal og væri mikilsvert að sú vinna héldi áfram í öðrum hlutum sýslunnar.

Það á við um öll svæði sem skipulögð eru til útivistar að sjálfsagt er að reyna að nýta þær auðlindir sem fyrir eru og fornleifastaðir geta verið afar upplýsandi fyrir ferðamenn, jafnt innlenda sem útlenda. Til þess að það sé hægt þarf ekki annað en að skrá staðina á vettvangi, merkja þá svo fólk viti hvert eigi að fara og gera upplýsingar um hlutverk og gildi minjanna aðgengilegt á einn eða annan hátt, t.d. með prentuðum bæklingum eða skiltum á staðnum.

5. Heimildarskrá

Adolf Friðriksson: *Dagbók úr horfleiðangri Fornleifastofnunar Íslands* 1992.

Aðalbjörg G. Þorgrímsdóttir: "Dragferjan á Blöndu" *Húnavaka,* XVI. árg. 1976, 63-69.

Anna Árnadóttir: "Húsaskipun á Miðgili í Langadal" *Húnavaka,* XXXII. árg. 1992, 114-117.

Arinbjörn Árnason: "Dysin í Strjúgsskarði" *Húnvetningur. Ársrit Húnvetningafélagsins í Reykjavík,* VI. árg 1981, 113-117.

Auðunn Bragi Sveinsson: "Æskuslóðir ... Laxárdalur" *Húnvetningur. Ársrit Húnvetningafélagsins í Reykjavík,* XIV. árg. 1990, 36-48.

Ágúst Ó Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar,* Reykjavík 1993.

BG: *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar,* Reykjavík 1919-1942.

Bjarni Guðmarsson: *Byggðin undir borginni. Saga Skagastrandar og Höfðahrepps,* Akureyri 1989.

Bjarni Jónasson: "Höfuðból og eyðibýli. Brot úr sögu Undirfells í Vatnsdal" *Húnavaka,* XI. árg 1971, 107-117.

Björn Bergmann: "Á Skagfirðingavegi" *Húnavaka,* VI. árg. 1966, 53-60.

Björn Bergmann: "Grímstunguheiðarvegur" *Húnavaka,* VIII. árg. 1968, 33-43.

Björn Eysteinsson: *Sjálfsævisaga Björns Eysteinssonar,* Björn Þorsteinsson bjó til prentunar. Reykjavík 1980.

Bragi Guðmundsson: "Um byggð í Svínavatnshreppi fyrir 1706" *Húnavaka,* XXV árg 1985, 52-66.

Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar, Reykjavík 1979.

Brynjúlfur Jónsson: "Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1906,* 3-27.

Brynjúlfur Jónsson: "Rannsókn sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1895*, 1-10.

BS I: *Byggðasaga Skagafjarðar. Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur,* I. bindi. Ritstjóri Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur 1999.

Bsk: *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenzka bókmenntafélagi* I-II, Kaupmannahöfn 1858-1878.

DBFJ: Bruun, Daniel & Finnur Jónsson: "Om hove og hovudgravninger på Island" *Aarböger for nordisk Oldkyndished og Historie 1909*, 245-316

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn*, I-XVI bindi, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972.

Eggert Ólafsson: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferð þeirra á Íslandi árin 1752-1757*, Reykjavík 1974.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* I-II bindi, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983.

FSP: Sveinn Pálsson: *Ferðabók. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*, I-II bindi Reykjavík 1983.

GR II-IV: *Göngur og réttir* II-IV bindi Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar, 2. pr. aukin og endurbætt, Akureyri 1983-87.

Grímur Gíslason: "Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar" *Húnaþing* III. bindi, Akureyri 1989, 102-181.

Grímur Gíslason: "Örnefni við Blönduós" *Húnavaka* 20 árg. 1980, 75-81.

Guðmundur Ólafsson: *Illugastaðir í Laxárdal og Neðstibær í Vindhælishreppi. Rannsókn á bæjarstæði dagana 21.-23. júní,* [Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1999, IV] [Reykjavík 1999].

Guðmundur Ólafsson: *Þverárfjallsvegur-Skagavegur Mat á umhverfisáhrifum*, [Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1998, X] Reykjavík 1998.

Guðmundur Ólafsson: *Skagastrandarvegur um Hafursstaðaá. Mat á umhverfisáhrifum,* [Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1998, VIII] Reykjavík 1998.

Gunnar Árnason: "Af Laxárdal" *Troðningar og tóftarbrot*, [Svipir og sagnir III], Reykjavík 1953, 225-275.

Gunnar Árnason: "Ævarsskarð" *Árbók hins Íslenzka fornleifafélags 1941-1942*, 73-80.

Hallgrímur Jónsson: *Skagafjörður,* [Árbók ferðafélagsins 1946] [án staðsetningar] 1946.

Hannes Þorsteinsson: "Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1923*, 1-96.

Haraldur Matthíasson: *Landið og Landnáma,* I-II. bindi, Reykjavík 1982.

HB Sumar: Hjörtur Björnsson: *Sumar á fjöllum,* Reykjavík 1943.

Henderson, Ebeneser: *Iceland, or the journal of a residence in that island during the years 1814 and 1815,* Edinborg 1818.

Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi" *Húnaþing* III bindi, Akureyri 1989, 273-344.

Hulda á Stefánsdóttir. "Aldarafmæli Ytri-Eyjaskóla á Skagaströnd" *Húnvetningur. Ársrit Húnvetningafélagsins í Reykjavík,* IV árg 1979, 108-115.

Hulda Á Stefánsdóttir: *Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi*, [án staðsetningar] 1987.

Húnaþing, II bindi [án staðsetningar] 1975-1978.

Islandske Annaler indtil 1578, Kristjania 1888.

ÍF I: *Íslenzk fornrit I. Íslendingabók & Landnáma*, Reykjavik 1986.

ÍF III: *Íslenzk fornrit III. Borgfirðingasögur,* Reykjavík 1938.

ÍF VII: *Íslenzk fornrit VII. Grettis Saga Ásmundarsonar, Bandamannasaga,* Reykjavík 1936.

ÍF VIII: *Íslenzk fornrit VIII. Vatnsdæla saga, Hellfreðarsaga og Kormákssaga,* Reykjavík 1939.

Íslensk bókmenntasaga II bindi. Ritst. Böðvar Guðmundsson, Sverrir Tómasson, Torfi H. Tulinius og Vésteinn Ólason, Reykjavík 1993.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason, I-VI bindi, Reykjavík 1993.

Íslenzkar þjóðsögur. Safnað hefur Ólafur Davíðsson I-III bindi, Akureyri 1945.

Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir, Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn 1992.

JÁM IX: Jarðabók *Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Skagafjarðarsýsla.* IX bindi, Kaupmannahöfn 1930.

JÁM VIII: Jarðabók *Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Húnavatnssýsla* VIII bindi, Kaupmannahöfn 1926.

JJ: Johnsen, J: *Jarðatal á Íslandi,* Kaupmannahöfn 1847.

Jóhann Guðmundsson: "Auðkúluheiði" *Húnaþing,* III bindi, Akureyri 1989, 68-101.

Jón Eyþórsson: *Húavatnssýsla austan Gljúfrár,* [Árbók Ferðafélagsins 1964] [án staðsetningar] 1989.

Jón Eyþórsson: *Hvar er Hvinverjadalur,* Reykjavík 1965.

Jón Tryggvason: "Nokkur orð um landnám Ævars gamla Ketilssonar" *Húavaka* XXVIII 1988, 31-41.

Kaalund, Kristian: *Bidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island* I-II bindi, Kaupmannahöfn 1877-82.

Kaalund, Kristian: *Íslenzkir sögustaðir. Norðlendingafjórðungur,* III bindi, Reykjavík 1986.

KEKH 2000: Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi,* ristjóri Adolf Friðriksson, Reykjavík 2000.

KEKH: Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi,* Akureyri 1956.

Landamerkjaskrá Auðkúlu

Landamerkjaskrá Finnstungu 1886

Landamerkjaskrá Hnjúka

Landamerkjaskrá Holts 1884

Landamerkjaskrá Hurðabaks 1884

Landamerkjaskrá Kringlu 1884

Landamerkjaskrá Köldukinnar 1890

Landamerkjaskrá Mosfells 1892

LS: *Laurentius saga biskups,* (RHÍ III) Árni Björnsson gaf út, Reykjavík 1969.

Magnús Björnsson: "Mánahaugur" *Húnavaka* VIII árg. 1968, 107.

Magnús Björnsson: "Saga Nikulásar" *Troðningar og tóftarbrot*. [Svipir og sagnir III], Reykjavík 1953, 100-183.

Margeir Jónsson: "Ævarsskarð hið forna" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1925-26*, 32-42.

Matthías Þórðarson: "Skýrsla um viðbót við Þjóðmenjasafnið árið 1911" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1912,* 57-76.

Matthías Þórðarson: "Smávegis um nokkra staði og fornmenjar" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1910,* 59-71.

Matthías Þórðarson: “Smávegis. Um staði og fornminjar” *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1924*, 42-58.

Orri Vésteinsson: *Dagbók úr horfleiðangri Fornleifastofnunar Íslands* 1992.

Ólafur Lárusson: *Landnám í Skagafirði,* [Skagfirzk fræði] [án staðsetningar] 1940.

Páll Kolka: *Föðurtún,* Reykjavík 1950.

Pétur Sigurðsson: ““Bænhúsbakki.” Örnefnaþáttur” *Húnavaka,* IX árg 1969, 115.

Pétur Sigurðsson: ““Huldukletur” Örnefnaþáttur” *Húnavaka,* IX árg 1969, 115-116.

Pétur Sæmundsen: “Blönduós” *Húnaþing* I bindi, Akureyri 1975, 420-473.

RGI Þættir: Rósmundur G. Ingvarsson: *Þættir um Eyvindarstaðaheiði* I-IXX, [hdr]

RLLF: *Rit hins íslenska lærdómslistafélags* I-XV bindi, Kaupmannahöfn 1780-1794.

Sigfús Haukur Andrésson: “Þegar Höfðakaupstaður var eini verzlunarstaður Húnavatnssýslu” *Húnaþing* I bindi, Akureyri 1975, 474-506.

21.1.1364: [Jón biskup skalli vottar að hafa lesið yfir] transkripta af skilrike þingeyrastadar. j huerium so uottar at þingeyrastadr aa allan oss þann er fellr ur hopinu ut j sio. oc alla þa ueide er j fyrrnefndum ose ma hafuast en oss er flutt at snorre bonde steinsson kallade til huals þess er þar hefuer ueiddr uerit j osinum nu firi skemstu. oc þingeyra klaustr hefer at hallda en heite þeim kierum er flutt hafua hualinn efter abotans bode oc uili seka þa hier um firer konunglighu uallde [og bannar leikmönnum þetta mál] DI III 202 [AM dipl afskr 448 ‘ex originali monasterii Thingeyrensis, accuratissime’]
20.4.1365: [Kolbeinn Benediktsson geldur Þingeyrastað] jord ath hurdarbaki aa kolkumyrum firer þau xvj. hvndrut er herra gvnsteinn aboti fek mer. skal nefnd jord frials klaustursins eignn firer mer oc minum erfingium ... DI III 207 [AM dipl afskr 449 ‘ex originali monasterii Thingeyrensis, accuratissime’]
16.4.1368: ... stadrinn at þingæyrum. skylldi æiga efinliga fiskueidi alla i hunauatni vt fr vadi til brandaness. en [Lýtingur bóndi Húnljótsson á Akri í Þingi] vpp fra uadi firer landi sinu vt a mitt vatn. en fiskueidi vt fra brandanesi huarr firer sinu landi skadlaust. vid adra. ... DI IIII 247 AM dipl askr 450 ‘ex originali monasterii Thingeyrensis, accuratissime.’
14.6.1369: [Einar Gilsson lögmaður] gerer kunnigt. at gunnsteinn aboti tedi mer bref herra gudmundar laugmanz. þat sem her er med bundit. i hueriu er hann hefer lagtt stadnum at þingæyrum. med laga orskurdi hopsos epter fornum hefdum ok veidi þar j. þui seger ek med laga orskurdi. stadnum at þingæyrum. sua fiskueidi sem alla adra. i fyR nefndum osi midil hops ok siofar. ok fara at væidi epter þui sem lanz laga bok vaattar. sua þo at þeim se eingi olaug igior er firer ofan eiga vatn ok aa. ... DI III 251?252 AM dipl afskr 440 ‘ex originali monasterii Thingeyrensis, accuratissime.’ 25.4.1373: Klaustrinu seldar halfar jarðirnar Sauðanes og Syðri Knúkar; DI III 275?276
8.8.1377: Jón biskup skalli úrskurðar þá parta í Hafnarlöndum á Skaga, er Kolbeinn bónfi Benediktson hafði gefið klaustrinu í sitt testamenti, æfinlega eign þess; DI III 321?322
23.1.1379: Benedikt Kolbeinsson gefur kalustrinu jörðina Gilsstaði; DI III 336
22.7.1382: Klaustrið kaupir Akra á Kólkumýrum; DI III 361
5.4.1383: Einar Eiríksson gefur klaustrinu í sitt testamentum, ij. hundrat; DI III 366
6.5.1384: Erfingi fellur frá ákalli í hluta jarðanna Giljár og Beinakeldu sem gefnar höfðu verið klaustrinu; DI III 374
8.5.1384: Samningur um rekaskipti með Brekknajörðum á Skaga, en klaustrið á einhverjar þeirra; DI III 375
29.6.1385: Klaustrið kaupir Hæli fyrir 4 hdr en seljandi gefur það sem jörðin er betri sér til sáluhjálpar og áskilur sér leg áð Þingeyrum, og skal klaustrið veita styrk til að sækja hann hvar sem hann andast í

Húnaþingi og vera jarðaður sæmilega með yfirsöngvum og vaxbruna; DI III 38?386
12.6.1386: Testamenti Þorsteins lögmanns Eyjólfssonar: gefuande ... þriu hunndrath til þinghæyra; DI III 391? 392
1.10.1393: Pétur biskup staðfestir gjöf Orms biskups 7.10.1346; DI III 490
15.1.1394: klaustrið eignast Sauðadalsá og Þrim/Þröm á Vatnsnesi í próventu; DI III 499?500
6.7.1394: kvittun fyrir afhendingu Sauðadalsár og Þramar; DI III 505
[um 1400]: Skrá Holtastaðakirkju um Spákonuarf; DII III 654
28.7.1403: Vottorð um að klaustrinu hafi pláguveturinn verið gefin jörðin Ytriey á Skagströnd; DI III 683?684
8.12.1403: Testamenti séra Halldórs Loptssonar: klaustrinu aa þingeyrum [bók]; DI III 685
11.10.1424: Klaustrið selur Ytri Ey á Skagaströnd fyrir lausafé; DI IV 319?320
27.12.1425: Kvittun fyrir andvirði Ytri Eyjar; DI IV 334
4.12.1427: Testamenti Einars Bessasonar:
kys ek minvm likama legstad i heilogvm kirkivgarde at þingeyrum gefande þar til [kvikfé og áklæði]
c preste þeim er mik oliar.
c preste þeim er mik syngr til molldar.
x avra preste hverivm er stendr yfer greptre minvm; DI IV 350
[1429]: prestar ij ok diaknar ij; DI IV 382
3.12.1431: Testamenti ónafngreinds manns
þyngeyra stad [2 kýr]; DI IV 483
4.12.1437: Klaustrið kaupir jörðina Kelduland á Skagaströnd fyrir veiði í Víðidalsá; DI IV 572?573
17.8.1439: Vitnisburður um að klaustrið eigi fiskveiði í Víðidalsá fyrir Syðri Borg að helmingi við Þorkelshólamenn; DI IV 598
30.9.1439: Vitnisburður um að klaustrið eigi jörðina Ytri Ey á Skagaströnd; DI IV 601?602
30.5.1443: Klaustrið eignast Kirkjubæ í Norðurárdal í próventu; DI IV 635?636
[1446]: Testamenti Þorvarðs Loptssonar
gef ec þingeyraklaustri .v. c.; DI IV 675?676
[1461]: 1 prestur og 2 djáknar DI V 36
15.8.1477: Klaustrið kaupir Löngumýri í Svínavatnssókn en lætur í staðinn jörðina Krók á Skagaströnd ‘at fra skildum rekanum er stadurenn hefer einatt att ...’ DI VI, 116
25.2.1486: Klaustrið kaupir Böðvarshóla í Vesturhópi. DI VI, 559
1486: Þingeyraþingum fylgja 1 hálfkirkja og 4 bænhús DI V 354
9.6.1489: Klaustrið fær jörðin Reyki í Hrútafirði í próventu fyrir 24 hdr. DI VI, 658
27.9.1491: Klaustrið á Gnýstaði á Vatnsnesi amk um fyrrfarandi þrjú ár. DI VI, 764-65
28.11.1493: Klaustrið kaupir Melrakkadal og Hrísa í Víðidal fyrir Efra Núp í Núpsdal með kirkjufé og jörðum í Núpsdal: Njálsstaði, Barðastaði, Daðastaði og Þverá. DI VII, 195-96.
1.3.1494: Klaustrið selur Bjargastaði og hálft eyðikotið Hnausa í Austurárdal fyrir 16 hdr. DI VII, 304.
[um 1500]: Maaldagi Þingeyraklausturs.
Suo er latandi bref oc skilrijki þingeyra klausturs ath þessar iarder oc reka eigr klaustrid aa strondum firir uestan flooa.

Jn primis. ath eyiunum aa þingeyraklaustr halfan uidreka oc allan halfan aagooda. kiortre onnor huoor missere oc fiordungur i hual.

J triekeyllisey a klaustrid hual halfan.

fra aaroosi firir arnesi oc til spors millum mel aa klaustrid tuo hluti i hual.

firir selianesi fra æk þeim er inn er langt fra hellanesi oc til merkihamars i ofeigsfirdi aa klaustrid halfan uidreka oc þria hluti i halfum hval.

enn fra merki hamri til hualaar fiordung i hualreka.

fra hualaa oc til daugurdardalsaar aa þingeyraklaustr allan reka huala oc vida.

Vndan hrwteyiarkleif oc til eyuindarfiardar aar aa klaustrid allan uidreka. oc þria hluti i halfum hualreka uith stafhollt.

fra eyuindarfiardaraa oc thil þrælskleifar alla halfa reka uida oc huala. fra uebiarnarnaustum thil skers aa sandi j draanguijk aa þingeyrastadur allan reka huala oc uida oc suo iordina draangauijk.

fra aaroosi i draangauijk til skumuhelliss allan uidreka. enn halfann hualreka firir draangatanga.

J ollum þessum fyrrnfndum rekum aa þingeyraklaustr suo mikit i huavlum sem nu er greint. huersu sem aa land kemr. nema uppskorinn sie aa skipumm fluttr.

Ero þesser rekar suo komner under þingeyraklaustr at þorsteinn kolbeinsson gaf þa halfa med líjkama

kuinno sinnar thil klaustursins. Enn hallr sigurdarson gaf þessa halfa reka i profentu sijna til þingeyraklaustrus. Enn þann reka sem er j milli hualaar og daugurdardalsaar gaf solui prestr brandzson i profentu med sier thil þingeyraklausturs.

alla halfa reka i ueideleysv uida oc huala oc allt þad gods sem þar kann aa ath koma ath helmingi.

Eigur nu oc þingeyraklaustur reka allann i sigluuíjk firir nordan geirholm oc suo iordina kirkiubol med ollu þui sem henne hefer til heyrt ath forno. Er þesse iord oc reke suo kominn under þingeyraklaustr. ath helga þorleifsdotter gaf hann klaustrino soer til saluhialpar oc aabota aasgrimi. enn helga erfdi hann efter gudnyio systr síjna enn gudny hlaut hana i erfd efter modr síjna kristino biornsdottr. Máld DI VII, 461-62 [AM 279 4to, bl. 17-18; skinnb. skr. um 1500; AM Apogr. 500 m. 3 afskriftum. Þorsteinn Kolbeinsson var á lífi 1346, sr. Sölvi Brandsson var uppi um 1360 og 1385. Ásgrímur Jónsson var ábóti 1488-95]

1525: Máld DI IX 312?316

27.2.1880: Undirfells? og Grímstungusóknir lagðar undir Þingeyraklaustur; (PP, 225) [lög]

4.11.1881: Undirfells? og Grímstungusóknir skildar frá Þingeyraklaustri;, en Hjaltabakkasókn lögð til Þingeyraklausturs; (PP, 225) [lög]

16.11.1907: Undirfelssókn á ný lögð til Þingeyraklausturs; (PP, 225) [lög]

”Svo er að sjá að Þingeyrar hafi ekki verið sérstök jörð fyrr en upp úr 1100, er Þorkell trandill byggði þar bæ. Um það leiti gengu harðindi mikil yfir Norðurland og gerðu þá Húnvetningar það áheit, að áeggjan Jóns biskups Ögmundssonar, að reisa kirkju á Þingeyrum, ef til betra brygði. Þetta þóttu góð vísindi í þá daga og eru það ef til vill enn. Húnvetningar gerðu betur en lofað var, því að þeir reistu ekki aðeins kirkjuna, heldur og fyrsta fastaklaustrið á landi hér og merkilegasta, af reglu heilags Benedikts frá Nursía, en kirkjan var vígð heilögum Nikulási. Klaustrið, sem var vígt 1133, varð um langan aldur ein af aðalstöðvum íslenzks menntalífs og auðgaðist brátt að fé. Það átti fjölda jarða á Skagaströnd, Ásum, Þingi og víðar .. Auk þess átti það mikla reka á Ströndum, Vatnsnesi og Skaga ...”

Heimildir: PP, 225; DI;Biskupasögur I, 171;IA; Ö-Þingeyri, 2; Ö-Þingeyrar ath; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 213-14

HV-169:003 gripir rauðablástur

“... item finnst Merki til Raudasmidiu í Þíngejra Sandi.” “Vid Nr 2 er nefnt Merki til raudasmidiu í Þingeyjra Sandi, þar finnast Steinahrúgur, stórt Giall hefur þar og fundist, þar nálægt hafdi verið Kot í fornöld, ad nafni Danmörk, til hvört nú sést ej Merki.”

Heimildir: FF, 463, 468

HV-169:004 *Þingeyraþing* sögustaður þingstaður **Friðlýstar fornleifar**

“Á þjóðveldisöld snemma var settur þar þingstaður Húnvetninga og sér hans enn merki þar sem er dómhringur - lögrétta - skammt norðaustur frá bænum, talið var og að búðarleifar væru þar skammt frá, austan undir lágri brekku.” segir í Húnaþingi “Norðvestur frá Brekku kallast Norðurtún, og tekur þá við Kirkjuvöllur milli bæjar og kirkju. Á honum, norðaustur frá bænum, er dálítið hringlaga svæði, afmarkað með þúfnakransi í kring, en slétt innan hans. Þetta er Dómhringur; hann er nú friðlýstur.” segir í örnefnaskrá

FF: “Umm Forna Þíngstadi etc: Fyrir Vestann Þíngeyra er sagt ad verid hafi þíngstadur í Gamla Daga, enn þared Eyrarnar eru mikinpart komnar í Sand, siást þá nú eingar edur miög litlar þíng Eptirstödvar.” Í athugasemdum við örnefnaskrá Þingeyrar segir að Dómhringarnir hafi verið slegnir með vel og þá höggist ofan af þeim. ÁG: “Allar leifar hins forna þingstaðar. Þar með “Dómhringur”, er svo heitri enn, í túninu milli núverandi kirkju og hins gamal kirkjugarðs.” Árbók: “Hvergi sést fyrir neinum búðartóftum á Þingeyrum heima við né neinsstaðar út með Húnavatni. Er líklegast, að þingið hafi verið haldið á eyrinni, sem riðið er af út í Húnavatn, er norðr yfir er haldið, eða þar út með vatninu. Þar er nú alt uppblásið, enn sléttlendi. Dómhringrinn í túninu á Þingeyrum, sem kallaðr er, er nálægt 16 faðmar á annan veg, enn 13 faðmar á hinn. Mætti vera, að þar hafi verið hestarétt.”

Árbók 1895: Draumur Hallfreðar. – Þingeyrar. “… Gakk þú út á holt þat, er hér er skammt frá þingstöðinni, þar sem götur mætast” … “Um morgininn gekk Hallfreður út á holts-götu nokkura”. Spursmálið um það, hvaða holt hjer ræðir um, stendur í nánu sambandi við spursmálið um það, hvar þingstaðurinn var á Þingeyrum. Hallfreður gekk út á holtið, það hefir því verið sjávarmegin við þingstaðinn. Vestan í holti því, sem Þingeyraklaustur stendur sunnan í, eru að neðanverðu uppblástrar miklir – sem þó virðast nú hættir – en ofan við þá, og allt upp á holtið, sjer fyrir leifum af túni, sem girt hefir verið um, en er nú orðið að móa. Efst á túnstæðinu er rúst, fornleg og óglögg. Sagði mjer Jósep bóndi á Hjallalandi, að þar hjeti “Trumsvalir”. Það örnefni er óskiljanlegt eins og þar er. Að sönnu má

skilja seinni hlutann: -svalir, um þann stað, sem áveðurs er, og það á hjer vel við. En fyrri hlutinn: trum- er eitthvað afbakaður. Mjer datt í hug, að það kynni að hafa myndazt úr draum: þar hefði heitið Draumsvalir og nafnið verið dregið af draumi Hallfreðar, af því það hefði verið á þessum stað, sem honum var vísað til í drauminum, að götur mættust á holtinu. Og þetta kemur vel heim, hafi þingstaðurinn verið þar, sem bærinn Þingeyrar er nú. En það er nú einmitt mín ætlun, að svo hafi verið. Kom mjer það fyrst í hug, er jeg sá í Árb. fornleifafjelagsins 1888-92, bls. 79, að dómhringur er kallaður í Þingeyratúni – þó Sigurður Vigfússon geti til, að það kunni að hafa verið fjárrjett. – Og jeg styrktist í minni ætlun, er jeg sá dómhringinn; hann er svo líkur þess konar hringum á öðrum fornum þingstöðum, er jeg hefi sjeð, nema hvað hann er í stærsta lagi: 14-16 faðmar í þvermál. En næstum þóttist jeg fá fullvissu, er jeg sá, til og frá um suður- og vesturtúnið, mikinn fjölda af stórum fornum tóftum, sem eru, sumar hverjar, allglöggvar, og merkilega líkar búðatóftum á fornum þingstöðum. Eru þær flestar nálega 8 faðma langar og 4 faðma breiðar, háar og veggjadigrar og nær fullar innan, svo að eins sjer bolla ofan í.

Hinar glöggustu eru raunar ekki fleiri en 8-10; en svo eru margar óglöggvari, þó auðsjáanlega af sama tagi, en þjettara settar saman. Þannig er það einkum neðan undir hlaðbrekkunni. Og sjeu þetta nú búðatóftir, þá e auðvitað, að mest hefir búðaþyrpingin verið þar, sem nú er bærinn og kirkjugarðurinn, gæti þar hafa verið mikill fjöldi þeirra. Með þessu er nú gert ráð fyrir, að Þingeyrar hafi ekki byggst snemma. Að svo hafi verið, má líka ráða af Heiðarvíga-sögu, þar sem Þórarinn segir, að verða muni mannamót "milli Hóps og Húnavatns, þar sem heita Þingeyrar. Svo hefði hann eigi tekið til orða, ef um bæ hefði verið að ræða. Hvergi þar í nánd er heldur jafnfagur staður eða líklegur til þingstaðar. Þar en varla annarstaðar, mátti líka kenna hann við eyrar, því þá hafa að líkindum eyjarnar sem nú eru, í kvíslunum þar niður undan, verið ógrónar eyrar sumar hverjar. Annars fæ jeg eigi betur sjeð, en að saga Jóns biskups Ögmundssonar taki hjer tvímælin af. Þar segir svo, kap. 17: "Hinn helgi Jón biskup fór til várþings þess, er var at Þingeyrum, ok er hann kom þar, þá heitir hann til árs, við samþykki allra manna, at þar skyldi reisa kirkju ok bæ, ok skyldu allir þar til leggja, þar til sá staðr yrði efldr. Eptir heit þetta lagði hinn helgi Jón biskup af sjer skikkju sína, ok markaði sjálfr grundvöll undir kirkjuna". Á þingstaðnum kemur hann því til leiðar, að heitið er staðfest, og eftir það leggur af sjer skikkjuna til að mæla kirkjugrundvöllinn samstundis og á sama stað, að því er bezt verður sjeð. (Bisk. I, 171).

Árbók 1906: Þingeyra-þingstaður. Í Árbók Fornleifafélagsins 1895 leiddi eg rök að því, að Þingeyra-þingstaður hefði verið þar, sem nú er bærinn Þingeyrar. Bygði eg það bæði á forntóftum, er eg sá þar 1894 og einkum á Jónssögu biskups Ögmundssonar. Hún skýrir frá því (Bisk. 3.I, 171), að Jón biskup kom því til leiðar á Þingeyraþingi að þar var bær gjör og kirkja. … Eg get ekki séð, að þessi orð geti verið neinum misskilningi undir orpin, heldur taki þau af allan efa, sem vaknað hefir um það, hvar þingstaðurinn hafi verið, og þykist eg ekki þurfa að fara um það fleiri orðum. Árið 1894 sá eg þar líka eigi allfáar fornar tóftir, sem mintu mig á búðatóftir á öðrum þingstöðum. En þá gat eg eigi búið til uppdrátt af þingstaðnum, einkum vegna þess, að það var um þann tíma þá tún var óslegið og tóftirnar þaktar loðnu grasi. Bæði voru þær óglöggvari fyrir það, og svo hefði grasið troðist til skemda ef svo mjög hefði verið gengið um túnið, sem til þess hefði þurft. Auk þess var fleira til fyrirstöðu. En síðan hefi eg ekki haft tækifæri til þess fyr en nú, er eg kom norðanað á áliðnu sumri, þá fór eg að Þingeyrum í þessu skyni. En um seinan þóttist eg kominn, er eg sá þær breytingar, sem orðið höfðu á þessum 11 árum, sem á milli voru liðin. Þar sem eg hafði séð hinar beztu forntóftir hafði túnið verið sléttað, svo þær voru horfnar. Svo var t.a.m. fyrir neðan hlaðbrekkuna og víðar. Á suðausturtúninu er nú einungis 1 tóft eftir, sem minnir á búðatóftir, t.a.m. á Þingskálum og Leiðvelli. Þó sést enn, að þar hafa verið fleiri slíkar búðir í röð. Nú eru þær aðeins útsléttaðir balar, sumir þó með laut eftir endilöngu, en á sumum sést hún ekki. Er mikið af slíkum bölum á suður- og vesturtúninu, og er auðséð að allir þeir balar eru útsléttaðar tóftir. En eigi treysti eg svo á minni mitt, að eg þori að ákveða, hve margar af þeim voru óútsléttaðar 1894. Það gjörir líka minst til. Hið merkilega við þær er, að þær eru allar í samanhangandi röðum. – Það er engin venja að peningshús, eða önnur hús er búum tilheyra, standi í löngum röðum á túnum. Svo er eigi heldur á Þingeyrum, þá er um þess konar hús eða þeirra tóftir er að ræða. Þar á mót er það víðast á fornum þingstöðum, að búðatóftirnar eru flestar í samanhangandi röðum, og þeim röðum eru balaraðirnar á Þingeyratúni svo áþekkar að niðurskipun, að eg hika ekki við að taka þær fyrir leifar af þingbúðatóftum, meðan ekki kemur fram nein sönnun fyrir, að það sé rangt. Eftir stefnu raðanna, sem eru fyrir vestan traðirnar, má ætla að þær hafi haldið áfram austurávið og séu margar horfnar þar undir, sem nú er bærinn með rústum og gömlum öskuhaugum vestur af, en kirkjugarði, heygarði og fjósi austur af. Virtist mér enda votta fyrir einum slíkum tóftarbala bak við heygarðinn. Alt slíkt setti eg á uppdráttinn og einkendi hvern tóftarbala með tölustafnum 1, dómhringinn, - sem því nafni heifr haldið frá ómunatíð,- 2, forna garða og gerði með 3, bæjarhúsarústir og öskuhauga með 4, bæinn, sem nú er tvö timburhús, með 5,

útiskemmur með 6, heimareiðartraðir með 7, túngarðinn með 8, heygarð og fjós með 9, peningshús með 10, peningshúsafóftir með 11, hinar sléttuðu spildur með 12, hlaðbrekkuna, og framhald hennar austur eftir túninu, með 13, tóft eina, sem virtist ný – útsléttuð og óvíst hvar undir heyrði, með 14, rúst, sem virtist gamall sáðgarður, með 15, kirkjuna með 16, kirkjugarðinn með 17, og götustíg að vatnsbóli með 18. Hina glöggustu búðartóft, sem fyr er nefnd, einkendi eg með a aftan við tölustafinn (1).
Heimildir: FF, 463; Húnaþing II, 320; Ö-Þingeyrar, 2; Ö-Þingeyri ath; ÁG: Fornleifaskrá, 42-43; SV: "Rannsóknarferð" Árbók 1892, 79; BJ: "Rannsókn sögustaða" Árbók 1895, 8-9; BJ: "Rannsókn í Norðurlandi" Árbók 1906, 25-27

HV-169:005 *Stígandahróf* tóft naust **Friðlýstar fornleifar**
"Suðurmerki Geirastaða liggja frá Húnavatni, um Búðartanga og Háugötur til Langalóns." segir í örnefnaskrá Geirastaða. "Á merkjum Þingeyrar og Geirastaða er Búðartangi. Hann er allstór og harðlendur; vottar þar fyrir rústum nokkrum, sem heita Stígandahróf, og er mælt, að þar hafi Ingumundur gamli ráðið Stígandi til hlunns." segir í örnefnaskrá Þingeyrar. ÁG: ""Stígandihróf", svo kallað; það er við Húnavatn á dálitlu nesi, er gengur út í vatnið litlu sunnar en gegnt bænum Akri."

Stígandahróf. "Ingimundur kom báðum skipunum í Húnavatnsós … þar heitir Stígandahróf, er hann var upp settr." Þar kemur heim, að Stígandahróf er við Húnavatn. Þar er á dálitlu nesi sem gengur út í vatnið litlu sunnar en gegnt bænum Akri. Hrófið er sem hústópt mikil, 10 faðma löng og 5 faðma breið, þó lítið mjórri til endanna. Dyrnar ganga fram að vatninu og virðist norðurkanturinn hafa verið dálítið lengri. Þó er það ekki vel að marka, því dyrnar sýnast hafa hrunið nokkuð saman. Að öðru leyti er tóftin glöggt vel, enda er harðlent á nesinu, þó mýrlent sje þar fyrir ofan." "Stígandahróf er tóft með ákafleg þykkum veggjum, spottakorn fyrir utan (norðan) Þingeyrar, um 60 feta á lengd, enn 14-15 feta á breidd." FF: "Nálægt Stíganda Hrófi við Húnavatnsós finnast ogso fleiri fornar Skipnausta Tóptir." KK. "Norðaustan við bæinn á bakka Húnavatns er enn talið, að Stígandahróf sé, það lítur úr eins og grasi gróin aflöng tóft af nausti."
Heimildir: FF, 464, 468; ÍF VIII, 45 nmgr; ÁG: Fornleifaskrá, 43; BJ: "Rannsóknarferð sögustaða" Árbók 1895, 7; SV: "Rannsóknarferð" Árbók 1892, 79; Ö-Geirastaðir, 1; Ö-Þingeyri, 5; FF, 468; KK III, 21

HV-169:006 garðlag túngarður
"Suðvestur af bænum var Valhöll og sunnan hins gamla túngarðs Réttarhús [015] ásamt Rétt."" segir í örnefnaskrá
FF: "Kríngumm mikinn Part af Þingejra Túni er tvöfaldur Túngardur, hér umm 2 Fadmar á millum þeirra, súnist hafa verid til þess ad geima þarí 2 edur 3 Hesta til forna ef miög kinni áliggia ad taka til þeirra ..."
Heimildir: FF, 468; Ö-Þingeyrar, 1; FF, 468

HV-169:007 *Múnkaleiði/Djáknaleiði* heimild um legstað
"Gamli kirkjugarðurinn, austur frá bænum, er nú sléttaður og minnismerki færð saman, en norðvestan hans eru 3 lágar, ávalar þústir, sem kallast Djáknaleiði, og er talið, að þar hafi verið leiddir brotlegir kirkjuþjónar, er ekki hæfði lægð í vígðri mold." segir í örnefnaskrá "... utantil vid svokallad Sálar Hlidid á Þíngeyra kirkiugardi eru 2 leidi grasgróin miög gömul, sem köllud eru Múnka-Leidi; enn meira þarumm vita Menn ecki."
Heimildir: FF, 463, 470; Ö-Þingeyrar, 2

HV-169:008 heimild
"Meðfram henni [tröðinni] að vestanverðu voru tvær raðir hlaðinna smáhóla. Vísast eru þeir frá klausturhaldi og sumir fræðimenn segja þá vera leifar munkasella. Rústir sem þessar eru víðar í túni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar SS, 3-4

HV-169:009 *Trumsaler* bæjarstæði býli **Friðlýstar fornleifar**
1713: "Trumsaler eður Trumbsaler heitir í Þíngeyrarklausturs heimalandi, norðvestur frá klaustrinu; þar eru stórar girðíngar, so sem túnstæði, og tóftaleifar nokkrar innangerðis. Segja so munnmæli að hjer hafi klaustrið í öndverðu staðið. Engin vita menn rök til þess, og ekki sýna tóftarleifar til þess líkindi, því þær eru bæði færri og smærri en klaustri sambjóða. Er því valt til að geta, hvað þessar girðíngar merki. Bæði er hjer vatnslaust aldeilis og líka liggur þetta mjög við útnorðri og nú nær allavega umkríngt af sands

yfirgángi." "Vestan í bungunni [sjá 038] er eyðibýlið Trumbsvalir. Það hefir verið allstórt tún og verulegar rústaleifar ..." segir í örnefnaskrá

FF: "item er mikilvægt Fornmanna Verk þar vid Vatnsbóldir sem er Lind, sem Kémur frammundan Túninu, tiást liggia í Jördunni Vatns Stockar holri, menn hada ej einúngis gengum Túnid, heldur og upp í Ásinn (:sem kallast Búnga:) fyrir utann og ofann Þíngeyra, hvar þeir gömlu Tummsvalir stóðu, úr hvörra landi Þíngeyrar biggðust, edur ebldust mestpart." ÁG: "Túngirðing forn þar sem "Trumsvalir" heita, vestaní holti því, sem Þingeyrarbær stendur sunnaní." "Nokkrar hjáleigur voru á Haganum. Af Trumbsölum hjá Þingeyrum, Steinholt suður af Haga og Litlu-Sveinsstöðum geymist ekki annað en nafnið og óljós vegsummerki, en í Steinneskoti var búið á síðustu öld. Það var suðaustan til í túni heimajarðarinnar."
Heimildir: JÁM VIII, 250-251; Ö-Þingeyri, 5; ÁG: Fornleifaskrá, 43; Páll V.G. Kolka. Föðurtún. Reykjavík 1950. 227; FF, 468

HV-169:010 *Ystuhús* heimild um útihús
"Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur. Nyrzt voru Yztuhús ..." segir í örnefnaskrá
Tóku um 300 kindur.
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 1; Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 32

HV-169:011 *Hermannshús* heimild um útihús
"Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur. Nyrzt voru Yztuhús, þá Hermannshús, sennilega kennd við Hermann Jónsson, skólastjóra, sem átti Þingeyrar um aldamót ..." segir í örnefnaskrá
Tók um 60 kindur.
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 1; Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 32

HV-169:012 *Stórhús* heimild um útihús
"Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur. Nyrzt voru Yztuhús, þá Hermannshús, sennilega kennd við Hermann Jónsson, skólastjóra, sem átti Þingeyrar um aldamót, síðan Stórhús og loks Fjós norðaustan hins Gamla kirkjugarðs." segir í örnefnaskrá Tóku um 100 kindur.
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 1; Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 33

HV-169:013 heimild um fjós
"Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur. Nyrzt voru Yztuhús, þá Hermannshús, sennilega kennd við Hermann Jónsson, skólastjóra, sem átti Þingeyrar um aldamót, síðan Stóruhús og loks Fjós norðaustan hins Gamla kirkjugarðs." segir í örnefnaskrá HÁS: "Fjósið var syðst, aðeins norðan við kirkjugarðinn. Í því voru 10 básar. þar var orðið mjög hrörlegt ..."
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 1; Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 33

HV-169:014 *Valhöll* heimild um útihús
"Suðvestur af bænum var Valhöll ..." segir í örnefnaskrá Þar eru nú öll nýju útihúsin." HÁS: "Þá erum við komin að tröðinni aftur. Fyrir austan hana voru tvö lítil og hringamynduð tóftarbrot, sem hest mátti ætla, að væru frá tímum klaustursins [056], en rétt fyrir sunnan þau stóðu gömul og hrörleg fjárhús, sem hýstu um 60 kindur og höfðu frá fornu fari borið nafnið Valhöll."
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 1, Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 34

HV-169:015 *Réttarhús* heimild um útihús
"Suðvestur af bænum var Valhöll og sunnan hins gamla túngarðs Réttarhús ásamt Rétt."" segir í örnefnaskrá HÁS: "Stutt vestan við það [túnhliðið] var stór fjár- og hestarétt, sem Jón hafði byggt og

áföst við hana að sunnan Réttarhúsin svokölluð, sem hýstu um 100 fjár."
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 1; Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 34

HV-169:016 *Skíthöll* heimild um útihús
"Heima við hlað voru svo Skíthöll og Grútarhöll." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 1

HV-169:017 *Grútarhöll* heimild um útihús
"Heima við hlað voru svo Skíthöll og Grútarhöll." segir í örnefnaskrá Í athugasemdum við örnefnaskrá segir að Grútaröll hafi verið hús þar sem selafurðir voru unnar og spik geymt.
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 1; Ö-Þingeyri ath

HV-169:018 lind vatnsból
"Neðan við miðja brekku sprettur upp dálítil Lind, sem jafnan hefir verið aðalvatnsból heimilisins." segir í örnefnaskrá HÁS: "Vatnsból var afar erfitt á bænum, allt vatn varð að bera heim úr brunni, fyrir neðan Öskuhólinn eða sækja í lind æði langan spöl frá bænum. Hún var neðan undir brekkunni."
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 2, Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 32

HV-169:019 *Gvendarbrunnur* heimild
"Um miðja [Skinnastaða] Rófuna er lítið uppsprettuauga, er Gvendarbrunnur heitir. Munnmæli segja, að Guðmundur góði hafi vígt hann og sé vatnið hollt." segir í örnefnaskrá Í athugasemdum við örnefnaskrá segir að brunnurinn hafi lent í skurði eða skurðenda. "Nokkru fyrir utan lindina [018], neðan við túnið, var önnur uppspretta. Þar var Gvendarbrunnur, vígður af Guðmundi góða."
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 2; Ö-Þingeyrar ath; Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 32

HV-169:020 heimild
"Sunnan undir Brekkunni, þar sem hún sveigir til vesturs og skýlla er, var talið, að mótað hefði fyrir búðarrústum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 2

HV-169:021 heimild um traðir
"Suður frá Kirkjuvelli er Suðurtún. Um það, til bæjar, lá fyrrum tröð, allbreið með hlöðnum kömpum allháum beggja vegna; hennar sér nú engan stað." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 2

HV-169:022 *Engjavegur* heimild um leið
"Austur frá gamla túninu liggja nýræktir og um þær upphlaðinn vegur, Engjavegur. Á síðustu árum hafa nýræktir teygzt til suðurs og vesturs." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 2

HV-169:023 heimild um áveitu
"Austan Kvíslar eru Leirar og Saurhólmi. Saurhólmi er að gerð flæðimýri, lítið eitt ofan sjávarmáls og alvaxin störum, carex cryptoc, utan bakkar og rindar. Árið 1921 var veitt á hann vatni úr Vatnsdalsá ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 3

HV-169:024 *Brekkugarður* heimild
"Austan að Saurhólma liggur Brekkukvísl, og kallast vesturbakki hennar Brekkubakki. Af honum er garður forn yfir á Brekkuengi, Brekkugarður ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 3

HV-169:025 *Eðvaldsfúlga* heimild um heystæði
"Austan að Saurhólma liggur Brekkukvísl, og kallast vesturbakki hennar Brekkubakki. Af honum er

garður forn yfir á Brekkuengi Brekkugarður, og nokkru sunnar á bakkanum er gamalt fúlgustæði, mjög upphlaðið, Eðvaldsfúlga." segir í örnefnaskrá "Nafnið mun eiga rætur í, að þarna heyjaði og setti saman Eðvald Sæmundsen, verzlunarstjóri á Blönduósi, eftir síðustu aldamót; fúlgustæðið er án efa mikið eldra." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 3

HV-169:026 *Bjarnavað* heimild um vað
"Nokkuð sunnar [en 025] er vað á kvíslinni austur á Brekkukotsengi, Bjarnavað." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 3

HV-169:027 *Merkjaþúfa* varða landamerki
"Suður frá Brekkubakka er Stóru-Giljárpartur allt til Merkjaþúfu, en hún er snidduvarða, og koma þar saman merki Þingeyra, Kringluparts, Skinnastaðarparts, Lágagarðsengis, Steinnesengis og Geirastaðaparts." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 3

HV-169:028 *Eyjabær* bæjarstæði býli
"Norðvestur frá þúfunni [027] liggur djúpt drag, Geirastaðadrag, sem smágrynnist norður til Eyjabæjar, svo svo nefnist rústaþyrping mikil á kvíslarbakkanum. Þar eru leifar heygarða og fjárhúsa, en þarna var á síðustu öld hafður sauðfénaður á vetrum til að nýta hina kjarngóðu "Eyjabeit"." segir í örnefnaskrá Af skrá HG má ráða að Eyjabær hafði áður verið býli
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 3-4; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 310

HV-169:029 *Prúnkinborg* heimild um beitarhús
"Norðvestur frá þúfunni [027] liggur djúpt drag, Geirastaðadrag, sem smágrynnist norður til Eyjabæjar, svo svo nefnist rústaþyrping mikil á kvíslarbakkanum. Þar eru leifar heygarða og fjárhúsa, en þarna var á síðustu öld hafður sauðfénaður á vetrum til að nýta hina kjarngóðu "Eyjabeit". Bæjarkorn var þarna portbyggð og hét því stolta nafni Prúnkinborg, enda gnæfði hún yfir húsaþorpið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 4

HV-169:030 *Djúpavað* heimild um vað
"Nokkru norðan, í láglóanaum austan af Eyjabæ [028], er lítil tjörn, Rauðhólmatjörn, og liggur Síki frá henni til Brekkukvíslar, en beint vestur af henni er vað á Kvíslinni milli Saurhólma og Langhólma, Djúpavað." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 4

HV-169:031 *Stórigarður* heimild um áveitu
"Skakkakvísl skilur Leira frá Saurhólma. Hún liggur frá aðalkvíslinni norðaustur til Giljárkvíslar og verður þar tangi milli þeirra, er Skakkur nefnist, en skömmu sunnar kvíslarmótum liggur garður til Litlu-Giljárengis, er kallast Stórigarður; hann er áveitumannvirki." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 4

HV-169:032 *Fremra-Skakkvað* heimild um vað
"Vöð tvö eru af Skakk til Keira, Fremra-Skakkvað og Ytra-Skakkvað." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 4

HV-169:033 *Ytra-Skakkvað* heimild um vað
"Vöð tvö eru af Skakk til Keira, Fremra-Skakkvað og Ytra-Skakkvað." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 4

HV-169:034 *Leirvað vestara* heimild um vað
"Vestan um kvísl, norðarlega frá Leirum, er Leirvað vestra og norðaustur frá þeim Leirvað austara." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 4

HV-169:035 *Leirvað austara* heimild um vað

“Vestan um kvísl, norðarlega frá Leirum, er Leirvað vestra og norðaustur frá þeim Leirvað austara.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 4

HV-169:036 *Stöplavað* heimild um vað
“Norðan við Þingeyrartún var fyrrum vað austur um Húnavatn til Giljárengis; hét það Stöplavatn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 4

HV-169:037 *Háugötur* heimild um leið
“Er vestur kemur á sýsluveg, norðaustan í bungunni, heita Háugötur, en litlu norðar lækkar bungan og þá einnig göturnar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 4

HV-169:038 garðlag akur
“Á hábungunni er mannvirki nokkurt nafnlaust. Það er ferhyrnt gerði, nokkuð sléttara en umhverfið og með breytilegra graslagi, gæti verið fornt akurgerði, frá dögum Gottrups.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 5

HV-169:039 heimild um ristu
“Er norður kemur um botn Hópsins, verður þar smáhvammur austur í hagbarðið Votihvammur. Þar var torfsista léleg.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 5-6

HV-169:040 heimild um leið
“Inn af Reka vestanverðum, sunnan Fornaóss, er Varpið. Þar var fyrrum mesta svartbaksvarpið. Nokkru innan við Varpið liggja slóðir þær, sem farnar voru frá Þingeyrum, meðan veiði var stunduð þaðan í Bjargaós, og einnig þeim, er ferðuðust milli norðurhluta Austur- og Vestur-Húnavatnssýslna. Slóðirnar liggja eftir malarrifi, og fast við þær að norðan er stakur gígur, Jarpsgígur. Þar var talið hálfnað frá Þingeyrum í Viðhvamm, og oft á, en þungfært var lögnum um Sandinn með vagna, er laxinn var fluttur heim. Vestarlega á Sandinum liggja slóðirnar gengum hólaþyrpinguna; kallast þar Þröngahlið, en þá taka við sléttir sandar til Bjargóss, og vatnar yfir þá við stórstrauma. Þetta eru Vaðlar, og liggur frá þeim Vað eða Bjargvað um Ósinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 6-7

HV-169:041 heimild um vað
“Inn af Reka vestanverðum, sunnan Fornaóss, er Varpið. Þar var fyrrum mesta svartbaksvarpið. Nokkru innan við Varpið liggja slóðir þær, sem farnar voru frá Þingeyrum, meðan veiði var stunduð þaðan í Bjargaós, og einnig þeim, er ferðuðust milli norðurhluta Austur- og Vestur-Húnavatnssýslna. Slóðirnar liggja eftir malarrifi, og fast við þær að norðan er stakur gígur, Jarpsgígur. Þar var talið hálfnað frá Þingeyrum í Viðhvamm, og oft á, en þungfært var lögnum um Sandinn með vagna, er laxinn var fluttur heim. Vestarlega á Sandinum liggja slóðirnar gengum hólaþyrpinguna; kallast þar Þröngahlið, en þá taka við sléttir sandar til Bjargóss, og vatnar yfir þá við stórstrauma. Þetta eru Vaðlar, og liggur frá þeim Vað eða Bjargvað um Ósinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 6-7

HV-169:042 heimild um kirkju
“Um 250 m norður frá bænum stendur Þingeyrarkirkja austan við lága hólveru, Kirkjuhól; hún var byggð á árunum 1864-77 ... Kirkjan er hlaðin úr tilhöggnu blágrýti, að mestu flutt á uxasleðum vestan úr Nesbjörgum. Hún var upphaflega með helluþaki, skifer, en nú hefir verið sett á hana eirþak.”
Heimildir: Ö-Þingeyrar, 2

HV-169:043 öskuhaugur
“Umhverfis forna bæjarstæðið voru stórir öskuhaugar á þrjá vegu. Nú er aðeins einn eftir.” segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar ath

HV-169:044 öskuhaugur
"Umhverfis forna bæjarstæðið voru stórir öskuhaugar á þrjá vegu. Nú er aðeins einn eftir." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar ath

HV-169:045 öskuhaugur
"Umhverfis forna bæjarstæðið voru stórir öskuhaugar á þrjá vegu. Nú er aðeins einn eftir." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar ath

HV-169:046 heimild um stekk
"Í túnjaðri núverandi túns eru tóttir, kallaðar Stekkur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þingeyrar SS, 3

HV-169:047 heimild um rétt
"Hvergi sést fyrir neinum búðartóftum á Þingeyrum heima við né neinsstaðar út með Húnavatni. Er líklegast, að þingið hafi verið haldið á eyrinni, sem riðið er af út í Húnavatn, er norðr yfir er haldið, eða þar út með vatninu. Þar er nú alt uppblásið, enn sléttlendi. Dómhringrinn í túninu á Þingeyrum, sem kallaðr er, er nálægt 16 faðmar á annan veg, enn 13 faðmar á hinn. Mætti vera, að þar hafi verið hestarétt."
Heimildir: SV: "Rannsóknarferð" Árbók 1892, 79.

HV-169:048 heimild um leið
"Áður var allfjölfarin leið vestur Þingeyrasand, yfir Bjargós innanverðan, upp Björgin í Vaðhvammi og niður þau að vestan eftir Biskupsgötu."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 338.

HV-169:049 þjóðsaga tröllabústaður
Landvættir hér á landi undu því allilla er kristni fór að breiðast hér út og þó þessa verst er kirkjur voru reistar. Skömmu eftir að kirkja var sett á Þingeyrum er sagt að nátttröll það sem átti byggð í Vatnsdalsfjalli hafi bitið illa á brisið og þótt sér nær gengið er þar var kirkja reist. Nátttröll þetta var skessa; hún tók sig til eina nótt og ætlaði að hefna þessarar skapraunar. Hún gekk norður á Vatnsdalsfjallsenda eða því nær þar sem Öxl heitir, og af því hún hafði ekki annað hendi lengra en stafinn sinn greip hún til hans og kastaði honum og ætlaði að brjóta með því Þingeyrakirkju. En þegar hún hafði varpað stafnum litaðist hún um hvað tímanum liði, en þá ljómaði dagur í austri. Við það brá henni sem öðrum nátttröllum svo að hún hrapaði vestur af fjallseggjunum sem eru hár vegghamar og nam staðar á bing nokkrum spölkorn fyrir neðan hamrastallinn og varð þar að steinstöpli, og stendur hún þar enn í dag og er kölluð Kerling, upp undan bæ þeim sem dregur nafn af fjallsöxlinni en hún stóð á þegar hún kastaði stafnum og Öxl heitir. En það er að segja af stafnum að hann brotnaði sundur á fluginu og kom annar hlutinn niður ekki allfjarri Þingeyrakirkju því hann lenti á Þingeyrahlaði sunnanverðu og hefur hann verið hafður þar fyrir hestastein síðan; hann mun vera nærri þrjár álnir á lengd og ekki meir en tuttugu faðmar frá honum að kirkjunni þaðan sem hann var 1832. En hinn hluti stafsins kom niður fyrir sunnan Þingeyratún og er hann nokkru styttri. Hann er nú syðst í túntraðarhorninu til hægri handar er riðið er heim að Þingeyrum.
Heimildir: Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I, 205

HV-169:050 heimild um hesthús
HÁS: "Þá er komið var heim á hlað sunnan tröðina, voru hesthús austan við traðarendann ... Stórt hesthús var byggt efst á nýja túninu, fyrir um 80 hross. Öskuhóllinn stóri [044] ... náði suður að þessu hesthúsi við fallegu tröðina [021] og stóð fyrir sínu."
Heimildir: Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 31, 33

HV-169:051 heimild um hjall
HÁS: "Þá er komið var heim á hlað sunnan tröðina, voru hesthús austan við traðarendann, en vestar og litlu norðar var hjallur og pakkhús sambyggt."
Heimildir: Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 31

HV-169:052 heimild um kálgarð
HÁS: “Hár og fallegur hóll var sunnan við hjallinn. Sunnan í hólnum var gamalt garðstæði, sem ég hressti fljótlega upp á, og þar ræktaði ég kartöflur og alls konar grænmeti ...”
Heimildir: Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 31

HV-169:053 *Smiðjuhóll* heimild um smiðju
“Norðan við þennan hól [052] var annar minni, sem kallaður var Smiðjuhóll. Á honum var tóftarbrot, og eftir nafni að dæma hefur þar líklega einhvern tíma staðið smiðja.” Tóftin mikið notuð sem leikvöllur.
Heimildir: Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 31

HV-169:054 heimild um brunn
HÁS: “Vatnsból var afar erfitt á bænum, allt vatn varð að bera heim úr brunni, fyrir neðan Öskuhólinn eða sækja í lind æði langan spöl frá bænum. Hún var neðan undir brekkunni.”
Heimildir: Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 32

HV-169:055 heimild um kálgarð
HÁS: “Fyrir neðan fjósið og Stóruhúsin var heill njólaskógur, sennilega leifar af gömlum kálgörðum.”
Heimildir: Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 33

HV-169:056 heimild
HÁS: “Þá erum við komin að tröðinni aftur. Fyrir austan hana voru tvö lítil og hringamynduð tóftarbrot, sem hest mátti ætla, að væru frá tímum klaustursins ...”
Heimildir: Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 34

HV-169:057 heimild
“item er mikilvægt Fornmanna Verk þar vid Vatnsbóldir sem er Lind [018?], sem Kémur frammundan Túninu, tiást liggia í Jördunni Vatns Stockar holri, menn hada ej einúngis gengum Túnid, heldur og upp í Ásinn (:sem kallast Búnga:) fyrir utann og ofann Þíngeyra, hvar þeir gömlu Tummsvalir stóðu, úr hvörra landi Þíngeyrar biggðust, edur ebldust mestpart.”
Heimildir: FF, 468

HV-169b Þingeyrar [Víðidalsfjall]

Austurhlíð Víðidalsfjalls tilheyrir Sveinsstaðahreppi, ...” frá Hólagilslæk að Róðuskarðsá ásamt Kornárselslandi milli kornsár og Gljúfursár að heiðarmörkum - Þingeyrum.” “Víðidalsfjall, austurhlíð þess milli Hólagilslækjar og Róðuskarðsár, hefur um langa aldur lengið til Þingeyrar, var það jafnan selstaða. ... Um 1925 keypti þáverandi eigandi Þingeyra ... Kornárselslands milli Gljúfurár og Kornsár, og hefur það síðan fylgt Þingeyrum.” Húnaþing II, 288, 319-320.

HV-169b:001 *Þingeyrarsel* bæjarstæði býli
1713: “Selstöðu á klaustrið undir Víðidalsfjalli ut supra, þar sem heitir Þingeyrarsel.” “Þingeyrarsel stendur við lækinn á norður bakkanum. Er hátt barð rétt fyrir ofan selið, þar fellur lækurinn í foss fram af barðinu og svo ofan rétt sunnan við selvegginn. ... Selið er nokkuð langt frá Gljúfuránni, fyrir ofan melhóla sem eru niður við ána, út og niður frá selinu.” segir í örnefnaskrá

SSH: “Þessir bæir eiga selstöður og brúka: Þingeyrar fram undir Víðidalsfjalli. Stóragiljá fram á Sauðadal. Frá þessum bæjum er verið í seli frá fráfærum til gangna. Fleiri bæjum er að sönnu eignaðar selstöður, sem ekki eru brúkaðar .. Hnausar áttu og selstöðu á Sauðadal, í Hnausaseli. Að minnsta kosti var þar mikill seljabúskapur í Tíð Skaptasens læknis.” 1919: Tún 1,9 ha, 1/3 slétt. Bæjarstæði og 4 útihús. “Það er engin sögn um, hvenær selið hefur verið byggt eða hver byggð það fyrst, en svo hefur það verið í brúki í fjölda ára, bæði vetur og sumar, því það var búið í því á veturna, líka og voru margir, sem bjuggu þar, ár og ár, en seinast fór það í eyði 1930. ... Baðstofan var 1 1/2 stafgólf með 1 glugga á hliðinni sem snéri að fjallinu og 1/2 stafgólf fyrir framan, þar sem inngangurinn var, og svo 1/2 stafgólf í norður parti, þar var 1 rúmstæði en 2 í suðurparti baðstofunnar. Svo var eldhús og búr. Túnkragi var niður frá bænum og þar voru líka fjárhús.” segir í örnefnaskrá

Kolka: “Þingeyraklaustur á selland mikið og gott, sem tekur yfir allar austurhlíðar Víðidalsfjalls

frá Ásmundarnúpi fram að Róðuskarðsá, sem kemur í Róðuskarði vestur af Haukagili í Vatnsdal og rennur austur í Gljúfurá, en hún takmarkar landsvæði þetta að austan. Þar stendur Þingeyrasel við Svínadalsá, eina þverá Gljúfurár, og var búið í því öðru hvoru .. Þingeyrarsel er í manntölum frá tíð Ólsenanna kallað Búfótur. Það hefur verið í eyði síðan 1930, er Níels Sveinsson bóndi þar hrapaði til bana í Melrakkadal. Skammt fyrir framan Þingeyrasel er Bræðrasel, kennt við þá bræður, síra Jón Jónsson og Ólaf hreppstjóra á Sveinsstöðum en þeir byggðu það í félagi."
Heimildir: JÁM VIII, 249; Ö-Víðidalsfjall austurhlið, 7; Túnakort 1919; SSH, 67; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 226

HV-169b:002 *Bjarnavað* heimild um vað
"En fyrir neðan brúna var gamla vaðið á ánni [Gljúfurá], sem kallað var Bjarnavað var það að heita mátti vaðleysa, þar lá gamli vegurinn að henni að og frá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Víðidalsfjall austurhlið, 1

HV-169b:003 varða
"Gamlagreni er í Langastallinum fyrir neðan stallbrúnina, bæði í jarðvegi og á milli stórgrýtisins, þetta er mikið gamalt greni. Er varða á stallbrúninni fyrir ofan." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Víðidalsfjall austurhlið, 3

HV-169b:004 varða
"Bergbrúnargreini neðan í Stallinum, sunnan við urðirnar, sem eru þar rétt fyrir neðan. Er þar lítil varða suður og upp frá greninu, er þar ert út og suður í brekkubrúninni efst. Þar er einstakur stór steinn, er eins og hann sitji á hlóðum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Víðidalsfjall austurhlið, 3

HV-169b:005 varða
"Sellækjargreni er fyrir ofan brúnir norðan við Sellækinn ytri, þar í urðarkrika, með fáum munnum. Er varða þar fyrir ofan, sem vísar til grenisins." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Víðidalsfjall austurhlið, 4

HV-169b:006 *Bræðrasel yngra* heimild um sel
"Bræðrasel yngra er langt fyrir utan Þingeyrarsel eru grænar tóttagirðingar niður undir Gljúfurá, þar á flatneskju graslendi. Ekki er ljós hvenær þeir fluttu selið þangað norður eftir, en var lögn leið frá því syðra þangað norður sem þetta sel var byggt. Hefur það ekki verið lengi í brúki, en sést þó ekki hvenær það hefur farið í eyði, en hefur það verið sunnan við Hólagilslæk." segir í örnefnaskrá Í athugasemdum segir að Bræðrasel hafi staðið norðan við Svínadalsána.

"Þingeyraklaustur á selland mikið og gott, sem tekur yfir allar austurhlíðar Víðidalsfjalls frá Ásmundarnúpi fram að Róðuskarðsá, sem kemur í Róðuskarði vestur af Haukagili í Vatnsdal og rennur austur í Gljúfurá, en hún takmarkar landsvæði þetta að austan. Þar stendur Þingeyrasel við Svínadalsá, eina þverá Gljúfurár, og var búið í því öðru hvoru .. Þingeyrarsel er í manntölum frá tíð Ólsenanna kallað Búfótur. Það hefur verið í eyði síðan 1930, er Níels Sveinsson bóndi þar hrapaði til bana í Melrakkadal. Skammt fyrir framan Þingeyrasel er Bræðrasel, kennt við þá bræður, síra Jón Jónsson og Ólaf hreppstjóra á Sveinsstöðum en þeir byggðu það í félagi."
Heimildir: Ö-Víðidalsfjall austurhlið, 8-9; Ö-Víðidalsfjall austurhlið ath; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 226

HV-169b:007 *Helgavatnssel* örnefni sel
Í athugasemdum við örnefnaskrá segir að Helgavatnssel sé alveg niður við Gljúfurá. 1713 segir að Helgavatn eigi selstöðu undir Víðidalsfjalli. "Nokkur eyðiból eru í eða við þann hluta Vatnsdals, er nú hefur verið rakinn. ... Bak við hálsinn vestan Vatnsdals voru áður mörg sel frá Vatnsdalsjörðum. Búið var um stuttan tíma í Kornsárseli, sem stóð við Kornsá beint vestur af Gilhaga, Gilsstaðaseli og Helgavatnsseli, sem bæði stóðu vestan við Gljúfurá."
Heimildir: Ö-Víðidalsfjall austurhlið ath; JÁM VIII, 260; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 270-71

HV-169b:008 heimild um sel
1713: "Selstöðu á jörðin [Sveinsstaðir] austanundir Víðidalsfjalli."
Heimildir: JÁM VIII, 254

HV-169b:009 heimild um sel
1713: “Selstaða undir Víðidalsfjalli ut supra.” Frá Hólum.
Heimildir: JÁM VIII, 255

HV-169b:010 *Hólabakssel* heimild um sel
1713: “Selstaða undir Víðidalsfjalli, þar sem heitir Hólabakssel.”
Heimildir: JÁM VIII, 255

HV-169b:011 heimild um sel
1713: “Fjallland hefur jörðunni [Breiðabólstaður] að fornu eignað verið undir Víðidalsfjalli, þar sem eru selstöður jarðarinnar, og þetta er það sama land, sem Þingeyrarklausturs sel stendur í, og áður er í þessari jarðabók eignað Þingeyrum. Hafa Þingeyrarmenn brúkað þetta síðan í tíð Guðmundur Hákonarsonar, en þó svo, að jarðirnar hafa mátt brúka þar selstöðu ef viljað hefði. En ekki hefur lögmaðurinn Gottrup látið brúka selstöðu, en tekið hefur hann hjer lambatoll, þá sjaldan er menn hafa tilráðið að reka þau í þetta land, aldrei var hingað fjárupprekstur í gamla daga.”
Heimildir: JÁM VIII, 258

HV-169b:012 heimild um sel
1713 á jörðin [Hnjúkur] selstöðu undir Víðidalsfjalli.
Heimildir: JÁM VIII, 260

HV-170 Leysíngjastaðir

20 hdr 1713. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314 Jörðinni skipt í tvær jarðir frá 1965. 1713: “Engjatak á jörðin í takmörkuðum reit, þar sem kallaðar eru Landengjar, og enn anað fyrir austan þá stóru Vatnsdalskvísl, sem kallað er Seigbeitarhólmi og ennþá er henni eignaður hinn þriðji hólmi fyrir norðan Djúpavað.” JÁM VIII, 252. 1840: “... heyskapur sæmilegur, landrými sæmilegt, en magurt.” SSH, 66. 1919: Tún 3,8 ha, 4/5 slétt, garðar 184 m2. “Tún austur, norðan og vestur frá bæ, engjar austur við Vatnsdalsá. Beitiland er norður og austur frá túni nálega allt graslendi. Áður mest mýrar, nú svo til allt framræst, ræktunarskilyrði mjög góð.” Húnaþing II, 317

HV-170:001 *Leysíngjastaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1919

HV-170:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-170:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-170:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-170:005 *Djúpavað* heimild um vað
1713: “Engjatak á jörðin í takmörkuðum reit, þar sem kallaðar eru Landengjar, og enn anað fyrir austan þá stóru Vatnsdalskvísl, sem kallað er Seigbeitarhólmi og ennþá er henni eignaður hinn þriðji hólmi fyrir norðan Djúpavað.” “Djúpavaðshólmi og Djúpavað um Vatnsdalsá til Saurhólma.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: JÁM VIII, 252; Ö-Leysingastaðir, 1

HV-170:006 heimild um landamerki
1695: Landamerki L: “Ræður að norðan úr Hestkrók og rjettsýnis ofan í kvíslir, sem garður til liggur ...”
Heimildir: JÁM VIII, 270

HV-170:007 heimild um landamerki
1695: Landamerki L: “Ræður að norðan úr Hestkrók og rjettsýnis ofan í kvíslir, sem garður til liggur, og

að sunnan millum Haga og Leysíngjastaða sjest einnig garður úr Vesturhópi og ofan í Kvíslir, sem eru átölulaus landamerki nefndrar jarðar."
Heimildir: JÁM VIII, 270

HV-170:008 heimild
1695: Landamerki L: "Ræður að norðan úr Hestkrók og rjettsýnis ofan í kvíslir, sem garður til liggur, og að sunnan millum Haga og Leysíngjastaða sjest einnig garður úr Vesturhópi og ofan í Kvíslir, sem eru átölulaus landamerki nefndrar jarðar. Einnig lögfesti eg sagðrar jarðar ítak, sem nefnt er Landhólmi, hvern engjapart garður aðskilur frá Þíngeyrarklausturs landeignum ..."
Heimildir: JÁM VIII, 270

HV-170:009 heimild um stekk
"Stekkjarnes, liggur að Hópinu vest-suðvestur frá bænum, sást þar áður fyrir fornum stekk. Er nú horfinn vegna landbrots." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Leysingastaðir, 1

HV-170:010 heimild um naust
"Nausthóll, við Bæjarvíkina. Sýnilega fornt mannvirki, sennil. naust." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Leysingastaðir, 1

HV-170:011 heimild um huldufólksbústað
"Huldusteinn, snertispöl norðar við Hópið, álitinn huldufólsbyggð." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Leysingastaðir, 1

HV-170:012 heimild um leið
"Hestakrókur, við gamla reiðveginn, þar sem nú er Þingeyrarhlið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Leysingastaðir, 1

HV-170:013 heimild um mógrafir
"Kringlumýri, suðaustur frá Hestakrók, fyrrum mótekja." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Leysingastaðir, 1

HV-170:014 *Fornistekkur* örnefni stekkur
"Fornistekkur, við Landengjakvísl. Merki milli Leysingjastaða og Þingeyrar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Leysingastaðir, 1

HV-170:015 *Torfholt* örnefni rista
"Torfholt, er norðvestur frá Drápu, spölkorn ofan við engið. Áður var þar þurrkað heytorf og reiðingur." segir í örnefnaskrá. Sennilegt að torfið hafi verið rist þar nálægt.
Heimildir: Ö-Leysingastaðir, 1

HV-171 Hagi

24 hdr 1713, Þingeyrarklausturseign. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314 Mögulegt kuml á jörðinni. 1713 er eyðihjáleiga á jörðinni sem heitir Steinholt. Norður-Hagi nýbýli frá 1972

Jósef Einarsson á Hjallalandi "gerði mannvirki mikið á jörð sinni og var stórvirkur í öllu. Túngarðinn hlóð hann allan úr stórgrýti og var að því í 5 ár. Í honum miðjum, beint upp af bænum, er bjarg mikið, flatt á þeirri hlið, er inn veit, og stendur þar ártalið 1875, en þá var lokið við að hlaða garðinn. Systursonur Jóseps, Einar bóndi á Hjallalandi Sigurðsson, sem ólst upp með frænda sínum, hefur skýrt svo frá, að 5 menn hafi verið í heilan dag að velta þessum steini ofan úr fjallinu og koma honum fyrir í hleðslunni ... Jósep byggði öll hús á Hjallalandi og ekki kotungslega. Íbúðarhúsið var gert á 9. Tug aldarinnar, byggt úr timbri, en með þykkum kömpum úr torfi og grjóti er síðar voru rifnir og húsið þá járnklætt. Þar eru viðir mjög sterkir, hátt til lofts og vítt til veggja, eftir því sem þá gerðist, og forstofa mikil, er inn er gegnið. Enn lengur munu þó standa heyhlöður Jóseps, en þær eru 4, allar grafnar mikið í jörð og hlaðnar meira en mannhæðarhátt úr stórum hellum og steinbjörgum. Safnaði hann í þessu skyni hellum, hvar sem til náðist, jafnvel í annarra manna löndum og hinum megin í dalnum, og lét draga þær heim á vetrum." Af Jósep eru til ýmsar sagnir og eru þær sumar hverjar raktar í heimildinni.
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 232.

HV-181:022 *Deildarhjalli* sögustaður
"Suður og upp frá Hjallalandi er hjalli mikill í fjallinu niður af Jörundarfelli og er hann mjög grasi gróinn.

Þar er Deildarhjalli eða Hjallalandshjalli, sem þeir börðust um, Már og Ingimundarsynir."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 236.

HV-182 Grundarkot

10 hdr. Hét að fornu Grund og var partur af Másstöðum. JÁM VIII, 261. Grund landnámsjörð Jörundar háls. Grundar einnig getið í Vatnsdælu. ÍF I, 219; ÍF VIII, 45. Í eyði frá 1887. 1713: "Túni er hætt fyrir skriðum, og hefur það oft erfiði kostað." JÁM VIII, 262

HV-182:001 *Grundarkot* bæjarhóll bústaður
"Eini bærinn nú austan Flóðsins eru Másstaðir, sem standa niður við vatnið mjög svo. Þar bjó Már Jörundarson, frændi Ingimundarsona. Áður fyrr voru þarna hjáleigur ýmsar, Steinkot fyrir utan Másstaði, en Skriðukot og Skammbeinskot fyrir sunnan. Grundarkot var aftur á móti í byggð fram undir síðustu aldamót og er það upp af hólmum þeim, sem myndazt hafa syðzt í Flóðinu af framburði Vatnsdalsár. Þar mun Jörundur háls hafa búið, en hann nam land milli Urðartjarnar og Mógilslækjar."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 230.

HV-183 Márstaðir

80 hdr með hjáleigum, heimajörðin 40 hdr. Kirkjustaður. Bændaeign 1713, fátækraeign 1847. Már á Másstöðum var sonur Jörundar landnámsmanns á Grund. ÍF I, 219. Getið í Sturlungu. Sturlunga saga II, 35. Jarðarinnar einnig getið í Vatnsdælu, Hallfreðarsögu og Hrómundar þætti halta. ÍF VIII, 45, 144, 305. [um 1200]: Márstaðir eiga 1/4 úr 5. hluta Spákonuarfs auknum. Samtals 6.66 %; DI I, 305. 1318: Máldaki kirkjunnar: "hun ä halfa alptueydi ä Hunavatne til motz vid þingeyre. a Tiorn ä Vatnznesi fiordung j hualreka og vidreka. j spakonu arfi hinn sextandi hlutur. ... Tyund. heytollur oc lysistollur af. vj. Bæium." DI II, 475-476. 1344: "aa halfa alftueidi aa hunauatne til moz uid þingeyra ..." DI IV, 11

1344: Athugasemd Björns á Skarðsá um Spákonuarf. DI IV 12 [1360-89]: Máldagi kirkjunnar "Kyrckia ä maarstodum ä halfa alfftveyde. til motz vid þingeyra. ä Hunavatnn. fiordung j hualreka og vidreka ad Tiorn og ad vatznesi. hinn sextandi hlutur j späkonu arffe. ... heytollur og lysistollur og Tyund af vj. Bæium." DI III, 161. [um 1400]: Skrá Holtastaðakirkju um Spákonuarf; DII III. 654. [1429]: [1] prestr; DI IV, 382 1432: "þar liggia til iiij bæir. æin af þeim ær Eydæ." DI IV 513. [1461]: 1 prestur DI V, 361. 1486: Márstaðaþingum fylgja 2 bænhús DI V, 354 1495: Márstaðir seldir með alkirkjuskyldu. DI VII, 280. Grundarkot forn hjáleiga. Hjáleigur 1713: Skriðukot og Skammbeinskot í eyði og Steinkot í byggð. JÁM VIII, 263-264 Skriða féll á jörðina 1720.

1713: "Túnið er fordjarfað af skriðum, og vofir sá skarði yfir jafnan, so að hvergi er óhætt bænum nje kirkjunni. Hagarnir eru af skriðum mikinn part eyðilagðir." JÁM VIII, 263. 1919: Tún 6,7 ha, allt slétt, garðar 291 m2 "Tún er ræktað á skriðu og ræktunarskilyrði verið. Engjar eru í óshólmum Vatnsdalsár og stækka stöðugt af framburði árinnar, beitiland er til fjallsins." Húnaþing II, 302

HV-183:001 *Márstaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1919

HV-183:002 heimild um kirkju
"Kirkjustaður öldum saman unz kirkju tók af í snjóflóði 1811." segir í Húnaþingi "Kirkjuflöt: Lítil flöt rétt sunnan og ofan við bæinn. Másstaðir voru kirkjustaður til 1811 og er Kirkjuflöt þar sem kirkjugarðurinn var áður. Þegar faðir minn kom að Másstöðumm sást enn greinilega móta fyrir leiðum í garðinum en engar menjar kirkjunnar sem tók af í snjóflóði. Skriða féll yfir flötina 1926." segir í örnefnaskrá
MÁRSTAÐIR Í VATNSDAL (AH) ?Kristi (UNDIRFELLSANNEXÍA)
[um 1200]: Márstaðir eiga 1/4 úr 5. hluta Spákonuarfs auknum. Samtals 6.66 %; DI I 305
1243: Þar er prestur sem Helgi Hámundarson bóndi talar við áður menn Þórðar kakala vógu hann; Þórðarsaga kakala, Sturl, 495
1318: LXXXI. Marsstada kyrckia.
A Märsstodum er christs kyrckia.
hun ä halfa alptueydi ä Hunavatne til motz vid þingeyre. a Tiorn ä Vatnznesi fiordung j hualreka og vidreka. j spakonu arfi hinn sextandi hlutur.
Jnnan kyrkiu krossar. iij. alltarisklædi. iiij. dvkar. ij. Brijkarklædi. ij. skrijn. messingarstykur. ij.

kluckur. ij. Glodarkier. kola. mercki. ij. Glergluggur. gler yfer alltare. fontz vmbunadr. stoll. j. Tiolld vm alla kyrkiu. sotdrift. suffragium. Bok forn.

Tyund. heytollur oc lysistollur af. vj. Bæium.

Kyrkia ä eitt kugilldi.

Þar er prestz skýlld vpp j land. tekur hann heima. iiij. merkur. enn vtann gardz mork.

Dedicatio Ecclesiæ proxima die post festum Fransisci.

einginn er hier groptur. Tali anno kyrckiu Tyund.

Refill. xvij. alna. kantara kapa. slopp oc alltarisklædi. kross sæmiligur. og alltarisdwkur. messubok er Bessi prestur gaf. Máld DI II 475?476

1344: aa halfa alftueidi aa hunauatne til moz uid þingeyra; Registur Egils DI IV 11

1344: Athugasemd Björns á Skarðsá um Spákonuarf.

Eigels biskups Registur seiger og eirnenn ad kirkian a Marstodum eigi i Spakonuarfi hinn xvj. hlut. vill og ecki saman bera [frekar en um Höskuldsstaði] þad er ur c. vættum vij. vætt og iij. fiordungar. Enn hier seigia onnur skipti viij. enn onnur viij. þvi skinia eg ecki (af minni bernsku) hvad riettast er; DI IV 12

[1360?89]: x. Maarstada kyrckia.

Kyrckia ä maarstodum ä halfa alfftveyde. til motz vid þingeyra. ä Hunavatnn. fiordung j hualreka og vidreka ad Tiorn og ad vatznesi. hinn sextandi hlutur j späkonu arffe.

Jnnan kyrkiu. krossar. ij. alltarisklædi. iiij. dvkar. ij. messingar stykur. ij. skryn med reliquiis. kluckur. ij. lestar. og bialla. Gloda kier. kola af jarne. Gler. fontz vmbunadur. kantara käpa. slippur. lectare. sacrarium. olæst. Eitt Tialld j kyrkiu. annad steintialld vm kor. sotdriptt. laga songua Bok. sæmelig messo Bok. tekur til ad jola fostu. framm yfer midfostu. og þridia skyr Bok j selskinne. ij. skrär vondar. stolar. ij. - j. kyr.

prestskylld vpp j land. og tekur heima. iiij. merckur. vtann gardz morck.

heytollur og lysistollur og Tyund af vj. Bæium.

þar er Einginn groptur. Máld DI III 161

[um 1400]: Skrá Holtastaðakirkju um Spákonuarf; DII III 654

[1429]: [1] prestr; DI IV 382

17.8.1432: þar liggia til iiij bæir. æin af þeim ær Eydæ.

porcio a huerio araæ [vantar]

stændr væl; Vísitasíugerð DI IV 513

[1461]: 1 prestur DI V 361

1486: Márstaðaþingum fylgja 2 bænhús DI V 354

21.10.1495: Márstaðir seldir með alkirkjuskyldu. DI VII, 280

1765?1790: Tvisvar boðið að leggja niður Márstaðakirkju og tvisvar að hún skyldi haldast uppi; (PP, 226?7)

1811: Márstaðakirkju brýtur af í snjóflóði og hefur þar ekki verið kirkja byggð upp aftur; (PP, 227)

19.2.1813: Márstaðasókn lögð til Undirfells; (PP, 227) [konungsúrskurður]

Heimildir: DI; Sturlunga saga II, 35; PP, 226-227; Húnaþing II, 302; Ö-Másstaðir, 4

HV-183:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-183:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-183:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-183:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-183:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-183:008 *Skriðukot* bæjarstæði býli

1713: “Skridukot, öðru nafni Skulakot. Auðn næstu 11 ár.” Hjáleigan var 10 hdr. “Eini bærinn nú austan Flóðsins eru Másstaðir, sem standa niður við vatnið mjög svo. ... Áður fyrr voru þarna hjáleigur ýmsar, Steinkot fyrir utan Másstaði, en Skriðukot og Skammbeinskot fyrir sunnan. ...”
Heimildir: JÁM VIII, 263; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 230

HV-183:009 *Skammbeinskot* bæjarstæði býli
1713: “Skammbeinskot, hjet enn nú hjáleiga, bygð fyrst við túngarðinn fyrir nær 60 árum. ... Hefur í auðn verið næstu 5 ár, en grasnyt lögð til heimajarðarinnar, nema engjarnar, sem híngað voru frá Skriðukoti lagðar þegar það eyðilagðist. Þær hefur nú Grundarkot.” Hjáleigan var 10 hdr. “Eini bærinn nú austan Flóðsins eru Másstaðir, sem standa niður við vatnið mjög svo. ... Áður fyrr voru þarna hjáleigur ýmsar, Steinkot fyrir utan Másstaði, en Skriðukot og Skammbeinskot fyrir sunnan. ...”
Heimildir: JÁM VIII, 263; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 230

HV-183:010 *Steinkot* bæjarstæði býli
10 hdr 1713, þá í byggð. “Steinkot: Eyðibýli syðst í Bjarnastaðahólum og fyrir sunna þá, var hjáleiga frá Másstöðum, metið 10 hundraða kot 1713. Þar var búið nokkuð fram á 19. öld og túnið slegið frá Másstöðum fram yfir síðustu aldamót. Húsatóftir voru greinilegar báðum megin við veginn þangað til jarðýtur komu til sögunnar, en eru nú að mestu horfnar.” segir í örnefnaskrá

“Enn sjást greinilega rústir af stekk, sem var nokkru ofar en hinar byggingarnar og var í notkun löngu eftir að kotið var komið í eyði. Nú hefur verið reist hús fyrir veiðimenn ofarlega í túninu og ber það nafnið Steinkot.” segir í örnefnaskrá “Eini bærinn nú austan Flóðsins eru Másstaðir, sem standa niður við vatnið mjög svo. ... Áður fyrr voru þarna hjáleigur ýmsar, Steinkot fyrir utan Másstaði, en Skriðukot og Skammbeinskot fyrir sunnan. ...”
Heimildir: JÁM VIII, 264; Ö-Másstaðir, 1; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 230

HV-183:011 *Steinkubrunnur/Steinkotsbrun* heimild um brunn
“Steinkubrunnur eða Steinkotsbrunnur: Kaldavermsli úti í Flóðinu örskammt frá landi rétt utan við *nur* Steinkotsbæinn. Á vetrum er oft vök eða ótraustur ís langt út með landi fyrir norðan Steinkubrunn.” segir í örnefnaskrá

“Sögur voru um brunninn. Sumir sögðu að kerling sem Steinka hefði verið kölluð, hefði drukknað í honum. Aðrir sögðu að Steinka hefði sótt vatn í brunninn og mælt svo um að þar skyldi aldrei frjósa. Enn héldu sumir að allt væru óvist um Steinku þess, en brunnurinn væri kenndur við bæinn og Steinkubrunnur væri latmæli fyrir Steinkotsbrunn. Enginn lækur eða önnur lind en Steinkubrunnur var nálægt Steinkotsbæ svo trúlegt er að oft hafi verið sótt vatn í brunninn að vetri til.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Másstaðir, 2

HV-183:012 heimild um fjárhús
“Lambhúsmelur. Melhryggur fyrir sunnan og ofan Lautirnar, nær niður að vegi. Skammt fyrir sunnan og neðan hann inni á túni voru fjárhús, en ég man aldrei til að þau væru kölluð Lambhús.” segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir að þessi fjárhús hafi staðið í Húsatúni.
Heimildir: Ö-Másstaðir, 2; Ö-Másstaðir ath og viðb, 2

HV-183:013 heimild um áveitu
“Gjárlækur. Efst í Gjánni voru oft margir lækir í votviðrum og leysingum, sem sameinuðust efst í henni, og var þar oftast lækur, kallaður Gjálækur. ... Stundum þegar skriðuföll voru í honum breytti hann um farveg hjá Hjallahorninu og rann beint niður á tún og dreifði sér um Leyninn. Þá var honum alltaf veitt aftur suður með Hjallanum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Másstaðir, 3

HV-183:014 heimild um smalakofa
“Dalir eða Másstaðadalur: Daldrög suður af Sandfelli allt suður að Haus, sem er beint fyrir ofan Hjalland. ... Rústir af smalakofum eru í Dölunum og uppi á Sandfelli ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Másstaðir, 3

HV-183:015 heimild um smalakofa
“Dalir eða Másstaðadalur: Daldrög suður af Sandfelli allt suður að Haus, sem er beint fyrir ofan Hjalland.

... Rústir af smalakofum eru í Dölunum og uppi á Sandfelli ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Másstaðir, 3

HV-183:016 heimild um þvottastað
“Ullarlækur. Hann er næst fyrir sunnan Ystalæk. Vatnsrennsli hans er jafnara en annarra lækjar í Másstaðalandi. Í honum var ullin frá Másstöðum jafnan þvegin.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Másstaðir, 3

HV-183:017 varða
“Grjóthrúguhóll: Lítill hóll með vörðubroti nærri miðja vegu milli Hjallahorns og bæjarins.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Másstaðir, 4

HV-183:018 heimild um túngarð
“Húsatún [007]: Nyrsti hluti túnsins, utan við gamlan túngarð sem nú hefur verið jafnaður við jörðu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Másstaðir, 4

HV-183:019 *Grundarhús* heimild um hesthús
“Grund: Sunnan við túngarðinn var dálítið svæði innan girðingar sem alltaf var slegið, stundum borið á það og alltaf kallað Grund og hesthús sem þar stóðu Grundarhús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Másstaðir, 4

HV-183:020 *Lindin* lind vatnsból
“Lindin. Vatnsból bæjarins þangað til vatnsleiðsla kom. Lindin er skammt fyrir utan og neðan bæinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Másstaðir, 4

HV-184 Bjarnastaðir

30 hdr 1713, Þingeyrarklausturseign. Bænhús á jörðunni. Jörðin einnig nefnd Bjarnarstaðir sem er rangnefni. HÞ: “Rannsókn og leiðrjettingar” Árbók 1923, 62. 1486: Jörðin nefnd í bænhúsaskrá. DI V, 354. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314 Við skriðuna sem féll á bæinn 1720 fór engi undir vatn og tún og beitiland spillist. Jörðin fór í eyði um tíma eftir það. Húnaþing II, 301

1713: “Túninu spilla skriður til stórskaða. Engjunum Vatnsdalsá með grjótburði.” JÁM VIII, 265. 1919: Tún 4,1 ha, 1/10 slétt. “Tún vestur frá bænum beggja megin vegarins. Engjar svo til engar heima, en ítak norður á Slýjubakka í Hnausalandi um 150 hestburðir, beit er til fjallsins, en rýr, erfitt um ræktun.” Húnaþing II, 301

HV-184:001 *Bjarnastaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1919

HV-184:002 heimild um bænhús
BJARNASTAÐIR Í VATNSDAL (MÁRSTAÐAÞING) (AH) ? BÆNHÚS
1486: er uppi DI V 354
Heimildir: DI V, 354

HV-184:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-184:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-184:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-185 Hnausar

1713: “Skijdastader hefur hjer heitið jörð til forna, sem lá undir Þingeyrarklaustur. Hana tók fjallskriða fyrir meir en hálft annað hundrað árum. ... Hnausar er það land sem í næstofanskrifuðu getur. Það segja menn að aldrei hafi hjer byggt verið, fyrr en Páll Guðbrandsson leyfði manni þeim, sem Tumás er nefndur, að gjöra hjer hús, og skyldi hann rækta Hnausana til túns. Síðan, þegar ræktast tók gjörðu Þingeyrarmenn hjer sel, eg var það brúkað inn til þess fyrir tveimur árum.” Ábúendur frá 1711. JÁM VIII, 265-266 Skíðastaða getið í Vatnsdælu. ÍF VIII, 85. 1525: Skíðastaða getið í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Tvíbýli frá 1915, sérskiptar engjar en óskipt beitiland. Hálfur Sauðadalur tilheyrir Hnausabændum. Húnaþing II, 299-300 Aralækur bústaður í landi H frá 19. öld.

1713: “Túnið er grýtt mjög og óljáþýtt framar ...” JÁM VIII, 266. 1840: “Landrými sæmilegt, kallað létt til beitar, heyskapur góður.” SSH, 67. 1919: Tún 8,3 ha, 1/5 slétt, garðar 1096 m2 Tún hafa verið ræktuð um hnausana á árbökkunum og nú síðast austur við fjallsrætur, engjar norður frá túni og beitiland til fjallsins.” Húnaþing II, 299

HV-185:001 *Hnausar* bæjarstæði býli/sel
“Örskammt vestur frá íbúðarhúsi Magnúsar Björnssonar er Bæjarhóll oft kallaður Hlaðvarpi, talið er að þar séu reiðhestar Skaftasens grafnir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnausar, 1; Túnakort 1919

HV-185:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-185:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-185:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-185:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-185:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-185:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-185:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-185:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-185:010 *Skíðastaðir* bæjarhóll bústaður
1713: “Skijdastader hefur hjer heitið jörð til forna, sem lá undir Þingeyrarklaustur. Hana tók fjallskriða fyrir meir en hálft annað hundrað árum. Leifar af túninu sjást enn nú við sunnanverða skriðuna. Engin önnur bygðarmerki eru eftir. ... Það segir og almennilegt mál, að landið, sem nú er kallað Hnausar, hafi af þeirri jarðarinnar umturnað orðið ...”

“Fremst á Eylendinu, í tungunni milli Hnausakvíslar og Skriðutjarnar, eru Hnausar, sem eru tiltölulega ungt býli, því að áður lá land þetta undir Skíðastaði, sem stóðu upp í hlíðinni og nefndir eru í Finnboga sögu ramma. Sá bær tók af í öðru miklu skriðuhlaupi, sem rann 1545. Fórust þar 14 manns og er þaðan runnin þjóðsagan um bæjarhrafninn, sem launaði bóndadóttur matgjafir með því að fá hana til að elta sig út fyrir tún, rétt áður en skriðan féll.”“Engin merki sjást bæjarins, en við norðurjaðar skriðunnar, 90 m hærra en Hnausatjörn eru greinileg tóftabrot, um 18 m löng að innanmáli og röskir 3 m á breidd. Gætu þetta verið fjárhús frá Skíðastöðum, en kynni einnig að hafa verið beitarhús frá Hnausum, yngri.”

Heimildir: JÁM VIII, 265; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 205; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 148

HV-185:011 heimild um leið
1700: Landamerki H: "Ræður sunnanvert af Háeggjum eftir miðri Skíðastaðaskriðu og það ofnaní Skriðutjörn, en að neðanverðu í þann læk, sem gengur úr sömu Skriðutjörn og í Vatnsdalsá, að undanteknum þeim engjaparti, sem liggur við tjarnarósinn, millum Hnausa og lækjarins fyrir austan þær reiðgötur, er liggja frá Hólavaði ..."
Heimildir: JÁM VIII, 271

HV-185:012 *Hólavað* heimild um vað
1700: Landamerki H: "Ræður sunnanvert af Háeggjum eftir miðri Skíðastaðaskriðu og það ofnaní Skriðutjörn, en að neðanverðu í þann læk, sem gengur úr sömu Skriðutjörn og í Vatnsdalsá, að undanteknum þeim engjaparti, sem liggur við tjarnarósinn, millum Hnausa og lækjarins fyrir austan þær reiðgötur, er liggja frá Hólavaði ..."
Heimildir: JÁM VIII, 271

HV-185:013 *Lágigarður* heimild um landamerki
1700: "Einnin lögfesti eg hjer i dag Þíngeyrarklausturs engjapart og ótak, sem kallað er Lágagarðsegi, nefnilega úr Lágagarði og norður í Lángakíl ..." "Lágagarðsengi, engjastykki vestan við Axlarkvísl." segir í örnefnaskrá
Heimildir: JÁM VIII, 271; Ö-Öxl, 1

HV-185:014 *Uxatóft* heimild um fjós
"Rétt norðan við Víti, í gamla túninu, er Uxatóft, þar mun hafa verið fjós, sem Jósep Skaftason læknir hýsti uxa sína í á vetrum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnausar, 1

HV-185:015 *Mýrarhús* heimild um fjárhús
"Grunn tjörn var mitt á milli bæjar og þjóðvegar eru Hvolpatjörn kallaðist, nú upppurrkuð. Austan við Hvolpatjörn voru fjárhús Mýrarhús og norðvestur af henni Sauðhús rétt við þjóðveg ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnausar, 1

HV-185:016 *Sauðhús* heimild um fjárhús
"Grunn tjörn var mitt á milli bæjar og þjóðvegar eru Hvolpatjörn kallaðist, nú upppurrkuð. Austan við Hvolpatjörn voru fjárhús Mýrarhús og norðvestur af henni Sauðhús rétt við þjóðveg ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnausar, 1

HV-185:017 *Sumarhús* heimild um fjós
"Austur á túni, mitt á milli bæjar og tjarnarinnar var Sumarfjós, þar voru kýr hýstar og mjaltaðar á sumrum, fyrir löngu rifið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnausar, 2

HV-185:018 *Bátaslétta* örnefni
"Suður og austur af Sumarfjósi heitir Bátaslétta ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnausar, 2

HV-185:019 heimild um heygarð
"Bakki Norðurflóa við Árfar nefnist Árfarsbakki en þar sem Árfar og Þverkvísl mætast er Votanef ... forn heygarður var þar uppi á bakkanum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnausar, 2

HV-185:020 heimild um heygarð
"Nyrzt í Efriflóa [austan Árfars] eru fornir heygarðar ..." segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Hnausar, 2

HV-185:021 *Biskupsblettur* örnefni tjaldstæði
"Örskammt norðan Hrygglækjar, neðst, er slétt harðvellisgrund en skriðurnar beggja vegna. Það er Blettur, sem fyrr nefndist Biskupsblettur, en þar segja munnmæli að biskup einn (Jón Arason?) hafi tjaldað á yfirreið ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnausar, 3

HV-185:022 heimild um smalakofa
"Ofarlega í Aralæk eru Tvífossar, en þar mynda tvö klettabelti tvo fossa í lækinn. Skammt norðvestur frá Tvífossum er hóll allstór, Byrgishóll. Í honum sjást enn grjóthlaðnir veggir, þetta er gamalt smalabyrgi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnausar, 3

HV-185:023 varða landamerki
"Að vestan ræður Hnausakvísl frá suðurmörkum til Tjarnarskurðs og hann svo til austurs að torfvörðu ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnausar, 4

HV-185:024 varða landamerki
"Að vestan ræður Hnausakvísl frá suðurmörkum til Tjarnarskurðs og hann svo til austurs að torfvörðu, en þaðan lína í aðra vörðu við þverkvísl ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnausar, 4

HV-185:025 *Aralækur* bæjarstæði bústaður
"Heitir hún Hnausatjörn, en er kölluð í gömlum heimildum Skriðutjörn. Úr henni rennur Árfarið. Á austurbakka þess, rétt við ósinn, sjást húsarústir. Þar byggði Arndís Kristófersdóttir sér dálítinn bæ fyrir um 30 árum og var þar venjulega eitthvað fleira af fólki en hún. Arndís var systir Péturs á Stóruborg og yngst þeirra systkina. Hún var venjulega kölluð Litla-Dísa, enda dvergur að vexti (d. 1942). Hún nefndi bæ sinn Aralæk eftir lækjarsprænu, sem þar rennur niður í Árfarið."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 205.

HV-186 Öxl

16 hdr 1713. Þingeyrarklausturseign. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314 Jörðinni skipt í tvö býli 1952. Jörðin á 1/16 af Sauðadal. Guðrún Jónsdóttir seldi Giljá en fluttist að Öxl og tók með sér sinn hlut af Sauðadal. Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 1

1840: "Nokkuð landþröng og létt til haga, góð til heyskapar." SSH, 67. 1919: Tún 3,9 ha, 2/3 slétt. "Túnið liggur neðst norður frá bænum og upp í undirhlíðar fjallsins. Vestan vegar og mela eru engjar - áveita - en beitiland til fjalls og meðfram því (Balar)." Húnaþing II, 297

HV-186:001 *Öxl* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1919

HV-186:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-186:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-186:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-186:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-186:006 *Gullberustaðir* heimild um býli
1713: “Gullberustade þykjast einhverjir hafa heyrt nefnda í Axlarlandi. Enginn kann að segja hvar þeir skuli vera hafa og öngvar sjást þar girðíngar, sem bygð votti. Ætla því aðrir það muni heita Gullbergsskriða, og það vita menn, hvar hún er, svo sem önnur grjótskriða úr fjalli.” “Jarðabók Á.M. og P.V. getur munnmæla um eyðibýli í Axlarlandi. Það er óstaðsett, en gæti verið sunnarlega í landinu við undirhlíðar; verður þó ekki fullyrt um það. Það kallast Gullberustaðir.” segir í örnefnaskrá

“Gullberustaðir í landi Axlar eru löngu týndir. Segir sagan að þá hafi tekið af í skriðu, og fylgir nokkurn veginn samhljóða þjóðsaga og sú, er áður var sögð í sambandi við Karlastaði í langadal. Á Gullberustöðum átti konan að hafa verið þrjú ár í búrinu, en bóndasonur nokkur, er leið átti yfir skriðuna, varð hennar var. Í Sigurðarregistri frá 1525 er eyðibýlið Skriðubrekka nefnt, en ekki er nú vitað hvar það hefur verið.”
Heimildir: JÁM VIII, 266-267; Ö-Öxl ath og viðb, 4; Hjördís Gísladóttir: “Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi”, 310

HV-186:007 heimild um leið
1713: “Engjavegur torsóktur fyrir foröðum.”
Heimildir: JÁM VIII, 267

HV-186:008 heimild um stekk
“Stekkur, rétt sunnan við túnið, gamalt tóftarbrot.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Öxl, 1

HV-186:009 heimild um lambhús
“Lambhús, Sauðhús, Ærhús, Hesthús, gripahús á túninu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Öxl, 1

HV-186:010 heimild um fjárhús
“Lambhús, Sauðhús, Ærhús, Hesthús, gripahús á túninu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Öxl, 1

HV-186:011 heimild um fjárhús
“Lambhús, Sauðhús, Ærhús, Hesthús, gripahús á túninu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Öxl, 1

HV-186:012 heimild um hesthús
“Lambhús, Sauðhús, Ærhús, Hesthús, gripahús á túninu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Öxl, 1

HV-186:013 *Langiskurður* heimild
“Langiskurður, gamall skurður neðan við Forirnar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Öxl, 1

HV-186:014 *Litli-Heygarður* örnefni heygarður
“Slýjabakki, sunnan við Háabakka. Litli-heygarður, á miðjum Slýjabakka.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Öxl, 1

HV-186:015 *Stóri-Heygarður* örnefni heygarður
“Stóri-Heygarður, suður við merkin milli Axlar og Bjarnastaða.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Öxl, 1

HV-186:016 *Axlargarður* heimild
“Axlargarður, garður með ræsi yfir Axlarkvísl beint fyrir neðan Öxl.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Öxl, 1

HV-186:017 *Fornastekkslaut* örnefni stekkur
“Fornastekkslaut, norðan og ofan við Álatjörn.” segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Öxl, 1

HV-186:018 *Stekkur* örnefni stekkur
"Stekkur, rétt norðan við Flathól." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Öxl, 2

HV-186:019 *Kerling* þjóðsaga
"Kerlingu er sú þjóðsaga tengd, að tröllahjón hafi búið í Vatnsdalsfjalli. Þeim var lítið um Þingeyrakirkju, er hún kom til sögu. Lögðu þau af stað eina nótt; hún til að sækja vatn í bæinn, en dagaði uppi með vatnsfötur sínar. Sér þeirra merki enn." segir athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Öxl ath og viðb, 3

HV-186:020 *Karl* þjóðsaga
"Kerlingu er sú þjóðsaga tengd, að tröllahjón hafi búið í Vatnsdalsfjalli. Þeim var lítið um Þingeyrakirkju, er hún kom til sögu. Lögðu þau af stað eina nótt; hún til að sækja vatn í bæinn, en dagaði uppi með vatnsfötur sínar. Sér þeirra merki enn. Karlinn labbaði út á Axlarhyrnu og skaut staf sínum að Þingeyrarkirkju. Stafurinn brast í tvennt og geigaði á fluginu. Kom annar hlutinn niður sunnan túngarðs, var hirtur og notaður lengi sem hestasteinn. En karlinn var einnig seint fyrir, dagaði uppi, valt niður hyrnuna og staðnæmdist á hólkolli, rétt norðan merkja milli Axlar og Brekkukots, og situr þar enn." segir athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Öxl ath og viðb, 3

HV-187 Brekka

30 hdr með Brekkukoti 1713, Þingeyrarklausturseign. Bænhús á jörðunni. [1300] Jörðin nefnd í bréfi um kristfé gefið Hvammskirkju. DI II, 330. 1318 á Hvammkirkja hálfa Brekku 15 hdr. DI II 476. 1486: Jörðin nefnd í bænhúsaskrá. DI V, 354. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314 Hjáleigur 1713 Brekkukot og Geitaból sem var í eyði, einnig var einhverntíma búið í Fremraseli. Tvíbýli frá 1959.

1713: "Túninu hefur nýlega spilt grjótskriða úr brattlendi. Engjar eru mikinn part í hrjóstur komnar." JÁM VIII, 268 1840: "Landrými og haggæði sæmilegt. Túnið gott, en engjaheyskapur lítill." SSH, 67. 1919: Tún 6,4 ha, 3/4 slétt, garðar 432 m2 "Engjar að mestu ósléttar en grasgefnar, lágu vestur frá túni, nú að mestu ræktaðar. Dálitla aðild á Brekka að Áveitu Þingbúa. Beitiland er til austurs frá bænum meðfram norðurenda Vatnsdalsfjalls að mynni Sauðadals og í honum, það eru melaöldur, flóar og fjallshlíðar." Húnaþing II, 294

HV-187:001 *Brekka* bæjarhóll bústaður
Sumir telja landnámsbæ Hvata hafa staðið þar sem Brekka stendur nú.
Heimildir: Túnakort 1919; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 310

HV-187:002 heimild um bænhús
BREKKA Í ÞINGI (ÞINGEYRAÞING) (AH) ? BÆNHÚS
1486: er uppi DI V 354
Heimildir: DI

HV-187:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-187:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-187:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-187:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-187:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-187:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-187:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-187:010 *Geitaból* bæjarstæði býli/sel
1713: "Geitaból heitir í Brekkulandi, þar sem nú er kallað Brekkusel hið neðra. Þar eru miklar girðíngar, vítt túnstæði og tóftarleifar innangarðs, sem sýnilega votta hjer hafi einhverntíma bygð verð. Og so er talað hjer hafi í fyrndinni lögbýli verið, sumir segja og bænhús. Túnstæðið er mjög í hrjóstur og mosa komið. Byggja mætti hjer aftur, en það vildi nær eyðileggja jörðina Brekku." "Beitarhús eru á Geitaból og áður fyrr var þar stundum föst búseta." segir í Húnaþingi

"Upp með ánni [Giljá] að sunnan, þegar um það bil er hálfnuð leið að Sauðadalsmynni, er Geitaból eða Geitabú, gamalt býli, sem var í eyði öldum saman, en byggt aftur um stundasakir á síðustu öld. Þar eru nú beitarhús frá Brekku.
Heimildir: JÁM VIII, 268; Húnaþing II, 294; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 203

HV-187:011 heimild um sel
1713: "Selstöðu í eignin landi austan undir Öxlinni, en þar sem framar í dalnum hefur til forna kallað verið Brekkusel, hefur nú lögmaðurinn Gottrup lögfest undir Giljá stóru."
Heimildir: JÁM VIII, 268

HV-187:012 *Brekkusel* heimild um sel
1713: "Selstöðu í eignin landi austan undir Öxlinni, en þar sem framar í dalnum hefur til forna kallað verið Brekkusel, hefur nú lögmaðurinn Gottrup lögfest undir Giljá stóru."
Heimildir: JÁM VIII, 268

HV-187:013 heimild um leið
"Áður fyrr lá almannavegur upp frá Brekku yfir tagl það, er gengur niður með Giljá að sunnan, og yfir ána í Norðlingahvammi, skammt fyrir neðan Beinakeldu. Var þá komið á Reykjabraut."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 202-03.

HV-187:014 *Fremrasel* bæjarstæði býli/sel
"... enda var Fremrasel nokkru sunnar en Geitaból, og mun þar einnig hafa verið höfð veturseta, en þó í enn minna mæli." segir í Húnaþingi
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 310

HV-188 Brekkukot

Hjáleiga 1713, þá 10 hdr af Brekku. 1840: Allgott til haga og heyskapar." SSH, 67. 1919: Tún 4 ha, 1/10 slétt. "Tún liggur aðallega upp að hlíðarrótum, en engi er vestan vegar og mela - áveita. Beitiland er til fjalls, austur með því og í norðurhlíð þess, til skamms tíma sameiginlegt með Brekku." Húnaþing II, 296

HV-188:001 *Brekkukot* bæjarstæði býli

HV-188:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-188:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-188:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-188:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-189 Litla-Giljá

10 hdr 1713. Þingeyrarklausturseing. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314 1713: "Túninu spillir grjóthrun úr háum mel. Engjar öngvar, nema áðurgreindum hólmi [Litlu-Giljárhólmi]" JÁM VIII, 269 1840: Landkostalítil, heyskapur góður." SSH, 67. 1919: Tún 2,4 ha, 2/5 slétt, garðar 114 m2 "Vestur frá bænum var áður engið, með votlendi, en nú nálega allt orðið að túni. Til austurs með ánni er beitilandið, það er að stofni til melaöldum með flóasundum og móum á milli og hvammar að ánni, nokkuð ræst á síðustu árum." Húnaþing II, 293

HV-189:001 *Litla-Giljá* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1919

HV-189:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-189:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1919

HV-189:004 heimild um kálgarð
"Íbúðarhús á Litlu Giljá og einnig fjós standa á lágum balarima neðan allhárrar Brekku. ... Í brekku þessari var mikil garðrækt á síðustu öld [19.] og sér þess glögg merki." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Litla-Giljá, 1

HV-189:005 *Stekkur* örnefni stekkur
"Í Krossdal norðarlega er Mómýri og Stekkur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Litla-Giljá, 2

HV-189:006 *Norðlingavað* heimild um vað
"Norðan við Fálkamýri austanverða er hæðarbunga allmikil, sem Norðlingaþúfa nefnist, en austanhallt um hana liggur samnefndur vegur um Norðlingahvamm - norðan þúfunnar - til Norðlingavaðs á Giljá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Litla-Giljá, 2

HV-189:007 *Heygarður* örnefni heygarður
"Heygarður, neðan við Tjarnarstæðin norðanverð." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Litla-Giljá BB, 1

HV-189:008 *Sellækur* örnefni sel
"Sellækur, austan í landareigninni, rennur norður í Giljá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Litla-Giljá BB, 2

HV-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Sveinsstaðahreppi

HV-661:001 heimild um leið
"Gamli reiðvegurinn, póstleiðin, lá sunnan Hólabaks og austur miðja Vatnsdalshóla að samnefndum bæ í Vatnsdal." SSH: "Alfaravegur liggur með Hópinu fyrir norðan Vegsteinsstaði og Miðhóp, annar liggur hjá Enniskoti að Miðhópi. Litlu norðar koma þeir saman. Liggur sá vegur austur hjá Hólabaki, yfir svonefnda Hólabakskeldu, í gengum Vatnsdalshóla, yfir vatnsdalsá á Skriðuvaði og út hjá Öxl, [um] svokallaða Axlarbala og út að Giljá, svo úr hjá Kringlu og Skinnastöðum eða upp á Giljármela á Reykjabraut upp með Reykjum."

Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 14

HV-661:002 heimild um leið
“Annar alfaravegur liggur frá Miðhópi og austur á melana milli Steinness og Haga og svo út “ásgötur” vestan Þingeyra og yfir um Húnavatn hjá Geirastöðum.”
Heimildir: SSH, 68

HV-662 Óstaðsetjanlegar fornleifar í Sveinsstaðahreppi

HV-662:001 *Jörfi* bæjarstæði býli
1840: Jörfi. Dýrleiki óákveðinn, nýbyggður úr eyði og nær því túnlaus. Landrúm og haggott, heyskapur nokkurn veginn.”
Heimildir: SSH, 66; DI IX, 314

HV-662:002 *Skriðubrekka* bæjarstæði býli
“Í Sigurðarregistri frá 1525 er eyðibýlið Skriðubrekka nefnt, en ekki er nú vitað hvar það hefur verið. Þó má af registrinu ráða að þar hafi verið undir Vatnsdalsfjalli.” segir í Húnaþingi
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: “Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi”, 310; DI IX, 314

HV-662:003 *Hvatastaðir* bæjarstæði býli
“Hvati nam út frá Mógilslæk til Giljár ok bjó á Hvatastöðum.”
Heimildir: ÍF I, 219

6.2. Fornleifar í Áshreppi

HV-190 Flaga

30 hdr 1318/ 20 hdr 1706, Þingeyrarklausturseign. [1300] Jörðin gefin í kristfé fyrir 30 hdr. DI II, 330. 1318 er Flaga Hvammskirkjueign. DI II, 476. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. 1706: "Túninu grandar lækjarskriða úr brattlendi. Enginu spillir Vatnsdalsá og kvartar ábúandi þar um stórlega, sjerdeilis í næstu 2 ár." JÁM VIII, 274 1918: Tún 5,7 ha, 5/6 slétt, garðar 678 m2. "Undirlendi allmikið en mjög votlent. Árbakkar þurrir og sléttir. ... Í vorflóðum er stundum svo til allt láglendi dalsins norðan Hofsmela undir vatni ..." Húnaþing III, 352

HV-190:001 *Flaga* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-190:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-190:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-190:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-190:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-190:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-190:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-190:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-190:009 álagablettur
"Kvígildisslétta, sunnarlega í túninu. Hét áður Kvígildismór. Þegar ég kom að Flögu árið 1895, var ég varaður við að slá allan móinn, því er það væri gert, kæmi sú hefnd fyrir, að bóndinn missti a.m.k. 1 kú eða 6 ær fyrir þær sakir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Flaga, 1

HV-190:010 *Flöguvað* heimild um vað
"Flöguvað á ánni, undan Flögubænum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Flaga, 1

HV-190:011 *Ferjubakki* örnefni ferja
"Ferjubakki þar fyrir norðan [Hestheysbakka]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Flaga, 1

HV-190:012 *Engjabrúin* örnefni brú

“Engjabrúin niður frá bænum, aðskilur suður- og norðurengjarnar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Flaga, 1

HV-190:013 *Gamlabrú* heimild um brú
“Brúarstykki, syðsti hluti norðurengjanna, norður að Gömlubrú - leifar af gamalli brú, nú gerður þar skurður.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Flaga, 1

HV-190:014 *Torfholt* örnefni rista
“Rauðpilsugilslækur fellur frá gilinu suður og ofan í mýri, sem nefnist Forir. Sunnan þeirra er Torfholt á merkjum að Gilsstaðalandi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Flaga, 2

HV-190:015 *Gatnagil* örnefni leið
“Gatnagil í brekkunum upp undan Forum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Flaga, 2

HV-190:016 *Sellækur* örnefni sel
“Flögutjarnaflói, mjög stórt flóasvæði vestan Hrísás og suður úr honum Sellækjardrag; um það rennur Sellækur suður í Gilsstaðaflóa.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Flaga, 3

HV-191 Gilsstaðir
24 hdr. 1706. Þingeyraklausturjörð. Bænhús á jörðunni. 1379 Þingeyrarklaustur eigast jörðina. DI III, 336. 1486. Jarðarinnar getið í bænhúsaskrá. DI V, 353. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314 1706: “Túninu grandar grjótskriða af brattlendis lækjum. Engjunum grandar Vatnsdalsá vide Flögu.” JÁM VIII, 275. 1918: Tún 6,2 ha, 1/2 slétt, garðar 498 m2. “Beitiland er mikið og gott, og nær allt vestur að Gljúfurá. Undirlendi er mikið, en mest votlent nema árbakkarnir, sem jafngilda túni til heyskapar.” Húnaþing III, 351

HV-191:001 *Gilsstaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-191:002 heimild um bænhús
GILSSTAÐIR Í VATNSDAL (UNDIRFELLSÞING) (AH) ? BÆNHÚS
1486. er niðri, DI V 353
Heimildir: FF, 470 og 474; ÍF, VIII,109

HV-191:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-191:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-191:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-191:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-191:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-191:008 *Ingólfsleiði* heimild um legstað
"Ingólfsleiði, lágt sandholt fyrir sunnan Þvottalæk, á veginum. Á Ingólfur Ingimundarson að vera þar heygður." segir í örnefnaskrá FF: "Eirn án allrar ordu edur reglulegrar Hledslu lauslega samannkastadur lángur Grjóthriggur á litlum sliettum Mel nálægt Bænum Gilstödum. Þessi Hriggur hefur alment verid kalladr Ingólfs-Leidi, líklega í þá Meining, ad Ingólfur Þórsteinsson Ingimundarsonar frá Hofi sem Vatnsdæla gétur um, hafi þar átt heigdur ad vera. I þennann Hrigg var í Haust í Octobri eptir fyrerskipadri Reglu grafid 6 Álna djupt á danskt mál, og vard ecki vart vid neina Nylundu; Þá svo djupt var komid, kom Vatnsbleitu For, líkust Móledju, sem klestist svo utannumm graftólinn ad þau urdu ei léngur mannbær til brukunar; Þá var rekinn Iárnkall á enda ofanní þessa For, merktist eckert ad helldur fyrir honum verda annad enn sama Bleita, var svo hætt vid þetta Þreytuverk undir Dagsetur, enn byriad var þad vel árla dags. Gjördu Menn þad mest fyri mín ord, ad vera svo léngi vid þad."
Heimildir: FF, 470, 474; ÍF VIII,109; Ö-Gilsstaðir, 1

HV-191:009 heimild um heygarð
"Heygarðalágar, slétt grasi gróið tjarnstæði meðfram Vatnsdalsá, beint austur undan bænum. Sér þar fyrir þrem tóftarbrotum, sem eflaust eru gamlir heygarðar, sem nafnið er dregið af." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gilsstaðir, 1

HV-191:010 *Þvottalækur* örnefni þvottastaður
"Þvottalækur, lækurinn fyrir sunnan túnið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gilsstaðir, 1

HV-191:011 *Stekkjarhóll* örnefni stekkur
"Stekkjarhóll, grasi gróinn hóll rétt fyrir norðan merki Kornsár og Gilsstaða, vestanvert við veginn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gilsstaðir, 1

HV-191:012 *Sellækur* örnefni sel
"Sellækur vestanvert við Hrísásinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gilsstaðir, 2

HV-191:013 *Draugalaut* örnefni draugur
"Draugalaut, grasi gróin laut suður við merkjalínuna milli Kornsár og Gilsstaða." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gilsstaðir, 2

HV-191:014 *Kvíaból* örnefni kvíar
"Kvíaból, rétt ofan við túnið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gilsstaðir, 3

HV-192 Kornsá

30 hdr 1706, Þingeyrarklaustursjörð. Bænhús á jörðinni. Kárnsá rétt heiti á jörðinni. HÞ: "Rannsókn og leiðrjettingar" Árbók 1923, 62. Jarðarinnar getið í Landnámu og Vatnsdælu. ÍF I, 220; ÍF VIII, 110. 1486 Jarðarinnar getið í bænhúsaskrá. DI V, 353 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314 Kuml fannst í landi jarðarinnar. Kornsárssel á afréttarlandinu var í byggð um tíma sem og Gilsstaðasel. Jörðinni skipt í tvö býli Kornsá og Kornsá II sem er 3/10 "Fyrrum áttu jarðirnar svonefndar Kornsárkvíar, þ.e. land það er liggur milli Kornsár og Gljúfurár og náði fram og vestur í Bergárvatn. Nú liggur þetta land undir Þingeyrar." Húnaþing II, 350

1706: "Túninu grandar vatnsgángur, mýrar að neðan en Leirlækjar að ofan, og Þverá sem hjá bænum fellur." JÁM VIII, 276. 1918: Tún 7,8 ha, 9/10 slétt, garðar 470 m2 Bærinn stendur á sléttri túngrund nokkuð neðan brekkna rétt norðan við Kornsána og dregur nafn af henni. ... Undirlendi jarðarinnar er mikið, sumt mjög votlent, en árbakkar þurrir, sléttir og grasgefnir." Húnaþing II, 349

HV-192:001 *Kornsá* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-192:002 heimild um bænhús
KORNSÁ Í VATNSDAL (UNDIRFELLSÞING) (AH) ? BÆNHÚS
1486. er niðri, DI V 353
Heimildir: DI

HV-192:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-192:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-192:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-192:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-192:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-192:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-192:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-192:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-192:011 kuml legstaður

Við húsbyggingu 1879 fannst fornt kuml á Kornsá, í hól þar, en nánar er ekki greint frá staðnum. Gröf hafði verið tekin niður að föstu malarlagi, og var dýpt grafarinnar um 1,25 m, en að öðru leyti er ekki getið stærðar grafarinnar í skýrslu Lárusar Blöndals sýslumanns um fundinn. Gröfin sneri „út og suður eða þó heldur í suðaustur og norðvestur eftir legu Vatnsdals." Í gröfinni voru mjög fúin mannsbein. Höfuðið vissi til norðurs, og virtist líkið hafa legið á bakinu. Ofan á því var mikið af hnefastórum smásteinum, einkum efri hluta þess, og á moldinni segir sýslumaður, að svo væri að sjá sem viður hefði verið í gröfinni. Um 3,50 m austur frá kumlinu fundust mannsbein, hrossbein, og hundsbein og litu út fyrir að vera yngri en kumlið, að því er segir í skýrslunni. Vel gæti þetta þó verið misskilningur um mannsbeinin og hafi hundur og hestur verið heygðir þarna með konunni. Þessi bein voru óskipuleg svo sem í hrúgu. Hugsanlegt er, að þetta séu leifar af öðru kumli, sem raskað hafi verið áður, enda hermir sýslumaður sögusögn, sem vel kemur heim við það. Í Kornsárkumlinu var mikið haugfé (24. mynd):
1774. Járnketill, nokkur brot, hefur verið líkur Rygh 731. Talinn af finnanda stálhúfa og átti að hafa verið utan um hauskúpuna. Líklega hefur þá katlinum verið hvolft yfir andlit líkinu.
1775. Skæri úr járni, mjög í brotum, með sauðaklippulagi.
1776. Járnbrot fáein, ókennileg.
1777. Vefjarskeið úr hvalbeini, brotin í tvennt, eins og hnífur í laginu.
1778. Kambur úr beini, brot, einraða, líkur Montelius 256.
1779. Metaskál úr bronsi, lík Rygh 476.
1780. Tvær tungunælur úr bronsi, tvöfaldar, með gegnskornu skrautverki á efra borði, Jalangursstíll, að kalla alveg eins og Smykker 137.

1781. Bjalla úr bronsi, sexstrend.
1782. Steinasörvi, alls 33 tölur af ýmsum gerðum; hin merkasta er sýnd í Árbók 1937-39, myndbl. I, 5.
1783. Töng lítil úr bronsi, 3,9 sm löng.
Nál úr einhvers konar nælu, að því er Sigurður Vigfússon hélt. Hann hélt og, að nálin væri úr silfri, en nú er hún glötuð og hefur aldrei verið tölusett á safninu.
Hnífur, venjulegar blaðleifar. Kom með hinum hlutunum og mun eflaust úr kumlinu, en hefur aldrei verið tölusettur. Ketillinn var yfir hauskúpunni, eins og fyrr er sagt, tölurnar í hálsstað og „silfurnálin", nælurnar, metaskálin og bjallan lágu hægra megin við líkið, járnbrotin, vefjarskeiðin og kamburinn lágu öll saman, en ekki er ljóst hvar í gröfinni. Kuml þetta er í tölu hinna fjölskrúðugri að haugfé og vitneskja um það sæmileg. Af skýrslu Blöndals má að vísu renna grun í, að þarna hafi verið fleiri kuml áður fyrr, en um það verður nú ekkert fullyrt, og er kumlið því talið eitt hér. Sigurður Vigfússon taldi það karlmannskuml, enda hugði hann ketilinn vera stálhúfu. Beinin eru þó úr miðaldra konu, enda haugféð konu, sbr. t.d. hinar mörgu sörvistölur og vefjarskeiðina.
Heimildir: KEKH 2000, 125-127

HV-192:012 heimild um rétt
1706: "Munnmæli eru, að í þessarar jarðar land hafi að fornu fjárupprekstur verið, frá hverjum jörðum vita menn ekki, og engin rök til þess nema rjettatóftarleifar, sem hjer sjást enn nú ..."
Heimildir: JÁM VIII, 276

HV-192:013 *Norðurhúsatún* örnefni
"Norðurhúsatún, fyrir neðan götuna, sem var norður frá bænum, og að slakkanum fyrir sunnan fjárhúsin og ofan að ánni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsá, 1

HV-192:014 heimild um fjárhús
"Norðurhúsatún, fyrir neðan götuna, sem var norður frá bænum, og að slakkanum fyrir sunnan fjárhúsin og ofan að ánni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsá, 1

HV-192:015 *Fjósatún* örnefni fjós
"Fjósatún fyrir ofan og utan túnið, alt að slakkanum þar fyrir utan." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsá, 1

HV-192:016 *Fjósvað* heimild um vað
"Fjósvað, vaðið á ánni, rétt fyrir neðan túnið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsá, 1

HV-192:017 *Lestavað* heimild um vað
"Lestavað - heyvað - er vaðið á ánni fyrir neðan túnið, niður frá fjárhúsunum þar sem vegurinn liggur yfir, út og suður." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsá, 1

HV-192:018 *Gerði* heimild
"Gerði, afgirt engjastykki vestan við Vatnsdalsá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsá, 1

HV-192:019 *Dauðsmannshóll* heimild um heygarð
"Dauðsmannshóll, gamall heygarður í miðju suðurengi, örnefnið búið til í seinni tíð." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsá, 1

HV-192:020 *Engjabrú* heimild um brú
"Engjabrú, gömul brú, er liggur ofan á Suðurengi, var áður heygandsvegur og fyrirstöðugarður fyrir

áveitu á Suðurengi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsá, 2

HV-192:021 *Nónborgir* örnefni fjárskýli
"Nónborgir, suðvestur frá bænum, fast við gilið, efst á brúninni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsá, 2

HV-192:022 *Vörðuás* örnefni
"Vörðuás, er nafn á háaásnum norðan til." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsá, 3

HV-192:023 heimild um refagildru
"Gildra, grjótholt vestan í Háásnum (dregur eflaust nafn af tóugildru á holtinu)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsá, 3

HV-192:024 *Eyjólfsstaðavað* heimild um vað
"Vaðbakki er norðan við Litlu-Kornsá, en einnig er þar skarð í bakkann og heitir það Vaðskarð. Framundan því er Eyjólfsstaðavað á ánni." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsá ath og viðb., 1

HV-192b Kornsá [Kornsárkvíslar]
"Fyrrum áttu jarðirnar svonefndar Kornsárkvíar, þ.e. land það er liggur milli Kornsár og Gljúfurár og náði fram og vestur í Bergárvatn. Nú liggur þetta land undir Þingeyrar." Húnaþing II, 350

HV-192b:001 *Eyjólfsstaðasel* heimild um sel
1706: "Eyjólfsstaðasel nefna menn í Kornsárlandi, og sjást þar tóftir, hvort að skyldu eður fyrir kaup vita menn ekki." "Eyjólfsstaðasel var í landi Kornsár en um nánari staðsetningu þess er ekki vitað enda hefur selstöðuréttur þessi sennilega ekki verið nýttur síðan á 17. öld." segir í Húnaþingi
Heimildir: JÁM VIII, 299; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 319

HV-192b:002 *Kornársel* bæjarstæði býli/sel
"Kornássel, er á holti norðan við Kornárkvísl, þar sem kvíslarnar koma sama, Kleppukvísl og Kornsárkvísl. Selið var byggt á graslausu holti 1890, en var rifið um aldamótin 1900. Var þar byggt bæði bæjarhús og fjárhús, var fá ár í brúki." segir í örnefnaskrá Kornsársel var á vesturbakka Kornsár í Kornsárhólum Á þessari öld hafa leitarmenn á Haukagilsheiði haft síðasta náttstað á Kornsárseli, en óvíst hvort svo hafi verið fyrir 1930 en þá var gist á Fremstaseli. "Þar var af og til búseta, fram undir síðustu aldamót. Árið 1898 voru þar Jakob Árnason og Jósef Blöndal. Á tímabili, [319] eftir að farið var að smala Víðidalsfjall norður, höfðu gangnamenn náttstað á Kornsárseli síðustu nóttina og geymdu þá hestana í tóftarbrotunum. Er heiðargirðingin var sett upp á núverandi stað, var náttstaðurinn færður að Fremstaseli." segir í Húnaþingi "Nokkur eyðiból eru í eða við þann hluta Vatnsdals, er nú hefur verið rakinn. ... Bak við hálsinn vestan Vatnsdals voru áður mörg sel frá Vatnsdalsjörðum. Búið var um stuttan tíma í Kornsárseli, sem stóð við Kornsá beint vestur af Gilhaga ..."
Heimildir: Ö-Kornsá, 5; GR III, 240; Hkort; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 318-19; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 270-71

HV-192b:003 *Hofssel* tóft sel
"Hofsselstangi, heitir grastangi út með kvíslinni að vesta nokkuð langt fyrir utan Kornásel. Var haft þar í seli frá Hofi fyrir löngu og sést þar fyrir grænum tóttaröndum á tanga. En á kvaða tíma það hefur verið í brúki, er hvergi til stafur um það, né sögn." segir í örnefnaskrá "Hofssel var á bakka Kornsárkvíslar vestur af Hofsselsvörðu, sem er norðantil í Haukagilslandi."
Heimildir: Ö-Kornsá, 5; Hkort; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 319

HV-192b:004 hleðsla

“Þar sem Rófuskarðsáin fellur í Gljúfurá, er mikið graslendi og slétt. Er þar á einum stað steinkross. Það eru nokkrir smá steinar raðað svo, að þeir mynda kross, það er sá þriðji staður, sem ég hefi fundið það merki, þýðir það, að þar hafa fundizt menn, sem hafa orðið úti.” segir í örnefnaskrá Víðidalsfjalls. Steinkross var hlaðinn í Rófuskarði þar sem lík manns er varð þar úti fannst segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Víðidalsfjall austurhlið, 2; Ö-Kornsá ath og viðb, 2

HV-192b:005 *Bræðrasel eldra/Kornárseleldra* tóft sel
“Bræðrasel eldra varið Gljúfurá, rétt fyrir norðan Stóra-Sellækinn, þar sem hann fellur á ána.” segir í örnefnaskrá “Selið var rennt við bræðurna; séra Jón Jónsson prófast í Steinnesi og Ólaf Jónsson hreppstjóra á Sveinsstöðum, þar höfðu þeir í Seli fyrst en fluttu svo selbúskapinn norður með Gljúfurá, og byggðu þar annað sel, sem líka var kallað “Bræðrasel”. Kornársel eldra var byggt á tóftarleifum “Bræðrasels”, sem voru norðan við Stóra Sellækinn ... Byggði þá Friðrik Schram bóndi í Kornsá, á rústum Bræðrasels, um 1853. Hafur hann haft þar í seli í nokkur ár. ... Gilsstaðasel ... Þar byggði Magnús Steindórsson á rústum “Kornsársels gamla” Selið var í brúki fá ár ... Selið var kallað “Gilsstaðasel”. Svo fór það í eyði um 1885. Eru nú ei annað er grænar tóftaleifar 1939.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Víðidalsfjall, 4

HV-192b:006 heimild um rétt
“Við Kornsárkvísl vestanverða á móti Stóra-langholti, er hár hóll, sem heitir Kolhóll. Norðan við hann var gömul fjárrétt, fram yfir aldamót, nú með öllu horfin. Þar var smalað að geldfé til rúnings.”
Heimildir: Ö-Kornársel ath

HV-192b:007 *Gilsstaðasel* bæjarstæði býli/sel
“Norðan Stóra-Sellækjar, niður undir Gljúfurá var Gilsstaðasel. Eru ummerki þess greinileg. Maður að nafni Guðmundur Jónsson er talinn þar til heimilis árið 1886.”
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: “Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi”, 319

HV-193 Undirfell
Kirkjustaður 1706. HÞ segir Undornfell vera réttnefni. HÞ: “Rannsókn og leiðrjettingar” Árbók 1923, 62. Þórir í Undunfelli nefndur í Landnámu. ÍF I, 224. Nautabú sem nefnt er í Vatnsdælu innan jarðarinnar. ÍF VIII, 72. 1318: “Kyrckia ad Vndenfelle ä allt heima land [.cccc. Snærestade* kýr. v. iij. ær. vidreki ad halfu vid huamskyrkiu. halfur hualreki ad Geytafelle. og rekar nockrer. ... Tyund heytollur oc lysistollur af. vj. Bæium. .. Hier til liggia. iiij. Bænhus. half mork af huoriu.” DI II 477-478. [um 1340]: “Þingeyra klaustur a nu a[llan] Giliar reka ok þingeyra sand allan til ossmela nema sua mikit sem tilheyrir Undinfellzkirkiu ...” DI II 727-728 1344: “aa halfan hualreka at geitafelli. uidreki. iiij. bænhus half mork ...” DI IV 11. [1360/89]: “Kyrckia vnder vnderfelli ä allt heimaland. og Snæristadi. vidreki ad halfu vid Huams kyrkiu. halfur hualreki ad Geytafelli. vij. kyr og viij. ær. x. hundrud voru. hundrad j vidi. iij. kierolld j jordu. ... liggia [til]. iij. Bænhvs. halff morck af huoriu. og halff kyrckia j asi.” DI III, 162. 1394: “hun ä allt heimaland og Snærisstadi. vidreka ad halfu vid huams kyrckiu ä þingeyrasandi. og halfann hualreka ad Geytafelli.” DI III, 540-541. [1429]: “einn prestr ok diakn”; DI IV, 382 1449: “Ás í Vatnsdal ... stendur j vndanfellz kirkiu sokn.” DI IV, 759. 449: “Ás í Vatnsdal liggr j vndanfellz kirkiu sokn, ... sagde [Jón Þorkelsson seljandi jarðarinnar] halfkirkiu skylld a jordunne ase ok þar ætti heima at takazt tiunder ok liostollar bonda ok huspreyiu ok allra heima manna; DI V, 28. 1461: Máldagi kirkjunnar DI V, 333-334 [1461]: 1 prestur DI V, 361. 1486: Undirfellsþingum fylgja 1 hálfkirkja og 3 bænhús DI V, 353.

1706 er Oddnýjarkot, Snærastaðir (í byggð 1318) og Hringhóll eyðihjáleigur. Nautabú bær Þóris Ingimundarsonar talin vera í landi Undirfells. Tvíbýli stofnað 1944 eða 9, Undirfell og Nautabú. Jörðin í eyði en stundum notuð til slægna. Húnaþing II, 348. 1706: “Túninu grandar skriða úr brattlendi. Engið skemmir Vatndalsá og Kornsá til stórmeina.” JÁM VIII, 277 Hjörleifur prestur sem tók við 1876 sléttaði mikið af túnum. Bjarni Jónasson: “Höfuðból og eyðibýli”, 116. 1918: Tún 7,4 ha, 1/4 slétt, garðar 1080 m2

HV-193:001 *Undirfell* bæjarhóll bústaður

“Bærinn stóð á hólbungu ekki allfjarri Vatnsdalsá, en kirkjan og kirkjugarðurinn framan við bæinn nær ánni, þvar sem hún fellur fyrir Pontueyrina og Eyjuna.” segir í Húnaþingi
Heimildir: Húnaþing II, 348; Túnakort 1918

HV-193:002 heimild um kirkju
UNDIRFELL Í VATNSDAL (AH) ?Nikulási
1318: LXXXIV. Vndenfells kyrckia.
Kyrckia ad Vndenfelle ä allt heima land [.cccc. Snærestade* kýr. v. iij. ær.
vidreki ad halfu vid huamskyrkiu. halfur hualreki ad Geytafelle. og rekar nockrer.
Jnnan kyrkiu messuklædi. ij. alltarisklædi. iij. kaleykur. j. skrijn. j. krossar. iij. messubækur. iij. lesbok. fontur. mariuskript. nicholäs lykneski. kluckur. v. Elldker. messingarkietill. Tiolld vm alla kyrkiu. kista. j. kola. merki. ij. kiertastykur. sacrarium. munnlaug. mork. vax. bord. ker j jordu. halft xa. hundrad voru. salun.
Kyrkiu messudagur. iij. nottum firir michialsmesso.
Tyund heytollur oc lysistollur af. vj. Bæium.
Þar er prestskýlld og diakns.
Hier til liggia. iiij. Bænhus. half mork af huoriu.
Þar a omagi ad vera.
Kýrckiu týund tali anno. xiij. aurar.
slopp oc kantarakapu. c. j vide. iij. kieraulld j jordu. [* skr. ofan v. línuna m. annari h. Máld DI II 477?478
[um 1340]: Þingeyra klaustur a nu a[llan] Giliar reka ok þingeyra sand allan til ossmela nema sua mikit sem tilheyrir Undinfellzkirkiu ... Rekaskrá DI II 727?728 1344: aa halfan hualreka at geitafelli. uidreki. iiij. bænhus half mork; Registur Egils DI IV 11
[1360?89]: xij. Vndanfells kyrckia.
Kyrckia vnder vnderfelli ä allt heimaland. og Snæristadi. vidreki ad halfu vid Huams kyrkiu. halfur hualreki ad Geytafelli. vij. kyr og viij. ær. x. hundrud voru. hundrad j vidi. iij. kierolld j jordu.
þetta er jnnan kyrckiu. ij. krossar. skryn læst. alltarisklædi. iij. Brykar klædi fornt. spiolld. ij. steynd. fontur med kyrckiu sä. cantara kapur. ij. med salun. sälun fornt. Reykelis kier lest. kaleykur. messuklædi tuenn ad aullu. alltarisdvkur. sloppur forn. Tiallda leppar tueyr vm framm kyrckiu. kluckur v. Mariu skriptt. Nicholäs lykneski. messuBækur. ij. saungbok ä sumarid de sanctis. fielytil lesbok. Einn psalltari fielytill. Nicholaus saga med latynu. ij. hross.
Mercki. ij. med kyrckiu las brotinn. skrudakista forn og stor steindur kistill. kyrkiu kola. Sacrarium. munnlaug. stoll. mork. vax.
heytollur og lysistollur af. vj. Bæium.
þar er prestz skylld og diakns. liggia [til]. iij. Bænhvs. halff morck af huoriu. og halff kyrckia j asi. þar ä omagi ad vera. Máld DI III 162
1394: xxxii. Vndenfells kyrckia.
Kyrckia ad Vndinfelli er helgud med Gudi hinum heilaga Nicholao. hun ä allt heimaland og Snærisstadi. vidreka ad halfu vid huams kyrckiu ä þingeyrasandi. og halfann hualreka ad Geytafelli. þetta jnnann kyrckiu. messuklædi tuenn ad ollu. alltarisdvkur. kaleykur. alltarisklædi. iij. Brijkarklædis leppur. fontur med vmbunadi. sloppur faneytur. kantarakäpur. ij. Glodarkier. Elldberi. spiolld. ij. kistill. kista olæst. kyrckiu kola. merckis leppar. ij. krossar. ij. mariu skriptt. Nichulaus lijkneski. kluckur. v. Glergluggur. mork vax. stolar. ij. messubækur. ij. songbok a sumarid. de sanctis lesbok ofull. psalltari. vondur. Nichulaus saga ä latijnu. Jons lijkneski Baptistæ. Jarnstykur ij.
þar er prestz skylld og diakns. Tekur prestur heima. iiij. merckur. Enn vtann gardz halfa fiordu morck. og ad auk mardargnupz kyrckia.
Liostollur oc heytollur af. v. Bæium.
þar ä og omagi ad vera.
Tijund kyrkiu hluti ä þui ari. xj aurar.
þetta j lausagodzi. kyr. xj. asaudar kugilldi. iiij. oc. ij. ær. Ellefu hundrud voru og. cc. j vadmalum. hross. ij.
Jtem reyknadist portio Ecclesiæ vm. xiij. ar medann sijra knvtur Bio. v. hundrud voru.
Ecclesia non dedicata. Máld DI III 540?541
[1429]: einn prestr ok diakn; DI IV 382

15.8.1429: Jón biskup Vilhjálmsson veitir Hermanni presti [Jónssyni] staðinn
vm næsta æitt aar oc þat længr sæm uorar nader til segia med ollum þeim gognum oc gædum sæm þar til liggr oc leiget hefer ath fornu oc nyio j faustu oc lauso j fridu oc ofridu j minna hlut oc mæira preter porcionem ecclecie. Skal han hafua uort fult oc loghligt vmbod efter ath tala oc kæra ollu þui godzæ sem stadnum oc kirkonæ er æigi logit ædr rangliga firir haldit fyr ædr sidar þeim til wor kalla oc stænfna er æigi vilia j hans minnæ blifua kirkonæ oc stadnum skadalaust. skal han æiga alt þat ær gifit werdr til kirkonar sæm er hundrat ornamenta. þat skal kirkan æiga. skal han oc suara skyldum jardarenar efter godum gomblum oc nyium lofligum vana; DI IV 383
17.8.1432: kirka giordh firir xij hundrot en firir fynd viij hundrot
Porcio xij aurar vm tau aar oc halfr æyrer læggi vpp aa staden hundrat arligha; Vísitasíugerð DI IV 512
21.3.1449: Ás í Vatnsdal ... stendur j vndanfellz kirkiu sokn; DI IV 759
4.9.1449: Ás í Vatnsdal liggr j vndanfellz kirkiu sokn, ... sagde [Jón Þorkelsson seljandi jarðarinnar] halfkirkiu skylld a jordunne ase ok þar ætti heima at takazt tiunder ok liostollar bonda ok huspreyiu ok allra heima manna; DI V 28
1461: Máld DI V 333?334
[1461]: 1 prestur DI V 361
1486: Undirfellsþingum fylgja 1 hálfkirkja og 3 bænhús DI V 353
19.2.1813: Mársstaðasókn lögð til Undirfells; (PP, 227) [konungsúrskurður]
6.9.1849: Grímstungusókn lögð til Undirfells; (PP, 227) [bréf kirkjustjórnar sbr. konungsúrskurð 20.7.1861]
27.2.1880: Undirfells? og Grímstungusóknir lagðar undir Þingeyraklaustur; (PP, 225) [lög]
4.11.1881: Undirfellsprestakall tekið upp að nýju og Undirfells? og Grímstungusóknir skildar frá Þingeyraklaustri; (PP, 225) [lög]
5.9.1881: Grímstungukirkja lögð niður og sóknin lögð til Undirfellskirkju; (PP, 227) [landshöfðingjabréf]
16.11.1907: Undirfellsprestakall lagt niður og sóknin á ný lögð til Þingeyraklausturs; (PP, 225) [lög]
Heimildir: DI; PP, 225, 227; Túnakort 1918

HV-193:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-193:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-193:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-193:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-193:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-193:008 heimild
"Þórdísareyri, engjastykki syðst á Suður-engi, umlukt af torfgarði, lá áður undir Undirfelli, en er nú hálftilheyrandi Kornsá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsá, 1

HV-193:009 heimild um smiðju
"Smiðjutún syðst á túninu, sunnan við dragið þar stór smiðja í tíð séra Hjörleifs, er nú horfin." segir í örnefnaskrá Í athugasemdum segir að tóftir hafi sést en séu horfnar.
Heimildir: Ö-Undirfell, 1; Ö-Undirfell ath, 1

HV-193:010 *Járnhryggur* heimild um túngarð

“Járnhryggur, hryggurinn fyrir utan Húsatún. Eldgamall túngarður.” segir í örnefnaskrá Hannes heimildamaður skrásetjara athugasemdaskrár kannast ekki við nafnið Járnhryggur.
Heimildir: Ö-Undirfell, 1; Ö-Undirfell ath, 1

HV-193:011 *Ullarhvammur* örnefni þvottastaður
“Ullarhvammur upp með bæjarlæknum í brattanum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Undirfell, 2

HV-193:012 *Húsamelur* örnefni
“Húsamelur, liggur upp og ofan sunnan við Ullarhvamm.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Undirfell, 2

HV-193:013 *Eggertsauga* heimild um vatnsból
“Eggertsauga er uppsprettulind í mýrinni og var þar vatnsból frá bænum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Undirfell, 2

HV-193:014 heimild um ristu
“Torfholt, stórt holt, sem liggur út og suður fyrir neðan Efri-Mýri.” segir í örnefnaskrá Í athugasemdum segir að torfið hafi verið rist í mýrinni neðan þess og ofan.
Heimildir: Ö-Undirfell, 2; Ö-Undirfell ath, 3

HV-193:015 *Vegholttangi* örnefni leið
“Vegholtstangi, tanginn austur af Torfholti norðast.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Undirfell, 2

HV-193:016 *Elstarétt* heimild um rétt
“Elztarétt, gamla réttin, var líka sú fyrsta sem byggð var á Undirfellslandi var áður í Grímstungu og var réttin byggð þarna árið 1853 var “þá álitin til fyrirmyndar hér í Húnavatnssýslu og þótt víðar væri” var öll byggð úr hnaus og streng ekki nokkur stein í henni, en smá grindarhurðir í dilks dyrum ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Undirfell, 3

HV-193:017 *Miðrétt* heimild um rétt
“Miðrétt var byggð austan við sýkið syðst, en er nú kominn mikið til í rústir ... þessi Miðrétt var byggð úr hnaus, en ekki úr eins góðu eftir og sú fyrri, enda hefur hún ekki staðið á við fyrstu rétt, því árin voru ei mörg sem hún stóð óskemmd. Hún mun hafa verið byggð árið 1890. En svo skemmdist hún fljótt, því stóð var fyrst réttað í henni, því engin stóðrétt var til að rétta það í fyrr, en byggðin var rétt fyrir það, því áður var ekki smalað stóði ofan af heiðunum á haustin, þegar fjárgöngur fóru fram, og voru þá sóttir 1 og 2 hópar af stóði, og voru það helzt dugnaðarmenn ... Hrossarétt var byggð lögnu seinni var réttina, og hún byggð við suður gafl á fjárréttinni, og er hún stór með dilkum, og er hún i brúki þó fjárréttin sé eyðilögð, sem þar er við, en árlegt viðhald þarf hún. Snýr hún austur og vestur, með dyr til austurs með dilkum að sunnan og vestan. Fjárréttin snéri út og suður, en réttardyrnar í norður ...”
Heimildir: Ö-Undirfell, 4

HV-193:018 *Réttarvað* heimild um vað
“Réttarvað var kallað var á ánni beint austur frá réttinni, sem nú er, var vanalega rekið þar fyrir fé frá réttinni á haustin, sem fór út á bæi að austan, og var það aldrei svo grunnt, að það væri ekki á duns fé.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Undirfell, 5

HV-193:019 heimild um skotbyrgi
“Einbúagren er við klettahornið á Einbúanum að norðan, þar í grasbakka en fáir munnar, en einn vestan í hvolftinni, og eru leifar af gömlu byrgi við klettinn.” segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Undirfell, 6

HV-193:020 *Stóravarða* varða
"Stóravarða er á lítilli brún suður og austur af Skíðdalnum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Undirfell, 6

HV-193:021 heimild um sel
"Seleyri er nafn á eyrartanga vestur undan Fellinu þar að sunnanverðu við kvíslina, en er nú sá tangi nær eyddur, þar átti að hafa staðið sel frá Undirfelli til forna." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Undirfell, 6

HV-193:022 *Gritukofi* örnefni
Engin staðsetning í skrá
Heimildir: Ö-Undirfell, 6

HV-193:023 *Hringhóll* bæjarstæði býli
1706: "Hefur hjer af heimalandi hjáleiga verið, bygð í manna minni úr gamallri auðn á fornu gerði allagötu við túnið, það hefur ýmist bygt eður óbygt verið, en hefur nú seinast 6 ár í auðn verið." "Hringhólstún frá Húsalæk og út með mel og sést þar fyrir túngarði, hét þar Hringhóll og var gamalt býli og upp frá Undirfellsbænum var komið í eyði 1706 ... En svo sést ekki hvenær það hefur farið í eyði eða hætt að búa þar, og hefur svo verið byggð þar fjárhús á rústum kotsins, og sést þar fyrir fleiri grænum tóttum." segir í örnefnaskrá "Nokkur eyðiból eru í eða við þann hluta Vatnsdals, er nú hefur verið rakinn. Hjá Undirfelli voru heimahjáleigur Oddnýjarkot og Hringur eða Hringhóll, sem var norðan við túnið."
Heimildir: JÁM VIII, 277; Ö-Undirfell, 1; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 270-71

HV-193:024 heimild um fjárhús
Fjárhús voru á Húsatúni segir í athugasemdum við örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Undirfell ath, 2

HV-193:025 *Stórahólf* heimild um áveitu
"Stórahólf var umgirt görðum því þarna á eyrunum voru áveitur." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Undirfell ath, 3

HV-193:026 *Nautabú* heimild um fjós **Friðlýstar fornleifar**
ÍF: "... Þórir hafrsþjó at Nautabúi, þat heitir nú at Undunfelli." "Nautabúsmóar ná upp að vegi. Þar eru tóttarbrot og telja menn, að þar hafi nautbúið verið í gamla daga. Tóttin var friðlýst, en að sögn Hannesar virða Húnvetningar (eða kannski fremur virtu) ekki slíkar tilskipanir og var tóttin því sléttuð út." segir í örnefnaskrá ÁG: "Hinar fornu rústir Nautabús; þær eru í Nautabúsmóa, skamt fyrir innan hinn gamla farveg Kornsár."

Árbók 1892: Nautabúsmóar heita skamt fyrir sunnan hinn gamla farveg Kornsár; sést þar móta fyrir girðingum, enn lítið fyrir túni. Þar innan í eru upphækkanir, sem auðsjáanlega eru byggingarleifar. Þar hefir verið bærinn að Nautabúi, þar sem Þórir hafrsþjo Ingimundarson bjó (Vatnsd, 1860, 44). Þaðan er skamt (svo sem stekkjarvegr) fram til Undornfells.
Heimildir: Ö-Undirfell ath, 3, ÁG: Fornleifaskrá, 42; SV: "Rannsóknarferð"Árbók 1892, 78; ÍF VIII, 72

HV-193:027 *Oddnýjarkot* bæjarstæði býli
1706: "Odnijarkot var í fjárhússtæði frá Undenfelli, því sem nú er brúkað fyrir stekk eður fjárhús, hjáleiga fyrir 30 árum, litlu meir eður minna ... bygðin varaði það sinn um 2 eður 3 ár, og lá so í auðn um stundir; síðan var það bygt Bjarna nokkrum Andressyni um i ár." "Gerðistún var fyrrum búið þar, og hét þá Oddnýjarkot var kennt við konu sem þar hefur búið og hefur svo farið í eyði fyrir 1706, því þá er þar ekkert býli og hefur því verið kallað Gerðishús, því fjárhús hafa þar verið reist síðar, og eru enn þar í dag. Þetta Gerði og Gerðistún er að norðan verðu við Bæjarlækinn rétt fyrir neðan veginn." "Norðan við Bæjarlæk, upp undir vegi, var hóll sem hét Gerði. Á honum stóðu þrenn fjárhús, sem nú hafa öll verið rifin. Hannes tekur ekki rétt, að Oddnýjarkot hafi verið á Gerðistúni. Hins vegar eru tóttir, sem heita

Oddnýjarkot uppi á hálsinum fyrir ofan bæinn ..." "Nokkur eyðiból eru í eða við þann hluta Vatnsdals, er nú hefur verið rakinn. Hjá Undirfelli voru heimahjáleigur Oddnýjarkot og Hringur eða Hringhóll, sem var norðan við túnið."
Heimildir: JÁM VIII, 277; Ö-Undirfell, 1; Ö-Undirfell ath, 2; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 270-71

HV-193:028 *Gerði* heimild um fjárhús
"Gerðistún var fyrrum búið þar, og hét þá Oddnýjarkot var kennt við konu sem þar hefur búið og hefur svo farið íeyði fyrir 1706, því þá er þar ekkert býli og hefur því verið kallað Gerðishús, því fjárhús hafa þar verið reist síðar, og eru enn þar í dag. Þetta Gerði og Gerðistún er að norðan verðu við Bæjarlækinn rétt fyrir neðan veginn." "Norðan við Bæjarlæk, upp undir vegi, var hóll sem hét Gerði. Á honum stóðu þrenn fjárhús, sem nú hafa öll verið rifin. Hannes tekur ekki rétt, að Oddnýjarkot hafi verið á Gerðistúni. Hins vegar eru tóttir, sem heita Oddnýjarkot uppi á hálsinum fyrir ofan bæinn ..."
Heimildir: Ö-Undirfell, 1; Ö-Undirfell ath, 2

HV-193:029 *Grænutóttir* heimild
"Grænutóttir fyrir ofan brúnina fyrir sunnan Bæjarlækinn eru tóttarbrot gömul og græn." segir í örnefnaskrá Í athugasemdum segir að þetta sé sama og Oddnýjartóftir sjá 027.
Heimildir: Ö-Undirfell, 5; Ö-Undirfell ath, 1

HV-193:030 *Vatnsdalsrétt* heimild um rétt
"Á eyrunum fyrir sunnan og neðan Undirfell er Vatnsdalsrétt, skilarétt Vatnsdæla og Þingbúa."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 261.

HV-193:031 heimild
"Ytri-Ey. Bær í Vindhælishreppi á Skagaströnd, sýslumannssetur um skeið á 19. Öld og 1883-1990 var þar kvennaskóli. Er hann undanfari kvennaskólans á Blönduósi því að Ytri-Eyjarskólinn var fluttur þangað er skólahúsið brann um síðustu aldamót, en sem kunnugt er hófst kvennaskólahaldið í héraðinu að Undirfelli í Vatnsdal 1879-1883. Minnismerki um skólann hefur verið komið upp á Ytri-Ey."
Heimildir: Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson, Landið þitt Ísland V, 129

HV-193:032 gripir
Jarðfundinn steinlampi. "Steinlampi kringlóttur, þverm. 12 sm, gerður úr flatkúlumynduðum grágrýtishnullungi; h. 6,6 sm, dýpt skálarinnar, sem höggvin hefir verið í hann, er 2,2 sm í miðju, en þverm. hennar efst um 8 sm, hún er kringlótt og nokkurn veginn lík sneið af yfirborði reglulegrar kúlu. Innan í skálinni er svört skán og er hún er hituð, verður haf henni sterk lýsislykt."
Heimildir: MÞ: "Skýrsla um viðbót" Árbók 1912, 72

HV-194 Snærustaðir (Snæríngstaðir)
1706: "Eyðikot milli staðarins Undenfells og Brúsastaða, það eignar sjer presturinn að Undenfelli ..." JÁM VIII, 278 1318: "Kyrckia ad Vndenfelle ä allt heima land [.cccc. Snærestade" DI II 477-478. [1360/89]: "Kyrckia vnder vnderfelli ä allt heimaland. og Snæristadi." DI III, 162. 1394: "hun ä allt heimaland og Snærisstadi." DI III, 540-541. Jörðin byggð upp aftur um 1836. Snærisstaðir rétt heiti á jörðinni. HÞ: "Rannsókn og leiðrjettingar" Árbók 1923, 62. 1/5 úr landi Undirfells.

1918: Tún 2,3 ha, 1/6 slétt, garðar 166 m2 "Jörðin er landlítil, hvað beitiland snertir, en rýmra neðan brekkna og túnstæði gott. Hægt og notalegt býli." Húnaþing II, 347

HV-194:001 *Snærustaðir (Snæríngstaðir)* bæjarstæði býli
"Bærinn stóð samtýnis Brúsastaðabæ í sléttu, en lítið eitt hallandi túni, stutt milli bæja. Nú er risið nýtt íbúðarhús ofan vegar upp undan útihúsum." segir í Húnaþingi
Heimildir: Húnaþing II, 347; Túnakort 1918

HV-194:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-194:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-194:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-194:005 *Bræðratóft* örnefni
"Bræðratóft á Bræðraholti." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Snæringstaðir, 1

HV-194:006 *Oddnýjarkot* örnefni býli
"Oddnýjarkot, utan og ofan við túnið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Snæringstaðir, 1

HV-194:007 *Gvendarbrunnur* lind brunnur
"Gvendarbrunnur, lind á Oddnýjarkoti." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Snæringstaðir, 1

HV-194:008 *Vörðubrún* örnefni
"Vörðubrún, önnur brún fyrir ofan [Oddnýjarkotshólinn]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Snæringstaðir, 1

HV-195 Brúsastaðir

24 hdr 1706, Þingeyrarklausturseign. Bænhús á jörðinni. 1424: Vottunarbréf um torfskurð frá Brúsastöðum. DI IV, 314. 1486. Jörðin nefnd í bænhúsaskrá. DI V, 353

1706: "Túninu spillir skriða úr brattlendi, og lækur sem jarðföll gjörir í túninu. Engjar öngvar, nema það sem hent verður í úthögum ..." JÁM VIII, 278. "Túninu hallar mót austri. Víðáttumikið ræktunarland er neðan brekkna, sumt mýrlent, en þurrir vallendisbakkar með ánni. Beitiland til hálsa stórt og gott." Húnaþing II, 346

HV-195:001 *Brúsastaðir* bæjarhóll bústaður

HV-195:002 heimild um bænhús
BRÚSASTAÐIR Í VATNSDAL (UNDIRFELLSÞING) (AH) ? BÆNHÚS
1486. er niðri, DI V 353
Heimildir: DI

HV-195:003 *Brúsahóll* þjóðsaga legstaður
"Í túninu sunnan og ofan við bæinn er Brúsahóll. Þjóðsagan segir að fé sé fólgið í honum og hafi tilraunir verið gerðar til að grafa eftir því, e þá hafi þeim, er að unni, ætíð sýnst Þingeyrarkirkja standa í björtu báli og því hætt." segir í Húnaþingi "Brúsahóll, efst á Lækjartungu, stór hóll." segir í örnefnaskrá

"Önnur sögn var til, sem ég heyri í æsku á þá leið, að bæjarhúsin stæðu í báli, en grafið væri í hólinn." Hluti hólsins hvarf við vegagerð 1984. Brúsahaugur er hjá Brúsastöðum í Vatnsdal. Þar fór einu sinni maður að grafa í og er hann hafði grafið hinn fyrsta dag dreymdi hann um nóttina að maður kom að honum, mikill og illilegur, og bað hann hætta að grafa, eða skyldi hann illt af því hafa. Um morguninn vaknaði hann og gaf sig ei að draumnum, en fór að brjóta hauginn. Um nóttina eftir dreymdi hann manninn sama og áður og var hann þá miklu ógurlegri en hina fyrri nóttina og hótaði honum öllu illu ef hann hætti nú ei við hauginn. Maðurinn vaknaði um morguninn og fór til haugsins. Var þá moldin fallin niður í gryfjuna og svo var og hinn fyrra dag. Gróf nú maðurinn þenna dag allan til kvölds og var hann þá kominn að viðum. Hætti hann þá við því nótt var kominn. En um nóttina vaknaði fólkið á bænum við það að pilturinn ætlaði að hengjast og var dreginn ofan úr rúminu og varð ei vakinn fyrr en hann var kominn úr. Eftir þetta hætti hann og hefur haugurinn síðan ei [verið] brotinn. Austan á haugnum sjást enn

mannvirki.
Heimildir: Húnaþing II, 346; Ö-Brúsastaðir svör við sp, 3; Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I, 269

HV-195:004 *Brunnhústunga* heimild um brunn
"Brunnhústunga, stykkið neðan götu, niður af Vinnumannsvelli." segir í örnefnaskrá Í athugsemdum segir að þar hafi verið brunnur og gott vatn.í svörum við spurningum segir að þar sjáist ekki fyrir brunni né Brunnhúsið.
Heimildir: Ö-Brúsastaðir, 1;Ö-Brúsastaðir ath, 1; Ö-Brúsastaðir svör við sp, 2

HV-195:005 gata leið
"Brunnhústunga, stykkið neðan götu, niður af Vinnumannsvelli." segir í örnefnaskrá Í athugasemdum segir að gatan hafi verið troðin en sé nú horfin.
Heimildir: Ö-Brúsastaðir ath, 1

HV-195:006 *Djöflareitur* örnefni
"Leynir, syðst og neðst í túninu; þar hét áður Djöflareitur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brúsastaðir, 1

HV-195:007 heimild
"Lítið er á Leyni frá bæ séð, er hæð á milli. Óglögg tóftarbrot voru bæði á Leyni og á Orfabrjót, en óvist, vað þar hafði verið, stekkir eða hús." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brúsastaðir ath, 2

HV-195:008 heimild
"Lítið er á Leyni frá bæ séð, er hæð á milli. Óglögg tóftarbrot voru bæði á Leyni og á Orfabrjót, en óvist, vað þar hafði verið, stekkir eða hús." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brúsastaðir ath, 2

HV-195:009 *Bræðratóft* heimild
"Bræðratóft, hóll með gömlu tóftarbroti, norðan við túnið:" segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brúsastaðir, 2

HV-195:010 heimild um áveitu
"Stykki liggur yzt við merki, niður af Mýrinni, nær ofan að á, og aðstíflugarði, er takmarkar það að sunnan." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brúsastaðir, 2

HV-195:011 *Vaðhvammur* örnefni vað
"Vaðhvammur, stór hvammur niður á milli Kollóttamels og Ljótarmels." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brúsastaðir, 2

HV-195:012 *Mór* örnefni mógrafir
"Mór, norður af Skeiðmel, ofan við Torfur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brúsastaðir, 3

HV-195:013 *Torfhóll* örnefni rista
"Torfhóll, allstór hóll í Börðunum, norður af Mónum ofanverðum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brúsastaðir, 3

HV-195:014 *Huldufólkslaut* örnefni huldufólksbústaður
"Huldufólkslaut, djúp, bogamynduð laut niður í Börðum, beint upp af norðasta stekkjarbroti á Hólmunum, full af grasi, en aldrei slegin." segir í örnefnaskrá. Ef þar væru slegið drapst skepna segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Brúsastaðir, 3; Ö-Brúsastaðir ath, 3

HV-195:015 heimild um stekk
"Huldufólkslaut, djúp, bogamynduð laut niður í Börðum, beint upp af norðasta stekkjarbroti á Hólmunum, full af grasi, en aldrei slegin." segir í örnefnaskrá Í svörum við spurningum segir: "Þarna mun vera átt við stekki, en það voru þrjú tóftarbrot á Hólma með stuttu millibili. Stekkir þessir voru á austari bakka Síkis, sá nyrzti þeirra á móts við bæinn."
Heimildir: Ö-Brúsastaðir, 3; Ö-Brúsastaðir svör við sp, 4

HV-195:016 heimild um ristu
"Torfholt, norðan við Langholtsgrund." segir í örnefnaskrá Í athugasemdum segir að torfið sem var þurrkað þar hafi verið rist í Flóa.
Heimildir: Ö-Brúsastaðir, 3; Ö-Brúsastaðir ath, 3

HV-195:017 *Miðaftansvarða* varða
"Vörðubrún. Næsta brún fyrir ofan Stell, beint upp frá bænum." segir í örnefnaskrá Í svörum við spurningum segir að Miðaftansvarða standi enn á Vörðubrún.
Heimildir: Ö-Brúsastaðir, 3; Ö-Brúsastaðir svör við sp, 6

HV-195:018 *Kofaás* örnefni smalakofi
"Dýjaflóaás (Kofaás, yngra nafn), þurrlendisás, vaxinn hrísi og lyng, liggur beint suður af Fellinu." segir í örnefnaskrá Í svörum við spurningum segist Björn hafa heyrt að smalar byggðu þar kofa, en engin merki þeirra hefur hann séð.
Heimildir: Ö-Brúsastaðir, 4; Ö-Brúsastaðir svör við sp, 6-7

HV-195:019 varða landamerki
"Ljótarmelur er hár og stór melur sunnan við Vaðhvamm. Fellur áin að honum að austan. Er hann á merkjum milli Brúsastaða og Áss, með vörðu á." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brúsastaðir, 3

HV-195:020 *Hofsvað* heimild um vað
"Bílum var ekið yfir Hofsvað á sumrin, þegar lítið var í ánni." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brúsastaðir ath, 2-3

HV-195:021 heimild um fjárhús
Í svörum við spurningum segir að fjárhús standi á Húsatúni og hafi staðið lengi. Nýju húsin voru byggð á rústum hinna eldri.
Heimildir: Ö-Brúsastaðir svör við sp, 2

HV-195:022 heimild
Þegar vegurinn var gerður 1984 hvarf hluti Brúahóls sem og hlaðinn grjótgarður.
Heimildir: Ö-Brúsastaðir svör við sp, 3

HV-195:023 heimild um hesthús
Samkvæmt svörum við spurningum var hesthús nálægt Leyni sá 006-7.
Heimildir: Ö-Brúsastaðir svör við sp, 3-4

HV-195:024 heimild
Samkvæmt svörum við spurningum standa enn garðar sem afmörkuðu túnið Þríhyrnu.
Heimildir: Ö-Brúsastaðir svör við sp, 4

HV-196 Ás

Talin 40 hdr 1706, Þingeyrarklausturseign. Útkirkja á jörðinni. Oddaáss getið í Landnámu. ÍF I, 221. Jarðarinnar getið í Vatnsdælu. ÍF VIII, 56-57. Jarðarinnar er einnig getið í Gunnlaugs sögu Ormstungu. ÍF III, 62. [1360/89]: "[til Undirfells liggur] halff kyrckia j asi" DI III, 162. "1432: "kirka giordh firir hundrat en j fynd vij hundrot." DI IV, 512. 1449: "Ás í Vatnsdal liggr j vndanfellz kirkiu sokn, ... sagde [Jón Þorkelsson seljandi jarðarinnar] halfkirkiu skylld a jordunne ase ok þar ætti heima at takazt tiunder ok liostollar bonda ok huspreyiu ok allra heima manna." DI V, 28 sbr DI V, 50 er Gottskálk bp kaupir afgang jarðarinnar af Þorsteini Jónssyni 1450. 1467: Ólafur Hólabiskup selur jörðina fyrir Uppsali í Skagafirði. DI V, 480. 1486: kirkjan er uppi, DI V, 353. 550: Yfirlýsing Erlends lögmanns Þorvarðarsonar að hann hafi selt Birni Jónssyni jörðina. DI XI, 779. 1706 voru tvær eyðihjáleigur Ljótunarkinn og Ásshús. Hjáleigur nefndar í Húnaþingi eru Áshús, Háahlíð, Grænhóll og Brekka. Jörðinni skipt í Ás I og II. Ásbrekka nýbýli frá 1935. Húnaþing II, 343-344

"Stórviðri á landnorðan bera möl og sand á túnið. Engjum spillir Vatnsdalsá með sands og leirs yfirgángi." JÁM VIII, 280 1918: Tún 10,4 ha, 2/5 slétt, garðar 491 m2 "Jörðin er landmikil og undirlendi undra mikið á alla vegu. Þar munar mest um Áshagann, sem tekur þvert fyrir dalinn og er að nokkru tún frá náttúrunnar hendi." Húnaþing II, 344

HV-196:001 *Ás* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-196:002 heimild um útkirkja
ÁS Í VATNSDAL (UNDIRFELLSÞING) (AH) ? Gervasíusi og Prostasíusi ? HÁLFKIRKJA
[1360?89]: [til Undirfells liggur] halff kyrckia j asi; Máld DI III 162 [Undirfells]
17.8.1432:kirka giordh firir hundrat en j fynd vij hundrot
Porcio vj aurar vm tau ar a huortt; Vísitasíugerð DI IV 512
4.9.1449: Ás í Vatnsdal liggr j vndanfellz kirkiu sokn, ... sagde [Jón Þorkelsson seljandi jarðarinnar] halfkirkiu skylld a jordunne ase ok þar ætti heima at takazt tiunder ok liostollar bonda ok huspreyiu ok allra heima manna; DI V 28 sbr DI V 50 er Gottskálk bp kaupir afgang jarðarinnar af Þorsteini Jónssyni 1450
1486: er uppi, DI V 353
Heimildir: DI

HV-196:003 heimild um fjós
"Hesthúshóll fram undan hesthúsinu, sem var sunnan við fjósið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 1; Túnakort 1918

HV-196:004 heimild um hesthús
"Hesthúshóll fram undan hesthúsinu, sem var sunnan við fjósið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 1; Túnakort 1918

HV-196:005 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-196:006 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-196:007 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-196:008 *Ljótunarkinn* bæjarstæði býli **Friðlýstar fornleifar**
1706: "Ljótunarkinn eru hjer forn gerði, og líkindi til, að til forna hafi bygð verið, það hefur ekki verið um 100 ár og enginn minnist það. Hún hefur jörðin Ás þá grasnautn alla ..." "Ljótarkinn, sunnan undir Ljótarmel, sér þar fyrir öllum túngarði og grænum eldgömlum húsagirðinum, þar átti Hrollleifur og Ljót að hafa búið." segir í örnefnaskrá "Gegnt Marðarnúpi gengur allhár ás fram úr hálsinum vestan Vatnsdals og stendur bærinn Ás (Oddsás) sunnan í honum. Ekki mun bústaður Ljótar og Hrolleifs hafa verið þar,

heldur norðar í ásnum, þar sem nú heitir Ljótarkinn. Þar eru rústir fornar og friðlýstar."

"Ljótarmelur var líka kallaður Stórimelur. Talið var, að Ljótarmelur væri kenndur við kerlinguna Ljót, sem sagt er frá i Vatnsdælu ... Sunnan í melnum mótaði fyrir tóftum, og þar var grænna, eins og hefði verið þar rækt í, var talið, að e.t.v. hefði Ljót búið þar." segir í athugasemdum við örnefnaskrá "Þorsteinn kvazk ætla, at síðar myndi verra. Ingimundr byggði þeir Hrolleifi ok Ljót, móður hans, bæinn Áso, ok bjuggu þau þar lengi ..." ÁG: "Ás. Rústir eyðibýlisins Odda-áss í Ljótunarkinn; þær eru í grænni brekku sunnan í Odda-ásnum, sem er áfastur bæjarásnum í Ási, norðvestur frá honum."
Heimildir: JÁM VIII, 280; Ö-Ás, 2; ÍF VIII, 56-57; ÁG: Fornleifaskrá, 42; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 256; Ö-Brúsastaðir ath, 2

HV-196:009 *Húsatún* örnefni
"Húsatún, fram undan efri húsunum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 1

HV-196:010 *Hagahlíð* bæjarstæði býli
"Hjáleigur vor tvær auk þeirra sem getið er við Ásbrekku - Áshús og Hagahlíð." segir í Húnaþingi "Í landi Áss eru eyðihjáleigurnar Brekka hjá Brekkulæk, sem skilur lönd Saurbæjar og Áss, Áshús út og upp frá bænum, Hagahlíð í Tjaldkróknum austan í miðjum Ásnum neðarlega, og Grænhóll, þar sem nú er Ásbrekka. Brekka er nefnd í jarðaskrám Þingeyraklausturs. Hún mun síðar hafa verið köluð Brekkukot."
Heimildir: Húnaþing II, 344; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 257

HV-196:011 *Grænhóll* bæjarstæði býli
Grænhóll var hjáleiga frá Ási, nú í landi Ásbrekku þar sem útihúsin standa nú segir í Húnaþingi
Í landi Áss eru eyðihjáleigan Grænhóll, "þar sem nú er Ásbrekka."
Heimildir: Húnaþing II, 343; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 257

HV-196:012 *Fjósvöllur* örnefni fjós
"Fjósvöllur neðan við bæinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 1

HV-196:013 *Kvíakrókur* örnefni kvíar
"Kvíakrókur, þar sunnan við [Hrygginn]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 1

HV-196:014 *Gvendarbrunnur* brunnur vatnsból
"Gvendarbrunnur í ýrinni skammt fyrir sunnan túnið, er einn af mörgum sem Gvendur góði Hólabiskup á að hafa vígt." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 2

HV-196:015 *Ullargrund* örnefni þvottastaður
"Ullargrund fyrir utan túnið, neðan við réttina." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 2

HV-196:016 heimild um rétt
"Ullargrund fyrir utan túnið, neðan við réttina." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 2

HV-196:017 *Ljótarmelsvarða* varða
"Ljótarmelsvarða, á hámelnum [Ljótarmel]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 2

HV-196:018 *Stillur* heimild um vað
"Stillur, grunnt vað á sínu, raðað þar steinum, svo hægt er að komast þar yfir undir Arnarnöf." segir í

örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 2

HV-196:019 *Kúavað* heimild um vað
“Kúavað, norðar á sýkinu, rétt fyrir utan krókinn á því.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 3

HV-196:020 *Tjaldkrókur* heimild um tjaldstæði
“Kúavað, norðar á sýkinu, rétt fyrir utan krókinn á því. Tjaldkrókur öðru nafni Háahlíð, krókur eða laut í ásinn að austan. Þar sést fyrir grænum tóttum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 3

HV-196:021 *Kró* heimild um stekk
“Kró, gamall stekkur í miðri Hagatánni, sunnarlega.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 3

HV-196:022 *Þvottagilslækur* örnefni þvottastaður
“Þvottagil og Þvottagilslækur utan og ofan við túnið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 3-4

HV-196:023 heimild um hesthús
“Bali ofan við hesthúsið út og upp Slóðir, fjárhússlóðirnar upp á hálsinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 4

HV-196:024 *Slóðir* heimild um leið
“Bali ofan við hesthúsið út og upp Slóðir, fjárhússlóðirnar upp á hálsinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 4

HV-196:025 heimild um fjárhús
“Bali ofan við hesthúsið út og upp Slóðir, fjárhússlóðirnar upp á hálsinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 4

HV-196:026 *Nónvarða* varða eyktamark
“Nónvarða á brúninni, beint upp undan bænum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 4

HV-196:027 *Olbogavarða* varða
“Olbogavarða á holtinu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 4

HV-196:028 varða landamerki
“Vörðuhóll, hóll með vörðu á hér um bil á merkjum að norðan á miðjum hálsi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 4

HV-196:029 heimild um rétt
“Nátthagi í efribrún. gamalt réttarstæði þar sem féð var hýst framan af vetri.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 4

HV-196:030 *Byrgisás* örnefni
“Byrgisás, vestan við Dýaflóa, rétt fyrir austan Kornsárkvísl.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 4

HV-196:031 *Stekkjardalur* örnefni stekkur
"Stekkjardalur, ofan með móhellunni að norðan, takmarkast af holti að norðan. Stekkjarholt, neðan við Stekkjardalinn, austan við mýrina.2 segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 5

HV-196:032 *Stekkjarhraun* örnefni stekkur
"Stekkjarhraun, urð í brúninni upp undan bænum. Stekkjarhraunslaut, neðan við Stekkjarhraun. Stekkjarhraunslækur eða Grænhólalækur rennur ofan í gengum túnið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 5

HV-196:033 *Ássel* heimild um sel
"Ássel á litlum þurrum grastanga við [Kornsár]kvíslina þar var fyrrum haft í seli í Ási, en á hvaða tíma það var í brúki, er hulið fyrir löngu gleymsku tíma." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ás, 5

HV-196:034 *Oddaás* heimild um býli **Friðlýstar fornleifar**
ÁG: Ás. Rústir eyðibýlsins Odda-áss í Ljótunnarkinn; þær eru í grænni brekku sunnan í Odda-ásnum, sem er áfastur bæjarásnum í Ási, norðvestur frá honum. Melhæð, sunnar en á móts við Hof, vestan ár. Grasi vaxin að sunnanverðu. SV: 1892: "Þar er girðing .. 5 dagsláttur að ummáli, mjög fornleg. Þar innan í eru 3 tóftir. Ein tóftin, sem er 30-32 fet á lengd og svo sem 8-9 fet á breidd, virðist vera skálatóft eða bæjarhús, og er brött brekka niðr frá. Tóftin snýr í austr og vestr, og hafa dyr verið á suðrhlið nær vestra gaflhlaði. Kumbaldi nokkur hefir gengiðút úr norðrhlið nær austrenda. Þá er önnur tóft hér um bil þriðjungi styttrim litlu vestar, er snýr í norðr og suðr. Vestrveggrinn er óglöggr og þar munu dyr veriðhafa. Ekki löngu vestar, niðr frá tóftum þessum, skamt frá hinni síðarnefndu, er tóftarkumbaldi lítill, mjög útflattr, og er djúp lægðofan í miðju tóftarinnar. Þetta kæmi mjög vel heim viðsöguna, að hér hafi verið blóthús Ljótar í Oddaási (Vatnsd. bls.42) (1). Dyr verða eigi ákveðnar. Oddaás gat bærinn hafa heitiðaf lögun hins áðrtalda mels, og hafi bærinn Stóri áss þá jafnvel verið bygðr." BJ 1895: "Uppi í miðri brekkunni er bæjarrúst lítil og mjög niður sokkin. Skálatóftin hefir verið rúmir 6 faðmar á lengd og 2 faðmar á breidd. Vesturendinn er óglöggur, og hafa dyrnar verið þar. Bak til er önnur tóft, sem innangengt hefir verið í við austurhorn skálans, nál. 2 faðm. á lengd og breidd. Beint vestur frá dyrunum er djúp lægð eða hola, sem ógjörla sjer fyrir tóft utan um. Mun þar hafa verið blóthús Ljótar og blótgröf í. Kemur það heim við það er sagan segir: "Þeir sá hús standa lítit fyrir dyrum og hliðmilli ok aðaldyranna. Þorsteinn mælti: Þetta mun vera blóthús."
Heimildir: SV: "Rannsóknarferð" Árbók 1892, 121; BJ: "Rannsókn sögustaða" Árbók 1895, 5; ÁG: Fornleifaskrá, 42

HV-196:035 *Ásshús* bæjarstæði býli
1706: "Ásshús segja menn hafi verið hjer í landinu hjáleiga um i ár; kosti vita menn öngva, og var það hvorki bygt fyr hje síðar, so byggíng megi nefma. En fyrir fáum árum var það húsnæði léð Jóni nokkrum Ólafssyni með móður sinni, er Helga hjet, þeirra bygð varaði um eitt miseri, og urðu engin skil fyrir afgjaldi." "Hjáleigur vor tvær auk þeirra sem getið er við Ásbrekku - Áshús og Hagahlíð." segir í Húnaþingi

"Í landi Áss eru eyðihjáleigurnar Brekka hjá Brekkulæk, sem skilur lönd Saurbæjar og Áss, Áshús út og upp frá bænum, Hagahlíð í Tjaldkróknum austan í miðjum Ásnum neðarlega, og Grænhóll, þar sem nú er Ásbrekka. Brekka er nefnd í jarðaskrám Þingeyraklausturs. Hún mun síðar hafa verið köluð Brekkukot."
Heimildir: JÁM VIII, 280; Húnaþing II, 344; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 257

HV-197 Saurbær
20 hdr 1706 konugseign, ein af Vatnsdalsjörðunum. 1318: Jörðin nefnd í máldaga Grímstungu. DI II, 476-377. 1360: Jörðin nefnd í máldaga Grímstungukirkju. DI III 161-162. Sama 1394, Brekka einnig nefnd í þessum máldögum, sennilega sama og Brekkukot. 1547: Selur Pétur Jónsson séra Birni Jónssyni jörðina. DI XI, 554. 1706 Brekkukot eyðihjáleiga.

1706. "Túninu grandar vatnsuppgángur, og hætt er við að í mýri falli meiri hlutinn. Engið

brýtur Vatnsdalsá, og er nær til helmínga brotið." JÁM VIII, 282 1918: Tún 3,5 ha, 2/7 slétt, garðar 366 m2. "Jörðin er frekar landlítil og erfitt um ræktun heima. Vatnsdalsá hefur herjað mjög á undirlendið en nú er landbrot heft með fyrirhleðslum. Nú er komið upp talsvert nytjaland austan ár, en erfitt er að verja það vegna ísruðninga frá ánni, sem níðir girðingar." Húnaþing II, 342

HV-197:001 *Saurbær* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-197:002 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-197:003 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-197:004 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-197:005 heimild um rétt
"Að sunnan ræður bein lína vestan frá Kvísl, um Saurbæjarstein og Merkjavörðu austur undir brún og þaðan beint ofan í merkjaskurð, sem er í flóanum milli Haukagils og Saurbæjar, og úr austurenda skurðsins beint austur í línu þá, er skilur land milli Þórormstungu, og Haukagils og Saurbæjar, miðuð frá vörðu vestan til á Ássmóshellu í fornar fjárréttar rústir á svo nefndur Rjettarhólma." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 1

HV-197:006 heimild
"Partur er nefnt engjastykki fyrir neðan túnið fyrir sunnan bæinn. Jaðrar það við suðurhluta túnsins, eins og áður er sagt. Ræður garðlag að norðan og neðan, en skurður grunnur að sunnan, tjörnin á vorin." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 2

HV-197:007 heimild um fjárhús
"Merkjagil er fyrir ofan veginn á merkjum að sunna, Ullargil næsta gil þar fyrir norðan. Húsagil er fyrir norðan Ullargil upp frá húsunum, þ.e. fjárhúsunum á suðurtúninu. Húsamelur er sunnan við gilið. Húsamelur heitir líka melur skammt fyrir ofan norðurtúnið, eða eins og S.J., orðar það, rétt út og upp frá því." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 2

HV-197:008 *Húsamelur* örnefni
"Merkjagil er fyrir ofan veginn á merkjum að sunna, Ullargil næsta gil þar fyrir norðan. Húsagil er fyrir norðan Ullargil upp frá húsunum, þ.e. fjárhúsunum á suðurtúninu. Húsamelur er sunnan við gilið. Húsamelur heitir líka melur skammt fyrir ofan norðurtúnið, eða eins og S.J., orðar það, rétt út og upp frá því." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 2

HV-197:009 heimild um stekk
"Horn heitir holt rétt norðan við stekkjarbrot, sem er við ána skammt fyrir norðan garðlag það, sem liggur niður með túninu að norðan." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 3

HV-197:010 heimild um túngarð
"Horn heitir holt rétt norðan við stekkjarbrot, sem er við ána skammt fyrir norðan garðlag það, sem liggur niður með túninu að norðan." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 3

HV-197:011 *Gamlistekkur* heimild um stekk
"Gamlistekkur er upp undir brekknafótum skammt fyrir sunnan Brekkulækinn. S.J segir Gamlastekk vera milli Djúpaskurðs og Stakka-Bjarnavörðu, neðan við brekkuna." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 3

HV-197:012 *Stalla-Bjarnavarða* varða
"Samkvæmt D.D. er Stalla-Bjarnavarða á holti rétt fyrir norðan Gamalstekk, en S.J. segir hana vera á holti fyrir ofan veginn skammt fyrir sunnan Brekkulækinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 3-4

HV-197:013 *Jörundarbáruvarða* varða
"Jörundarbáruvarða er á stórum steini í brúninni nokkuð fyrir norðan og neðan Nónsteina, milli Beltanna, en ofar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 4

HV-197:014 *Miðaftansvarða* varða eyktamark
"Miðaftansvarða var upp af lækjargilinu fyrir norðan bæinn. Samkvæmt S.J. var hún á brúninni í vestur af bænum (er aðeins nokkrar hellur og löngu hruninn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 4

HV-197:015 *Efribrúnarvarða* varða
"Efribrúnarvarða er kölluð varða á Efribrúninni hér um í vestur af Nónsteinadragi ..." segir í örnefnaskrá í athugasemdum við örnefnaskrá segir að þetta sé sennilega varðan Jóka.
Heimildir: Ö-Saurbær, 4; Ö-Saurbær ath, 2

HV-197:016 *Selhóll* örnefni sel
"Selhóll er kippkorn fyrir sunnan Nónsteinadrag neðan við Efribrún milli Ulargils og merkjagils. Selhólslaut er fyrir norðan Selhólinn. S.J. segir Selhólslaut vera valllendisblett suður af Nónsteinsdragi, norður af Ullargilslæk." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 5

HV-197:017 *Rústir* heimild
"Þar fyrir vestan (vestur af suðurenda Barðs og Slóðaháls (S.J.)) tekur við flá með rústum, kölluð Rústir, og vestan til í henni blautt drag með pyttum, er Drápur heitir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 5

HV-197:018 heimild um smalakofa
"Einbúi heitir hóll vestur undan Tjarnarásnum sunnan til (vestur af) suðurhluta Tjarnarásdrags. Vestur af honum, skammt frá Kornsárkvíslinni er stór stein með litlu grjótbyrgi (smalabyrgi)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 5-6

HV-197:019 *Kobba* varða
"Kobba. Varða á melhól norðan við Leirtjörn (þá tjörn kölluðum við Kofatjörn og dró hún nafn af samalakofa á Búðarhól, sem við kölluðum raunar aldrei Slóðhól). Þessi varða var fjórköntuð vel hlaðin og jöfn við sig en ekki mjög há." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær ath, 2

HV-197:020 *Húsavarða* varða
"Húsvarða. Svo var varða suður og upp af fjárhúsunum á melhól nokkuð norður og upp af Ullargili. Þessa vörðu hlóð ég sjálfur og kallaði Húsavörðu." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær ath, 2

HV-197:021 heimild um fjárhús
"Húsvarða. Svo var varða suður og upp af fjárhúsunum á melhól nokkuð norður og upp af Ullargili. Þessa vörðu hlóð ég sjálfur og kallaði Húsavörðu." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær ath, 2

HV-197:022 *Hringhóll* heimild
"Hringhóll hét hóll beint upp undan bænum í túninu við veginn, þar sem túnið lá næst brekkunum. Þar voru einhverjar tóftir." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær ath, 2

HV-197:023 *Stekkur* heimild um stekk
"Stekkur kölluðum við rústir, sem stóðu nálægt ánni, þar sem lengst sézt til norðurs frá bænum. Þar voru uppistandandi veggir 1925." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær ath, 3

HV-197:024 heimild um áveitu
"Tjörnin var í stykkinu, sem örnefnaskráin kallar Part. Garðar að norðan og neðan og þegar stíflað var útrennsli í norðausturhorni myndaðist tjörn, því bæjarlækurinn rann í boga fyrir neðan bæinn og út í tjörnina." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær ath, 3

HV-197:025 heimild um þvottastað
Ull var þvegin í Ullarlæk, sama og Ullargil segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær ath, 3

HV-197:026 *Brekka* bæjarstæði býli
1706: "Það eru munnmæli að hjer muni til forna hafa bygð verið; enginn veit það og engin eru þess vitni, nema girðíngaleifar einar. Stekkur hefur hjer verið frá heimajörðinni um lángan aldur og brúkar heimajörðin grasnautn alla." Eyðihjáleiga talin með 1802. "Brekka hét gamla býlið sunnan við Brekkulækinn niður við ána. Sést fyrir tóttum grænum og túngarði, en hefur verið lítið tún." segir í örnefnaskrá Brekka var hjáleiga frá Ási, nú í landi Ásbrekku segir í Húnaþingi

Brekka nefnd í máldögum Grímstungukirkju 1318, 1360, 1449. "Í landi Áss eru eyðihjáleigurnar Brekka hjá Brekkulæk, sem skilur lönd Saurbæjar og Áss, Áshús út og upp frá bænum, Hagahlíð í Tjaldkróknum austan í miðjum Ásnum neðarlega, og Grænhóll, þar sem nú er Ásbrekka. Brekka er nefnd í jarðaskrám Þingeyraklausturs. Hún mun síðar hafa verið köluð Brekkukot."
Heimildir: JÁM VIII, 282; JJ, 234; Ö-Saurbær, 3; Húnaþing II, 343; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 257

HV-197:027 varða landamerki
"Að sunnan ræður bein lína vestan frá Kvísl, um Saurbæjarstein og Merkjavörðu austur undir brún ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 1

HV-197:028 varða landamerki
"Að sunnan ræður bein lína vestan frá Kvísl, um Saurbæjarstein og Merkjavörðu austur undir brún og þaðan beint ofan í merkjaskurð, sem er í flóanum milli Haukagils og Saurbæjar, og úr austurenda skurðsins beint austur í línu þá, er skilur land milli Þórormstungu, og Haukagils og Saurbæjar, miðuð frá vörðu vestan til á Ássmóshellu í fornar fjárréttar rústir á svo nefndur Rjettarhólma." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurbær, 1

HV-198 Haukagil
40 hdr 1706. Útkirkja á jörðinni. Jörðin nefnd í Sturlungu, Vatnsdælu og Hallfreðarsögu. Sturlunga saga II, 35; ÍF VIII, 46, 150. ca. 1000 [982/986]: "Ólafr at Haukagili gerði síðan kirkju á bæ sínum, en Þorvaldur [Víðförli] fékk honum viðinn til."1486: Jörðin nefnd í bænhúsaskrá. DI V, 353 1706:

Gilsbakki eyðihjáleiga á afréttinni. Gilhagi var hluti af jörðinni til 1925 í eyði frá 1931.

1706: "Túninu granda lækir með grjóts og leirs áburði. Engjunum granda sömu lækir að ofan, en að neðan Vatnsdalsá, sem brýtur landið til stórskaða." JÁM VIII, 283 1918: Tún 7,5 ha, 1/3 slétt, garðar 686 m2 "Umhverfi slétt og þurrt, ræktunarskilyrði góð." Húnaþing II, 341

HV-198:001 *Haukagil* bæjarhóll bústaður
"Frá fornu hefur bærinn staðið upp við túnhólana, en 1936 var hann færður þagað, sem nú er." segir í Húnaþingi "Bærinn með áfasti skemmu og smiðju stóð skammt sunnan við Bæjarlækinn fast upp við ytri Bæjarhólinn. Bæjarhólarnir eru tveir, ytri og syðri, neðst í brekkunni sunnan við Bæjargilið. Sá nyrðri ofan við bæinn, en hinn syðri aðeins sunnar.
Heimildir: Húnaþing II, 341; Ö-Haukagil, 3; Túnakort 1918

HV-198:002 heimild um útkirkja
HAUKAGIL Í VATNSDAL (AH)
ca. 1000 [982?986]: „Ólafr at Haukagili gerði síðan kirkju á bæ sínum, en Þorvaldur [Víðförli] fékk honum viðinn til." (GRÍMSTUNGUÞING) ? HÁLFKIRKJA
1486: er uppi, DI V 353
Heimildir: Biskupasögur I, 42; DI

HV-198:003 heimild um fjós
Heimildir: Túnakort 1918

HV-198:004 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-198:005 *Norðustuhús* heimild um fjárhús
"Fjárhúsin voru þrenn og stóðu austast á Hólabarðinu með stuttu millibili, þ.e. Norðustuhús, Miðhús og Syðstuhús. Tóku þau samtals um 300 fjár." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 4-5; Túnakort 1918

HV-198:006 *Miðhús* heimild um fjárhús
"Fjárhúsin voru þrenn og stóðu austast á Hólabarðinu með stuttu millibili, þ.e. Norðustuhús, Miðhús og Syðstuhús. Tóku þau samtals um 300 fjár. Við Miðhúsin var tveggja króa hesthús fyrir um 20 hross." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 4-5; Túnakort 1918

HV-198:007 *Syðstuhús* heimild um fjárhús
"Fjárhúsin voru þrenn og stóðu austast á Hólabarðinu með stuttu millibili, þ.e. Norðustuhús, Miðhús og Syðstuhús. Tóku þau samtals um 300 fjár. Við Miðhúsin var tveggja króa hesthús fyrir um 20 hross." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 4-5; Túnakort 1918

HV-198:008 heimild um rétt
"Réttin er fjárréttarrústir norðan Skriðunnar, upp við brekkurnar. Var hún sameign Haukagils og Saurbæjar og notuð sameiginlega allt til ársins 1925, enda gekk þá fé saman frá báðum bæjum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 2-3

HV-198:009 heimild um lambhús
"Syðst og efst á Norðurtúni er Lambhúshóll en ofar og norðar voru Lambhúsin, fyrir um 60 fjár." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 3

HV-198:010 *Hofið* heimild
“Ofan til á miðju Norðurtúni voru gamlar húsarústir, venjulegast kallaðar Hofið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 3

HV-198:011 heimild um hesthús
“Hesthúsið var efst í skriðujaðrinum að sunnan.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 3

HV-198:012 heimild um kálgarð
“Kálgarðarnir , tveir, annar við Hesthúsin og hinn ofar, nokkru stærri.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 3

HV-198:013 heimild um kálgarð
“Kálgarðarnir , tveir, annar við Hesthúsin og hinn ofar, nokkru stærri.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 3

HV-198:014 heimild um myllu
“Neðst í Bæjargilinu var Myllan, kornmylla knúin vatnsafli.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 3

HV-198:015 *Lindin* lind brunnur
“Í syðra barmi gilsins er uppsprettulind kölluð Lindin. Árið 1910 var þar hlaðinn upp brunnur og leit frá honum vatn í bæjarhús og síðar fjós.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 3

HV-198:016 heimild um fjós
“Fjósið var á nyrðri bakka Bæjarlækjarins neðan við Lambhúshólinn, sem sambyggðu hesthúsi yfir 4-5 brúkunarhesta.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 3

HV-198:017 heimild
“Brunnhús var byggt yfir lækinn rétt við fjósið til vatnstöku í fjós og bæ áður en vatnslögnin var gerð.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 3

HV-198:018 heimild um rétt
“Hestréttin var á syðri bakka bæjarlækjarins norður við Fjósið. Hún var hlaðin úr grjóti og var jöfnum höndum notuð fyrir tamin sem ótamin hross.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 3

HV-198:019 heimild um kvíar
“Kvíar, sem lækurinn dregur nafn sitt af, voru rétt við hann, ofan Túngarðs.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 3

HV-198:020 heimild um túngarð
“Kvíar, sem lækurinn dregur nafn sitt af, voru rétt við hann, ofan Túngarðs. ... Túngarðurinn var fyrir ofan og norðan túnið allt frá hliðinu á túngirðingunni syðst og efst á Húsatúni, norður að Skriðugili og svo þar niður Skriðuna nokkru sunnar gilsins niður undir árbakkanum. Þar tók við girðing niður að ánni. Túngarðurinn að vestan var hlaðinn úr grjóti og jarðvegi en svo alveg úr grjóti niður skriðuna.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 3-4

HV-198:021 *Fjóstunga* örnefni fjós

“Á milli Bæjarlækjar og Kvíalækjar var Miðtúnið. Á því voru eftirfarandi örnefni: Fjósatunga, þrístendur túnskiki á milli Bæjarlækjar, Hóla og fjósagötunnar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 4

HV-198:022 heimild
“Fitjar voru túnröndin milli Kvíalækjar, frá garðlagi ofan við túnið að vestan ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 4

HV-198:023 *Djöflareitur* örnefni
“Djöflareitur var mjög þýft en gasgefið engjastykki á árbakkanum sunnan Lambaness og að Bæjarlæknum ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 5

HV-198:024 heimild um áveitu
“Sunnan Bæjarlækjar, neðan til, voru valllendismóar, en ofar Mýrin syðst. Þar var Tjörnin, fyrirhleðsla vegna áveitu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 5

HV-198:025 heimild um rétt
“Að norðanverðu var hann [Háhólma] við hann sést fyrir gamalli fjárrétt. hefur hún verið kringlótt, en dilkarnir að austan og vestan. Þar hefur eflaust verið réttað af Haukagilsheiði áður en Álka breyttist um farveg og rann sunnar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 5

HV-198:026 heimild um rétt
“Engjarúnarsunnar, frá Melhorni, hétu Eyrar. Norðan til og austast á þeim var Réttin II, gamlar réttarrústir, og Réttareyrin frá þeim til suðurs.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 5

HV-198:027 heimild
“Melalaut sker Melana norðan til og markar þannig af Melhornið, sem er nyrst. Fyrir neðan hana eru húsarústir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 6

HV-198:028 *Húsalaut* örnefni
“Húsalaut (efri) er grunn laut í Brekkum sunnan Miðdegismela.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 7

HV-198:029 heimild um stekk
“Stekkurinn, sem lækurinn og gilið [Stekkjarlækur og Stekkjargil] eru kennd við, er á nyrðri barmi gilsins á móts við neðsta fossinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 7

HV-198:030 heimild um áveitu
“Kvíalæk var veitt yfir syðri Bæjarhólinn; skurður gerður eftir honum efst og látið sytra út eftir honum til beggja hliða.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 11

HV-198:031 heimild um áveitu
“Bæjarlæk var veitt upp á Fjóstunguna efst, og svo niður Svuntu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 11

HV-198:032 heimild um áveitu

“Niður í mýrinni var svo Bæjarlæknum veitt í Djöflareitina. Þar voru fyrirhleðslugarðar eftir árbakkanum, en nú eru þeir allir horfnir vegna ágangs árinnar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 11

HV-198:033 heimild um áveitu
“Reiðhólmakvísl var veitt upp á Eyrarnar syðst. Þrír fyrirhleðslugarðar voru þar, sá syðsti myndaði Flæðin, því að þar fylltist fyrir ofan af leir úr áni. Svo komu tveir garðar utar og mynduðu tjarnir, þegar veitt var á. Einnig náðist vatn á Réttareyrina.”
Heimildir: Ö-Haukagil, 11

HV-198:034 heimild um áveitu
“Þegar norðan kom, að melhorninu, var vatninu sem kom af eyrunum veitt meðfram því og alla leið heimundir tún og rann þar í Tjörnina fyrir neðan túnið. Þaðan svo niður mýrina sunnan Bæjarlækjaris og á vallendismóana þar, enda var þar ein fyrirhleðslan.”
Heimildir: Ö-Haukagil, 11

HV-198:035 heimild um áveitu
“Þegar norðan kom, að melhorninu, var vatninu sem kom af eyrunum veitt meðfram því og alla leið heimundir tún og rann þar í Tjörnina fyrir neðan túnið. Þaðan svo niður mýrina sunnan Bæjarlækjaris og á vallendismóana þar, enda var þar ein fyrirhleðslan.”
Heimildir: Ö-Haukagil, 11

HV-198:036 heimild um áveitu
“Á Dalnum voru allir lækir eða sytrur úr lautunum fyrir ofan notaðar til áveitum. Má þar sérstaklega nefna Hagaskurðsflöt, þá Sléttulautarflöt og svo Stórubrekkuflötina syðst ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 11

HV-198:037 heimild um áveitu
“Á Dalnum voru allir lækir eða sytrur úr lautunum fyrir ofan notaðar til áveitum. Má þar sérstaklega nefna Hagaskurðsflöt, þá Sléttulautarflöt og svo Stórubrekkuflötina syðst ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 11

HV-198:038 heimild um áveitu
“Á Dalnum voru allir lækir eða sytrur úr lautunum fyrir ofan notaðar til áveitum. Má þar sérstaklega nefna Hagaskurðsflöt, þá Sléttulautarflöt og svo Stórubrekkuflötina syðst ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 11

HV-198:039 *Prestsvað* heimild um vað
“Meðan Álka rann í sínum fyrri farvegi austur yfir Hólmana var aðalvaðið yfir hana úr Reiðhólmanum og heitir það Prestsvað ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 12

HV-198:040 *Grjóthrúguvað* heimild um vað
“Áður fyrr rann hún [Álka] mikið sunnar, rétt fyrir norðan túnið í Grímstungu, beint á Klifið syðst, en færði sog svo og sameinaðist Vatnsdalsá fyrir neðan Grjóthrúguvaðið, sem er nokkuð fyrir norðan Klifið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 12

HV-198:041 heimild um leið
“Að Haukagili voru svo reiðgötur fram Brekkurnar fyrir ofan Saurbæ og þaðan fram með brekkunum fyrir ofan Flóann fram að Haukagili.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 13

HV-198:042 heimild um leið
"Með kerrur var farið austur fyrir Vatnsdalsá, fram Tungueyrarnar, og síðan vestur yfir ána aftur fyrir neðan Ármótahylinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 13

HV-198:043 heimild um leið
"Milli Haukagils og Grímstungu voru reiðgötur fram dalinn og svo yfir Álku rétt fyrir neðan Álkuhylinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 13

HV-198:044 heimild um leið
"Milli Haukagils og Grímstungu voru reiðgötur fram dalinn og svo yfir Álku rétt fyrir neðan Álkuhylinn. Áður fyrr mun sá vegur þó hafa legið frá Haukagili suður Eyrarnar fyrir neðan Melana og svo yfir á Prestvaðinu, enda lágu þar þéttar, samhliða reiðgötur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 13

HV-198b Haukagil (Haukagilsheiði)

Austurmörk við Lambatungur er um Álftaskálará (á korti Skútalækur og Álka) að upptökum og þaðan bein lína að fjórðungamörkum um Stórasand austan við Bláfell. Vesturmörk eru sýslumörk úr Kornsárvatni í Sandhorni og þaðan bein lína í austurenda Bláfellstjarnar um vesturbrún Stórasands vestan við Bláfell. Suðurmörk eru fjórðungamörk. Ath norðurmörk - var Kornsárselsland sérstök landareign?

"Heiðalönd þessi eru ágæt beitilönd, bæði fyrir hross og fé. Gróður er fjölbreyttur og víða mikill. Skiptast á ásar og mýrar, kvíslir og lækir, sem veita skilyrði til fjölbreytts gróðurs. / Á þurrlendinu á hæðum og ásum er grávíðirinn útbreiddastur, ennfremur er krækiberjalyngið víða mjög ríkjandi. Hinir stóru mýrarflákar, sem kallast flár og eru víða mjög blautir, eru víðast vaxnir broki og ljósastör. Í þessu heiðalöndum er oft urmull af gróðurlausum leir- og moldarhaugum, sem kallast rústir. Fylgja þessu tjarnarpollar og bleytur svo miklar, að tæplega er fært á sumum stöðum fyrir menn eða sauðfé. / Langmestan hluta gróðrarins mynda hálfgrösin. Líka er mikið af lingrösum með kvíslum og lækjum. Fjöldi fagurra blómjurta klæðir hæðir, holt og móa. Glitra þær með margskonar litum yfir hásumartímann. / Vötn og tjarnir eru víðsvegar um heiðarnar. Talsverða silungsveiði er í sumum, er var notað mikið fyrr á tímum. Fuglalíf er fjölbreytt og mikið; mófuglar, endur, svanir, gæsir og helsingjar. Eru þeir síðasttöldu í tugþúsundatali um heiðarnar í september og október. / Grasatekja var mikil fyrrum, en eigi notuð nema lítið hina síðari áratugi. Þó var allmikið tekið af grösum 1917-19. ... [Á Stórasandi er gróður] lítill, og sums staðar enginn. Vatn er þar hvergi í þurrkatíð. Þótt landið sé gróðursnautt, fer fé mikið um sandinn. Leir það til hinna grösugu haga í Fljótsdrögum, á Arnarvatnsheiði og víðar." GR III, 219

HV-198b:001 *Langilækur* heimild um náttstað
Náttstaður Haukagilsheiðarmanna fyrir síðustu aldamót var við Langalæk sem rennur úr Sandhorni í Álftaskálará
Annar náttstaður Haukagilsheiðarmanna var við Hólavatnslæk
Heimildir: GR III, 239

HV-198b:002 *Hólavatnslækur* heimild um náttstað
Náttstaður Haukagilsheiðarmanna fyrir síðustu aldamót var við Hólavatnslæk sem rennur líkl. úr Hólavatni (Holuvatn á korti) í Álftaskálará (Álká) norðan við Hólavatnshæðir
Annaðhvort var gist á þessum stað eða við Langalæk
Heimildir: GR III, 239

HV-198b:003 *Fremstasel* heimild um sel
Sel frá Haukagili á vesturbakka Álftaskálarár nokkru framar en núverandi Haukagilsheiðargirðing, gegnt því sem Selkvísl rennur í Álku að austan. "Fram með Álku stóðu tvö sel, Fremstasel sunnan Gilhaga, en Yztasel að norðan." segir í Húnaþingi Fyrir 1930 gistu leitarmenn á Haukagilsheiði síðustu nóttina á Fremstaseli - GR III, 240, Húnaþing III, 319

Heimildir: GR III, 240; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 317; Húnaþing II, 341

HV-198b:004 *Ystasel* heimild um sel
"Fram með Álku stóðu tvö sel, Fremstasel sunnan Gilhaga, en Yztasel að norðan." segir í Húnaþingi
Heimildir: Húnaþing II, 341

HV-198b:005 *Gilsbakki* tóftir býli
1706: "Forn eyðijörð í þessarar jarðar landi, þar hefur í vorra feðra minni bygð verið, um eitt ár eður lengur á fornu gerði. Hvörjir kostir væri veit enginn nje minnist, og ómögulegt er hjer aftur að byggja, nema til skaða jarðarinnar Haukagils, og enn brúka hjer Haukagilsmenn fjárhús eður stekkjarstæði, þá er þeim líkar. Fornar girðíngar bera þess vitni, að áður hafi hjer bólstaður verið ..." "Gilsbakki var suður við Álku, í hvamminum skammt fyrir ofan brúna. Þar sjást enn tóftarbrot..." "Suður við Álku stóð býlið Gilsbakki áður fyrr." "Gilsbakki eru rústir af gömlu býli syðst á Dalnum á bökkum Álku. Gilsbakkahvammur líka kallaður Kothvammur er stór, grasi gróinn hvammur, neðst í Álkugili, ofan Álkuhyls. Þar er nokkuð af húsarústum." segir í örnefnaskrá

"...munu þar hafa verið fjárhús og stekkur löngu eftir að kotið fór í eyði." "Við hlíðarræturnar vestan við Álku votta fyrir eyðibýli, Gilsbakka, hjáleigu frá Haukagili, sem er nokku út með brekkunum. Haukagils er getið í Vatnsdælu, því að þar bjó Ólafur, faðir Halldísar, er átti Ingólfur Þorsteinsson."
Heimildir: JÁM VIII, 284; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 317; Húnaþing II, 341: Ö-Haukagil, 6; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 253

HV-198b:006 *Einvígisfoss* örnefni
Einvígisfoss er í Álftaskálará undir Skútahálsi
Heimildir: Hkort

HV-198b:007 *Baðstofuvatn* örnefni
Baðstofuvatn er vestast á Haukagilsheiði nálægt merkjum við Víðidalstunguheiði, og rennur Kleppukvísl úr því í Kornsá.
Heimildir: Hkort

HV-198b:008 *Gilhagi* bæjarstæði býli
Býli sem tilheyrði H til 1925, í eyði frá 1931. "Gilhagi var einnig hluti af Haukagili, en byggðist lögnu síðar. Upphaflega mun hann hafa verið sel frá Haukagili, en var svo gerður að lögbýli og þar búið um langt skeið." segir í örnefnaskrá Á túnakorti frá 1918 má sjá að túnið var 1,8 ha. Þá voru bæjarhús, tvenn fjárhús og ein hesthús.

"Aðalþjóðvegurinn milli Austur-Húnavatnssýslu og suðurlands lá áður frá Grímstungum en á síðustu öld var hafin vegagerð yfir Grímstunguheiði og byrjað að ryðja veg upp á hana fyrir norðan Álku. Ekki komust þær framkvæmdir þó langt. Upp með þessari leið, um 5 km neðan úr dalnum, var jörðin Gilhagi, nýbýli frá síðustu öld, og var hún byggð fram um 1930. Nokkru sunnar er Skútabær, fornt eyðibýli, sem var hjáleiga frá Grímstungu og byggt um tíma á 18. öld. "
Heimildir: Húnaþing II, 341; Ö-Haukagil, 2; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 252

HV-198b:009 *Neðstasel* heimild um sel
"Neðstasel eru rústir sunnan Grafargils, nokkuð ofarlega í barmi Álkugils, sem þarna er orðið aflíðandi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 9

HV-198b:010 *Illugavarða* varða
"Fyrir vestan flóana er Illugavörðuás. ... Syðst á ásnum er stór varða, er heitir Illugavarða, eftir smalamanni á Haukagili." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 10

HV-198b:011 varða
"Sunnan Litlaáss er mýrarsund, en þá tekur við vörðuásinn. Hann liggur austan Grafarflóa og nær suður

að upptökum Stekkjarlækjar. Á honum suðvestanverðum er grjótvarða." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 10

HV-198b:012 *Selþúfur* varða
"Þar sunnar [en Skugghólslækir] liggur Selásinn og nær allt suður fyrir ofan bæinn í Gilhaga. Nyrst er hann aflíðandi mýrlendi niður að Grafarflóa en sunnar talsvert valllendi. Á ásnum norðan til eru tvær hólverur með vörðubrotum og heita þær Selþúfur ytri og syðri." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 10

HV-198b:013 *Hofsselsvarða* varða
"Hofsselsvörðuás er í norður frá Stórugrjótum og á honum stór grjótvarða, Hofselsvarða." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagil, 11

HV-198b:014 *Hraungarðar* örnefni
"Hraungarðar: liggja veggja megin við heiðamógin frá Hraungarðahorni suður að Stórasandi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Haukagilsheiði, 3

HV-199 Grímstungur

Kirkjustaður 1706. Grímstungur réttnefni. HÞ: "Rannsókn og leiðrjettingar" Árbók 1923, 62. Jarðarinnar getið í Sturlungu. Vatnsdælu og Gunnlaugs Sögu Ormstungu. Sturlunga saga II, 162; ÍF VIII, 46; ÍF III, 62. 1318: "hun ä heima land allt og Torfastadi oc sunhlid med til merckidælar. Grafar land. saurteyg j saurbæiarlande. ... og afrett ad helmingi vid þorhalls stadi. Sä er ä stad byr j Grims Tungum. skal veýta afriett ef hann vill. enn eý sa er þorhalls stadi a. ... Þar liggur tiund til. lysistollur oc heýtollur. af þorhalsstodum oc Torfastodum. Haukagile. Saurbæ. Brecku. Tungu. j BardalsTungu." DI II 476-477. [1360/89]: " Hun ä heima land allt og Torffustadi og Snudhlid ofann til merckidals. Grafarland. Syrteig. j saurbæiarland. þorhalldzstadi. og veydar allar og afriett er þorhalldzstodum hefur fylgt halffar. halfar LambaTungur vid Haukagil. selland sudur ä fialli. ... Lysistollur og heytollur aff þorhallzstodum. Torffustodum. Haukagili. Saurbæ. BreckuTungu. Harsdals Tungu.DI III, 161-162. 1394: "Hun ä heimaland og Torffuastadi. og snudhlijd med til merckidæli. Grafuarland. saurteyG j saurbæiarland. þorhallsstadi og veydar allar og afriett er þorhallsstodum hefur fylgt. halfar lambatungur vid haukagil. selland sudur a fialli. ... Tijund. heytollur og lysistollur af. vj. Bæium." DI III 541-542 1449: "Jörðin Brekka stendr j grimstungna kirkiu sokn ..." DI V 28. 1476: Jörðin Haukagil í Vatnsdal er í Grímstunguþingum. DI VI, 92-93 1477: Jörðin Neðritunga í Vatnsdal er í Grímstungnakirkjusókn. DI VI, 122. 21.4.1485: Jörðin Tunga í Vatnsdal er í Grímstungnakirkjusókn. DI VI, 537
1486: Grímstunguþingum fylgja 2 hálfkirkjur og 2 bænhús DI V, 353.

1706 eru tvær eyðihjáleigur Grímstungukot og Þórhallsstaðir úr Grettissögu. Aðrar hjáleigur Skútabær og Litlidalur. Gröf í Víðidalshreppi var eign Grímstungu. Fyrrum átti jörðin alla Grímstunguheiðina suður á há Stórasand. Hjarðartunga er nýbýli, stofnað 1962. Húnaþing II, 339. 1706: "Túninu granda leirskriður af brattlendi. Enginu grandar Vatnsdalsá með sandi og leiri." JÁM VIII, 285. 1918: Tún 8,9 ha, 2/3 slétt, garðar 290 m2

HV-199:001 *Grímstungur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-199:002 heimild um kirkju
Búið er að slétta kirkjugarðinn. GÁ: "Kirkjugarður er kringlóttur upphækkaður fltur, þar sem kirkjugarðurinn var, rétt austan við þar sem gamli bærinn var, en sléttað var fyrir krkjugarðinn. Kirkjuvöllur er flötin nefnd, sem liggur á milli tveggja barða, er skerast niður í odda niður frá kirkjugarðsstæðinu og norðan við Bæjarlækinn."
GRÍMSTUNGUR Í VATNSDAL (AH) ?Nikulási
1318: LXXXIII: Kyrckia j Gryms Tungum.
Kyrckia j Grims Tungum. er helgud med Gude hinum heilaga Nicholao.

hun ä heima land allt og Torfastadi oc sunhlid med til merckidælar. Grafar land. saurteyg j saurbæiarlande. xij. kyr. xxxiij. ær. cccc. voru. veydar allar og afrett ad helmingi vid þorhalls stadi.

Sä er ä stad byr j Grims Tungum. skal veýta afriett ef hann vill. enn eý sa er þorhalls stadi a.

Jnnan kyrkiu þetta.

messuklædi. iiij. oc vmframm. Tiolld vm alla kyrkiu. lesbok. Graduale. messubækur. ij. processionale. kaleykur. alltarisklædi. j. sloppur. j vondur. kaapa. j. skrijn. glergluggur. krossar iiij. lykneskiur. ij. elldbere. elldkier. kietill. fontur. kola. paxspialld. corporalia. iij. Baksturjarn. ij. messingarstyka. j. mercki. ij. munnlaug. kyrkia a. iij. hundrud laus. kista. j.

Þar er. ij. presta skýlld. ef mardarnups kyrkia liggr vnder. enn ella prests og diakns.

Þar liggur tiund til. lysistollur oc heýtollur. af þorhalsstodum oc Torfastodum. Haukagile. Saurbæ. Brecku. Tungu. j BardalsTungu.

Ef hier eru. ij. prestar. tekr huor halfa sioundu mork. enn ef einn er takur sa. ix. merkur.

Kýrckiu messudagur Dýonisius messo.

Tali anno kyrckia Tyund. Máld DI II 476?477

1326: skipade [Lárentius electus]. syni [Finnbjörns Sigurðarsonar frá Hvammi] Eigle Grims tungur og foru þeir þanngat bunadi sinum. LS 36. kap (46. kap í B), s. -89.

[1360?89]: xj. Grymstungur.

Kyrckia j Grymstungum er helgud Gudi oc hinum heilaga Nicholao.

Hun ä heima land allt og Torffustadi og Snudhlid ofann til merckidals. Grafarland. Syrteig. j saurbæiarland. þorhalldzstadi. og veydar allar og afriett er þorhalldzstodum hefur fylgt halffar. halfar LambaTungur vid Haukagil. selland sudur ä fialli.

Jtem. x. kýr. xxx. asaudar. ij. hross og eitt tuævett.

jnnan kyrckiu. kiertastyka fyrer Nicholasi. messingar styka. messuklæda leppar. iiij. og hokull vm framm. og fiorer alltarisdvkar. fimm alltarisklædi. Tiallda leppa vm alla kyrkiu. lesbok um vetur. Graduale. messubok a vetur. vorbok ad song. og Nichulaus saga. Lesskrä de sanctis a sumarid. processionall. martyrilogium. kaleykur. corporalia. iij. kluckur. v. og hin sietta lest. sloppur. käpa. skrijn. glergluggr. krossar. ij. Lykneski. ij. Elldbera skaptt. Glodarkier. kola. fontur. paxblad. Backstur jarn tuenn. mercki. ij. sacrarium. munnlaug. skridakista med brotnu vælni.

Tueggia presta skylld ef mardar nups kyrkia liggur vnder. Enn ellegar prests og diakns.

Lysistollur og heytollur aff þorhallzstodum. Torffustodum. Haukagili. Saurbæ. BreckuTungu. Harsdals Tungu.

Eff heima eru ij. prestar tekur huor halffa sioundu morck. Enn ef einn er sä. ix. merkur.

Kyrckiu dagur Dyonisius messo.

Saungbok a sumar de sanctis fra Jonsmesso fram yfer marteinzmesso. SequentiuBok ad aullu de sanctis. alltaris dvkur Blämercktur. kross med tueymur lykneskium. Máld DI III 161?162

1394: Gaf sira Einar Þoruardzson vpp Grimstungna stad. enn hann var veittr Þorstein prest Þorfinnzsyni af herra Petri byskupi; Flateyjarannáll, IA, 425

1394: xxxiii. Grijmstungur

Kyrckia ä Grijmstungum er helgud med Gudi hinum heilaga Nicholao. Hun ä heimaland og Torffuastadi. og snudhlijd med til merckidæli. Grafuarland. saurteyG j saurbæiarland. þorhallsstadi og veydar allar og afriett er þorhallsstodum hefur fylgt. halfar lambatungur vid haukagil. selland sudur a fialli. þetta jnnann kyckiu. mesuklædi fimm vond. alltarisklædi. v. hokull laus. alltarisdvkar. v. Glitadur dvkur og annar vondur. käpa og sloppur. Corporalia fiogur. Tialldaleppar. kaleykur og patina lest vppä. skrijn. Glergluggur. Glodarkier. kola. fontur. paxblad. Baksturjarn tuenn. mercki tuenn. sacrarium munnlaug. kista olæst. krossar. ij. og hinnn þridie med vnderstodum. Mariu lijkneski. Nichuläs lijkneski med dvk. koparstyka og jarnstyka. kiertahialmar. ij. litler. Elldbera skapt. kluckur. iv. og hin fimta lest. stolar. iij. og hinn fiordi Bokastoll. lecktari. þetta j Bokum. Grallari med sequentijs. saungbok ä sumarid de sanctis. fra Jonsmesso og framan til aduentu. sequentiu Bok de sanctis. Lebok um vetur. messu Bok ä vetur. lesskra ä sumarid de sanctis. processionale. martyrologium. psalltarar. ij og skrä hin þridia.

Dedicatio Ecclesiæ in festo Dyonisij.

þar er tueggia presta skylld ef mardarnups kyrckia liggur vnder. enn ella prestz skylld og diackns.

Tijund. heytollur og lysistollur af. vj. Bæium.

Ef hier eru tueyr prestar. tekur huor halfa sioundu mork. Enn ef einn er tekur sa 9. merkur.

kyrckiu tijundar a þui ari. xvij. aurar.

þetta j lausagodzi. kyr xij. asaudar kugilldi. vij. hross iij. kierolld tuo j jordu hæf. þriu hundrud voru.

Jtem reycknadist j portionem Ecclesiæ vm. iij. är medan sijra audun bio. tuo hundrud voru og ellefu aurar.
Jtem ä kyrckian kräk. Máld DI III 541?542
[1429]: ij prestar ok diakn; DI IV 382
5.10.1431: Jón biskup Vilhjálmsson veitir Hinriki Jónssyni sveini sínum staðinn
vm tuau aar fra nestum fardogum er nu næst koma forfallalaust med saumo materio sæm stadarbref Odda bonda þorstæinssonar vtan af hann bæter skal hann hafua firir efter godra manna matæ; DI IV 479 [sbr. Tjörn í Svarfaðardal 7.6.1430]
17.8.1432: kirka giordh firir .xx. hundrot æn firir fyndh .xv. hundrot
læggi upp a stadæn iij merkr arliga; Vísitasíugerð DI IV 512
4.9.1449: Jörðin Brekka stendr j grimstungna kirkiu sokn; DI V 28
1461: Máld DI V 332?333
[1461]: 2 prestur og 1 djákn DI V 361
20.11.1476: Jörðin Haukagil í Vatnsdal er í Grímstunguþingum. DI VI, 92-93
17.12.1477: Jörðin Neðritunga í Vatnsdal er í Grímstungnakirkjusókn. DI VI, 122
21.4.1485: Jörðin Tunga í Vatnsdal er í Grímstungnakirkjusókn. DI VI, 537
1486: Grímstunguþingum fylgja 2 hálfkirkjur og 2 bænhús DI V 353
6.9.1849: Grímstungusókn lögð til Undirfells; (PP, 227) [bréf kirkjustjórnar sbr. konungsúrskurð 20.7.1861]
27.2.1880: Undirfells? og Grímstungusóknir lagðar undir Þingeyraklaustur; (PP, 225) [lög]
4.11.1881: Undirfellsprestakall tekið upp að nýju og Undirfells? og Grímstungusóknir skildar frá Þingeyraklaustri; (PP, 225) [lög]
5.9.1881: Grímstungukirkja lögð niður og sóknin lögð til Undirfellskirkju; () [landshöfðingjabréf]
Heimildir: DI; PP, 225-227; Ö-Grímstunga, 1; Túnakort 1918; Gylfi Ásmundsson: Lárus í Grímstungu, 251

HV-199:003 heimild um fjós
"Bæjarlækur (eða Fjóslækur) hefur upptök sín í Bæjarflóa og rennur í gegnum túnið, var áður tekið vatn úr honum bæði í fjós og gamla bæinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga, 1; Túnakort 1918

HV-199:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-199:005 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-199:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-199:007 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-199:008 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-199:009 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-199:010 *Grímstungukot* bæjarstæði býli
1706: "Grímstungukot hefur hjer hjáleiga verið í túninu, bygð fyrst fyrir 40 árum eður fleirum, en fyrir 4 eður 5 árum í eyði lögð, sökum þess, að staðarhaldarinn mátti ekki án vera grasnautnarinnar." "Í túnjaðrinum var Grímstungukot ..." segir í Húnaþingi. "Grímstungukot var býlið niður undan barðinu á kirkjuvellinum, en hvenær það hefur farið í eyði sést ekki glöggt." segir í örnefnaskrá

SSH: “Nokkur eyðikot, sem byggð hafa verið um tíma, en eyðilagzt af harðindum og landbroti, flest 1784. Þau markverðustu hér af voru: Grímstungukot, Melgerði, Hólkot, Guðrúnarstaðagerði, sem öll fóru í eyði það ár.” “Þá bjuggu í Grímstungukoti, sem var þar í túnjaðri, Bjarni Steindórsson og Gróa Jónsdóttir (d. 1833), kona hans, örsnauð að fé.”
Heimildir: JÁM VIII, 285; Húnaþing II, 340; Ö-Grímstunga, 1; SSH, 75; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 249

HV-199:011 *Hylvað* heimild um vað
“Kotvöllur heitir völur sá, er liggur norður frá gamla bænum, á milli traðarinnar norður frá kirkjugarðsflötinni og götu sem lá í gegnum túnið, rétt út frá gamla bænum í stefnu á Hylvaðið í Álku.” “Hylvað er vað á Álku, þar sem hún fellur frá klettinum til norðurs og var þar farið vanalega yfir hana á Hylvaðsbrotinu ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga, 1, 2

HV-199:012 heimild um leið
“Kotvöllur heitir völur sá, er liggur norður frá gamla bænum, á milli traðarinnar norður frá kirkjugarðsflötinni og götu sem lá í gegnum túnið, rétt út frá gamla bænum í stefnu á Hylvaðið í Álku.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga, 1

HV-199:013 heimild um vatnsból
“Bæjarlækur (eða Fjóslækur) hefur upptök sín í Bæjarflóa og rennur í gegnum túnið, var áður tekið vatn úr honum bæði í fjós og gamla bæinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga, 1

HV-199:014 *Ullarhvammur* heimild um þvottastað
“Ullarhvammur er fyrir neðan Álkuhyl. Þar var um langan aldur þvegin ull.” segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga ath,

HV-199:015 *Smiðjuvöllur* örnefni smiðja
“Smiðjuvöllur heitir blettur sá, er tekur við fyrir sunnan Bæjarlækinn, markast hann af börðum að austan og sunnan, og gamla túngarðinum, sem nú er yfirsléttaður á þeim kafla.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga, 1

HV-199:016 heimild um túngarð
“Smiðjuvöllur heitir blettur sá, er tekur við fyrir sunnan Bæjarlækinn, markast hann af börðum að austan og sunnan, og gamla túngarðinum, sem nú er yfirsléttaður á þeim kafla.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga, 1

HV-199:017 heimild um fjárhús
“Húsatún er kallað suður í kringum fjárhúsin út að Húsalæk.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga, 1

HV-199:018 *Veitan* örnefni áveita
“Veitan er norðasti hluti engisins, raklent og flatt, nær suður og niður af túninu, nær niður á bakka og suður á Húsalæk.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga, 2

HV-199:019 heimild um áveitu
“Brú heitir engjabrú, sem lá frá Brekkunum niður á bakkann.” segir í örnefnaskrá Í athugasemdum segir að þar hafi verið fyrirhleðsla sem var notuð til að veita Vatnsdalsánni á engjarnar, en einnig var uppistaðan notuð sem reiðvegur.

Heimildir: Ö-Grímstunga, 3; Ö-Grímstunga ath, 2

HV-199:020 *Grímstungurétt* heimild um rétt
"Grímstungurétt var skammt fyrir sunnan Réttarmóinn á bökkum Vatndalsár. Hún var áður skilarétt fyrir fé af Grímstunguheiði. Er áin búin að brjóta mikið af henni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga, 3

HV-199:021 *Háavarða* varða
"Háavarða er norðan við Sjónarhól á gilbarminum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga, 8

HV-199:022 *Stóravarða* varða
"Stóravarða á gilbarminum upp af Drápuklettum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga, 8

HV-199:023 heimild um hesthús
GÁ: "Hesthús fyrir tólf hross var niðri á túninu, og svo var hesthúskofi fyrir sunnan og ofan gamla bæinn. Þar mátti hafa fjóra til sex hesta."
Heimildir: Gylfi Ásmundsson: Lárus í Grímstungu, 81

HV-199:024 heimild um hesthús
GÁ: "Hesthús fyrir tólf hross var niðri á túninu, og svo var hesthúskofi fyrir sunnan og ofan gamla bæinn. Þar mátti hafa fjóra til sex hesta."
Heimildir: Gylfi Ásmundsson: Lárus í Grímstungu, 81

HV-199:025 heimild um myllu
GÁ: "Myllukvísl heitir syðri farvegurinn norðan við túnið. Þar rann Álka fyrir, en svo var seinast lítil kvísl, sem rann þar ofan, og var byggð mylla þar við."
Heimildir: Gylfi Ásmundsson: Lárus í Grímstungu, 251

HV-199b Grímstunga (Grímstunguheiði)

1318: "Sá er á stað býr í Grímstungum skal veita afrétt ef hann vill, en ei sá er Þórhallsstaði á - DI II, 476-77. [1369x89]: [Grímstungukirkja á] Þórhallsstaði (með veiði og afrétt), hálfar Lambatungur við Haukagil, selland suður á fjalli. - DI III, 161-62 sbr. 1394 - DI III, 541-42. 1847: "Jörðin hefir landrými til fjalls og landkosti þar í betra lagi. Eptir dómi 10. Júní 1758 á staðurinn lamba-upprekstur til fjalls, og gjaldast presti árlega [251] 20 fjalltollar, sem eru jafnmörg lömb. ... Kirkjujörðin Kot er leigð með ... 3 dagsláttum (fyrir selstöðu og beit í Grímstungnalandi)." JJ, 250-51. Eign Grímstungukirkju en eftir að Grímstungusókn var lögð undir Undirfellsprestakall 1881 hafði Undirfellsprestur tekjur og gjöld af heiðinni til 1901 að Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa festi kaup á heiðinni og galt 1700 krónur fyrir hana og leigulaus réttindi fyrir fjárréttarstæði á Undirfellseyrum við réttun sauðfjár. Um leið féll sú kvöð á upprekstrarfélagið að kosta eyðingu refa, sem prestakallið hafði áður borið kostnað af. - GR III, 218-19. áður hafði félagið leigt heiðina frá ári til árs. Mörk við Forsæludalskvíslar að austan eru um Vatnsdalsá og Strangakvísl til upptaka og þaðan lína í Lyklafell, fjórðungamörk ráða að sunnan en að vestan skilur Bríkarkvísl heiðina frá Lambártungum og úr Bríkárkvíslardrögum bein lína að fjórðungamörkum aðeins vestan við Sanddalsstrýtur. Við söluna 1901 voru merki milli heiðar og heimalands ákveðin svo: frá Vatnsdalsá ræður Sjónarhólslækur til upptaka og þaðan bein lína í Sýrsvatn (Í daglegu tali nefnt Sísvatn). Frá Sýrsvatni ræður Sýrsvatnslækur til Selkvíslar og hún þaðan til Álku. - Húnaþing III, 117. Fyrr á tímum höfðu "flestir búendur upprekstur á Grímstunguheiði og guldu Grímstungupresti, og síðar Undirfellspresti, beitartoll, sem kallaðist fjalltollur. Var það haustlamb frá hverjum búanda, sem fé átti. Var skattur þessi oft misvel af hendi leystur, og ekki laust við, að til óánægju drægi milli bænda og presta um greiðsluna." GR III, 218
"Heiðalönd þessi eru ágæt beitilönd, bæði fyrir hross og fé. Gróður er fjölbreyttur og víða mikill. Skiptast á ásar og mýrar, kvíslir og lækir, sem veita skilyrði til fjölbreytts gróðurs. / Á þurrlendinu á

hæðum og ásum er grávíðirinn útbreiddastur, ennfremur er krækiberjalyngið víða mjög ríkjandi. Hinir stóru mýrarflákar, sem kallast flár og eru víða mjög blautir, eru víðast vaxnir broki og ljósastör. Í þessum heiðalöndum er oft urmull af gróðurlausum leir- og moldarhaugum, sem kallast rústir. Fylgja þessu tjarnarpollar og bleytur svo miklar, að tæplega er fært á sumum stöðum fyrir menn eða sauðfé. / Langmestan hluta gróðrarins mynda hálfgrösin. Líka er mikið af lingrösum með kvíslum og lækjum. Fjöldi fagurra blómjurta klæðir hæðir, holt og móa. Glitra þær með margskonar litum yfir hásumartímann. / Vötn og tjarnir eru víðsvegar um heiðarnar. Talsverða silungsveiði er í sumum, er var notað mikið fyrr á tímum. Fuglalíf er fjölbreytt og mikið; mófuglar, endur, svanir, gæsir og helsingjar. Eru þeir síðasttöldu í tugþúsundatali um heiðarnar í september og október. / Grasatekja var mikil fyrrum, en eigi notuð nema lítið hina síðari áratugi. Þó var allmikið tekið af grösum 1917-19. ... [Á Stórasandi er gróður] lítill, og sums staðar enginn. Vatn er þar hvergi í þurrkatíð. Þótt landið sé gróðursnautt, fer fé mikið um sandinn. Leitar það til hinna grösugu haga í Fljótsdrögum, á Arnarvatnsheiði og víðar." GR III, 219 Sjá einnig lýsingu á gróðurfari í Húnaþingi III, 117-

HV-199b:001 *Grímstungnamannasel* heimild um sel
"Útilegumenn ok ránsmenn váru mjok í þenna tíma bæði suðr ok norðr, svá at náliga mátti engi á sínu halda. Á einni nóttu ræntu þeir at Haukagili mat miklum ... [Þeir Ingólfr á Hofi] riðu suðr á heiði ... Þeir Ingólfr kómu á sporin þeira ok rokðu þau, þar til er þeir villtusk um, því at sporin lágu þá á tvo vega. Þá skiptu þeir ok liði sínu ... Þar váru sel skammt frá þeim [Ingólfr telur helli ránsmanna þar skammt frá og tekur hellur tvær í gili sem þar var hjá] [108] [Ingólfr] gekk síðan að selinu. Þat var tvídyrt..." Þórðarbók Landnámu: "Ingólfr vá tvá menn í einu hoggvi af Hellismonnum í seli í Miklagili" "Grímstungusel forna var í hvammi við Selkvísl og sést hvar það hefur verið." segir í örnefnaskrá

"Kunnugur maður (Þ.K.) telur, að sel þau, sem sagan (og Þb) talar um, muni vera Grímstungusel vestari, fram með Selkvísl, þau hin sömu, sem getið er í Sturlunga sögu. Miklagil muni tákna Álftaskálargil, sem Selkvísl renni í. "Hellirinn" sé einhver skúti í giljunum kringum selin." ÍF VIII, 108 nmgr 3. 1255: " En þeir Bergur [menn Þorgils og Sturlu] riðu ákaft norður eftir heiðinni og gátu tekið njósnarmenn Nikuláss hjá Grímstungnamannaseljum. ..." "Grímstungusel hið vestara var við Selkvíslina, sem sameinast Álftaskálará eða Álku, eins og hún heitir í daglegu tali, rétt fyrir framan Grímstunguheiðargirðinguna."
"Grímstungusel forna var í hvammi við Selkvísl og sést þar fyrir tóttum."
Heimildir: ÍF VIII, 107-108; Sturlunga saga II, 177; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 317; Ö-Grímstunga, 6; Gylfi Ásmundsson: Lárus í Grímstungu, 255

HV-199b:002 *Grettisþúfa* heimild um legstað
"Nú [eftir dráp Grettis] riðu menn til alþingis, ok urðu færi liðveizlumenn [Þorbjorns] Onguls [Þórðarsonar] en hann ætlaði, því at málit mæltisk illa fyrir. Þá spurði Halldórr [Þorgeirsson], hvárt þeir skyldi hafa hofuð Grettis með sér til alþingis. Ongull lézk þat ætla at hafa. "Þat er óráðligt," segir Halldórr, "því at nógu margir munu vera mótstoðumenn þínir, þó at þú gerir eigi slíkar áminningar til þess að vekja upp harma [268] manna." Þá váru þeir komnir á veg ok ætluðu at ríða Sand suður. Ongull lét þá taka hofuðit ok grafa niður í sandþúfu eina; er þat kolluð Grettisþúfa." Grettis s, 84. kap

Seinna í sama kafla kemur fram að höfuð Grettis hafi verið grafið við kirkju að Bjargi í Miðfirði - ÍF VII, 269-70 þannig að sagan mun meina að höfuðið hafi verið grafið upp aftur og tekið frá Grettisþúfu. "Örnefnið Grettisþúfa er nú týnt á þessum slóðum, en norðvestan til á Stórasandi er brattur malarhóll, sem kallaður er Grettishæð, og má vera, að það sé sami staður, sem átt er við í sögunni og hafi nafnið breyzt svo." ÍF VIII, 268, 1. nmgr. - "Norðanvert við miðjan há-Sand er einkennileg strýta, sem nefndist Grettishæð, eigi mjög há, en sést langt að. Mun örnefni þetta frá dögum Grettis, samanber Grettissögu, 84. kapítula, en þar nefnd Grettisþúfa. Við Grettishæð liggur hinn forni Sandsvegur eða Skagfirðingavegur ..."
Heimildir: ÍF VII, 267-68; GR III, 220

HV-199b:003 *Halla* varða
"Þar fyrir vestan eru upptök Norðlingafljóts í litlum lækjum. Þar er lág strýta, slétt að ofan, sem heitir Flatastrýta. Vestan við hana er lítil tjörn og að henni slepptri lækkar Stórsandur óðfluga niður til Fljótsdrar, en þau eru tvenn ... Brekkurnar þangað niður heita Höll. Þar er útsýni úr þeim er bezt til suðvesturs er ævaforn varða, sem Ágúst gaf nafnið Halla." segir í örnefnaskrá "Höll. Stórt svæði norður

og NA af Hrunahorn. Þar lækkar Sandurinn mikið niður að fjalllendinu við Norðlingafljót. Á brún Hallanna ofarlega stendur grjótvarða, sem ber við loft frá stóru svæði. Hún bar ekki nafn, en gangnamenn töluðu oft um "Vörðuna efst í Höllunum." ... Ég hef skoðað Höllu. Hún er vel hlaðin, stendur á traustri undirstöðu og virðist vera mjög forn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunguheiði ath, 6; Ö-Stórisandur, 4

HV-199b:004 *Áfangi* heimild um náttstað
"...Dragfláin ... liggur frá norðri suður að Fellakvísl og hefir afrennsli í kvílina ofan svokallaðs Áfanga. Þar höfðu Austurheiðarmenn og Kvíslamenn náttstað áður fyrr. - . Tjaldstaður leitarmanna á Grímstunguheiði var við Fellakvísl sem rennur í Strönguvísl norðan við Litla-Svínafell en sunnan við Draugaflá - "Áfangi tjaldstaður Grímstunguheiðarmanna. Er hann rétt norðan við Svínavatnslækinn, þar í flóarjaðrinum, austur undan Þróstikluholtinu, að norðanverðu við lækinn, rétt fyrir neðan urðarhorn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: GR III, 239, 281; Húnþing III, 119; Ö-Grímstunguheiði, 5

HV-199b:005 *Öldumóðukvísl* heimild um náttstað
Náttstaður Austurheiðarmanna á úteftirleið fyrir síðustu aldamót var norðan við Öldumóðukvísl sem er vestarlega um miðja Grímstunguheiði. Einnig aðalnáttstaður í seinni göngum. Skálinn sem seinna var reistur á þessum stað var gegnt því sem Þjófakvísl rennur í Öldumóðukvísl, austan við Öldumóðuhöfða Við Öldumóðukvísl hefur seinna verið byggður kofi úr torfi og grjóti með bárujárnsþaki - Lestavegur var hér um: Mynd af skálanum í ævisögu Lárusar í Grímstungu.
Heimildir: GR III, 239, 242; Gylfi Ásmundsson: Lárus í Grímstungu, 96

HV-199b:006 *Svínvatnslækur* heimild um náttstað
Annar náttstaður Austurheiðarmanna var við Svínavatnslæk sem er vestan við Svínavatnshæðir
Heimildir: GR III, 239

HV-199b:007 *Þjófahæðir* örnefni
Þjófahæðir eru milli Þjófakvíslar að austan og Öldumóðukvíslar að vestan. "Þjófahæðir eru háar og stórar um sig, liggja út og suður allt frá Ölsumóðskvísl suður undan Öldum.höfða og ná langt fram og eru þar hæstar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Hkort; Ö-Grímstunguheiði, 10

HV-199b:008 *Grímstungusel eystra* heimild um sel
"Grímstungusel hið eystra, sem var á Fremridal nokkru framar en Litlidalur, var byggt fram á 19. öld." segir í Húnaþingi "Grímstungusel stóð á hávaða milli selskarðanna, sést þar greinilega fyrir tóftum mun hafa eyðst um 1850." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 317; Ö-Grímstunga, 5

HV-199b:009 *Skútabær* heimild um býli
Skútabær "var á Skútaeyrunum austan við Álku, nokkru framar [en Grímstungusel vestari]." "Skútabær. Engar sögur fara að byggð þar. Hann hefur verið alla norðast á Skútaeyrum. Þar má sjá fyrir grænum gömlum tóftarmyndum og brot af túngarði. Þar hefur lækjarsitra runnið ofan og hefur orðið sléttlendi af framburði hans. Nokkuð af tóftunum er orfið, því hrunið hefur úr baka graslendisins, sem þær standa á." segir í örnefnaskrá

Hjáleiga frá Grímstungu. "Þar mun ekki hafa verið búið síðan á 18. öld. Gömul munnmæli herma, að síðasti bóndinn hafi flust með 500 fjár að Breiðabólstað, en þar hafi féð allt fallið, og var það til marks um það, hversu ágætt var til beitar þar fram á heiðinni í þá daga. Önnur sögn er sú, að Skúti hafi lagst í eyði í plágunni miklu 1495, og hefur hann þá byggst upp aftur." Húnaþing III, 317

"Aðalþjóðvegurinn milli Austur-Húnavatnssýslu og suðurlands lá áður frá Grímstungum en á síðustu öld var hafin vegagerð yfir Grímstunguheiði og byrjað að ryðja veg upp á hana fyrir norðan Álku. Ekki komust þær framkvæmdir þó langt. Upp með þessari leið, um 5 km neðan úr dalnum, var jörðin Gilhagi, nýbýli frá síðustu öld, og var hún byggð fram um 1930. Nokkru sunnar er Skútabær, fornt eyðibýli, sem var hjáleiga frá Grímstungu og byggt um tíma á 18. öld. "

Heimildir: Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 317; Ö-Grímstunguheiði, 4; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 252

HV-199b:010 *Þórhallsstaðir* bæjarstæði býli **Friðlýstar fornleifar**
1318: "hun ä heima land allt og Torfastadi oc sunhlid med til merckidælar. Grafar land. saurteyg j saurbæiarlande. ... og afrett ad helmingi vid þorhalls stadi. Sä er ä stad byr j Grims Tungum. skal veýta afriett ef hann vill. enn eý sa er þorhalls stadi a." 1360 segir að Grímstungukirja eigi afrétt alla sem Þórhallstöðum hefur fylgt. 1706: "Þorhallastader. Eru almenn munnmæli að í staðarins Grímstúngu landi hafi að fornu bólstaður verið. enginn veit rök til þess, nema bæjarnafnið og Grettissögu. Bæjarnafnið er öllum kunnugt og heldur það en nafninu. Girðíngarnar hafa brattlendisskriður og Vatnsdalsá eyðilagðist, og að mann aðmeiníng aldrei bólstaður verið í 200 ár eður lengur. Þar er nú átölulaust um aldur og æfi Grímstúngu landi, og -rvænt aftur að byggja, því skriður hafa töður og engjar öldúngis eyðilagt." Þórhallsstaðir, sést þar fyrir grónum gömlum tóttagirðingum, sem eru á hólmynduðum hávaða." segir í örnefnaskrá. Vestanmegin á Forsæludal gegnt Koti (Sunnuhlíð)
ÞÓRHALLSSTAÐIR Í FORSÆLUDAL (AH)
Kirkja var á Þórhallsstöðum; ekki vildi Glámr til hennar koma; hann var ósöngvinn ok trúlaus, stirfinn ok viðskotaillr; öllum var hann hvimleiðr.

Nú leið svo þar til er kemur aðfangadagur jóla; þá stóð Glámur snemma upp ok kallaði til matar síns.

Húsfreyja svarar: "Ekki er þat háttr kristinna manna at matast þennan dag, því at á morgun er jóladagr hinn fyrsti," segir hún, "og er því fyrst skylt at fasta í dag."

Hann svarar: "Marga hindurvitni hafit þér, þá er ek sé til einskis koma; veit ek eigi, at mönnum fari nú betur at heldr en þá, er menn fóru ekki með slíkt; þótti mér þá betri siðr, er menn voru heiðnir kallaðir, ok vil ek hafa mat minn, en engar refjar."

[fær matinn, gekk til sauða og fannst síðan dauður seinna um daginn] leituðu þeri við at færa hann til kirkju ok gátu ekki komit honum nema eina gilsþröm ... ok fóru heim við svo búit ...

Annan dag jóla var farit at leita við enn at færa Glám til kirkju; voru eykir fyrir beittir, ok gátu þeir hvergi fært hann ... Hinn þriðja dag jóla fór prestur með þeim, og leituðu allan daginn, ok Glámr fannst eigi. Eigi vildi prestr optar til fara, en sauðamaðr [Glámur] fannst, þegar prestr var eigi í ferð. Létu þeir þá fyrir vinnask at færa hann til kirkju ok dysjuðu hann þar, sem hann var þá kominn; Grettis s. 32. kap.
ÁG: "Rústir eyðibýlisins Þórhallsstaða; þær eru í Forsæludal, vestan árinnar, því nær á móti Koti."
"Þórhallsstaðir standa fyrir vestan (sunnan) ána í Forsæludal á hæð, eða upphækkun mikilli við ána. Undirlendi er þar nokkuð og er stór graseyri fyrir heiman (neðan) bæinn og önnur fyrir framan hann, og er þar þó mikið af brotið, því að áin hefir brotið þar stóran bug vestr á við, og líklega mikið af tóftum. Þar sem hæst er, stendr stór tóft, sem líklega er gömul skálatóft eða bæjartóft; ofan á hana hefir þó verið bygt. Hér flutti Lárus Blöndal sýslumaðr kvæði um Glám, er ort hafði skáldið Grímr Thomsen. Önnur tóft er nær ánni. Þórhallsstaðir eru því nær á móti Koti (Torfastöðum), sem er að vestanverðu við ána. Bærinn Forsæludalr er stuttri bæjarleið ofar." segir í örnefnaskrá SV 1892: "Þórhallsstaðir eru í Forsæludal. Uppi í hliðinni, fyrir utan og ofan bæinn á litlum bekk, sjást enn tóftir, sem munu hafa verið peningshús."
Heimildir: DI II, 476; DI III, 161-162; ; SV: "Rannsóknarferð" Árbók 1892: 78, 123; JÁM VIII, 285; Ö-Grímstunga, 4; ÁG: Fornleifaskrá, 42; ÍF VII, 107

HV-199b:011 *Glámsþúfa* tóft **Friðlýstar fornleifar**
Lítill grashóll með bolla ofaní, tveim stuttum bæjarleiðum fyrir framan Þórhallsstaði "Fram með ánni að vestan, á gljúfrunum uppi á heiðarbrúnni, er kölluð Glámsþúfa, grasþúfa eða lítill hóll, með grasi í kring. Skessufoss heitir fram í gljúfrunum, nærri Glámsþúfu, allmikill foss, og eru þar gljár miklar í ánni." ÁG: " "Glámsþúfa" , er svo heitir, lítill grashóll með bolla ofaní, tveim stuttum bæjarleiðum fyrir framan Þórhallsstaði."
Heimildir: SV: "Rannsóknarferð" Árbók 1892: 78, 123; ÁG: Fornleifaskrá, 42

HV-199b:012 *Svartarhæð* þjóðsaga
Á korti Svartahæð og er spölkorn suðaustan við Grettishæð og á hún að taka nafn af einum Hellismanna sem þar var veginn
Heimildir: HB Sumar, 30

HV-199b:013 *Smiðshóll* bæjarstæði býli
ÍF I: “Smiðr bjó á Smiðsstöðum.” 1706: “Smiðshóll heitir örnefni í landsplátsi því, sem Grímstúngu er eignað millum Kots og Þóroddstúngu. Landsplátsið nefna menn Sundhlíð, vide Grímstúngu. Þar sem þetta örnefni Smiðshóll er, ætla menn bygð muni hafa að fornu verið. Engin vita menn rök til þess og öngvar sjást hjer girðíngar nje tófta leifar, og geta menn að skriða hafi það eyðilagt.” “Smiðsteinn er stór steinn á hrygg framarlega á eyrunum, þar átti að vera Smiðsstaðir. Smiðstaðir, dregur nafn af Smið Ingimundarsyni. Sér þar fyrir garðspotta undir klettunum. Er víst allt hulið gömlum skriðum.” segir í örnefnaskrá

“Hlíðin vestan í Tungumúla heitir frá fornu fari Sunnhlíð ... Norðan undir Múlandum er örnefnið Smiðshóll, og ætla menn, að þar hafi Smiður Ingimundarson átt bólfestu, að Smiðmsstöðum, sem sagan nefnir.” Kolka: “Vestan undir Tungumúla er undirlendið líitið eða ekkert, enda heitir þar Tungukllif. Norðan við þar er fyrirhugað brúarstæði á Vatnsdalsá, en nokkuð fyrir sunnan það voru Smiðsstaðir, sem getið er um í Vatnsdælu.”
Heimildir: ÍF I, 223; JÁM VIII, 288; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 164; Ö-Kot, 1; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 247-48

HV-199b:014 *Litlidalur* bæjarstæði býli
Talið með í jarðabók 1760. “Beitarhús (Kvisthagi) móti Forsæludal. Þar hét Litlidalur áður.” segir í Húnaþingi “Beitarhús frá Grímstungu,nýbyggð, standa syðst á dalnum. Litli-Dalur býli á dalnum, mun hafa verið þar sem nú eru beitarhús. segir í örnefnaskrá

“Dalkot var áður heimahjáleiga, sem stóð rétt norðan við túnið í Forsæludal, en nokkuð fyrir ofan heiðarbrúnina, upp með Friðmundará, var Forsæludalssel, sem búið var í á síðari hluta 19. aldar. Vestan Vatnsdalsár og nokkurn vegin gegnt Forsæludal var Litlidalur. Þar eru nú beitarhús frá Grímstungu og töðuvöllur talsvert stór. Beint á móti Sunnuhlíð voru Þórhallastaðir, þar sem Grettir háði sína frægu viðureign við Glám.”
Heimildir: JJ, 234; Húnaþing II, 340; Ö-Grímstunga, 4; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 248-49

HV-199b:015 *Stekkjarhylur* örnefni stekkur
“Stekkjarfoss í ánni suður undan enda Krumstallsins, þar á áin í þrengslum. Stekkjarhylur er rétt fyrir neðan fossinn, djúpur og dimmur.” Rétt við Grímstunguselið segir í örnefnaskrá Í athugasemdum segir að þessi nöfn séu sennilega dregin af stekk í Forsæludal.
Heimildir: Ö-Grímstunga, 4; Ö-Grímstunga ath, 3

HV-199b:016 *Þvergilsvörður* varða
“Þvergilsholt, hólaröð suður af Þvergilsvörðum, sem standa norður undir gilinu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga, 5

HV-199b:017 *Skessufoss* þjóðsaga
“Í Skessufossi - eða nánar tiltekið bak við hann - sá óvættur sá, er varð Glámi að bana.” segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga ath, 3

HV-199b:018 heimild
“Skáladrag hlýtur nafn sitt af skála, sem reistur var á síðustu öld fyrir gæzlumenn á heiðinni, sem þar voru vegna fjárkláðans. Rústir annars sams kona skála eru innar á heiðinni.” segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga ath, 3

HV-199b:019 heimild
“Skáladrag hlýtur nafn sitt af skála, sem reistur var á síðustu öld fyrir gæzlumenn á heiðinni, sem þar voru vegna fjárkláðans. Rústir annars sams kona skála eru innar á heiðinni.” segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunga ath, 3

HV-199b:020 heimild um vað
“Skútaeyrar eru þurrir mjóir bakkar fram með Álku og grjóteyrar með henni allt utan frá Hvömmum og framundir Lambatungusporð. Vegur liggur fram alla barmana með eirunum og var Vað á Álftaskálará norðast á eyrunum, en nú er áin þar allstaðar í streng.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunguheiði, 5

HV-199b:021 heimild um tjaldstæði
“Skútabrekka er skörp grasbrekka að austanverðu syðst í brattanum til vinstri handar, þá komið er norðan með ánni, rétt fyrir norðan melinn eða kinnina, sem er þar fyrir sunnan, við Bríkakvísl. Er tjaldað var þar var kallað að “tjalda á Skúta”.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunguheiði, 5

HV-199b:022 *Digravarða* varða
“Digravarða er melhávaði langt fram af Skútahálsinum með 2-3 steinum á fremri endanum, stórum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunguheiði, 5

HV-199b:023 *Svínavatnslækjarskáli* tóft náttstaður
“Skálahóll er hár hóll [að] norðanverðu við lækinn. Á hólnum var skáli og sjest þar fyrir tóftarrústum.” segir í örnefnaskrá Í athugasemdum segir að hóllinn hafi verið kenndur við Svínavatnslækjaskála sem var leitarmannakofi.
Heimildir: Ö-Grímstunguheiði, 6; Ö-Grímstunguheiði ath, 3

HV-199b:024 *Skálaholt* örnefni
“Skálaholt eru smáholt sunnan við Svínavatnslækinn, suðaustur frá Þrístikluholtinu. Á þeim holtum var fyrr meir skáli.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunguheiði, 6

HV-199b:025 *Lestavað* heimild um vað
“Lestavað er kallað þar sem veginn liggur yfir ána í norðurjaðrinum á Stórakrók. Ligur vegurinn svo suður krókinn og upp með Strönguvísl, allt upp fyrir sunnan Refskeggshöfða og upp að Öldumóðukvísl og suður yfir hana, svo upp með Þjófakvísl.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunguheiði, 9

HV-199b:026 heimild um leið
“Lestavað er kallað þar sem veginn liggur yfir ána í norðurjaðrinum á Stórakrók. Liggur vegurinn svo suður krókinn og upp með Strönguvísl, allt upp fyrir sunnan Refskeggshöfða og upp að Öldumóðukvísl og suður yfir hana, svo upp með Þjófakvísl.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunguheiði, 9

HV-199b:027 *Einvígi* örnefni
“Einvígishvammur er fyrir neðan Kvígufossa. Á Einvígi geta tveir menn varizt heilum hóp ...” segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunguheiði ath, 2

HV-199b:028 heimild um náttstað
“Nyrzt í Bríkarhvammi eru klettar og heita þeir Bríkur. Í hvamminum er geysiskjólsælt og þar var fyrrum síðasti náttstaður Lambatunguleitarmanna.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grímstunguheiði ath, 2

HV-199b:029 *Sunnlendingahæð* örnefni
Sunnlendingahæð er suðaustanvert á Stórasandi, suðvestan við Krók en norðan við Strýtur. “Sunnlendingaholt. Grjótholt vestur af Úlfalda, auðþekkt. á því að þar eru vörður og grjóthleðslur af

ýmsu tagi, m.a. U laga byrgi. Þar mættust Vatnsdælingar og Borgfirðingar meðan þeir smöluðu Fljótsdrög saman. Borgfirðingar nefndu holtið Biðholt og norðanmenn kölluðu það einstöku sinnum Sunnlendingahæð." segir í örnefnaskrá
Á þessari hæð hittust leitarflokkar Vatnsdælinga og Borgfirðinga og þar hafa samleitir þeirra vestur með Langjökli og inn í Fljótsdrög hafist
Heimildir: GR III, 228-9; Ö-Stórisandur, 3

HV-199b:030 varða
"Tvövörðuholt. Holt vestur af Systrastrýtum. Á því standa 2 vörður." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stórisandur, 3

HV-199b:031 heimild um leið
"Um Grímstunguheiði var fyrrum fjölfarin leið suður um Arnarvatn stóra og að Kalmannstungu. Voru gerðar þar vegabætur nokkrar upp úr 1880. Þá varð Grímstunguheiði um skeið fjölfarnasta leiðin milli landsfjórðungana og lögðust þá mjög niður ferðir austan um Stórasand. Fóru þar um hópar skólapiltar, kaupafólks og annarra sem leiðir áttu milli landsfjórðunga. Farið er frá Grímstungu, efsta bæ í Vatnsdal, upp austan við Álftaskálará uns gili hennir sleppir. Kemur þá á Skúteyrar sem var áningarstaður ferðamanna. Þar er eyðibýlið Skútabær .. Oftar var maður (Sögur Þórhalls biskups). Oftar var þó farið upp frá Haukagili og þá vestan Álftaskálarár um eyðibýlið Gilhaga og Skúteyrar. Síðan lá leiðin suður með ánni og fram hjá Sjónarhóli (354 m y.s.). Af honum er rómað víðsýni um heiðarnar og á haf út. Þá var farið vestan undir Suðurmannasandfell og Fossbrekkum efst yfir Fitjárdrög og að Arnarvatni stóra. Frá Grímstungu er rudd jeppaslóð suður í Fljótsdrög. Þar er leitarmannaskáli. Hliðarslóð liggur að leitarmannaskála við Öldumóðukvísl, skammt austan við Öldumóðurhöfða. Önnur hliðarslóð liggur vestur yfir Bríkárkvísl, að leitarmannaskála við Álftaskálará."
Heimildir: Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson: Landið þitt Ísland I, 262

HV-199b:032 heimild um sæluhús
GÁ: "Fyrstu árin í Grímstungu var fært frá. Við vorum látnir fylgja fénu eftir til þess að hægt væri að nota jörðina sem best. Faðir minn lét nokkur stundum liggja um tíma á haustin í tjaldi eða kofa, sem byggður var til þess við Sísvatn ..."
Heimildir: Gylfi Ásmundsson: Lárus í Grímstungu, 27

HV-199b:033 heimild um leið
GÁ: "Heybandsvegur var langur [frá 014], og það þurfti mikinn reiðskap til að leggja á alla þá hesta, sem maður flutti á langar leiðir. Til að mynda þurfti ég að binda á 15 hestum, þegar ég flutti hey framan af Dölum ..."
Heimildir: Gylfi Ásmundsson: Lárus í Grímstungu, 62

HV-199b:034 heimild um leið
GÁ: "Miðheiðarvegur liggur norður há Tunguna, vestur við Miðeiðarása, vestan við Þrístikluhól, fram á milli Svínavatns og Þórarinsvatns."
Heimildir: Gylfi Ásmundsson: Lárus í Grímstungu, 257

HV-200 Dalkot
Háleiga Forsæludals 1706, 10 hdr. "Dalkot var áður heimahjáleiga, sem stóð rétt norðan við túnið í Forsæludal ..." Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 248-49

HV-200:001 *Dalkot* bæjarhóll bústaður
"Hjáleigan Dalkot var við túnið að norðan ..." segir í Húnaþingi "Dalkotstún hét áður túnið norðan Bæjarlækjar og að túngarði. Dalkot var áður fyr sjálfstætt býli, og stóð bærinn, þar sem síðar hafði verið byggt hesthús, sem staðið hefur fram á síðustu ár. Hefur hið forna Dalkotstún verið nefnt Hesthúsvöllur í minni þeirra, sem nú lifa." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Húnaþing II, 338; Ö-Forsæludalur, 3

HV-200:002 *Dalkotslind* lind vatnsból
“Dalkotslind er upppsprettulind örskammt ofan við áðurnefnt hesthús, afbragðs vatnsból, sem aldrei þraut.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur, 3

HV-201 Forsæludalur

50 hdr 1706, konugseign, ein af Vatnsdalsjörðum. Landnámsjörð Þórólfs heljarskinns, (Friðmundar). Útkirkja á jörðinni. Jarðarinnar getið í Vatnsdælu. ÍF VIII, 82. 1486: Jarðarinnar getið í bænhúsaskrá. DI V, 353. 1542: Selur Guðlaugur Arngrímsson Birni Jónssyni 10 hdr í jörðinni. DI XI, 125. 1542: Ljótur Arngrímsson eftirgaf allt tilkall til jarðarinnar til Björns Jónssonar. DI XI, 160. Dalkot hjáleiga 1706, Dalssel á afréttinni einnig hjáleiga. Jörðin átti áður allar Dalskvíslar.

1706: Túninu grandar leirskriða. Engjar öngvar, nema það sem hent verður í haglendisbrekkum, og spilla smáskriðum þeim árlega.” JÁM VIII, 287. 1918: Tún 6,2 ha, 1/2 slétt, garðar 320 m2 Undirlendi mjó spilda með Vatnsdalsárgili, sem þarna er á þrotum. ... Jörðin á stórt og gott beitiland.” Húnaþing II, 338

HV-201:001 *Forsæludalur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-201:002 heimild um útkirkja
DALUR Í VATNSDAL (GRÍMSTUNGUÞING) (AH) ? HÁLFKIRKJA
1486: er uppi, DI V 353
Heimildir: DI

HV-201:003 *Fjóshóll* örnefni fjós
“Þá var Hesthúshóll út og upp frá bæ og Fjóshóll ofan bæjar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 3; Túnakort 1918

HV-201:004 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-201:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-201:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-201:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-201:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-201:009 *Réttarklettur* örnefni rétt
“Að norðan ræður, neðan frá Réttarkletti, nýr merkjagarður ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 1

HV-201:010 heimild um landamerki
“Að norðan ræður, neðan frá Réttarkletti, nýr merkjagarður ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 1

HV-201:011 varða landamerki
“Að norðan ræður, neðan frá Réttarkletti, nýr merkjagarður, þaðan upp hlíðina svokölluðu Merkjalaut, og úr því bein lína upp á háhálsinn í merkjavörðu, sem hlaðast á hornmerki Torfustaðakots og Forsæludals.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 1

HV-201:012 varða landamerki
“Að sunnan ræður bein lína frá vörðu af há-Bótarfjalli austur um norðanvert Eyjavatn ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 2

HV-201:013 *Mannhóll* álagablettur huldufólksbústaður
“Túnið liggur móti suðvestri. Í því eru nokkrir hólar, sem hver hefir sitt nafn, þó smáir séu sumir. Þeirra merkastur er Mannhóll neðst í túnjaðrinum, út og niður frá bæ. Hann var álagablettur, hann mátti ekki slá; var talinn bústaður huldufólks.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 2-3

HV-201:014 *Hesthúshóll* örnefni hesthús
“Þá var Hesthúshóll út og upp frá bæ og Fjóshóll ofan bæjar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 3

HV-201:015 *Jarðhúshóll* heimild
“Þá var Hesthúshóll út og upp frá bæ og Fjóshóll ofan bæjar. Suður af honum Jarðhúshóll. Dregur hann nafn af garðávaxtageymslu, sem grafin var inn í hann, líklega á fyrsta áratug þessarar aldar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 3

HV-201:016 heimild um fjós
“Þá var Fjósvöllur ofan sömu götu [heimreiðar], norðan frá Bæjarlæk að götu, sem lá til fjóss, er stóð stutt ofan við bæinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 3

HV-201:017 *Efstuhús* heimild um fjárhús
“Húsatún nefndist túnskiki umhverfis efstu fjárhúsin af þremur, sem stóðu í röð með nokkru bili, syðst í túninu, Efstuhús, Miðhús og Neðstuhús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 3-4

HV-201:018 *Miðhús* heimild um fjárhús
“Húsatún nefndist túnskiki umhverfis efstu fjárhúsin af þremur, sem stóðu í röð með nokkru bili, syðst í túninu, Efstuhús, Miðhús og Neðstuhús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 3-4

HV-201:019 *Neðstuhús* heimild um fjárhús
“Húsatún nefndist túnskiki umhverfis efstu fjárhúsin af þremur, sem stóðu í röð með nokkru bili, syðst í túninu, Efstuhús, Miðhús og Neðstuhús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 3-4

HV-201:020 *Hjallakofi* heimild um hesthús
“Tæpt á gilbarminum, beint niður af bænum, er dálítill hóll, nefndur Höfði. Litlu sunnar stóð hesthúskofi lítill, Hjallakofi. Hann er nú horfinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 4

HV-201:021 tóftir býli

“Skammt sunnan merkja er vel sléttur blettur í enginu, nefndur Slétta. Sunnan og ofan við hana eru gróin tóftarbrot, nafnlaus. Getgátur eru um, að þar muni hafa staðið hið forna býli Torfustaðir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 4

HV-201:022 *Atgeirsstallur* örnefni
“Suður og upp af holtinu [Torfhvammsholti], nálægt miðri brekku, er áberandi stallur, nefndur Atgeirsstallur. Þeirri nafngift fylgir sú saga, að þarna hafi átt að finnast vopn eða hluti af vopni, sem talið var, að hefði verið atgeir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 4-5

HV-201:023 *Ytrigarður* garðlag
“Suður af því [Klofnaholti] er Stóralaut, votlend, en oft slegin. Sunnan hennar er Ytrigarður, fornt garðlag, neðan frá Krubbukletti.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 5

HV-201:024 *Kvíastallur* örnefni kvíar
“Spölkorn sunnan Bæjarlækjar er Kvíastallslaut, sem nær frá brekkurótum og alla leið upp á brún. Sunnan hennar, miðhlíðis, er Kvíastallur, greiðfær og grösugur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 5

HV-201:025 heimild um leið
“Spölkorn sunnan Bæjarlækjar er Kvíastallslaut, sem nær frá brekkurótum og alla leið upp á brún. Sunnan hennar, miðhlíðis, er Kvíastallur, greiðfær og grösugur. Af Kvíastalli, norðast, liggur sniðgata suður og upp á brún, ætíð nefnd Sneiðingur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 5

HV-201:026 *Stekkur* bæjarstæði býli
“Drjúgan spöl fyrir sunnan Kjölinn er Stekkjarlækur; meðfram honum ofan brúnar eru Stekkjarlækjardrög. Norðan við lækinn, stutt frá gilbarmi, voru miklar uppgrónar rústir, svonefndur Stekkur (nú orðið tún).” segir í örnefnaskrá A. “Stekkjarlækur er þar fyrir sunnan, kemur hann ofan brattana og eru þar gamlar grænar tóttagirðingar, og hefur verið þar fyrr meir bær, þar sést votta fyrir garði út og suður, sem er nær kominn í kaf, líklega af skriðum, en er slétt þar upp og ofan.” segir í örnefnaskrá B
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 5; Ö-Forsæludalur B, 2

HV-201:027 *Fálkavörður* varða
“Svo til beint upp undan Illaskurði eru Fálkavörður, tvær myndarlegar vörður, sem standa á melhrygg, sem liggur út og suður á hálsbrúninni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 6

HV-201:028 *Hvarfavarða* varða
“Fyrir ofan Fossnefið [við Friðmundarárfoss] eru tveir víðir hvammar með ánni, Neðri-Hvörf og Efri-Hvörf, í daglegu tali kölluð Hvörfin. Uppi á brúninni ofan við Hvörfin er Hvarfvarða.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 7

HV-201:029 heimild um vað
“Hlaup heitir efst í Neðri-Hvörfunum [sjá 028]. Rennur áin þar í þröngum stokk, sem vel má stökkva yfir. Er djúpt ker þar fyrir neðan, en vað er ofan við stokkinn, og var stundum farið þar með hesta áður fyrr.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 7

HV-201:030 *Bæjarflóavarða* varða

“Uppi á hálsinum, beint upp frá bæ, er Bæjarflói. Á með norðan við hann, neðst, er Bæjarflóavarða.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 8

HV-201:031 *Torfhvammsvað* heimild um vað
“Suður af Torfhvammsholti áðurnefndu er stór, votlendir hvammur með ánni. Heitir hann Torfhvammur. Nær hann næstum suður að Krubbu. Undan honum nálægt miðju er Torfhvammshylur og niður af honum Torfhvammsvað.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 18

HV-201:032 varða
“Hraunás er grýttur mjög og liggur út og suður í hálsinum vestan við Bunguna með vörðu á norðarlega ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur B, 3

HV-201:033 þjóðsaga draugur
Glámur. “Hann var sænskur og gerðist sauðamaður hjá Þórhalli bónda í Forsæludal. Hann var drepinn á jólanótt af óþekktri meinvætti en gekk aftur, reið húsum, drap menn og skepnur þar á bænum og víðar í Vatnsdal. Að lokum vann Grettir Ásmundarson á honum en hlaut af því ævilanga ógæfu.”
Heimild Árna: Grettla 32.-35. k; Flokkun Árna: draugur. Árni bætir því við að Glálmur úr Miðfjarðarnesbjörgum sé líklega annað fyrirbæri. (Bárðarsaga, 13. og 15. k).
Heimildir: Árni Björnsson: Íslenskt Vættatal, 46-47

HV-201:034 sögustaður virki
“Hann [Þórólfr] gerði sér virki suðr við Griðmundará skammt frá Vatnsdalsá við gjá eins, ok gekk nes í milli gjárinnar ok árinnar, en hamarr stórr fyrir framan. Grunaðr var hann um þat, at hann mundi blóta mönnum, ok var eigi sá marð í dalnum öllum, er óþokkasælli væri en hann.” “Vatnsdalur endar með öllu nokkuð fyrir sunnan Forsæludal og falla þar saman Vatnsdalsá og Friðmundará, báðar úr allmiklum gljúfrum með mörgum og fallegum fossum. Í klettarana, þar sem árnar mætast, var vígi Þórólfs heljarskinns, sem Ingimundarsynir drápu ...”
“Í Forsæludal nam land Þórólfur heljarskinn, einn af förunautum Ingimundar gamla. Hann gerði sér virki að Friðmundará. Halda menn það hafi verið í Bótarrana, þar sem mætast Friðmundará og Vatnsdalsá. Hafa menn þótzt sjá þar móta fyrir rústum, en öll er sú saga með þjóðsögublæ.”
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 249; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 162; ÍF VIII, 46

HV-201b Forsæludalur (Forsæludalskvísl)
“Áður fyrr tilheyrðu Forsæludalskvíslar jörðinni Forsæludal og var svo allt til ársins 1891 að Björn Eysteinsson bóndi á Réttarhóli seldi landið að 1/4 hluta Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahrepps og að 3/4 hlutum Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar fyrir 1.200 krónur ... Framanskráð upprekstrarfélög hafa átt landið síðan óskipt, en smalað þar eftir samkomulagi stjórna upprekstrarfélaganna á hverjum tíma en leitarmörk verið nokkuð óljós og oft orðið að deiluefni.” Húnaþing III, 111 sbr. GR III, 218. “Mörk Kvíslalandsins eru þannig: Að norðan jaðrar það við heimaland Forsæludals en það er vestan frá Vatnsdalsá, á móti Svínalækjarósi á Grímstunguheiði, og þaðan bein lína í há-Bótarfell. Þaðan til austurs sjónhending yfir Eyjavatn mitt á milli hólmans og tangans, sem er austan við Tungnalækjarós og þaðan austur í merki við Auðkúluheiði. Er það við sunnanvert Vestara-Friðmundarvatn en nokkur rönd af vatninu vestast er í heimalandi Forsæludals þar sem austurmörk hins upphaflega lands Forsæludals eru norðan frá úr Káryrðlingatjörn í Kolkukvíslarós, þar sem hún kemur saman við Fellakvísl, en þaðan til suðurs sjónhending í Búrfjallahala og til Langjökuls./ Að vestanverðu eru merkin milli Kvíslalandsins og Grímstunguheiðar, Vatnsdalsá, fram um Stórakrók að ósi Miðkvíslar en þaðan heitir Strangakvísl. Hún kemur úr vestri sunnan Stórakróks, um skamman veg, en annars er höfuðstefna Ströngukvíslar úr suðri, undan Krákshrauni norðvestur af Búrfjallahala. Strangakvísl er vesturmerki Dalskvísla á móti Grímstunguheiði og frá upptökum kvíslarinnar þaðan til Langjökuls. Eru þessi merki mjög óljós en trúleg stefna til jökulsins er á milli Hundavatnanna um Lyklafell.” Húnaþing III, 111

"Þar eru ágæt beitarlönd, einkum fyrir hross." - GR III, 218 "Heiðalönd þessi eru ágæt beitilönd, bæði fyrir hross og fé. Gróður er fjölbreyttur og víða mikill. Skiptast á ásar og mýrar, kvíslir og lækir, sem veita skilyrði til fjölbreytts gróðurs. / Á þurrlendinu á hæðum og ásum er grávíðirinn útbreiddastur, ennfremur er krækiberjalyngið víða mjög ríkjandi. Hinir stóru mýrarflákar, sem kallast flár og eru víða mjög blautir, eru víðast vaxnir broki og ljósastör. Í þessu heiðalöndum er oft urmull af gróðurlausum leir- og moldarhaugum, sem kallast rústir. Fylgja þessu tjarnarpollar og bleytur svo miklar, að tæplega er fært á sumum stöðum fyrir menn eða sauðfé. / Langmestan hluta gróðrarins mynda hálfgrösin. Líka er mikið af lingrösum með kvíslum og lækjum. Fjöldi fagurra blómjurta klæðir hæðir, holt og móa. Glitra þær með margskonar litum yfir hásumartímann. / Vötn og tjarnir eru víðsvegar um heiðarnar. Talsverða silungsveiði er í sumum, er var notað mikið fyrr á tímum. Fuglalíf er fjölbreytt og mikið; mófuglar, endur, svanir, gæsir og helsingjar. Eru þeir síðasttöldu í tugþúsundatali um heiðarnar í september og október. / Grasatekja var mikil fyrrum, en eigi notuð nema lítið hina síðari áratugi. Þó var allmikið tekið af grösum 1917-19. ... [Á Stórasandi er gróður] lítill, og sums staðar enginn. Vatn er þar hvergi í þurrkatíð. Þótt landið sé gróðursnautt, fer fé mikið um sandinn. Leitar það til hinna grösugu haga í Fljótsdrögum, á Arnarvatnsheiði og víðar." GR III, 219 -

"Dalskvíslalandið verður að teljast fjölskrúðugasta afréttarsvæði Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa og það hlýlegasta. Þar eru grösug flóasvæði, svo sem Melbrigður, Hornflá og Ljósastararflárnar. Kvíslar, ár og lækir veita skilyrði til samfellds gróðurs sem nýtist mjög öllum skepnum á ákjósanlegasta hátt ... til beitar./ Jarðvegsbygging í þurrlendisásum í Kvíslum sýnist öllu fíngerðari en þá er vestar dregur á heiðina. Hestlækjarbungur liggja tiltölulega hátt norðan frá Ströngukvísl sunnan Stórakróks ... Þær eru að því leyti ólíkar ásunum vestar á heiðinni að mosaþembur eru þar ekki áberandi heldur er lynggróður ríkjandi. Gróður á Hestlækjarbungum verður mjög fyrir ásókn áfoks ... Mjög ber á því að gróðurlaus flög eru sunnan í móti en lynggróðurinn þræðir aftur á móti þar sem nokkurt afdrep er. [113] ... Austur af Hestlækjarbungum og norður af Öldum er fíngerður votlendis- og umvarpagróður r verður stórgerðari er kemur norður í flár þær er áður voru nefndar. / Ekki eru önnur stöðuvötn í Kvíslum en Eyjavatn á mörkum þeirra og heimalands Forsæludals ... Kvíslaland er tiltölulega auðugt af kvíslum og lækjum þar sem er nokkuð af smásilungi, þó ekki til nytja, en veiði er í Eyjavatni en lítið mun stunduð á síðari árum." Húnaþing III, 113 Björn Bjarnason á Brandsstöðum (1789-1859) taldi möguleika á að byggja upp nýbýli á 10 stöðum í Forsæludalskvíslum og er til hdr hans þar sem hann gerir grein fyrir hverjum stað - pr í Húnaþingi III, 114-15

HV-201b:001 *Illakelda* heimild um náttstað
í Forsæludalskvíslum - væntanlega nálægt Bótarfjalli - Fyrir 1918 er Forsæludalskvíslar voru smalaðar af sérstökum leitarmannahóp höfðu þeir náttstað síðustu nótt á heiðinn annaðhvort við Illukeldu eða Bótarfjall
Heimildir: GR III, 225

HV-201b:002 *Bótarfjall* heimild um náttstað
Bótarfjall eða Bótarfell er austan við Vatnsdalsá, norðan við Svínavatnshæðir Fyrir 1918 er Forsæludalskvíslar voru smalaðar af sérstökum leitarmannahóp höfðu þeir náttstað síðustu nótt á heiðinn annaðhvort við Illukeldu eða Bótarfjall.
Heimildir: GR III, 225

HV-201b:003 heimild um rétt
Fyrir 1800 var safnið af Forsæludalskvíslum réttað í svokölluðum Rana sunnan Friðmundarár. Er þar langur klettarani í ármótum Vatnsdalsár og Friðmundarár. - GR III, 243 Um 1800 var farið að rétta Kvíslasafnið við túngarðinn í Þórormstungu með hjálp færikvía en 1853 voru réttirnar þrjár - af Haukagilsheiði, Grímstunguheiði og Forsæludalskvíslum - sameinaðar og ný rétt byggð á Undirfellseyrum.
Heimildir: GR III, 243

HV-201b:004 *Réttarhóll* bæjarstæði býli
"Réttarhóll stendur á suðurbakka Fellakvíslar nokkru ofar en þar sem hún fellur í Miðkvísl." "Er þar nærtækt til veiðafanga, bæði silungs og fugla, og landkostir ágætir." - GR III, 218 ca. 1850: "Réttarhól. Þar er mikið túnstæði en lítið um grjót. ... útbeit er góð á bökkunum og haggott austur í jöðrunum."

Húnaþing III, 114. Landnytjar meðan búið var 1886-91: “Heyskapur í Melbrigðuflá, Ljósastararflá, við Mjóavatnslæk og Álfthólsflá. Heyskapur hófst úr 13. helgi sumars og heyjaðir um 400 hestburðir. Heyið flutti Björn heim á tveim hestum nema síðasta árið þrem og var hægt að fara 5-6 ferðir á dag. / Silungsveiði var mest í Mjóavatni. ... Rjúpnaveiði var mikil, talin mest 900 stykki og álftir mest 100 talsins. Auk þess var grasatekja. / Fjögurra tíma ferð var talin frá Réttarhóli til næstu bæja, sex klukkustunda ferð til kirkju og 16 klukkustunda ferð í kaupstað ...”

“Í byrjun þessarar aldar bjó í Grímstungu Björn Eysteinsson, sem margir hafa haldið að væri fyrirmyndin að Bjarti í Sumarhúsum .. Björn bjó í Forsæludal upp úr 1880, en missti þar allt fé sitt og tók þá það til bragðs að byggja sér kot á Réttarhóli, sem er fram í Forsæludalskvíslum, 4 klukkustunda gangur fyrir framan byggð. Þar bjó hann 1886-1891 með 2. konu sinni, Helgu Sigurgeirsdóttur.” “Björn Eysteinson keypti Kvíslalandið af Hannesi Þorvarðarsyni og Bjarna Snæbjörnssyni árið 1883 og var kaupverðið 900 krónur. [116] ... Er Björn flutti frá Forsæludal [1886] reif hann hús er voru á Dalsseli og flutti viðinn fram á´Réttarhól. Þar voru hús öll byggð úr torfi og veggjahæð 2 1/2 alin. Byrjað var á bæjarhúsunum í 10. viku sumars og lokið 16 vikur af sumri. ... Bústofn Björns er hann flutti að Réttarhóli var 34 leiguær, þrjár stóðmerar, tveir hestar og sex gemlingar en er hann flutti þaðan fimm árum síðar átti hann 170 ær og níu hross. Síðan hefir ekki verið búið á Réttarhóli og voru húsin fljótlega rifin og úr sögunni. ... Aðaldyr bæjarins á Réttarhóli voru til austurs en við vesturdyr var heystæði og hús yfir 150 fjár, 14x5 álnir að stærð.”

LG: “Húsaskipan á Réttarhóli var þannig, að þar er baðstofa í suðvesturhorninu, og svo er á móti búr, og frammi er skáli til að geyma í reiðskap og því um líkt, og á móti eldhús. Það eru fjögur herbergi. Þar er allt eldað á hlóðum, og þær eru þannig, að þetta eru gerðar, að þetta eru grjót í kringum eldstæðið og pottur settur á króka. Það var nú náttúrulega ekki háreist þarna.” BE: “En fjórða sumarið sem ég var á Réttarhóli, var gjörð áreið á landið og ákveðin merki fyrir því. Við áreiðina voru seljendur, þeir sem heiðalandið áttu að, sýslumaður og eiðsvarnir matsmenn.”

Heimildir: Grímur Gíslason: “Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar”, 115-16; GR III, 218; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 250-51; Gylfi Ásmundsson: Lárus í Grímstungu, 15: Björn Eysteinsson: Sjálfsævisaga, 89

HV-201b:005 *Dalssel* bæjarstæði býli/sel

“... En Dalssel alllangt upp með Friðmundará og var þar búið fram undir síðustu aldamót.” segir í Húnaþingi “Alllangt upp með Friðmundará að norðan var Forsæludalssel, í daglegu tali Dalssel.” “Dalssel er á stökum hól rétt við Friðmundarárgilið, syðst. Þar mun hafa verið búið örðu hvoru á síðustu öld, auk þess sem þar hefir sjálfsagt verið selstaða lengi. Þar sést enn í dag fyrir allmiklum tóftarbrotum.”

“Dalkot var áður heimahjáleiga, sem stóð rétt norðan við túnið í Forsæludal, en nokkuð fyrir ofan heiðarbrúnina, upp með Friðmundará, var Forsæludalssel, sem búið var í á síðari hluta 19. aldar.” “Þar var búið fram á síðari hluta 19. aldar, þó ekki væri sú byggð samfelld. Gekk síðasti bóndinn undir nafninu Rúsínu-Gvendur. ... Björn Eysteinsson reif húsin á Dalsseli, er hann byggði á Réttarhóli 1886.” segir í Húnaþingi

Heimildir: Húnaþing II, 338; Hjördís Gísladóttir: “Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi”, 316; Ö-Forsæludalur A, 10; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 248-49

HV-201b:006 *Lestavað* heimild um vað

“Hlaup heitir efst í Neðri-Hvörfunum [sjá HV-201:024]. Rennur áin þar í þröngum stokk, sem vel má stökkva yfir. Er djúpt ker þar fyrir neðan, en vað er ofan við stokkinn, og var stundum farið þar með hesta áður fyrr. Hábótarvegur hét gamall reiðvegur, sem nú mun að mestu horfinn. Lá hann yfir vaðið hjá Hlaupinu, síðan í sneiðingum upp snarbratta kinn upp á gilbarm, síðan fram alla Bót, suður fyrir austan Bótarfjall og áfram að lestavaði í Stórakrók.” segir í örnefnaskrá Vað á Vatnsdalsá þar sem heitir Stórikrókur, sunnan við Eyjavatnsbungu en norðan við Álfhóla á Grímstunguheiði, segir í Húnaþingi.

Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 7-8; Grímur Gíslason: “Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar”, 113

HV-201b:007 *Réttarhóll* heimild um rétt

“Réttarhóll stendur á suðurbakka Fellakvíslar nokkru ofar en þar sem hún fellur í Miðkvísl. Nafnið er dragið af rétt er þar stóð áður fyrr og var notuð til sundurdráttar á fé.” Rétt þessi var eldri en leitarmannakofinn HV-201b:008 sem aftur var eldri en býli Björns Eysteinssonar “Réttarhóll er kippkorn suður og austur frá kvíslarmótum að sunnanverðu við Fellakvísl, á bakka hennar. Þar voru grænar

girðingar mjög gamlar, sem enginn stafur finnst um."
Heimildir: Grímur Gíslason: "Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar", 115; Ö-Forsæludalskvíslar, 4

HV-201b:008 *Réttarhóll* heimild um sæluhús
"Réttarhóll stendur á suðurbakka Fellakvíslar nokkru ofar en þar sem hún fellur í Miðkvísl. Nafnið er dregið af rétt er þar stóð áður fyrr ... Síðar stóð þar leitarmannakofi og lagðist niður fyrr reimleika." Húnaþing III, 115 Réttarholtsmóri. "Sæluhús var á Réttarhól á heiðunum inn af Vatnsdal. Einn vetur varð unglingspiltur úti nálægt hólnum og fór að bera á reimleikum í húsinu. Það var flutt á annan hól en ekki bætti það neitt um. Björn Eysteinsson bjó nokkur ár á Réttarhóli og varð oft var við Móra en sá hann aldrei. Sigurgeir sonur hans sá Móra eitt sinn inni í göngum í móleitri hríðarúlpu." Kofinn hefur verið aflagður fyrir 1886 er Björn Eysteinsson byggði á þessum stað. Þar nálægt hafði unglingspiltur einn orðið úti og fór að bera á reimleikum í húsinu og var hann kallaður Réttarhólsmóri. Sæluhúsið á að hafa verið flutt á annan hól en það breytti engu um reimleikann - Gráskinna II, 119
Heimildir: Grímur Gíslason: "Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar", 115; Árni Björnsson: Íslenskt Vættatal, , 116

HV-201b:009 heimild um virki
Um virkið við Friðmundará og útlegumenn Þórólfs heljarskinns - ÍF VIII, 46, 82-84
Heimildir: ÍF VIII

HV-201b:010 *Lestarvað* heimild um vað
"Lestavað (Lestamannavað) er á ánni skammt neðan við árósinn. Að því liggja reiðvegir, bæði neðan að og austan fyrir höfðann. Lestamennavegur liggur frá vaðinu spölkorn fram á Mosásinn, en sveigir þar og liggur vestur yfir Lestavað á Tungnalæk [012], síðan fram austan í Eyjavatnsbungu, vestur yfir hana og áfram að Lestavaði á Vatnsdalsá í Stóra-Krók [006]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 11

HV-201b:011 *Lestamannavegur* heimild um leið
"Lestavað (Lestamannavað) er á ánni skammt neðan við árósinn. Að því liggja reiðvegir, bæði neðan að og austan fyrir höfðann. Lestamennavegur liggur frá vaðinu spölkorn fram á Mosásinn, en sveigir þar og liggur vestur yfir Lestavað á Tungnalæk [012], síðan fram austan í Eyjavatnsbungu, vestur yfir hana og áfram að Lestavaði á Vatnsdalsá í Stóra-Krók [006]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 11

HV-201b:012 *Lestavað* heimild um vað
"Lestavað (Lestamannavað) er á ánni skammt neðan við árósinn. Að því liggja reiðvegir, bæði neðan að og austan fyrir höfðann. Lestamennavegur liggur frá vaðinu spölkorn fram á Mosásinn, en sveigir þar og liggur vestur yfir Lestavað á Tungnalæk [012], síðan fram austan í Eyjavatnsbungu, vestur yfir hana og áfram að Lestavaði á Vatnsdalsá í Stóra-Krók [006]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 11

HV-201b:014 *Tjaldhóll* örnefni tjaldstæði
"Tjaldhóll er smáhóll á áðurnefndu holti [grýtt holt sem Tungulækur fellur nú gegnum], rétt austan við lækinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 12

HV-201b:014 *Skessufoss* þjóðsaga
"Skessufosshorn heitir hornið á gilbarminum, þar sem það snarbeygir til auðnorðausturs; þar eru sandar með ánni undir klettaveggnum. Rétt þar sem áin sveigir í austurátt, eru í henni tveir fossar með fárra metra millibili, sá efri nafnlaus (ekki einn af áðurtöldum nafnleysingjum), en hinn neðri heitir Skessufoss, allhár. Uppruna þess nafns má rekja til Grettissögu, frásagnarinnar um viðureign Grettis við drauginn Glám. Þar er að vísu ekki getið um, að óvætturinn hafi átt bústað við fossinn, þó að þjóðtrúin hafi skákað honum þar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 15

HV-201b:015 hleðsla rétt
“Grasbrekkur eru undirlendishorn sunnan Ármótanna, og hefir mótað þar fyrir stóru gerði, enda mun þar hafa verið rétt til forna, og dregið þar sundur fé af heiðinni, hefur þá verið rekið út fyrir ána jafnóðum og dregið var. Nú virðist þetta mannvirki að mestu horfið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 16

HV-201b:016 *Afgirtihvammur* garðlag
“Sunnan undir henni [Þvergilsbrík] er mjög grösugur hvammur, sem heitir Afgirtihvammur. Upp úr honum er mjór grasgeiri; hefir einhvern tíma verið hlaðinn garður þvert yfir hann nærri efst, en þar er hann mjóstur; sjást þess enn merki. Hefir þá ekki verið auðgengið úr hvamminum fyrir fénað, því bríkin girðir að mestu milli árinnar og klettanna í barmi gilsins, en að sunnan klettar og skriður, að vísu vel gengt fyrir fé. Sögn er til um það, að þar hafi verið geymdir kálfar, jafnvel sumarlangt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 16-17

HV-201b:017 heimild um sel
“Selhvammur er grashvammur sunnan við Dalsselshólinn og eru í honum fornar gamlar tóttagirðingar grænar, nær því sokknar í jörð og hefur verið þar sel, áður fyrir löngu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalur B, 4

HV-201b:018 *Hábótarvegur* heimild um leið
“Hlaup heitir efst í Neðri-Hvörfunum [sjá 024]. Rennur áin þar í þröngum stokk, sem vel má stökkva yfir. Er djúpt ker þar fyrir neðan, en vað er ofan við stokkinn, og var stundum farið þar með hesta áður fyrr. Hábótarvegur hét gamall reiðvegur, sem nú mun að mestu horfinn. Lá hann yfir vaðið hjá Hlaupinu, síðan í sneiðingum upp snarbratta kinn upp á gilbarm, síðan fram alla Bót, suður fyrir austan Bótarfjall og áfram að lestavaði í Stórakrók.” segir í örnefnaskrá “Hábótarvegur norðan frá Friðmundarárgili og fram fyrir austan Bótar og fram eftir melhólnum, sem eru fyrir framan fjallið, allt fram að ánni fyrir sunnan Leggjabrjótalæk. Hefur áður verið mjög fjölfarinn, því göturnar eru margar.” segir í örnefnaskrá DD
Heimildir: Ö-Forsæludalur A, 7-8; Ö-Forsæludalskvíslar, 2

HV-202 Kot

20 hdr 1706. Grímstungukirkjueign. Þá segja menn jörðina hafa áður heitið Torfustaði, nú heitir jörðin Sunnuhlíð. Páll V.G. Kolka segir Kot hafa heitið Torfustaðakot og segir rústir Torfustaða framar en Kot. Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 248 1318: “[Grímstungukirkja] hun ä heima land allt og Torfastadi oc sunhlid med til merckidælar.” DI II 476-477. 1360/89: “Hun ä heima land allt og Torffustadi og Snudhlid ofann til merckidals.” DI III, 161-162. 1394: “Hun ä heimaland og Torffuastadi. og snudhlijd med til merckidæli.” DI III 541-542

1706: “Enginu granda leirskriður úr fjalli.” JÁM VIII, 288 1918: Tún 2,6 ha, 1/2 slétt, garðar 296 m2 “Undirlendi er frekar lítið og þröngt til ræktunar. ... Sjaldan mun taka fyrir haga í brekkunum og nýtur þar sólbráðar.” Húnaþing II, 337

HV-202:001 *Kot* bæjarhóll bústaður
Fjós var áfast bænum.
Heimildir: Túnakort 1918

HV-202:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-202:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-202:004 *Hamarsvað* heimild um vað
“Hamarsvað, var fyrrum vað á ánni, við norður endann á Hamrinum, en er nú aflagt.” segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Kot, 1

HV-202:005 *Hamarseyrarvöð* heimild um vað
"Hamarseyrarvöð, eru á ánni, út með ánni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kot, 1

HV-202:006 heimild um stekk
"Stekkir er hávaða útskot frá brattanum, sunnan við þar sem Eyrarnar byrja þar sjást grænar stekkjargirðingar, þar fellur kvísl af ánni alveg að, en var áður undirlendisrönd með ánni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kot, 1

HV-202:007 heimild um refagildru
"Gildruhóll, er lítilfjörlegur hóll ofan við brúnina beint upp undan bænum. Dregur hann nafn af gamalli refagildru á hólnum, en er nú grjóthrúga." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kot, 2

HV-202:008 *Torfustaðir* bæjarstæði býli
Kolka: "Lítið eitt framar [en Kot] eru rústir Torfustaða, sem ekki munu hafa verið byggðir öldum saman." "Torfastaðir (Torfustaðir) voru sunnarlega í landi Sunnuhlíðar. Bærinn mun hafa verið færður og eftir það nefnst Torfustaðakot. Ef til vill hafa báðir verið í byggð um tíma og væri það þá skýringin á nafnbreytingunni. Alténgt breytist nafn Torfustaðakots með tímanum í Kot og var því nafni síðan breytt í Sunnuhlíð ekki alls fyrir löngu." Torfustaðir nefndir í fornbréfum ss máldögum Grímstungukirkju og fl.
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 248; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 316

HV-203 Þórormstúnga

40 hdr 1706, bænhús á jörðinni. Jörðin nefnd í Landnámu og Vatnsdælu. ÍF I, 220; ÍF VIII, 57. 1706 hét jörðin Þóroddstunga eða Vatnsdalstunga. 1477 Vitnisburður um að Neðritunga í Vatnsdal sé í Grímstungusókn sennilega sama jörð og Þ. DI VI, 122. 1485: Kaupbréf um Brimnes og Tung. DI VI, 537. 1486: Jarðarinnar er getið í bænhúsaskrá, DI V 353. 1519. Gefa Hólabiskup og Pétur Pálsson hvor um sig Gísla Þorgils Jónssyni hálfa jörðina. DI X, 57-59. 1520: Skrá yfir ítök, merki og engjamörk jarðarinnar. DI X, 59-60. 1706 eru hjáleigur Jökulstaðir, í eyði, og Hólkot, Tungukot einnig hjáleiga. Mögulegur þingsraður á jörðinni.

1706: "Enginu grandar Tunguá með sandi og grjóti." JÁM VIII, 289 1918: Tún 6,7 ha, 3/4 slétt, garðar 420 m2 "Allt undirlendi má heita þurrt og gott til ræktunar." Húnaþing II, 336

HV-203:001 *Þórormstúnga* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-203:002 heimild um bænhús
1706: "Hjer segja menn bænhús hafi til forna verið, en enginn veit hjer hafi tíðir fluttar verið, og stendur húsið enn nú."
TUNGA Í VATNSDAL (GRÍMSTUNGUÞING) (AH) ? BÆNHÚS ?
1486: er niðri, DI V 353
Heimildir: JÁM VIII, 288; DI

HV-203:003 heimild um fjós
Heimildir: Túnakort 1918

HV-203:004 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-203:005 heimild um fjárhús

Heimildir: Túnakort 1918

HV-203:006 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-203:007 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-203:008 heimild um rétt
Heimildir: Túnakort 1918

HV-203:009 *Jökulstaðir* bæjarstæði býli **Friðlýstar fornleifar**
ÍF I: "... en Jökull hafi sverðit ok bjó í Tungu." 1706: "Jökulstader, fornt eyðiból, hefur um lángan aldur aldrei bygt verið. Þar er nú stundum stekkur, stundum fjáhrús frá heimajörðinni, og ómögulegt aftur að byggja nema jörðinni til afdráttar, hjer er og túnstæði oflítið og ilt til vatns." "Tungukot var í túnfætinum og Jökulsstaðir allhátt norðaustan í Múlanum." segir í Húnaþingi "Jökulstaðir, grænn hóll, rétt fyrir neðan brattann austan við Múlahrygginn eða röðulinn, er þar fornt tún með túngarði og grænum tóttagirðingum, og er það forbýlið Jökulstaðir, sem er getið í Vatnsdælasögu." segir í örnefnaskrá

ÁG: "Jökulsstaðir, fornt eyðibýli uppi í tungunni." Oven for Torormstunge i tungens fjældskråning ses tomterne af en gård Jökulstad (Jökulsstaðir), som allerede i A.M omtales som en gammel ødegård under hovedjorden. Her skal Jökul Ingemundssön have bot. Om ham fortælter Vd. (s. 44), at han boede i Tunge. Árbók 1892: "Þórormstunga stendr skamt í norðr frá hálsi þeim, er gengr í norðr í miðjum Vatnsdal milli Guðrúnarstaðadals og Forsæludals. Ofar uppi í tungunni sést fyrir fornum tóftum og túngirðingu, og eru þar nefndir Jökulsstaðir. Vera má, að Jökull Ingimundarson hafi fyrst sett þar bygð sína, enn síðar bjó hann þó í Þórormstungu og þeir feðgar."
Heimildir: ÍF I, 222-223; JÁM VIII, 289; Húnaþing II, 336; Ö-Þórormstunga, 3; ÁG: Fornleifaskrá, 42; Kålund, P. E. Kristian: Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse, 41; SV: "Rannsóknarferð" Árbók 1892, 122-123

HV-203:010 *Tungukot* bæjarstæði býli
"Tungukot var í túnfætinum og Jökulsstaðir allhátt norðaustan í Múlanum." segir í Húnaþingi
Heimildir: Húnaþing II, 336

HV-203:011 *Hólkot* bæjarstæði býli
1706 er þetta hjáleiga Þ í byggð, byggt um 1650. "Hólkot var við Hólkotskvísl. Þar var búið fram yfir 1920." segir í Húnaþingi "Hólkot, er gamalt býli frá Þórormstungu á grashól á gilbarminum og er enn túnkragi. Hóllinn tún og þýfi í kring, og má alltaf slá þar túnið, þar er vestan við Káradalstungutún, og rennur áin á milli túnanna ..."
Til túnakort frá 1918, þá var túnið 0,6 ha, og þar voru engin útihús, aðeins sambyggður bær og fjós.
Heimildir: JÁM VIII, 289; Húnaþing II, 336; Ö-Þórormstunga, 4

HV-203:012 heimild um kvíar
"Kvíakrókur er sveigur stór austur í melinn fyrir sunnan og neðan túnið. Þar eru gamlir stöðlar og fleiri girðingar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 1

HV-203:013 heimild um stekk
"Prestalág, er graslaut í gengum melbrúnina syðst, þar sem mættist melbrúnin og hallinn úr Múlanum, þar liggur vegur upp á melinn framan í Múlanum og eins framan og vestan af Eyrunum útað Tungutúni, og eins austur fyrir að Tunguá. Neðan undir Prestlá [svo], er gamall grænn stekkur, og liggja uppgrónar götur vestur á Eyrar, að gamalli skilarétt." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 2

HV-203:014 heimild um leið
“Prestalág, er graslaut í gengum melbrúnina syðst, þar sem mættist melbrúnin og hallinn úr Múlanum, þar liggur vegur upp á melinn framan í Múlanum og eins framan og vestan af Eyrunum útað Tungutúni, og eins austur fyrir að Tunguá. Neðan undir Prestlá [svo], er gamall grænn stekkur, og liggja uppgrónar götur vestur á Eyrar, að gamalli skilarétt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 2

HV-203:015 heimild um rétt
“Skilarétt sést fyrir henni af gömlum veggjum að henni og var réttað fjársafni úr Forsæludalskvíslum í tíð Bjarna Steindórssonar bónda í Þórormstungu.” segir í örnefnaskrá “Það sést fyrir öllum veggjum vel, að réttinni og dilkum, sem eru grænar grundir og snúa dyr í vestur, og er hún á barði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 2

HV-203:016 *Skriðugilsvað* heimild um vað
“Skriðugilsvað var kallað á Vatnsdalsánni undan Skriðugili, en nú er áin komin mikið austar, en var áður var á henni rétt við Skriðugilskjaftinn. En nú er vað á henni utar, þar við kvíslamótin.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 2

HV-203:017 heimild um vað
“Skriðugilsvað var kallað á Vatnsdalsánni undan Skriðugili, en nú er áin komin mikið austar, en var áður var á henni rétt við Skriðugilskjaftinn. En nú er vað á henni utar, þar við kvíslamótin.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 2

HV-203:018 *Grjóthrúguvað* heimild um vað
“Grjóthrúguvað er á ánni á fyrsta broti fyrir norðan klifið, og er bæði grýtt og þungt á yfirferð. Vörðubrot er á bakkanum að austan.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 2

HV-203:019 varða samgöngubót
“Grjóthrúguvað er á ánni á fyrsta broti fyrir norðan klifið, og er bæði grýtt og þungt á yfirferð. Vörðubrot er á bakkanum að austan.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 2

HV-203:020 heimild um refagildru
“Gildruhóll er melhóll hátt upp í röðli vestur af endanum á Hjallanum, þar fyrir ofan er girðing af Tóugildru, og sést hvernig hún hefur verið löguð', hlaðin úr grjóti og snýr opið í austur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 3

HV-203:021 heimild um vað
“krókar heita móóttir bugar suður og austur frá túninu við Tunguána, allt fram að þar sem gilið byrjar að ánni, þar eru klappir að ánni, og var vað á henni fyrr meir fyrir fólk frá Guðrúnarstöðum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 3

HV-203:022 *Messuvað* heimild um vað
“Messuvað, var alltaf farið af kirkjufólki frá Guðrúnarstöðum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 3

HV-203:023 *Húsadalur* örnefni
“Húsadalur, mýrarstakki, sem liggur út og suður milli Jökulstaða og Múlans.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 3

HV-203:024 *Húsadalur efri* örnefni
“Húsadalur efri, er á Hjallaendanum vestast, upp undan neðri Húsadalnum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 3

HV-203:025 tóft
“Gerðishóll er grashóll á gilbarminum á móti Guðrúnarstöðum, með gömlum tóttagirðingum á.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 3

HV-203:026 *Djúpavað* heimild um vað
“Djúpavað, er vað á kvíslinni suður og niður frá Guðrúnarstöðum, hylur og liggja götur að því og frá. Liggur vegur eftir gilbarminum fram eftir, svo yfir í Tungusporðinn og fram að Káradalstungu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 3

HV-203:027 *Hellisvað* heimild um vað
“Hellisvað er á ánni í gilinu, sunnan við þar sem sést frá Hólkoti og dregur nafn af hellir þar í gilinu, að austan verðu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 4

HV-203:028 *Björnsvarða* varða
“Björnsfoss er í kvíslinni þar sem Hvammarnir byrja að vestan og upp undan honum er; Björnsvarða á hábrúninni á hálsunum, hrunin.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 5

HV-203:029 *Lækjarsel* heimild um sel
“Lækjarsel mjög gamalt var á milli lækjanna [Sellækjanna], undir hólnum sem er í brúninni á milli þeirra, þar var þetta Sel, og er nú við það sokkið í jörðu, var varla hægt að sjá það nú orðið , hvað stórt það hefur verið, ég skoðaði það ofar en einu sinni kringum 1870, og var vatnsbólið í læknum syðri og hefur Selið dregið nafn af lækjunum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 5

HV-203:030 varða
“Vörðuás smá melhryggur suður brúnina með 1 til 2 vörðubrotum á.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 5

HV-203:031 *Lestamannavað* heimild um vað
“Lestamannavað á ánni, sunnan og neðan við Höfðann og er glöggur vegur að sunnan og norðan, í holt að sunnan, sem þar er, og er það eina vað á ánni á löngum kafla hennar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þórormstunga, 8

HV-203:032 *Lögrétta* heimild um þingstað **Friðlýstar fornleifar**
ÁG: ““Lögrjetta” er svo heitir, forn hringur í túninu.” SSH: “... kringlóttur hringur er og svo í Þórormstungutúni kallaður Lögrétta.” “I følge sognebeskrivelsen findes i Torormstungetun en rund kreds [?] kaldet Lögrétta.”
Heimildir: ÁG: Fornleifaskrá, 42; SSH, 75; Kålund, P. E. Kristian: Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse, nm. 41

HV-203:033 *Riddarasteinn* heimild
“Fornleifar. Einn einstakur stór steinn í Þórormstungulandareign, kallaður Riddarasteinn, í lögun sem lítið hús, hvar ekkert grjót er nærri og engin mannaverk sjást þar á ....”
Heimildir: SSH, 75

HV-204 Káradalstúnga

16 hdr 1706, Grímstungukirkjueign. 1706 heitir jörðun Kálfdalstunga. HÞ telur Kálfadalstunga vera réttnefni. HÞ: "Rannsókn og leiðrjerttingar" Árbók 1923, 61 Í máldögum Grímstungukirkju frá 1318 og 1360 um Bardalstungu/Harsdalstungur sem jörð í Grímstungusókn. DI II, 476-477, DI III, 161-162. Ein forn nafnlaus hjáleiga var í landi Káradalstungu. 1918: Tún 2,4 ha, 1/3 slétt, garðar 190 m2 "Landið, sem hallar til norður og vesturs, er lítið og hrjóstrugt og erfitt til ræktunar." Húnaþing II, 335

HV-204:001 *Káradalstúnga* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-204:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-204:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-204:004 *Árnasel* heimild um sel
"Einnig var sel er Árnasel hét við Selbrekkur." segir í Húnaþingi "Árnasel eru gamlar grænar tóttargirðingar á barminum ofan við Hvamminn og sést þar fyrir túngarðsspotta, er þar þýft allt í kring." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Húnaþing II, 335; Ö-Kárdalstunga, 3

HV-204:005 *Tungusel* heimild um sel
"Tungusel var austan við Hólkotskvísl allmiklu sunnar." segir í Húnaþingi "Tunguselsmelur liggur þar framan og út að Eldhúshól. Á þessum mel var sel kallað; Tungusel, og voru 2 stórar tóttir og kvíar langar og voru allir veggir sýnilegir eftir 1870, en hurfu svo fljótt, og eru nú ei eftir annað og tóft grjót, er þó farið að sökkva í melinn, en ákaflega mikið grjót var í veggjunum ..." segir í örnefnaskrá 1520 segir að Þórormstunga (Tunga) eigi selstöðu í Kaldadalstungu, sennilega sama.
Heimildir: Húnaþing II, 335; Ö-Kárdalstunga, 4; DI X, 59

HV-204:006 heimild um fjárhús
"Hesthúshóll, heitir hóllinn fyrir utan og ofan bæinn var fjárhús þar fyrir 1860, en svo kálgarður um 1868." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kárdalstunga, 1

HV-204:007 heimild um kálgarð
"Hesthúshóll, heitir hóllinn fyrir utan og ofan bæinn var fjárhús þar fyrir 1860, en svo kálgarður um 1868." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kárdalstunga, 1

HV-204:008 *Kellingarkofi* heimild um hesthús
"Kellingarkofahóll er tóttarbrot á suðvestur jaðrinum á túninu. Var þar fyrst hesthús, en var rifið og voru veggirnir lengi uppi. Og var þar á eftir kallar "Kellingarkofi"." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kárdalstunga, 1

HV-204:009 *Lind* lind vatnsból
"Lind er vatnsbólið fyrir neðan bæinn í túnjaðrinum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kárdalstunga, 1

HV-204:010 *Ástríðarhellir* hellir
"Ástríðarhellir er kippkorn suður í vestur gilinu frá Káradalstungu fyrir ofan fossinn, sem þar er með þröngu opi niður við jörð, svo dimmt er í honum hefur verið kallaður Ástríðarhellir af kellingu, sem átti heima í Káradalstungu var heima á nóttunni, en suður í hellinum á daginn, því þar hafði hún dót sitt. En

svo var hann kallaður Draugshellir, og var þó enginn draugur þar til, en þótti dimmt í honum, dyrnar voru svo lágar, nærri niður við vatnsborð á ánni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kárdalstunga, 1

HV-204:011 *Hellisvað* heimild um vað
“Hellisvað, þar sunnan við [010], og liggja götur þar að kvízlinni og ekki hægt að fara annars staðar með hest.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kárdalstunga, 1

HV-204:012 *Pálsstekkshvammur* heimild um stekk
“Pálsstekkshvammur norðasti hvammurinn af hvömmunum, mýrlendur, þar var stekkur og stíað þar ám (seinast 1867).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kárdalstunga, 3

HV-204:013 heimild
“Björnshvammur stór hvammur fyrir ofan fossinn, er þýfður mjög. Þar eru gamlar grænar tóttagirðingar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kárdalstunga, 3

HV-204:014 varða
“Stórhóll með vörðubroti á, er á norðurenda á Selbrekkum, sér af honum út yfir hólana.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kárdalstunga, 3

HV-204:015 heimild um smalakofa
“Rauðhóll, sem er melhóll ofan við Þrengslagilsendann fremri, þar var smalabyrgi í fjölda ára, sem var hresst við á hverju sumri, þaðan er víðsýnt fram yfir allar Kýrlágar, þar var fyrsti hvíldarstaður smalanna frá Káradalstungu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kárdalstunga, 3

HV-204:016 tóft sel
“Selmór, fær hann nafn af eldgömlum seltóttum, sem þar má sjá grænar. Hafa þar verið sel fyrir æfalöngu á tveimur stöðum. ... Líka kallaður Grænimór.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kárdalstunga, 4

HV-204:017 *Eldhúshóll* örnefni
“Eldhúshóll strýtumyndaður holl, nær því þríkantaður, á vesturjaðrinum, sem er endi á melhrygg framan að.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kárdalstunga, 4

HV-204:018 heimild um sel
1706 segja munmæli að Þóroddstunga eigi selstöðu í landi K.
Heimildir: JÁM VIII, 289

HV-204:019 bæjarstæði býli
“Til forna var hjáleiga eða býli suður í Káradalstunguhólum.” segir í Húnaþingi “Hólakot [?] er í hólunum suður frá Káradalstungu, er þar grasigróinn hóll og ?? Eini í hólnum, sem er grasi gróinn, en norðan við hann eru grænar tóttir og túngarður fyrir austan og upp yfir hólinn að austan. Þar hefur verið býli til forna, þó ekki sé greint frá því nú á túnum. ... Svo hefur verið byggður stekkur þar og skýrður Gamlistekkur, sem hefur svo verið brúkaður frá Káradal.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Húnaþing II, 335; Ö-Kárdalstunga, 2

HV-205 Guðrúnarstaðir

60 hdr 1706. Útkirkja var á jörðinni. Almennt talið sama býli og Guðbrandsstaðir sem getið er í Vatnsdælu. ÍF VIII, 100. 1486: er jarðarinnar getið. DI V 353. 1562: Kvittun fyrir 20 hdr í jörðinni. DI XIV, 22. Hjáleigur 1706 voru Vaglir í byggð og nafnlaus eiðihjáleiga.

1706: "Túninu grandar lækjarskriða með grjóti. ... Engjar þær einar sem hent verður með blettum, innan úr haflendisbrekkum og mýrum." JÁM VIII, 292 1918: Tún 6,5 ha, 3/4 slétt, garðar 446 m2 "Undirlendi er frekar lítið, en vel ræktanlegt, enda að mestu orðið tún. Landið hækkar ört hér fyrir innan og er hlíðin vel gróin, var fyrrum slægnaland." Húnaþing II, 333

HV-205:001 *Guðrúnarstaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-205:002 heimild um útkirkja
1706: "Hálfkirkja er hjer og hefur um lángan aldur verið, eru hjer af prestum að Grímstúngu tíðir fluttar þrisvar á ári ..." SSH: "Kirkjustaður. Grímstungur. Bænahús, Tvö bænahús voru í fornöld hér í sókninni, á Marðarnúpi og á Guðrúnarstöðum, en engir bæir hafa þangað sótt, og menn vita ei nær aflagzt hafa til tíðabrúkunar."
GUÐRÚNARSTAÐIR Í VATNSDAL (GRÍMSTUNGUÞING) (AH) ? HÁLFKIRKJA
1486: er uppi, DI V 353
1706: Kirkja stendur enn;
Heimildir: JÁM VIII, 291, DI; PP, 228; SSH, 75

HV-205:003 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-205:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-205:005 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-205:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-205:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-205:008 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-205:009 *Guðrúnarstaðagerði* bæjarstæði býli
1706: "Gerði fornt hefur hjer verið fyir eðan túnið, á því bygði Grímur Jónsson hjáleigu fyrir 16 árum, hafi þar aldrei bygð verið fyi í manna minni. Býlið varaði 2 ár." "Guðrúnarstaðagerði stóð á árbakkanum sunnan við núverandi bæjarhús." segir í Húnaþingi "Gerði, niður á gilbarminum niður undan túninu. Gerðistún er þar kallað, sér fyrir fornum tóttum, og túngarði, og hafa verið þar fénaðarhús fyrir fé og hross." segir í örnefnaskrá "Eyðiból eru nokkur á þessum slóðum [Vatnsdal]. Guðrúnarstaðagerði og Tungukot voru hjáleigur í túnfæti þessara jarða ..."
Heimildir: JÁM VIII, 292; Húnaþing II, 333; Ö-Guðrúnarstaðir, 1; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 247

HV-205:010 *Djúpavað* heimild um vað
"Djúpavað á kvíslinni, suður undan Gerðinu og er vegur þar að og frá ánni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðrúnarstaðir, 1

HV-205:011 heimild um mógrafir

“Mólækur lítil lækjar sitra, skammt suður á mýrunum með gömlum mógröfum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðrúnarstaðir, 1

HV-205:012 *Brattavað* heimild um vað
“Brattavað er skammt fyrir sunnan Mólæk, þar í bröttum bakka, var vanalega farið þar yfir þá farið var á milli Guðrúnarstaða og Káradalstungu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðrúnarstaðir, 1

HV-205:013 heimild um stekk
“Stekkjarbali er sléttur bali suður í hlíðinni ofan við Mýrarnar. Þar var hafður stekkur fyrir og eftir 1870 til að reka inn fé að vorinu ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðrúnarstaðir, 2

HV-205:014 *Einvígishóll* örnefni
“Einvígishóll á gilbarminum út og yfir frá Káradalstungu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðrúnarstaðir, 2

HV-205:015 heimild um vað
“Skinnhúfuklettur á gilbarminum á móti Káradalstungu, þar var vað á kvíslinni fyrir neðan.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðrúnarstaðir, 2

HV-205:016 heimild
“Hvörf, suður af Mýrunum suður og yfir frá Káradalstungu, norðan við Ytri-Lækinn, neðarlega í hlíðarhallanum. Sér þar fyrir grænum gömlum tóttagirðingum - Líka Leynir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðrúnarstaðir, 2

HV-205:017 heimild um beitarhús
“Beitarhús eru grænar tóftir sunnan við Syðrilækinn, miðhlíðis, voru frá Guðrúnarstöðum og voru 2 hús þegar þau voru í brúkir. Voru heilir veggir að þeim, og tóftir við þegar ég kom þar fyrst 1868.” segir í örnefnaskrá
Beitt upp á fjalli.
Heimildir: Ö-Guðrúnarstaðir, 3

HV-205:018 heimild um smalakofa
“Byrgisbrúnir, brúnir neðan við Gilskarðsflóann, er með gömlum Smalabrygjum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðrúnarstaðir, 3

HV-205:019 *Guðrúnarstaðasel* heimild um sel
“Guðrúnarstaðasel var suður og uppi undir svonefndu Gilsskarði, og kann hér að vera um sama sel að ræða og áður var nefnt í sambandi við Sauðadal [?]” segir í Húnaþingi
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: “Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi”, 315

HV-206 Vaglir
Hjáleiga 1706. “Fornt eyðiból í Guðrúnarstaðalandi, brúkað í manna minni fyrir selstöðu frá Guðrúnarstöðum, en byggt úr lánvarandi auðn fyrir 30 árum, litlu meir eður minna.” JÁM VIII, 292
Vaglasel var í byggð á 19. öld. Land óskipt við Guðrúnarstaði, talið 1/4 heimajarðarinnar.
1918: Tún 2,3 ha, 2/3 slétt, garðar 95 m2 “Bærinn stendur vestan Vaglakvíslar, á enda lands beggja vegna hennar. Landgæðin til beitar, en vetrarríki oft allmikið.” Húnaþing II, 334

HV-206:001 *Vaglir* bæjarstæði býli/sel
Heimildir: Túnakort 1918

HV-206:002 heimild um fjós
Heimildir: Túnakort 1918

HV-206:003 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-206:004 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-206:005 heimild um beitarhús
"Beitarhús voru norðast í Hlíðinni norður við Syðrilækinn, "Rauðagilslæk" miðhlíðis að sunnan verðu við lækinn, og er þar grænn bali, þar sem þau voru, voru þau frá Guðrúnarstöðum, og var gengið á þau þaðan. Var þá vanalega beitt upp á fjall frá þeim, þegar gott var veður. Ég kom þar fyrst 1868, þá voru allir veggir uppi, en var þá fyrir löngu búið að rífa þau." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vaglir, 1

HV-206:006 *Stekkjareyri* örnefni stekkur
"Stekkjarmelur, er melurinn á barmi sunnan við túnið. Stekkjareyri fyrir handan kvíslina, þar var staðan fyrrum, Stekkjarhvammur norðasti hvammurinn fyrir sunnan Stekkjarmel." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vaglir, 1

HV-206:007 *Vaglasel* bæjarstæði býli/sel
"Vaglasel, það var á gilbarminum lítið eitt sumar en þar sem Ill?? Fellur út í Dalagilslæk. Þetta sel var ei nema einn tóttarkofi 1866, hvarf það fljótt fyrir straumi tímans, en má þó sjá fyrir lítilli upphækkaðri mishæð 1937." segir í örnefnaskrá "Vagnalsel var vestan við Illaflóalækinn, þar sem hann fellur norðurí Dalagilið. var það í byggð einhvern tíma um miðja 19. öld."
Heimildir: Ö-Vaglir, 2; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 316

HV-206:008 *Miðdegisvarða* varða
"Miðdegisvarða, er vörðubrot upp undan Vaglatúni þar á brúninni suður frá bænum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vaglir, 2

HV-206:009 *Jónsvarða* varða
"Jónsvarða, er kipp suður í hálsinum, rétt fyrir neðan götuna, sem lá fram í hallanum í hásinum (Vörðubrot nú)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vaglir, 2

HV-206:010 gata leið
"Jónsvarða, er kipp suður í hálsinum, rétt fyrir neðan götuna, sem lá fram í hallanum í hásinum (Vörðubrot nú)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vaglir, 2

HV-206:011 *Ingunnarvarða* varða
"Ingunnarvarða, lítið ofar fyrir ofan veginn. Svo hétu hjón í Vöglum ..." á 19. öld.
Heimildir: Ö-Vaglir, 2

HV-206:012 vegur leið
"Vegur liggur fram með brokkshæðum að austan við Illaflóa að vestan frá Klifi, og fram yfir móa fyrir austan Káradalstungusund allt suður að Úlfkellshöfða norðan til." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vaglir, 2

HV-207 Marðargnúpur

70 hdr 1706, jörðinni skipt í þrjú býli, M, Melagerði (10 hdr) sem var forn hjáleiga og Giljá (20 hdr). Jörðin því 100 hdr áður. Kirkja á jörðinni. Jarðarinnar getið í Sturlungu. Sturlunga saga II, 178. 1318: "[í Grímstungum] er. ij. presta skýlld. ef mardarnups kyrkia liggr vnder. enn ella prests og diakns ..." DI II 476-477. [1360/89]: "[í Grímstungum er] Tueggia presta skylld ef mardar nups kyrkia liggur vnder. Enn ellegar prests og diakns..." DI III 161-162. 1363: "Testamenti Benedikts Kolbeinssonar." DI III 186 1394: "[á Undirfelli] er prestz skylld og diakns. Tekur prestur ... vtann gardz halfa fiordu morck. og ad auk mardargnupz kyrckia ..." DI III 540-541 1394: "[í Grímstungum] er tueggia presta skylld ef mardarnups kyrckia liggur vnder. enn ella prestz skylld og diackns. Ef [í Grímstungum] eru tueyr prestar. tekur huor halfa sioundu mork. Enn ef einn er tekur sa 9. merkur ..." Grímstungna offur af Marðargnúpi því 4 merkur DI III 541-542 1432: "kirka [metin] firir xij hundrot en firir fynd iij hundrot ..."DI IV 512. Búið var í Marðarnúpsseli og Giljárseljum áður, Melgerði einnig skráð með jörðinni. 1918: Tún 9,7 ha, 2/3 slétt. "Ræktunarskilyrði góð. Jörðin á talsvert land vestan Tunguár, hið bezta ræktunarland. Þá átti jörðin land austur fyrir fjall fram af Svínadal ..." Húnaþing II, 332

HV-207:001 *Marðargnúpur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-207:002 heimild um kirkju
1706: "Hjer er og hefur verið hálfkirja, stendur húsið enn nú og hafa hjer tíðir veittar verið í manna minni, þá heimamennn voru til sacramentis." SSH: "Kirkjustaður. Grímstungur. Bænahús, Tvö bænahús voru í fornöld hér í sókninni, á Marðarnúpi og á Guðrúnarstöðum, en engir bæir hafa þangað sótt, og menn vita ei nær aflagzt hafa til tíðabrúkunar."
MARÐARGNÚPUR Í VATNSDAL (GRÍMSTUNGNA/UNDIRFELLSÞING) (AH) ?Jakobi
1318: [í Grímstungum] er. ij. presta skýlld. ef mardarnups kyrkia liggr vnder. enn ella prests og diakns; Máld DI II 476?477 [Grímstungna]
[1360?89]: [í Grímstungum er] Tueggia presta skylld ef mardar nups kyrkia liggur vnder. Enn ellegar prests og diakns; Máld DI III 161?162
22.2.1363: Testamenti Benedikts Kolbeinssonar; aull þau ornamenta sem ek hefer lagt til kirkiunnar aa kulu edr mardargnupi ... þa skal þat kirknanna eign at frialsu æfinliga; DI III 186
1394: [á Undirfelli] er prestz skylld og diakns. Tekur prestur ... vtann gardz halfa fiordu morck. og ad auk mardargnupz kyrckia; Máld DI III 540?541 [Undirfells]
1394: [í Grímstungum] er tueggia presta skylld ef mardarnups kyrckia liggur vnder. enn ella prestz skylld og diackns.
Ef [í Grímstungum] eru tueyr prestar. tekur huor halfa sioundu mork. Enn ef einn er tekur sa 9. merkur; Máld DI III 541?542 [Grímstungna ? offur af Marðargnúpi því 4 merkur]]
17.8.1432: kirka [metin] firir xij hundrot en firir fynd iij hundrot; Vísitasíugerð DI IV 512
lögð niður e. 1700; (PP, 228)
Heimildir: DI; PP, 228; JÁM VIII, 293; SSH, 75

HV-207:003 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-207:004 heimild um rétt
Heimildir: Túnakort 1918

HV-207:005 heimild um fjós
Heimildir: Túnakort 1918

HV-207:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-207:007 heimild um hesthús

Heimildir: Túnakort 1918

HV-207:008 heimild um vatnsból
Heimildir: Túnakort 1918

HV-207:009 heimild um brunn
Heimildir: Túnakort 1918

HV-207:010 heimild um myllu
"Á Marðanúpi hafði Björn Guðmundsson, sem þar bjó, myllu í Gilánni niður með túninu, veitti þar í stokk, og þar voru kvarnarsteinar, sem voru drifnir áfram af vatnsorku. Það var ás niður af þeim, sem varið bunaði á og dreif þá áfram. ... Myllan á Marðarnúp var til áður en ég kom hingað 1899."
Heimildir: Túnakort 1918; Björn Eysteinsson: Sjálfsævisaga, 121

HV-207:011 heimild um sundlaug **Friðlýstar fornleifar**
ÁG: "Fyrirhleðsla forn fyrir sundlág, sem er í túninu fyrir utan og neðan bæinn." SV 1892: "Marðarnúpr er alllanga bæjarleið fyrir framan Hof. Þar er kölluð Sundlág í túninu fyrir utan og neðan bæinn. Það er djúp laut og hlaðinn digur þvergarðr yfir lautina. Á, er fellr norðan við túnið, er kölluð Gilá, og er enn í dag veitt vatni úr henni ofan í lautina, og sá eg, að það hefði verið nýgert. Þessi Sundlág eða Sundlaut er gamall árfarvegr, og hefir Gilá runnið þar áðr, löngu áðr þar bygðist. Má það sjá af því, að túngarðr afgamall liggr yfir þvera lautina, og er hann enn á sumum stöðum ákaflega digr og mikill. Auðvelt er að veita ánni eða nokkuru af henni í lautina, og er það stundum gert."
Heimildir: Túnakort 1918; ÁG: Fornleifaskrá, 42; SV: "Rannsóknarferð" Árbók 1892, 122

HV-207:012 *Melagerði* bæjarstæði býli
1706 segir að jörðinni sé skipt í 3 býli og var M gömul hjáleiga í eigu Lauritz Christiansson Gottrup, alls 10 hdr. "Melgerði, gamalt eyðibýli, er syðst í Marðarnúpslandi, rétt við Tunguárbrú." segir í Húnaþingi "Melgerði, er hár melhóll, sem var þó tún til forna, bæði upp á því, og sunnan í, með túngarði allt í kring, hefur verið búið þar langa lengi, því þar eru margar grænar tóttaleifar. Og þar liggja uppgrónar götur upp í brekkurnar frá þessum bæ. Höllinn er brattur vestaní, og liggur vegur norðan yfir og suður á móana." segir í örnefnaskrá "Af Marðarnúpskamb er mjög fallegt útsýni yfir dalina og fram um heiðarnar. Sunnan við hann gengur afdalur til austurs og rennur Tunguá eftir honum. Á rananum norðan við dalamótin stóð áður Melagerði, sem var hjáleiga frá Marðarnúpi ..."
Heimildir: JÁM VIII, 293; Húnaþing II, 332; Ö-Marðarnúpur, 2; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 244

HV-207:013 *Marðarnúpssel* heimild um býli/sel
1706: "Selstöðu á Marðargnúpur fyrir Öxlum, og er það kallað x hdr. land; þá selstöðu brúkar Marðargnúpur hvenær sem ábúendur vilja, og er þó lángt og örðugt að sækja." Þar var búið til 1925. "Gegnt Hrafnabjörgum í vestanverðum dal er Gafl, sem lagðist í eyði nokkuru fyrir 1930, en allmiklu framar, eða uppi í heiðarsporðinum, er Marðarnúpssel, sem búið var í fram yfir 1920. Þaðan liggur leið fyrir Axlir vestur í Vatnsdal. Um 1870 var búið í Selbrekku þar í heiðarsporðinum."

"Marðarnúpssel, austan á barmi hans, og er kölluð Tunga, að fyrir utan, áður en Sellækurinn fellur ofan í Selkvíslina. Túnkragi var lítilfjörlegur kirnum bæinn og fjárhúsin, sem voru í tvennu lagi, og var alltaf sleginn, þegar búið var í Selinu. En nú búið að vera í eyði nokkur ár, síðan 1927, þá fór síðasti búandinn þaðan." segir í örnefnaskrá Á túnakorti frá 1918 má sjá tún var 0,8 ha, 2/3 slétt. Þar var bæjarstæði og 2 útihús.
Heimildir: JÁM VIII, 295; Húnaþing II, 332; Ö-Marðarnúpur, 5; Túnakort 1918; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 159

HV-207:014 heimild um leið
"Fjölfarinn varðaður reiðvegur var yfir fjallið áður fyrr." Að Marðarnúpsseli og yfir í Svínadal. segir í Húnaþingi "Frá Marðarnúpi er gamall reiðvegur yfir Marðarnúpskamb, sem er beint upp af bænum og liggur hann að Marðarnúpsseli femst í Svínadal."
Heimildir: Húnaþing II, 332; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 243-44

HV-207:015 heimild um fjárhús
“Húsalaut, liggur hún ofan túnið norðast, sunnan við fjárhúsin, sem eru út og niður á túninu, svo liggur hún ofan í gengum Melana.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Marðarnúpur, 1

HV-207:016 garðlag
“Sveinsrófa, partur vestan til takmarkast að norðan að garðlagi, jaðrar að vestan við Tunguengi, með gömlum árfarvegi þar á milli.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Marðarnúpur, 1

HV-207:017 *Magnúsarstekkur* heimild um stekk
“Magnúsarstekkur, er í Leynislakka sunnan við Grundirnar. Eru þar grænar tóttagirðingar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Marðarnúpur, 1

HV-207:018 *Messuvað* heimild um vað
“Messuvað á Tunguá, þar sem hún kemur úr gilinu, og fara að byrja engjarnar sunnan og neðan Melgerðishvamminn. Fær Messuvað nafnið að þar var farið yfir Tunguána frá Guðrúnarstöðum af fólki, þegar það fór til kirkjunnar að Grímstungu.” segir í örnefnaskrá Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir að vaðið hafi einnig verið nefnt Prestsvað.
Heimildir: Ö-Marðarnúpur, 2; Ö-Marðarnúpur ath og viðb, 1

HV-207:019 heimild um leið
“Kambur, melröðullinn, sem liggur allt frá gilinu, og suður og upp á hábrún. Vegur liggur eftir Kambinum upp og ofan í krókum og austur yfir fjallið efst, en er að hverfa, því umferð er lítil, en er þó eini vegurinn upp úr Dalnum að austan, liggur hann svo upp á Borgir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Marðarnúpur, 3

HV-207:020 *Sigga* varða samgöngubót
“Sigga, er nafn á vörðu hátt upp á Kambinum, sést hún heima að frá bænum, þar beygir vegurinn til austurs af Kambinum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Marðarnúpur, 3

HV-207:021 varða
“Gilárfell, er há hæð ofan við Gilárflóa, sem liggur út og suður með skörpum berghávöðum með lausagrjóti ofan á, og er utasta borgin klapparbunga skörp, með vörðu á.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Marðarnúpur, 3

HV-207:022 *Draugakofi* heimild um sæluhús
“Draugakofi, var eina tíð suður með læknum að vestanverðu [Dalagilslæknum], og voru veggir að honum uppi, þegar ég fór yfir fjallið eftir veginum, vestan frá Borgunum austur á Austurfjall. Kofinn var uppi um 1870, en hann fór á einu sumri, því féð tróð hann og veðrin blésu svo á hann, að hann hvarf fljótt. Var sæluhús eða graskofi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Marðarnúpur, 4

HV-207:023 *Þrívörður* varða
“Þrívörður, eru 3 vörðubrot á Þrívörðuásbrúninni, þar sem vegurinn liggur ofan af fjalllinu og er þar bratt austan í.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Marðarnúpur, 4

HV-207:024 heimild um leið
“Hallar, hallarnir fyrir neðan Þrívörðuásinn, að liggja götuslóðir upp og ofan á Kaldaklofsbrúnum.” segir í

örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Marðarnúpur, 4

HV-207:025 *Nónvarða* varða
"Nónavarða á smábrúninni norður af Kaldaklofa." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Marðarnúpur, 5

HV-207:026 *Gilársel* bæjarstæði býli/sel
"Gilársel, eru grænar tóttir undir suður horni Litlafjalls, heitir öðru nafni Ásmundarsel, eftir bónda sem bjó á Gilá og hét Ámundur." segir í örnefnaskrá "Út og upp frá Marðarnúpsseli unn undir Litlafjallinu, var Gilársel. Þar mun hafa verið búið um nokkurra ára skeið, fyrir löngu." segir í Húnaþingi
Heimildir: Ö-Marðarnúpur, 5; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 315

HV-207:027 *Gnýputóft* heimild um kvíar
"Gnýputóft, tóftarbrot fyrir neðan túnjaðarinn, seinna voru þar hafðar kvíar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Marðarnúpur, 5

HV-207:028 *Fjósatunga* örnefni fjós
"Í túninu voru nöfnin Fjósatunga (sunnan við Letilaut) ..." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Marðarnúpur ath og viðb, 1

HV-208 Giljá

20 hdr 1706, þriðji hluti Marðarnúps. 1706: "Túninu á þeim parti jarðarinnar, sem Giljá heitir, ganda leir- og grjótskriður úr brattlendi. Engi heimajarðarinnar öllu grandar vatnsfall það sem kallað er Túnguá." JÁM VIII, 296 1918: Tún 3,5 ha, 1/4 slétt, garðar 56 m2 "Jörðin er landlítil og möguleikar til frekari ræktunar nánast engir." Húnaþing II, 331

HV-208:001 *Giljá* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-208:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-208:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-208:004 heimild um vað
"Eyri, út undir Dýjabrekkunni að áni, graseyri, þar er vaðið á Vatnsdalsánni við Eyrina." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gilá, 1-2

HV-208:005 áletrun landamerki
"Merkjasteinn er stór steinn, rétt við götuna að neðan út á merkjum í hlíðinni með L.M. og 1883 höggið á." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gilá, 2

HV-208:006 heimild um kvíar
"Kvíaból er grjóthryggur sunnan við túnið neðan við Gilána, þar hafa verið kvíar í þrem eða fjórum stöðum, allar úr grjóti hlaðnar, og úr þeim seinustu var hlaðinn kálgarður, þegar hætt var að færa frá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gilá, 3

HV-208:007 *Gilstekkur* heimild um stekk
"Gilstekkur er uppgróinn gamall stekkur, nær því á blábarminum, sunnan og ofan við Melhólinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gilá, 3

HV-208:008 *Hjallastekkur* heimild um stekk
"Hjallastekkur, eru grænar gamlar grastóttaleifar á Hjallaendanum, á brúninni suður við gilið, gamall stekkur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gilá, 4

HV-208:010 heimild um vað
"Engi fyrir neðan Tunguána, er eins í laginu eins og 3 spaðar, einn suður bakkann, annar liggur beint til vestur, en sá þriðju út bakkann, sem er takmark við Marðarnúp og Tungunni, þar er kerruvað á Tunguá neðst." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gilá, 1

HV-209 Kötlustaðir

10 hdr 1706, gömul hjáleiga Hofs. Í eyði frá 1935, lögð undir Hof. Húnaþing II, 330. 1918: Tún 2,6 ha, 1/3 slétt, garðar 200 m2

HV-209:001 *Kötlustaðir* bæjarstæði býli
Búið að slétta tóftir bæjarins.
Heimildir: Túnakort 1918; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 166

HV-209:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-209:003 heimild um fjós
Heimildir: Túnakort 1918

HV-209:004 heimild um smiðju
Heimildir: Túnakort 1918

HV-209:005 heimild um fjós
"Bæjarlækur, hefur upptök sín á Hjallanum út kaldavermslis dýjum og rennur ofan skammt fyrir sunnan túnið og ofan í Klaufin, og þar ofan í Síki." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kötlustaðir, 1

HV-210 Hof

60 hdr alls 1706, heimajörðin 50 hdr. Útkirkja á jörðinni. Landnámsjörð Ingimundar. ÍF I, 219. Jarðarinnar getið í Vatnsdælu og Sturlungu. ÍF VIII, 42, Sturlunga saga I, 144. ÍF: c. 1010: Þorkell [krafla] var skírðr, þá er kristni var lögtekin á Íslandi, ok allir Vatnsdælir. Þorkell var mikill höfðingi; hann lét kirkju gera á bæ sínum ok hélt vel trú sína. 1318: "Tekur prestur [í Hvammi í leigu]. af hofe. iiij. merkr ..." DI II 476. 1369: "[Seljandi jarðarinnar Snorri Torfason, skilur á kaupandan Jón Jónsson] ath hann skylldi suara ollum kirkiu spællum æf nokr hæfdi aa vordit sidan þorny guduardzdottir vard æighandi at jordinni oc hann suo ..."DI III 250-251. 1399; Kaupbréf jarðarinnar. DI XII, 30-34. [um 1470]: Máldagi kirkjunnar. DI V, 589. 1482: Steinþór Sölvason færir Einari Oddssyni 20 hdr í Hof til eignar fyrir Fjósa í Svartárdal auk 9 hundruða. DI VI, 456. Kuml fannst í landi jarðarinnar. Hjálegur 1706 Kötlustaðir (fyrrum hjáleiga) og Gróustaðir báðar í byggð. Kötlustaðir lagðir undir jörðina 1935. 1918: Tún 8,6 ha, 3/4 slétt, garðar 553 m2 "Aðalheyskaparland jarðarinnar er norðan Hofsmela og að mestu ræktað." Húnaþing II, 330

HV-210:001 *Hof* bæjarhóll bústaður
"Hof. Bær í Austanverðum Vatnsdal. Þar bjó Ingimundur hinn gamli Þorsteinsson er "nam Vatnsdal allan upp frá Helgavatni og Urðarvatni fyrir austan" en áður hafði Haraldur konungur hárfagri fýst hann að leita forlaga sinna á Íslandi að sögn Landnámabókar. Um Ingimund og ættmenni hans fjallar Vatnsdælasaga. Örlög Ingimundar urðu þau að ójafnaðarmaðurinn Hrolleifur, sem hann hafði þó gert vel til í hvívetna, skaut spjóti að velgerðarmanni sínum, hæfði hann og drap. Svo var drenglund Ingimundar mikil að hann gerði banamanni sínum orð, rétt áður en hann lést af sárum sínum, að flýja svo hann yrði ekki drepinn. Í túninu á Hofi er hóll, Goðhóll, þar sem sagt er að hof Ingimundar hafi staðið. Fleiri örnefni í Hofslandi og þar í grend minna á sögustaði í Vatnsdæla sögu."
Heimildir: Túnakort 1918; Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson: Landið þitt Ísland II, 83

HV-210:002 heimild um útkirkja
1706: "Hér er hálfkirkja og tíðir veittar þá heimamenn eru til sacramentis, þjónar prestur að Undenfelli kirkjunni."
HOF Í VATNSDAL (HVAMMSÞING) (AH)
ÍF: c. 1010: Þorkell [krafla] var skírðr, þá er kristni var lögtekin á Íslandi, ok allir Vatnsdælir. Þorkell var mikill höfðingi; hann lét kirkju gera á bæ sínum ok hélt vel trú sína.
1318: Tekur prestur [í Hvammi í leigu]. af hofe. iiij. merkr; Máld DI II 476 [Hvamms]
1.2.1369: [Seljandi jarðarinnar Snorri Torfason, skilur á kaupandan Jón Jónsson] ath hann skylldi suara ollum kirkiu spællum æf nokr hæfdi aa vordit sidan þorny guduardzdottir vard æighandi at jordinni oc hann suo; DI III 250-251
[um 1470]: Máld DI V 589
1706: Tíðir enn veittar á Hofi;
Heimildir: ÍF VIII, 126; DI; PP, 226; JÁM VIII, 296

HV-210:003 heimild um fjós
Heimildir: Túnakort 1918

HV-210:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-210:005 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-210:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-210:007 kuml legstaður
1867: "MÖTTULSNISTI úr bronzi. Aðalmótið á því er mjög líkt Þjms. 290 og 96, en þó er það eigi steypt í sama mót og þau og víkur það frá þeim í ýmsu smáflúri. Á því neðanverðu allt í kríng eru 8 drekamyndir, eigi vel gerðar, og 8 ferhyrndir kaflar á milli hvers dreka, með óreglulegu kroti á, sem á tveim stöðum líkist latínu X. Engin eru göt í randirnar á þessu nisti, og eigi sést votta fyrir gyllíng á því. Á baka til hefir verið þorn úr járni, sem hefir leikið á járnþolinmóð ... Það hefir fundizt fyrir hérumbil 20 árum í Vatnsdal fyrir norðan, og var blásið upp úr holti, líklega í fornmannahaug; en við hvern sá haugur var kenndur og hvar hann var, þar um hefi eg því miður enn enga skýrslu fengið. Nistin voru tvö í fyrstu, en annað var gefið eða týndist." 8-9; "... fannst í Vatnsdal nálægt Hofi, ... ásamt öðru nisti, sem glataðist. Ekki veit eg, hvort þar var haugur eða dys, en eitthvað settu menn þessi nisti í samband við Íngimund hinn gamla á Hofi, eða hans ættmenn."
Heimildir: Skýrsla FÍ II, 8-9; nmgr 1. 139; KEKH 2000, 124-125

HV-210:008 *Goðhólll [hof]* heimild **Friðlýstar fornleifar**
"Goðhóll er fyrir austan bæ, rétt ofan við túnjaðarinn. Þar segir sagan, að hofið hafi verið. Á honum eru tóttir, sem ekki geta talist fornar. Sunnan og vestan við hólinn er bogmyndaður garður, gamall. Þarna er

nú friðlýst svæði." segir í örnefnaskrá Kaalund greinir frá hofminjum í námunda við bæinn.

"Fyrir ofan bæinn er fremur lítið holt grasi vaxið að nokkru, kallast Goðhóll; þar er sagt að hof Ingimundar hafi staðið." Ekki segir hann hvort þar væru enn ummerki eftir hofið. Þó er lýsing hans á bæjarstæðinu og landinu umhverfis afar nákvæm, og má því ætla að hann hafi komið að Hofi. Jafnvel má ályktа sem svo að Kaalund hafi ekki fundið rústina og eða ábúendur hafi ekki getað vísað honum á hana, því hann hefði þá lýst henni sjálfri nákvæmlega. Sigurður Vigfússon kom að Hofi árið 1886, og taldi sig finna rústina. Hann lýsir legu hennar svo: "Upp og norðr undan bænum, svo sem 60-70 faðma, er hæð allmikil eða tóft, er enn í dag heitir Goðhóll. Þar er fallegt og einkum er þaðan einkarfagrt að sjá ofan yfir hvamminn og ána. Hóllinn er að ofan með töluverðum jarðvegi, enn nokkuð blásinn að vestan. Umhverfis hólinn sést vottr fyrir fornri girðingu. Hana má nokkurn veginn glögglega rekja að austan, norðan og vestan, enn á kafla að sunnan sést ekki fyrir henni. Uppi á hólnum sést, að einhver bygging hefir verið, því að þar sést glögt votta fyrir einum vegg, er liggr í austr og vestr. Enn til allrar ólukku hefir verið bygt stórt fjárhús sunnan og vestan í hólnum, og hefir verið stungið upp í það bæði úr tóftinni og girðingunum, svo þar hafa kennimerki eyðilagzt... Hvergi annarsstaðar sjást merki til þess að Hofi, að hofið hafi staðið, enda er hér hinn fallegasti staðr." Eftir að hafa svipast um í landi Hofs, komst hann að þeirri niðurstöðu að þessi veggbútur hljóti aðhafa verið úr hofinu.

"Hvergi annarsstaðar sjást merki til þess að Hofi, að"hofið" hafi staðið" Brynjúlfur Jónsson kom einnig aðHofi í rannsóknarleiðangur sumarið 1894. "Ingimundur kaus sjer bústaði hvammi einum fögrum .... hann reisti hof mikit hundraðfóta langt" "Bærinn Hof stendur milli holta tveggja, er ganga fram undan fjallshlíðinni þvert vestur í dalinn. Milli þeirra ofan til ganga önnur tvö smáholt fram, sem ná eigi nema ofan að túninu. Mynda þessi fjögur holt fagran hvamm, sem bærinn og túnið er í. Milli allra holtanna eru lautir, sem leysingarvatn rennur í, er flytur með sjer aurburð, svo þar af þykknar jarðvegurinn smátt og smátt. Syðra miðholtið er stærra, og eru á því fjenaðarhús; hið nyrðra er að eins lítill hóll. Hann heitir Goðhóll, og er sagt að hofið hafi staðið á honum. Fornt garðlag, digurt mjög, liggur í boga eptir honum norðanverðum, og beygjast báðir endarnir að lautinni, sem þar er sunnan við milli smáholtanna. Mun þetta hafa verið hringmynduð girðing, og hefir suðurhluti hennar legið í lautinni, en jarðvegur þar hækkað vegna árennslis og hulið þann hluta garðsins. Þessi girðing má hafa verið í kring um hofið. Engin glögg merki sjást samt til hofsins; en það er mjög skiljanlegt: þar er allt byggt úr torfi, því hleðslugrjót er ekki til nærri."

DBFJ 1909,312 "Her er nu intet at se; kun det formentlige sted for hovet menes at kunne paavises." Árið1930 friðlýsti Matthías Þórðarson: "Leifar fornrar "hofgirðingar" á Goðhól,fyrir ofan tún á Hofi. Sbr. Árb 1895:4. Skjal undirritað af MÞ25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931." Við komum að Hofi 2. ágúst 1991 (Dagb. A.F. 1991,63) og hittum Jón Gíslason bónda. Hann vísaði okkur á "Goðhól", sem er hár hóll, um 100 m í vestur frá bænum (Mynd 1). Uppi á hólnum fundum við rústir fjárhússins sem Sigurður talar um. Á norðausturhorni (?) hólsins sáum viðveggbrot sem fellur að lýsingu Sigurðar. Þessi veggur er um 12 m langur og um 2 m breiður, en mjókkar til beggja enda. Liggur hann austur-vestur, en ekki sér móta fyrir neinum byggingaleifum er geta átt við þennan garð. Rof hefur myndast í vesturenda hans og leita skepnur þar skjóls. Í sárinu má sjá torfhleðlsu, brennd bein og kol (Mynd 2). Má telja víst aðþetta séu leifar hins meinta hofs sem eru og friðaðar. Við teiknuðum afstöðumynd af Goðhól og gerðum jafnframt mynd af veggnum. Allt svæðiðvar einnig ljósmyndað. Það verður að játa að veggjarbrotiðá Goðhól í Vatnsdal er líklega ekki fegursta eða stórkostlegasta rústin sem rannsökuðvar í leiðangrinun árið1991. Má telja víst að Sigurður hafi veriðheldur örlátur á fullyrðingar um uppruna og eðli þessara fornleifa.

Heimildir: KK: Íslenskir sögustaðir III, 27; SV: "Rannsóknarferð" Árbók 1892, 122; BJ: "Rannsókn sögustaða" Árbók 1895, 4; DBFJ 1909,312; AF: Dagbók 19991, 63; ÁG: Fornleifaskrá, 42; Ö-Hof, 1

HV-210:009 *Gróustaðir* bæjarhóll bústaður

1706: "Gróustaðir. Hjáleiga af Hofi, bygð á fornu gerði fyrir 6 eður 7 árum." "Norðan Hofsmela voru til forna Gróustaðir." segir í Húnaþingi. "Norðan undir merkjum er gamalt býli, sem heitir Gróustaðir, sbr. Vatnsdælu. Þar var ennþá búið upp úr 1700. Gróustaðamót er neðan vegarins. Hann er stórþýfður. Noraðn hans eru tóftir Gróustaða, og neðan við þær er Mógil." "Fyrir utan Hofsmela er eyðibýlið Gróustaðir, sem getið er í Vatnsdælu. Þar var búið um tíma á 18. og 19. öld." BJ: 1895: "Gróustaðir, heita enn skammt fyrir utan Hof. þar hefir fallið skriða mikil (Gróustaðaskriða). Fyrir neðan hana sjer fyrir óglöggum rústum, sem þó líta helzt út fyrir að vera gamlir stekkir. Enda er af sögunni að ráða, að bæjarrústin geti eigi sjest, því að skriðan hylji hana."

Heimildir: JÁM VIII, 297; Húnaþing II, 330; Ö-Hof, 5; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 241; BJ: "Rannsókn sögustaða" Árbók 1895, 6

HV-210:010 *Garðhóll* örnefni
"Fyrir utan Goðhól er Garðhóll." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 1

HV-210:011 heimild um fjárhús
"Húsalaut er rétt fyrir utan Stórahvamm. Þaðan er stutt að fjárhúsum, en í lautinni sjálfri eru ekki nein hús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 1

HV-210:012 *Efrifjárhús* heimild um fjárhús
"Lítið norður af Húsalaut eru Efrifjárhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 2

HV-210:013 *Paradís* lind vatnsból
"Lítið norður af Húsalaut eru Efrifjárhús. Sunnan þeirra er mjög falleg lind, sem heitri Paradís. Hún er mjög öruggt vatnsból." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 2

HV-210:014 *Húsamýri* örnefni
"Húsamýri er nú orðin að túni. Hún var sunnan gamla túnsins." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 2

HV-210:015 *Húsatún* örnefni
"Húsatún var efri hluti túnsins eða sá hluti þess, sem var sunnan bæjar og heimreiðar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 2

HV-210:016 *Kúavað* heimild um vað
"Stórumóar voru neðan við túnið. Þeir hafa verið ræktaðir nú um langt skeið. Neðan túnsins var einnig Bæjarsýli, en í raun er það gamall farvegur Vatnsdalsár. Á því var Kúavað, og voru kýr reknar þangað á vetrum til brynningar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 2

HV-210:017 *Stekkjareyri* örnefni stekkur
"Norðan Stórumóa er tjörn, sem heitir Ponta. ... tjörnin er grunn og vaxin fergini. Stekkjareyri var fyrir neðan Pontu, en Vatnsdalsá hefur nú rutt henni á brott." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 2

HV-210:018 *Syðstastykki* heimild um áveitu
"Norðan Hofsmela er allstórt svæði, sem í raun er framburðarland úr Meladal. Það heitir Grund. Neðan hennar og að Vatnsdalsá voru flæði- og áveituhólf, sem hétu Syðstastykki, Litlastykki, Stóratjarnarstæði, Miðstykki og Krókagarðamýri." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 4

HV-210:019 *Litlastykki* heimild um áveitu
"Norðan Hofsmela er allstórt svæði, sem í raun er framburðarland úr Meladal. Það heitir Grund. Neðan hennar og að Vatnsdalsá voru flæði- og áveituhólf, sem hétu Syðstastykki, Litlastykki, Stóratjarnarstæði, Miðstykki og Krókagarðamýri." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 4

HV-210:020 *Miðstykki* heimild um áveitu

“Norðan Hofsmela er allstórt svæði, sem í raun er framburðarland úr Meladal. Það heitir Grund. Neðan hennar og að Vatnsdalsá voru flæði- og áveituhólf, sem hétu Syðstastykki, Litlastykki, Stóratjarnarstæði, Miðstykki og Krókagarðamýri.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 4

HV-210:021 *Krókagarðamýri* heimild um áveitu
“Norðan Hofsmela er allstórt svæði, sem í raun er framburðarland úr Meladal. Það heitir Grund. Neðan hennar og að Vatnsdalsá voru flæði- og áveituhólf, sem hétu Syðstastykki, Litlastykki, Stóratjarnarstæði, Miðstykki og Krókagarðamýri. Á henni var krókóttur garður, sem bar nafnið Krókagarðar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 4

HV-210:022 tóft beitarhús
“Milli Skriðulækjar og Stóra-Melalækjar er Skriðulaski; hallandi fjallshlíð, þó ekki brött. Sunnan Skriðulækjar er Húsatóftalaski. Þar hafa verið beitarhús og sjást ennþá tóttir þeirra.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 6

HV-210:023 heimild um kvíar
“Kvíarnar voru í svonefndri Kvíalaut sunnan Goðhóls.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 7

HV-211 Bakki
24 hdr 1706, konungseign ein af Vatnsdalsjörðum. 1550: Yfirlýsing Erlends lögmanns Þorvarðarsonar að hann hafi selt Birni Jónssyni jörðina. DI XI, 779. Jörðin í eyði frá 1908-53, þá nýtt frá Eyjólfsstöðum. 1706: “Ekki er túninu óhætt fyrir Vatnsdalsár ágángi. Enginu spillir Vatnsdalsá með leir og grjóti.” JÁM VIII, 299. 1918: Tún 3,2 ha, 1/3 slétt. Ræktunarland er gott og talsvert þurrt sléttlendi með og í nánd Vatnsdalsár.” Húnaþing II, 329

HV-211:001 *Bakki* bæjarhóll bústaður
“Bærinn stendur á sléttlendi skammt frá fjallsrótum, en var áður á hólbarði niður við Vatnsdalsá, þar sem nú eru fjárhúsin.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Húnaþing II, 329; Túnakort 1918

HV-211:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-211:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-211:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-211:005 *Gamlistekkur* heimild um stekk
“Stekkjarlækur er lítill lækur, sem fellur ofan brattann, kemur úr brattanum sunnan við Kofabungur og sýnist vera grasrönd, þar sem hann liggur ofan fjallið. gamlistekkur er á litlum hávaða, suður og út frá Bakkabæ. Þar hefur fyrr verið stekkur, og sést fyrir lítilfjörlegum grænum tóttum, og hefur lækurinn, sem fellur það ofan, verið kenndur við stekkinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 1-2

HV-211:006 *Kofabunga* örnefni smalakofi
“Kofabunga er melhávaði milli Bakkalækjar og Eyjólfsstaðalækjar hátt uppi í Skörðum. Þar var setið hjá, þegar setið var hjá ánum frá Bakka.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 2

HV-211:007 *Hesthús-hóll* örnefni hesthús
Sjá lista sem fylgir ljósmynd
Heimildir: Ö-Örnefnakort af Bakka

HV-211:008 *Eyjarhólatjörn* álagablettur
Sjá lista sem fylgir ljósmynd
Heimildir: Ö-Örnefnakort af Bakka

HV-211:009 *Bæjareyrarvað* örnefni vað
Sjá lista sem fylgir ljósmynd
Heimildir: Ö-Örnefnakort af Bakka

HV-211:010 *Sprengieyrarvað* örnefni vað
Sjá lista sem fylgir ljósmynd
Heimildir: Ö-Örnefnakort af Bakka

HV-211:011 *Herforingjaráðsvarða* örnefni
Sjá lista sem fylgir ljósmynd
Heimildir: Ö-Örnefnakort af Bakka

HV-211:012 *Kristínarvað* örnefni vað
Sjá lista sem fylgir ljósmynd
Heimildir: Ö-Örnefnakort af Bakka

HV-212 Eyjólfstaðir

16 hdr 1706, konugseing ein af Vatnsdalsjörðum. Gæti verið nefnd í Vatnsdælu sem jörð Eyjólfs úr Káranesi. 1550: Fjölsvinnur Helgason selur Birni Jónssyni jörðina. DI XI, 777. Tóftir af eyðibýlinu Kárastöðum í landi jarðarinnar. 1706: "Enginu spillir Vatnsdalsá með leiri." JÁM VIII, 299. 1918: Vantar upplýsingar á túnakort. "Túnið er ræktað á sléttri en nokkuð harðlendri grund við rætur Vatnsdalsfjalls og hallar því lítið eitt mót vestri. ... Votlendi talsvert neðan túns og norður um merki. Síðan taka við breiðir, þurrir og sléttir bakkar Vatnsdalsár, mikið og gott heyskaparland." Húnaþing II, 328

HV-212:001 *Eyjólfsstaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-212:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-212:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-212:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-212:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-212:006 mannabein legstaður
Beinafundur á Eyjólfsstöðum, Áshreppi, Þjms. 12031: Árið 1913 fann Þorsteinn bóndi Konráðsson mannsbeinagrind, er hann var að grafa fyrir húsi á hól skammt fyrir ofan bæinn á Eyjólfsstöðum í

Vatnsdal. Höfuðið vissi í norður. Beinagrindin var heil, en aðeins fá beinanna komu á safnið, löngu síðar. Engir munir fundust, og heimild brestur að telja þetta með kumlum, þótt ekki sé vitað til, að kristinn grafreitur hafi verið á Eyjólfsstöðum.
Heimildir: KEKH 2000, 124

HV-212:007 heimild um ferju
"Lögferja var hér á Vatnsdalsá til skamms tíma." segir í Húnaþingi. "Leynir er slakkinn á milli Eyjólfsstaðalækjar og Bakkalækjar; er er niður undan Eyjólfsstaðavað á Vatnsdalsánni [niður undan skriðufætinum] með háum bakka að vestan; er nokkuð djúpt. [Ferjustaðurinn er þar á ánni undan túnhorninu]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Húnaþing II, 328; Ö-Eyjólfsstaðir, 1

HV-212:008 *Eyjólfsstaðavað* heimild um vað
"Leynir er slakkinn á milli Eyjólfsstaðalækjar og Bakkalækjar; er er niður undan Eyjólfsstaðavað á Vatnsdalsánni [niður undan skriðufætinum] með háum bakka að vestan; er nokkuð djúpt. [Ferjustaðurinn er þar á ánni undan túnhorninu]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyjólfsstaðir, 1

HV-212:009 *Beygigötur* heimild um leið
"Beygigötur, út að merkjum, fyrir utan og neðan Stekkjarholtið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyjólfsstaðir, 2

HV-212:010 *Stekkjarholt* örnefni stekkur
"Stekkjarlækur, neðan við grundir. Stekkjarholt, norðan við Stekkjarlæk, klettar neðan í og sunnan í." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyjólfsstaðir, 2

HV-212:011 *Sniðgötur* heimild um leið
"Smiðgötur, út og upp á Kambinn frá Tófugeira. Þær götur var vanalega farið upp og ofan með ærnar, þegar setið var hjá uppi í Dýjahlíð og Skörðum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyjólfsstaðir, 2

HV-212:012 *Kofabunga* örnefni
"Kofabunga, á milli lækjanna [?], ofan við Fénaðarhjalla." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyjólfsstaðir, 3

HV-212:013 *Götur* örnefni leið
"Götur í brattanum, út og suður frá Grenskálum og út að Hvammsbreið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyjólfsstaðir, 3

HV-212:014 *Ingimundarholt* sögustaður legstaður
"Ingimundarholt milli Hvamms og Eyjólfsstaða í Vatnsdal. Þar segir arfsögnin að Ingimundur gamli væri heyjaður en Vatnsdæla saga segir hann vera heyjaðan í skipi sínu, Stíganda. Holtið er örfoka og engar minjar að sjá, né heldur eru sagnir um að þær hafi fundist."
Heimildir: Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson: Landið þitt Ísland II, 190

HV-212:015 *Skinnhúfuhellir* þjóðsaga tröll
Skinnhúfa. "Tröllkona sem varð að steini nálægt Hvammi í Vatnsdal. Milli Hvamms og Eyjólfsstaða er Skinnhúfuhellir í klettum. Annað nafna hennar er Skinnhetta. Þorgrímur skinnhúfa kemur og við Vatnsdæla sögu á sömu slóðum og barg sér á sundi í Húfuhyl í Vatnsdalsá."
Heimildir: Árni Björnsson: Íslenskt Vættatal, 127

HV-212:016 *Kárastaðir* bæjarstæði býli

BJ 1895: “Í Eyjólfsstaðalandi er eyðibær, sem heitir Kárastaður. Þar eru nú stekkur.” BJ 1895: “... er sagt að bærinn hafi í fyrstu staðið þar, sem eyðibærinn Kárastaðir er, en verið síðan fluttur þangað sem nú eru Eyjólfsstaðir. Mun þar hafa þótt óhættara fyrir skriðum. Þá hefir bærinn að líkindum skift um nafn, er hann var fluttur ...”
Heimildir: BJ: “Rannsókn sögustaða” Árbók 1895, 5

HV-213 Hvammur

80 hdr að fornu 70 hdr 1706, jarðadýrleiki minkaði vegna skriðu sem féll á túnið. Þingeyrarklausturseign. Kirkja var á jörðinni. Jarðarinnar getið í Sturlungu. Sturlunga saga II, 56. “[um 1200]: Hvammur á 1/6 í 1. hluta Spákonuarfs. Samtals 3,33 % ...” DI I, 305. “[um 1300]: Kristifie þau sem standa upp j huammi j uazdal. hefir gefit kall hinn audgi. ok ero þath lxtiger hundrada. er þad. flagha fyri þriatigi hundrada. hardbeitu holmR fyri .x. hundrod. xv. hundrod j breckv. ok fim hundrod uestr aa uatznesi j Rekum hualreki huort sem fluttR er. eda rekr. aa bergstodum. siettungur wR fiordungi. aa illugastodum. þridiungR wR ollom. j uijk siettungR wR þridiungi.” DI II, 330 1318: “Kyrckia hinnar heilogu mariu j huamme j vatzdal. a þria hluti j heima jordu. ... Tyund heýtollur oc lysistollur af. ij. Bæium.” DI II, 476. 1326: “kirkiann j Huamme j Vatz dal. atte tuo hlute j heima lannde.” LS 36. kap (46. kap í B), s. 88-89. 1326: “[Sættargerð Laurentius bps og Guðmundar ábóta] ek brodir laurencius biskup gaf a þenna sama dagh klaustrinu til stadugligrar og æfinligrar eignar. alla jordina j. huammi j. vazdal. bædi kirkiuluta oc eignarluta ...” DI II 580-581. 1346: “tokum ver [Ormr bp] brott med þesso varu brefue diaknsuist or iordinne ii huamme er laurencius biskup gaf stadnum. soo at þar skal hedan af alldre firir oss ne vara eptirkomendr diakn skipazst ...” DI II, 836 [1360/89]: “[Undirfellskirkju fylgir] vidreki ad halfu vid Huams kyrkiu ...” DI III 162. 1486:” J huams þingum ein alkirkia til saungz ...” DI V, 354. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Hjáleigur 1706 Hvammkot í byggð og eyðikotin Syðra Hvammkot og Eilífstóftir. Einnig var þar hjáleigan Fosskot. Árið 1926 var jörðinni skipt í tvö býli Hvamm I og II. Húnaþing II, 327 1918: 9/10 túns slétt, garðar 590m2. “Undirlendi mikið en votlent, utan bakka Vatnsdalsár, sem eru eggsléttir og sem bezta tún.” Húnaþing II, 327

HV-213:001 *Hvammur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-213:002 heimild um kirkju
1706: “Hjer hefur að fornu hálfrkja verið og stendur húsið enn, þó man engin hjer hafi verið tíðir veittar.”
HVAMMUR Í VATNSDAL (AH) ?Maríu, Katrínu
[um 1200]: Hvammur á 1/6 í 1. hluta Spákonuarfs. Samtals 3,33 %; DI I 305
1242: Menn Þórðar kakala skipast fyrir hurðir allar en Hákon galinn hljóp á hurðina fyrir þeim durum er næstar voru kirkju og braut upp; Þórðarsaga kakala, Sturl, 494
1255: Hafði Ingunn húsfreyja látið bera allt í kirkju það er mátti. .. Þorgils og Þorvarður hlupu þegar af baki og til kirkju og var hún byrgð. ... Þorvarður beiddi að upp væri lokið kirkjunni en Ingunn ... segir að eigi mundi upp látin kirkjan ... Prestur og allir heimamenn segja að [Ásgrímur] var brott riðinn. Þorvarður trúði því varla. Þorvarður gerði hlaup að kirkjunni tvisvar sinnum og spyrnti í hurðina fætinum svo fast að hélt við að brotna mundi. Þorgils og nokkurir menn lögðu til að hann skyldi eigi brjóta hurðina. En er Ingunn vissi að Þorgils Böðvarsson var fyrir ferðinni þá kvaðst hún mundu upp ljúka kirkjunni ef Þorgils héti griðum og öllum heimamönnum og fé því sem í kirkju var komið. Þá var upp lokið kirkjunni og gengu þeir innan um kirkjuna og fannst Ásgrímur eigi sem von var; Þorgilssaga skarða, Sturl, 690?691
[um 1300]: Kristifie þau sem standa upp j huammi j uazdal. hefir gefit kall hinn audgi. ok ero þath lxtiger hundrada. er þad.
flagha fyri þriatigi hundrada.
hardbeitu holmR fyri .x. hundrod.
xv. hundrod j breckv.
ok fim hundrod uestr aa uatznesi j Rekum hualreki huort sem fluttR er. eda rekr.
aa bergstodum. siettungur wR fiordungi.
aa illugastodum. þridiungR wR ollom.
j uijk siettungR wR þridiungi. DI II, 330

1318: LXXXII. Huams kyrckia j vatzdal.
Kyrckia hinnar heilogu mariu j huamme j vatzdal. a þria hluti j heima jordu. halfann hualreka. enn fiordung j vidreka ä þingeyra sandi. halfa Brecku firi. xv. hundrud. flaugu firi. xxx. hundrada. hardberta holmur fyrer. x. hundrud. v. hundrud j Rekum ä vatznesi.

Jnnan kyrkiu messuklædi. ij. kaleyk. Tiolld vond vm alla kyrkiu. mariuskript. katrinar lykneski. alltarisklædi. iij. a vtolltorum. ij. Brijkarklædi. ij. messingarstykr. ij. Elldbera. glodarjarn. kola. fontz vmbunad. krossar iij. artijda skra. skrijn. kluckur. v. Glerglugg. messubok forna. paxblad. mercki. ij. kiertaklofa.

Dedicatio Ecclesiæ in festo Mauricii.

Tyund heýtollur oc lysistollur af. ij. Bæium.

Hier er prest skýlld. Tekur prestur heima j leigu. iiij. merkur. af hofe. iiij. merkr.

Tali anno kýrckio Tyund. ij. merckur.

c. voru er þordur gaf. Balldurs skyns hokul. stolu oc handlijn. enn af balldurskinne. er syra. Gudni lauk. Refill sæmeligur. nyr oc alltarisdwkur glitadur oc Bwnadur ä hofudlijn. med Balldur skinn. alltarisklædi nytt med Balldur skinn. messu serckur nýr. vatzkietill. Máld DI II 476

1326: kirkiann j Huamme j Vatz dal. atte tuo hlute j heima lannde. enn Finnbiorn bonde Sigurdar son. atte þridiunginn. kirkiann þotti electus litt halldinn þuiat Finnbiorn bonde. for med huorntueggia kirkiu hlutann og þad sem hann atte. vanndadi herra electus vm og villdi skipa kirkiu hlutann presti nockrum. en hann færi med sinn hluta. þetta villdi Finn biorn eigi. þar kom at herra electus setti honum aa minningar. til alust [ad] lata. og sagdist mundu framm fara j mote honum. [ef] hann let[i] eigi ad odrum koste baud hann ad kaupa ad honum. sinn hluta. fyrer fullt verd. kom þar vm sider med godra manna til laugum. ad Finn biornn [89] bonnde. selldie sinn hluta j iordinne. fyrer lx. hundrada. vjllde herra electus so frialsa jordina kirkiunni til hannda. skipade hann. syni hans Eigle Grims tungur og foru þeir þanngat bunadi sinum. LS 36. kap (46. kap í B), s. 88-89.

6.5.1326: [Sættargerð Laurentius bps og Guðmundar ábóta] ek brodir laurencius biskup gaf a þenna sama dagh klaustrinu til stadugligrar og æfinligrar eignar. alla jordina j. huammi j. vazdal. bædi kirkiuluta oc eignarluta med ollum þeim lunnendom sem hun a oc eighande hefer at vordit bæde at fornu oc nýju oc adra jord er hunstadir heita. DI II 580?581

7.5.1329: Erkibyskup staðfestir sættargerð frá 6.5.1326; DI II 643?644

7.10.1346: tokum ver [Ormr bp] brott med þesso varu brefue diaknsuist or iordinne ii huamme er laurencius biskup gaf stadnum. soo at þar skal hedan af alldre firir oss ne vara eptirkomendr diakn skipazst; DI II 836

[1360?89]: [Undirfellskirkju fylgir] vidreki ad halfu vid Huams kyrkiu; Máld DI III 162 [Undirfells]

[um 1400]: Skrá Holtastaðakirkju um Spákonuarf; DII III 654

17.8.1432: war giordh firir .xx. hundrot æn firir fyndh .x. hundrot; Vísitasíugerð DI IV 513

[1461]: 1 prestur DI V 361

1486: J huams þingum ein alkirkia til saungz DI V 354

fram yfir 1569; (PP, 226)

Heimildir: JÁM VIII, 299; DI; PP, 226

HV-213:003 heimild um rétt
Heimildir: Túnakort 1918

HV-213:004 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-213:005 heimild um fjós
"Fjós var fyrir norðan íbúðarhús. Brunnhús var sambyggt við fjósið, og þar var brunnur, sem talinn var 18 álna djúpur og var hlaðinn að innan." segir í örnefnaskrá "Hann var með handsnúinni vindu og keðju í fötunni. ... Gerður var skans í torfvegginn, sem aðskildi fjós og brunnhús, tréstokkur var í gegnum vegginn og hellt í hann brunnhúsmeginn, og rann þá vatnið í kerald í fjósinu." Vatnsleiðsla sett eftir 1945. segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 2-3; Túnakort 1918

HV-213:006 heimild um lambhús

“Norður af Fjósinu voru Lambhúsin, sem nú eru horfin.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3; Túnakort 1918

HV-213:007 heimild um hesthús
“Norður af Fjósinu voru Lambhúsin, sem nú eru horfin. Þar norður af er hesthús, nokkuð í beinni línu, þar norður af fjárhús, kölluð Jónshús, en ekki er vitað, við hvern þau eru kennd.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3; Túnakort 1918

HV-213:008 *Guðjónshús* heimild um fjárhús
“Upp við túngarð voru kölluð Guðjónshús, líklega kennd við föður Hallgríms, hann hafði haft kindur þar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3; Túnakort 1918

HV-213:009 *Jónshús* heimild um fjárhús
“Norður af Fjósinu voru Lambhúsin, sem nú eru horfin. Þar norður af er hesthús, nokkuð í beinni línu, þar norður af fjárhús, kölluð Jónshús, en ekki er vitað, við hvern þau eru kennd. Sambyggt Jónshúsi að norðanverðu var hlaða með listilegum kjallara og Ærhús, sem svo voru kölluð.” segir í örnefnaskrá
Sex hlöður voru í Hvammi og hlaðnir kjallarar undir þeim öllum, engin þeirra hefur varðveist.
Heimildir: Ö-Hvammur, 3; Túnakort 1918

HV-213:010 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-213:011 heimild um túngarð
Heimildir: Túnakort 1918

HV-213:012 heimild um leið
Engjavegur.
Heimildir: Túnakort 1918

HV-213:013 heimild um landamerki
“Að sunnan,milli Hvamms og Eyjólfsstaða, eru merki úr steini á gömlu heygarðs- eða tóftarbroti við Vatnsdalsá, sunnan við Stóranes ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 1

HV-213:014 heimild um ristu
“Í Flóanum var reiðingsrista, en reiðingurinn var misjafnlega góður. Rótin var svo seig, að skurðgröfur átti í erfiðleikum að komast í geng, þegar farið var að ræsa fram.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 17

HV-213:015 heimild um leið
“Vegslóði sást áður út og upp frá túni, upp undan Ærhúsunum, út að urðarjaðrinum efst í Landsenda. Líklega hefur hann verið frá því fyrir tíma hestakerru og orðið til við og vegna grjótflutninga, þegar flutt var hleðslugrjót í hlöðukjallarana o.fl. Slóðinn var greinilegur, en hvarf þegar Hallgrímur stækkaði túnið upp og norður eftir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3

HV-213:016 *Flöguvað* heimild um vað
“Frá Vinnumannastykki og heim að Engjabrú (ytri) [010] er kallað einu nafni Bakkar. Þeir liggja út að ánni alla leið frá Arnarhyl, fyrir neðan Flóann. Flöguvað heitir, þar sem engjabrúin á Flögu kemur að ánni. Það liggja skáhallt yfir ána í stefnu á Fossgilið. Þar er skarð í bakkann til að gera auðveldara að komast með hesta og kerrur ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 15

HV-213:017 *Reiðhestakofi* heimild um hesthús
“Reiðhestakofi er aðeins norðan og austar en íbúðarhúsið. Trúlega er þetta gamalt. Nú er það lítið hús og hlaða, byggt úr steini, en áður var torfhús ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3

HV-213:018 heimild um lendingu
Við Arnarnef var geymdir bátur við ána fyrir heimafólk til nota áður en nútímasamgöngur tóku við segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 4

HV-213:019 *Engjabrú* heimild um brú
“Engjabrú lá niður frá norðanverðu túni og niður í vikið við Arnarhyl. Hún var hlaðin og handgrafnir skurðir meðfram. Möl var keyrð í hana til að halda henni við, því hún vildi síga. Fært var með vatna um brúna og þarna var farið með heyband.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 5

HV-213:020 *Syðri-Engjabrú* heimild um brú
“Syðri-Engjabrú var sunnan við Kotparta, frá túni og niður í Litlanes. Hún er nú horfin. Þar var stiklað niður á engjarnar. Þessi brú var gerð úr sniddu og torfi en ekki mölborin, og var aðeins gönguleið, en ekki farin með heyband.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 5

HV-213:021 garðlag landamerki
“Syðst við merkjagarð milli Eyjólfsstaða og Hvamms er Stóranes.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 5

HV-213:022 *Beygjugötur* heimild um leið
“Norðan í hryggnum sunnan við Leyninn liggja götur, alltaf kallaðar Beygjugötur. Þær liggja í beygju utan í hryggnum og draga líklega nafn af því. Hryggurinn ber sama nafn. Göturnar liggja úr Leyninum, suður yfir hrygginn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 6

HV-213:023 *Leynisrétt* heimild um rétt
“Leynir heitir slakkinn suður á milli balanna fyrir sunna Hvamm. ... Fyrir ofan Leyninn eru Leynisklettar. Það er dálitlir klettar, ekki alls staðar gengir. Leynisrétt var hlaðin rétt undir Leynisklettum, við stóran steina, og var skemmtilegt réttarstæði. Féð var rúið þar á vorin, þegar Hallgrímur var barn, og var réttin notuð fram um 1930. Enn stendur eitthvað af henni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 6

HV-213:024 heimild um vatnsból
“Hólar eru nokkuð miklir hólar og grasi grónar lautir á milli. Þeir eru upp undan bæ og beint niður undan Mjótungu. Í Hólum er vatnsból fyrir bæinn, alveg öruggt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 7-8

HV-213:025 vegur leið
“Vegur var í [Hvamms]urðarjaðrinum allra neðst við flóann, eldgamall, og var lagður steinn við stein, ein til tvær álnir á lengd og sumir lengri. Þeir lágu hver við hliðina á öðrum, og voru þeir slípaðir mjög af mörg hundruð ára umferð af járnuðum hestafótum. ... Lögð var brú á síðustu öld rétt fyrir framan gamla veginn í Flóanum, beint út og suður rétt framan við þar sem beygjan var á Urðinni inn. ... Brúin, sem var kölluð Langabrú, var gerð að vetri til á klaka í jörð og var vel lögð, úr tómu stórgrýti úr urðinni, og borið smágrjót ofan á.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 9

HV-213:026 *Langabrú* heimild um brú
“Vegur var í [Hvamms]urðarjaðrinum allra neðst við flóann, eldgamall, og var lagður steinn við stein, ein til tvær álnir á lengd og sumir lengri. Þeir lágu hver við hliðina á öðrum, og voru þeir slípaðir mjög af mörg hundruð ára umferð af járnuðum hestafótum. ... Lögð var brú á síðustu öld rétt fyrir framan gamla veginn í Flóanum, beint út og suður rétt framan við þar sem beygjan var á Urðinni inn. ... Brúin, sem var kölluð Langabrú, var gerð að vetri til á klaka í jörð og var vel lögð, úr tómu stórgrýti úr urðinni, og borið smágrjót ofan á. ... Nú er brúin komin undir nýja veginn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 9-10

HV-213:027 *Matarsteinar* örnefni
“Norðan við Löngubrú, í urðarjaðrinum ofan við veg, voru tveir stórir steinar, sem nefndir voru Matarsteinar. Þeir voru hreyfðir við vegagerð (líklega 1946), en leifar af þeim eru þarna enn. Annar steinninn einkum var allstór. Engar sagnir voru um þessa steina.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 10

HV-213:028 *Fosskot* bæjarstæði býli
“Fosskot var gömul hjáleiga á Holtinu, norðan við lækinn [Holtslæk] og neðan við götuna. Þar sést líklega enn fyrir tóftum.” segir í örnefnaskrá “Fosskot var niður á skriðunni og norðan Fosslækjarins. Mun þar hafa verið harðbýlt, ekki síst vegna tíðra skriðufalla. Nokkru ofar sér fyrir grjótveggjum, og var þar stekkur, sem mun hfa verið notaður fram á þessa öld.” segir í Húnaþingi
Heimildir: Ö-Hvammur, 10; Hjördís Gísladóttir: “Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi”, 314

HV-213:029 heimild um leið
“Fosskot var gömul hjáleiga á Holtinu, norðan við lækinn [Holtslæk] og neðan við götuna. Þar sést líklega enn fyrir tóftum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 10

HV-213:030 heimild um stekk
“Stekkur var upp með Holtinu, í jaðrinum á ytriurð, þar sem urðin og Holtið mætast. Hann er kippkorn fyrir ofan veg. Stekkurinn var notaður til að marka þar lömb alveg fram undir 1930.” segir í örnefnaskrá
Hann skemmdist þegar tekið var grjót úr honum.
Heimildir: Ö-Hvammur, 11

HV-213:031 heimild um sel
“Sel er fyrir utan urðina, upp af Ytra-Tjarnarvíkinu. Þegar Guðjón, faðir Hallgríms, kom að Hvammi 1903, voru heillegir veggir í Seli. Þá var fært frá þar og setið yfir uppi á Hjalla. ... Hallgrímur man eftir veggjaleifum þarna, en þær síðustu hurfu við vegagerð upp úr 1960. Rétt utan við Selið eru merkin milli Hvamms og Hjallalands. Götur lágu á Snið upp á Hjallann, þar sem farið var með kvíaærnar upp.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 12

HV-213:032 heimild um leið
“Rétt utan við Selið [031] eru merkin milli Hvamms og Hjallalands. Götur lágu á Snið upp á Hjallann, þar sem farið var með kvíaærnar upp.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 12

HV-213:033 heimild um heystæði
“Stórhólmabali er á austanverðum Stórhólma. Sunnarlega á honum er tóftarbrot, þar sem hey voru sett saman í fúlgur síðla sumars og ekið heim á ísasleðum á veturna.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 13

HV-213:034 *Bullubað* heimild um vað

“Bulluvað lá af Steinahorni um Bulluvaðshólma syðst í Helgavatnslandi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 13

HV-213:035 *Steinbrú* heimild um brú
“Þessi síðastnefnda kelda var kölluð Holtskelda. Á henni var Steinbrú úr grjóti úr Urðinni, sem flutt var á ís að vetrinum. Hún var aðeins fyrir gangandi fólk að stikla eftir, ekki fyrir ríðandi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 14

HV-213:036 heimild um áveitu
“Tangabakkar taka nú við og þá sleppir Hólmunum. Handgrafinn skurður aðskildi Stokk og Tangabakka.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 14

HV-213:037 heimild um áveitu
“Tangabakkar taka nú við og þá sleppir Hólmunum. Handgrafinn skurður aðskildi Stokk og Tangabakka. Milli tangans og kvíslarinnar [Hólmakvíslar] var smátóftarbrot; líklega hefur verið borið þar saman hey.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 14

HV-213:038 heimild
“Ytra- og Syðra-Leirvik eru með stuttu millibili við ána. Þar eru smáleirvik eða leirflögur við ána á heybandsleiðinni. Skammt sunnan við Syðri-Leirvik er Vinnumannastykki. Það afmarkast af handgröfnum skurðum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 14

HV-213:039 varða landamerki
“Að sunnan,milli Hvamms og Eyjólfsstaða, eru merki úr steini á gömlu heygarðs- eða tóftarbroti við Vatnsdalsá, sunnan við Stóranes og í annan stein ofar eða fjær ánni, og í merkjavörðu á Skinnhúfuklettum ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 1

HV-213:040 varða landamerki
“Að vestan ræður Vatnsdalsá merkjum sem hún fellur norður fyrir Stórhólma, þá í stein, er stendur norðast á Stórhólmatá, þá í merkjastein norðanvert við Partkvísl og frá honum í landamerkjavörðu á litlum melhól í fjallshlíðinni, skammt fyrir ofan veginn ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 1

HV-213:041 heimild um kálgarð
“Hóll er í túninu efst, sunnan til. Sunnan í honum efst voru kartöflugarðar fyrir 1930, sjálfsagt frá gamalli tíð.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 2

HV-213:042 *Hvammssel* heimild um sel
1706: “Munnmæli eigna jörðinni selstöðu á Sauðadal og segja nokkrir þar sje enn kallað Hvammssel, en í hvörju reit greina menn ekki skýrlega. Enginn minnist það hafi Hvammsmenn brúkað.” “Hvammssel sem a.m.k. var notað í nokkur ár, um og eftir 1880, var út og upp af Hvammstjörninni, og sáust enn merki um það, uns vegur var lagður þarna um. Ekki er vitað til að þarna hafi verið dvaldist árið um kring, eða stundaður sjálfstæður búskapur.”
Heimildir: JÁM VIII, 301, Hjördís Gísladóttir: “Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi”, 314

HV-213:043 *Hvammkot* bæjarstæði býli
1706: “Gömul hjáleiga af þeim parti, sem Bjarni Ólafsson heldur. Dýrleikinn er áður talinn í heimajörðinni.” “Yzti hluti túnsins var alltaf kallaður Kottún. ... Á túninu standa enn Kothús, fjárhús, sem

Hallgrímur byggði upp. Þarna hafði verið býli, sem nefnt var Ytra-Hvammkot. Tóttarbrot voru þar greinileg í tíð Hallgríms, sem hafa verið afmáð nú, en fjárhúsin (Kothús) standa." segir í örnefnaskrá "Nokkrar hjáleigur fylgdu Hvammi. Lengst var búið í Hvammkoti, sem var út og norður í túninu, en einnig um tíma í Syðra-Hvammkoti, sunnan túnsins. Miklu eldri eru Eilífsstaðir fyrir sunnan Hvamm og Fosskot, sem var úti undir Fossgili."
Heimildir: JÁM VIII, 301; Ö-Hvammur, 2; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 238-39

HV-213:044 *Syðra Hvammkot* bæjarstæði býli
1706: "Sidra Hvammkot var hjer hjáleiga, upp bygð fyrst í fjárhússtæði innan 60 ára, byðist stundum og lá stundum í auðn inn til þess að fyrir meir en 20 árum. ... Haga grasnautn var óskömtuð í heimahögunum, en töður og engjar afskamtaðar." "Syðra Hvammkot var hjáleiga suður á grundini fyrir neðan götuna, og sá þar fyrir grænum tóttagirðingum, afar gömlum og túngirðingu. Þetta er nú orðið að túni og tóttirnar horfnar." segir í örnefnaskrá "Nokkrar hjáleigur fylgdu Hvammi. Lengst var búið í Hvammkoti, sem var út og norður í túninu, en einnig um tíma í Syðra-Hvammkoti, sunnan túnsins. Miklu eldri eru Eilífsstaðir fyrir sunnan Hvamm og Fosskot, sem var úti undir Fossgili."
Heimildir: JÁM VIII, 302; Ö-Hvammur, 6; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 238-39

HV-213:045 *Eilífstóftir* bæjarstæði bústaður
1706: "Eilijfs topter var hjer innan 100 ára uppbygt húsmannsból. Hann hafði grasnautn öngva. Hvað kostir hafa verið kann enginn að undirrjetta, og aldrei hefur hjer býli verið so menn viti. En á gömlu þrælsgerði í Hvammslandi var húsnæði þetta sett, og ómöglegt aftur að byggja jörðinni að skaðlausu. Þar með hefur skriða brotið mestan hlut hins forna gerðis." "Út af Leynisklettum [sjá 023] og slakkanum ofan til voru Eilífsstaðir, sem hafa verið hjáleiga frá Hvammi. Þar sá fyrir vaæærgarði (túngarði), þegar Hallgrímur var barn, en var mikið horfið í skriður." segir í örnefnaskrá "Nokkrar hjáleigur fylgdu Hvammi. ... Miklu eldri eru Eilífsstaðir fyrir sunnan Hvamm og Fosskot, sem var úti undir Fossgili."
Heimildir: JÁM VIII, 302; Ö-Hvammur, 6; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 238-39

HV-213:046 *Sifa* þjóðsaga tröll
Sifa heitir klettur einn í konulíki er stendur upp á hjallanum fyrir ofan Hvamm í Vatnsdal; er það tröllkona ein, orðin að steini. Í fyrndinni bar svo við að prestur var að messa þar í bænahúsi á jólanótt; stóð bænahúsið fram á hlaðinu og hafði Sifa reiðzt klukknahringingunum um kvöldið; gekk hún þá um nóttina fram á hjallann og skaut stafi sínum á kirkjuna; ætlaði hún þannig að brjóta kirkjuna, en drepa prestinn og alla sem inni voru. En stafurinn brotnaði á fluginu. Liggur annað brotið milli fjalls of túns og er það bjarg mikið, en hitt lenti á hlaðinu og er síðan haft fyrir hestastein. Í þessum svifum varð skessunni litið við og sá dagsbrún í austri; varð hún þá að steini þar sem hún stóð. Dr. Maurer hefur og þessa sögu, en þar er tröllkona kölluð Sefa. Hann getur þess og að skammt þaðan sé annar steinn sem hafi og verið tröllkona og heiti sá steinn enn Skinnhetta eða Skinnhúfa, en ekki hafi hann getað orðið fleira vís um hana.
Heimildir: Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I, 205-206

HV-671 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Áshreppi

HV-671:001 heimild um leið
"Vegurinn fram heiðar og suður í Borgarfjörð lá frá Haukagili suður og upp Miðdegismelinn, fram Brúnir og svo áfram eftir barmi Álkugils fram hjá Gilhaga og Fremstaseli, suður á Skútueyrar, sem eru austan við Álku nyrst á Grímstunguleiðinni, áður en hún fellur í gilið." segir í örnefnaskrá 1879. "Þá var nýr vegur lagður frá Haukagili í Vatnsdal og fram undir Fitjárdrag á Víðidalstunguheiði. Er hann 35 km langur og eitthvert mesta stórvirki, sem unnið var á vegum yfir miðhálendið, unz jarðýtur komu til sögunnar. ... Margir blettir hafa verið hellulagðir ..."
Heimildir: Ö-Haukagil, 13; Björn Bergmann: "Grímstunguheiðarvegur", 34-38

HV-671:002 heimild um leið
"Grímstungu megin var einnig farið og komu vegirnir saman á Skúteyrunum." segir í örnefnaskrá "Grímstunguheiðarvegur var víðast illgrýttur og seinfær af þeim sökum. Fjallvegafélagið lét ryðja verstu kafla hans sumarið 1832 og sést enn fyrir þeim ruðningi á nokkrum stöðum. Ekki nægði sú vegabót til að

gera veginn góðan og 1879 var aftur hafizt handa á sömu leið."
Heimildir: Ö-Haukagil, 13; Björn Bergmann: "Grímstunguheiðarvegur", 33-34

HV-671:003 *Skagfirðingavegur á Öldum* vegur leið
"Skagfirðingavegur á Öldum er kallaður vegur sá, sem liggur frá Blönduvörðum, austur undan Helgufelli norðarlega, og liggur hann norðan við halann á Helgufelli, vestur yfir Sandá og vestur yfir norður endann á Sauðafelli, þar upp á Öldur. Sjást þar 24 götuslóðar. Liggja þær vestur yfir Öldur í stefnu á Svínafell." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Forsæludalskvíslar, 5

HV-671:004 *Bugsvegur* vegur leið
"Upp frá Vöglum lá hinn forni Bugsveggur, sem kom niður hjá Guðlaugsstöðum í Blöndudal." segir í Húnaþingi
Heimildir: Húnaþing II, 334

HV-671:005 *"fara fyrir Gafl"* heimild um leið
"Frá Haukagili lá vegur verður til Víðidals kallað að "fara fyrir Gafl". Sá vegur lá um Fremsta-sel norður Stóra Langholt um Kolhól, vestur í suðurenda Háeggjaáss vestur yfir Litla-gafl og Gljúfurbotna vestur sunnan í Stóra-Gafl við Kaldalæk og niður með honum að Lækjarkoti, sem er suðvestanvert við suðurenda Víðidalsfjalls." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kornsársel ath

HV-671:006 heimild um leið
SV 1892: "Áshagi heitir land mikið vestan ár, enn fyrir austan Ás-mela. þar eru miklar götur og vallgrónar. Er auðséð, að alfaravegr hefir legið þar eftir dalnum."
Heimildir: SV: "Rannsóknarferð" Árbók 1892, 123

HV-671:007 heimild um leið
SV 1892: "Menn vita og, að austan árinnar lá vegr fyrir neðan Hof, sem nú er afbrotinn. Þannig hefir áðr vegr legið að austanverðu í dalnum, enda hefur mátt fara alla leið með ánni fyrir neðan Eyjólfsstaði, Hvamm og Hjallaland."
Heimildir: SV: "Rannsóknarferð" Árbók 1892, 123

HV-673 Lambatungur
[1369x89]: [Grímstungukirkja á] hálfar Lambatungur við Haukagil. - DI III, 161-62 sbr. 1394 - DI III, 541-42. Lambatungur hafa síðan tilheyrt Haukagili að hálfu og Grímstungu að hálfu. Austurmörk við Grímstunguheiði eru um Bríkarkvísl í Þórarinsvatn og þaðan bein lína að fjórðungamörkum um Gedduvatn og Bríkarkvíslardrög og þaðan lína aðeins vestan við Sanddalsstrýtur. Vesturmörk við Haukagilsheiði er um Álftaskálará (á korti Skútalækur og Álka) að upptökum og þaðan bein lína að fjórðungamörkum um Stórasand austan við Bláfell

"Heiðalönd þessi eru ágæt beitilönd, bæði fyrir hross og fé. Gróður er fjölbreyttur og víða mikill. Skiptast á ásar og mýrar, kvíslir og lækir, sem veita skilyrði til fjölbreytts gróðurs. / Á þurrlendinu á hæðum og ásum er grávíðirinn útbreiddastur, ennfremur er krækiberjalyngið víða mjög ríkjandi. Hinir stóru mýrarflákar, sem kallast flár og eru víða mjög blautir, eru víðast vaxnir broki og ljósastör. Í þessu heiðalöndum er oft urmull af gróðurlausum leir- og moldarhaugum, sem kallast rústir. Fylgja þessu tjarnarpollar og bleytur svo miklar, að tæplega er fært á sumum stöðum fyrir menn eða sauðfé. / Langmestan hluta gróðrarins mynda hálfgrösin. Líka er mikið af lingrösum með kvíslum og lækjum. Fjöldi fagurra blómjurta klæðir hæðir, holt og móa. Glitra þær með margskonar litum yfir hásumartímann. / Vötn og tjarnir eru víðsvegr um heiðarnar. Talsverða silungsveiði er í sumum, er var notað mikið fyrr á tímum. Fuglalíf er fjölbreytt og mikið; mófuglar, endur, svanir, gæsir og helsingjar. Eru þeir síðasttöldu í tugþúsundatali um heiðarnar í september og október. / Grasatekja var mikil fyrrum, en eigi notuð nema lítið hina síðari áratugi. Þó var allmikið tekið af grösum 1917-19." GR III, 219

HV-673:001 *Beinakerling* varða samgöngubót
GR: "... grjótvarða, alldigur um sig. Stendur hún við Sandveg á vestarlegum Sandi." "Varða við Skagfirðingaveg. Hún er auðþekkt á því, að umhverfis hana er algróinn grasblettur um 9 m í þvermál. Varðan er ein af vegavörðum þeim, sem Fjallavegafélagið lét gera á Sansi árið 1832." segir í örnefnaskrá "Heitir varða þessi Beinakerling. Eru þar hrossbein forn milli steina. Gamall siður, er tíðkaður var meðal ferðamanna, var sá, að stinga vísu í hrosslegg og láta í vörðuna. Var þeim einkum stefnt til manna, er von var á á eftir. Kölluðust þær Beinakerlingavísur, og voru oft harla klúrar, þótt út af brygði, eins og þessi vísa, er fannst í Kerlingu um Björn Eysteinsson ... ber með sér: Eg á Sandi auðum bý,/á mér fáa vini,/blíðum fagna býst eg því/Birni Eysteinssyni." GR III, 220 - Beinakerling á Stórasandi -
Heimildir: GR III, 220; HB Sumar, 13; Ö-Stórisandur, 5

HV-673:002 *Sandfellsflá* heimild um náttstað
Sandfellsflá er á mörkum Lambatungna og Grímstunguheiðar við Bríkarkvísl, alllangt sunnan við Gedduvatn Fyrsti náttstaður Sandmanna á suðurleið og náttstaður Lambatungnamanna á úteftirleið
Heimildir: GR III, 228, 237, 239

HV-673:003 *Bríkarhvammur* heimild um náttstað
Annar náttstaður Lambatungumanna á úteftirleið. "...ljómandi fallegum náttstað með sléttri valllendisgrund og háum brekkum." GR III, 240. "Þar var oft skemmt sér vel, því að þangað koma Lambatungnamenn til náttstaðar um miðjan dag, ef vel gengur. Í Bríkarhvammi var siður að glíma og gera sér margt til skemmtunar." GR III, 240
Heimildir: GR III, 240

HV-673:004 *Hrafnavörðubotnar* örnefni
Hrafnavörðubotnar eru við norðurbrún Stórasands suðsuðvestan við Lambamannasandfell en austan við Álkulón. "Hrafnsvörðubotnar; eru vestan við Sandfell, í gildragi, sem er að kvíslinni þar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Hkort; Ö-Lambatungur, 2

HV-673:005 heimild um áfangastað
"Áningarstaður er dalverpið sunnan við Dragás. Þar er alltaf stoppað áður en farið er á Sandinn í göngur, því þar eru fremstu grös. Svo hittast þar oftast seinnileitarmenn þegar leitað er fram vestur heiðina." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Lambatungur, 3

HV-673:006 heimild um áfangastað
"Belti er stórgrýtt bogamyndað klettaþrep, nánast urðir, sem illt er að komast um með hesta. Klofi er klauf vestur í Beltið. Sunnan við beltahornið var gamall áfangastaður gangnamanna." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Lambatungur ath og viðb, 1

HV-673:007 *Rústaflá* örnefni
"Rústaflá er suðaustur af Lambalækjartjörnum og liggur meðfram Fremri-Lambalæk áður en hann beygir til norðausturs."
Heimildir: Gylfi Ásmundsson: Lárus í Grímstungu, 262

HV-673:008 *Ólafsvörður* varða
"Norðan við Bláfells á sandi liggur vegurinn [Skagfirðingavegur] yfir flatt klapparholt, sem er alþakið þunnum hellum. Á holtinu standa mergar vörður. Heita þær Ólafsvörður og eru kenndar við Ólaf Hjaltason, sem var biskup á Hólum 1552-1569 ..." Vörðurnar eru 11 eða 12.
Heimildir: Björn Bergmann: "Á Skagfirðingavegi", 54-55

6.3. Fornleifar í Torfalækjarhreppi

HV-214 Kríngla

20 hdr 1706, Þingeyrarklausturseign. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. 1706: Engjar öngvar, nema ítak sem áður er talið." JÁM VIII, 308 1840: "Sæmileg til beitar, á sumrum mögur og heyskaparlítil." SSH, 67. 1920: Tún 4,5 ha, 3/4 slétt, garðar 270m2. "Túnið er að mestu ræktað á mel og lyngmóum, en hið efra er landið mýrlendara og grasi vafið." Húnaþing II, 270

HV-214:001 *Kríngla* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-214:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-214:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-214:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-214:005 heimild um stekk
1706: "Stekkjarstæði það, er menn segja ábúendur á Kríglu hafa brúkað um lánga tíma í Þúfnalækjargili er nú Anno 1705 með lögfestu Sigurðar Einarssonar eignað Stóru-Giljaá og brúka það Kríglumenn ekki síðan."
Heimildir: JÁM VIII, 308

HV-214:006 *Hesthúshóll* örnefni hesthús
"Hesthúshóll er á suðausturhorni túnsins." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kringla, 1

HV-214:007 *Stekkjarholt* örnefni stekkur
"Stekkjarholt er austur af honum [Langamel], lágt og flatt." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kringla, 1

HV-214:008 heimild um stekk
"Þúfnalækur kemur sunnan úr Beinkeldulandi. Stekkjarfoss er í honum, og eru þar merkin. Stekkjarlaut er þar við fossinn. Þar er Stekkur, fornar og vallgrónar rústir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kringla, 1-2

HV-214:009 *Helluvarða* varða landamerki
Landamerki 1884: "Að sunnan frá Helluvörðu beina línu í fossinn í Þúfnalæk ..."
Heimildir: Landamerkjaskrá Kringlu 1884

HV-214:010 heimild um leið
Landamerki 1884: "Að sunnan frá Helluvörðu beina línu í fossinn í Þúfnalæk, og svo sem hann ræður niður að Reiðgötu eða lestaveginum, þá eptir því sem lestavegurinn liggur norður að grjótvörðu á brekkuhorninu hjá Haug[g]ögunni ..."
Heimildir: Landamerkjaskrá Kringlu 1884

HV-214:011 varða landamerki
Landamerki 1884: “Að sunnan frá Helluvörðu beina línu í fossinn í Þúfnalæk, og svo sem hann ræður niður að Reiðgötu eða lestaveginum, þá eptir því sem lestavegurinn liggur norður að grjótvörðu á brekkuhorninu hjá Haug[g]ögunni ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Kringlu 1884

HV-214:012 varða landamerki
Landamerki 1884: “... frá þessari vörðu [008] í austur beint sem verður sýna í vörðu þá, er stendur við Rauðalækjarkeldu ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Kringlu 1884

HV-214:013 *Hælsvarða* varða landamerki
Landamerki 1884: “... frá þessari vörðu [008] í austur beint sem verður sýna í vörðu þá, er stendur við Rauðalækjarkeldu og frá henni í suður að Hælshól og Hælsvörður ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Kringlu 1884

HV-215 Beinakelda

Hjáleiga Stóru-Giljár, 10 hdr af heimajörðinni 1706. 1384 fellur erfingi frá ákalli í hluta Giljár og Beinakeldu sem gefnar höfðu verið klaustrinu. DI III, 374. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs, þá í eyði. DI IX, 314. Tvíbýli frá 1957-1972, B I í eyði frá þeim tíma en nytjuð frá Stóru-Giljá. 1840: “Allgóð til haga og heyskapar.” SSH, 67. 1920: Tún 5,7 ha, 1/2 slétt, garðar 320m2. “Landið er mestallt grösugir flóar, en holt og ásar á milli.” Húnaþing II, 267

HV-215:001 *Beinakelda* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-215:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-215:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-215:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-215:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-215:006 *Hesthúshóll* heimild um hesthús
“Hesthúshóll, sunnan við Flæðið og norður af fjósinu á Beinkeldu.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 2

HV-215:007 heimild um myllu
“Myllulækur, kemur nú frá eyðilögðum myllukjallara og liggur í krókum milli Langhóls og Hesthúshóls við Koll.” “Myllulækur. Húsadalslæk var veitt með stíflu heim að íbúðarhúsinu í vatnsbeði upphlöðnu í þró, en þaðan tekið í tréröri ofan í kjallara. Þar á bæjarhlaðinu var stór kornmylla, knúin af þessu vatni, en affallið fór í Myllulæknum til Þúfnalækjar.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 2, 3

HV-215:008 heimild um kálgarð
“Lambakinn tekur við norður af Langhólnum, en vestan í henni er gamall kartöflugarður, og yfir hann liggur hlaðinn grjóttúngarður.” segir í viðbótum við örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 2

HV-215:009 heimild um túngarð
“Lambakinn tekur við norður af Langhólnum, en vestan í henni er gamall kartöflugarður, og yfir hann liggur hlaðinn grjóttúngarður.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 2

HV-215:010 heimild um fjós
“Fjóshóll er nú horfinn að mestu, en var norðaustur af íbúðarhúsinu, ofan við fjósið.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 2

HV-215:011 heimild um fjárhús
“Húsatún, austur af Hesthúshól; þar eru nú fjárhús.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 2

HV-215:012 heimild um túngarð
“Garður, túngarður milli Hesthúshóls, Húsatúns og Flæðisins (sem nú er Norðurtún).” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 2-3

HV-215:013 heimild um fjárhús
“Lambhús voru nyrzt, 80 kinda torfhús.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 3

HV-215:014 *Miðhús* heimild um fjárhús
“Miðhús voru sunnar, 160 kinda torfhús og hlaða. Þau voru öll á Húsatúni.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 3

HV-215:015 *Lækjarhús* heimild um fjárhús
“Lækjarhús voru syðst, 100 kinda torfhús og einnig aðrir smákofar, þar voru hirtar geitur og hross á milli 1930-40.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 3

HV-215:016 heimild um vað
“Vað yfir affallslækinn. Vatn í þetta mannvirki var sótt í Giljána vestan við gatnamót, grjótstífla þar sett í ána, síðan grafinn skurður norður hvammbrekkuna upp á brún og síðan beitt vestan við Skeiðmel, norður Kragasund í Húsadal. Þetta gerði Erlendur Eysteinsson á Beinkeldu löngu fyrir aldamót, en hann dó 1901. Nú er flest þetta aflagt og horfið, en þó sést nokkuð enn eftir.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 3

HV-215:017 heimild um vatnsból
“Dýjamýri. Þar var og er tekið vatn fyrir öll hús á Beinkeldu. Nú er búið að þurrka hluta af henni upp.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 4

HV-215:018 *Geitakofi* örnefni geitakofi
“Geitatjörn og Geitakofi eru í suðaustur frá Hliðhól.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 4

HV-215:019 *Beinkeldurétt* heimild um rétt
“Beinkeldurétt er syðst og vestan við þessa hóla. Skilarétt Torfalækjarhrepps.” segir í viðbótum við

örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 4

HV-215:020 *Stórisjór* gryfja sundlaug
“Stórisjór, er grasi vaxinn bolli suðvestur af Sjónarhól. Litlusjór er grasi vaxinn bolli, en minni en Stórisjór suður af Sjónarhól. Í þessa bolla veitti farðir minn, sem þetta skrifar, vatni úr Giljánni sömu leið, en þó lengri leið til norðurs en faðir hans gerði, og áður er lýst, til myllunnar. Þarna kenndi Eysteinn svo fyrstur manna sund hér í nokkur vor, í þessum 2 efri bollum, en svo var það tilviljun, hvort vatn stein í neðstu tjörninni, og fór það eftir jarðlögum.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 4-5

HV-215:021 *Litlisjór* gryfja sundlaug
“Stórisjór, er grasi vaxinn bolli suðvestur af Sjónarhól. Litlisjór er grasi vaxinn bolli, en minni en Stórisjór suður af Sjónarhól. Í þessa bolla veitti farðir minn, sem þetta skrifar, vatni úr Giljánni sömu leið, en þó lengri leið til norðurs en faðir hans gerði, og áður er lýst, til myllunnar. Þarna kenndi Eysteinn svo fyrstur manna sund hér í nokkur vor, í þessum 2 efri bollum, en svo var það tilviljun, hvort vatn stein í neðstu tjörninni, og fór það eftir jarðlögum.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 4-5

HV-215:022 *Olbogavarða* varða
“Olbogavarða suðaustur af Sjónarhól, við Húsadalinn norðanverðan.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 5

HV-215:023 *Torfholt* örnefni rista
“Torfholt (Setuholt) er þarna nokkru neðar, sunnanvert við Þúfnalækinn. Þarna var þurrkað torf, og þarna voru kvíaærnar bældar á sumrin eftir mjaltir.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 5

HV-215:024 heimild um mógrafir
“Mógrafir, í lágdraginu suður af Móholti. Þarna voru 2 stungur ofan á mólag, sem var ofan á stóru söndu, en það var verri mór en var undir stóru söndunni.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 5

HV-215:025 *Helluvarða* varða
“Helluvarða er varða á klapparholti, og er hún landamerkjavarða jarðanna 1891.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 6

HV-215:026 heimild um leið
“Smáholtadý eru norðast og vestan við Smáholtin. Þar liggja gamlar fjárgötur rétt sunnan við.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 6

HV-215:027 *Kofi* heimild
“Kofi, var norður af nyrðri enda Stokkaskurðar, vestur frá Akurssíki.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 6

HV-215:028 *Byrgi* heimild
“Byrgi sunnan við Krókssíki, miðja vegur frá Húnavatni að Giljánni, en þar var legið við við engjaheyskap frá Beinkeldu áður.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 7

HV-215:029 heimild um heystæði

“Tóftir á miðju Beinakelduengi, sennilega gömul fúlgustæði, þar sem hey voru sett saman á sumrum, en flutt heim á vetrum.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 7

HV-215:030 heimild um leið
“Áður fyrr lá almannavegur upp frá Brekku yfir tagl það, er gengur niður með Giljá að sunnan, og yfir ána í Norðlingahvammi, skammt fyrir neðan Beinakeldu. Var þá komið á Reykjabraut.”
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 202-03

HV-216 Hæll

16 hdr 1706, Þingeyrarklausturseign. Jörðin nefnd Hæll 1706 og 1847, en heitir Hæli nú. 1385: Þingeyrarklaustur kaupir Hæli. DI III, 385-386. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314.

1706: “Túnin eru fordjörfuð af lángri órækt. Engið hafa Hælismenn brúkað hinumegin lækjarins, menn vita ekki hvort að eignarráði eður láni Meðalheimsmanna. Nú er það eignað Meðalheimi, og jörðin Hæll síðan engjalaus að kalla.” JÁM VIII, 322. 1840: “Sæmileg til hagbeitar, heyskapur reytingslegur og lítill.” SSH, 67. 1920: Tún 3,2 ha, 1/5 slétt. “Landið er fremur lítið, en nær allt grasi vaxið og ræktanlegt - mýrlendi og lágir ásar.” Húnaþing II, 271

HV-216:001 *Hæll* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-216:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-216:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-216:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-216:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-216:006 *Fremstavarða* varða
“Fremstavarða er norður af Hallinu, austan við Hæðirnar.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 7

HV-216:007 tóft
“Byrgishöll, norður frá Fremstuvörðu. Þar sér enn fyrir tóftarbrotum.” segir í viðbótum við örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá viðb, 7

HV-216:008 *Hælssel* heimild um sel
“Við Torfavatn mun á sínum tima hafa staðið Hælssel.” segir í Húnaþingi
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: “Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi”, 309

HV-217 Meðalheimur

24 hdr 1706. Bænhús var á jörðinni. Jarðarinnar getið í Heiðarvígasögu. ÍF III, 265. Fátækraeign 1847. 1318: “[frá Hjaltabakka er] Burtsongur ...til medalheims ...” DI II 475. 1486: Jarðarinnar getið í bænhúsaskrá. DI V, 354 1706: “Túnunum grandar lángvarandi órækt og mýri, sem uppgengur í túninu árlega.” JÁM VIII, 322 1920: Tún 3,6 ha, 2/3 sléttað. “Þetta er mikil jörð og liggur nær miðju sveitar ... Bærinn stendur vestan í Miðás og túnið liggur niður frá bænum. ... Miðás og Meðalheimshólar eru

þurrlendir, en annars er landið votlent.” JÁM VIII, 272

HV-217:001 *Meðalheimur* bæjarhóll bústaður

HV-217:002 heimild um bænhús
MEÐALHEIMUR Í ÁSUM (HJALTABAKKAÞING) (AH) ? BÆNHÚS
1318: [frá Hjaltabakka er] Burtsongur ...til medalheims.; Máld DI II 475 [Hjaltabakka]
1486: er uppi DI V 354
Heimildir: DI

HV-217:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-217:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-218 Hurðabak

16 hdr 1365. 20 hdr 1706, Þingeyrarklausturseign. Tvíbýli á jörðinni. 1365 eignast Þingeyrarstaður Hurðabak á Kolkumýrum. DI III, 207. 1706: Engjar öngvar að telja. Haga þarf um vestur af öðrum að þiggja.” JÁM VIII, 321 1920: Tún 3,8 ha, 1/2 slétt, garðar 308m2. Jörðin er víðáttumikil, mest mýrlendi.” Húnaþing II, 273

HV-218:001 *Hurðabak* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-218:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-218:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-218:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-218:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-218:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-218:007 heimild um stekk
“Austan við gamla túnið er Stekkjarás samsíða Bæjarás. Stekkurinn stóð skammt norðan við fjárhúsin, sem nú er þar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hurðabak JT, 1

HV-218:008 *Svíndælingavað* heimild um vað
“Þar sem Laxá kemur úr Laxárvatni er stífla vagna Laxárvirkjunar. Stutt neðan við stífluna er Víðihólmi vaxinn víðikjarri. Kríuholt er vestan við ána nokkru neðar. Skammt þar niður frá fellur Laxá í krók. Þar er svokallað Svíndælingavað. Þar fóru Svíndælir oft yfir á leið til Blönduóss. Þeir komu niður með Laxárvatni vestanverðu, fóru yfir ána á Svíndælingavarði og áfram niður með ánni austanverðri.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hurðabak JT, 2

HV-218:009 heimild um leið
"Þar sem Laxá kemur úr Laxárvatni er stífla vagna Laxárvirkjunar. Stutt neðan við stífluna er Víðihólmi vaxinn víðikjarri. Kríuholt er vestan við ána nokkru neðar. Skammt þar niður frá fellur Laxá í krók. Þar er svokallað Svíndælingavað. Þar fóru Svíndælir oft yfir á leið til Blönduóss. Þeir komu niður með Laxárvatni vestanverðu, fóru yfir ána á Svíndælingavarði og áfram niður með ánni austanverðri." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hurðabak JT, 2

HV-218:010 *Ullarsteinar* örnefni þvottastaður
"Ullarsteinar eru nokkru neðar við ána. Þar var ull þurrkuð fyrrum, enda steinarnir stórir og flatir og vel fallnir til þurrkunar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hurðabak JT, 2

HV-218:011 *Baunavað* heimild um vað
"Skammt það niðurfrá [sjá 010] eru grynningar í ánni og er þar Baunavað." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hurðabak JT, 2

HV-218:012 *Torfholt* örnefni rista
"Torfholt er nú orðið að túni. Það er beint vestur af bænum, fast norðan við heimreiðina." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hurðabak JT, 3

HV-218:013 heimild um heygarð
"Heygarður heitir grasholt mikið í keldunni, þar var oft sett saman hey." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hurðabak JT, 3

HV-218:014 heimild um mógrafir
"Milli Hrísholts og Laxár er stakt holt, sem heitir Einstakaholt. Flá eða flói er frá bænum og allt norður að Laxá, er það víða hættulegt skepnum. Hrísholt og Einstakaholt standa í flá þessari. Þetta land er kallað "Niður á flánni". Vestan við Hrísholtið út undir Holtsmerkjum voru mógrafir, fékkst þar gróður mór eins og besta tað." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hurðabak JT, 3

HV-218:015 heimild
"Milli Hrísholts og Laxár er stakt holt, sem heitir Einstakaholt. Flá eða flói er frá bænum og allt norður að Laxá, er það víða hættulegt skepnum. Hrísholt og Einstakaholt standa í flá þessari. Þetta land er kallað "Niður á flánni". Vestan við Hrísholtið út undir Holtsmerkjum voru mógrafir, fékkst þar gróður mór eins og besta tað. ... Þar var byggður kofi til að geyma í mó á vetrum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hurðabak JT, 3

HV-218:016 varða landamerki
"Að vestan er landamerkjalínan milli Hurðabaks og Meðalheims bein stefna sunnan frá leirkvíslinni í Deildartjörn norður, austan undir Miðás, í grjótvörðu á litlu holti skammt fyrir sunnan Brúarlæk ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Landamerkjaskrá Hurðabaks 1884

HV-218:017 varða landamerki
"Að norðan meðfram Holtalandi, úr Brúarlæk austur í vörðu á Hrísholti ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Landamerkjaskrá Hurðabaks 1884

HV-218:018 *Stekkjarás* örnefni stekkur
"Næsti ás [við Bæjarásinn] sem liggur út og suður heitir Stekkjarás, syðst á honum er lítill hóll, sem heitir

Sjónahóll ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hurðabak

HV-219 Reykir

16 hdr 1706, þá nefnd annaðhvort Reykir eða Reykjakot. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Húnavallaskóli er hér. 1840: “... góð landrými- og hagbeitarjörð, túnið gott, heyskapur reytingslegur.” SSH, 67. 1920: Tún 5,5 ha, 5/7 slétt, garðar 240m2. “Landið nær norðan frá Torfavatni suður að Svínavatni. Það er kölluð Reykjabót. Gamla túnið var talið grasgefið og löngum var jarðsælt hér og gott til útbeitar. Jarðhiti er steinsnar frá bænum og var þar lengi sundlaug.” Húnaþing II, 266

HV-219:001 *Reykir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-219:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-219:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-219:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-219:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-219:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-219:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-219:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-219:009 varða landamerki
“Að austan, móts við Orrastaðaland, eru merki frá Jörundarþúfu, til norður á vörðu, er stendur norðast á holtum milli Orrastaða og Reykja ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Reykja 1891

HV-219:010 varða landamerki
“Að austan, móts við Orrastaðaland, eru merki frá Jörundarþúfu, til norður á vörðu, er stendur norðast á holtum milli Orrastaða og Reykja, síðan enn til norðurs á vörðu þá, er stendur skammt fyrir vestan svo kallað Húsholt ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Reykja 1891

HV-219:011 *Húsholt* örnefni
“Að austan, móts við Orrastaðaland, eru merki frá Jörundarþúfu, til norður á vörðu, er stendur norðast á holtum milli Orrastaða og Reykja, síðan enn til norðurs á vörðu þá, er stendur skammt fyrir vestan svo kallað Húsholt ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Reykja 1891

HV-219:012 varða landamerki
“Að austan, móts við Orrastaðaland, eru merki frá Jörundarþúfu, til norður á vörðu, er stendur norðast á holtum milli Orrastaða og Reykja, síðan enn til norðurs á vörðu þá, er stendur skammt fyrir vestan svo kallað Húsholt, þá liggja merkin til útvesturs í vörðu þá er stendur í miðjum Álptatanga ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Reykja 1891

HV-219:013 varða landamerki
“Að austan, móts við Orrastaðaland, eru merki frá Jörundarþúfu, til norður á vörðu, er stendur norðast á holtum milli Orrastaða og Reykja, síðan enn til norðurs á vörðu þá, er stendur skammt fyrir vestan svo kallað Húsholt, þá liggja merkin til útvesturs í vörðu þá er stendur í miðjum Álptatanga, síðan liggja merkin þaðan í Torfalækjarós, þar sem hann fellur úr Torfavatni, svo eiga Reykir land ofan með Torfalæk að sunnan, móts við við Meðalheims land, allt þar til kemur ofan að þverlæk, sem fellur í Torfalæk og nú stendur varða hjá ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Reykja 1891

HV-219:014 varða landamerki
“Að austan, móts við Orrastaðaland, eru merki frá Jörundarþúfu, til norður á vörðu, er stendur norðast á holtum milli Orrastaða og Reykja, síðan enn til norðurs á vörðu þá, er stendur skammt fyrir vestan svo kallað Húsholt, þá liggja merkin til útvesturs í vörðu þá er stendur í miðjum Álptatanga, síðan liggja merkin þaðan í Torfalækjarós, þar sem hann fellur úr Torfavatni, svo eiga Reykir land ofan með Torfalæk að sunnan, móts við við Meðalheims land, allt þar til kemur ofan að þverlæk, sem fellur í Torfalæk og nú stendur varða hjá, svo er stefna rjett til vesturs í svo nefndan Grenshól; síðan til útvesturs í vörðu á Egilsholti ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Reykja 1891

HV-220 Orrastaðir
20 hdr 1706. Þingeyrarklausturseign. 1706 var Þúfukot eyðihjáleiga. 1706: “Túninu grandar gömul órækt. Enginu spillir Laxá með grjóti, og átroðningur nábúa á Tindum, sem valla geta við varðið.” JÁM VIII, 319. 1840: “Landrúm og í betra lagi beit. Tún gott, útheysslægjur reytingslegar.” SSH, 67. 1920: Tún 5 ha, 5/9 slétt, garðar 144m2. Landið er víðáttumikið, mest mýrlendi eða brokflár, en þó ásar og klettaborgir innan um.” Húnaþing II, 265

HV-220:001 *Orrastaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-220:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-220:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-220:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-220:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-220:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-220:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-220:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-220:009 *Þúfukot* bæjarstæði býli
1706: “Þúfukot var hjer hjáleiguhrak, uppbygt fyrst í voru minni, og varaði bygðin skamma stund ...” “Vestur af Orrastöðum er Þúfukot eða Þúfa, gamalt eyðibýli, sem getið er í jarðaskrám Þingeyraklausturs.”
Heimildir: JÁM VIII, 319; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 167

HV-220:010 *Stekkur* örnefni stekkur
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Orrastaðir

HV-220:011 *Þrívörðuklauf* örnefni
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Orrastaðir

HV-220:012 *Kotás* örnefni
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Orrastaðir

HV-220:013 *Kot* örnefni
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Orrastaðir

HV-220:014 *Borg* örnefni
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Orrastaðir

HV-220:015 *Kolaklettur* örnefni kolagröf
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Orrastaðir

HV-220:016 *Húsafljót* örnefni
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Orrastaðir

HV-220:017 *Lambhúsklettur* örnefni lambhús
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Orrastaðir

HV-220:018 *Húsavað* heimild um vað
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Orrastaðir

HV-221 Hamrakot

10 hdr 1796, Holtastaðakirkjueign. Í eyði, sumarbústaður á jörðinni. Hrossaræktarfélag hreppsins hefur afnot af landinu. Húnaþing II, 263 1706: “Engjum grandar Laxá til stórskaða með leiri og grjóti, og eru þær að mestu eyddar.” JÁM VIII, 320. 1840: “Landlítið, en notagott til beitar, heyskapur lítill og reytingslegur.” SSH, 67. 1920: Tún 1,7 ha, 1/2 slétt, garðar 136m2. “... tún lítið, þýft og ógirt.” Húnaþing II, 263

HV-221:001 *Hamrakot* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-221:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-222 Kagaðarhóll

20 hdr 1706, Holtstaðakirkjueign. Jörðin einnig nefnd Hóll. 1318 Hálf jörðin eign Holtastaðkirkju. DI II, 471-472. Sama 1344. DI IV, 10. 1529: Jón Arason Hólabiskup selur Skúla Guðmundssyni jarðirnar Syðriey, Hvamm og Kúgastaði fyrir Holtastað og part í Kagaðarhóli. DI IX, 489.

1706: "Túnið harðlent brekkur sól og þerrir. Enginu spillir Laxá með sandi og grjóti, so það er mjög eyðilagt; er því slegið þar sem hent verður úr hagmýrum." JÁM VIII, 318 1920: Tún 6,3 ha, 9/10 slétt, garðar 258m2. "Gamla túnið liggur vestan í hæðinni hallandi að Svínvetningabraut. ... Landið er fjölbreytilegt graslendi; mýrar, valllendi, lyngmóar og nokkuð grónir ásar." Húnaþing II, 264

HV-222:001 *Kagaðarhóll* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-222:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-222:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-222:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-222:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-222:006 *Svarthamrar* heimild um aftökustað
"Svarthamrar í Langadal. Árið 1634 var þar tekinn af lífi maður sá er Jón hét Ormsson. Hann hafði verið í Vestmannaeyjum þegar Alsírbúar rændu þar árið 1627. Tók Jón til bragðs að hann lagðist niður milli líkanna sem ræningjarnir höfðu drepið, makaði sig og velti upp úr blóði þeirra svo að hann skæri sig ekki í neinu frá þeim. Ræningjarnir stungu við honum spjótum tvívegis og héldu hann dauðann. En þegar Jón taldi sér óhætt reis hann á fætur, þó helst til skjótt því ræningjarnir voru nær en Jón hafði ætlað. Tóku þeir á rás á eftir honum en Jón fleygði sér fram af klettum og komst þannig undan. Seinna tók hann að hnupla, varð uppvís að því og var handtekinn .. Varð það til þess að Jón var tekinn og dæmdur í Bólstaðarhlíð og hengdur hjá Svarthömrum."
Heimildir: Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson, Landið þitt Ísland IV, 232-33

HV-222:008 frásögn
Adolf Friðriksson skoðaði tóft í landi Kagaðarhóls sumarið 2001 sem líkist mjög skálatóft. Hún er rétt við núverandi fjós ábúanda og er brýnt að grafa þar og aldursgreina tóftina.

HV-223 Smirlaberg

16 hdr 1706. Kuml fannst í landi jarðarinnar. Í eyði frá 1946. Nýbýlið Grænahlíð stofnað á hálfri jörðunni 1948 eða 1938. 1706: "Engi er það eitt sem menn velja úr hagmýrum, og líður stóran átroðning af hesta yfirgángi um sumar og vetur." JÁM VIII, 318. 1920: Tún 2,6 ha, 4/5 slétt, garðar 292m2.

HV-223:001 *Smirlaberg* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1920

HV-223:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-223:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-223:004 kuml legstaður
"Austan við bæinn á Smyrlabergi er um 300 m breitt mýrarsund, en handan við það taka við lág holt og síðan ásar. Í holti því, sem veit að bænum, var gerð malargryfja fyrir um 30 árum, enda liggur þjóðvegurinn eftir mýrinni rétt vestan undir holtinu. Ekki er vitað, að fornminjar fyndust við þennan malargröft. Úr börmum gryfjunnar hefur stormur síðan rifið jarðveg allt niður að smiðjumósgrunni, sem þarna er um 1 m neðan við grasrót. Við þetta hefur myndazt innhallandi þrep allt í kringum malargryfjuna. Sumarið 1952 kom í ljós mannshauskúpa á þessu þrepi, og gerði ég rannsókn á staðnum vorið 1954 (26. mynd).

Hauskúpan lá ofan á, hvít og skinin. Kom brátt í ljós, að hana hafði blásið upp úr norðvesturenda grafarinnar, svo að höfuð og bein úr efri hluta líkamans voru úr lagi færð, en fótahlutinn var óhreyfður inni undir bakkanum. Jarðvegi er svo háttað á holtinu (27. mynd): Efst er þykkt moldarlag blandið, en í um 50 sm dýpt er 10 sm þykkt, ljósgult gosöskulag, sem gröfin hafði verið tekin í gegnum. Þá kemur 10 sm þykkt leirmoldarlag og loks móhellan. Gröfin hafði verið tekin um 30 sm ofan í móhelluna, og var grafarbotninn nú um 1 m frá grasrót, en mér virtust um 30 sm af því hafa hlaðist ofan á, síðan gröfin var tekin.

Upprunaleg dýpt grafarinnar hefur því verið um 70 sm. Hún sneri NV-SA, höfuð í norðvestur, tekin sem venjuleg kirkjugarðsgröf, 70-80 sm breið og rösklega 2 m að lengd. Í gröfinni hafði verið líkkista, og birtust hliðar hennar sem svartar rákir í moldinni og mjög skýr hornin við fótagafl. Breidd milli hliðarrákanna var 20 sm aftast, en niðri við grafarbotn sást, að upphafleg breidd þar hafði verið nokkru meiri eða a.m.k. 25 sm, eins og að líkum lætur. Hliðarrákir kistunnar urðu raktar um 2 m fram eftir, en gafl sást ekki í vesturendanum sökum fyrri röskunar. Kistan hafði sýnilega verið víðari í höfðaendann, og mældust mest 28 sm milli ráka, og samsvarar það a.m.k. 35 sm breidd. Fætur mannsins lágu beinir og óhreyfðir (27. mynd), en um mjaðmir virtist líkið hafa hvílt á vinstri hlið, enda hefur kistan frá upphafi verið svo þröng, að líkið hefur ekki getað legið á bakinu. Handleggir virtust hafa verið beinir, og vinstri handar bein lágu óhreyfð neðan við mjaðmir. Fast við þau var hnífur af venjulegri gerð. Auk hans voru í gröfinni 6 naglar (sjást á 27. mynd), en ekki skipuðu þeir sér eftir neinni reglu, þótt þeir séu eflaust úr kistunni. Ástæðulaust er að ætla, að nokkurn tíma hafi verið fleiri gripir í gröfinni. Beinin eru sennilega úr karlmanni. Nokkrum fremur smáum steinum hafði verið troðið niður með fótagafli kistunnar. Annars var þar ekki grjót, og enginn verulegur haugur mun hafa verið orpinn."
Heimildir: KEKH 2000, 127-129

HV-223:005 heimild um stekk
"Stekkjarvík er skammt norðan túnsins, við hana er Stekkurinn. Stekkjarnes er vestan hennar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Smyrlaberg GJ, 1

HV-223:006 *Strenghólavað* heimild um vað
"Smyrlabergishagi er undir Brekkunum. Strenghólar eru þar skammt frá Blöndu. Þar er Strenghólavað á Blöndu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Smyrlaberg GJ, 1-2

HV-223:007 *Ingibjargarhús* heimild
"Ingibjargarhús upp við vestara bergið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Smyrlaberg

HV-223:008 bæjarstæði býli

“Tvenn tóftarbrot eru í Smyrlabergslandi, þar sem búið hefur verið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Smyrlaberg

HV-223:009 bæjarstæði býli
“Tvenn tóftarbrot eru í Smyrlabergslandi, þar sem búið hefur verið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Smyrlaberg

HV-224 Köldukinn

30 hdr 1706. Bænhús var á jörðunni 1318: “[frá Hjaltabakka er] Burtsongur ... j kalldakinn ...” Máld DI II, 475 1706 eru nefnd þrjú gömul eyðibýli í landi Köldukinnar, eitt hét Skildibrandsstaðir en hin voru nafnlaus. JÁM VIII, 317 Einnig er nefnt eyðibýlið Vatnskot, gæti verið eitt af hinum nafnlausu býlum sem og Bakkakot en ekki er vitað hvenær það var í byggð. 1706: “Enginu grandar átroðningur annara manna gripa.” JÁM VIII, 317. 1920: Tún 6,3 ha, 3/4 slétt, garðar 174m2. “Ræktun gengur til norðurs meðfram Blöndu og í Köldukinnarkatla, sem eru athyglisverð náttúrufyrirbæri - stórir grashvammar með melhryggjum umhverfis.” Húnaþing II, 260

HV-224:001 *Köldukinn* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-224:002 heimild um bænhús
1706: “So segna menn að hjar hafi til forna hálfkirkja verið og til skamms tíma sáust þar tóftleifar. Enginn minnist hjer hafi tíðir fluttar verið.”
KALDAKINN Í LANGADAL (HJALTABAKKAÞING) (AH) ? BÆNHÚS
1318: [frá Hjaltabakka er] Burtsongur ... j kalldakinn; Máld DI II 475 [Hjaltabakka]
Heimildir: DI; JÁM VIII, 316

HV-224:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-224:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-224:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-224:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-224:007 *Skildibrandsstaðir* bæjarstæði býli
1706: “Skylldebrandsstader og tvö gerði önnur ónafnkend eru í Köldukinnarlandi, sem menn ætla til forna muni hafa býlið verið. Engin eru rök til þess nema girðíngar og ómögulegt er hjer aftur að byggja nema til skaða jarðarinnar.” “Ævafornt eyðibýli, Skildibrandsstaðir, var þarna fyrir ofan Katlana.” segir í Húnaþingi “Fyrir sunnan Engjaketilinn er Djúpibolli, enn fyrir vestan og ofan Engjaketil er mjög fornt eyðibýli er Skildibrandsstaðir heita. Sést þar enn fyrir húsatóftum og garði sem hefur verið umhverfis kotið.” segir í örnefnaskrá Kolka: “Í hálsinum norður af Köldukinn eru Skildingsbrandsstaðir, mjög fornt eyðibýli.” SSH: “Tvær eyðijarðir eru og svo hér í sókn, Skyldibrandsstaðir og Vatnskot, hvar fyrir og hvenær í eyði fallnar leika frásagnir ekki um. Báðar óbyggilegar.” “Eyðikot og hjáleigur nefna menn 6 jarðir hér í sókninni, en enginn veit hvenær eða hvernig þær hafa lagzt eyði, og er ætlun manna, að langt sé síðan. ... Í Köldukinnarlandi stóðu: ... Skildibrandsstaðir, útnorður frá Köldukinn.”
Heimildir: JÁM VIII, 316; Húnaþing II, 260; Ö-Kaldakinn, 2; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 170; SSH, 80

HV-224:008 bæjarstæði býli
1706: “Skylldebrandsstader og tvö gerði önnur ónafnkend eru í Köldukinnarlandi, sem menn ætla til forna

muni hafa býlið verið. Engin eru rök til þess nema girðíngar og ómögulegt er hjer aftur að byggja nema til skaða jarðarinnar."
Heimildir: JÁM VIII, 316

HV-224:009 bæjarstæði býli
1706: "Skylldebrandsstader og tvö gerði önnur ónafnkend eru í Köldukinnarlandi, sem menn ætla til forna muni hafa býlið verið. Engin eru rök til þess nema girðíngar og ómögulegt er hjer aftur að byggja nema til skaða jarðarinnar."
Heimildir: JÁM VIII, 316

HV-224:010 *Vatnskot* bæjarstæði býli
"Ræktun er einnig beggja megin við þjóðveginn við Ásmótin og út undir Vatnskot (fornt eyðibýli) vestan í hálsinum." segir í Húnaþingi "Vestast í Köldukinnarhálsinum er gamalt eyðibýli er Vatnskot heitir. Þar sést einnig fyrir gömlum tóftarrústum og garði er hefir verið umhverfis kotið." segir í örnefnaskrá SSH: "Eyðikot og hjáleigur nefna menn 6 jarðir hér í sókninni, en enginn veit hvenær eða hvernig þær hafa lagzt eyði, og er ætlun manna, að langt sé síðan. ... Í Köldukinnarlandi stóðu: 2. Vatnskot, landnorðanvert við Laxárvatn ...." Kolka: "... en austur af norðurenda Laxárvatns er gamalt eyðibýli, Vatnskot, sem var hjáleiga frá Köldukinn."
Heimildir: Húnaþing II, 261; Ö-Kaldakinn, 2; SSH, 86, Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 171

HV-224:011 *Gerðishóll* örnefni
"Gerðishóll sunnan við túnið, en er nú orðið ræktað land og heitir nú Gerði." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 1

HV-224:012 *Ullardý* örnefni þvottastaður
"Sunnan og ofan við Gerðið er Slakkinn. Þar sunnan við eru Litluklettar. Rétt þar hjá er Ullardýið, sem á upptök sín ofarlega í brekkunum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 1

HV-224:013 *Heyvað* heimild um vað
"Rétt utan við Háamel er Heyvatnsklauf. Beint austanundir Heyvatnsklaufinni er vað á Blöndu er Heyvað heitir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 1-2

HV-224:014 *Litlavarða* varða
"Hér ofan við túnið er Brúnin og Litlavarða norðast á Brúninni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 2

HV-224:015 varða landamerki
"Milli Sauðaness og Köldukinnar byrjar merkjalínan að norðan við Laxárvatn, eptir keldu sem rennur í vatnið, og er hún látin ráða, meðan hún er glögg; svo úr henni í vörðu, sem er í Skíðadalsflóa ..."
Heimildir: Landamerkjaskrá Köldukinnar 1890

HV-224:016 varða landamerki
"Milli Sauðaness og Köldukinnar byrjar merkjalínan að norðan við Laxárvatn, eptir keldu sem rennur í vatnið, og er hún látin ráða, meðan hún er glögg; svo úr henni í vörðu, sem er í Skíðadalsflóa, úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu, er stendur í Skíðadalsmynni ..."
Heimildir: Landamerkjaskrá Köldukinnar 1890

HV-224:017 varða landamerki
"Milli Sauðaness og Köldukinnar byrjar markjalínan að norðan við Laxárvatn, eptir keldu sem rennur í vatnið, og er hún látin ráða, meðan hún er glögg; svo úr henni í vörðu, sem er í Skíðadalsflóa, úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu, er stendur í Skíðadalsmynni; þaðan beina stefnu í vörður þrjár er mynda

þríhyrning ..."
Heimildir: Landamerkjaskrá Köldukinnar 1890

HV-224:018 *Byrgislaut* örnefni
"Milli Sauðaness og Köldukinnar byrjar merkjalínan að norðan við Laxárvatn, eptir keldu sem rennur í vatnið, og er hún látin ráða, meðan hún er glögg; svo úr henni í vörðu, sem er í Skíðadalsflóa, úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu, er stendur í Skíðadalsmynni; þaðan beina stefnu í vörður þrjár er mynda þríhyrning, þar sem Hnjúkaland tekur við, og byrjar merkilínan úr þessum þremur vörðum, eptir miðjum Skíðadal meðan hann endist, og er þar djúpur jarðfallsskurður, úr honum beint í Byrgislaut ..."
Heimildir: Landamerkjaskrá Köldukinnar 1890

HV-224:019 varða landamerki
"Milli Sauðaness og Köldukinnar byrjar merkjalínan að norðan við Laxárvatn, eptir keldu sem rennur í vatnið, og er hún látin ráða, meðan hún er glögg; svo úr henni í vörðu, sem er í Skíðadalsflóa, úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu, er stendur í Skíðadalsmynni; þaðan beina stefnu í vörður þrjár er mynda þríhyrning, þar sem Hnjúkaland tekur við, og byrjar merkilínan úr þessum þremur vörðum, eptir miðjum Skíðadal meðan hann endist, og er þar djúpur jarðfallsskurður, úr honum beint í Byrgislautum, úr henni beina stefnu yfir Húsmó ofan í Blöndu, og er þar hlaðin varða."
Heimildir: Landamerkjaskrá Köldukinnar 1890

HV-224:020 *Bakkakot* heimild um býli
SSH: "Eyðikot og hjáleigur nefna menn 6 jarðir hér í sókninni, en enginn veit hvenær eða hvernig þær hafa lagzt eyði, og er ætlun manna, að langt sé síðan. ... Í Köldukinnarlandi stóðu: ... Bakkakot, í landnorður frá Köldukinn við Blöndu ..." "Í eyðibýlaskrá Olavíusar nefnir hann Bakkakot, sem var þá löngu eytt af Blöndu. Það mun hafa verð í norðaustur frá Köldukinn. Reyndar stangast heimildir nokkuð á um staðsetningu áðurenfndra Skildibrandsstaða, og gæti verið um samrigling við Bakkakot að ræða, enda ekki trúlegt að bæði komin bærði í byggð í einu." segir í Húnaþingi
Heimildir: SSH, 86; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 307

HV-224:021 *Grunnur* bæjarstæði býli
"Grunnur, sem nefndur er í Sigurðarregistri frá 1525, gæti hafa verið á þessum slóðum."
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 295; DI IX, 314

HV-225 Sauðanes
36 hdr 1706, Þingeyrarklausturseign. 1373 Þineyrarklaustri seld hálf jörðin. DI III, 275-276. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Kuml fannst í landi jarðarinnar. 1706 eru fornar girðingar kallaðar Gerði þar sem ef til vill var búið áður. JÁM VIII, 316 Einnig var Mánakot býli á jörðinni, ekki vitað hvenær það var í byggð sem og Sauðaneskot. Nýbýli úr Sauðaneslandi: Röðull byggt á 1/4 hluta árið 1952, Mánafoss byggt á 1/4 hluta og Laxabrekka einnig byggt á 1/4 hluta. "Enginu spillir Laxá með leir og grjóti." JÁM VIII, 316 1874: "Það er önnur bezta heyskaparjröð sóknarinnar og ein vænsta jörðin." SSH, 85.

HV-225:001 *Sauðanes* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-225:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-225:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-225:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-225:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-225:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-225:007 kuml legstaður
"Árið 1835 var Museet for nordiske Oldsager send kúpt næla af gerðinni Rygh 652 og 654 (25. mynd). Svofelld greinargerð er í safnskýrslum Nationalmuseets: „Et Broncespænde med Overdæksel af gjennembrudt Arbeide, ganske som det som er afbildet i Ant: Annaler Tom: 4, H: 2, Tab: 2, Fig: 2, men bedre conserveret. Det har haft en tynd Guldbelægning, hvoraf endnu en stor Deel er tilbage, saavel paa den Deel der laa under den gjennembrudte Dæksel som paa Dækselen selv. En af de Nitter, hvormed Dækselen har været fæstet til Understykket er bevaret, men det er tydeligt, at der paa de 4 Steder, hvor den har været fastnittet har været anbragt en Zirat af en Materie der nu er opløst. Dette Stykke fandtes i Mai 1834 af Repstyrer Hannes Thorvaldsen paa Saudanes i Hjaltebakke Sogn i samme Syssel i Jorden kort fra hans Gaard tæt ved Hovedskallen af et Menneske og flere Levninger af et Skelet. En Torn af Jern sad i Spændet men var saa forrustet at den ved Berøring gik i Stykker." Önnur vitneskja er ekki um þetta kuml."
Heimildir: KEKH 2000, 127

HV-225:008 *Gerði* bæjarstæði býli
1706: "Gerde er hjer kallað, þar er fjárhússtæði frá Sauðanesi; enginn minnist það hafi bygt verið og engin rök til þess nema girðíngar. Menn efast hvört hjer megi aftur byggja, þó meia flestir það yrði Sauðanesi til baga." "Gerðissund er norðan Ranans og heitir eftir gömlu býli, sem var hér norður undan og hét Sauðanesgerði, eða Gerði, eða Kot. Þarna var búið um nokkur ár, t.d. bjó þar Árni Ólafsson rithöfundur, en hann fór þaðan 1919 og laðist þá býlið í eyði." segir í örnefnaskrá 1920: Tún 0,5 ha, allt slétt, bæjarstæði og eitt útihús.
Heimildir: JÁM VIII, 316, Ö-Sauðanes, 9

HV-225:009 *Varða* varða
"Röðull er austurbrún Hæðanna, en röðull er til í merkingunni brún. Tvær vörður eru á Röðlinum. Önnur er aðeins kölluð Varðan og þótti ágætt að miða við Silungsveiði áður fyrr, er veiði var stunduð til nytja. Hin var aftur á móti kölluð Hádegisvarða og er nokkru sunnar, en frá stað einum heima á túni var talið hádegi er sól var miðuð við vörðu þessa." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 2

HV-225:010 *Hádegisvarða* varða eyktamark
"Röðull er austurbrún Hæðanna, en röðull er til í merkingunni brún. Tvær vörður eru á Röðlinum. Önnur er aðeins kölluð Varðan og þótti ágætt að miða við Silungsveiði áður fyrr, er veiði var stunduð til nytja. Hin var aftur á móti kölluð Hádegisvarða og er nokkru sunnar, en frá stað einum heima á túni var talið hádegi er sól var miðuð við vörðu þessa." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 2

HV-225:011 heimild um beitarhús
"Beitarhús voru í mýrardragi sunnan Hæða." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 2

HV-225:012 *Réttarholt* örnefni rétt
"Réttarholt er norðan Svíndælingavaðs og er það lyngi og hrísi vaxið en einnig víði." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 4

HV-225:013 heimild um heystæði

“Grásteinn er skammt ofan við Langhyl syðst. Hann er stór og er auðséð að við hann hefur verið sett hey, sem aflað var hér á mýrunum áður fyrr.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 4

HV-225:014 *Mánakot* bæjarstæði býli
“Mánakot eru tóftarbrot í norðaustur frá Mánafossi, tvö að tölu og ætíð græn yfir og líta og gróskumikil.” segir í örnefnaskrá Í svörum við spurningum segir að Máni nokkur hafi byggt hreysi við fossinn og veitt þar lax og gefið hungruðum nágrönnum. “Eyðikot og hjáleigur nefna menn 6 jarðir hér í sókninni, en enginn veit hvenær eða hvernig þær hafa lagzt eyði, og er ætlun manna, að langt sé síðan. ... Mánakot niður undan Sauðanesi við Mánafoss.”
Heimildir: Ö-Sauðanes, 5; Ö-Sauðanes svör við sp; SSH, 86

HV-225:015 *Mánaleiði* örnefni legstaður
“Mánaleið, sem er aflöng þúfa og er í laginu eins og leiðin voru.” segir í örnefnaskrá Máni á að vera grafin þarna, sbr 009
Heimildir: Ö-Sauðanes, 5; Ö-Sauðanes svör við sp

HV-225:016 *Fúlguholt* heimild um heystæði
“Fúlguholt er holtið hér ofan við, og er fúlgustæði á því efst.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 6

HV-225:017 *Messuvegsholt* vegur leið
“Messuvegsholt er miðja vegu frá Laxá til vegar. Fyrrum var kirkja á Hjaltabakka og var farið eftir þessu holti þá er farið var í kirkju.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 6

HV-225:018 *Gamlabrú* heimild um brú
“Gamlabrú er í suðaustur frá Messuvegshólum. Var hún gerð sem vegabót í mesta votlendinu á þeim stað. Ekki entist hún nema takmarkaðan tíma og var þá gerð Nýjabrú ....” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 6-7

HV-225:019 *Nýjabrú* heimild um brú
“Gamlabrú er í suðaustur frá Messuvegshólum. Var hún gerð sem vegabót í mesta votlendinu á þeim stað. Ekki entist hún nema takmarkaðan tíma og var þá gerð Nýjabrú nokkru norðar, sem var í raun og veru eins breið og sýsluvegurinn,k sem var austan við, þvert á Nýjubrúna. Þegar farið var til Laxár í þessa átt, var ætíð farið eftir Nýjubrú, sem að vísu var oft kölluð Gamlabrú.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 6-7

HV-225:020 *Þrívörður* varða
“Brekkur kölluð við allt frá vegi til klettanna, en ég veit aðeins um þrjú örnefni þar, sem oft eru notuð, en þau eru: Þrívörður, sem eru nokkru ofan vegar, en aldrei hefi ég séð nema eina vörðu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 7

HV-225:021 álagablettur
“Fagrabrekka er sunnan við Hnjúkaklett. Hún er um 100 m löng, grasi gróin og oft sérlega loðin. En sama var hve vel hún var sprottinn, næstum aldrei var hún slegin vegna álagatrúar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 8

HV-225:022 *Torfholt* örnefni rista
“Torfholt var vestan flóans, nokkur grasgefið þar sem grös náðu að festa rætur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 8

HV-225:023 *Melkot* heimild um leikvöll

“Melkot, upphlaðið af krökkum, sem oft dvöldu þar sér til dundurs.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 8

HV-225:024 *Veita* heimild um áveitu
“Veita var nokkru sunnar þar sem bæjarlæk var veitt á mýriar og flóa neðar til aukinnar grasvaxtar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 9

HV-225:025 *Mórinn* heimild um mógrafir
“Mórinn var neðan við túnið. Þar var mórinn tekinn upp ... Sæmilegt móstæði mun hafa verið þarna og ég held að mórinn hafi verið sjö stungur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 9

HV-225:026 *Lambhúsholt* örnefni lambhús
“Lambhúsholt var skammt sunnan við túnið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 9

HV-225:027 *Gamlarétt* heimild um rétt
“Gamla rétt er vestast á holtinu, hlaðin rétt, en hefir eigi verið notuð um tugi ára skeið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 9

HV-225:028 *Vörðusund* örnefni
“Hæðir , sem eru hæsti hluti jarðarinnar vestan Laxárvatns. Þar eru í fyrsta lagi fjögur sund: Vörðusund, sem er norðaustast, Selsund, suðaustast ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 10

HV-225:029 *Selsund* örnefni sel
“Hæðir , sem eru hæsti hluti jarðarinnar vestan Laxárvatns. Þar eru í fyrsta lagi fjögur sund: Vörðusund, sem er norðaustast, Selsund, suðaustast ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 10

HV-225:030 heimild um stekk
“Norðan Hæð og Ytri-Smalahóls er Stekkjarlaut, nokkuð rök, mýrlend, en veitir skjól í norðangarra við Stekkjarholt, sem er norðan við norðaustan lautarinnar. Neðst í Stekkjarlaut er Stekkur, upphlaðið tóftarbrot ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 10

HV-225:031 *Jónsbrunnur* heimild um brunn
“Jónsbrunnur var inni í Brunnhúsinu. Nafnið fékk hann af því að Jón Jónsson, bóndi í Sauðanesi, lét sprengja hann og fékk til þess mann sem einnig hét Jón, mun þetta hafa verið um 1870.” “Byggt var um utan um brunninn, Brunnhúsið, en frá brunni í fjós var veggur. Tréstokkur var settur í þennan vegg og þegar halað var vatni úr brunninum var hellt í stokkinn og rann því vatnið til fjóssins, en undir þeim enda var stampur og voru kýrnar ætíð leystar og drukku þær úr þessum stampi á málum. Innangengt var úr bæ til fjóss og var farið eftir Brunnhúsinu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 10

HV-225:032 *Prettur* heimild um brunn
“Prettur, brunnur, sem vatn var borið úr í bæ. Hann var skammt fyrir neðan brunnhús og fjós.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 10

HV-225:033 heimild um þvottastað

“Bæjarlækur var norðan Ullarþúfna, en þar var gerð smábuna, sem illin var skolið í eftir keytuþvott.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 11

HV-225:034 *Sveinshús* heimild
“Sveinshús og Sveinshúsvöllur voru í norðaustur og austur frá löngusléttum, það er að segja völlurinn, en húsin stóðu út við túngarð.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 11

HV-225:035 heimild um túngarð
“Sveinshús og Sveinshúsvöllur voru í norðaustur og austur frá löngusléttum, það er að segja völlurinn, en húsin stóðu út við túngarð.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 11

HV-225:036 heimild um traðir
“Tröð var ofan Sveinshúsvallar og var af aðalbraut til bæjar. Hún var grafin niður og í rigningum og vætu voru pollar oft í Tröðinni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 11

HV-225:037 *Traðarhús* heimild um fjárhús
“Traðarhús, fjárhús, skammt ofan Traðar. Þessi hús voru eins og önnur þá byggð úr grjóti og torfi og tóft við hvert hús, sem heyið var sett í að sumrinu og gert í kringum heyið og torf sett á.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 11-12

HV-225:038 *Jónshús* heimild um fjárhús
“Jónshús voru skammt ofan Traðarhúsa. Þau voru fjárhús um nokkuð langan tíma, þá hesthús, en síðar reykingakofi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 11-12

HV-225:039 *Hringur* heimild
“Hringur var sveigur neðan við Nýjuhús, síðar nokkuð suður og þá í vestur. Mun upphaflega hafa verið garðlag um túnskika. ... Garðlag var sá hluti hrings, sem lá í vestur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 12

HV-225:040 *Langhús* heimild um fjárhús
“Langhús var í raun og veru sama og Nýjuhús, en voru byggð upp og þá kom síðarar nafnið. Þetta voru fjárhús, sem tóku 60 kindur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 12

HV-225:041 *Hesthús* heimild um hesthús
“Hesthús var efst allra húsa, alveg upp við túngarð og neðan þeirra Hesthúsvöllur ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 12

HV-225:042 *Hólhús* heimild um fjárhús
“Hólhús var sunnan og neðan Hesthúss, fjárhús, sem einna fyrst var sett hlaða við ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 12

HV-225:043 *Kofi* heimild
“Kofaslétttur, ekki stórar um sig, en alltaf var litlið með velþóknun til allra sléttra bletta ... Kofi var syðst á fyrrnefndum sléttum og gekk hann alveg inn í Útaukann ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðanes, 12

HV-225:044 *Sauðaneskot* heimild um býli

“Sauðaneskot var hjáleiga ofan og utan túns ....” SSH: “Eyðikot og hjáleigur nefna menn 6 jarðir hér í sókninni, en enginn veit hvenær eða hvernig þær hafa lagzt eyði, og er ætlun manna, að langt sé síðan. ... Sauðanesskot, útnorður frá Sauðanesi ...”
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 171; SSH, 86

HV-226 Hnjúkar

12 hdr 1706. 1706 segir að sumir nefni jörðina Hnjúkakot. JÁM VIII, 315. 1405: Jón Ófeigsson selur Bjarna Einarssyni Jórsalafara jörðina Knúka, gæti verið sama jörð. DI IX, 26. Fosskot hjáleiga frá Hnjúkum.
Blöndósbær byggður í landi Hnjúka sem voru íeyði 1931 er bærinn keypti jörðina. Hnjúkahlíð er nýbýli úr Hnjúkalandi frá 1942. 1706: “Engjum spillir Laxá með leiri og grjótsáburði.” JÁM VIII, 315. 1920: Tún 3,4 ha, 1/3 slétt, garðar 160m2.

HV-226:001 *Hnjúkar* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-226:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-226:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-226:004 heimild um mógrafir
“Þar fyrir sunnan nálægt ánni er Lambhagi (Lambhagi, þar sem mórinn var tekinn).” segir í örnefnaskrá Í athugasemdum segir að þarna hafi verið góð mótekja og hann hafi verið hitamikill en grunnur.
Heimildir: Ö-Hnjúkar, 1-2; Ö-Hnjúkar ath, 3

HV-226:005 *Vörðuhólsholt* örnefni
“Þar skammt fyrir ofan er bærinn Hnjúkar. Þar fyrir neðan eru tvö holt, Vörðuhólsholt og Bleiksholt neðar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar, 2

HV-226:006 *Stóristekkur* örnefni stekkur
“Þar skammt fyrir ofan er bærinn Hnjúkar. Þar fyrir neðan eru tvö holt, Vörðuhólsholt og Bleiksholt neðar. Skammt frá tjörninni, nær Hnjúkum, er Stóristekkur.” segir í örnefnaskrá Í athugasemdum segir að þar sjáist enn smágarðsbrot.
Heimildir: Ö-Hnjúkar, 2; Ö-Hnjúkar ath, 2

HV-226:007 *Hrafnseyrarvað* heimild um vað
“Fyrir austan girðinguna er Hrafnseyri við Blöndu; þar var Hrafnseyrarvað.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar, 2

HV-226:008 *Litlistekkur* örnefni stekkur
“Fyrir utan Litlutjörn er Brúnkuholt. Fyrir sunnan og austan Hnjúkás er Austurás. Skammt frá Litlutjörn er Litlistekkur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar, 3

HV-226:009 *Hrafnseyrarvegur* heimild um leið
“Gamli Hrafnseyrarvegurinn lá upp fyrir utan tjörn og suður í gegnum klaufina.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar, 4

HV-226:010 varða landamerki

Í landamerkjalýsingu frá því fyrir aldamótin 1900 er talað um vöru upp á Langahrygg.
Heimildir: Landamerkjaskrá Hnjúka

HV-226:011 varða landamerki
Í landamerkjalýsingu frá því fyrir aldamótin 1900 er talað um vöru sem stendur fyrir ofan Hádegisbungu fyrir neðan Miðklett.
Heimildir: Landamerkjaskrá Hnjúka

HV-226:012 varða landamerki
Í landamerkjalýsingu frá því fyrir aldamótin 1900 er talað um vöru sem stendur norðan til á Messuvaðsholtinu.
Heimildir: Landamerkjaskrá Hnjúka

HV-226:013 *Grund* heimild um fjárhús
“Grund, þar sem gömlu fjárhúsin stóðu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar B

HV-226:014 *Strákavað* heimild um vað
“Strákavað úr Lambhaga.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar B

HV-226:015 *Sauðanesvegur* heimild um leið
“Sauðanesvegur eða Þvervegur beint upp hjá vörðunni (?).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar B

HV-226:016 *Varða* örnefni
“Sauðanesvegur eða Þvervegur beint upp hjá vörðunni (?).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar B

HV-226:017 *Sjónarhólsgata* heimild um leið
“Norðasti vegurinn hét Sjónarhólsgata.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar B

HV-226:018 *Grænukofagata* heimild um leið
“Grænukofagata í landsuður í áttina að Illukeldu. Þar er hvilft í bunguna, og lítið út fyrir, að þar hafi verið stekkur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar B

HV-226:019 *Grænukofi* örnefni
“Grænukofagata í landsuður í áttina að Illukeldu. Þar er hvilft í bunguna, og lítið út fyrir, að þar hafi verið stekkur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar B

HV-226:020 heimild um stekk
“Grænukofagata í landsuður í áttina að Illukeldu. Þar er hvilft í bunguna, og lítið út fyrir, að þar hafi verið stekkur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar B

HV-226:021 *Fossakot* bæjarstæði býli
“Fossakot heitir eyðibýli í landi Hnjúka, rétt fyrir neðan Efri-Lynghól. Þar sér fyrir túngarði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar B

HV-226:022 heimild um mógrafir
"Var ekki fyrsta rafstöðin á þessum slóðum? Jú, hún var fyrir neðan bergið, en það var ekki Klifakotslækurinn sem var notaður beint, heldur var farið með hann niður með veginum og sameinaður læk, sem kom úr Dýhólunum, og það var einmitt við þann læk, sem Thomsen var drepinn. Þarna var vond kelda og ekki hægt að komast nema með ánni, eða þá niður melana og miðholtið. Landinu hallaði inn frá ánni, og þar voru mógrafir og afleitt foræði, t.d. var mótekja þar sem nú er læknisbústaðurinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: GG: "Örnefni við Blönduós" Húnavaka 1980, 78

HV-226:023 heimild um leið
"Önnur leið var austar og yfir Laxá rétt ofan við hitaveitustokkinn. Hún lá neðan frá Klaufunum."
Heimildir: GG: "Örnefni við Blönduós" Húnavaka 1980, 78

HV-226:024 varða landamerki
"Neðri-Lynghóll er í Hjaltabakkalandi, alveg niður á bakkanum að Blöndu, skammt fyrir ofan Hrútey. Efri-Lynghóll er þar rétt fyrir ofan, í Hnjúkalandi. Hólar þessir eru allstórir um sig. Milli þeirra voru merkin milli Hjaltabakka og Hnjúka og í vörðu á melbrúninni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hnjúkar, 1

HV-226:025 *Tæpagata* heimild um leið
"Sunnan í áðurnefndu melholti við Blöndu var Tæpagata." segir í örnefnaskrá Í athugasemdum segir að þar sjáist uppgrónir troðningar.
Heimildir: Ö-Hnjúkar, 1; Ö-Hnjúkar ath, 2

HV-226:026 *Ytri-Hnjúkar* heimild um býli
"... nokkuru utar eru Hnjúkar, sem áður voru 2 jarðir, Ytri- og Syðri-Hnjúkar (Gnjúkar)."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 171.

HV-227 Hjaltabakki

Kirkjustaður 1706. Þingeyrarklausturseign. Jarðarinnar Bakka getið í Heiðarvígasögu, sennilega sama jörð. ÍF III, 264. 1318: "Ad Backa er Graptar kyrkia. hun a allt heima land. allt ad klifum. oll riutey. selfor j saudadal. oll fiski ad helmingi j laxä. alla selueydi jhunavatz os vpp til Brandaness. allann Reka fra Blonduosi. oc ä motz vid Giliaärmenn. alla þa halfa veydi j blonduosi er liggur til klifa. Burtsongur til Torfalæks oc til medalheims. j hollt oc j kalldakinn. .. Tyund. heýtollur og lysistollur af xij. Bæium." DI II 475. 1326:" ... var þad þeirra [Séra Jóns Koðránssonar af hálfu Hólabiskups og Lang-Orms af hálfu Þingeyraklausturs] giord. ath Þinngheyrastaadur og klaustrid skyllde hallda [90] Hiallta backa sem Jor[undur] byskup hafdi lagth adur til Þingheyra. enn Audun byskup hafde tekid af þeim og gaf sira Jongeire preste og þar bio hann nockra vetur þotte abota og brædrum. þetta oflitid. fyrer tiundernar. og þo skyllde þetta standa. þar til erchibyskupinn giordi veghu aa." LS, 89-90.

1344: "aa allt land at klifum. oo rutey. selfor j savdadal. avll fiski at helmingi j laxa. aal selveidi j hunauazose vpp til brandanes. allan reka fra blonduose oc til moz uid giliarmenn. alla þa halfa ueidi j blonduose er liggr til klifa. DI IV, 10-11. 1346: "... til upphelldiss stadnum oc klaustreno aa thingoyrum er ver unnderstanndum miok þurftught vera. hofum ver lagt þangat. sogdo klaustre til ofuinligrar oignar land allt aa hialltabacka iordina at klifum vtan." DI II, 836. 1486: Hjaltabakkaþingum fylgja 1 hálfkirkja og 2 bænhús DI V, 354. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. 1706 er Hjaltabakkakot hjáleiga. Fornbýlið Klif eða Klifjar í landi H, nefnt í fornum máldögum. Blöndósbær byggður í landi H.

1706: "Enginu spillir Laxá með leir og grjóti." JÁM VIII, 315. 1874: "Bærinn stendur á sléttum mel milli Laxár og Blöndu. Þar er tún harðlent og útheyskapur rýr og reytingssamur. ... Beitilandið er bæði mýrlendi niður undan bænum og hrísmóar í landnorður af bænum." SSH, 84. 1920: Tún 6 ha, 1/6 slétt. "Jörðin er víðlend, nær frá Draugagili við Blönduós og fram að Laxá. Hið efra eru melar og hrísmóar, en er kemur niður fyrir bakkann, sem bærinn stendur á, verður landið mýrlendara." Húnaþing II, 282

HV-227:001 *Hjaltabakki* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-227:002 heimild um kirkju
"Í Hjaltabakkatúni er þessi heiti: Suður af bænum er Suurtún, austar Beinrófa, þá Kirkjuvöllur ..." segir í örnefnaskrá
HJALTABAKKI Í ÁSUM (AH) ? Nikulási
1318: LXXX. Hialltabacka kyrckia.
Ad Backa er Graptar kyrkia. hun a allt heima land. allt ad klifum. oll riutey. selfor j saudadal. oll fiski ad helmingi j laxä. alla selueydi jhunavatz os vpp til Brandaness. allann Reka fra Blonduosi. oc ä motz vid Giliaärmenn. alla þa halfa veydi j blonduosi er liggur til klifa.
Burtsongur til Torfalæks oc til medalheims. j hollt oc j kalldakinn.
Kyrckia ä. vj. hundrud j vidum og Bwsgognum. oc veydigognum.
Kw. j. asaudar kugilldi. iij. veturgamla saudi.
Jnnan kyrckiu. þrenn messuklædi. hokla. iiij. kaleyk. j. corporalia. iij. alltarisklædi. iiij. Brijkarklædi. ij. dwkar. iij. Tiolld vm kyrkiu. krossar. iiij. mariuskripter. ij. nicholäs lykneski. skrijn. ij. messingarstykur. ij. kistill. Elldbere. Glodarkier. messufata kista. munnlaug. fontz vmbunadur. lyka abreydsl. kyrckiukola. glerglugg. sloppar. ij. cantoris kapa. kluckur. iiij. mercki. ij. paxblad. Legendo Bækur. ij. fornar. psalltara Totrar. ij. per usum Bækur. ij. Hymnarium.
Tyund. heýtollur og lysistollur af xij. Bæium.
Dedicatio Ecclesiæ. ij. nottum eptir michials messu.
Þar skal prestr vera oc diakn. tekur hann heima j leygu. iiij. merkur. vtann gardz. iij. merkur.
Tali anno kyrckiu Tyund. Máld DI II 475 sbr DI II 864
1326: ... var þad þeirra [Séra Jóns Koðránssonar af hálfu Hólabiskups og Lang-Orms af hálfu Þingeyraklausturs] giord. ath Þinngheyrastaadur og klaustrid skyllde hallda [90] Hiallta backa sem Jor[undur] byskup hafdi lagth adur til Þingheyra. enn Audun byskup hafde tekid af þeim og gaf sira Jongeire preste og þar bio hann nockra vetur þotte abota og brædrum. þetta oflitid. fyrer tiundernar. og þo skyllde þetta standa. þar til erchibyskupinn giordi veghu aa. LS, 89-90.
1344: aa allt land at klifum. oo rutey. selfor j savdadal. avll fiski at helmingi j laxa. aal selveidi j hunauazose vpp til brandanes. allan reka fra blonduose oc til moz uid giliarmenn. alla þa halfa ueidi j blonduose er liggr til klifa; Registur Egils DI IV 10?11
7.10.1346: ... til upphelldiss stadnum oc klaustreno aa thingoyrum er ver unnderstanndum miok þurftught vera. hofum ver lagt þangat. sogdo klaustre til ofuinligrar oignar land allt aa hialltabacka iordina at klifum vtan. voide ii blondo skalagiord oc elldiuid i iordina. er ver uilium at oinsaman hoilogh hoolakirkia hallde oc hafue til ofuinligrar oignar. alla þa er þr fylger. alla þa er þar fylger. en allar adrar landznytiar med nefndum iordum skolu þeir ofuinliga hafua oc hallda. .... DI II 836 [AM dipl afskr nr 444 'ex originali monasterii thingeyrensis accuratissime']
3.6.1359: ... arngrimr aboti aa þingæyrum ... kærdi firi klaustrid. vm laxueidi i laxaa firi hialtabacka. epter þui sem vattar. forn kirkiunnar bok aa holum. oc ei sidr kirkiubok nefndz klaustrs. hueria adrgreinda laxueidi. er haft hafdi vm tima baardr arason. en syndi oss ekki skilriki þar firi þat er framaR gæingi. en fyrr sagdar kirkiubækr. holastadar oc þingæyra klaustrs. þuj demdum ver [Jón bp skalli] med fullu doms atkuedj. fyrrsagda uæidj. klaustrinu til vendaligrar eignar. hedan j fra epter þuj sem oppt nefndar kirkiubekr vaatta ... DI III 132-33 [AM dipl afskr 451 ex transcripto monsterii Thingeyrensis accuratissime]
[1429]: [1] prestr; DI IV 382
17.8.1432: gerdh firir xij hundrot. En firir fyndh vj hundrot; Vísitasíugerð DI IV 514
[1461]: 1 prestur DI V 361
1486: Hjaltabakkaþingum fylgja 1 hálfkirkja og 2 bænhús DI V 354
1619: brann kirkjan á Hjaltabakka nyrðra til grunna með öllu, sem í henni var, en ókunnugt er um upptök. Annálabrot Gísla Oddssonar, ÍA V, 527.
27.2.1880: Blöndudalshólaprestakall lagt niður og Blöndudalshólasókn lögð til Bergsstaðaprestakalls, en Holtastaðasókn til Hjaltabakka; (PP, 232) [lög]
4.11.1881: Holtastaðasókn lögð til Höskuldsstaða en Hjaltabakkasókn til Þingeyraklausturs; (PP, 225) [lög]
31.1.1891: Hjaltabakkakirkja flutt að Blönduósi; (PP, 225) [landshöfðingjabréf]

Heimildir: DI; PP, 225; Ö-Hjaltabakki, 1

HV-227:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-227:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-227:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-227:006 heimild um lendingu
1706: “Heimræði má hjer valla kalla og brúkast aldrei nema fiskur sje innanfjarðar algenginn og þó lendíng ekki so kalla megi nær enn í Blönduósi, þar þó brimsöm og háskaleg.” SSH: “Hafnir. Blönduós er forn skipalending, og þykir enn mega nota hana. Útræði er á Sölvabakka, úr Ósvík (Sbr. Söguna um hina spænsku víkinga.), úr Ytrahólsbás (á sumrum), við Eyjarnes (Þar er hvað bezt lending.) og í Hafurstaðavík. “
Heimildir: JÁM VIII, 314; SSH, 155

HV-227:007 *Draugagil* örnefni
“Nyrzt með sjó fram Draugagil og sunnan við það Háusigar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki og Blönduós, 1

HV-227:008 *Kotsvík* örnefni
“Nyrzt með sjó fram Draugagil og sunnan við það Háusigar. Þar suður af Svartavík, þar næst Skollavík, þá Kotsvík ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki og Blönduós, 1

HV-227:009 *Lestavað* heimild um vað
“Við Laxárós er Lestavað ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki og Blönduós, 1

HV-227:010 *Stekkjarhvammur* örnefni stekkur
“Við Laxárós er Lestavað og upp með ánni fyrst Húnstaðahvammur, þá Árgilshvammur, Djúpihvammur, þá Dulsar og Dulsahvammur. Þá næst Stekkjarhvammur og norður af honum Vatnsgötur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki og Blönduós, 1

HV-227:011 *Vatnsgötur* heimild um leið
“Við Laxárós er Lestavað og upp með ánni fyrst Húnstaðahvammur, þá Árgilshvammur, Djúpihvammur, þá Dulsar og Dulsahvammur. Þá næst Stekkjarhvammur og norður af honum Vatnsgötur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki og Blönduós, 1

HV-227:012 *Prestavað* heimild um vað
“Næst fyrir ofan Stekkjarhvamm [010] er Prestavaðshvammur og Prestavað við Prestavaðsvörðu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki og Blönduós, 1

HV-227:013 *Prestavaðsvarða* varða samgöngubót
“Næst fyrir ofan Stekkjarhvamm [010] er Prestavaðshvammur og Prestavað við Prestavaðsvörðu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki og Blönduós, 1

HV-227:014 *Ullarfoss* örnefni þvottastaður
“Þar ofar [013] Ullarfoss og næst Djúpvaðseyri syðri og Djúpavað og Svartibakki.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki og Blönduós, 1

HV-227:015 *Djúpavað* heimild um vað
“Þar ofar [013] Ullarfoss og næst Djúpvaðseyri syðri og Djúpavað og Svartibakki.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki og Blönduós, 1

HV-227:016 *Garðanes* örnefni
“þá ofar með ánni [en Reiðhóll] Svartibakki og Garðanes.” segir í örnefnaskrá “Lítill hólmi er þarna í ánni, Víðishólmi. Þá er stutt í stórt nes, Garðanes, mótar þar fyrir smá garðlögum, sem bendir til að vatni hafi verið veitt þarna á úr ánni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki og Blönduós, 1; Ö-Hjaltabakki, 1

HV-227:017 *Skógargata efri* heimild um leið
“Norður af honum [Votahvammi] Skógargata efri (Skógarbraut), en Skógargata neðri er norður af Reiðholtsnesi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki og Blönduós, 1

HV-227:018 *Skógargata neðri* heimild um leið
“Norður af honum [Votahvammi] Skógargata efri (Skógarbraut), en Skógargata neðri er norður af Reiðholtsnesi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki og Blönduós, 1

HV-227:019 *Kotsbrekka* örnefni
“Við Hjaltabakkabæ er Heimabrekka. Norður af henni er Kotsbrekka, Litlihóll og Móamýri og Kotslaut.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki og Blönduós, 1

HV-227:020 varða landamerki
“Að norðan ræður áin Blanda frá sjó upp að svo nefndri Fálkanöf, rjett fyrir neðan efra Klyf, þaðan beint í suður eptir sundi því sem gengur á milli svonefndra Lynghóla og í vörðu á Melabotnunum ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Hjaltabakka 1889

HV-227:021 varða landamerki
“Að norðan ræður áin Blanda frá sjó upp að svo nefndri Fálkanöf, rjett fyrir neðan efra Klyf, þaðan beint í suður eptir sundi því sem gengur á milli svonefndra Lynghóla og í vörðu á Melabotnunum, síðan sjónhendingu suður móana, eins og vörður vísa og suður í Þuríðarkeldu ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Hjaltabakka 1889

HV-227:022 varða landamerki
“Að norðan ræður áin Blanda frá sjó upp að svo nefndri Fálkanöf, rjett fyrir neðan efra Klyf, þaðan beint í suður eptir sundi því sem gengur á milli svonefndra Lynghóla og í vörðu á Melabotnunum, síðan sjónhendingu suður móana, eins og vörður vísa og suður í Þuríðarkeldu, úr henni beint í sýki sem gengur til landnorðurs úr Krókhyl í Laxá, að sunnan ræður Laxá, að vestan eru merki sjónhending af sandinum við flóðfar, eptir því sem merkjavaða sýnir, í Undirfellstind ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Hjaltabakka 1889

HV-227:023 heimild um leið
“Er farið er eftir götuslóðum í austur frá Hjaltabakkabænum er stutt í aflangan melhól sem heitir Reiðhóll og af honum sést í Laxá. Götur þessar eru bílfærar upp að landamerkjagirðingu milli Hjaltabakka og Hnjúka.” segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Hjaltabakki JÞ, 1

HV-227:024 *Byrgisnes* örnefni
"Við endann á því [Reiðhólsnesi] er lítið nes allt þýft, Miðnes. Þá tekur við stórt nes, Birgisnes [svo]. Voru þessi stærri nes aðalslægjuland jarðarinnar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki JÞ, 1

HV-227:025 heimild
"... en lítill hvammur þar sem þjóðvegurinn liggur yfir heitir Rjómabúshvammur, mótaði þar fyrir gömlum mannvirkjum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki JÞ, 1

HV-227:026 varða samgöngubót
"Varða var hlaðin við braut þessa [Sleðabraut HV-681:003], var hún beint í vestur frá gamla bænum á Hjaltabakka, eflaust til glöggvunar í vondum veðrum, Stóraþúfa." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki JÞ, 2

HV-227:027 heimild um mógrafir
"Valllendisflöt lítil er fyrir ofan hól þennan [Litlahól], Mólaut, mótar þar fyrir gömlum mógröfum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki JÞ, 2

HV-227:028 *Klif* bæjarstæði býli
1346 jörðin gefin Þingeyrarklaustri. "Í Blönduóslandi eru Lágar, Hnjúkaklauf. Efri og Neðri Lynghólar, Neðri Klefaklauf, og Hrútey í miðri Blöndu. Fyrir sunnan Klefakot er Arnarhóll ..." segir í örnefnaskrá "Til forna var raunar sjálfstæð jörð á vestari bakka Blöndu, er hét Klif. Stóð bærinn skammt frá árbakkanum, þar sem enn heitir Klifakot og Klifakotsmýri þar vestur af. Átti sú jörð land að Fálkanöfn, rétt fyrir neðan efra-Klif, sem síðar nefndust Hnjúkalagnir, og eru nú bezti veiðistaður stangveiðimanna í Blöndu. Ennfremur lá Hrútey í Blöndu undir Klif og jörðin átti hálfa veiði í Blönduósi. Árið 1318 á Hjaltabakkakirkja heimaland allt að Klifum, alla Hrútey og allan reka frá Blöndósi, er liggur til Klifa. Var Klifakot, þegar það var í byggð, oftast um skamma hríð í senn, hjáleiga frá Hjaltabakka." segir í Húnaþingi

Kolka: "Báðum megin við Blöndu neðst eru háar brekkur ... Um hálfan annan kílómetra frá sjónum að sunnan stóð í fornöld bærinn Klif eða Kleifar, sem getið er um í Heiðarvígasögu, og átti sú jörð hálfa veiði í Blönduósi. Ormur Hólabiskup gaf hana Þingeyraklaustri 1346, þó án veiðiréttindanna .." SSH: "Eyðikot og hjáleigur nefna menn 6 jarðir hér í sókninni, en enginn veit hvenær eða hvernig þær hafa lagzt eyði, og er ætlun manna, að langt sé síðan. Í Hjaltabakkalandi var ... Klifakot, við Blöndu, óbyggt síðan séra Rafn bjó hér."
Heimildir: DI II, 836; Ö-Hjaltabakki, 1; Pétur Sæmundsen: Blönduós, 429; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 187; SSH, 86

HV-227:029 heimild
"Eigi verður séð, að hann [Thomsen] hafi fengið formlegt leyfi, enda fór engin lóðaútmælin fram fyrr en síðar, en víst er, að hann lét reisa verzlunarskúr norðan árinnar og verslaði í honum líklega um mánaðartíma ..." segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 423

HV-227:030 heimild
"Höepfnerverzlun á Skagaströnd lét einnig reisa timburskúr vestar, norðan Blönduós og lét verzla í honum yfir sumarkauptíðina. Var skúrinn skíðar fluttir inn fyrir ána og reistur vestan við fyrstu sölubúð Höepfners (Pétursborg) og stóð þar um áratuga skeið." segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós 423

HV-227:031 heimild

“Þegar Thomsem fór út um sumarið, lagði hann svo fyrir, að byggt yrði lítið hús, að mestu leyti úr torfi, áður en hann kæmi aftur um haustið. Var það byggt á lóð Thomsens innan ár og var notað til þess að bærði í mör.” segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 423

HV-227:032 *Möllersbúð* heimild
“Um haustið lét Thomsen síðan reisa hið fyrsta verzlunar- og íbúðarhús, sem byggt var á Blönduósi. ... Hús þetta stóð, þar sem nú stendur Samkomuhúsið, en sneri í austur og vestur. Gekk það lengst af undir nafninu Möllersbúð og brann aðfaranótt 21. des. 1914 ...” segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 423-425

HV-227:033 heimild
“Hið fyrsta reglulega íbúðarhús, sem byggt var á Blönduósi, var íbúðarhús Jóhans Kaupm. Möllars. Var það byggt 1877 sem norsku lagi og þótti mjög veglegt. Það stóð þar, sem nú stendur Sæmundarsenhús og brann 1913.” segir í Húnaþingi Sæmundssenshús 1919: Tún 1,5 ha, órækt 0,3 ha, garðar 2690m2.
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 425; Túnakort 1919

HV-227:034 heimild
“Á árunum 1877-78 lét Hólsenverzlunin reisa tvö hús á lóð þeirri, er Bryde hafði fengið sér útmælda, næst fyrir austan lóð Möllers, en Bryde var þá orðinn aðili að Hólanesverzlun. Annað þeirra stendur enn, en hitt var bræðsluhús. Eftir að Möller eignaðist bæði þessi hús, var bræðsluhúsið flutt og reist, þar sem nú er Lágafell.” segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 425

HV-227:035 heimild
“Á árunum 1877-78 lét Hólsenverzlunin reisa tvö hús á lóð þeirri, er Bryde hafði fengið sér útmælda, næst fyrir austan lóð Möllers, en Bryde var þá orðinn aðili að Hólanesverzlun. Annað þeirra stendur enn, en hitt var bræðsluhús. Eftir að Möller eignaðist bæði þessi hús, var bræðsluhúsið flutt og reist, þar sem nú er Lágafell.” segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 425

HV-227:036 *Pétursborg* heimild
“Vorið 1878 lét Höepfnersverzlun reisa á lóð þeirri, er Steincke hafði fengið útmælda, stórt hús til verzlunar og vörðugeymslu (Pétursborg), og er það og Björnshús elztu húsin á Blönduósi.” segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 425

HV-227:037 heimild
“Um 1882 lét Höepfnersverzlun reisa tvö önnur myndarlega hús, verzlunarstjórahús, nú kennt við Snorra Arnfinnsson og hús fyrir vestan Pétursborg, með svipuðu lagi, kallað vesturpakkhús. Var það rifið skömmu eftir 1930 ... Var verzlun Höepfners í syðri enda Pétursborgar, þar til nýtt verzlunarhús var reist 1908 ...” segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 425

HV-227:038 heimild
“Um 1882 lét Höepfnersverzlun reisa tvö önnur myndarlega hús, verzlunarstjórahús, nú kennt við Snorra Arnfinnsson og hús fyrir vestan Pétursborg, með svipuðu lagi, kallað vesturpakkhús. Var það rifið skömmu eftir 1930 ... Var verzlun Höepfners í syðri enda Pétursborgar, þar til nýtt verzlunarhús var reist 1908 ...” segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 425

HV-227:039 *Vertshús* heimild
“Vertshús. Það var byggt 1877 af Jóhannesi Jasonarsyni veitingamanni ... Þetta hús stóð við götuna á lóðinni, þar sem útibú K.H. er nú.” Brann 1918. segir í Húnaþingi

Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 425

HV-227:040 *Ólafshús* heimild
"Ólafshús. Það var byggt 1878 af Sigurði snikkara Helgasyni frá Gröf ..." segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 425-427

HV-227:041 *Guðrúnarhús* heimild
"Guðrúnarshús. Það er byggt 1880 af Guðrúni Jónsdóttur ekkju ... Húsið stóð á lítilli lóð norðan við veginn gegnt Ólafshúsi, ögn ofar en Mosfell." segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 427

HV-227:042 *Skagfjörðshús* heimild
"Skagfjörðshús. Það var byggt 1879 af Jóni Skagfjörð og var eftir lág Jóns 1898 nefnt Solveigarhús eftir Sólveigu Guðmundsdóttur. Árið 1911 byggð Skúli Benjamínsson hús það, er enn stendur og ber nafnið Bjarg, en bærinn stóð ofar í lóðinni." segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 427

HV-227:043 heimild
"Hús Guðmundar borgara Jónssonar. Það var byggt 1881 á lóð, sem náði að lóð Hólanesverzlunar, síðar í eigu Möllers kaupmanns eins og áður segir ... Árið 1887 var húsið rifið og flutt til Akureyrar. ... Um 1896 byggði Möller kaupmaður hús fyrir verzlunarmenn sína efst í þessari lóð og stendur það enn ... Sumarið 1899 byggði Möller kaupmaður íshús neðar á þessari lóð og síðar sláturhús." segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 427

HV-227:044 vegur leið
"Einnig var gerður vegur af sömu þjóðleið skammt frá Hjaltabakka um Háubrekku út á Blönduós." segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 437

HV-227:045 heimild
"Var bryggjan fyrir "utan" síðan byggð 1894 og 1895 og uppsátur eða fyrsti vísir að bátaskýli 1896." segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 437

HV-227:047 heimild um uppsátur
"Var bryggjan fyrir "utan" síðan byggð 1894 og 1895 og uppsátur eða fyrsti vísir að bátaskýli 1896." segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 437

HV-227:047 heimild
Tún Friðfinns Jónssonar. 1919 var tún 0,9 ha, garðar 150m2, þar var eitt hesthús.
Heimildir: Túnakort 1919

HV-227:048 heimild
Tún H.Egilssonar. 1919 stærð 0,2 ha, þar eitt hús.
Heimildir: Túnakort 1919

HV-227:049 bæjarstæði býli
Tún J.h. Tómassonar. 1919 0,1 ha, þar eitt bæjarhús.
Heimildir: Túnakort 1919

HV-227:050 bæjarstæði býli
Tún Þ Jóhannessonar. 1919 0,5 ha, þar eitt bæjarhús.

Heimildir: Túnakort 1919

HV-227:051 heimild
Tún Þ. Bjarnasonar. 1919: 3,4 ha, garðar 370m2. Eitt fjárhús.
Heimildir: Túnakort 1919

HV-227:052 *Sveinstún* bæjarstæði býli
1919: Tún 0,1 ha, einn bær og eitt fjárhús.
Heimildir: Túnakort 1919

HV-227:053 *Snorratún* bæjarstæði býli
1919: Tún alls 5,5 ha. Bæjarhús og eitt útihús á jörðinni.
Heimildir: Túnakort 1919

HV-227:054 bæjarstæði býli
Tún S. Davíðssonar. 1919: Tún 0,12 ha. Bæjarhús og fjárhús.
Heimildir: Túnakort 1919

HV-227:055 heimild
Tún P.Péturssonar. 1919: Tún 0,88 ha. Eitt hús.
Heimildir: Túnakort 1919

HV-227:056 heimild
Tún Kristján Halldórssonar. Tún 0,4 ha, eitt hesthús.
Heimildir: Túnakort 1919

HV-227:057 heimild
Tún Jóns Pálmasonar. 1919: Tún 0,6 ha. Fjós og hús.
Heimildir: Túnakort 1919

HV-227:058 heimild um bústað
"Sunnan við "plássið" stóð hús Gísla Ísleifssonar sýslumanns, reist um aldamótin, og stefndur raunar ártalið 1900 á reykháfnum í kjallara þess. Það var 12 álna (7,5 m) langt - og þótti mikið og veglegt í þann tíð. Nú hefur verið tengd við það allmikil, tvílyft nýbygging úr steini yfir gistihúsið."
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 17

HV-227:059 *Höepnersbúð* heimild um bústað
"Úr vesturgluggum gistihússins blasir við "nýja" Höepfnersbúðin eða Sæmundsensbúðin, eins og hún var oftast kölluð eftir verslunarstjóranum, Pétri Sæmundsen. Húsið var reist 1907 og þótti glæsilegt. Að utan var það klætt mótuðum járnplötum, er minntu á hleðslu úr hálfhöggnu grjóti. Gluggar hafa verið minnkaðir og færðir til, enda búðinni breytt í gestaherbergi. Veggir hafa verið hækkaðir nokkuð, en risið minnkað. Um þær mundir sem sölubúðin var reist, var þar brennivínstunna á stokkum undir búðarborðinu. Krani var á tunnunni - eins og á vatnsleiðslu - og því fljótlegt að renna í flöskuna, sem kostaði 105 aura. Við þetta stóð allt fram undir bannárin eftir 1914. Um sama leyti fengu bændur oftast 18 aura fyrir pund af dilkakjöti, svo að tæp 3 kg fóru fyrir flöskuna. .. Koppar og kirnur héngu í stórum kippum niður úr búðarloftinu. Álnavara var í hillum, en sykur og sætabrauð, sveskjur og rúsínur í skúffum undir búðarborði. Á sendinni grasflöt suður af búðinni var slátrað fé á haustin. Þar var blóðvöllur. Í brekkuhorninu þar upp af hafði Sæmundsen kartöflugarð, bar þangað gor af blóðvellinum og fékk góða uppskeru. Á bak við búðina var íbúðarhús verslunarstjórans, einlyft timburhús með vel hirtum blómagarði í kring. Norðan þess var gamla sölubúðin. Var byggt við hana og kallað Pétursborg eftir eigandanum. Þar var um eitt skeið greiðasala. Bak við sölubúðina var vöruskemma og Bræðslubúðin, sem kölluð var. Þar var bræddur mör á haustin, og þar sváfu oft aðkomnir verkamenn."
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 18

HV-227:060 *Melaberg* heimild um býli
“Fyrir sunnan Enni og vestan veginn niður að Blönduósi er fyrir ofan brekkubrúnirnar eldgamalt eyðibýli sem hét Melaberg.”
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 62-63.

HV-227:061 heimild
“Á fyrstu áratugum í ævi kauptúnsins [Blönduóss] var vörum jafnan skipað upp og út í sandinn eða árósinn, en síðar var gerð bryggja fyrir utan á og alla byggð, norður undir Mógilshvammi, og þurfti að sneiða úr sjávarbakkanum til þess að gera veg þangað. Þetta var skásti staðurinn, því að þar nýtur skjóls af Bolanöf, sem er nokkuru utar. Steinbryggja var einnig gerð fyrir innan ána og kostaði hún allmikið fé, en kom aldrei að gagni, því að árósinn breytti sér og fyllti upp með henni.”
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 197-98.

HV-227:062 heimild um brú
Árið 1897 var gerð járngrindabrú á Blöndu við gljúfur sem nefnast Klif. Steinbrú yfir Blöndu á þjóðveginum kom sumarið 1963 en járngrindabrúin var tekin af í heilu lagi og nýtt annars staðar.
“Brúin fyrir ofan Blönduós var gerð 1897-8 og var þá mikið mannvirki. Nú er verið að ljúka við aðra brú niður undan Syðri-Löngumýri, sem næst því í gömlu póstleiðinni, er lá upp Reykjabraut. Er sú leið lítið eitt styttri en póstleiðin um Blönduós.”
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 22; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 200

HV-228 Hjaltabakkakot
Hjáleiga Hjaltabakka 1706, þá byggð fyrir rúmum 40 árum, í eyði frá um 1698. JÁM VIII, 215, í byggð 1847.

HV-228:001 *Hjaltabakkakot* bæjarstæði býli
Þórarinn Jónsson /d. 1944) alþingismaður var frá Hjaltabakka. “Þórarinn var mælskur maður og hagyrðingur og af mörgum talinn mestur þingskörungur í bændastétt á sinni tíð. Hann byggði á Hjaltabakka fyrsta steinhúsið í Torfalækjarhreppi og flutti þá bæinn til. Var þá lagt niður Hjaltabakkakot, sem var hjáleiga norðan við túnið.”
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 185

HV-229 Holt
32 hdr 1706, Þingeyrarklausturseign. Útkirkja var á jörðinni. Jarðarinnar getið í Vatnsdælu. c. 1000: Máni enn kristni ... gerði þar kirkju ... laxveiði [í hylnum undir Mánafossi] gaf hann undir kirkjuna í Holti, ok segir Gunnlaugur múnkr, at sú veiðr hafi þar jafnan síðan til legit. Hjá þeirri kirkju sér enn merki, at hann hefir byggt svá sem einsetumaðr, ... því at við kirkjugarðinn sér at verit hefir garðhverfa nokkur, ... ok heitir þar síðan [Mánatóptir eða] Mánagerði. 1318: “[frá Hjaltabakka er] Burtsongur ... j hollt ...”DI II, 475. 1486: Jarðarinnar getið. DI V, 354. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314

1706 er eyðihjáleigan Mánagerði. JÁM VIII, 313. Dalstóftir í landi jarðarinnar búið þar fyrir 1930. Nýbýli Árholts og Laxholt. “Landareignin takmarkast að norðan af Laxá og nær suður að Húnsstaðalæk eða Jarðbrúarlæk.” Húnaþing II, 279 1706: “Tún eru meinerfið fyrir þýfi, grjóti og vætu. Enginu spillir Laxá með grjóti og sandi.” JÁM VIII, 313. 1920: Tún 6,3 ha, 1/3 slétt. “Holtsbungan er mest áberandi í landslaginu og er þaðan víðsýni mikið. Annars er landið mýrar og flóar og holt vaxin hrísi, allt mjög grasgefið.” Húnaþing II, 278

HV-229:001 *Holt* bæjarhóll bústaður
“Sá bær [gamli bærinn] bær var hátt uppi í Holtsbungu. Þar hefur ekki verið búið, síðan nokkru fyrir miðja þesssa öld.” segir í athugasemdum við örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Holt ath, 1; Túnakort 1920

HV-229:002 heimild um útkirkja
HOLT Á KOLKUMÝRUM (Í ÁSUM) (AH)
c. 1000: „Máni enn kristni ... gerði þar kirkju ... laxveiði [í hylnum undir Mánafossi] gaf hann undir kirkjuna í Holti, ok segir Gunnlaugur múnkr, at sú veiðr hafi þar jafnan síðan til legit. Hjá þeirri kirkju sér enn merki, at hann hefir byggt svá sem einsetumaðr, ... því at við kirkjugarðinn sér at verit hefir garðhverfa nokkur, ... ok heitir þar síðan [Mánatóptir eða] Mánagerði." Þáttr af Þorvaldi,
(HJALTABAKKAÞING) ? HÁLFKIRKJA
1318: [frá Hjaltabakka er] Burtsongur ... j hollt; Máld DI II 475 [Hjaltabakka]
1486: er lítt uppi DI V 354
Heimildir: Biskupasögur I, 46; DI

HV-229:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-229:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-229:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-229:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-229:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-229:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-229:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-229:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-229:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-229:012 *Mánagerði* bæjarstæði býli
1706: "Girðíngaleifar sjást hjer allskamt frá bænum, aldrei hefur þar byggð verið í manna minni og ekki vitað menn nafn þess nema eftir sögn eins manns, er lifaði fram á vora daga. Hann kallaði það Mánagerde. Hefur hjer lengi stekkur verið frá Holti, en túnstæðið mestalt í mosamó komið, þar með er hjer vatnslaust og því ómögulegt aftur að byggja nema Holti til eyðileggíngar, sem nú hefur grasnautn alla." "Holt er líklega landnámsjörð, þar bjó Máni sem frægur er fyrir veiðisæld. Mánakot er á merkjum Holts og Laxholts, þar eru einhverjar rústir." "Mánagerði (Mánakot) er hóll nefndur, beint suður af Sumarbrústaðnum og rétt norðan merkja. Á honum má greina, að einhverntíma hafi þar verið mannvirki." segir í örnefnaskrá

Kolka: "Fyrir utan og neðan tún í Holti er örnefnið Mánagerði. Þar bjó Máni hinn kristni og byggði hann þar kirkju, en land var þá heiðið. Við hann er og kenndur Mánafoss í Laxá fyrir austan Holtsbungu." c. 1000: „Máni enn kristni ... gerði þar kirkju ... laxveiði [í hylnum undir Mánafossi] gaf hann undir kirkjuna í Holti, ok segir Gunnlaugur múnkr, at sú veiðr hafi þar jafnan síðan til legit. Hjá þeirri kirkju sér enn merki, at hann hefir byggt svá sem einsetumaðr, ... því at við kirkjugarðinn sér at verit hefir garðhverfa nokkur, ... ok heitir þar síðan [Mánatóptir eða] Mánagerði." Þáttr af Þorvaldi

Heimildir: JÁM VIII, 313; Húnaþing II, 279; Ö-Laxholt, 1; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 182

HV-229:013 *Varðan* örnefni
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Holt á Ásum

HV-229:014 *Stekkjarvað* heimild um vað
"Stekkjarvað heitir vað á ánni beint undan Mánagerðinu, rétt norðan merkjagirðingar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Laxárholt, 2

HV-229:015 *Stekkjarvað* örnefni stekkur
"Stekkjarvað heitir vað á ánni beint undan Mánagerðinu, rétt norðan merkjagirðingar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Laxárholt, 2

HV-229:016 *Djúpavað* örnefni vað
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Holt á Ásum

HV-229:017 *Steinsvað* heimild um vað
"Steinsvað er í ánni u.þ.b. 100 m. fyrir ofan brúna upp í Laxholt. Það er fyrir ofan allstóran stein í ánni og kennt við hann." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Laxárholt, 2

HV-229:018 *Þuríðarvað* örnefni vað
Engar staðsetningar í skrá. Í athugasemdum segir að Þuríðarvað hafi verið rétt ofan við Ullarfoss og verið aðalvaðið meðan búið var í gamla bænum.
Heimildir: Ö-Holt á Ásum; Ö-Holt ath, 1

HV-229:019 *Ullarfoss* örnefni þvottastaður
Engar staðsetningar í skrá. "Ullarfoss er nokkru ofar í ánni, eða þar sem hún beygir til vesturs. Trúlega hefur upp verið þvegin þar." segir í athugasemdum við örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Holt á Ásum; Ö-Holt ath, 2

HV-229:020 heimild um áveitu
"Nestá Heitir norðvestasti hluti Laxholts, grasivaxið valllendi með smátjörnum. Var áður nytjað sem engi frá Holti. Það var flæðiengi, en nú hefur verið hlaðið fyrir ána." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Laxárholt, 2

HV-229:021 *Dalstóftir* bæjarstæði býli
Engar staðsetningar í skrá. "Dalstóftir eru syðst og vestast í landinu, við jarðbrúarlæk. Pétur Guðmundsson reisti þar nýbýli á þriðja tug þessarar aldar og bjó þar ásamt fénaði sínum í eitt eða tvö ár (1925-1926). Tóftir sjást enn." segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

"Pétur sonur hans, síðar bóndi á Hnjúkum, bjó um tíma á Dalstóftum sunnan við Holtsbungu. Þar hafa ekki aðrir búið, svo vitað sé, en nafnið gæti bent til þess, að þar hafi einhvern tíman áður verið býli, sem kennt hafi verið við dal."
Heimildir: Ö-Holt á Ásum; Ö-Holt ath, 2; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 183

HV-229:022 heimild um brú
"Jarðbrýr voru yfir Jarðbrúarlæk. Hann var kallaður Brúarlækur í daglegu tali." segir í athugasemdum við örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Holt ath, 3

HV-229:023 *Reiðhólsvað* heimild um vað

“Reiðhólsvað er vað nefnt vestast í Nestánni. Það er kennt við Reiðhól, sem er melhóll suðvestan við vaðið í Hjaltabakkalandi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Laxárholt, 2

HV-229:024 *Vörðuhvammur* örnefni
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Holt á Ásum

HV-229:025 *Afi* varða
“Afi og Amma nefnast 2 vörður uppi á Holtsbringunni austur af fjárhúsunum. Þær eru nú hálfhrundar og ekki vitað hvor var hvað, en meðan þeim var haldið við var amman alltaf höfð aðeins “mjórri” en afinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Laxárholt, 3

HV-229:026 *Amma* varða
“Afi og Amma nefnast 2 vörður uppi á Holtsbringunni austur af fjárhúsunum. Þær eru nú hálfhrundar og ekki vitað hvor var hvað, en meðan þeim var haldið við var amman alltaf höfð aðeins “mjórri” en afinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Laxárholt, 3

HV-229:027 *Fjósvöllur* örnefni fjós
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Holt á Ásum

HV-229:028 varða landamerki
“Að sunnan frá grasþúfu eða tó, sem er sunnantil á Grensás austan undir Laxá og beint vestur á vörðu á hrísholti ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Holts 1884

HV-229:029 *Grafir* heimild um mógrafir
“Grafir voru mógrafir. Fjórar stungur voru niður á móinn og mórinn aðrar fjórar. Mótekju var hætt um 1950.” segir í athugasemdum við örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Holt ath, 3

HV-229:030 heimild um ristu
“Grafir voru mógrafir. Fjórar stungur voru niður á móinn og mórinn aðrar fjórar. Mótekju var hætt um 1950. Ágæt torfrista var í Illukeldu.” segir í athugasemdum við örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Holt ath, 3

HV-229:031 sögustaður býli
“Vestan í Holtsbungum, sunnan við Laxá, er Holt á Ásum. Það má teljast sennilegt, enda stutt af munnmælum, að þar hafi búið landnámsmaðurinn Þorbjörn kolka, þótt Landnáma geti þess eins að hann hafi numið land á Kolkumýrum og búið þar, meðan hann lifði .. Þjóðsagnir hafa myndast um þennan landnámsmann öðru fremur. Hann á að hafa verið hálftröll og mesta veiðikló, stundað sjóróðra úti í Höfnum og silungsveiðar í Kolkukvísl á Auðkúluheiði.”
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 181-82

HV-229:032 varða landamerki
“ Að vestan beina stefnu í vörðu þá, er stendur norðan undir Laxá fyrir sunnan Prestsvað [HV-227:012].”
Heimildir: Landamerkjaskrá Holts 1884

HV-230 Húnastaðir
10 hdr 1706, Þingeyrarklausturseign. 1326: jörðin gefin Þingeyrarklaustri. DI II, 580-581. 1525:

Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs, þá í eyði. DI IX, 314 1920: Tún 5,6 ha, 5/6 slétt, garðar 373m2. “Landið er mestmegnis mýrar og móar og gott ræktunarland.” Húnaþing II, 278

HV-230:001 *Húnastaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-230:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-230:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-230:004 *Kvíaból* örnefni kvíar
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Húnsstaðir

HV-230:005 *Djúpugötur* örnefni leið
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Húnsstaðir

HV-230:006 *Lestavað* örnefni vað
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Húnsstaðir

HV-230:007 *Prestavað* heimild um vað
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Húnsstaðir

HV-230:008 *Réttarhvammur* örnefni rétt
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Húnsstaðir

HV-230:009 *Húsahvammur* örnefni
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Húnsstaðir

HV-230:010 *Gullkistubrekka* örnefni
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Húnsstaðir

HV-230:011 *Garðsendahylur* örnefni
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Húnsstaðir

HV-230:012 *Laxárvað* örnefni vað
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Húnsstaðir

HV-230:013 *Stekkjarhvammur* örnefni stekkur
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Húnsstaðir

HV-230:014 *Vaðið fyrir ofan garðinn* heimild um vað
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Húnsstaðir

HV-230:015 *Vaðið fyrir ofan garðinn* örnefni
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Húnsstaðir

HV-231 Torfalækur

50 hdr 1547. 40 hdr 1706, útkirkja var á jörðinni. 1318: [frá Hjaltabakka er] Burtsongur til Torfalæks ..." DI II, 475. 1486: Jarðarinnar getið. DI V, 354. 1541: Jarðarinnar getið í bréfi. DI X, 613. 1547: Jón Arason Hólabiskup selur Helgu Jónsdóttur jörðina fyrir Þóreyjarnúp. DI XI, 544-545. Nýbýli Torfalækur II 1/4 af heimajörðinni. 1671: Þorleifur Ólafsson selur Þorleifi Kortssyni 20 hdr í jörðinni fyrir hálfan Torfalæk auk lausafés. Jarðabréf, 194. 1678: Ásgrímur Björnsson selur Jóni Þorlákssyni hálfan Torfalæk fyrir hálfa Barkastaði. Jarðabréf, 199.

1706: "Engjar öngvar, nema það hent verður í fúaflóðum." JÁM VIII, 310. 1920: Tún 7,8 ha, 5/6 slétt garðar 655m2. "Jörðin er landmikil, nær suður að Torfalæk og hið efra út að Jarðbrúarlæk gegnt Holtslandi, en hið neðra úr flóanum móti Húnsstaðalandi. ... Landið er mestallt mýrlendi með holtum á milli og gott ræktunarland." Húnaþing II, 276

HV-231:001 *Torfalækur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-231:002 heimild um útkirkja
1706: "Kirkja segja menn hjer verið hafi og sjást hjer leifar kirkjugarðs. Enginn minnist hjer hafi tíðir fluttar verið."
TORFALÆKUR Í ÁSUM (HJALTABAKKAÞING) (AH) ? HÁLFKIRKJA
1318: [frá Hjaltabakka er] Burtsongur til Torfalæks; Máld DI II 475 [Hjaltabakka]
1486: er uppi DI V 354
Heimildir: DI; JÁM VIII, 309

HV-231:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-231:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-231:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-231:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-231:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-231:008 heimild um áveitu
Úr landamerkjaskrá 1885: "Að sunnan ræður merkjum milli Jarðanna Torfalækjar og Hælis Bakkakelda, er liggur að Torfalæk að austan, við upptök á vatnsveitingaskurði þeim, er lagður er út og ofan á flóa ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 1

HV-231:009 varða landamerki
Úr landamerkjaskrá 1885: “Úr Mógili þessu eru merki að norðan gagnvart Húnsstaðalandi bein lína í austur í vörðu þá, er hlaðin er úr torfi upp á flóa; þaðan beina línu austur í Grástein ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 1

HV-231:011 *Gamli stekkur* heimild um stekk
“Kallast Eyrar ofan frá túninu alllangt niður með læknum, að litlu nesi, sem gengur norðan að læknum. Á þessu nesi er allstór tótt, Gamli stekkur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 2

HV-231:012 heimild um mógrafir
“Um 1-200 metra neðan við þjóðveginn lækkar landið nokkuð, kallast þar Lónatjarnarbrún. Nær hún suðurundir Torfalæk og alllangt norður í flóann. Ofan við Lómatjarnarbrún voru miklar mógrafir, beint niðurundan túnhliðinu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 2

HV-231:013 heimild um mógrafir
“Um 1-200 metra neðan við þjóðveginn lækkar landið nokkuð, kallast þar Lónatjarnarbrún. Nær hún suðurundir Torfalæk og alllangt norður í flóann. Ofan við Lómatjarnarbrún voru miklar mógrafir, beint niðurundan túnhliðinu. Aðrar mógrafir voru um 4-500 metrum utar rétt neðan við þjóðveginn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 2

HV-231:014 *Gullkistunes* örnefni
“Niður með læknum, neðan við Gamla stekk [011] eru Hvammar, skjólsælar brekkur og hvammar. Niður frá þeim er beygja á læknum til norðurs. Nesið í beygjunni er Gullkistunes.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 2

HV-231:015 *Breiðásvegur* heimild um leið
“Austur af Ennum er Hrosshóll allhár neðanfrá að sjá, grýttur ofantil. ... Norðaustur af Hrosshól er Breiðás. Hann er hár og víður um sig og áberandi langt að. Frá Hrosshól liggja götur um Breiðás neðanverðum og út í Tagl í Jarðbrúarlæk. Nefnast þær Breiðásvegur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 3

HV-231:016 heimild um smalakofa
“Við þessar götur [HV-681:004] um 2-300 metrum sunnan við núverandi merki Torfalækjar og Húnsstaða er Smalabyrgi.” segir í örnefnaskrá “Það var hlaðið grjóti, er er nú hrunið að mestu, virðist vera mjög gamalt. Hefur það sennilega verið til þæginda fyrir smala þá, er gættu ásauðar á sumrum í Breiðásflóa.”
Heimildir: Ö-Torfalækur, 4

HV-231:017 *Kerlingarhóll* heimild um bústað
“Nokkru sunnar en einarsholt á merkjum Torfalækjar og Meðalheims er lítill hóll, Kerlingarhóll. Sennilegt er , að þar hafi kona látið fyrirberast.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 4

HV-231:018 *Ytri-Birgishóll* örnefni
“Suður og niðurundan Hrosshól hallar landinu til vesturs að Syðra-Enni. Nefnist það land Hrosshólsbreið og nær alveg suðurundir tún. Endar breiðin á barði eða litlum hól, sem nefnist Ytri-Birgishóll.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 4

HV-231:019 *Ytra-Húsgil* örnefni
“Suður og niðurundan Hrosshól hallar landinu til vesturs að Syðra-Enni. Nefnist það land Hrosshólsbreið

og nær alveg suðurundir tún. Endar breiðin á barði eða litlum hól, sem nefnist Ytri-Birgishóll. Sunnan við hann er Ytra-Húsgil." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 4

HV-231:019 varða landamerki
Úr landamerkjaskrá 1885: "Á línunni frá Kerlingarhól að Bakkakeldu er hlaðin merkjavarða." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 1

HV-231:020 *Birgishóll* örnefni
"Suður og niðurundan Hrosshól hallar landinu til vesturs að Syðra-Enni. Nefnist það land Hrosshólsbreið og nær alveg suðurundir tún. Endar breiðin á barði eða litlum hól, sem nefnist Ytri-Birgishóll. Sunnan við hann er Ytra-Húsgil. Þá kemur Birgishóll, strýtumyndaður og nokkuð áberandi vestan að séð." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 4

HV-231:021 *Syðra-Húsagil* örnefni
"Suður og niðurundan Hrosshól hallar landinu til vesturs að Syðra-Enni. Nefnist það land Hrosshólsbreið og nær alveg suðurundir tún. Endar breiðin á barði eða litlum hól, sem nefnist Ytri-Birgishóll. Sunnan við hann er Ytra-Húsgil. Þá kemur Birgishóll, strýtumyndaður og nokkuð áberandi vestan að séð. Sunnan hans er svo Syðra-Húsagil." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 4

HV-231:022 heimild um vatnsból
"Fyrsta vatnsleiðslan í Torfalækjarbæinn var tekin úr Ytra-Húsgilinu [019] og var þá grafinn þar brunnur, sem nú er samfallinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 5

HV-231:023 heimild um rétt
"Fyrir sunnan túnið og neðan við Langamel er lítil mýri nafnlaus. Sunnan við þessa mýri hækkar landið og kallast þar Réttarholt. ... Milli hornanna myndast breiður og brattur hvammur - Réttarhvammur. Snýr hann í vestur móti læknum. Fram undan Réttarhvammi og niður að læknum er Réttareyri. Þar stendur gömul fjárrétt, sem nú er mjög farin að láta á sjá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 5-6

HV-231:024 heimild um myllu
"Rétt vestan við réttina [023] var mylla. Sást þar nú tóttir einar. Má sjá þar rás, sem læknum hefur verið veitt eftir að myllunni. Er það kallað Myllulækur." segir í örnefnaskrá Myllan var notuð á seinni hluta 19. aldar og eitthvað fram á 20. öldina.
Heimildir: Ö-Torfalækur, 6

HV-231:025 heimild um þvottastað
"Rétt neðan við fossinn [í Myllulæknum 024] kemur Litli-Lækur í Torfalækinn og þar niðurundan er allstór eyri eða nes- kölluð Ullareyri. Þar var þvegin ull fram á síðustu ár." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 6

HV-231:026 tóft
"Upp með læknum, kippkorn frá Syðri-Mel rennur lækurinn í krókum eða bugum. Verður leiðin nokkuð krókótt, sé gengið með læknum. Heita þar Krókar. Nokkru ofar rís hóll allstór - Þórdísarhóll. Hóllinn er gróinn neðantil, en ofan á honum er melur. ... þess var þá að geta, að í sléttu grasdragi, sem er á milli tveggja mela, er mjög lítið tóftarbrot, sem virðist vera afar fornt, en svo lítið um sig, að naumast má ætla, nokkur maður hafi haft þar búsetu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 6

HV-231:027 heimild um fjárhús
"Gömlu fjárhúsin stóðu fremst á brekkubrúninni, nokkru framar er núverandi fjárhús. Brekkan var kölluð Húsabrekka, en henni var allri bylt, þegar gömlu húsin voru rifin og kallað það tún nú Hóll." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 7

HV-231:028 heimild um nátthaga
"Neðan við þetta tún [út og niður frá bænum] er Nátthagaflöt eða Nátthagi. Var áður garður hlaðin um hann, en nú er þar allt sléttað." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 7

HV-231:029 þjóðsaga býli

Guðmundur hét bóndi; hann bjó á Torfalæk; bær sá er á Ásum í Þingeyrasókn. Kona hans hét Guðrún, en Elín dóttir. Guðmundur bóndi tók sótt og andaðist; minnkaði þá Guðrún við sig og byggði þeim manni hálfa jörðina móti sér er Jón hét. Margrét hét kona hans. Þegar saga þessi gjörðist var Bjarni sýslumaður á Þingeyrum, en Stefán prestur að Höskuldarstöðum. Guðmundur hét kaupmaður sunnlenzkur; hann réðist til Guðrúnar ekkju. Hann var dimmleitur maður og íbúðarmikill; ekki bar samt á skapbresti hans.

Einn teigur var sá í engjunum á Torfalæk er eigi var skipt og skyldi sitt hafa hvort sumar, Jón og Guðrún. Nú átti Jón að hafa teiginn. Einn morgun kemur Jón snemma út; sér hann þá að sleginn er teigurinn. Hann lét sem hann sæi það eigi. Nú var heyið á teiginum þurrkað og sætt. En er Guðmundur vildi heim reiða heyið þá var það horfið. Hafði Jón bundið það um nóttina og hirt. Guðmundur talaði þá fast eftir heyinu við Jón, en Jón kvað það sína eign verið hafa og kvað hann aldrei skyldu af hafa. Guðmundur varð stórreiður og heitaðist við Jón og sagði að svo skyldi hann til ætla að þá er þeir fyndust einhvern tíma mundi hann nokkur gjöld fá fyrir tiltækið um heytökuna. Leið nú svo fram sumarið. En er á leið sumarið fór Jón út í kaupstað. Guðmundur fór eftir honum um kvöldið. en er hann kom heim aftur um morguninn þá var Jón eigi heim kominn. Var hann þá spurður eftir Jóni, en hann kvaðst hann eigi fundið hafa og ekkert um hann vita. Litlu síðar fréttist lát Jóns. Fannst hann dauður fyrir innan Hafstaðaá við sjó fram undir klöpp einni. Sást það að hann mundi af mannvöldum dáið hafa. Margir dróttuðu þessu að Guðmundi, en eigi varð hann uppvís að því og lagðist málið niður.

Guðmundur hafði átt Elíni dóttur Guðrúnar og flytur hann nú bú sitt að Köldukinn. Hann átti fimm börn. Synir hans voru: Ísleifur, Magnús og Jón, en dætur Guðrún og Gróa. Einn dag sat Jón yfir lömbum í hólum þeim er eru fyrir sunnan bæ í Köldukinn. Hann kom eigi heim þá er hans þótti von. Fór þá faðir hans um kvöldið af stað að leita hans og fann hann, þar sem hann lá og spyrndi frá sér höndum og fótum, barðist um og féll froða og blóð af vitum hans. Guðmundur bar hann heim og bráði þá af honum. Um sumarið fór hann út í kaupstað. En þegar hann kom að Hafstaðaá stöðvaði hann hestinn við ána og vildi eigi út í, en hesturinn vildi áfram og gekk fram í ána. Jón rak þá upp hljóð undarlegt; litu þá samferðamenn hans aftur því hann reið þeirra síðastur. Sáu þeir þá að Jón féll niður af hestinum í ána og er þeir komu að var hann dauður. Guðmundur flutti sig enn búferlum og að Syðrahóli. Þar bjó hann fimmtán ár. Magnús sonur hans var þar hjá honum. Hann réri um sumarið við og við og gekk heiman að á morgnana, en heim á kvöldin; það er eigi alllangur vegur. Eitt kvöld kom hann eigi heim sem hann var vanur. Faðir hans fór þá af stað og leitaði hans og fann hann á melunum við Laxá. Lá hann þar og var dauður og blár sem hel.

Ísleifur sonur Guðmundur átti Guðrúnu er seinna átti Jóhannes bóndi á Breiðavaði. Hans synir voru Ísleifur og Jónas er nú býr á Breiðavaði (1848). Ísleifur bjó á Hóli. Hann fannst einn sunnudagsmorgun undir brekku þeirri er Langabrekka heitir og er fyrir innan Höskuldarstaði og liggur hjá alfaravegi. Ísleifur var þar dauður og héldu menn að hann hefði dáið úr flogi. Gróa dóttir Guðmundar dó voveiflega á Beinakeldur, en Guðrún varð vitlaus við Höskuldsstaðakirkju. Er það trú manna að Jón hafi aftur gengið og ollað þessum óförum er börn Guðmundar urðu fyrir. Það segja menn og að einhverju sinni hafi konu Jóns Margréti dreymt það að Jón kom til hennar og sagði: "Guðmundur fær gjöld í öðrum heimi, en börn hans í þessum."
Heimildir: Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I, 290-291

HV-232 Skinnastaðir

20 hdr 1706, Þingeyrarklausturseign. Tvíbýli frá 1952. Landnám ríkisins á Skinnastaði I sem hafði verið í eyði og er landið leigt út til bænda í hreppnum. 1840: "Landið uppblásið, magurt og heyskaparlítið. Mikið lakari en meðaljörð." SSH, 67. 1920: Tún 4,6 ha, 1/2 slétt. "Niður og suður frá bænum er flói mikill, sem nú er smám saman að breytast í tún. Annars eru melar og lyngmóar mjög áberandi niður með öllum Torfalæk." Húnaþing II, 275

HV-232:001 *Skinnastaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-232:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-232:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-232:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-232:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-232:006 varða landamerki
"Merki að austanverðu frá grjótvörðu við Rauðalækjarós, þar sem hann fellur í Hælslæk." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skinnastaðir, 1

HV-233 Akur

30 hdr 1706. Þingeyrarklausturseign. Bænhús var á jörðunni. 1368 jörðin nefnd í bréfi. DI III, 247. 1382: Klaustrið kaupir Akra. DI III, 361. 1486: Jörðin nefnd í bænhúsakrá. DI V, 354. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Í örnefnaskrá segir að Akur sé byggður úr landi Stóru-Giljár. Ö-Akur, 1. 1706: "Túninu grandar sandfjúk af norðanáttar stórviðrum. Engjatak á jörðin ekkert í heimalandi ..." JÁM VIII, 309 1840: "landlítið, ennotakott. Heyskapur er nokkurn veginn og notagóður." SSH, 67. 1920: Tún 6,1 ha, 8/9 slétt, garðar 160m2. "Túnið næst bænum er að mestu ræktað á mel, en suður með vatninu tekur við mikill flói, sem nú er tekið að rækta." Húnaþing II, 269

HV-233:001 *Akur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-233:002 heimild um bænhús
AKUR Í ÞINGI (ÞINGEYRAÞING) (AH) ? BÆNHÚS
1486: er uppi DI V 354

HV-233:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-233:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-233:005 *Ytravað* heimild um vað
"Norður með Húnavatni skammt fyrir norðan Akurshorn er tangi sem Vaðtangi heitir og dregur nafn sitt af reiðvaði, sem þar er yfir Húnavatn." segir í örnefnaskrá "Ytravað yfir Húnavatn. Áður var annað vað,

Framravað,á vatninu rétt fyrir utan Þingeyrartún. Það er nú aflagt." segir í örnefnaskrá BB
Heimildir: Ö-Akur, 2; Ö-Akur BB, 2

HV-233:006 *Fremravað* heimild um vað
"Ytravað yfir Húnavatn. Áðu var annað vað, Fremravað,á vatninu rétt fyrir utan Þingeyrartún. Það er nú aflagt." segir í örnefnaskrá BB
Heimildir: Ö-Akur BB, 2

HV-233:007 heimild um mógrafir
"Mógil, leirdrag sem sker móatorfuna austan við Stekkjargrund alllangt til norðausturs. Mór var tekinn upp í norðvestursh orni Akursflóa rétt sunnan við Mógil og fluttur þaðan til þerris á Stekkjargrund." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Akur BB, 1

HV-233:008 *Stekkjargrund* örnefni stekkur
"Stekkjargrund, vestan við norðvesturhorn Húnavatns." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Akur BB, 1

HV-233:009 *Vörðuhólar* örnefni
"Vörðuhólar. Þar eru Akurshólar hæstir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Akur BB, 3

HV-233:010 *Stekkjarhöfði* örnefni stekkur
"Stekkjarsund, sunnan við Langamel. Stekkjarhöfði, sunnan við Stekkjarsund." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Akur BB, 3

HV-234 Stóra-Giljá

30 hdr 1706, 40 hdr með Beinakeldu. Þingeyrarklausturseign. Bænhús var á jörðinni. Jarðarinnar getið í Sturlungu og Vatnsdælu. ÍF VIII, 124, Sturlunga saga II, 35. 1339 á Þingeyrarklaustur allan Giljárreka. DI II, 727-728. 1353: "[Ormur biskup úrkurðar að] aff þui ad herra Asgrimur abote ad þingeyrum heffur keipt wnder stadinn til æffenlegrar eignar jord er heiter Gilä og huor er stadnum hardla hentlig til afftekta og laugligrar eignar. þui vilium vier stadnum til näda og oendanligs frelsis wrtaka alla kiennemans skylld sagdre jordu æffenlega hiedanaff. suo at þar skal einge kirkiu iskylld vera ..." DI III, 72. 1359: Jón biskup skalli staðfestir bréf Orms biskups frá 9.3.1353; DI III, 132. 1384 fellur erfingi frá ákalli í hluta Giljár og Beinakeldu sem gefnar höfðu verið klaustrinu. DI III, 374. 1486: Jarðarinnar getið. DI V, 354 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Búið var í nokkrum seljum á Sauðadal. Jörðin á 7/16 af Sauðadal, en átti áður allan dalinn.

1706: "Sandfjúk af melum spilla túninu, og hið sama gjörir áin, um þann reit, sem hún fellur við. Ekki er enginu óhætt fyrir áhlaupum." JÁM VIII, 306 1840: "Landmikil, á góða selstöðu og heyskapur góður." SSH, 67. 1920: Tún 6,9 ha, 5/6 slétt, garðar 626m2. "Neðantil er landið votlent, en hið efra eru ásar og lyngi vaxnir móar." Húnaþing II, 268

HV-234:001 *Stóra-Giljá* bæjarhóll bústaður

HV-234:002 heimild um bænhús
1706: "Hjer hefur til forna bænhús verið og stóð húsð í voru minni. Enginn minnist hjer hafi tíðir fluttar verið."
GILJÁ Í ÞINGI (ÞINGEYRAÞING) (AH) ? HÁLFKIRKJA
9.3.1353: [Ormur biskup úrkurðar að] aff þui ad herra Asgrimur abote ad þingeyrum heffur keipt wnder stadinn til æffenlegrar eignar jord er heiter Gilä og huor er stadnum hardla hentlig til afftekta og laugligrar eignar. þui vilium vier stadnum til näda og oendanligs frelsis wrtaka alla kiennemans skylld sagdre jordu æffenlega hiedanaff. suo at þar skal einge kirkiu iskylld vera ... DI III 72
31.1.1359: Jón biskup skalli staðfestir bréf Orms biskups frá 9.3.1353; DI III 132

bænhús hefur þó staðið fram á 17. öld; (PP, 225)
1486: er niðri DI V 354
ATH Árb. 1892: 120
Heimildir: JÁM VIII, 304; DI

HV-234:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-234:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-234:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-234:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-234:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-234:008 *Nautafjós* heimild um fjós
"Fjósvöllur: hluti af túninu þar sem vegurinn er nú. Nautafjós: á Fjósvelli." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá og Beinkelda, 1

HV-234:009 *Kvíaból* örnefni kvíar
"Svunta. hóll efst á Fjósvelli. Kvíaból: ofan við Svuntu. Þar er nú hesthús." segir í örnefnaskrá Í svörum við spurningum segir að ekki sjáist neinar tóftir eftir kvíar eða stekki á Kvíabóli.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá og Beinkelda, 1; Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 2

HV-234:010 heimild um hesthús
"Svunta. hóll efst á Fjósvelli. Kvíaból: ofan við Svuntu. Þar er nú hesthús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá og Beinkelda, 1

HV-234:011 heimild um myllu
"Kvarnarhvammur: neðsti hvammurinn í gilinu. Þar var vatnsmylla." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá og Beinkelda, 1

HV-234:012 heimild um fjárhús
"Húsahóll: Þar sem gömlu fjárhúsin standa." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá og Beinkelda, 1

HV-234:013 *Guðrúnarhús* heimild um fjárhús
"Guðrúnarhús: fjárhús, nú kölluð Lambhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá og Beinkelda, 1

HV-234:014 heimild um rétt
"Réttarhvammur. í gilinu [?] nokkru ofar. Þar var áður réttað fé af Sauðadal." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá og Beinkelda, 3

HV-234:015 *Steinbogi* heimild um brú
"Skessuhvammur: Þar sem skessa stendur. Þar var steinbrú, er Steinbogi hét, yfir ána, þar til fyrir 30-40 árum." segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Stóra-Giljá og Beinkelda, 3

HV-234:016 *Gatnamót* örnefni leið
"Gatnamótahvammur, við gatnamót." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá og Beinkelda, 3

HV-234:017 *Reiðhólar* heimild um áfangastað
"Reiðhólar eru frá fornu fari á leið þeirra, sem riðu hina fornu Reykjanesbraut [019], og var þar góður áningarstaður." segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 10

HV-234:018 *Reykjabraut hin forna* heimild um leið
"Reykjabraut hin forna lá um Norðlingahvamm og Húsadal, þaðan um Kammerráðspytt og austur sunnan við Reykjatún." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá og Beinkelda, 5

HV-234:019 heimild um beitarhús
"Beitarhús: beitarhús frá Giljá. Þar er nú talsvert stórt tún, áfast við Beinakeldutún." segir í örnefnaskrá
Beitarhús voru notuð árið 1840.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá og Beinkelda, 4; SSH, 68

HV-234:020 *Gullsteinn* sögustaður
"Þar bjó Koðrán, faðir Þorvalds víðförla, er fyrstur boðaði kristna trú á Íslandi. Norður frá bænum er stór steinn, Gullsteinn, í brekku rétt ofan við veginn, og segja munnmælin, að Koðrán hafi blótað steininn en Friðrik biskup síðan vígt hann."

FF: "Stórir Steinar edur klettar etc: heiri eg eingann mefn(d)an í þessu Pátzi (:því eitt svokallad Grettirstal umm Sókna Mótinn, er í Hniúkslandi, og í Undirfells Sókn:) nema vid Landa Merkinn, millumm Stóru Gilár og Kotsins Kringlu, stendur uppá háum Mel stór steinn, hérumm 4 fadmar ummmáls og vel hálvannar Gadmur á Hæd, sem kallast Gullsteinn, nockrir segia ad undir hönum muni Gull vera fólgid, adrir segia ad i Heidni hafi bóndinn á Gilá trúad á Steinbúann, sem burt hafi flutt sig úr Steininum fokreidur þá Bóndinn tók Christni."

"Stóra-Giljá. Bær, oft aðeins nefndur Giljá, er stendur á nyðri bakka samnefndrar ár sem á upptök sín í Sauðadal, milli Svínadals og vatnsdalsfjalla. Frá Stóru-Giljá var fyrsti kristniboðinn á Íslandi. Þorvaldur Koðránsson, kallaður víðförli. Þorvaldur ferðaðist um landið með Friðreki biskup hinum saxlenska, nokkru fyrir árið 1000, og boðaði kristna trú. Lítt varð þeim ágengt með kristniboðið og fóru þeir síðan utan. Segir í þætti Þorvalds að hann færi allt út í Miklagarð og hlyti virðingu mikla og völd af keisara. Er sagt að hann léti gera klaustur í Garðaríki og andaðist þar. Norðan við túnið á Stóru-Giljá og skammt frá þjóðveginum stendur stakur steinn allmikill úr jörðu. Heitir hann Gullsteinn. Sagt er að Koðrán, faðir Þorvalds víðförla, hafi haft átrúnað á steininum og ekki viljað láta skírast af syni sínum því að hann hafi haldið að þá myndi verndarvættur sinn sem bjó í steininum, reiðast sér. En Friðrekur biskup fór þá að steininum og söng yfir honum þar til að hann sprakk. Þá lét Koðrán skírast."
Heimildir: FF, 463; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 172-73; Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson, Landið þitt Ísland IV, 183

HV-234:021 varða
"Einbúi er einstakur, strýtulaga hóll, sem er umkringdur mýrarflóum á alla kanta. Efst á honum er grjóthrúga (varða)." segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 1

HV-234:022 heimild um stekk
"... víða má sjá fyrir stekkjarbrotum, og er það mest lengra frá, upp með ánni, í hvömmum, svo sem í Norðlingahvammi, Réttarhvammi og víðar." segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 2

HV-234:023 heimild um stekk
"... víða má sjá fyrir stekkjarbrotum, og er það mest lengra frá, upp með ánni, í hvömmum, svo sem í Norðlingahvammi, Réttarhvammi og víðar." segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 2

HV-234:024 heimild um áveitu
"Allt þetta land var slegið og hét Eyri, Fífueyri, Partar og Flói. Það sem svo var kallað engjar ... Þetta eru stórar og mikið sléttar engjar, sem ánni var veitt yfir á vetrum og mest á vorin með stíflum í ánni og görðum og áveituskurðum víða um engið." segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 3

HV-234:025 *Stokkur* heimild um áveitu
"Stokkur = Stokkaskurður er áveituskurður, sem liggur í krókum norður engið, þar sem hæst ber, á milli Efra- og Neðraness." "Hann liggur frá stíflu í ánni, sem var gerð með steyptum stöplum sitt hvoru megin, og í botninum var sver rekadrumbur þvert yfir, en stórgrýti sett ofan og neðan við, svo vatn hlypi ekki undir drumbinn. Síðan var rennt plönkum í, og þá hækkaði í ánni, svo að vatnið náði að renna í Stokkaskurðinn, en úr honum var vatninu hleypt yfir engið hér og hvar, svo það fengi flóð sem víðast." segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 3

HV-234:026 *Stóriskurður* heimild um áveitu
"Stóriskurður, hann er efsti hlutinn af Krókasíkinu, en þar rann Giljáin til forna í Húnavatn, en var síðar stífluð og henni veitt norður í stefnu á Akur til að nýta hana betur til áveitunnar. Þetta mun hafa verið gert rétt fyrir aldamótin síðustu [1900]." segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 3

HV-234:027 heimild um mógrafir
"Mómýri [Neðan við Beinkeldutún]. Þar var var mótekja frá Giljá " segir í svörum við spurningum. "Mér er ekki kunnugt um, hve djúpur mórinn var, en hygg að hann hafi verið 7-8 stungur. Mórinn var góður, bæði þar og á Beinakeldu. Mótekju lauk á Giljá árið 1929, en á Beinakeldu var hætt að taka upp mó árið 1952." segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 4

HV-234:028 heimild
"Ranafoss, við hann var byggð rafstöð árið 1930. ... Hann er neðst í Norðlingahvammi." segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 5

HV-234:029 varða
Sjá uppdrátt.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 8

HV-234:030 varða
"Eiturhóll er strýtumyndaður með vörðubroti efst, austan við Skertluflóa. Þar var oft borið út eitur fyrir refi á vetrum." segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 9

HV-234b Stóra-Giljá [Sauðadalur]
"Sauðadalur var í fyrstu allur í eigu Stóru-Giljár, en Beinakelda er gömul hjáleiga frá Giljá 1/4 úr heimalandinu. Skafasen læknir í Hnausum kaupir á öldinni sem leið heimalandið, sem tilherði Beinakeldu, og leigði síðan jörðina, en seldi hana aftur eigendum Giljár í makaskiptum, þannig að 1/2 Sauðadalur, sem tilheyrði áður Beinakeldu, féll nú til Hnausa. Sauðadalur er því eign 3ja jarða, Hnausar eiga 50%, Stóra-Giljá 46%, Öxl 4%, af því landi,sem er sunnan beinnar línu frá Hjálpargili í

Hrútaskálarkletta, sem eru austanvert í Mjóadal." Ástæða þess að Öxl á 4% er að Guðrún Jónsdóttir sem átti 1/8 af Giljá seldi sinn hlut, flutti að Öxl en tók hlut sinn í Sauðadal með sér. Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 1, 5

HV-234b:001 *Márstaðasel* heimild um sel
1713: "Selstöðu á Sauðadal, þar sem heitir Márstaðasel og Márstaðalækur, hún hefur um lángan tíma ekki brúkuð verið, og er yfir máta lángt og erfitt að sækja." "Vestan við ána, austur af Nautaþúfu, var Másstaðasel." segir í Húnaþingi
Heimildir: JÁM VIII, 263; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 308

HV-234b:002 heimild um sel
Hjaltabakki átti selstöðu í Sauðadal 1706.
Heimildir: JÁM VIII, 314

HV-234b:003 *Akursel* heimild um sel
1706: "Selstöðu á jörðin í Sauðadal, að allra gamalla manna sögn, þar sem enn í dag heitir Akursel, og sjást glöggvar seltóftir."
Heimildir: JÁM VIII, 308

HV-234b:004 *Giljársel* bæjarstæði býli/sel
1706: "Selstöðu fyrir sjálfan sig [Stóru-Giljá] , geldfjárgáng allan um sumur og hrossa og nauta beit hefur jörðin átölulaust á Sauðadal." "Giljársel er fram á Sauðadal, og var það frá Stóru-Giljá og notað um 1880. Það sel reisti Erlendur Eysteinsson, sem bjó á Stóru-Giljá og síðar á Beinakeldu." segir í svörum við spurningum.

SSH: "Þessir bæir eiga selstöður og brúka: Þingeyrar fram undir Víðidalsfjalli. Stóragiljá fram á Sauðadal. Frá þessum bæjum er verið í seli frá fráfærum til gangna. Fleiri bæjum er að sönnu eignaðar selstöður, sem ekki eru brúkaðar .. Hnausar áttu og selstöðu á Sauðadal, í Hnausaseli. Að minnsta kosti var þar mikill seljabúskapur í Tíð Skaptasens læknis." "Nokkru framar, eða austur af Jörundarfelli, var Giljársel. Þar munu menn hafa hírst á vetrum um nokkurt skeið, en þó varla lengi samfellt ... Selið komst í eigu Stóru-Giljár, og hefur haldist svo, en sagnir herma að þær nytjar hafi áður fylgt Reykjum."
Heimildir: JÁM VIII, 305; Ö-Stóra-Giljá svör viðsp, 7; SSH, 67; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 308

HV-234b:005 heimild um sel
1706: "Það eru munnmæli, að þessi jörð [Kringla] eigi selstöðu á Sauðadal í Giljaárlandi, en Giljaá aftur mánaðarbeit um vetur og sex vikna beit um sumar."
Heimildir: JÁM VIII, 307

HV-234b:006 *Gamla-Reykjabraut* heimild um leið
"En ofan við Neshvamminn tekur þriðja gilið við og heitir Tæpugötugil og dregur nafn sitt af götu, Reykjabraut, sem er á blábrún gilsins." segir í svörum við spurningum. Þar segir einnig að Gamla-Reykjabraut sé sú sem er við Tæpugötur.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 6, 8

HV-234b:007 *Sauðadalsvegur* heimild um leið
"... þar tekur við stutt gil, sem ég hef oftast nefnt Efstagil, og nær það að Hvannarótarhvammi, sem endar við bratta skriðu og háa, sem er ofan að ánni og heitir Háibakki. Þar liggur Sauðadalsvegur á bakkanum ..." segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 6

HV-234b:008 *Hnausasel* heimild um sel
SSH: "Þessir bæir eiga selstöður og brúka: Þingeyrar fram undir Víðidalsfjalli. Stóragiljá fram á Sauðadal. Frá þessum bæjum er verið í seli frá fráfærum til gangna. Fleiri bæjum er að sönnu eignaðar selstöður, sem ekki eru brúkaðar ... Hnausar áttu og selstöðu á Sauðadal, í Hnausaseli. Að minnsta kosti var þar

mikill seljabúskapur í Tíð Skaptasens læknis." "Gíslahlíð nefnist grasi gróinn hluti fjallshlíðarinnar að austanverði á dalnum. Neðarlega í henni er Hnausasel. ... Selið var notað fram yfir síðustu aldamót. Það hafði verið flutt, og stóð þar áður nokkru framar, við svonefndan Svartaskurð."
Heimildir: SSH, 67, Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 308

HV-234b:009 *Hnausasel* heimild um sel
"Gíslahlíð nefnist grasi gróinn hluti fjallshlíðarinnar að austanverði á dalnum. Neðarlega í henni er Hnausasel. ... Selið var notað fram yfir síðustu aldamót. Það hafði verið flutt, og stóð þar áður nokkru framar, við svonefndan Svartaskurð."
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 308

HV-234b:010 *Orrastaðasel* heimild um sel
"Orrastaðahvammur: efstur af Hvömmunum. Þar var fyrrum sel frá Orrastöðum." segir í örnefnaskrá Í svörum við spurningum segir að ekki sé vitað hvenær var hætt að hafa þar í seli, aðeins sé vitað að þetta sé mjög gamalt sel. "Orrastaðasel er af sumum talað hafa verið nokkru ofar, eða miðja vegu milli Brunnár og Mjóadalsár, nálægt svokölluðum Orrastaðahvammi." segir í Húnaþingi
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá og Beinkelda, 4; Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 7; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 308

HV-234b:011 *Geirstóftir* heimild um sel
"Geirstóftir. tóftarbrot við Brunná þar sem götur liggja yfir ána fram á Sauðadal." segir í örnefnaskrá í svörum við spurningum segir að Geirstóftir sé gamalt sel og einnig að þar hafi verið stekkur sem Geir nokkur frá Reykjum hafi átt. "Austan árinnar, norðan við ármótin við Brunná, eru Geirstóftir." segir í Húnaþingi
Heimildir: Ö-Stóra-Giljá og Beinkelda, 5; Ö-Stóra-Giljá svör við sp, 7, 9; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 308

HV-234b:012 *Mjóadalssel* heimild um sel
"Upp í Mjóadalsmynninu að sunnan var Mjóadalssel, öðru nafni Reykjasel. Það mun hafa verið notað langt fram á síðustu öld." segir í Húnaþingi
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 308

HV-234b:013 *Holtssel* heimild um sel
"Flóinn sunnan við selið [004] var nefndur eftir því, og sunnan hans var Holtssel." segir í Húnaþingi
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 308

HV-234b:014 *Lambastaðir* heimild um sel
"Lambastaðir, gamalt sel frá Giljá, voru austan ár, gengt Böðlaklettum í Vatnsdalsfjalli." 'segir í Húnaþingi "Þar þótti best málnytuland í dalnum og er eftirfarandi þjóðsaga til marks um það: Áður var selstaðan á vestanverðum Sauðadal, og þótti þar svo landgott að rjómaskánin ofan á torfinu hélt skeifu. Þó væri enn landbetra á Lambastöðum, sem kom í ljós eftir að selstaðan hafði verið flutt þangað, því að þar hélt skánin skaflaskeifu."
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 308

HV-234b:015 tóft sel
"Örnefnið Seljárdalur, að vestanverðu á Sauðadal, bendir til þess að þar hafi verið eitt selið enn, enda mótar þar fyrir rústum, í dalsmynninu norðan við ána."
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 308

HV-681 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Torfalækjarhreppi

HV-681:001 heimild um leið
"Svo var lestavegurinn, en hann var mikið ofar, og bar þess merki að hafa verið mikið farinn, margar

samhliða götur. Maður sá fyrir vegunum upp með Hnjúkatjörninni að norðan og alla leið að Hrafnseyrarvaði við Blöndu. Það hét Reiðmannaklauf í gengum melana austan við Hnjúkatjörnina. Þessi vegur er frá landnámstíð. ... Þessi vegur lá alla leið neðan frá Húnsstaðahorni. Vaðið var þar á Laxá - lestavaðið - og svo var farið upp með ánni að norðan, rétt upp fyrir gömlu brúna. Þar sveigði vegurinn norður um Hjaltabakkatún, og svo austur um svokallaðan Reiðhól upp við Laxá, þar sem nú er veiðimannakofi austan í melnum. Þessi leið lá vestan yfir Húnavatn og Bjargós ..."
Heimildir: GG: "Örnefni við Blönduós" Húnavaka 1980, 78-79

HV-681:002 heimild um leið
"Upp frá fyrrnefndu Lestarvaði [HV-227:006] liggja gamlar reiðgötur norður Flatir sem svo voru kallaðar og út með öllum sjó fyrir ofan nokkrar víkur og alla leið að merkjagili milli Hjaltabakka og Blönduós, Draugagili. Fyrsta víkin er Dellivík og stutt er í næstu vík Bæjarvík, þá tekur við nokkru norðar klettabelti sem nær í sjó fram, Bæjarklettar. Talsvert lengra er stór og djúp vík, Skollavík og frá henni er stutt í næstu vík, Svörtuvík. Taka þá við ávalar hæðir með stórum hrísmóum inn á milli sem ná að Draugagili, Hausingar. Er þá greiðfarin leið eftir melum til Blönduóss. Þessi leið mun hafa verið farin að sumri til af íbúðum bæði í Þingi og Vatnsdal í verslunarerindum áður en þjóðvegur var lagður norður í land." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki JÞ, 2

HV-681:003 *Sleðabraut* heimild um leið
"Að vetri til var önnur leið [en 002] farin til Blönduóss yfir Lestavað. Lá hún í norður frá Húnsstaðabænum, bein braut í norðnorðaustur út allan Hjaltabakkaflóa." segir í örnefnaskrá "Var braut þessi þannig gerð að þúfur voru ristar af og kastað til beggja hliða út fyrir breidd brautarinnar sem var vel fyrir hest og sleða enda kölluð Sleðabraut." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hjaltabakki JÞ, 2

HV-681:004 heimild um leið
"Upp á Breiðás eru aðrar götur [en HV-231:010], sem liggja út að Jarðbrúarlæk, fyrir hann og svo út á Blönduós. Í hina áttina liggja þær svo suðaustur yfir Breiðás og holtin austur af honum upp að Meðalheimi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Torfalækur, 3-4

HV-681:005 heimild um leið
Kirkjugata var frá Skinnastöðum HV-242 að Þingeyrum og lá hún m.a. um land Akurs.
Heimildir: Ö-Akur, 3

6.4. Fornleifar í Svínavatnshreppi

HV-235 Auðkúla

Jarðadýrleiki óviss 1706. Kirkjustaður. Landnámsjörð Eyvindar Auðkúlu. ÍF I, 223. Jarðarinnar er getið í Sturlungu. Sturlunga saga I, 161. 1318: “Kyrckia hins heilaga Johannis Baptistæ a audkulustodum ä land j sliettadal. ... Tyund. heytollur oc lysistollur af. viij. Bæium.” DI II, 474. 1344: “aa allan reka a hafa mel oc land j slettadal ...” DI IV, 10. [1360/89]: “Kyrckia hins heilaga Johannis Baptistæ a audkwlustodum ä land j sliettärdal.” DI III, 160. 1363: Testamenti Benedikts Kolbeinssonar. DI III, 186. 1394: “hun ä land j sliettadal. reka allann ä häfamol. halfua saudahofn j Bolstadahlijd. ... heytollur og lysistollur af. viij. Bæium.” DI III 542-543. [1429]: [1] prestr; DI IV, 382. 1432: “... tækr hon hæima tiundh heytolla oc lysætolla af viij bæium ero sex af þeim nu bygðar ... kirkian a tio hundrada j jord er heiter litla daal er stændr j slættadal læigdh vm tolf aar firir x aura a huerio aræ æn ath forno var hon bygdh firir hundrat. oll læiga af sagdræ jordu vm greindh tolf aar vi hundrot.” DI IV, 512. 1461: Máldagi kirkjunnar DI V, 351-352. [1461]: 2 prestar og 1 djákn DI V, 361. 1486: Auðkúluþingum fylgja 6 bænhús DI V, 353.

1706 er Litli-Dalur afbýli. Búð var í nokkrum seljum á afréttt Auðkúlu. Landnám ríkisins á jörðina og hafa verið stofnuð þar þrjú nýbýli Aðkúla I-III 1706: “Engjum staðarins spillir Svínadalsá merkilega.” JÁM VIII, 333 “Gott tún, minni útheyskapur, beit góð á vetrum.” SSH, 92.

HV-235:001 *Auðkúla* bæjarhóll bústaður
“Bærinn á Auðkúlu stóð, og stendur enn, í miðju túni, sem var talið stórt tún á þeim túmum ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla LS, 1

HV-235:002 heimild um kirkju
“Skammt norðaustur af bænum var gömlu torfkirkja í miðjum kirkjgarðu (nú fyrir sunnan bæ).” segir í örnefnaskrá
AUÐKÚLA Í SVÍNADAL (AH) ?Jóni babtista
1318: LXXVIII. Kyrckia a audkulu
Kyrckia hins heilaga Johannis Baptistæ a audkulustodum ä land j sliettadal.
messuklædi. iij. sloppur. kantara kapur. ij. alltarisklædi. iiij. dvkar. ij. blämerckter. kaleyk. Tiolld vm alla kyrckiu. ferskeptu tiolld. iij. kross medur. iij. lykneskium. forn kross. j. lykneski Sacriæ. annad Elizabeth. þridia Andrieslykneski. Mariuskript. Jons lykneski Baptistæ. Glodarkier. kluckur v. Glergluggar. viij. fontz vmbunadur. jarnstykur. ij. Biarnfell. ij. sylfurhyrdsla lytil er geymt er j corpus christi. messubækur. ij. fornar. ottu songua Bækur. iiij. fornar per anni circulum. nema commune sufragium.
Allan Reka ä ä häfa mel.
Tyund. heytollur oc lysistollur af. viij. Bæium.
Dedicatio Ecclesiæ. ij. nottum eptir Dyonisius messu.
Tali anno kyrkiu Tyund. medur heima tyund. v. hundrad. vno anno. cccc.
Tabula sæmiligt er Benedicht gaf.
Raudt sylkimercki. vatzkietill. sylfurkross med helgum domum. Ompull. tuo fotaklædi. lyka kross.
Máld DI II 474
1344: aa allan reka a hafa mel oc land j slettadal; Registur Egils DI IV 10
[1360?89]: ix. Audkwlu kyrckia.
Kyrckia hins heilaga Johannis Baptistæ a audkwlustodum ä land j sliettärdal.
Messuklædi þrenn. sloppur. kanntara käpur. iij. alltarisklædi. iij. dvkar. iij. Blamerckter. kaleyk. tiolld vm alla kyrckiu. ferskieptur. iij. krossar. ij. med vnderstodum. Gylltur kross. þridie lyka kross. Mariu skriptt. lykneskie Johannis Baptistæ. Zachariæ og Elizabeth. andries lykneske. hofud johannis. Glodarkier. kluckur. iiij. Glergluggar. xj. Eitt Biarnfelli. fontz vmbvnadur med fonte. jarnstykur. ij. sylfur hirdsla lytil er geymist j corpus christi. Aspiciens Bok fra jola fostu til paska allar j tueymur Bokum.

Lesbækur per annum. Jons saga Baptistæ. se sanctis Bok a sumarid med dominicum. iiij. skrär fänytar. sylke mercke og annad med sæi. sylffur kross med helgum domum. Ompull. vaxkietill. ij. Tabula. ij. fota klædi. kiertta styka j þrem hlutum. spiolld. ij.

allann reka ä hafuo mol. halfa saudhofnn j Bolstadar hlyd. asaudar kugilldi. kyr. jc. voru. Máld DI III 160

22.2.1363: Testamenti Benedikts Kolbeinssonar; aull þau ornamenta sem ek hefer lagt til kirkiunnar aa kulu edr mardargnupi ... þa skal þat kirknanna eign at frialsu æfinliga; DI III 186

1394: xxxiv. Audkulu kyrckia

Kyrckia ä audkulustodum er helgud med Gudi hinum heilaga Johanni Baptistæ.

hun ä land j sliettadal. reka allann ä häfamol. halfua saudahofn j Bolstadahlijd.

þetta jnnann kyrckiu. messuklædi þrenn. kantara käpur. iij alltrisklædi. iij. dvkar. iij. Blämerckter. kaleykur. Yiolld. ij. vm framkyrckiu. Enn. iij. vm kor. fontar med Bvnadi. mercki. ij. krossar. ij. med vnderstodum. þridie fontkross. sylfurkross med helgum domum. corporalia. ij. mariu lijkneski. Johannis lijkneski Baptistæ. Zachariæ. Elizabeth. og andræs lijkneske. Tabulæ. ij. spiolld. iij. sprangadvkur a alltari mariu lijkneski lijtid med alabastrum. koparstykur þriar gillttar. og ein ogyllt ä alltari. Guds lijkama hvs med sylfur. almarium fast. formar. iij. og lecktari. paska kiertistyka. Nicholaus lijkneski og Päls lijkneski. kola og jarnskip. ij. sacrarij munnlaug.

þetta j Bokum. lesbækur per Annum de sanctis et de tempore. saungbækur. ij. de sanctis per Annum. saungbækur tuær de tempore per Annum. HymnaBok god. Lesbok gomul ä vetur. psalltare forn. Jons saga Baptistæ sæmilig. kluckur fiorar og Bialla brotinn. Glergluggur. xj. Bialla lijtil. og kiertakloffui. Glodarkier oc Elldberi. og einn forn psalltari. þar er prestz skylld. tekur hann heima j leygu halfu fimtu mork. Enn vtann gardz. iij. merckur. heytollur og lysistollur af. viij. Bæium. Dedicatio Ecclesiæ tueym nottum efftter dionisiusmessu. kyrckiu tijundar hluti ä þui ari. hundrad og halfur attunde Eyrer.

Jtem reycknadist j portionem Ecclesiæ. vm þriu ar sijdann sijra halldor tok reykning fiogur hundrad voru. Máld DI III 542?543

[1429]: [1] prestr; DI IV 382

17.8.1432: Ecclesia ... dedicata tueim nottom efter dionisiusmesso.

tækr hon hæima tiundh heytolla oc lysætolla af viij bæium ero sex af þeim nu bygðar

Porcio nu vm næstu fiogur ar aa huerio aræ halfr sæxtanda Eyrer oc xij alnom bætr.

En vm atta aar þar firir halft annat hundrat a huerio aræ.

Summa vm greindh xij aar af ollo saman .xv. hundrot oc ij aurar bætur.

kirkian a tio hundrada j jord er heiter litla daal er stændr j slættadal læigdh vm tolf aar firir x aura a huerio aræ æn ath forno var hon bygdh firir hundrat. oll læiga af sagdræ jordu vm greindh tolf aar vi hundrot.

Er suo saman ræiknadh alt sagdt godz æitt hundrat oc tuttugh[u] oc ath auk oræiknat alt gamalt kirkonar godz sæm j gomblu registro stændr.

Jtem tækr prestr j læigu hæima a Culo halfua fimtto mork æn vtan gardz iij merkr; Vísitasíugerð DI IV 512

1461: Máld DI V 351?352

[1461]: 2 prestar og 1 djákn DI V 361

1486: Auðkúluþingum fylgja 6 bænhús DI V 353

1572: Voru suo mykler peningar a stadarbuinu Audkulu þa Bion Gudmundzson af greiddi Gunnari bonda Gijslasyni sem hier Eppter skrifad stendur. Jtem jnnan stockz a Kulu j vondum og godum. j bordhusi trefot xuij. med smam oc storum. vondum oc godum. skierbord xuj med vondum oc godum. tinttur ij. alkanna ein. halfkanna ein. borddukar iij med einum blamerkttum. Bordhandklædi eitt. Tinskal ein. smidajarn. Pundare. Reidsla. altunna ein. tuibytna. altunnur ij einbytnur. halftunnur ij oc þridia lysis hallftunna. Salltsijer eitt. larar ij. annar af þeim med loki. oc þridie lasinn. kista loklaus. stijgi. fiskar v fiordungar. Saudakrof eitt. kyrlær eitt. Malltkuorn ein. stofutialld j. Jtem j buri jardkieraulld iij oc ij uppi. tueggia tunna kieralld eitt. trog xx. . . vppgierdar kieraulld med einu trekttarkieralldi. aull miog lasin. xij fautur. iij heilar. oc fautuskrifl iiij. bordskaler viij. spæner uonder ix. Sijur iij. floti einn. skyrgrindur ij. sijlar med grind. strockar iij med einu hroi. trogahillur iij. bubætar vij.

Jtem j elldhusi vj fiordunga kietill bættur. hitukietill albættur. viij fiordunga kietill. halfs annars fiordungs kietill. einn pottur ny oc undan föturinn. adrer ij pottar. annar heill enn annar j sundur. kietilkrokar einer.

Jtem j skala. biskupssæng med fornu brekans aklædi. hægende oc reckiuvodum samfaustum. Dynur ij

og burt feingin af herra Olafi en þridia. reckiuvoder v. ox siotta j veri. hægendi ij. Munnlaug og vatz handklædi. skalakijsta. badkufar iiij. skellur iiij. Jtem j ämbodum. torfkrokar einer. klifberar v. varrekur ij oc varlaus j. pall. Grasliaer iiij. torfliar j. klara ein. hrifur v. bryni ij. auxi ein. orb ij. reip a iiij hesta. vefstadur alfær. kyrhuder ij. jnnlæst kista j kirkiunne. jarnkall.

J badstofu pallur heill oc bord med bordstolum. hey x fadmar. varpa lasin x fadmar. vatnakiæna. BG, 8 [15]72 A Audkulu til lifs a paschum. kyr ix med þreu[etri] j. asaudur lxiiij. þreu[etrer] sauder og elldri xiiij. tuæu[etrer] xxviij lom j elldum lxvij med tueimur heima. naut þriu tuæuetur. ij veturgomul. hestar ij. hross fullroskin iiiij og j tuæuett.
Heimildir: DI;, BG, 8-9; Ö-Auðkúla LS, 2

HV-235:003 heimild um túngarð
“Frá Kúlunni er hallandi mýri heim að túngarði og heitir Breið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla LS, 1

HV-235:004 heimild um fjós
“Fjárhús stóðu í útjaðri túnsins, og var langt á millum þeirra, 1 og 2 saman auk hesthúsa og fjóss, sem var skammt frá bæ. ... Suður og niður er Fjósvöllur, á honum stóð fjósið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla LS, 1

HV-235:005 heimild um fjárhús
“Vestur af Sólheimavelli, túnaukar, beðsléttur, nefndar Útaukar; þar voru 2 fjárhús, stór, og stór fjárrétt sunnan við þau.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla LS, 2

HV-235:006 heimild um fjárhús
“Vestur af Sólheimavelli, túnaukar, beðsléttur, nefndar Útaukar; þar voru 2 fjárhús, stór, og stór fjárrétt sunnan við þau.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla LS, 2

HV-235:007 heimild um rétt
“Vestur af Sólheimavelli, túnaukar, beðsléttur, nefndar Útaukar; þar voru 2 fjárhús, stór, og stór fjárrétt sunnan við þau.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla LS, 2

HV-235:008 heimild um hesthús
“Austur frá kirkjugarði var Kirkjuvöllur, og þar norður af Kotavöllur; á honum var stórt hesthús, sem dró nafn af vellinum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla LS, 2

HV-235:009 *Ullarhvammur* örnefni þvottastaður
“Út með túninu vestanvert liggur æðilangur melur eða ás, þakinn að mestu lyngi og fjalldrapa; ás þessi nefnist Hrísbrún. Vestan Hrísbrúnar er mýrarsundið fúið og illt yfirferðar. Þar vestan við sundið er Langholt kallað, og hallandi melar og móar vestur og niður að Svínadalsá. Við norðurenda Hrísbrúnar liggur mýrarsund, er nefnist Klauf, til vesturs, en þar fyrir norðan taka aftur með melhryggir lyngi vaxnir. Fyrir vestan mela þessa er allbreiður og stór flói vestur undir Svínadalsá, en vestast í jaðri flóans eru tveir hvammar; syðri hvammurinn nefnist Ullarhvammur, sá norðari Stekkjarhvammur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla LS, 2

HV-235:010 *Stekkjarhvammur* örnefni stekkur
“Út með túninu vestanvert liggur æðilangur melur eða ás, þakinn að mestu lyngi og fjalldrapa; ás þessi nefnist Hrísbrún. Vestan Hrísbrúnar er mýrarsundið fúið og illt yfirferðar. Þar vestan við sundið er Langholt kallað, og hallandi melar og móar vestur og niður að Svínadalsá. Við norðurenda Hrísbrúnar liggur mýrarsund, er nefnist Klauf, til vesturs, en þar fyrir norðan taka aftur með melhryggir lyngi vaxnir. Fyrir vestan mela þessa er allbreiður og stór flói vestur undir Svínadalsá, en vestast í jaðri flóans eru tveir

hvammar; syðri hvammurinn nefnist Ullarhvammur, sá norðari Stekkjarhvammur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla LS, 2

HV-235:011 heimild um stekk
"Frá túni að kallað liggur hallandi holtarani allar götur út og niður að vatninu, og heita þau Vatnsstekkjarholt. Neðst í holtunum var stekkur til forna, og sést glögglega fyrir honum ennþá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla LS, 3

HV-235:012 *Ögmundarhús* heimild um fjárhús
"Háleitur, syðst og austast í túninu, öðru nafni Litlidalsvöllur, sunnan í Háaleiti eru tvö fjárhús, nefnd Ögmundarhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 1

HV-235:013 *Þríhyrningshús* heimild
"Þríhyrningur, vestur frá Háleiti, þar stóðu hús nefnd Þríhyrningshús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 1

HV-235:014 *Gimbrahús* heimild um fjárhús
"Gimbrahús var einstakt fjárhús á miðjum Gaflsvelli." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 1

HV-235:015 *Kúgildishús* heimild um fjárhús
"Kúgildishús 2 fjárhús norðast á Gaflsvelli." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 1

HV-235:016 *Réttarhús* heimild
"Útaukar vestast á Sólheimavelli, kringum Réttarhúsin og norður frá heimreiðargötu að garðlagi, sem liggur út og suður beggja megin heimreiðar sjáanlega gamall túngarður." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 1

HV-235:017 heimild um túngarð
"Útaukar vestast á Sólheimavelli, kringum Réttarhúsin og norður frá heimreiðargötu að garðlagi, sem liggur út og suður beggja megin heimreiðar sjáanlega gamall túngarður." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 1

HV-235:018 *Völvuleiði* örnefni
"Völvuleiði hét þúfa í krikanum neðan við Þríhyrningshólinn, á mörkum milli Háleitis og Þríhyrnings. Þúfa þessi var vaxin óræktargrasi, aldrei mátti slá hana og ekki heldur láta safnast á hana haugur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 1

HV-235:019 *Heimabrunnur* heimild um brunn
"Heimabrunnur mitt á milli íbúðarhúss og hesthúss, sem var norðan undir fjósi. Þessi brunnur var alldjúpt grafinn, hlaðið innan í hann og yfir honum kassi með vindu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 2

HV-235:020 *Fjósbrunnur* heimild um brunn
"Fjósbrunnur, beint inn af fjósdyrum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 2

HV-235:021 lind vatnsból
"Lind, uppspretta við kofa yfir í túnjaðrinum, beint niður undan bænum." segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Auðkúla, 2

HV-235:022 heimild um mógrafir
“Drög mýrarsunds neðst í breiðinni austur við ásinn, austur af Ögmundarhúsum og lítið eitt lengra suður. Þar eru gamlar mógrafir, en fremur mun þar hafa verið lélegur mór.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 2

HV-235:023 *Austari-Varða* varða
“Kúla, mjög há og kollótt hæð suður af Breiðinni, er hún norðurendi á hálsinum milli Svínadals og Sléttárdals. Austari-varða er varða austarlega á Kúlunni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 2

HV-235:024 *Vestari-varða* varða landamerki
“Vestari-varða er varða vestast á Kúlunni. Á þeirri vörðu var talið hádegi (Sú varða mun vera á merkjum milli Auðkúlu og Holts).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 2

HV-235:025 *Birgisnes* örnefni
“Skógur er nefnt hallandi flóastykki meðfram Svínavatni að vestan frá Sæld og norður að Birgisnesi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 3

HV-235:026 *Grænutóftardý* örnefni
“Grænutófardý nálægt miðjum flóa [sem er vestan við melinn].” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 3

HV-235:027 varða landamerki
Landamerki: “Að norðan ræður Svínavatn frá svonefndum Sældarenda í Auðkúluskógi út í Svínadalsárós, ræður síðan áin að vestan merkjum milli Grundar og Auðkúlu, þar til kemur á móts við graslaut vestatil á svonefndu Langholti, er liggur millum Auðkúlu og Holts. Graslaut þessi, sem nefnd er Merkjalaut, er andspænis vörðu á vesturbakka Svínadalsár, og ræður hún merkjum milli Holts og Auðkúlu ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Auðkúlu

HV-235:028 *Fornmannakol* örnefni
Landamerki: “Að norðan ræður Svínavatn frá svonefndum Sældarenda í Auðkúluskógi út í Svínadalsárós, ræður síðan áin að vestan merkjum milli Grundar og Auðkúlu, þar til kemur á móts við graslaut vestatil á svonefndu Langholti, er liggur millum Auðkúlu og Holts. Graslaut þessi, sem nefnd er Merkjalaut, er andspænis vörðu á vesturbakka Svínadalsár, og ræður hún merkjum milli Holts og Auðkúlu austur í fornmannakol er sjást í Langholti ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Auðkúlu

HV-235:029 varða landamerki
Landamerki: “Að norðan ræður Svínavatn frá svonefndum Sældarenda í Auðkúluskógi út í Svínadalsárós, ræður síðan áin að vestan merkjum milli Grundar og Auðkúlu, þar til kemur á móts við graslaut vestatil á svonefndu Langholti, er liggur millum Auðkúlu og Holts. Graslaut þessi, sem nefnd er Merkjalaut, er andspænis vörðu á vesturbakka Svínadalsár, og ræður hún merkjum milli Holts og Auðkúlu, þaðan í vörðu á Hrísbrún, þaðan í vörðu á vestanverðri há-kúlunni [024].” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Landamerkjaskrá Auðkúlu

HV-235:030 varða landamerki
“Að austan ræður merkjum Auðkúlulands áður nefnd Dæld í Auðkúluskógi liggur hún frá Svínavatni framanverðu milli Litladalslands og Auðkúlulands upp í hálsbrúnina, þaðan frá svonefndum Dældarhaus fram í austurbrún hálsins, þar til kemur að vörðu á brúninni uppundan læk þeim, er rennur ofan af hálsi

næst fyrir utan svonefnd Ingibjargarsel á Sléttárdal ..."
Heimildir: Landamerkjaskrá Auðkúlu

HV-235:031 varða landamerki
"Að austan ræður merkjum Auðkúlulands áður nefnd Dæld í Auðkúluskógi liggur hún frá Svínavatni framanverðu milli Litladalslands og Auðkúlulands upp í hálsbrúnina, þaðan frá svonefndum Dældarhaus fram í austurbrún hálsins, þar til kemur að vörðu á brúninni uppundan læk þeim, er rennur ofan af hálsi næst fyrir utan svonefnd Ingibjargarsel á Sléttárdal lækur þessi, sem er takmark Litladalslands að sunnan, rennur ofan í Sléttá og fylgir Auðkúluland honum til árinnar ofan frá vörðunni á hálsi" segir rúninni uppundan læknum."
Heimildir: Landamerkjaskrá Auðkúlu

HV-235:032 varða landamerki
"Úr því að Sléttá er komið, ræður hún merkjum Auðkúlulands að austan og Stóradals að vestan til upptaka hennar, suður á vörðu á Bungnaás ..."
Heimildir: Landamerkjaskrá Auðkúlu

HV-235:033 þjóðsaga draugur
Sigurður Magnússon var prestur á Auðkúlu 1652-1657. Honum var sendur draugur í konulíki af Vestfjörðum og fannst hann dáinn og illa útleikinn á milli Auðkúlu og Svínavatns. Bóndinn á Reykjum sá til hennar nær hún fór upp hjá og spurði hvert hún ætlaði. Hún kvaðst vera send til að drepa prestinn á Kúlu af því að hann væri besti prestur á landinu. Bóndi bað hana að gjöra svo vel og koma við er hún færi til baka og segja sér fréttirnar. Hún kom við á Reykjum er hún fór heimleiðis aftur og spyr bóndi þá hvernig farið hefði; hún sagði af híð sanna. Hann spyr hvort hún hafi þá eigi fleira gjört illt af sér. "Börnin voru að leika sér á Mosfelli," segir hún, "og langaði mig í leikinn með þeim; blakaði ég við einu þeirra og lá það dautt á vellinum." "Hver ráð eru til að lífga það aftur?" spurði bóndi. "Það er að taka því blóð," segir hún, "undir litlu tánni." "Jæja, farðu þá," segir bóndi, "og dreptu þann er þig sendi." Og tók hún þá strikið vestur.

Séra Jón Jónsson var prestur á Auðkúlu 1803-1817. Hann drukknaði niður um ís á Svínavatni og þóttust menn sjá hann þar á eftir ríða um vatnið í tunglsljósinu, en ávallt hleypti hann ofan í hjá Svínadalsárósnum og var þar að bisa við að ná hestinum upp úr. -Nokkrir þykjast og síðan hafa séð sr. Jóhann sál. Pálsson, dó 1840, og sr. Þorlák Björnsson, dó 1832, í fylgd hans. Þykir mönnum sem þessir vilji villa vegu manna á Svínavatni á veturnar, en sr. Þorlákur sál. er sá sem áttar menn allajafna aftur. Hann ríður þá fram fyrir hina og veifar hvítum klút, og fer þá villan af ferðamönnum.
Heimildir: Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I, 330-331

HV-235b Auðkúla (Auðkúluheiði)
"Jörðin hefir útbeit og haggæði í betra lagi. ... Eptir selstöðu og afréttarland kirkjunnar gjaldast árlega 24 fjalltollar, á 10 f. hver. Í fjalllandinu er og nokkur grasatekja, álptveiði og fjaðratekja, sem leigist við 40 f. eptirgjaldi." JJ, 251 Landamerki Auðkúluheiðar skv. máld eru Blanda að austan frá Vallgili til Hofsjökuls, um Jökulkvísl- Jökulfall í Hvíta og Hvítárvatn. Að vestan úr Káryrðlingatjörn í há-Friðmundarhöfða, þaðan bein lína í Fellakvísl og með henni til upptaka. Þaðan bein lína í nyrðri Búrfjallahala og þaðan í Langjökul. - GR III, 269. Auðkúluklerkar hafa því talið sig eiga afréttinn sunnan Kjalhrauns sem nú tilheyrir Biskupstungnafrétt. Það svæði töldu líka kirkjurnar í Haukadal, Bræðratungu, Skálholti og Torfastöðum að þær ættu og af þeim keypti Biskupstungnahreppur svæðið um miðja 19. öld. Á þeim tíma og fram til 1881 voru þó Húnvetningar einir um að reka sauðfé á þennan afrétt og sáu einir um smölun hans - sjá nánar ÁR-694. Mörk milli heimalands og afréttar voru ekki ákveðin fyrr en heiðin var seld undan kirkjunni - þá lína úr Káryrðlingatjörn um há-Helluvörðuás í Vallgil við Blöndu. GR III, 269. Hvannavallakvísl skiptir Auðkúluheiði og Hveravöllum

HV-235b:001 *Biskupsáfangi* heimild um náttstað
"Þar sem Seyðisá fellur í Blöndu, kemur hún úr suðvestri, en um 3-4 km frá ármótunum er krókur á henni og kemur hún þar úr vestri ... [þar] heitir Biskupsáfangi að sunnanverðu við ána. ... " - GR III, 275 - um 9 km norðan við Hveravelli. Náttstaður undanleitarmanna á frameftirleið og sameiginlegur náttstaður

Biskupstungnamanna og Auðkúluheiðarmanna eftir smölun á Kili "Tungan milli Þegjanda og Blöndu heitir Biskupstungur. Þar er mjög gott haglendi suður að söndum, sem eru norður af Kjalhrauni austanverðu." - GR III, 275
Heimildir: GR II, 209-10, 214, 224-30, 234; GR III, 281

HV-235b:002 *Seyðisárrétt* heimild um rétt
"Þar sem Seyðisá fellur í Blöndu, kemur hún úr suðvestri, en um 3-4 km frá ármótunum er krókur á henni og kemur hún þar úr vestri ... [þar] heitir Biskupsáfangi að sunnanverðu við ána. ... Í Biskupsáfanga hefir nú [1947] um 50 ára skeið verið fjárrétt til sundurdráttar á fé sunnan- og norðanmanna." GR III, 275 "Tungan milli Þegjanda og Blöndu heitir Biskupstungur. Þar er mjög gott haglendi suður að söndum, sem eru norður af Kjalhrauni austanverðu." - GR III, 275

Til Biskupsáfanga við Seyðisá var fé smalað af öllum Kili, Þjófadölum og norðan um Sandkúlufell og þar drógu Biskupstungnamenn sitt fé úr. - GR III, 281. Getið eru um rétt sem safnið var byrgt inní um nótt og dilk sem sunnanféð var dregið í - GR II, 210 "Í fyrstu var fé kannað aðeins í aðhaldi við Seyðisá, en síðar var byggð þar rétt til sundurdráttar." - GR III, 284. 1916: "Þegar var hafist handa um að hressa við fjárréttina, sem þar er, svo að hún væri vel fjárheld, því að um nóttina átti féð að geymast í henni, og að morgni átti svo að draga í sundur, þegar búið væri að smala allan afréttinn sunnan úr Þjófdölum og vestan úr Búrfjöllum." GR II, 225 - ekki hefur verið þar hestarétt þá. sbr SB I, 36 sem hefur einnig: "Byrjað var á að draga norðanfé út, og voru þá Árnesingar í dyrunum til að fylgjast með, að rétt væri dregið. Réttinni var skipt í miðju með vegg, sem á voru stórar dyr. Þegar féð komst fyrir í nyrðri hlutanum, var það rekið þangað og sunnanféð dregið í suðurhlutann, og fylgdust nú Norðlingar með, að ekki væru dregnar kindur frá þeim. ... Nóttina sem nú fór í hönd, var sunnanféð geymt í réttinni." SB I, 36 1918: leitarmenn hittast við réttina við Seyðisá - GR III, 292
Heimildir: GR II, 210; SB I, 36-37; GR III, 281

HV-235b:003 *á Réttum* hleðsla rétt
"Örskammt fyrir sunnan Réttarbunguna við árgilið [Blöndu] er kallað Réttir eða á Réttum." "Þar hafa til forna verið fjárréttir, og sjást þess enn merki. Þar eru hvammar í gilinu, sem nefnast Réttarhvammar."
Heimildir: GR III, 270

HV-235b:004 *Tjaldavellir* örnefni áfangastaður
"Á milli [Friðmundarvatnsbungu] og Galtabólsbungu eru með Fannlæk þurrar flatir, og eru þar nefndir Tjaldavellir."
Við Kjalveg
Heimildir: GR III, 271

HV-235b:005 *Helluvörðuháls* örnefni
Helluvörðuháls er á heiðarmerkjum milli Auðkúluheiðar og Vatnsdalsjarða norðvestan við Leirtjarnir sem eru norðan við Vestara-Friðmundarvatn Á þessum slóðum liggja leiðir yfir heiðina milli Svínadals og Vatnsdals og Lestavegur suður á Stórasand og má vera að varða þessi eða vörður tengist þeim samgönguleiðum en einnig gætu hún hafa verið á merkjum.
Heimildir: GR III, 271

HV-235b:006 *Kolkuskáli* heimild um sæluhús
"Austan við Olbogaflá er ás, og á suðurenda hans, við upptök Kolkukvíslar er hóll, sem heitir Kolkuhóll. Þar hefir lengi verið leitarmannakofi." Náttstaður á sjötta degi gangna var á Kolkuhóli fyrir 1870 - GR III, 281 1916: "Fyrsta daginn [í eftirleitum] var ekkert leitað, en farið sem leið lá fram í Kolkuskála, sem er norðanvert við miðja Kúluheiði. Kofi þessi var [288] þá lítill en eigi kaldur." -Nýrri skáli mun hafa verið byggður á þessum stað en allt nú komið undir uppistöðulón -
Heimildir: GR III; 271, 281, 287-88, 296

HV-235b:007 *Blönduvöð* heimild um vað
"Alllöngum spöl sunnar en Sandá fellur í Blöndu eru kölluð Blönduvöð." "Þar er Blanda hallalítil og fremur straumlítil. Þar eru sléttir bakkar að henni, og fellur hún þar nokkuð dreift á sandeyrum, og eru þar

oftast allgóð vöð á henni." ":..eru þar mosavaxnir ásar og graslitlir móar. Þó eru frá Blönduvöðum við og við allgóðir hagar suður með ánni."

"Þar lá áður lestavegur yfir hana. Vegur sá lá upp úr Mælifellsdal í Skagafirði [273] suður Eyvindarstaðaheiði og þarna yfir Blöndu, frá henni vestur með Blönduvaðaflóa og yfir norðurhala Helgufells, yfir Sandárstokka og norðan við Sauðafell, þaðan suðvestur yfir Öldur og upp á Stórasand sunnan við Tröllagil, sem kemur vestan úr sandinum sunnan við Svínafell, og er þá komið yfir Dalskvíslaland og á Grímstunguheiði. Vegur þessi hefur til forna verið mjög fjölfarinn, bæði með skreiðalestir og af kaupafólki og öðru ferðafólki. Má þar á sumum stöðum, þar sem jarðvegs kennir, telja meira en 60 samhliða götuslóðir."
Heimildir: GR III, 272-73

HV-235b:008 *Áfangafell* örnefni
"Sunnan við Kolkukvísl, þar sem hún fellur vestur úr Kolkuflóanum, kemur allstórt fell, sem heitir Áfangafell, og rennur Fellakvísl með því að vestan. Austan við Áfangfell er stór flói, sem heitir Kolkuflói, og næ hann jafnlangt suður og Áfangafell ..." Þeir gangnamenn sem komu úr byggð á móti þeim sem smöluðu um Kjöl og þar sunnan við "höfðu náttstað við Fellakvísl vestan undir Áfangafelli." á frameftirleið .
Heimildir: GR III, 273, 281

HV-235b:009 *Kúlukvíslarskáli* heimild um sæluhús
"Við Kúlukvísl beint suður frá Arnarbæli er leitarmannakofi." "Í Kúluflá og með Kúlukvísl eru ágætir hagar." 1916: "leitarmannakofi við Kúlukvísl var fallinn niður ..." "...þekjan hafði fallið inn, [289] en hékk þó föst á einni veggbrúninni og myndaði þannig afdrep, ef inn var skriðið. / Þeir félagar ... skriðu svo inn í kofann undir þekjuna. Varð lítið um umbúnað og urðu þeir að leggjast niður á bert moldargólfið." GR III, 288-89. 1918 virðist kofinn hafa verið endurbyggður: "...komu þeir félagar að Kúlukvíslarskála ... Var þá harður snjógaddur kringum kofann og engin leið til að komast inn nema hafa skóflu, en svo heppilega vildi til, að hún var á kofaþakinu til öryggis, ef eitthvað þyrfti til hennar að taka, annað hvort að dytta að kofanum í haustferðum eða vetrarferðum ... Varð nú fljótlega komist í kofann, en eigi var hlýlegt inni, því að veggir og þak var hvítt af hélu og hrími..."
Heimildir: GR III, 274, 287, 288-89, 291

HV-235b:010 *Seyðisárdrög* heimild um náttstað
Seyðisárdrög eru milli Búrfjalla og Sandkúlufells vestarlega á Auðkúluheiði. Þar heitir Sjónarhóll á einum stað en ekki kemur fram hvar nákvæmlega tjaldstaðurinn var Fyrir 1870: á úteftirleið gistu Auðkúluheiðarmenn í Biskupsáfanga en Vatnsdælingar höfðu náttstað í Seyðisárdrögum - GR III, 281. Fyrir 1918: Fimm menn af Lambártungum gistu ásamt Auðkúluheiðarmönnum í Seyðisárdrögum fyrstu nóttina og leituðu síðan austur með Langjökli um Búrfjöll og Þjófdalafjöll - GR III, 225. Um síðustu aldamót fóru leitarmenn líka að hafa náttstað í Seyðisárdrögum á frameftirleið - GR III, 284
Heimildir: GR III, 225

HV-235b:011 *Vökuhvammur* heimild um náttstað
"Á þriðjudag leituðu svo Auðkúluheiðarmenn norðasta hluta heiðarinnar, og að kvöldi var allt fé rekið í Vökuhvamm við Sléttá, suðvestur frá Stóradal, og var vakað þar yfir því um nóttina."
Heimildir: GR III, 282

HV-235b:012 heimild um rétt
"Áður [en 1819] hafði [réttin] staðið fram á Sléttárdalnum vestan við Sléttá." "Var [rétt fyrir almenning] byggð þar 1804 á sléttri eyri við ána, en áin braut sér farveg gegnum réttina, og varð því að færa hana." [aq 1819] Af því varð nokkurt stapp sem endaði með því að Stóradalsbóndi lánaði land sitt undir rétt gegn beitarítaki í Auðkúluselslandi - GR III, 282 Örskammt frá þessari rétt hafði áður staðið réttin HV-235b:013
Heimildir: GR III, 282-83

HV-235b:013 heimild um rétt

“Áður [en 1819] hafði [réttin] staðið fram á Sléttárdalnum vestan við Sléttá.” “Örskammt frá [þeim stað sem réttin var byggð 1804] hafði áður staðið rétt, sem notuð var af almenningi, en sú rétt mun hafa lagst niður um 1750. Þar var síðar byggt býli um nokkur ár, og var það nefnt Ingibjargarsel, eftir konu sem þar bjó.” GR III, 283
Heimildir: GR III, 283

HV-235b:014 *Smalahóll* heimild um legstað
Smalahóll er nálægt Smalatjörn, norðvestan við Þrístiklu hjá Kjalvegi. “Til er saga um nafngiftina á Þröm, sem minnir mjög á söguna um Ruglu í Rugludal, og á nafnið Þröm samkvæmt henni ekkert skylt við merkingu orðsins “Þramar” í dag. Hét konan Þröm, en ekki er getið um nafn smalans, sem Þröm kæfði í Smalatjörn, vestan við Þrístiklu, og dysjaði í Smalahól. Svo eru sögurnar líkar að óhugsandi er annað en upphaflega sé um þá sömu að ræða. Báðir höfðu smalarnir strokk kerlingar bundinn á bak sér, og skyldi vera fullstrokkað, er þeir komu heim.” Húnaþing III, 305
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: “Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi”, 305

HV-235b:015 *Dauðsmannsgil* örnefni
Dauðsmannskvísl rennur um Dauðsmannsgil af sunnanverðum Djöflasandi sem er í vikinu milli Þjófadalafjalla og Búrfjalla. Eftir að hún kemur úr gilinu fellur kvílin beint í suður og í Hvannavallakvísl

HV-235b:016 gripir
“Þjms. 12152, Sverð óheilt .. nú 59 sm, annars vel varðveitt ... Q-gerð, Sverd 110-112 ... Fannst 3-4 km vestan við kvíslina Þegjandi eða í norðvestur frá Dúfunefsfelli, sem er norðan við Kjalhraun. Virðist sverðið hafa týnzt þarna, en blásið upp nýelga.”
Heimildir: KEKH, 268-69

HV-235b:017 *Ingibjargarsel* bæjarstæði býli/sel
“Ingibjargarsel neðst í hallinu rétt sunnan við Merkilækinn. Gamlar tóftir. Þar bjó Ingibjörg hin hæverska all lengi.” segir í örnefnaskrá Fram á Sléttárdal, vestan við Sléttá. “Örskammt frá [þeim stað sem réttin var byggð 1804] hafði áður staðið rétt, sem notuð var af almenningi, en sú rétt mun hafa lagst niður um 1750. Þar var síðar byggt býli um nokkur ár, og var það nefnt Ingibjargarsel, eftir konu sem þar bjó.” GR III, 283. “Allmiklu utar [en Kúlusel sem var gegnt Sléttadal], á svonefndum lækjum, eru rústir annars sels, og bendir stærð þeirra til talsverðra umsvifa, þó að sel þetta, sem einnig var frá Auðkúlu, muni ekki hafa verið drjúgt sem sjálfstætt býli. Í bændarímu frá 1830 er þar talin búandi Ingibjörg Guðmundsdóttir, og hljóðar viðkomandi erindi á þessa leið: “Í seli Kúlu soltin púla náir,/gáfna-slóttug geðs um hörg/Guðmundsdóttir Ingibjörg.” Bendir vísan ekki á auð í búi. Ingibjörg þessi, sem kölluð var “hin hæverska” mun hafa verið einn síðasti ábúandinn, fram á fjórða tug síðustu aldar. Selið var við hana kennt og ýmist kallað Imbusel, Ingibjargarsel eða Kerlingarsel.” Húnaþing III, 306
Heimildir: Ö-Auðkúla, 5; GR III, 283; Hjördís Gísladóttir: “Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi”, 306

HV-235b:018 *Kúlusel* bæjarstæði býli/sel
“Kúlusel á árbakkanum, rétt fyrir sunnan Hamarinn.” segir í örnefnaskrá Vestanmegin á Sléttárdal gegnt býlinu Sléttárdal “Í svonefndu Kúluseli bjó síðastur Þorlákur Ásmundsson, sem mun hafa horfið þaðan 1907.” Húnaþing III, 306 Kolka: “Á Sléttárdal voru ýmiss sel og sum þeirra byggð um skeið. ... Sunnar var Kúlusel, sem fór í eyði um eða fyrir aldamót ...” SSH: “Auðkúla og Stóridalur eiga selstöður. Frá Stóradal hefur selstaða verið brúkuð í 19 ár, en selstaðan frá Auðkúlu er niðurlögð fyrir ca. 40 árum, og óvíst hvort hún hefur verið brúkuð áður að staðaldri. Svínavatn þykist og eiga selstöðu á Sléttárdal, og hefur hún verið notuð 1 eða 2 ár í manna minnum, en bæði hún og selstaðan frá Auðkúlu eru að líkindum aflagðar sökum örðugleika.”
Heimildir: Ö-Auðkúla, 5; Hjördís Gísladóttir: “Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi”, 306; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 155; SSH, 93

HV-235b:019 *Svínavatnssel* heimild um sel
“Svínavatnssel örskammt fyrir framan Kúlusel, í seinni tíð af ýmsum kallað Gíslasel.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 5

HV-235b:020 *Helluvörðuás* örnefni
“Suður af Hvannlækjarbungum eru tvær tjarnir, sem heita Þórarinsvatn austara og vestara. Rétt fyrir sunnan þær er Helluvörðuás, sem talinn var á merkjum heima- og heiðarlands Kúlu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúla, 6

HV-235b:021 *Beinhóll* heimild
“Fast að Rjúpnafelli að sunnan, liggur norðurjaðar Skjalhvamms. Spottkorn þar suður á hrauninu er hellir, sem ég hefi heyrt nefndar Grettishelli, og er hann nú hálffullur af roksandi. Kippkorn þar suðaustan á hrauninu, er hamrahóll, sem nefnist Beinhóll.” Þetta er hóllinn þar sem Reynisstaðabræður urðu úti árið 1780. segir í örnefnaskrá

“Norðaustan við Kjalfell er Beinahóll, þar sem Reynistaðabræður urðu úti 1780, en þar lá Kjalvegur áður yfir hraunið. Síðan var vegurinn færður vestur fyrir það meðfram Þjófafelli, en nú er komin bílfær leið yfir kjöl eftir söndunum fyrir austan hraunið, suðst á Auðkúluheiði. “
Heimildir: Ö-Auðkúluheiði, 12, 21; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 428

HV-235b:022 *Þjófadalur* örnefni
Þjófadalur. “Dalur þessi takmarkast af síðastnefndu felli [Hrútfelli ?] að austan, af Þröskuldi að norðan og af Þröskuldi að norðan, og af Þjófadalafjöllum að vestan ...” segir í örnefnaskrá “Þjófadalur er hringamynduð dalkvos, gróin og vistleg, að flestu leyti mynztur útileguþjófadala ... Á sléttri grund undir Raiðkolli stendur lítið sæluhús, sem F.Í lét reisa þar árið 1939. ... Auðkúlumenn hafa jafnan tjaldstað í Þjófadal og hafa gert öldum saman. þekkja þeir og ekki annað nafn á dalnum. það virðist því næsta fáránlegt að sjá nafnið Hvinverjadalur þar á Uppdrætti Íslands.”
Heimildir: Ö-Auðkúluheiði, 13; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 203

HV-235b:023 heimild um sæluhús
“Gíslaskálatangi, er tangi, sem gengur norður í Friðmundarvatnið vestara. Það nafn mun vera rétt um 100 ára gamalt. Þá byggði Gísli sonur Þorsteins bónda í Kóngsgarði þar veiði kofa og lá þar við silungsveiði. Gísli þessi átti þá heima á Þröm.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúluheiði viðb, 2

HV-235b:024 *Strákur* varða
“Strákur og Stelpa, eru tvö vörðubrot í grjótdragi, sem liggur norður úr Seyðisárdrögum, vestan úr Neðri-Drögum.” segir viðbótum við í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúluheiði viðb, 3

HV-235b:025 *Stelpa* varða
“Strákur og Stelpa, eru tvö vörðubrot í grjótdragi, sem liggur norður úr Seyðisárdrögum, vestan úr Neðri-Drögum.” segir viðbótum við í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúluheiði viðb, 3

HV-235b:026 *Sandárvað* heimild um vað
“Sandárvað, er vað á Sandá, rétt við Sandárhól.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Auðkúluheiði viðb, 4

HV-235b:027 *Draugháll* örnefni
“Draugháll er líka vestan við Mjóavatn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kúluheiði

HV-235b:028 *Gunnarsskáli* heimild um sæluhús
“Skálar hafa verið við vötn þessi, svo sem Gunnarsskáli vestan við austara vatnið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kúluheiði

HV-235b:029 *Dalsskáli* heimild um sæluhús
“Norðan við Riðavík og við Þvermundarháls [?] er Dalsskáli ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kúluheiði

HV-235b:030 heimild um sæluhús
“... og austan við Mjóavatn eru og hafa lengið verið skálar, þó misjafnt sé viðhald á þeim.” segir í örnefnaskrá “Austan í vatnið gengur dálítill tani sem heitir Langitangi. ... Á Langatanga er dálítill veiðikofi, og að honum liggur troðningur frá Tjaldvöllum [004] færi vel búnum bílum.” segir í Húnaþingi
Heimildir: Ö-Kúluheiði; Jóhann Guðmundsson: “Auðkúluheiði”, 79

HV-235b:031 *Stekkjareyri* örnefni stekkur
“Uppundan Bergskrók á merkjum, að norðan þar suður með ánni er Stekkjareyri upp frá henni er Stekkjargil suður af því er Stekkjarholt ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kúluheiði

HV-235b:032 heimild um leið
“Tvær aðalleiðir liggja suður Auðkúluheiði. Hin vestari var nefnd Suðurferðamannavegur. Hann lá úr Svínadal eða Sléttárdal suður um Helluvörðuás, þá fyrir vestan Friðmundarvatn (vestara) og Eyjavatn, yfir Vatnsdalsá í Stórakróki og síðan sem næst í hásuður, unz komið er á Skagfirðingaveg á Stórasandi.”
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 191

HV-235b:033 heimild um leið
“Tvær aðalleiðir liggja suður Auðkúluheiði. Hin vestari var nefnd Suðurferðamannavegur. Hann lá úr Svínadal eða Sléttárdal suður um Helluvörðuás, þá fyrir vestan Friðmundarvatn (vestara) og Eyjavatn, yfir Vatnsdalsá í Stórakróki og síðan sem næst í hásuður, unz komið er á Skagfirðingaveg á Stórasandi. ... Í stað þess að beygja vestur fyrir Eyjavatn, má fara suður með friðmundarvatni og Mjóavatni, nálægt heiðamótum, á Kolkuhól. ... Af Kolkuhól liggur leiðin suður með Fellakvísl og áfram yfir Öldur í Seyðisárdrög. Þaðan má halda áfram suður um Kjöl í Þjófadali og Hvítárnes eða um Kjalhraun í Gránunes.”
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 191

HV-235b:034 heimild um skotbyrgi
GÁ: “Eitt þeirra [skotbyrgja] var á svokölluðum Réttum við Blöndugil. Þar var stórt byrgi ...”
Heimildir: Gylfi Ásmundsson: Lárus í Grímstungu, 187

HV-235b:035 hellir
KK: “Henderson talar einnig um helli í hrauninu, þar sem illvikrjar hafa sýnilega hafizt við á síðari tímum.”
Heimildir: KK III, 37

HV-235b:036 *Þrívörður* varða
Í grein um Auðkúluheiði er mynd af Þrívörðum fyrir ofan Eldjárnsstaði.
Heimildir: Jóhann Guðmundsson: “Auðkúluheiði”, 69

HV-235b:037 *Selbrekka* bæjarstæði býli
“Gegnt Hrafnabjörgum í vestanverðum dal er Gafl, sem lagðist í eyði nokkuru fyrir 1930, en allmiklu framar, eða uppi í heiðarsporðinum, er Marðarnúpssel, sem búið var í fram yfir 1920. Þaðan liggur leið fyrir Axlir vestur í Vatnsdal. Um 1870 var búið í Selbrekku þar í heiðarsporðinum.” “Vestan í Hádegisbungu eru Selbrekkur og þar var eyðibýlið Selbrekka sem heimildir finnast um að búið hafi verið í á 18. öld.” segir í Húnaþingi
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 159; Jóhann Guðmundsson: “Auðkúluheiði”, 77

HV-235c Auðkúla (Hveravellir)

Suðurmörk um mitt Kjalhraun eins og á korti Mið-Ísland nema vestur úr Grýtu bein lína um Þröskuld í miðjan Jökulkrók en norðurmörk Hvannavallakvísl. - Um útlegð Magnúsar sálarháska á Hveravöllum- HB Sumar, 46-7.
- Hvervellir - áningarstaður 'Í æsku heyrði ég þá sögu - sem er að nokkru samhljóða frásögn í Þjóðsögum Jóns Árnasonar - að bóndi nokkur norðlenzkur færi einhverju sinni norður Kjöl snemma sumars með skreiðarlest, og hafði hann til fylgdar svein einn 14 vetra. Áðu þeir á Hveravöllum, og komu þar að þeim tveir menn all-ískyggilegir. Voru það þeir Eyvindur og Abraham útileguþjófar. Heimtuðu þeir matföng nokkur af bónda, klyfjar af einum hesti eða tveimur og er því var synjað, vildu þeir láta hendur skipta. Barði bóndi þá á Eyvindi en sveinn- [49]inn greip svipu mikla með hamarshaus á endanum og réðst á Abraham - Slíkar svipur þóttu hinir mestu kjörgripir á ferðalögum og voru sums staðar til fram á síðustu áratugi. - Kom strákur höggi á vanga Abrahams, svo að brotnaði kjálkinn, en þeir Eyvindur höfðu sig sem skjótast á brott og þótti ferð sín hin versta. Hélt bóndi svo áfram norður með lest sína og þótti hafa mjög vaxið í áliti og þó einkanlega drengurinn.'- HB Sumar, 48-49

HV-235c:001 *Grettishellir* örnefni
“Hann er geysistór, sjálfgerður hraunhellir í miðju Kjalhrauni eða nánar sagt hraunhóll, holur að innan með op á báðum endum. [13] Sjö vörður eru uppi á hólnum, og eru þær í vörðukerfi gamla Kjalvegarins. Engin mannvirki eru í helli þessum ...” ÚAT, 12-13 “Fast að Rjúpnafelli að sunnan, liggur norðurjaðar Skjalhvamms. Spottkorn þar suður á hrauninu er hellir, sem ég hefi heyrt nefndar Grettishelli, og er hann nú hálffullur af roksandi. Kippkorn þar suðaustan á hrauninu, er hamrahóll, sem nefnist Beinhóll.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: ÚAT, 12-13; GR III, 275; Ö-Auðkúluheiði, 12

HV-235c:002 varða samgöngubót
(Grettishellir [HV-235b:001] er hraunhóll í miðju Kjalhrauni) “Sjö vörður eru uppi á hólnum og eru þær í vörðukerfi gamla Kjalvegarins.” ÚAT, 13
Heimildir: ÚAT, 13

HV-235c:003 *Eyvindarkofi* tóft útilegumannabústaður
“Vestan við hverasvæðið á Hveravöllum er Eyvindarkofi í hraunsprungu, sem stefnir milli norðurs og suðurs (eða nánar til tekið norðvestnorðurs og sauðaustsuðurs), ...” ÚAT, 73 “... er hlaðið ofan á barmana [í hraunsprungunni] hraungrýti, en gaflarnir eru allir hlaðnir. Tóttin er í tvennu lagi, og er hún aðskilin með eins metra þykkum vegg. Stærra húsið er um 4,2 m á lengd og 1,2-1,35 m á breidd. Vesturbarmur sprungunnar er hærri, um 30 cm og eru víðast ein til tvær steinaraðir ofan á honum. [74] Á austurbarminum sunnanverðum er hleðslan hærri, svo að veggurinn verður jafnhár vesturveggnum. Norðan við þessa hleðslu er austurbarmur sprungunnar enn lægri, og er þar engin hleðsla ofan á honum nema nyrzt. Í þessu opi virðast dyrnar hafa verið. Norður af þessu húsi er annað hús minna, um 2 metrar á lengd og einn metri á breidd. Veggjahæð sést ógreinilega, því ð inni í tóttinni er þykkt jarðlag. Er þar mikið grjót, og virðist helluþak liggja þar undir jarðveginum. Stærri tóttin er einnig vallgróin, en ekki sjást þar neinar leifar af þaki. Í rústum þessum fannst tágakarfa 1881, og er hún nú á Byggðasafni Skagfirðinga í Glaumbæ.” ÚAT, 73-74

Þess er getið af bæði Gísla Konráðssyni og Páli Melsteð að kofi Eyvindar sjáist á Hveravöllum en elsta lýsing á honum er eftir Ebenezer Henderson sem kom að Hveravöllum sumarið 1815 og lýsir kofanum á þessa leið: “Norðan við hverasvæðið sjást ennþá leifar af bæli ræningja, sem [76] bjuggu þar fyrir minna en 30 árum. Það er sjálfgerð gjá í hraunhól, sem var svo haglega byrgð með hraungrjóti, að enginn gat ímyndað sér annað en þar væri venjulegur hellir í hrauninu. Staðurinn er mjög hentugur að því leyti, að fá metra þaðan er vellandi hver, sem hægt var að sjóða í matvæli. Þegar Ólafsson og Pálsson komu til Hveravalla, hlóðu þeir vörðu hér um bil miðja vegu milli hreysisins og Öskurhóls. En hún hefur verið algerlega eyðilögð af ræningjunum, sem að öllum líkindum hafa talið, að of mikið bæri á henni til þess, að óhætt væri að láta hana standa svo nærri kofa sínum.” 1920: Byrgi Eyvindar 'Enn þá sést byrgi hans glögglega í klappahól í hraunjaðrinum örskammt frá Eyvindarhver. ... [48] ... Sprunga um metersbreið er eftir hraunhólnum, og hefur grjóti verið hlaðið þvert yfir hana á þrem stöðum, þannig, að tvær vistarverur mynduðust. Er sú stærri um 5 m. löng, en hin líklega helmingi styttri. Stendur hleðslan prýðilega og hefur verið fyllt á milli steinanna með mosa og grjóti. Ekki sjást þess nú merki, hvernig þakið hefur verið yfir sprunguna. Getur það bæði hafa verið með skinnum og torfi, þó að til þess hafi

þurft lítilsháttar árefti, mundi það allt horfið fyrir ævalöngu.'-
Heimildir: ÚAT, 73-74; HB Sumar, 47-48; Henderson E: Iceland, 433

HV-235c:004 *Eyvindarhver* hleðsla hlóðir
Rétt austan við Eyvindarkofa er Eyvindarhver, vestarlega á hverasvæðinu - ÚAT, 75 "[Eyvindarhver] lítur út eins og hringur, hlaðinn úr hnullungum. Inni í honum er grjótbotn, og bullar hveravatn alls staðar upp milli steinanna. Þennan hver á Fjalla-Eyvindur að hafa hlaðið upp til þess að geta soðið þar mat sinn." ÚAT, 75 - - Eyvindarhver á Hveravöllum 'Vestarlega á hverasvæðinu við hraunröndina er Eyvindarhver, fylltur grjóti, þar sem vatn, og þó mest gufa, ryðst upp á milli steinanna með dyn miklum og gutli." - "Hefur hverinn verið fylltur upp með grjóti, ... og er ekki ólíklegt [48] að það séu verk þeirra Eyvindar, og hafi kjöt verið lagt á steinana og soðnað þar í sjóðandi vatni og gufu, sem um þá leikur.
Heimildir: ÚAT, 75; HB Sumar, 45, 47-48

HV-235c:005 *Eyvindarrétt* hleðsla rétt
"Um einn kílómetra litlu austar en í hásuður frá skála Ferðafélagsins á Hveravöllum er stór hraunhóll úti í Kjalhrauni, sem er fast sunnan við Hveravelli. Hóll þessi, sem er langstærsti hraunhóll á þessum slóðum, er klofinn í miðju af sprungu, sem liggur milli norðurs og suðurs. Er hún alldjúp og víð með grasi í botni. Þvert yfir sprunguna er hleðsla á tveim stöðum ..." "Þvert yfir sprunguna er hleðsla á tveim stöðum, og ennfremur er hlaðið upp í skarð, sem gengur vestur úr henni. Mannvirki þetta er kallað Eyvindarrétt. Hún er um 7-8 metrar á lengd milli þvergarðana og um 2 meter á breidd þvert yfir sprunguna. Engar heimildir aðrar en nafnið Eyvindarrétt eru um það, að hún sé handaverk Fjalla-Eyvindar. En vel getur nafnið verið tilgáta ein, þar eð almenningi hefur lengi verið kunnugt um dvöl Eyvindar á Hveravöllum. Af mannvirki þessu eru nú aðeins undirstöður eftir, en fyrir nokkrum árum hlóðu einhverjir strákar nýja veggi ofan á þær. Að lokum skal þess getið, að norðar í sprungunni eru rofhnausar úr aðfluttu torfi eða mýrarkökkum, en undir þeim fannst ekkert gólf, en þar voru kindabein."
Heimildir: ÚAT, 75

HV-235c:006 varða
"Þegar Ólafsson og Pálsson komu til Hveravalla, hlóðu þeir vörðu hér um bil miðja vegu milli hreysisins og Öskurhóls." " En hún hefur verið algerlega eyðilögð af ræningjunum, sem að öllum líkindum hafa talið, að of mikið bæri á henni til þess, að óhætt væri að láta hana standa svo nærri kofa sínum."
Heimildir: E. Henderson, Iceland, 433

HV-235c:007 heimild um sæluhús
Á Hveravöllum, þar sem gamla sæluhúsið er (1959) (EÓ og BÞ komu á Hveravelli 1752 og fyrir þann tíma hafði Eyvindur ekki dvalist þar. EÓ segir frá rúst af stóru húsi, sem menn haldi að útilegumenn hafi búið í fyrrum. Hann telur það þó ólíklegt, því að staðurinn liggur á bersvæði og opið sé þaðan í allar áttir. Um upphaf þessarar tóttar er allt ókunnugt, en líklegt má telja að hún sé af fornu sæluhúsi, enda er getið um sæluhús í Hvinverjadal á Sturlungaöld. Miklu ólíklegri er sú tilgáta, að rústin sé handaverk Þorgeirs ins hvinverska, sem Landnáma segir að hafi dvalist einn vetur á Hvinverjadal á Kili ... Rúst þessi var sýnileg, þangað til gamla sæluhúsið, sem nú er á Hveravöllum, var byggt ofan í hana fyrir nokkrum áratugum.
Heimildir: ÚAT, 76-77

HV-235c:008 *Hvannavellir* örnefni
Hvannavallakvísl og Hvannavallagil eru beint vestur af Hveravöllum
Heimildir: Herforingjaráðskort; DMA 1814 IV

HV-235c:009 *Dúfunesskeið* örnefni
Dúfunesskeið er nú kallað vestan við Seyðisá, ANA við Hveravelli, en Dúfunesfell er austan Seyðisár sléttir sandmelar " ... Þórir dúfunef keypti vánina [um unghryssi sem hvarf] ok fann síðan. Þat var allra hrossa skjótast ok var kölluð Fluga. Örn hét maðr; hann fór landshorna í millum ok var fjölkunnigr. Hann sat fyrir Þóri í Hvinverjadal, er hann skyldi fara suðr um Kjöl, ok veðjaði við Þóri, hvárs Þeirra hross mundi skjótara, Því at hann hafði allgóðan hest, ok lagði hvárr þeira við hundrað silfrs. Þeir riðu

báðir suðr um Kjöl, Þar til er þeir kómu á skeið þat, er síðan er kallat Dúfunefsskeið. En eigi varð minni skjótleiksmunur hrossa en Þórir kom í móti Erni á miðju skeiði. Örn unði svo illa við félát sitt, at hann vildi eigi lifa ok fór upp undir fjallit, er nú heitir Arnarfell, ok týndi sér þar sjálfr, en Fluga stóð þar eptir, því at hon var mjök móð. En er Þórir fór af þingi, fann hann hest [236] föxóttan ok grán hjá Flugu; við þeim hafði hon gengit. Undir þeim var alinn Eiðfaxi, er útan var færðr ok varð sjau manna bani við Mörs ..."

Heimildir: - ÍF I, 235-36; GR III, 275

HV-235c:010 *Hvinverjadalur* heimild

Hvinverjadalur eða Vinverjadalur er ekki þekkt örnefni lengur en er yfirleitt talið eiga við um Hveravelli frekar en Þjófadali, sem er enda einnig gamalt örnefni og kemur fyrir í Vatnsdælasögu. Örnefnið Reykjavellir er þó einnig notað í Landnámabók og er ljóst af samhengi að ekki er um nákvæmlega sama svæði að ræða þó hugsast geti að svo hafi verið litið á að Reykjavellir væru í Hvinverjadal. Í Vinverjadal hefur verið sæluhús á 13. öld og má vera hið sama og HV-235c:007

"Vékell enn hamrammi hét maðr, er land nam ofan frá Gilá til Mælifellsár ok bjó at Mælifelli; hann spurði til ferða Roðreks. Þá fór hann litlu síðar suðr á fjöll í landaleitan. Hann kom til hauga þeira, er nú heita [232] Vékelshaugar; hann skaut milli hauganna ok hvarf þaðan aptr. En er þetta spurði Eiríkr í Goðdölum, sendi hann þræl sinn suðr á fjöll, er hét Rönguðr; fór hann enn í landaleitan. Hann kom suðr til Blöndukvísla ok fór þá upp með á þeiri, er fellr fyrir vestan Hvinverjadal ok vestr á hraunit milli Reykjavalla ok Kjalar ok kom þar á manns spor ok skiliði, at þau lágu sunnan at. Hann hlóð þar vörðu þá, er nú heitir Rangaðarvarða. Þaðan fór hann aptr, ok gaf Eiríkr honum frelsi fyrir ferð sína, ok þaðan af tókusk ferðir um fjallit milli Sunnlendinga fjórðungs ok Norðlendinga." ÍF I, 231-32; (S 196, H 162)

" ... Þórir dúfunef keypti vánina [um unghryssi sem hvarf] ok fann síðan. Þat var allra hrossa skjótast ok var kölluð Fluga. Örn hét maðr; hann fór landshorna í millum ok var fjölkunnigr. Hann sat fyrir Þóri í Hvinverjadal, er hann skyldi fara suðr um Kjöl, ok veðjaði við Þóri, hvárs Þeirra hross mundi skjótara, Því at hann hafði allgóðan hest, ok lagði hvárr þeira við hundrað silfrs. Þeir riðu báðir suðr um Kjöl, Þar til er þeir kómu á skeið þat, er síðan er kallat Dúfunefsskeið. En eigi varð minni skjótleiksmunur hrossa en Þórir kom í móti Erni á miðju skeiði. Örn unði svo illa við félát sitt, at hann vildi eigi lifa ok fór upp undir fjallit, er nú heitir Arnarfell, ok týndi sér þar sjálfr, en Fluga stóð þar eptir, því at hon var mjök móð. En er Þórir fór af þingi, fann hann hest [236] föxóttan ok grán hjá Flugu; við þeim hafði hon gengit. Undir þeim var alinn Eiðfaxi, er útan var færðr ok varð sjau manna bani við Mörs ..." ÍF I, 235-36 (S 202, H 169)

"... Haraldr konungr sendi Þorgeir enn hvinverska til Íslands at drepa Ásgrím [Ondóttsson landnámsm á Glerá nyrðri]. Hann var of vetr á Kili í Hvinverjadal ok kom øngu fram um hefndina." ÍF I, 264 (S 229) " ... Haraldr konungr setti Þorgeir systurson Gríms til höfuðs Ásgrími ok fekk honum herskip tvau; hann fann hann aldri. Þá fór hann til Íslands ok ætlaði að drepa Ásmund [bróður Ásgríms] ok kom á Eyrar ok var í Hvinverjadal um vetrinn. Þat sumar eptir kom Ásgrímr út á Eyrum ok átti skip hálft við Þóri keilismúla, ok váru fjórir menn ok tuttugu á. Þeir váru ósamÞykkir ok leysti Ásgrímr skip til sín. Þórir reið norðr með hálfa skipverja ok kom í Hvinverjadal ok sagði til fara Ásgríms ok reið heim síðan. Ásgrímr reið hálfum [267] mánuði síðar frá skipi ok gisti at Þróndar mjöksiglanda í Þróndarholti. Hann bauð honum vetrvist ok kvað honum eigi mundu óhætt vera norðr at ríða fyrir Þorgeiri. Ásgrímr fór Þó norðr með tólf manna, ok höfðu tólf hesta klyfjaða ok töskur á. Þann dag er Þeir riðu um Kjöl, bað hann þá í brynjum ríða ok hafa kufla fyrir útan ok segja, ef þeir Þorgeir fyndisk, at Þórir keilismúli færi Þar, en Ásgrímr væri norðr farinn. Þeir váru tvær nætr at Þorgeirs, því at hann hugði þá Þóri vera. Hann hafði fyrir þrjá tigu manna. Hann reið á götu með þeim ok sofnaði, er hann kom heim, ok dreymði, at kona kœmi at honum ok segði honum, hverir gestir með honum höfðu verit. Síðan riðu þeir eptir Ásgrími. Þeir Ásgrímr biðu á Vékelshaug hinum syðra, ok þar kom Ásmundr bróðir hans til móts við hann með fjóra tigu manna; hann sætti þá Þorgeir." ÍF I, 265, 267 (H 195) "Þat er og sagt, at frændr hans [Jóns biskups] ok vinir létu flytja kirkjuvið hans frá skipi ok sunnan í Vinverjadali; en Norðlendingar fara þángat eptir ok draga svo heim til Hóla." Jóns saga helga b.v. í C gerð - Bsk I, 162 nmgr 2, einnig í B gerð - Bsk I, 234. 1238: "En aðra [af Miðfirðingum] létu þeir [Kolbeins menn] fara suður á fjall með sér og fundu þeir Kolbein í Vinverjdal og gaf hann þeim grið og fóru þeir aftur vopnalusir." Sturl, 407. 1252: "Gissur sendi menn suður til sona sinna að þeir skyldu koma til móts við hann í Vinverjadal með sjö tigi manna en hann valdi lið úr Skagafirði, sex tigi manna, og þeir riðu með honum suður í Vinverjadal." Sturl, 568. 1254: "[úr Haukadal] fóru þeir Þórir fimmta dag jóla með þrjá tigu manna norður á fjall. Þá gerði harða veðráttu

og hríðir á fjallinu og hinn sjöunda dag jóla höfðu þeir hríðviðri. Tók þá að dasast mjög liðið. Þorgeir kiðlingur lagðist fyrir. Komust þeir eigi með hann. Dó hann suður frá Vinverjadal. ... Er hann þar kasaður. ... Þeir komu í Vinverjadal og voru þar um nóttina fyrir hinn átta dag. Um daginn eftir [1.1.1255] fóru þeir úr Vinverjadal. Var þá veður nokkru léttara. Og er þeir voru skammt komnir frá Vinverjadal þá kom hrælјós á spjót allra þeirra og var það lengi dags. Tíunda dag komu þeir síð um kveldið ofan í Svartárdal." Sturl, 664. sept. 1257: "Reið biskup og Þorgils í Skálaholt og gerði biskup þá veislu góða Þorgilsi og hans félögum. Biskup segir að hann mundi norður með Þorgisli og vera með honum á Miklabæ. Nú riðu þeir til fjalls upp allir. Og þá gerði óveðráttu harða og reið biskup heim í Skálaholt ... Nú riðu þeir Þorgils á fjall og höfðu harða veðráttu. Þeir voru um nótt í Vinverjadal. Þorgils ræddi um að hann vildi liggja um nóttina í durum sæluhússins, bað þar búa um sig. Var svo gert. Lögðu þeir undir hurðina frá húsinu og þar ofan á klæði og lá hann þar um nóttina. [Þorgils dreymdi draum] [732] Og um myrgininn er þeir riðu norður frá sæluhúsinu þá segir Þorgils Sveinbirni presti drauminn ..." Sturl, 731-32. (1199x1201) "Kolbeinn ok hans húsfrú hafa með sinni fylgð riðit þann stóra kjöl, er millum bygða liggr um mitt landit, at hann tekr náttgistíng í þeim stað, er landsmenn kalla Vinverjadal." Guðmundar saga bróður Arngríms, Bsk II,
Heimildir: ÓLlandnSkag, 139-40; ÞTFerðabók II, 205-207; Ferðab Sv Pálss, 515, 753; Jón Eyþórsson (1965): Hvar er Hvinverjadalur; Ferðab Eggerts og Bjarna

HV-235c:011 *Rangaðarvarða* heimild um samgöngubót
"En er þetta spurði Eiríkr í Goðdölum, sendi hann þræl sinn suður á fjöll, er hét Rönguður; fór hann enn í landaleitan. Hann kom suður til Blöndukvísla ok fór þá upp með á þeiri, er fellr fyrir vestan Hvinverjadal ok vestr á hraunit milli Reykjavalla ok Kjalar ok kom þar á manns spor ok skiliði, at þau lágu sunnan at. Hann hlóð þar vörðu þá, er nú heitir Rangaðarvarða. Þaðan fór hann aptr, ok gaf Eiríkr honum frelsi fyrir ferð sína, ok þaðan af tókusk ferðir um fjallit milli Sunnlendinga fjórðungs ok Norðlendinga."
Heimildir: ÍF I, 232

HV-235c:012 heimild um legstað
Dys einhversstaðar sunnan við Hvinverjdal - gæti eins verið í ÁR-694 1254: "[úr Haukadal] fóru þeir Þórir fimmta dag jóla með þrjá tigu manna norður á fjall. Þá gerði harða veðráttu og hríðir á fjallinu og hinn sjöunda dag jóla höfðu þeir hríðviðri. Tók þá að dasast mjög liðið. Þorgeir kiðlingur lagðist fyrir. Komust þeir eigi með hann. Dó hann suður frá Vinverjadal. ... Er hann þar kasaður. ... Þeir komu í Vinverjadal og voru þar um nóttina fyrir hinn átta dag. Um daginn eftir [1.1.1255] fóru þeir úr Vinverjadal." Sturl, 664.
Heimildir: Sturlunga saga I, 510

HV-235c:013 hús sæluhús
Á Hveravöllum sunnan hverasvæðisins er gamalt sæluhús úr grjóti Húsið er eign Svínavatnshrepps en er nú í tímabundinni umsjá Minjaverndar. Sæluhús þetta er byggt ofan í tóft þá sem talin er hafa verið af eldra sæluhúsi - frá Sturlungaöld jafnvel

HV-235c:014 *Bræðrahver* örnefni
á Hveravöllum
Heimildir: HB Sumar, 45

HV-235c:015 hver
- ón. hver á Hveravöllum, norðan við Bláhver: 'Dálítil kringlótt þústa stendur þar upp úr ljósgráum hverabalanum. Ofan í hana er eins og höggvin skál eða ker barmafullt af tæru vatni, sem ólgar upp um lítið op á skálarbotninum, og fylgja því fáeinar loftbólur ... Uppsprettan er svo mikil, að vatnið í skálinni endurnýjast á skömmum tíma. Enda hefur þessi hver verið mörgum, er dvalið hafa á Hveravöllum lengur eða skemur, til margra hluta nytsamlegur. Í honum hafa menn soðið mat sinn og þvegið föt sín.' - HB Sumar, 45.
Heimildir: HB Sumar, 45

HV-236 Mosfell

10 hdr, Hólastólseign. Mosfells, 12 hdr, getið í skrá um jarðir Vatnsfjarðar Kristínar frá 1458, gæti verið sama jörð. DI V, 162. 1706: "Engjum spillir lækjarskriða í fjalli." JÁM VIII, 325. 1857. "Góður heyskapur, en fjarska veðrasamt." SSH, 91. 1920: Tún 1,6 ha, 1/4 sléttað. "Frá fjallsrótunum niður að vatninu er gott ræktunarland með hæfilegum halla, og þar hefur verið ræktað stórt tún." Húnaþing II, 251

HV-236:001 *Mosfell* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-236:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-236:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-236:004 heimild um hesthús
"Húsatún, á hól út og upp frá bænum; þar stendur nú gamalt hesthús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Mosfell, 1

HV-236:005 heimild um fjárhús
"Gerði, lítið neðar en beint norður af undan bænum. Þar stóðu áður 1 fjárhús með garða, og jötukofi, sem hvort tveggja tók um 70 kindur. Nú eru þau hús rifin, og þess í stað byggð 3 fjárhús yfir rúml. 200 kindur, og heyhlaða, 450m3, og votheysgeymsla; allt úr steinsteypu með járnþökum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Mosfell, 1

HV-236:006 heimild um áveitu
"Bæjarlækur kemur ofan úr fjalli og fellur rétt sunnan við bæinn, töluvert vatnsmikill lækur. Áður rann hann norður neðan við túnið, og þar niður í Svínavatn. ... Þá hefur Bæjarlækurinn verið stíflaður, þar sem hann fellur niður út túninu, og fæðir þar um mýri, sem áður var þýfð, nú orðin slétt, en svo farvegur gerður fyrir lækinn, þegar hann er ekki notaður til áveitu, suður og niður í vatn sunnan við Flæði." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Mosfell, 1

HV-236:007 *Kænutangi* örnefni
"Nú eru merki talin bein lína úr miðri Jórunnarskál í sunnanverðan Kænutanga, sem er lítill tangi austur í vatnið norðast." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Mosfell, 3

HV-236:008 varða landamerki
Landamerki 1892: "Að sunnan, móts við Geithamra land, eru merki úr vörðu, er stendur á bakkanum við Svínavatn ..."
Heimildir: Landamerkjaskrá Mosfells 1892

HV-237 Geithamrar

20 hdr 1706, Hólastólseign. Bænhús var á jörðinni. 1486: Jarðarinnar getið í bænhúsaskrá. DI V, 353. "Jörðin á land meðfram Svínavatni á 2-3 km kafla." Húnaþing II, 250 1706: "Túnum spillir lækjarskriða. Engjunum spillir sama skriða." JÁM VIII, 326. 1857: "... heyskapur í betra lagi, en ofveðrasamt." SSH, 91. 1920: Tún 4 ha, um 0,17 slétt, garðar 210m2. "Þar er mikið ræktanlegt land á láglendinu og rúmgott og notadrjúgt beitiland í fjallshlíðinni." Húnaþing II, 250

HV-237:001 *Geithamrar* bæjarhóll bústaður
"Fram til 1961 voru byggingarnar uppi í brekkuhjallinu, en hafa nú verið fluttar niður á fjalllendið nær veginum." segir í Húnaþingi
Heimildir: Húnaþing II, 250; Túnakort 1920

HV-237:002 heimild um bænhús
GEITHAMRAR Í SVÍNADAL (AUÐKÚLUÞING) (AH) ? BÆNHÚS
1486: er niðri, DI V 353
Engin bænhúsrúst er þekkt ? Þorsteinn og Kristín Þorsteinsbörn, Geithömrum 14.8.1992 (Dagb. OV 1992, 3)
Heimildir: DI; OV: Dagbók 1992, 3

HV-237:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-237:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-237:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-237:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-237:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-237:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-237:009 bæjarstæði stekkur
1706: "Girðíngar sjást hér í landinu, þar sem nú er stekkur. Munnmæli eru þar hafi bærinn áður staðið en því verið færður, að vatn hafi grandað túnunum. Ekki verður hjer bygt, nema eyðilögð sje heimajörðin, og þó miður til fallið."
Heimildir: JÁM VIII, 326

HV-237:010 heimild um kvíar
"Kvíalautarlækur fellur í gengum túnið norðan við bæjarhólinn." "Kvíalaut er djúp laut norðan við Steinabrekku. Gegnum hana rennur Kvíalautarlækur, sem á upptök sín nyrzt í Tjarnarmýrinni. Síðustu kvíarnar voru á barði fyrir neðan Kvíalautina."
Heimildir: Ö-Geithamrar, 1, 2

HV-237:011 heimild
"Einnig sést votta fyrir gömlu tóftarbroti ofar, fyrir sunnan kvíalautarlæk, en enginn veit, hvaða bygging þar hefur staðið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 2

HV-237:012 *Lambhús* heimild um fjárhús
"Leynir er norðan við kvíalautalæk norður að fjárhúsum úti í túninu, sem kölluð eru Lambhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 1

HV-237:013 *Miðhús* heimild um fjárhús
"Miðhúsasléttur eru tún í kringum fjárhús, sem kölluð eru Miðhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 1

HV-237:014 heimild um leið
“Gatnavöllur er neðan viðgötu norður frá bænum norður frá Kvíalautarlæk.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 1

HV-237:015 heimild um túngarð
“Skolla heitri kargaþýfi og grýtt móstykki frá norðari uppsprettulindinni norður að gömlum túngarði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 1-2

HV-237:016 *Ytra-Gerði* heimild um útihús
“Gerðislækur kemur fram úr klapparbarði niður undan Skollu og fellur niður norðan við Gerði. Þar stóðu áður peningshús, en nú eru þar komnar nýbyggingar. Íbúðarhúsið stendur þar, sem áður var Ytra-Gerði, og fjárhúsin á Syðra-Gerði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 2

HV-237:017 *Syðra-Gerði* heimild um útihús
“Gerðislækur kemur fram úr klapparbarði niður undan Skollu og fellur niður norðan við Gerði. Þar stóðu áður peningshús, en nú eru þar komnar nýbyggingar. Íbúðarhúsið stendur þar, sem áður var Ytra-Gerði, og fjárhúsin á Syðra-Gerði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 2

HV-237:018 heimild
“Leynir kallast partur neðan við brekkuna suður frá tóftarbroti, sem sunnan við túnið suður undan bænum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 2

HV-237:019 *Náttmálavarða* varða eyktamark
“Náttmálavarða er grjótvarða á Rjúpnadalsbrún upp undan Kötlum norðast. Hún var eyktamark frá Geithömrum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 3

HV-237:020 *Gildruhóll* örnefni refagildra
“Brekkur heita frá Sjónarhól suður að Gildruhól, sem er grjóthóll norður undan túninu. Ekki er vitað um tófugildru þar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 4

HV-237:021 varða
“Mitt í milli Gildruhóls og túnsins er Flataberg, flatur steinn og á honum vörðubrot.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 4

HV-237:022 heimild um stekk
“Vatnsvík er vík, sem gengur suður úr Svínavatni. Vatnsvíkurflói heitir frá Vatnsvík suður á Hólatagl. Neðrihólar eru suður af Hólatagli. Efrihólar eru sunnar og ofan en Neðrihólar. Þar eru mjög gömul stekkjarbrot og efsta stekkjarbrotið nefnt Stekkur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 5

HV-237:023 heimild um ristu
“Torfholt heitir ofan við Breiðholt rétt neðan við veginn. Holt þetta er umkringt mýrum, og þar mun torfið hafa verði rist, enda sáust merki um torfristu í mýrunum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 5

HV-237:024 *Kirkjusteinn* örnefni huldufólksbústaður
“Kyrkingarsteinn er stór steinn undan Grjótholti ofan við sýsluveginn. Steinn þessi heitir í daglegu tali

Kirkjusteinn. Hann stendur einn sér, nokkuð hár og strýtumyndaður og því sérlega vel til þess fallinn að vera álitinn álfakirkja. Þjóðsagan segir hins vegar, að piltur nokkur hafi hengt sig þar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geithamrar, 6

HV-238 Grund

40 hdr 1706, Hólastólseign. Bænhús var á jörðinni. 1486: Jarðarinnar getið í bænhúsaskrá. DI V, 353. Árið 1950 var jörðinni skipt upp í tvær jarðir, Grund og Syðri-Grund. Einnig voru Brúarvellir byggðir úr landi Grundar. Húnaþing II, 245, 248-9. 1706: "Túninu spillir vatnságángur allavega meir og meir, so það sýnist í mýri falla muni." JÁM VIII, 327 1857: "... ágætur heyskapur og dágóð beit, en ofveðrasamt." SSH, 91. 1920: Tún 5 ha, 1/2 slétt.

HV-238:001 *Grund* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-238:002 heimild um bænhús
GRUND Í SVÍNADAL (AUÐKÚLUÞING) (AH) ? BÆNHÚS
1486: er niðri, DI V 353
Engin bænhúsrúst er þekkt ? Þórður Þorsteinsson, Grund 14.8.1992.
Heimildir: DI; OV: Dagbók 1992, 4

HV-238:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-238:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-238:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-238:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-238:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-238:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-238:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-238:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-238:011 heimild um útihús
"Gerði var nefnt syðsta horn túnsins, voru þar merki eftir byggingar. Nú er þar fyrir fáum árum byggð íbúðarhús úr steinsteypu ásamt peningshúsum, og er nú jörðinni skipt í tvö býli, en annað íbúðarhús stendur nú þar, sem gamli bærinn stóð." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grund, 1

HV-238:012 *Þvotthóll* örnefni þvottastaður
"Þvotthóll heitir hóll norðan við lækinn, sem fellur á milli íbúðarhúsanna." segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Grund, 1

HV-238:013 *Stekkjareyri* örnefni stekkur
"... Stekkjareyri, valllendisstykki sunnan með ánni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grund, 1

HV-238:014 *Grundarhús* heimild um beitarhús
"Húsholt heitir langt holt syðst og vestast í Grundarnesi; þar voru beitarhús frá Grund fram yfir síðustu aldamót. Enn sjást húsarústirnar syðst í holtinu, og eru þar enn kölluð Grundarhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grund, 1-2

HV-238:015 *Reiðingatóftir* heimild
"Reiðingatóftir heitir tóftarbrot fyrir sunnan og neðan túnið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grund, 2

HV-238:016 heimild um stekk
"Stekkjarholt heitir suður frá Grásteini; þar hefur til forna verið stekkur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grund, 2

HV-238:017 heimild um smalakofa
"Kofamelur heitir melur neðan við norðari tjörnina í Skálunum. Þar var kofi sunnan frá Grund, en ærnar voru passaðar í Skálunum ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Grund, 4

HV-238:018 *Tröllkall* heimild
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 6

HV-251:029 heimild um leið

“Grýluhóll er lítill hóll neðan við götu út frá Bæjarlæk upp undan miðjum Útvelli. Þar var sagt að Grýla gamla byggi. Á hólnum er gríðarstór hella. Þar var inngangur kellu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 6

HV-251:030 *Efra-Fossvað* heimild um vað
“Fosshvammar, Ytri- og Syðri-, eru við Bæjarlæk milli Fossbrúna. Efra-Fossvað er á Bæjarlæknum ofan við Fosshvamma.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 6

HV-251:031 *Neðra-Fossvað* heimild um vað
“Fosshvammar, Ytri- og Syðri-, eru við Bæjarlæk milli Fossbrúna. Efra-Fossvað er á Bæjarlæknum ofan við Fosshvamma. Neðra-Fossvað er ofan við Neðri-Fossbrún í Fosshvömmum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 6

HV-251:032 *Melagerði* bæjarstæði býli
“Melagerði er valllendisbreið fyrir norðan Krókalág, neðan við mela og ofan við Efri-Brúnir. Þar vottar fyrir gömlum tóftarbrotum enda var áður samnefnt býli á þessum slóðum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 7

HV-251:033 heimild um vað
Vaðhvammur er neðarlega í gilinu [Gilsárgili]. Þar var vað á ánni, nú brú.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 7

HV-251:034 *Langamelsvarða* varða
“Langimelur heitir alllangur melur á Melabrún norðan við Bæjarlæk. ... Langamelsvarða er varða úr grjóti á miðjum Langamel.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 7

HV-251:035 *Melavarða* varða
“Melar heitir tvískipt melalda suður undan Einbúa og nær hún suður að Gilsárgili. Á milli melanna og einbúans eru upptök Pokalækjar, Húsalækjar og Gerðislækjar. Melavarða er nyrst á Melunum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 9

HV-251:036 *Tóta* varða
“Tóta heitir varða, sem er hlaðin á steini sunnan við miðja Mela [035]. Varðan er mjög digur, og er ef til vill kennd við feita og pattaralega smalastúlku.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 9

HV-251:037 *Skarðavarða* varða
“Efraskarð er hvammur í Bæjarlækjargilinu á Barkarás. Neðraskarð er hvammur lítið neðar neðar með læknum. Skarðavarða er norðan við Efraskarð.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 10

HV-251:038 heimild um kvíar
“Kvíar eru gömul tóftarbrot á Barkarás upp undan Einbúa. Halldór man ekki eftir þessu nafni, en minnist hins vegar tóftanna, en rétt við þær fellur Kvíalækur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 10

HV-251:039 *Barkarásvarða* varða
“Barkarásvarða er sunnarlega í Barkarás.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 10

HV-251:040 varða
“Stórhóll er norðast á Haugsás [024] með vörðubrot á steini.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 10

HV-251:041 *Torfbyrgi* örnefni
“Pyttasund er norður frá Breiðaflóa að Hjallabreiðum, milli Haugsáss og Hjallaáss. Hjallabreiðar eru norðan Pyttasunds milli Haugáss og Hjallaáss neðan undir Torfbyrgi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 11

HV-251:042 varða landamerki
“Merkjahóll er hóll með vörðu á norðvestur af Austari-Hjalla [025].” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 11

HV-251:043 varða landamerki
“Stórabarð er allhá bunga, snarbrött að sunnan, austan og vestan. Syðst á því er merkjavarða á merkjum milli Guðlaugsstaða og Stóradals (Sléttárdals).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 12

HV-251:044 *Guðlaugsstaðasel* heimild um sel
“Guðlaugstaðasel eru gamlar seltóftir við Gilsá, rétt sunnan við Skúta. Selhvammur er þar við ána.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 12

HV-251:045 *Byrgisás* örnefni
“Byrgisás er fyrir ofan Efri-Selás og nær út að Þúfnalæk.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 12

HV-251:046 *Draugsvarða* varða
“Draugsvörðuás er vestan við Byrgisflá austan Stórabarðs. Draugsvarða er syðst á honum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 13

HV-251:047 *Kúavöð* heimild um vað
“Víðir heitir einu nafn i frá Selásnum suður í Buga vestan Gilsár að Heygarðsárbungu. ... Kúavöð heita vöð á Gilsá sunnarlega við Víðir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 13

HV-251:048 *Heygarðsás* örnefni heygarður
“Heygarðsás er vestan við Litluflá; liggur frá Gilsá norður vestan við Víðir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 13

HV-251:049 *Björnsheyið* heimild um heystæði
“Lítill hóll norðan við Kaldalæk heitir Björnsheyið. Það er rétt vestan við Gilsá í vestari Bug sunnan Heygarðsflóa. Þar er sagt, að maður að nafni Björn hafi sett saman hey, er hann heyjaði í Heygarðsflóa. þaðan var heyið aldrei flutt og vottar enn fyrir rúst þar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 13

HV-251:050 heimild um sæluhús
“Skálasteinn er stór steinn á ás norður undan Gilsvatni. Einhvern tíma var byggður skáli yfir þennan stein, sennilega fyrir veiðimenn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 14

HV-251:051 *Hólssel* tóft sel

“Hólssel eru gamlar seltóftir austan undir Skollhólsás sunnarlega.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Guðlaugsstaðir, 14

HV-251:052 þjóðsaga
Það var um kvöld rétt eftir sólarlag. Sá hét Björn Bjarnarson sem logann sá. Hann er bróðir Odds sem nú (1847) er bóndi á Marðarnúpi. Þegar hann sá logann var hann smalamaður hjá Arnljóti bónda Illugasyni á Guðlaugsstöðum. Hann var eitt kvöld sem oftar yfir fé uppi á brúnunum fyrir ofan bæinn. Hann sá þá logann, miðaði hann niður og sagði bónda frá. Hann kvað það markleysu eina, en fór þó með Birni og fann hann staðinn. Skoðuðu þeir hann og sáu ei annað en að víðilaufið var lítið eitt sviðnað. Fóru þeir heim síðan. Nokkru síðar fór bóndi til og gróf þar gröf sem Björn hafði séð vafurlogann. Þegar Björn vissi það spurði hann bónda hvort hann hefði fundið nokkuð. Bóndi sagðist ekkert hafa fundið annað en kol nokkuð. Halda menn að það hafi satt verið því aldrei urðu menn neins þess varir hjá honum sem fornmenjar þóttu í vera.
Heimildir: Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I, 266

HV-252 Syðri Lángamýri
10 hdr 1706, Hólastólseign. 1706: “Túninu spillir vatnsuppgángur, sem sumstaðar gjörir jarðföll.” JÁM VIII, 347 1920: Tún 6,5 ha, um 1/8 slétt. “Ræktunarland er mikið og gott. Beitilandið er ekki víðáttumikið en notagott.” Húnaþing II, 229.

HV-252:001 *Syðri Lángamýri* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-252:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-252:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-252:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-252:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-252:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-253 Ytri Lángamýri
20 hdr 1706, Hólastólseign. Bænhús var á jörðinni. [1220] Löngumýrar getið í skrá Þingeyrarklausturs, ekki ljóst hvor jörðin það var. DI, 401.1349: Vitnisburðarbréf um að Tunga í Blöndudal (Sælingsdalstunga ?) eigi torfskurð á jörðinni Ytri-Löngumýr á Ásum. DI II, 864,. 1399: “sagde [Þorfinnur Hallfreðsson seljandi] til Bænhuss skulldar ä firr sagdre jordu ä langamyre ...” Landamerkja jarðarinnar getið í bréfinu. DI III, 650. 1477: Klaustrið kaupir jörðina. DI VI, 116. Markhúshóll gamalt eyðibýli. 1706: “Túninu spillir vatn, vide Langamýri syðri.” JÁM VIII, 346 1920: Tún 6,2 ha, um 4/7 þýft, garðar 465 m2. “Heimalandið er ekki stórt, en næstum allt graslendi og að miklum hluta ræktanlegt.” Húnaþing II, 228

HV-253:001 *Ytri Lángamýri* bæjarhóll bústaður

HV-253:002 heimild um bænhús
YTRI?LANGAMÝRI Í BLÖNDUDAL (AH) (BLÖNDUDALSHÓLAÞING) ? BÆNHÚS

31.12.1399: sagde [Þorfinnur Hallfreðsson seljandi] til Bænhuss skulldar ä firr sagdre jordu ä langamyre; DI III 650
Heimildir: DI

HV-253:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-253:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-253:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-253:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-253:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-253:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-253:009 heimild um fjárhús
“Markúsarvöllur fyrir sunnan fjárhús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Langamýri, 1

HV-253:010 bæjarstæði býli
“Markúsarvöllur fyrir sunnan fjárhús. Markúsarhóll í miðjum Markúsarvelli og var þar rúst eftir gamlan bæ.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Langamýri, 1

HV-253:011 *Gerði* örnefni
“Gerði, syðsti hluti túnsins.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Langamýri, 1

HV-253:012 *Lambhús* örnefni lambhús
“Útauki, um 1200 faðma slétta ofan við Lambhús upp á túni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Langamýri, 1

HV-253:013 heimild
“Kofavöllur kring um kofa út og upp á túni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Langamýri, 1

HV-253:014 *Ferjubakki* örnefni ferja
“Ferjubakki við Blöndu á landamerkjum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Langamýri, 2

HV-253:015 *Birgisbrún* örnefni
“Birgisbrún, hæð á mýrunum neðan bæjar og nær hún frá merkjum að sunnan út að Stekkjarlæk.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Langamýri, 2

HV-253:016 heimild um heygarð
“Heygarður, gömul rúst sunnan í Múla.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Langamýri, 3

HV-253:017 *Vaðeyri* örnefni vað
“Vaðeyri, grjóteyri meðfram Blöndu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Langamýri, 3

HV-253:018 *Stekkjareyri* örnefni stekkur
“Stekkjareyri upp af Síkiseyri. Stekkjarlækur upp af eyrinni. Stekkjargil ofan eyrar. Stekkjarhóll sunnan gilsins.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Langamýri, 3

HV-254 Tungunes

20 hdr. 1706. Þingeyrarklausturseign. Tunguness, 20 hdr, getið í skrá um jarðir Vatnsfjarðar Kristínar frá 1458, sennilega sama jörð. DI V, 162. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Í eyði frá 1959. 1706: “Enginu grandar vatnsfallið Blanda og sandfjúk af Blöndueyrum.” JÁM VIII, 345 “Beit góð, heyskapur lítill. Endurbætt í öllu tilliti. Sandfok er þar aðalgalli á enginu.” SSH, 92 1920: Tún 8,2 ha, um 1/8 þýfður. 1

HV-254:001 *Tungunes* bæjarhóll bústaður
“Tungunesnes með ánni, allbreitt syðst, beint niður undan bænum. Bæjarhólar, sunnan til á nesinu; þar hefur áður staðið bærinn Tungunes.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Tungunes, 2

HV-254:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-254:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-254:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-254:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-254:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-254:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-254:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-254:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-254:010 gripir
1864: “VOPNKNÍFUR með látúnsskapti. Blaðið er 6 þumlúnga langt, frammjótt og alveg tvíeggjað. Það er slétt öðru megin, en hinumegin er hryggur á því miðju. Annars vegar út úr blaðinu upp við skaptið er

stór járnlykkja í staðin fyrir hjöltu, svo sem tíðkaðist á korðum á sextándu öld, og mun upprunalega hafa verið báðumegin ... Hann fannst í Túnguness landi sumarið 1864, og sást oddurinn standa upp á milli steina. Þar fannst ekki fleira."
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 98

HV-254:011 *Berjaborg* örnefni
"Hyrningar, syðst í landinu, þar sem hálsinn þrýtur. Tjarnardalir eru dældardrög norðvestur af Hyrningum. Berjaborg er allöng bunga, sem liggur úr og suður, norðvestur af Tjarnardölum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tungunes, 1

HV-254:012 *Tungunesbyrgi* örnefni
"Tungunesbyrgi, vestur af Berjaborgarenda." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tungunes, 1

HV-254:013 *Dagmálavarða* varða eyktamark
"Dagmálavarða, varða suður og upp frá túninu í hæðinni og ver við loft." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tungunes ath og við, 1

HV-254:014 heimild um leið
"Sneiðingur, reiðgötur út og upp Bæjarbrún, skammt suðaustan við Náttmálastein." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tungunes ath og við, 1

HV-254:015 heimild um áveitu
"Flæðar (norðan), áveitusvæði með flóðgörðum í Nesinu, frá Loðnaskurði suður að Grákolluskurði." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tungunes ath og við, 1

HV-254:016 *Blóti* heimild um vað
"Blóti, varð á meginkvísl Blöndu, beint niður undan Tungunesi (landamerkjakvísl)." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Þar var sagt að menn hefði blótað til að vaðið brygðist aldrei. Blóti Svo er mælt að Blanda hafi í fornöld runnið í stokki einum eftir dalnum og væri hvergi vað á henni þangað til Véfreyður (?) var fenginn til að blóta til vaðs á Blöndu; þá varð vað á henni og var það kallað Blóti, og er enn vað á ánni er svo heitir. Vað þetta er undan Hlíðarskriðum þar sem vegurinn liggur upp í skriðurnar að utanverður. Er þar fyrst hylur sem líka heitir Blóti, en vaðið er framanvert við hylinn. Segja menn að vaðið Blóti hafi fyrst þar verið sem nú er hylurinn og sést þar að gat á klöpp er stendur fram við hylinn.
Heimildir: Ö-Tungunes ath og við, 1-2; Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri IV, 114

HV-254:017 heimild um stekk
"Stekkur, stekkjarbrot nyrzt í Bæjarhólnum á Nesinu." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tungunes ath og við, 1

HV-255 Kárastaðir
16 hdr 1706, Svínavatnskirkjueign. 1563: Kárastaðir eign Svínavatns. DI XIV, 166. Í eyði frá 1956. 1706: "Túnunum spilla jarðföll af vatnsgángi undan brekku. Engjunum, sem áður voru góðar, hefur Blanda spilt með sandságángi." JÁM VIII, 344 1857: "... útbeit dágóð, en engjalítið og undirorpið sandágangi." SSH, 92. 1920: Tún 2,2 ha 3/4 þýft. "Beitiland er þar sæmilega gott og ágætt ræktunarland á flatlendinu norður frá gamla túninu, en Blanda liggur þar það með miklum þunga og ógnar með landbroti." Húnaþing II, 227

HV-255:001 *Kárastaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-255:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-255:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-255:004 *Bræður* varða landamerki
"Stutt er frá Kárastaðabænum út að merkjum. Það eru nefndar Brekkur. Vestur á hálsinum eru Bræður, þrjár vörður saman, merki Kárastaða og Sólheima." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kárastaðir

HV-255:005 varða samgöngubót
SSH: "Hann [HV-691:003] kemur úr Langadalnum yfir Blöndu hjá Æsustöðum. Liggur hann svo nýlagður með vörðum út hjá Kárastöðum, vestur fyrir ofan Ása og út hjá Búrfellum og þar út yfir Laxá, sem rennur úr Svínavatni til sjávar, og vestur á Reykjabraut."
Heimildir: SSH, 94

HV-256 Ásar

20 hdr 1706. 1458: jarðarinnar getið í skrá um jarðir Vatnsfjarðar Kristínar . DI V, 162. 1706 segir af mögulegu eyðibýli á jörðinni. 1706: "Enginu grandar sandságángur úr Blöndu, og leirskriður úr brekku." JÁM VIII, 343 "... útbeit dágóð, en engjar undirorpnar sandágangi." SSH, 92. "Þetta er stór og mikil jörð, en hefur verið talin erfið til fullra nota. Þar er mikið og gott ræktunarland á flatlendi meðfram Blöndu, sem áður var talið engjaland." Húnaþing II, 226

HV-256:001 *Ásar* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-256:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-256:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-256:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-256:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-256:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-256:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-256:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-256:009 bæjarstæði býli
1706: “Girðíngaleifar sjást hjer skamt frá bænum, enginn veit þar hafi býli verið yfir 100 ár. Munnmæli segja þar hafi til forna staðið bærinn Ásar, og þaðan fluttur verið þángað sem nú er. Menn hyggja því hafi vatnsleysi valdið, og er hjer ómögulegt aftur að byggja, því túnstæði er í hrjóstur komið.”
Heimildir: JÁM VIII, 343

HV-256:010 *Fjósvöllur* örnefni fjós
“Fjósvöllur, norðan við Bæjarlæk, upp að gömlu garðlagi nokkuð ofan við bæinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásar, 1

HV-256:011 heimild
“Fjósvöllur, norðan við Bæjarlæk, upp að gömlu garðlagi nokkuð ofan við bæinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásar, 1

HV-256:012 *Réttarhústunga* örnefni útihús
“Réttarhústunga, ofan við áðurnefnt garðlag að reiðgötur út og upp frá bæ.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásar, 1

HV-256:013 heimild um leið
“Réttarhústunga, ofan við áðurnefnt garðlag að reiðgötur út og upp frá bæ.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásar, 1

HV-256:014 *Miðhúsatún* örnefni
“Miðhúsatún, frá nefndri götu [013] að Bæjarlæk ofan við hið gamla garðlag.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásar, 1

HV-256:015 *Húsahóll* örnefni
“Húsahóll, efsti hluti túnsins sunnan Bæjarlækjar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásar, 1

HV-256:016 *Merkjagarður* heimild um landamerki
“Merkjagarður, gamall flóðgarður á merkjum milli Ása og Kárastaða, þó munu merkin vera 2-3 metrum norðan við garðinn. Garður þessi var gerður af ábúenda Kárastaða og efni í hann tekið að norðanverðu við hann.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásar, 1

HV-256:017 *Húsaás* örnefni
“Húsaás liggur suður frá túnhorninu að ofan og stefnir uppá við.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásar, 2

HV-256:018 heimild um stekk
“Stekkjargrund var kölluð flöt grund við Blöndu norðan við Bæjarlækinn. Þar var stekkur, en um síðustu aldamór hafði áin brotið að mestu grundina og stekkinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásar, 2

HV-256:019 heimild um áveitu
“Norðurnes var kallað allt stykkið þar fyrir norðan, neðan við brekkurnar að merkjum milli Ása og Hamars. ... Norðurflæði, með brekkunum norður að flóðgarði, sem hlaðinn hafði verið lítið fyrir sunnan merkin.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásar, 2

HV-256:020 heimild um stekk
“Stekkjarberg, allhátt klettahorn sunnan í ásvestur undan suðurenda Bæjaráss. Þar var stekkur fram undir

síðustu aldamót." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásar, 3

HV-256:021 varða
"Þorleifsvörðuás neðri, langur ás, byrjar að sunnan ofan við Stekkjarmelssund og nær norður undir Merkjakeldu. Nokkur klettabelti eru austan í ás þessum og vörðubrot á honum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásar, 3

HV-256:022 *Þorleifsvörðuás efri* örnefni
"Þorleifsvörðurás efri liggur samhlið neðri ásnum, en er styttri." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásar, 3

HV-257 Hamar

Fátækraeign frá 1648 eða 1658. 1706 segir almannarómur dýrleika vera 20 hdr. 1536 var jörðin eign Holtastaðarkirkju. DI XI, 115. Girðingaleifar fornar við merkin milli H og Gunnfríðarstaða. Ekki föst búseta frá 1959, en 1976 var nýtt íbúðarhús í byggingu. Húnaþing II, 225

1706: "Enginu spilla leirskriður úr brattlendi og sandur, sem Blanda fær." JÁM VIII, 342. 1857: "Hamar, stuttri bæjarleið utar, og Gunnfríðarstaðir þar rétt hjá. Á báðum þeim bæjum er dágóð útbeit, en reytingsheyskapur." SSH, 92. 1920: Tún 3 ha um 1/3 þýft, garðar 210 m2. "Það er meðalstór jörð, sem á land austan í hálsinum, gegnt Stóra-Búrfelli og niður að Blöndu." Húnaþing II, 225

HV-257:001 *Hamar* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-257:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-257:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-257:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-257:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-257:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-257:007 *Gunnfríðarstaðir* bæjarstæði býli
1706: "Girðíngaleifar fornar sjást hjer, þar sem veit til Gunnfríðarstaða; hvört þar hafi nokkurn tíma býli verið veit enginn, og er ekki heldur fullvíst hvört það heyrir til Gunnfríðarstöðum eður Hamri. Hitt er víst að ekki má það byggjast nema hvorttveggja sje skaðað."
Heimildir: JÁM VIII, 342

HV-257:008 heimild um stekk
"Bein lína úr honum í Miðþúfu (beint í Blöndu), sem er á háum balahrygg niður af tjörnunum. Þúfurnar eru þrjár. Þar hefur verið stekkur til forna, og sér fyrir honum örlítið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 1

HV-257:009 heimild um fjárhús
"Þríhyrningur (hóll), nær upp að ærhúsum og niður að heimreiðargötu suðaustan frá." segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 1

HV-257:010 heimild um lambhús
“Lambhústún. Það er ofan og vestan lækjar og nær norður fyrir bæinn. Lambhúsklöpp, fyrir norðan lambhúsið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 1

HV-257:011 *Gerði* heimild um hesthús
“Gerðistún. Það er norðvestasti partur túnsins.” segir í örnefnaskrá “Gerði, þar stóð hesthús og lítill túnkragi í kring.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 1; Ö-Hamar, 1

HV-257:012 varða
“Kollóttimelur, upp af Kinninni norðaustast, varða á honum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 2

HV-257:013 varða
“Merkjalækur. Hann rennur í Blöndu og ræður merkjum að norðan milli Hamars og Gunnfríðarstaða í dý norðast og efst í Keldudal og þaðan upp á Stallabrúnir. Þaðan beina líku sunnan við Háuborg í vörðu á Langaborg [svo] ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 2

HV-257:014 *Litlistekkur* heimild um stekk
“Stekkjarmelur, í suður frá Húsaberginu. Stekkjarhvammur, niður undna Stekkjarmel. Litlistekkur, tekur við fyrir sunnan Húsmó.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 2

HV-257:015 *Húsaborg* örnefni
“Húsaborg. Hún er suður af Lóumel, sunnan lækjar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 2

HV-257:016 *Litluborgir* örnefni
“Litluborgir, fyrir sunna og vestan Húsaborg.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 2

HV-257:017 *Miðborg* örnefni
“Miðborg. Hún er framar og austar en Húsaborgin, mýrarsund á milli þeirra, Húsaborgarsund.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 2

HV-257:018 *Hrafnaborg* örnefni
“Hrafnaborg. Hún er framan og austar, sund á milli [hennar] og Miðborgar og nefnt eftir borginni Hrafnaborgarsund.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 2

HV-257:019 heimild um smalakofa
“Smalaborg. Það er syðsta og vestasta borgin í þessum borgarklasa, nafnið eftir smalakofa syðst á henni, hlaðinn upp af hellum (hjásetukofi).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 2-3

HV-257:020 *Stóristekkur* heimild um stekk
“Stóristekkur, sunnan lækjar [?]. Stekkjarlaut, þar sunnar, með brekkunni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 3

HV-257:021 varða
“Hemluhólsmýri, nær frá Grundinni fram til Hempuhóls, á mýrarenda, fremst. Hann er með vörðu á kollinum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 3

HV-257:022 *Gálgagil* heimild um aftökustað
“Neshálsinn, frá Neskletti; hæstur er hálsinn suður á móts við mitt Nesið, en lækkar þá suður að gili. Gálgagil. gamlar sagnir herma, að þar hafi verið hengdir illræðismenn. Þar eru merkin milli Hamars og Ása.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 3-4

HV-257:023 *Neðstavarða* varða
“Neðstavarða. Hún er norðan við slakkann, fyrir norðan Lóumelshögg á hálsbrúninni. Þar hjá henni er reiðgata vestur yfir hálsinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 4

HV-257:024 heimild um leið
“Neðstavarða. Hún er norðan við slakkann, fyrir norðan Lóumelshögg á hálsbrúninni. Þar hjá henni er reiðgata vestur yfir hálsinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 4

HV-257:025 *Miðvarða* varða
“Neðstavarða. Hún er norðan við slakkann, fyrir norðan Lóumelshögg á hálsbrúninni. Þar hjá henni er reiðgata vestur yfir hálsinn. Miðvörðuholt sunnar og ofar.” segir í örnefnaskrá “Miðvarða, litlu sunnar [en Hádegisvarða] og ofar á hálsinum, á litlu klapparholti.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 4; Ö-Hamar, 4

HV-257:026 *Litlavarða* varða
“Litlavörðuholt, syðst og efst, niður undan Digruvörðu. Digravörðuás. Hann er ofar og vestar en Litlavörðuholtið. Digravarða. Hún er syðst á ásnum.” segir í örnefnaskrá “Litlavarða var enn ofar [en Miðvarða], andspænis Digruvörðu [027] er blautt flóasund á milli þeirra.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 4; Ö-Hamar, 4

HV-257:027 *Digravarða* varða
“Litlavörðuholt, syðst og efst, niður undan Digruvörðu. Digravörðuás. Hann er ofar og vestar en Litlavörðuholtið. Digravarða. Hún er syðst á ásnum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 4

HV-257:028 heimild um leið
“Digraássund, er fyrir neðan ásinn, nær út að Nautamóum. Eftir þeim liggja götur úr fyrir ofan Háuborg.(Gunnfríðarstaðaland)” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 4

HV-257:029 varða eyktamark
“Nónvörðuslakki, lægð í hálsinn upp af bænum. Nónvörðumelur. Þar hækkar hálsinn. Varða er há á melnum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 4

HV-257:030 *Mógrafarmelur* örnefni mógrafir
“Mógrafarmelur. Hann er suðvestur af Hálshögginu [utar og vestar en 025].” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 4

HV-257:031 *Borgardalur* örnefni
“Borgardalur, frá Stallabrún upp í melhól efst í dalnum, milli Yztuborgar og Háuborgar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 4

HV-257:032 *Öskuhaugur* örnefni
Engin staðsetning í skrá.
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 5

HV-257:033 heimild um túngarð
“Túngarður var garðlag norðan við túnið með allbreiðum skurði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 5

HV-257:034 *Veita* örnefni áveita
“Veita, úr Bæjarlæk.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 5

HV-257:035 heimild um leið
“Heybandsvegur neðan Litlakletts og heim Hempuhólssund, milli Hempuhóls og borganna.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar EÁB, 5

HV-257:036 *Öskuhóll* örnefni
“Öskuhóll, stór hóll norðan við bæinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar, 1

HV-257:037 *Hádegisvarða* varða eyktamark
“Hádegisvarða er í slakka upp af Bæjargilsbotni. Lá götuslóði upp Lambhúsbergið suður og upp frá vörðunni. Mun láta mjög nærri, að varða þessi sé í hásuður frá bænum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar, 4

HV-257:039 heimild um leið
“Hádegisvarða er í slakka upp af Bæjargilsbotni. Lá götuslóði upp Lambhúsbergið suður og upp frá vörðunni. Mun láta mjög nærri, að varða þessi sé í hásuður frá bænum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar, 4

HV-257:040 *Borgardalur* örnefni
“Yztaborg er klettabelti í hálsbrúninni norðan Ketils. Á bak við hann er Borgardalur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar, 4

HV-257:041 *Langaborg* örnefni
“Langaborg er upp og vestur af Nautamóum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar, 4-5

HV-257:041 heimild um mógrafir
“Mógrafarmýri er vestur og upp af Lambhúsbergi. Þar er lélegt mótak, enn nokkrir viðarlurkar í.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar, 5

HV-257:042 varða landamerki
“Frá Stöllum liggja merkin um Borgardal um lítinn melhól efst í dalnum, svo sjónhending í vörðu á lönguborg norðan Búrfellstjarnar ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar, 6

HV-257:043 heimild um leið
"Frá Stöllum liggja merkin um Borgardal um lítinn melhól efst í dalnum, svo sjónhending í vörðu á lönguborg norðan Búrfellstjarnar, þaðan sjónhending í skurð úr suðurenda Búrfellstjarnar, þaðan sjóhending í skurð úr suðurenda Búrfellstjarnar um kollóttan mel, hjá reiðgötum í vesturjaðri Breiðaflóa ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar, 6

HV-257:044 varða landamerki
"Frá Stöllum liggja merkin um Borgardal um lítinn melhól efst í dalnum, svo sjónhending í vörðu á lönguborg norðan Búrfellstjarnar, þaðan sjónhending í skurð úr suðurenda Búrfellstjarnar, þaðan sjóhending í skurð úr suðurenda Búrfellstjarnar um kollóttan mel, hjá reiðgötum í vesturjaðri Breiðaflóa, í litla vörðu á melhól beint upp af Ásatjörn.segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hamar, 6

HV-258 Gunnfríðarstaðir

10 hdr 1706. 1661: Jón Ólafsson selur Jóni Egilssyni Björnúlfsstaðu og Gunnfríðarstaði. Jarðabréf, 198 Í eyði frá 1942. Litlu-Gunnfríðarstaðir voru í byggð til forna. Þar er skógrækt og hrossageymsla.
1706: "Túninu grandar vatnsuppgángur nýlega tilfallinn. Enginu hefur Blanda spilt so það er eytt að mestu." JÁM VIII, 342 1857: "Hamar, stuttri bæjarleið utar, og Gunnfríðarstaðir þar rétt hjá. Á báðum þeim bæjum er dágóð útbeit, en reytingsheyskapur." SSH, 92. 1920: Tún 2,4 ha, garðar 88m2.

HV-258:001 *Gunnfríðarstaðir* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð sem næst í miðju túni. Hann hefur nú verið rifinn. Þó var einn eldhúsveggur látinn standa og verður ekki rifinn, því hann þykir svo vel hlaðinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Gunnfríðarstaðir, 2

HV-258:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-258:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-258:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-258:005 heimild um fjárhús
"Syðst í túninu stóðu fjárhús og hesthús. Einnig var þar fjárrétt, hlaðin öll úr steini eftir föður Helgu. Þar var tekið inn fé á vorin." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 2

HV-258:006 heimild um rétt
"Syðst í túninu stóðu fjárhús og hesthús. Einnig var þar fjárrétt, hlaðin öll úr steini eftir föður Helgu. Þar var tekið inn fé á vorin." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 2

HV-258:007 heimild
"Norðast í túninu heitir Útauki. Þar sást einhvern tíma fyrir gömlum húsarústum, en þær voru sléttaðar út." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 2

HV-258:008 *Litlu-Gunnfríðarstaðir* bæjarstæði býli

“Suðvestur frá Steinholti, ofan við Bergið, sem svo er kallað, er hóll með klettabelti. Hann er kallaður Litli-Gumpur í eldri skránni, en Helga segir það eiga að vera Litlu-Gunnfríðarstaðir. Mælt var, að fyrsta konan, sem bjó á Grunnfríðarstöðum, hafi heitið Gunnfríður og hefði hún fyrst búið á þessum stað. Þarna sást lengi fyrir bæjarstæði, og þykir Helgu þetta þó nokkuð skemmtilegur staður.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 2

HV-258:009 heimild um legstað
“Úti í túninu var stór þúfa, grasi gróin, sem sagt var, að Gunnfríður hvíldi undir. Þúfan hefur nú verið jöfnuð við jörðu vegna ræktunar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 2

HV-258:010 *Heiðnaborg* örnefni
“Borgardalur er mýrardrag, sem liggur til suðvesturs ofan við Stalla. ... Sunnan við Borgardal er Heiðnaborg. Hún er kölluð Nónborg frá Hamri. Engin varða er á henni frá Gunnfríðarstöðum séð ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 3

HV-258:011 *Hádegisvarða* varða eyktamark
“Hádegisvarða nefnist grjótvarða, sem standur á Háuborg. Var hún hádegismark frá Gunnfríðarstöðum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 3

HV-258:012 *Bollaborg* örnefni
“Fyrir ofan Háuborg var eins og berg fyrir ofan grasi gróinn bolla. Nefnist það Bollaborg.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 3

HV-258:013 *Langaborg* örnefni
“Fyrir ofan Háuborg var eins og berg fyrir ofan grasi gróinn bolla. Nefnist það Bollaborg. Suðvestur af Bollaborg er svonefnd Langaborg.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 3

HV-258:014 *Dagmálaborg* örnefni eyktamark
“Fyrir ofan Háuborg var eins og berg fyrir ofan grasi gróinn bolla. Nefnist það Bollaborg. Suðvestur af Bollaborg er svonefnd Langaborg. Norðvestur af henni er Dagmálaborg. Þar voru talin dagmál frá Tindum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 3

HV-258:015 heimild um huldufólksbústað
“Suður af henni [Tindslaut], milli Tinds og Dagmálaborgar, eru klettadrangar eða hólar með smáklettum, sem farið var í gengum, þegar fara þurfti á milli bæjar. Dranga þessa kallað Helga Hulduhóla eða Draugadranga - krökkum þótti þeir minna dálítið á drauga. Hólar þessir eru kallaðir smáhólar í eldri lýsingunni og sagt, að þar ætti að búa huldufólk.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 4

HV-258:016 *Litlavarða* varða
“Ofan við bæinn og túnið er ás og í honum allhátt klettabelti. Það er nefnd Bæjarberg í eldri lýsingunni, en Helga kallar það aðeins Bergið ... Sunnan undir Berginu er lítil borg sem heitir Litlavarða.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 4-5

HV-258:017 heimild um mógrafir
“Suður og upp frá Efrabergi eru Móhólar og Mómýri á milli þeirra. þar var tekinn upp mór, bæði fyrir

heimilið og nágrannana, því hann þótti afskaplega góður.” segir í örnefnaskrá
Hann var 9 stungur.
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 5

HV-258:018 heimild um ferju
“Mjóasund heitir á Blöndu undan Nestánni. Þar er áin mjó, og var þar lögferja á henni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 5

HV-258:019 garðlag landamerki
“Af ferjubakkanum á Nestánni eru merkin á milli Gunnfríðarstaða og Holtstaðareits. Þar sér fyrir garðlagi á miðju nesinu, fyrir ánni beint upp yfir nesið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gunnfríðarstaðir, 5

HV-259 Tindar

30 hdr 1706. Útkirkja var á jörðinni stóð fram yfir 1706. Árni Daðason og Elen Pétursdóttir selja Páli og Jóni Þorlákssonum Ásgeirsá fyrir Tinda ásamt öðru. Jarðabréf, 198. Kuml fannst í landi jarðarinnar. 1706 eru tvær eyðihjáleigur á jörðinni, Brandskot og önnur nafnlaus. JÁM VIII, 340.

1706: “Túninu grandar mýri, sem liggur fyrir ofan. Engjunum spillir Laxá með grjótburði.” JÁM VIII, 340 1857: “Þar er útbeit góð og veðursæld.” SSH, 93. 1920: Tún 7m2 ha 1/2 þýft, garðar 350m2. “Landið er víðlent graslendi og nær vestur að Fremri-Laxá og Svínavatni, en þar eru fornar skógarleifar, “Tindaskógar”. Ræktunarland er mikið, að mestu mýrlendi.” Húnaþing II, 223

HV-259:001 *Tindar* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-259:002 heimild um útkirkja
1706: “Hjer hefur hálfkirkja verið og stendur húsið enn, þó man enginn þar hafi tíðir veittar verið.”
TINDAR Í ÁSUM (AH) (SVÍNAVATNSÞING?) stóð fram yfir 1706; (PP, 230)
Heimildir: PP, 230; JÁM VIII, 339

HV-259:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-259:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-259:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-259:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-259:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-259:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-259:009 kuml legstaður
“Norðaustan við þjóðveginn um Ásana, miðja vegu milli bæjanna Tinda og Kagaðarhóls, fundu vegagerðarmenn fornt kuml árið 1937. Staðurinn er í landi Tinda, um 1 km norðan við bæinn og í hvarfi

þaðan. Vegagerðarmennirnir léku kumlin illa og rýrðu við það alla vitneskju, sem annars hefði verið auðfengin, því að Matthías Þórðarson rannsakaði staðinn seinna sama sumar. Kumlin líktust púfum í stórgerðum móa og stóðu lágt niðri við mýri sunnan við Hafratjörn. Dálítil upphækkun myndaðist í móanum, þar sem kumlin voru. Vegamennirnir óku burt allri moldinni niður að móhellu. Þá komu í ljós bein, sem öllum var raskað, en þó látin aftur í hrúgur, hvor í sína gröf, því að kumlin voru tvö, manns og hests. Undir kumlþúfunum voru grafir, í lögun sem grunnar, kringlóttar skálar, gröf mannsins um 90 sm í þvm., en hestsins um 105 sm. Stefna kumlanna sín í milli var NNV-SSA, og hefur maðurinn sennilega legið þannig í gröf sinni, að höfuð hefur snúið í NNV, en fætur í SSA. Hesturinn var svo í hinni gröfinni til fóta manninum og lítið bil á milli. Ekki er getið um neitt dysjargrjót í kumlinu.

Mannsbeinin voru mjög óheilleg, en hrossbeinin sæmilega heil, og sást af tönnum, að hesturinn hafði verið mjög gamall. Hann hafði verið sleginn með hamri eða öxarskalla, og sást laut í ennið eftir rothöggið. Eftirtaldir gripir fundust með beinunum (28. mynd):
12094. Spjót, falbrotið og bogið, með einkennilegum koparhólk á leggnum; mun hafa verið krókaspjót, svo sem frá er greint í þættinum um spjót.
12095. Hringprjónn úr bronsi, með litlum haus, óskreyttur.
12096. Krókur úr járni, brotið af báðum endum, en mun hafa verið öngull.
12097. Trébútur ryðmettaður, líklega skaftendi spjótsins innan úr falnum.
Fundarstaðurinn er það langt frá bæjum, að ekki er ósennilegt, að maðurinn hafi látizt á víðavangi, t.d. drukknað í Hafratjörn eða Laxárvatni."
Heimildir: KEKH 2000, 129-130

HV-259:010 *Brandakot* bæjarstæði býli
1706: "Hjáleiga var í manna minni hjer upreist við túngarðinn og kölluð Brandskot. Bygðin varaði sex eður tíu ár eður skemur, lá so í auðn um stundir og bygðist síðan aftur um þrigga ára tíma." "Brandsgerði heitir tóftarbrot austan í Holtinu sunnarlega. Þar sést, auk tóftarrústa, fyrir túngarði." segir í örnefnaskrá "Brandskot var og túnjaðarshjáleiga á Tindum á 17. öld."
Heimildir: JÁM VIII, 340; Ö-Tindar, 3; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 151

HV-259:011 bæjarstæði býli
1706: "Önnu hjáleiga var hjer í manna minni bygð um fá ár og eyðilögð síðar. Þar fylgdi engin grasnautn, nema sú sem bóndinn ljeði, og ekki var því nafn gerið, því það var í kvíabólsstað uppreist fyrir vesæla húsmannskonu, og, þá hún gat ekki viðhaldist eyðilagt aftur."
Heimildir: JÁM VIII, 340

HV-259:012 heimild um fjárhús
"Húsahóll, norðvestast í túninu; þar eru tvö fjárhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 1

HV-259:013 heimild um fjárhús
"Húsahóll, norðvestast í túninu; þar eru tvö fjárhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 1

HV-259:014 *Gamlafjós* heimild um fjós
"Suðurtún er nefnt sunnan við skurð, sem er rétt norðan við fjósið (Gamlafjós)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 1

HV-259:015 *Gníputóft* heimild
"Gníputóft heitir tóftarbrot syðst í jaðri í gamla túninu rétt norðan við heimreið, sem nú er notuð, og er það þar, sem nú er beygja á heimreiðinni. Þar voru til skamms tíma tóftarbrot, en nú er búið að slétta fyrir það." segir í örnefnaskrá. "Fyrir neðan túnið á Tindum var svo Gnýputóft, sem sagnir herma reyndar að hafi verið bænhús en ekki býli." segir í Húnaþingi

Bær heitir á Tindi. Þar bjó einu sinni bóndi sem var mjög áhyggjusamur í búskaparefnum og mesti mauraþegn, en gaf aldrei nokkrum neitt. Eitt sumar um sláttubyrjun var hann áhyggjufullur út af því að hann mundi verða seint búinn með túnið. Um kvöldið áður en hann ætlaði að byrja slátt morguninn

eftir sagði hann: “Það vildi ég að einhvur yrði búinn að slá fyrir mig túnið þegar ég kem á fætur á morgun um sólaruppkomuna.” Stundarkorni seinna kemur til hans maður og fer að tala við hann, helzt um slátt og þess háttar. Segist bóndi kvíða fyrir því að hann verði svo lengi með túnið. Þá segir hinn: “Viltu semja um það við mig að ég slái túnið þitt í nótt og verði búinn um sólaruppkomu, en þú komist svo í vinnu til mín á morgun?” Því játar bóndi og fer hinn síðan í burt, en bóndi fer inn og segir konu sinni þetta og lætur vel yfir. Henni fannst ekki til og sagðist vera hrædd um að þetta væri kölski. “Hvað er þá til ráða?” segir bóndi. “Það” segir hún, “að þú heitir því fyrir þig að gefa fátækum ríflegar gjafir ef þú sleppur úr þessum vanda og festa hjartað minna við auðinn eftir en áður. Farðu nú inn og leggðu þig fyrir, en háttaðu ekki svo þú verðir fljótari á fætur á morgun.” Hann gjörir það. Konan gengur út í túnið að tóft einni. Hún var hjá klettgnípu einni, gömul og gróin. Konan tekur steina úr gnípunni og raðar þeim í kross í tóftina þar sem loðnast var og fór síðan heim aftur. Um sólarlag kom sláttumaðurinn og tók til starfa síns og sló mikið. Nú fór fólk að hátta, en um miðja nótt lítur bóndi út og sýnist honum sinn púki sitja á hvurri þúfu um allt túnið, og eru þeir að reyta af grasið. Nú fer bónda ekki að lítast á, en fer þó inn aftur og liggur til sólaruppkomu. Þá fer hann út og sér þá engan nema þenna eina kaupnaut sinn. Er þá alslegið túnið nema tóftin. Var hann að slá hana utan. Bóndi gengur til hans og segir: “ekki ertu búinn með túnið; ég er laus allra mála við þig.” Hinn leit við honum og kvað þetta: “Grjót er nóg í Gníputóft, glymur járn í steinum. Þó túnið sé á Tindi mjótt, tefur það fyrir einum.” Hann hvarf síðan, en túnið var óslegið eftir, segja sumir. Bóndi varð mjög feginn og þakkaði guði og þar næst konu sinni frelsi sitt. Hann háttaskipti eftir þetta, gaf mikið fátækum og lifði hóglega með rósemi og ánægju alla ævi þaðan í frá.
Heimildir: Ö-Tindar, 1; Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri IV, 58-59; Hjördís Gísladóttir: “Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi”, 303

HV-259:016 *Dagmálaborg* örnefni eyktamark
“Dagmálaborg, allhá borg suður undan tindunum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 1

HV-259:017 *Ullarlækur* örnefni þvottastaður
“Ullarlækur fellur úr Leitiskeldu norður eftir og fyrir neðan túnið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 1

HV-259:018 vegur leið
“Reiðhóll heitir kollóttur melhóll norðan við Bungurnar. Þar var einu sinni gjörður vegur vestan frá Laxá og upp fyrir Ullarlæk.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 2

HV-259:019 *Selás* örnefni sel
“Selásflói, allbreiður flói vestan við Bungurnar. Selás er ás, sem gengur norðan frá Laxá suður í flóann (sami og getið er um við Búrfell). Seláskelda, vestan við Selás.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 2

HV-259:020 *Ósvað* heimild um vað
“Laxárós, þar sem Laxá fellur norðan úr vatninu (Svínavatni) sunnan við skóginn vestarlega. Ósvað var kallað á ánni rétt við ósinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 2

HV-259:021 *Skógarvað* heimild um vað
“Skógarvað var á ánni úr skógartánni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 2

HV-259:022 heimild um beitarhús
“Húsamýri heitir með ánni vestur og suður frá gömlum beitarhúsatóftum. Húsavað heitir þar á ánni, þar sem einu sinni lá vegur (póstleið frá reykjum að Holtastaðaferju). Þar voru beitarhús skammt austur frá vaðinu. Húsatangi heitir tangi við ána norður frá Húsarústum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 3

HV-259:023 *Húsavað* heimild um vað
"Húsamýri heitir með ánni vestur og suður frá gömlum beitarhúsatóftum. Húsavað heitir þar á ánni, þar sem einu sinni lá vegur (póstleið frá reykjum að Holtastaðaferju). Þar voru beitarhús skammt austur frá vaðinu. Húsatangi heitir tangi við ána norður frá Húsarústum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 3

HV-259:024 vegur leið
"Húsamýri heitir með ánni vestur og suður frá gömlum beitarhúsatóftum. Húsavað heitir þar á ánni, þar sem einu sinni lá vegur (póstleið frá reykjum að Holtastaðaferju). Þar voru beitarhús skammt austur frá vaðinu. Húsatangi heitir tangi við ána norður frá Húsarústum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 3

HV-259:025 *Stekkjarhvammur* örnefni stekkur
"Stekkjarhvammur, við ána skammt fyrir ofan brú, sem fyrir skömmu er komin þar á ána." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 3

HV-259:026 *Veita* heimild um áveitu
"Veita heitir mýrardrag milli Holtsins og heimatúnsins. Þar mun Ullarlæknum hafa verið veitt á mýrina." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 3

HV-259:027 *Torfhólar* örnefni rista
"Tindastagl er melás norður frá Tindinum. Torfhólar, norður af Tindastagli." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tindar, 4

HV-259:028 *Dísureitur* bæjarstæði bústaður
"Nyrst í Tindalandi austur við Blöndu, þar sem mætast Svínavatns- og Torfalækjarhreppar er Reiturinn og var hann reyndar tvö kot, Nyðri Reiturinn - Holtastaðareitur - er vetrarbeitiland frá Holtastöðum, en sá syðri tilheyrði Tindum og var um aldamótin stundum kallaður Dísureitur, kenndur við einsetukonu er þar bjó þá. Skamma stund varaði byggð á báðum þessum kotum, enda var þar ræktun lítil sem engin."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 151.

HV-260 Stóra Búrfell

30 hdr 1706, 40 hdr með Litla Búrfelli. 1458: Búrfells 40 hdr jörð getið í skrá um jarðir Vatnsfjarðar Kristínar. DI V, 162. Hjáleigur 1706 Litla-Búrfell og Auðnukot sem tilheyrði Stóra Búrfelli eða Sólheimum. JÁM VIII, 339. Ásukot og Dunhóll eyðibýli í landi Stóra-Búrfells. Býlinu skipt í tvö býli 1954. 1706: "Túninu grandar bæjarlækjarskriða, en enginu leirskriður." JÁM VIII, 338 1857: "Þar er góð útbeit og heyskapur og veðursæld." SSH, 93. 1920: Tún 4,6 ha um 1/3 slétt, garðar 697m2. "Ræktunarskilyrði eru góð og beitiland víðlent." Húnaþing II, 221

HV-260:001 *Stóra Búrfell* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-260:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-260:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-260:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

HV-260:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-260:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-260:007 *Auðnukot* bæjarstæði býli
1706: "Audnukot er hjer kallað gamalla bygðaleifa merki, það er liggur alla leið við stólsjarðirinnar Sólheima land, og menn geta til býli hafi að fornu verið. Hvört það heyrir Sólheimum til eður Búrfelli veit enginn, en örvænt er það megi nokkrum að gagni koma og ómögulegt aftur að byggja." "Auðna- eða Auðnufell, er það sama fellið og nefnt er við Sólheima; liggur norðasti hluti þess í Búrfellslandi." "Uppi í Sólheimasundi við rætur Auðnufells er gamalt eyðibýli, Auðnukot. Það er sennilega sama jörðin og Auðna-Búrfell, sem nefnt er í jarðaskrám Þingeyraklausturs."
Heimildir: JÁM VIII, 339; Ö-Stóra-Búrfell, 1; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 151

HV-260:008 *Ástukot* bæjarstæði býli
"Grásteinn, stór steinn norðan við miðja hlíðina. Ástukot, upp undan Grásteini. Þar sjást tóftaborg, sömuleiðis sést þar fyrir túngarði." segir í örnefnaskrá "Milli Stóra-Búrfells og Tinda var einhvern tíma Ástukot ..."
Heimildir: Ö-Stóra-Búrfell, 2; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 151

HV-260:009 *Dunhóll* bæjarstæði býli
"Búrfellsbungur eru töluvert háar bungur vestan við kelduna [Búrfellskelduna]. Dunhóll er allstór hóll, sem gengur suðvestur úr bungunum. Þar var einu sinni býli, en um síðastliðin full 50 ár hefur ekki verið búið þar, en þar eru nú fjárhús og komið það allstórt tún, sem mun gefa af sér fulla 100 hesta af töðu á ári." segir í örnefnaskrá
"... en suðvestur af Stóra-Búrfelli er Búrfellshóll, og var þar búið um og eftir síðustu aldamót, en nú eru þar beitarhús."
Heimildir: Ö-Stóra-Búrfell, 2; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 151

HV-260:010 *Sel* heimild um sel
"Selás heitir ás, sem gengur norðan frá Laxá suður í flóann, og er suðurhluti hans í Búrfellslandi. Sel er kallað í suðurenda ássins, þar sást greinilega fyrir húsarústum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Búrfell, 3

HV-260:011 heimild um brú
SSH: "Forræði eru mikil í þessum sóknum, og verður fáum brúm við komið vegna vatnsaga og bleytu. Þó er ein löng brú upp frá austurendanum á Svínavatni og heim að Svínavatnsbæ og önnur er á alfaraveginum hjá Búrfellinu."
Heimildir: SSH, 94

HV-261 Litla Búrfell

10 hdr 1706, hjáleiga Stóra-Búrfells. 1857: "Þar er góð útbeit og heyskapur og veðursæld." SSH, 93. . 1920: Tún 1,3 ha, um 6/6 slétt, garðar 221m2. "Þetta er fremur lítil jörð, en notagóð bæði hvað ræktunarland og beitiland snertir." Húnaþing II, 220

HV-261:001 *Litla Búrfell* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-261:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-261:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-261:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-262 Sólheimar

40 hdr 1706, Hólastólseign. Útkirkja var á jörðinni. 1384: "Sólheimakirkja á hlut í rekum undir Brekkum á Skaga [engir Sólheimar eru nær en þessir, Sólheimar í Sæmundarhlíð gætu einnig komið til greina] ..." DI III, 375 1453: "seljandi jarðarinnar sagði hálfkirkjuskyld á henni ..." DI V, 11. 1706: "Túnið er fordjarfað af lángri vanrækt og sumt í holt komið." JÁM VIII, 337 1857: "Þar er heyskapur góður og jörðin endurbætt mikið á seinni árum." SSH, 93. 1920: Tún 9,5 ha um 1/6 þýft. "Jörðin á mikið og gott landi upp frá miðju Svínavatni, hallandi mót suðvestri. Einkum er ræktunarland mikið og gott, mýrlendi að vísu, en auðvelt til þurrkunar." Húnaþing II, 219

HV-262:001 *Sólheimar* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-262:002 heimild um útkirkja
SÓLHEIMAR Í ÁSUM (SVÍNAVATNSÞING) (AH) ? HÁLFKIRKJA
8.5.1384: Sólheimakirkja á hlut í rekum undir Brekkum á Skaga; DI III 375 [engir Sólheimar eru nær en þessir, Sólheimar í Sæmundarhlíð gætu einnig komið til greina]
11.10.1453: seljandi jarðarinnar sagði hálfkirkjuskyld á henni; DI V 11
Heimildir: DI

HV-262:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-262:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-262:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-262:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-262:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-262:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-262:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-262:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-262:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-262:012 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-262:013 *Gildruhóll* örnefni refagildra
“Gildruhóll á hálsbrúninni að vestan suður af Auðnufelli, þar er mikið um hellugrjót, sem hentugt hefur verið írefagildrur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sólheimar IÞ, 1

HV-262:014 varða
“Háimelur upp undan bænum, á honum er varða.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sólheimar IÞ, 1

HV-262:015 *Tungunesgötur* heimild um leið
“Tungunesgötur eru framan í hálsinum. Þar var farið um á leið norður og yfir Blöndu á Tungunesvaði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sólheimar IÞ, 1

HV-262:016 *Tungunesvað* heimild um vað
“Tungunesgötur eru framan í hálsinum. Þar var farið um á leið norður og yfir Blöndu á Tungunesvaði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sólheimar IÞ, 1

HV-262:017 *Tóftarhóll* heimild
“Tóftarhóll er sunnan við Beitiflóann, suður undir skurði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sólheimar IÞ, 2

HV-262:018 heimild um kolagröf
“Neðri-Bungur neðan eða vestan við Beitiflóann. Þær eru grónar stórvöxnu hrísi þar er einnig að finna Sortulíng, Hrútaberjalíng og Einir. Þar hafa fundist kolagerðargrafir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sólheimar IÞ, 2

HV-262:019 *Sólheimasel* heimild um sel
“Selið er suður og ofan við Sandnesið. Þar sést fyrir tóftarbrotum. Ekki er vitað til að þar hafi skepnur verið hafðar, en umhverfis selið eru góð slægnalönd og hey var borið þar saman.” segir í örnefnaskrá IÞ. Sel eða Sólheimasel er kallaður blettur neðan við bungurnar rétt fyrir sunnan merki á milli Sólheima og Búrfells. Þar sést ekki fyrir neinum tóftarústum enda er þar mjög raklent.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sólheimar IÞ, 2; Ö-Sólheimar, 3

HV-262:020 heimild um stekk
“Stekkjarhvammur, hvammurinn sunnan við Beigðarhólinn, og stekkurinn var á vatnsbakkanum vestanundir hólnum. Er nú að mestu horfinn vegna landbrots frá vatninu. Þar var stekkjað síðast um 1900.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sólheimar IÞ, 2

HV-262:021 mannabein legstaður
“Ormsbert allhár klapparhóll ofan við Flúruhólinn. Heitir bergið eftir manni sem Ormur hét, var hann heigður og dysjaður þar á staðnum. Má enn sjá móta fyrir dysinni. Um aldamótin síðustu fannst hauskúpa þarna var hún grafin með barni frá Eiðsstöðum í kirkjugarði á Svínavatni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sólheimar IÞ, 3

HV-262:022 garðlag vörslugarður
“Víkurnar eru hvammar suður með vatninu, þar voru slægjur góðar. Úr Víkunum sunnarlega og heim

undir tún má sjá móta fyrir garði hefur hann eflaust verið til vörslu engja og þá mikið mannvirki." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sólheimar IÞ, 3

HV-262:023 *Grímsakofi* heimild um hesthús
"Hesthúsvöllur. Syðsti og neðstu hluti gamla túnsins." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 1

HV-268:012 *Smiðjuhóll* örnefni smalakofi
"Smiðjuhóll. gamall öskuhóll syðst í hlaðvarpa." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 1

HV-268:013 *Hesthúshóll* örnefni hesthús
"Hesthúshóll. Tungan við fjósið út með götu að neðan." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 1

HV-268:014 *Fjósvöllur* örnefni fjós
"Fjósvölur. Miðbik túnsins, neðan götu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 1

HV-268:015 *Lambhúsholt* örnefni lambhús
"Lambhúsholt. Fyrir sunnan og neðan tún." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 1

HV-268:016 *Lynghólmavað* heimild um vað
"Vaðhvammur. Lítill grashvammur við Blöndu beint undan miðju túninu. Lynghólmavað. Þar er Blanda niður undan Vaðhvammi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 2

HV-268:017 *Vörðumelur* örnefni
"Vörðumelur. Neðarlega á Melnum, þar eru merki milli Kotsins og Tungu vestur í Bakkahl." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 2

HV-268:018 *Gamlakot* bæjarstæði býli
"Gamlakot. Það er á grashól skammt ofan við Lindarhól, þar sér fyrir rústum og túngarði." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 2

HV-268:019 heimild um vörslugarð
“Grjótgarður. Hlaðinn grjótgarður yfir þvert engið. Þar voru áður merki um engi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 3

HV-268:020 *Stekkjareyri* örnefni stekkur
“Stekkjareyri. engjastykki austan frá Kringluhólum vestur að Grjótgarði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 3

HV-268:021 *Ytri-Skurður* heimild um áveitu
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 3

HV-268:022 *Fremri-Skurður* heimild um áveitu
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 3

HV-268:023 *Hádegisvarða* varða eyktamark
“Hádegisvarða. Á neðsta hólnum hádegi frá Tungu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 5

HV-268:024 *Gildrumelur* örnefni refagildra
“Gildrumelur. Hár melur norðan við “Hvamminn” [Gildrumelshvamminn].” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 5

HV-268:025 *Tunguvað* heimild um vað
“Tunguvað. Vað á Blöndu utan við Gildrumel.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 5

HV-268:026 *Stekkjarhóll* örnefni stekkur
“Stekkjarhvammur. Utan við Engjahvamm. Stekkjarhóll. Utan og ofan við Stekkjarhvamm.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 5

HV-268:027 *Dysjarhóll* mannabein legstaður
“Dysjarhóll. Melhryggur sunnan við Bakkahlíð. Þar fundust mannabein.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Finnstunga og Ytri-Tungukot, 5

HV-268:028 varða landamerki
Landamerki 1886: “Frá þröskuldi ræður merkjum bein stefna í vestur yfir Grenborg og vestur í fjallið í Grjótvörðu á Skarðshlíðarbrúninni beint norður af Þröskuldi ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Finnstungu 1886

HV-268:029 varða landamerki
Landamerki 1886: “Frá þröskuldi ræður merkjum bein stefna í vestur yfir Grenborg og vestur í fjallið í Grjótvörðu á Skarðshlíðarbrúninni beint norður af Þröskuldi á Kílaskarði; úr grjótvörðu þessari vestur fjallið og vestur af brúninni í grjótvörðu á melhól sunnan vert við Tunguskálar ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Finnstungu 1886

HV-268:030 heimild um landamerki
Landamerki 1886. “Frá Bakkadragi ræður bein stefna í austur eins og grjótvörður vísa austur í grjótgarð við Svartá norðan við Finnslæk ...”
Heimildir: Landamerkjaskrá Finnstungu 1886

HV-269 Ytra Túngukot

6 hdr 1708, hjáleiga Finnstungu. Jörðin heitir nú Ártún. 1839: “Þar er seintekinn heyskapur og beit í léttara lagi.” SSH, 108. 1920: Tún 2 ha, garðar 7431m2. “Túnið er ræktað af sandeyrum og valllendismóum.” Húnaþing II, 214

HV-269:001 *Ytra Túngukot* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-269:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-269:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-269:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-269:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-269:006 heimild um smiðju
Heimildir: Túnakort 1920

HV-269:007 *Móvað* heimild um vað
“Rétt er að nefna gömul vöð á Blöndu, áður en skilizt er að öllu við þetta mesta og mannskæðasta vatnsfall héraðsins. ... Móvað norður af Ytra-Tungukotsmó ...”
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 199-200

HV-270 Syðra Túngukot

12 hdr 1708, hjáleiga Finnstungu. Jörðin heitir nú Brúarhlíð. 1839: “Er þar heyskapur allgóður, en létt til beitar.” SSH, 108. 1920: Tún 2 ha, garðar 6939m2

HV-270:001 *Syðra Túngukot* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-270:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-270:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-270:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-270:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-270:006 *Mógrafir* örnefni mógrafir
“Mógrafir féllu undir veginn að brúnni (uppfyllingu að brúnni).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Syðra-Tungukot; Ö-Brúarhlíð, 1

HV-270:007 *Hesthúsbrekka* örnefni hesthús
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Syðra-Tungukot

HV-270:008 *Gildrumelshvammur* örnefni refagildra
Engar staðsetningar í skrá.
Heimildir: Ö-Syðra-Tungukot

HV-270:009 heimild um smalakofa
"Byrgi (smalabyrgi) stóð á Þröskuldur (sunnarlega)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Syðra-Tungukot; Ö-Brúarhlíð, 1

HV-270:010 heimild um ferju
"Dragferjuhylur var neðan túnsins. Ámundarhylur er norðan hans, ferjuhylur um mjög langt skeið; árabátar; farsæl leið." segir í örnefnaskrá "Blanda. ... Lögferjur voru fyrrum á Mjósundi sunnan Holtastaða og undan Brúarhlíð (Syðra-Tungukot). Kláferja var á Blöndu milli Brandsstaða og Blöndudalshóla, fram um 1950. Tvær brýr eru á Blöndu, önnur hjá Blönduósi en hin á neðanverðum Blöndudal, niður undan Syðri-Löngumýri."

"... en þó er því lokið 1915. Þá er hún [ferjan] tekin í notkun. ... Ferjunni var valinn staður rétt utan við bæinn Syðra-Tungukot ... þarnja var hún starfrækt hvert einasta sumar, þar til hún fórst 1943. Ferjustaðurinn var djúpur hylur 50-60 m breiður. Straumþungt var um miðja ána, en lyngt við sandana. Að austan var hár grasi vaxinn bakki, greiðfær gangandi manni, en sneiðing varð að gera til að koma hestum að og frá frejunni. Sandeyri var við ána, en svo aðdjúpt, að venulegasta var hægt að stíga ad sandinum beint upp í ferjuna. Eins var lending að vestan en þar tók aftur við breið stórgýtt eyri, en að henni lokinni aflíðandi brekka upp í grasi vaxinn hvamm. Í þá brekku var gerð rauf, venjulega kölluð ferjubás, þangað var ferjan dregin á haustin og geymd þar yfir vegurinn. þessi bás var það hátt uppi í brekkunni, að þar var ferjan óhult hversu mikið, sem á gekk er áin ruddi sig."
Heimildir: Ö-Brúarhlíð, 1; Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson: Landið þitt Ísland I, 89; Aðalbjörg G. Þorgrímsdóttir: "Dragferjan á Blöndu", 64

HV-270:011 *Finnstunguvað* heimild um vað
"Rétt er að nefna gömul vöð á Blöndu, áður en skilizt er að öllu við þetta mesta og mannskæðasta vatnsfall héraðsins. ... Finnstunguvað er neðan við Ferjuhyl fyrir norðan Syðra-Tungukot ..."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 199-200

HV-271 Blöndudalshólar

Kirkjustaður 1708. "[um 1220]: Þingeyraklaustr á at diacna at holvm f[iordvng] ... " DI I, 400. 1318: "Kyrckia j holum ä allt heimaland. ... Tyund heytollur. lysistollr af. vj. Bæium." DI II 473-474. 1318: "Prestur [á Bergstöðum] tekur ... halfa mork vr Holaþingum ..." DI II, 473 . [1364]: "Kyrckia j Blaundudals holum ä heyma land alltt. ... Tyund. heytollur. lysistollur af. vj Bæium." DI III, 159. [1360-89]: "prestur [á Bergstöðum tekur] half[a] mork vr Hola þingum ..." DI III, 158-159 [1360-89]: "[Gunnsteinsstaðakirkja á]Reka halfann huals og vidar. ä doplur. enn hola kyrckia halfann." DI III, 169. 1394: "hun a allt heymaland. Biarg land a skaga med aullum gognum vtann hualreka. ... heytollur og liostollur af. vj. Bæium." DI III, 543-544. 1394: "[tekur prestur á Bergstöðum] halfa morck vr holaþingum ..." DI III 544-545. [1429]: [1] prestr; DI IV, 382. 1432: "var giordh firir vj hundrot æn firir fynd niv hundrot læggi a stadæn ij merkr aarliga ..." DI IV, 511. 1450: Jörðin Brandsstaðir liggur j blaundudal j blaundudalshola kirkiu sokn; DI V, 50. 1453: "Jörðin Eyvindarstaðir stenndur j blaundudal j hola kirkiu sokn, þar er hálfkirkjuskyld ..." DI V, 116. [1461]: 1 prestur DI V, 361. 1486: Blöndudalshólaþingum fylgja 2 hálfkirkjur DI V 352-3. Hólaborg eyðihjáleiga.

1708: "Túninu grandar smálækir, sem bera möl og sand á völlinn í vatnavöxtum og spillir rótinni. Enginu spillir í sama máta lækir, sem bera leir og sand í rótina." JÁM VIII, 359 1839: "Þar er lítill heyskapur og létt til beitar sumar og vetur." SSH, 108. 1920: Tún 5 ha, garðar 2668m2. "Tún er stórt, að mestu neðan vegar á framræstum mýrum. Beitiland allvíðlent, bæði neðan brúna og á hálsinum." Húnaþing II, 211

HV-271:001 *Blöndudalshólar* bæjarhóll bústaður
“Fyrrum stóðu bær og kirkja í krika sunnan hólanna.” segir í Húnaþingi “Gamla túnið var sunnan undir hólunum. Mjó ræma náði þó alla leið til árinnar. Gamli bærinn stóð ofarlega sunnan undir hólnum. Nýi bærinn var byggður utan túns 1931-32. Þar sem nú er meginhluti nýja túnsins var áður forarflói ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Húnaþing II, 211; Ö-Blöndudalshólar, 1

HV-271:002 heimild um kirkju
“Fyrrum stóðu bær og kirkja í krika sunnan hólanna.” segir í Húnaþingi “Kirkjugarðsflöt. Sunnna við tóftirnar af gamla bænum. Gamall kirkjugarður. Sigfús Eyjólfsson fyrrv. eigandi og ábúandi jarðarinnar sléttaði yfir.” segir í örnefnaskrá
BLÖNDUDALSHÓLAR (AH) ?Jóni babtista
[um 1220]: Þingeyraklaustr á ? at diacna at holvm f[iordvng]; DI I 400
1318: LXXVII. Blondudalshola kyrckia.
Kyrckia j holum ä allt heimaland.
iiij. ær. [hokul* alltarisklædi. ij. alltarisdvkar. iij. Elldbera. kluckur. ij. Tiolld vm kor. ij. tiallda Totrar j frammkyrkiu. krossar. iij. fontz vmbunadur. Jons lykneski Baptistæ.
Þar skal prestur vera. tekur hann heima j. leygu .iiij. merckur. vtangardz half[a] fiordu mork. kiertaklofe.
Tyund heytollur. lysistollr af. vj. Bæium.
kyrkiu tyund tali anno. c. oc. ix. alnar.
vax. kietill. paxblad. alltarisklædi medur tefling. Bækur. Gradlare per usum. oc messubok tekur til ad jolafostu til paska. kyr. hundradz hest. mariu lykneski oc kiertistyka. kross yfer alltare. alltaris steinn buinn. dvkur Blamercktr yfer Jons lykneski Baptistæ. hundrad voru. morck vax. oc glergluggur lytill.
Hundrad j hafnarvadum [er sijra Einar liet laust.*
Ecclesia non dedicata. [* b.v. m. annari hendi; Máld DI II 473?474
1318: Prestur [á Bergstöðum] tekur ... halfa mork vr Holaþingum; Máld DI II 473 [Bergstaða]
[1364]: vij. Blondudalz hola kyrckia.
Kyrckia j Blaundudals holum ä heyma land alltt. ij. ær og. xx. vij. kyr. ross. iij. hundrad j hafnarvodum eodem anno. halft þridia hundrad voru.
Þetta jnnan kyrckiu. hokull. alltarisklædi. iij. alltarisdvkar. ij. Elldberi. Glodarkier. kluckur. ij. krossar. iiij. Tiolld vm framm kyrckiu. og steintialld sæmiligt. fontz vmbunadur. sloppur og käpa. Backstur jarn. Mariu lijkneski. og jarnstyka. Jons lykneski Baptistæ. Og dvkur Blamercktur. kanalestur. sacrarium. munnlug. paxspialld. alltaris steirn bvinn. glergluggur. lytill kierta klofue. alltaris steyrn annar.
Bækur. Grallarar. ij. annar per usum og messu Bok. og tekur til ad Jola fostu oc framann til paska.
morck vax. mercki.
Jtem jardar reytur fyrer handann Blondu medur vmmerkium.
Tekur prestur vtann gardz halff[a] fiordu morck.
Tyund. heytollur. lysistollur af. vj Bæium. Máld DI III 159
[1360?89]: prestur [á Bergstöðum tekur] half[a] mork vr Hola þingum Máld DI III 158?159 [Bergstaða]
[1360-89]: [Gunnsteinsstaðakirkja á]Reka halfann huals og vidar. ä doplur. enn hola kyrckia halfann. DI III 169
1394: xxxv. Blondudalshola kyrckia.
Kyrckia ad Blaundudalzhoolum er helgud med Gudi hinum heilaga Johanni Baptistæ.
hun a allt heymaland. Biarg land a skaga med aullum gognum vtann hualreka. Jtem jardar reyt fyrer handann blondu med vmmerkium.
þetta jnnann kyrckiu. hokull. alltarisklædi. iij. dvkar. ij Elldberi. Glodarkier. kluckur ij. krossar fiorer. Tiolld. iij. og steintialld sæmiligt. fontz vmmbunadur. sloppur og käpa. Backsturjarn. sacrarij munnlaug. paxspialld. alltaris steinn Bvinn. Glergluggur lytill. kanna. kiertakloffui. alltaris steinn annarr. Mariu lijkneski. Jons lijkneski Baptistæ med dwk. jarnstyka og aunnur lijtil. koparstyka. morck vax. Brijk og broddstafur. Blæia Blämerckt.
þetta j Bokum. Grallare. messuBok fra jolafostu og framann til paska. palltare forn. Sermonis Bok forn.
þar er prestskylld. tekur prestur heima j leigu. iiij. merckur enn vtann gardz halfua fiordu morck.

heytollur og liostollur af. vj. Bæium.
Ecclesia non dedicata.
Tijund kyrckiu hluti a þui are halffur sionde Eyrer.
þetta j lausagodzi. kyr. x. asaudur fiogur kugilldi og. iiij ær. [hundrad j slatrum. halfftt þridia hundrad voru*. og fiorar voder tuitugar. hross iiij.
reyknadist j portionem. kaleykur fyrer halfft þridia hundrad. var þä luckt portio vm. xviij. ar er sijra þordur hafdi bvid. Máld DI III 543?544
1394: [tekur prestur á Bergstöðum] halfa morck vr holaþingum; Máld DI III 544?545 [Bergstaða]
[1429]: [1] prestr; DI IV 382
17.8.1432: var giordh firir vj hundrot æn firir fynd niv hundrot læggi a stadæn ij merkr aarliga; Vísitasíugerð DI IV 511
1450: Jörðin Brandsstaðir liggur j blaundudal j blaundudalshola kirkiu sokn; DI V 50
11.10.1453: Jörðin Eyvindarstaðir stenndur j blaundudal j hola kirkiu sokn, þar er hálfkirkjuskyld; DI V 116
[1461]: 1 prestur DI V 361
1486: Blöndudalshólaþingum fylgja 2 hálfkirkjur DI V 352?3
27.2.1880: Blöndudalshólaprestakall lagt niður og Blöndudalshólasókn lögð til Bergsstaðaprestakalls, en Holtastaðasókn til Hjaltabakka; (PP, 232) [lög]
23.1.1882: Blöndudalshólakirkja lögð niður og sókninn skipt þannig að 6 bæir leggjast til Bergstaðakirkju, 4 bæir til Bólstaðarhlíðarsóknar, en 3 bæir (V Blöndu) til Svínavatnssóknar; (PP, 233)
Heimildir: DI; PP; Húnaþing II, 211; Ö-Blöndudalshólar, 1

HV-271:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-271:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-271:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-271:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-271:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-271:008 *Húsavöllur* örnefni
“Húsavöllur. Nýræktartún norðan Húsalækjar og neðan skurðar, sem liggur til Blöndu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Blöndudalshólar, 1

HV-271:009 heimild um kvíar
“Kvíhóll. Hóll utan og ofan við gamla bæinn. Tóftarbrot sjást eftir kvíar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Blöndudalshólar, 1

HV-271:010 *Stekkjarnes* örnefni stekkur
“Stekkjarnes. Undirlendi niður við ána í enginu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Blöndudalshólar, 2

HV-271:011 *Hólavað* heimild um vað
“Hólavað. Vað á Blöndu undan íbúðarhúsinu.” segir í örnefnaskrá
Samkvæmt sögunni ferst enginn á Hólavaði ef Hólakirkja var opin. “Rétt er að nefna gömul vöð á

Blöndu, áður en skilizt er að öllu við þetta mesta og mannskæðasta vatnsfall héraðsins. ... Hólavað er undan Blöndudalshólum."
Heimildir: Ö-Blöndudalshólar, 3; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 199-200

HV-271:012 heimild um kláfferju
"Kláferja var á Blöndu milli Brandsstaða og Blöndudalshóla, fram um 1950. Tvær brýr eru á Blöndu, önnur hjá Blönduósi en hin á neðanverðum Blöndudal, niður undan Syðri-Löngumýri."
Heimildir: Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson, Landið þitt Ísland I, 89

HV-271:013 *Hólaborg* heimild um býli
"Suður og niður frá Syðri-Löngumýri er eyðikotið Hólaborg, sem er gegnt Blöndudalshólum og var hjáleiga þaðan."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 141.

HV-272 Brandstaðir

20 hdr 1708. 1450: Kaupbréf fyrir Brandsstaði. DI V, 50 Kuml fannst í landi jarðarinnar.
1708: "Túninu grandar smálækir sem bera á það sand og leir; so og jetur vatn sig upp í vellinum og grefur hann neðan, so grasrótin dettur niður og verður so eftir grasleysugryfjur. enginu grandar í sama máta lækir úr brattlendi, sem bera á það grjót, leir og sand til stórskaða." JÁM VIII, 358 1839: "Þar er létt til haga vetur og sumar, en heyskapur allgóður." SSH, 108. 1920: Tún 6 ha, garðar 1852m2. "Jörðin er ekki víðlend, en ræktunarskilyrði ágæt, einkum á samfelldu framræstu mýrlendi neðan vegar." Húnaþing II, 210

HV-272:001 *Brandstaðir* bæjarhóll bústaður
"Bæjarhóll, hóllinn milli húsa og bæjar (ofan bæjar)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Brandsstaðir, 1

HV-272:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-272:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-272:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-272:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-272:006 kuml legstaður
"Haustið 1965 komu í ljós mannabein og hrossbein er verið var að byggja fjárhús og hlöðu á bænum. Kristján Eldjárn gerði þar rannsókn í júlí 1967. Um 250 m suður og niður frá gamla bæjarstæðinu og nær Blöndugilinu er allmikið holt með leir og moldarlögum og miklu og allstórgerðu grjóti, sem víða stendur upp úr. Fram af holtinu er brött brekka. Nyrst á þessu holti og næst gamla bæjarstæðinu valdi ábúandi stað fyrir nýju húsin, en þá kom í ljós, að staðurinn hafði verið kumlastæði í fornum sið. Við rannsóknina fannst hálf hrossgröf við hlöðuvegginn, afganginn hafði skurðgrafa eyðilagt og þaðan komu þau mannabein og hrossbein sem fundust í öndverðu. Í fyllingu hennar fundust enn fáein hrossbein, mannabein og ryðbútar, þar af einn greinilegur nagli. Í beinu framhaldi af hrossgröfinni kom í ljós mannsgröf, og var haft á milli. Sneri gröfin VNV-ASA, með höfuð í vesturenda, um 170 sm löng og um 1 m breið efst en mjórri neðar, og um 70 sm djúp. Í grafarfyllingunni fannst höfuðkúpubrot, kjálkabrot og annað hrafl af beinum, smávægilegar leifar af járni og ryðrunnu tré og margir stórir steinar. Til fóta var stór jarðfastur steinn. Jón Steffensen greindi beinaleifarnar og telur þær vera úr þremur fullorðnum mönnum, eru beinin úr mannsgröfinni úr ungri konu. Gætu þarna leynst fleiri grafir því hér virðast vera

leifar af kumlateig."
Heimildir: KEKH 2000, 131-132

HV-272:007 heimild um leið
"Sniðskornar reiðgötur liggja þar upp á hálsinn til Brúnaskarðs, með Járnhrygg að sunnan, en Skeggstaðafell að norðan." segir í Húnaþingi
Heimildir: Húnaþing II, 210

HV-272:008 varða landamerki
"Landamerkjaskrá Brandsstaða er þannig samkvæmt landamerkjabók Húnavatnssýslu: Að norðan ræður merkjum svokallað Landamerkjagil eður Skurður, sem stenzt á við stein þann, er stendur á melnum fyrir vestan Blöndu. Eru merkin úr gili þessu bein ofan að ánni í stefnu við áðurnefndan stein; úr efri enda gils þessa eru merkin réttsýnis á háls upp, þá eftir hæstu brún á honum suður á Járnhrygg, og er þar hornmerki að sunnan, þaðan rétt vestur í vörðu vestan í hálsbrúninni, svo í vörðu á Blöndubakka utan og neðan Eyvindarstaðagerði, frá henni og í Blöndu, er ræður merkjum að vestan, norður í áðurnefnt Landamerkjagil. Dags. 13. maí 1890."
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 1

HV-272:009 varða landamerki
"Landamerkjaskrá Brandsstaða er þannig samkvæmt landamerkjabók Húnavatnssýslu: Að norðan ræður merkjum svokallað Landamerkjagil eður Skurður, sem stenzt á við stein þann, er stendur á melnum fyrir vestan Blöndu. Eru merkin úr gili þessu bein ofan að ánni í stefnu við áðurnefndan stein; úr efri enda gils þessa eru merkin réttsýnis á háls upp, þá eftir hæstu brún á honum suður á Járnhrygg, og er þar hornmerki að sunnan, þaðan rétt vestur í vörðu vestan í hálsbrúninni, svo í vörðu á Blöndubakka utan og neðan Eyvindarstaðagerði, frá henni og í Blöndu, er ræður merkjum að vestan, norður í áðurnefnt Landamerkjagil. Dags. 13. maí 1890."
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 1

HV-272:010 *Fjósvöllur* örnefni fjós
"Fjósvöllur hét, þegar ég kom að Brandsstöðum 1908, túnið neðan við bæinn ofan í brekkubrún og út að mýrinni, sem gekk ofan í gegnum túnið. Dyngja var öskuhóll norðan við bæinn, enn ekki að fullu horfinn 1942, en nú horfinn að fullu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 1

HV-272:011 heimild
"Fjósvöllur hét, þegar ég kom að Brandsstöðum 1908, túnið neðan við bæinn ofan í brekkubrún og út að mýrinni, sem gekk ofan í gegnum túnið. Dyngja var öskuhóll norðan við bæinn, enn ekki að fullu horfinn 1942, en nú horfinn að fullu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 1

HV-272:012 *Hólhús* heimild um fjárhús
"Húsahóll heitir niður frá fjárhúsunum úti á túninu, en þau heita Hólhús, nú eyðilögð. Gerði er nyrzt á túninu. Þar er nú hesthús. Kvíahús hétu húsin ofan við bæinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 2

HV-272:013 *Gerði* örnefni
"Húsahóll heitir niður frá fjárhúsunum úti á túninu, en þau heita Hólhús, nú eyðilögð. Gerði er nyrzt á túninu. Þar er nú hesthús. Kvíahús hétu húsin ofan við bæinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 2

HV-272:014 *Kvíahús* heimild
"Húsahóll heitir niður frá fjárhúsunum úti á túninu, en þau heita Hólhús, nú eyðilögð. Gerði er nyrzt á túninu. Þar er nú hesthús. Kvíahús hétu húsin ofan við bæinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 2

HV-272:015 heimild um ferju
“Ferjubakki heitir bakkinn fyrir framan norðurhluta Undirvallarins. Ferjugata heitir sniðgata, er liggur ofan Ferjubakkann. Ferjuhorn heitir nyrzta hornið á klettinum fyrir framan túnið. Þarna var ferja, en naustin var vestan ár og sést enn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 2

HV-272:016 *Ferjugata* heimild um leið
“Ferjubakki heitir bakkinn fyrir framan norðurhluta Undirvallarins. Ferjugata heitir sniðgata, er liggur ofan Ferjubakkann. Ferjuhorn heitir nyrzta hornið á klettinum fyrir framan túnið. Þarna var ferja, en naustin var vestan ár og sést enn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 2

HV-272:017 heimild um naust
“Ferjubakki heitir bakkinn fyrir framan norðurhluta Undirvallarins. Ferjugata heitir sniðgata, er liggur ofan Ferjubakkann. Ferjuhorn heitir nyrzta hornið á klettinum fyrir framan túnið. Þarna var ferja, en naustin var vestan ár og sést enn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 2

HV-272:018 heimild um leið
“Engi heitir einu nafni frá túninu norður á merki fyrir neðan gömlu götur (girðingu).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 2

HV-272:019 heimild um kvíar
“Djúpagil heitir gilið norðan Bæjargils. Upp úr því að sunnan gengur Djúpagils-botn. Milli giljanna er Kvíahóll. Kvíar voru uppistandandi 1908. Nú eru þar peningshús” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 2-3

HV-272:020 *Sneiðingur* heimild um leið
“Upp af Kvíahól er Sneiðingur, og Sneiðingsmelur er milli giljanna. Þar liggur Sneiðingurinn upp í Brúnarskarð, kirkjuleið að Bergsstöðum. Sneiðingur er sniðskorin gata, hreppavegur, á milli giljanna. Úr Djúpagili kemur Húsalækur og fellur norðan Hólhúsanna.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 3

HV-272:021 *Geitakofaskurður* örnefni geitakofi
“Suður miðjar brekkurnar eru Hvörfin, oft líka kölluð Neðri- Leyningar. Geitakofaskurður er í miðjum brekkunum og þó heldur sunnar, nær allhátt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 3

HV-272:022 heimild um stekk
“Hvarfið liggur meðfram ánni frá Austurhlíðarmerkjum og takmarkast að norðan af Stekkjarholti. Vestan undir því er Stekkjarstapi, einstakur klettur á árbakkanum, og er gamall stekkur austan undir honum. Stekkjarmór er og vestan undir Stekkjarholtinu, og liggur hann norður frá Stekkjarstapanum og takmarkast að norðan af Stekkjarkeldu, er fellur þar fram af bakkanum. Holtið er austan stekkjarins, Stekkjarmórinn norðan hans, nú orðinn tún.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 4

HV-272:023 heimild um ristu
“Nokkru norðar á árbakkanum er Háistapi; hann er ókleifur. ... Háistapi er hæstur stapanna. Norðan Háastapa er Langistapi, ögn lægri. Eldra heiti hans er Langhamar, a.m.k. frá 1800, þekkt á dögum Björns annálaritara. Klettinn sunnan Bæjarlækjar heyrði ég aldrei nefndan [neitt]. Við norðurenda Langastapa er Litlihvammur við ána. Austan tveggja nyrðri stapanna er Torfdalur, og liggur norðurendi hans ofan í Litlahvamminn. Í Torfdal var rist torf.” segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Brandsstaðir, 4

HV-273 Eyvindarstaðir

40 hdr 1708. Hólastólseign. Hálfkirkja var á jörðinni. Landnámsjörð. Jarðarinnar geti í Sturlungu. Sturlunga saga II, 179. 1453: "seljandi jarðarinnar sagði hálfkirkjuskyld á henni ..." DI V, 116-117. 1486: Jarðarinnar getið. DI V, 352. 1708: "Afrétt engin nema Eyvindastaðaheiði, sem liggur fram frá Ugludalslandi fyri austan Blöndu. Hjer hefur áður afrjettur verið, vide Selland ut supra." JÁM VIII, 356 1708 eru eyðihjáleigur Jökulgerði og Þrætugerði.

1708: "Túninu grandar smálækir, sem renna úr brattlendi og bera á völlinn leir og sand til stórskaða, sem verður við varðað. Enginu grandar í sama máta smálækir úr brattlendi, sem bera á þær grjót og leir til stórskaða, sem áeykst árlega." JÁM VIII, 357. 1839: "Þar er sæmileg beit sumar og vetur og góður heyskapur." SSH, 107-108. 1920: Tún 7 ha, 2979m2. "Tún er þar gott og samfellt út og suður frá bænum að mestu ræktun af framræslu. Landgott er á hálsinum og landið ágætlega gróið." Húnaþing II, 208

HV-273:001 *Eyvindarstaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-273:002 heimild um útkirkja
1708: "Bænhús segja menn í gamallri tíð að hjer muni verið hafa, en af er það fallið fyri manna minni og sjást þess nú engin merki."
EYVINDARSTAÐIR Í BLÖNDUDAL (BLÖNDUDALSHÓLAÞING) (AH) ? HÁLFKIRKJA
11.10.1453: seljandi jarðarinnar sagði hálfkirkjuskyld á henni; DI V 116?117
1486: er niðri, DI V 352.
Heimildir: DI; JÁM VIII, 356

HV-273:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-273:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-273:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-273:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-273:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-273:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-273:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-273:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-273:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-273:012 *Jökulgerði* bæjarstæði býli
1708: “Jökulgerði heitir eitt örnefni hjer í landinu, sem líklegt þykir að einhvörn tíma hafi bygt verið, því þar sjást enn tóftarústir og hjer og hvar deili til túngarðsleifa, sem þó er mjög uppblásið. Það þykjast menn heyrt hafa, að um þetta landspláts hafi einhvört sinn fyri manna minni þræta verið millum jarðanna Eyvindastaða og Bollastaða, en það menn lengst til minnast, þá hefur þetta land verið eignað Eyvindastöðum og þaðan brúkað. Ekki má hjer aftur byggja því túnstæði er ei annað en melholt og grámosamóar, og land er mestalt holt og melar.”
Heimildir: JÁM VIII, 357

HV-273:013 *Þrætugerði* bæjarstæði býli
1708: “Þrætuugierde, fornt eyðibýli hjer í landinu og sjást ennþá ljóslega byggíngamerki, bæði af fornum tóftarústum og túngarðsleifum, en enginn man að hjer hafi bygð verið, en stekkur hefur hjer verið jafnlega hafður frá heimajörðunni, sem þó er fyri nokkrum árum aflagður sökum vegalengdar.”
Heimildir: JÁM VIII, 357

HV-273:014 heimild um skotbyrgi
“Skothús. Lítil tóft á bakkanum sunnan við túnið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðir, 1

HV-273:015 *Réttarnes* örnefni rétt
“Réttarnes. Nes sunnan við mýrina, ber lægra á.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðir, 1

HV-273:016 *Móhússkurður* örnefni
“Móhússkurður. Djúpur lækjarfarv. ofan hálsinn, niður að túni norðast.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðir, 2

HV-273:017 *Grænistekkur* heimild um stekk
“Grænistekkur. Gamlar rústir norðast á bakkanum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðir, 2

HV-273:018 varða
“Sjónarhóll. Hóll með vörðu á brúninni fyrir sunnan og ofan Nautastalla.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðir, 2

HV-273:019 *Selás* örnefni sel
“Selás. Ás austan við grófarsundið (þar reiðgötur).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðir, 2

HV-273:020 heimild um leið
“Selás. Ás austan við grófarsundið (þar reiðgötur).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðir, 2

HV-273:021 *Ólafsvarða* varða
“Ólafsvarða (eða Byrgi). Varða syðst á Selás. (Landam. Bollast. - Eyv).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðir, 2

HV-273:022 *Bæjarvarða* varða
“Bæjarvarða. Á brúninni fyrir ofan bæinn sunnan við lækinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðir, 3

HV-273:023 *Kvíahóll* örnefni kvíar

“Kvíahóll. Hóll í brekkunni fyrir neðan Bæjarvörðu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðir, 3

HV-273:024 *Réttarvað* heimild um vað
“Réttarvað (Gamalt vað á Blöndu undan Litlaklifi, nú eyðilagt).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðir, 3

HV-273:025 *Krossvað* heimild um vað
“Krossvað (Vað á Blöndu milli Guðlst. - Eyv.).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðir, 3

HV-273:026 heimild um rétt
“Langdælingar, Blönddælingar, Svartdælingar og Refsveitingar reka á Eyvindastaðaheið, sem liggur undir Eyvindastaði í Blöndudal. Þangað reka líka margir Skagfirðingar vestan Héraðsvatna. Réttin stóð á Eyvindarstöðum þangað til 1812. Þá var hún færð að Stafni í Svartárdal, og nú stendur hún þar. Lengi hefur réttardagurinn verið fimmtudagur í byrjun 22ar viku sumars, en næstliðin 3 ár viku seinna.”
Heimildir: SSH, 110

HV-273b Eyvindarstaðir (Útheiði)

Haugakvísl skilur útheiðina og Álfgeirstungur en að norðan skilur heiði og heimalönd lína “úr Kolluhvammsgreni í Blöndugili um Austurdali við syðra mynni Rugludals í hæstu bungu Hölknafells, og þaðan sjónhending í háaustur á Fossárdalsbrúnir. Ráða svo hæstu brúnir hans í efra enda Smjörmálsgils. ... Smjörmálsgil ræður í Fossá, en hún fram á móti Arnarhól. Úr Arnarhóli liggja merkin austur á Þingmannaháls, en hann skiptir svo merkjum eftir því sem vatn fellur, meðan hann endist. Ræður svo sjónhending suður á Hraungarð. Ræður hann síðan suður á Hraungarðshaus, og af hæstu bungu hans suður að Strönguvísl. Þaðan ræður austasta kvísl hennar að upptökum.” - GR III, 298 Aðrir láta austurmörkin vera austar eða lína úr Arnarhóli austur í suðurenda Aðalmannsvatns og úr því með Eystri-Bugakvísl til upptaka og þaðan sjónhending austan við Bugahæð í Haugakvísl þar sem hún fer að renna í norðvestur. (sbr RGI Þættir XIX þar sem landamerkjabréf frá 1886 er tilfært) Útheiðin, Álfgeirstungur og Guðlaugstungur teljast tilheyra Eyvindarstöðum og eru stærsti hluti svæði þess sem frá alda öld hefur verið leitarsvæði Bólhlíðinga en nú er allt svæðið milli Blöndu og Jökulsár vestari sameiginleg afrétt Bólstaðarhlíðar-, Lýtingsstaða- og Seyluhreppa. Skagfirðingar voru farnir að reka fé á Eyvindarstaðaheiði og Háutungur á Stafnsafrétt um 1800 og urðu af því deilur sem leiddu til þess að Stafnsrétt var gerð að skilarétt fyrir allt leitarsvæðið sbr. GRI III, 338-41. Galtará skiptir Útheiðinni í tvennt, 'norðan Galtarár' og 'milli' kvísla'

“Landið norðan Galtarár er ásótt flatlendi. Eru ásarnir allir lágir og afrenndir ... Nú er land þetta allmjög gróið, einkum vestan til, þó að sá gróðurfeldur sé allmargbreytilegur. Austurhlutinn er aftur á móti mjög blásinn. Er þar um allvíðáttumikið ásaflæmi að ræða, sem uppblástur herjar mjög á, og eru þar stór svæði örfoka. .... Vesturhlutinn er allmjög gróinn ... þó að hæstu ásarnir og bungur nokkrar, er hæst ber á, séu allber. Í lægðunum milli þeirra eru allvíðir flóar, sem eru ágætlega grösugir. Eru þeir víða vaxnir mjög stórgerðu broki og öðrum votlendisgróðri, er vex í hálendisflóum okkar. Summir þessir flóar eru tvímælalaust uppfyllt stöðuvötn ... [300] Í tveimur þessara flóa var heyjað, meðan byggð var svo nærri að það væri tiltækilegt. Stórafláin var heyjuð frá Fossum mjög oft, og hefir það haldist við allt til þessa dags. Mun bóndi sá er nú býr þar oft hafa sótt þangað drjúga björg í bú sitt, þó að engjavegur sé geysilangur. Refsárflói var iðulega heyjaður frá Rugludal, meðan þar var búið, og er það þó firnalöng leið. En gróður er oft geysistórvaxinn í þessum flóum, og er því mjög fljótfenginn heyfengur þarna. En mjög er erfitt með þurrkvöll, og varð því að flytja heyið alllangan veg, áður en hann fengist viðunandi. Auk þess eru flóarnir mjög fúnir, og því nær eða alveg ótræðir hestum og varð því að bera heyið, oft alllangan veg, áður en hestum varð við komið. Þessi heyfengur myndi því þykja erfiður nú. [í Blöndugili eru geysiháir hamrar og gróðursælt mjög á milli þeirra - fer þar saman veðursæld og kostaland] Er Fossárdalinn þrýtur, tekur við dæld nokkur, allvíð og gróin í botn, er Fossárdalsdrög heitir. ... Galtarárdrögin eru allgróin talsvert fram eftir. Þó fer gróðurinn rýrnandi eftir því sem sunnar dregur og endar á smáteygingum meðfram lækjasytrum. Taka þá við berir sandar nær gróðurlausir. [301] 'Milli kvísla' er landslag í höfuðdráttum mjög svipað og norðan Galtarár. Þó verða ásarnir hærri og bolmeiri,

enda yfirleitt blásnari. Er sá ásinn, sem þar er mestur (Safnásinn) nær allur örfoka. ... Landið 'milli kvísla' er miklum mun rýrara haglendi en 'norðan Galtarár'. Veldur því hvorttveggja að ásarnir eru hærri og meiri, enda er landið miklu þurrara. Á þessu svæði er ekki hægt að telja nema þrjá flóa, sem nokkuð degur, og liggja tveir þeirra opnir fyrir uppblæstri, enda rýrna þeir óðum. Annar þeirra, Langaflói, sunnan Galtarár mun vera gamall vatnsbotn. Hinn heitir Haugaflá og liggur norðan Haugkvíslar, alllangt upp með [302] henni. Kvíslin og fláin draga nafn sitt af tveim hólum, er standa þar og rísa drjúgum yfir umhverfið [=Vékelshaugar]..." GR III, 299-302.

"Gróðurinn á norðurhluta [Eyvindarstaða]heiðarinnar skiptist í býsna margbreytileg gróðurfélög. Ásarnir eru að miklu leyti vaxnir fjalldrapa og lyngi, einkum krækiberjalyngi. Með þeim er að sjálfsögðu allmargt af hinum harðgerðari þurrlendisjurtum. Mjög óvíða ná þær þó svo yfirhönd, að hreint valllendi ríki nema á smáblettum, og þá helst ef dregur til skjóls af einhverjum ástæðum. / [Flóarnir] eru að sjálfsögðu allmisjafnir að gróðri, og veldur þar rakastigið mestu um. Hið blautasta er vaxið mjög stórgerðu broki, og eru þó fráteknar grónar tjarnir. Þær eru oftast vaxnar mjög stórvaxinni ljósastör. Botn tjarnanna er oftast vaxinn stórgerðum mosa. Myndar hann ásamt störinn alltraustan grunn. Heldur störin oft velli alllengi, eftir að mosinn er orðinn svo hár, að hann er kominn upp úr tjörninni. Eru slíkar flesjur oftast hestfærar, meðan störin heldur velli. En þegar svo er komið, mun brokið fara að seilast til valda, og þá horfir málið anna veg við. Verða flesjurnar þó oftast fljótlega ótræðar gripum. Mosinn mun oftast dauðadæmdur, er það hefir sigrað. En brokið þarf líka mikla bleytu til að ná fullum þroska. Brokið breytist svo aftur mjög fljótlega ef flóinn þornar ... Verður það þá smágerðara, og aðrar tegundir fara að skjóta upp höfðinu, uns komið er á það stig, að þurrlendisgróður er orðinn ríkjandi. Er þá oft skammt til foks. Hjálpar þar til, að einmitt slíkt land verður venjulega fyrir mjög miklum ágangi, því að hross sækja mjög á það land, sem liggur undir slíkum gróðurskiptum.- Þessi margbreyttu gróðurstig, þar sem votlendi er að breytast í þurrlendi, eru mjög algeng um fló heiðarinnar. / Eftir því sem innar dregur á heiðina, minnkar fjalldrapinn, og verður hans lítið vart fyrir framan Haugakvísl." GR III, 310 - um uppblástur sem er mestur á brúnum Fossárdals þó að Öfuguggavatnshæðir séu að gróa upp að nokkru - GR III, 310-312. "Í Blöndugili, rétt sunnan við heiðartakmörkin, er skógartorfa umlukt hömrum á allar hliðar. Torfa þessi er ekki yfir 50 m2 að flatarmáli. Þarna eru nokkrar birkihríslur, og munu þær hæstu allt að 3 m á hæð. Drjúgur hluti torfunnar er vaxinn jarðlægu kjarri ... Einir mun vaxa á tveimur stöðum á heiðinni, en smávaxinn og fátæklegur á báðum stöðum. Annar vaxtarstaðurinn er Blönduvatnshólar ... Hinn er Galtarártorfur, grastorfur nokkrar, er sýnilega eru leifar af allstórum flóa, sem nú er að mestu blásinn. Eru torfurnar alllangt upp með Galtará. ... Aðeins eitt stöðuvatn er á heiðinni, sem nokkur veiði er í, Blönduvatnið ... Mun sú veiði ekki mikil. Dálítil veiði er í Galtará og Haugakvísl. En skammt mundi það draga." GR III, 312

HV-273b:001 *Skagfirðingavegur* gata leið
"Yfir [Safn]ásinn, allskammt fyrir norðan Blönduvatn, liggur hinn forni Skagfirðingavegur vestur á Stórasand. Má þar á einum stað sjá 26 götur samhliða, og eru þær yfirleitt alldjúpar, svo að oft hefir verið farið þar um. Liggja þessar götur að Blönduvöðum, sem eru þar vestur undan." GR III, 301 Kolka: "Fjölfarinn vegur lá áður úr Skagafirði og vestur Eyvindarstaðaheiði. Skiptist hann á Þingmannahálsi, og lá önnur leiðin, Kjalvegur, suður yfir Kjöl til Biskupstungna, en hin, Skagfirðingavegur, lá yfir Galtará og Blöndu á Blönduvöðum vestur Stórasand til Borgarfjarðar."

Árbók: "Inni í Bugum eða skammt frá Aðalmannsvatni mætir Kjalvegur annarri öræfaleið, sem fara má upp um Gilhagadal. En ekki allllöngu vestan við Þingmannaháls, en sunnan við Hanzkafell deilast vegir á ný. Liggur önnur vestur um Galtárdrög ofanverð, sunnan Blönduvatns, og yfir Blönduvað, Kúluheiði og á Stórasand. Er þessi leið oft nefnd Skagfirðingavegur. Kjalvegur heldur aftur á móti áfram nær beint í suður í stefnu á Hveravelli."
Heimildir: GR III, 302; Hallgrímur Jónsson: Árbók Ferðafélag Íslands 1946, 144; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 424

HV-273b:002 *Blönduvöð* örnefni vað
"Þá má og geta þess, að báðir eru flóarnir [sinn hvorum meginn Blönduvaða HV-235b:007] hinir ágætustu áningarstaðir. Heitir og hólbarð nokkurt austan austari flóans Tjaldhóll, og mun heitið allfornt." - GR III, 301 "Nokkuð sunnar er flói, sem heitir Blönduvaðsflói. Undan honum syðst eru Blönduvöð. Þar var áningarstaður lestamanna, er þeir voru að koma og fara suður." segir í örnefnaskrá
Heimildir: GR III, 301; Ö-Eyvindarstaðaheiði, 14-15

HV-273b:003 heimild um áfangastað
"Þá má og geta þess, að báðir eru flóarnir [sinn hvorum meginn Blönduvaða HV-235b:007] hinir ágætustu áningarstaðir. Heitir og hólbarð nokkurt austan austari flóans Tjaldhóll, og mun heitið allfornt." - GR III, 301 "Nokkuð sunnar er flói, sem heitir Blönduvaðsflói. Undan honum syðst eru Blönduvöð. Þar var áningarstaður lestamanna, er þeir voru að koma og fara suður." segir í örnefnaskrá
Heimildir: GR III, 301; Ö-Eyvindarstaðaheiði, 14-15

HV-273b:004 *Tjaldhóll* heimild um náttstað
"Neðst í lækjarfarveginum er grashóll, sem heitir Tjaldhóll. Þar höfðu lestamenn tjöld sín. Hér skildu leiði þeirra, sem fóru Mælifellsdal, og hinna, sem fóru út Skínanda." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðaheiði, 15

HV-273b:005 heimild um sæluhús
Áfangi/sæluhús gangnamanna á norðurbakka Galtarár gegnt Eyvindarstaðaseli "... kann það að villa sýn í þessu efni, að vel má vera, að á rústum [Eyvindarstaða]selsins hafi verið reist skýli fyrir leitarmenn og hafi þau staðið þar alllengi. Nú er áfangi gangnamanna á norðurbakka árinnar, og má vel vera, að skýlið hafi verið flutt norður fyrir ána, þegar Langiflói þornaði norðan til, en það hefir hann hlotið að gera, þegar lækurinn, sem fellur úr flóanum, gróf sig niður. [303] Hlaut þá gróðurfar að breytast mjög til hins verra fyrir hesta leitarmanna, en Galtarárflói nærtækur og grösugur [norðan við ána]." Kofi var kominn á þessum stað 1894 - GR III, 349 sbr. 313 og nýr skáli byggður 1964 en nú hefur allt þetta svæði farið undir uppistöðulón frá Blönduvirkjun - GR III, 358 sbr. Rósmund G Ingvarsson Þættir IV: "Við Galtará hefur lengi verið gangnamannakofi og er enn. (1988). Hann er rétt norðan við ána og aðeins neðar en Eyvindarstaðasel hefur staðið. Er jafnvel talið að kofinn hafi áður verið í rústum selsins en svo verið byggður nýr kofi norðan við ána. Þar standa enn veggur úr torfi og grjóti og þar er skáli með áföstu hesthúsi. Vegna fyrirhugaðs virkjunarlóns verður nú reistur nýr skáli við Galtará talsvert ofar og var hesthús byggt þar s.l. sumar (1987)
Heimildir: GR III, 302

HV-273b:006 *Þingmannaháls* örnefni
Örnefni á Kjalvegi, vestan við Svartárbuga, sunnan við Hanskafell og norðan við Ytra Skiptafell Rétt austan við Þingmannaháls klofnar Skagfirðingavegur frá Kjalvegi. Liggur sá fyrrnefndi um vikið milli Hanskafells og Þingmannaháls en Kjalvegur liggur yfir hálsinn sunnan við hæsta topp hans

HV-273b:007 *Kurbrandsdys* dys
"... austan Kurbrandsmýra. Sést þar allvæn grjóthrúga, ekki langt vestan við alfaraleið." segir í Húnaþingi "[Ein saga af Ruglu blótkonu í Rugludal] er sú, að hún hafi haft smalamann er Brandur hét. Skyldi hann gæta alls málnytupenings hennar. Var hann af því Kurbrandur kallaður. Þann sið hafði Rugla, að binda strokkinn á bak Brandi, er hann fór með féð að morgni. Skyldi strokkurinn fullskekinn að kvöldi, er búsmali kom [314] á stöðul. Nú bar svo til eitt kvöld, að Brandur kom eigi heim með kýr né ær. Fór þá Rugla að leita hans. Fann hún hann sofandi á ás þeim, er liggur austanhalt við mýrar þær, er síðan eru við hann kenndar og nefndar Kurbrandsmýrar. Drap hún hann þar og dysjaði. Heitir þar síðan Kurbrandsdys, er hann var götvaður. / Sá siður er tengdur við dys þessa, að hver sá, er fyrsta sinn fer í göngur, skal leggja þar þrjá steina. Heimilt var þó síðar að leysa sig undan þesari kvöð með því að láta félögum sínum í té einn pela af brennivíni. Væri hvorug skyldan af hendi innt, skyldi hann leiddur þrjá hringa kringum dysina, og átti þá taumhaldið að vera sá hluti líkamans, er ógjarnan er hafður á glámbekk. (Sagnir Jónasar Illugasonar ofl.)" GR III, 313-13 Sagan er í ÞÓD II, 19-20 "Austan við miðja Kurbrandsmýri er stór grjóthrúga. Á það var vera dyr Kurbrands. Var það lengi talin skylda hvers gangnamanns, er í fyrsta sinn færi þar hjá, að kasta þremur steinum í hrúguna, en síðar breyttist það, þegar hrúgan hefur þótt orðin nógu stór, að maðurinn sem skyldan var á, skyldi láta af hendi við félaga sinn einn pela af brennivíni, eða að öðrum kosti, að þeir leiddu hann á "félaganum" þrjá hringi kringum hrúguna." Leiði var rifið í sundur árið 1885 en síðan var hresst upp á það af gangnamönnum. segir í örnefnaskrá
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi", 302; GR III, 314; ÞÓD III, 19-20; Ö-Eyvindarstaðaheiði, 13

HV-273b:008 *Goðhóll* þjóðsaga
"...líka nefnt Goðhólar. Er annar þeirra allstór þúfa. - Er hann á brún Blöndugils, skammt fyrir sunnan norðurmerki heiðarinnar." GR III, 313 "Rugla á að hafa verið mikilhæf kona og skass. Hún var sögð blótkona mikil og átti hof, sem stóð fram á heiði, þar sem nú heita Goðhólar." segir í örnefnaskrá

"Rugla sú er byggði Rugludal, var blótkona mikil. Reisti hún hörg einn við hól þennan og gekk þangað til blóta. Er það nær tveggja stunda gangur. Fleiri sagnir eru til um hana, er benda til, að hún hafi verið mikil fyrir sér." sbr söguna um Kurbrand HV-273b:007 - "Segja sumir að þar megi sjá móta fyrir veggjum. Ekki getur sá, er þetta ritar [Guðmundur Jósafatsson], fallist á þau rök, og hefir þó athuga þett eftir föngum." GR III, 313
Heimildir: GR III, 313; Ö-Eyvindarstaðaheiði, 7

HV-273b:009 *Haugakofi* tóft sæluhús
"Skáli stóð á vestari Haugnum um alllangt skeið, og var hann talsvert notaður af vetrarleitarmönnum." GR III, 313. 1886: "Kofi var norðan við [Hauga]kvíslina, heldur forn og óvistlegur. Hann var nefndur Haugakofi eftir Vékelshaugum. ... hurðin stóð opin og snjóskafl á gólfinu." GR IV, 62. "Við Haugakvísl norðanverða, á Vékelshaugum var kofi, Haugakofi, og sjást leifar hans."
Heimildir: GR III, 313; IV, 62; RGI Þættir IV

HV-273b:010 *Vékelshaugar* heimild "Vékell enn hamrammi hét maðr, er land nam ofan frá Gilá til Mælifellsár ok bjó at Mælifelli; hann spurði til ferða Roðreks. Þá fór hann litlu síðar suðr á fjöll í landaleitan. Hann kom til hauga þeira, er nú heita [232] Vékelshaugar; hann skaut milli hauganna ok hvarf þaðan aptr." ÍF I, 231-32
"[Haugakvísl og Haugaflá] draga nöfn sín af tveim hólum, er standa þar og rísa drjúgum yfir umhverfið, einkum sá eystri, sem er sýnu meiri. Virðist hann vera ferlegur jökulakstur ... Hinn vestari er klappaborg ... Hólar þessir eru í daglegu tali kallaðir Haugar. En telja verður fullvíst, að hér séu Vékelshaugar þeir, er Landnámabók skýrir frá. Og þótt svo langt sé á milli þeirra, að ekki geti átt sér stað, að Vékell hafi skotið spjóti á milli þeirra, ef sá verknaður er skilinn svo, að hann hafi skotið því þessa vegalengd í einum áfanga, virðist hitt ekki jafnfráleitt, að þessi athöfn hafi verið nokkurs konar helgun landnámsmannsins, og leiðin því skotin í svo mörgum áföngum, sem þörf krafði, sbr. þegar landnám var helgað með eldi." GR III, 302. ATH Ól Lár Landn Skag, 139 - fjarlægðin milli hólanna er 600-800 m. "Ekki sýnist það trúleg saga að Vékell hafi skotið spjóti eða tundurör milli hauganna þótt hamrammur væri, því stærri hóllinn er alllangt frá. Hins vegar er sá sem kofinn er við, tvískiptur, eða tveir hólar með stuttu millibili og trúlegri saga að spjótinu hafi verið skotið milli toppanna á þeim."

"Vékelshaugar eða haugar. Hólar tveir norðan Haugakvíslar á Eyvindastaðaheiði .. Í Landnámabók er frá því sagt að Vékell hinn hamrammi, er bjó að Mælifelli, hafi farið "suður á fjöll í landaleitan. Hann kom til hauga þeirra, er nú heita Vékelshaugar; hann skaut milli hauganna og hvarf þaðan aftur." Mætti ætla að slíkt hefði verið eins konar landhelgun."
Heimildir: Landnámab; RGI Þættir IV; Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson, Landið þitt Ísland V, 100

HV-273b:011 *Eyvindarstaðasel* tóftir sel
1708: "Selstöðu á jörðin sem brúkast hefur í gamallri tíð á Eyvindarstaðaheiði, sem ekki hefur brúkast í manna minni sökum óbærilegrar vegalengdar." "...Eyvindarstaðir höfðu selför við Galtará. Sést þar enn allglöggt móta fyrir seltóttum á ytri bakka árinnar, og bera þær enn nafnið Eyvindarstaðasel." - GR III, 302

"Má og ætla, að það [selið] hafi verið nytjað sem slíkt um alllangt skeið. Þó kann það að villa sýn í þessu efni, að vel má vera, að á rústum selsins hafi verið reist skýli fyrir leitarmenn og hafi þau staðið þar alllengi. Nú er áfangi gangnamanna á norðurbakka árinnar ..." sbr HV-273b:005
Heimildir: GR III, 302; JÁM VIII, 356

HV-273b:012 heimild um rétt
"Fyrir því komu margir Tungusveitungar eigi til gangna [á Eyvindarstaðaheiði], en það var vani orðinn,

einkum eftir að niður var lagður dráttur Skagfirðinga við Galtará á Eyvindarstaðaheiði, að þeir ráku til Stafnsréttar..." Gísli Konráðsson Húnvetningasaga (GR III, 338)

HV-273b:013 *Aðalból* heimild um sæluhús
"Suður af Reftjarnarflóa liggur Galtarárflói. Nær hann alla leið suður að ánni. Þar við ána stendur leitarskáli. Þar var annað varðskálinn, og hét á Aðalbóli. Var þar höfuðstaður varðarins, því að þar var varðforinginn. Voru þar fjórir menn, og höfðu varðsvæði frá Langatanga og að Ströngukvísl, en Refsárbúar frá Langatanga og niður í byggð. Nú er réttin, þar sem varðskálinn stóð." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðaheiði, 13

HV-273b:014 heimild um sæluhús
"Refsá kemur beint austan að að gilinu. Þar var yzti varðskálinn 1858 með þrem mönnum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðaheiði, 12

HV-273b:015 *Hraungarðshaus* örnefni
"Lambamannalækur hefur upptök sín nær því upp undir Hraungarðshaus, sem er suðurendinn á hraunbrún þeirri, sem skilur göngur Skagfirðinga og Hlíðhreppinga. Brún þessi liggur lítið slitin norður allt hraunið, norður undir Fossdalsdrög, og heitir Hraungarður." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðaheiði, 16

HV-273b:016 *Gvendarbrunnur* heimild um brunn
"Sunnan við Haugakvísl neðst er stór hvammur, undir brekkunni að vestan er lítil lind; er hún kölluð Gvendarbrunnur. Guðmundur biskup Arason á að hana vígt hann eins og flestar góðar uppsprettur hér á landi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðaheiði, 16-17

HV-273b:017 *Hlaupsteinn* heimild um manndómsraun
"Vegurinn liggur yfir Haugakvísl neðst og svo fram og upp með henni upp á ásana, og svo þar fram fyrir austan veginn, nokkuð framar en Haugar er stórgrýtisás. Þar er Grettistak mikið, sem heitir Hlaupsteinn." segir í örnefnaskrá

"Hann er brattur vestan megin, en flái á honum að austan og sléttur flötur á uppi. Steinninn dregur nafn sitt af því, að þar skyldu allir gangnamenn koma saman, ásamt foringja sínum, því að þá voru foringjar en ekki stjórar, eins og nú." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðaheiði, 17

HV-273b:018 heimild
"Heitir stykkið milli Ströngukvíslar og Herjólfslækjar og upp að hrauni eini nafni Grasstykki. Eru í því víðáttumiklar flár. Í því norðaustanlega, er Herjólfshóll, mikill um sig og hár. Þar segja munnmæli, að sætur hafi verið til forna, en svo voru kallaðir, ef byggðir voru kofar til að búa í við grastöku, fuglaveiði, eða til hvers konar fanga, sem farið var, hvort heldur til sjós eða fjalls." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðaheiði, 19-20

HV-273b:019 *Lækjarbakki* heimild um sæluhús
"Fyrir sunnan Ströngukvísl liggur mikill ás, sem nær ofan undir Blöndu. Hann heitir Dragháls. Sunnan við hann er lækjarspræna, stórgrýtt, heitir Leggjabrjótur. Nokkru sunnar er lækur, sem margir eldri menn kölluðu Króalæk, en nú í seinni tíð er kallað Lækjarbakkalækur, eða jafnvel bara Lækjarbakki, því að við hann stóð einn varðskálinn og var kallaður Lækjarbakki. Þar voru þrír varðmenn og vörðu milli Ströngukvíslar og Svörtukvíslar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðaheiði, 20-21

HV-273b:020 *Keldubakki* heimild um sæluhús
"Svo er ekki mér vitandi örnefni í Svörtubungum, nema ásbunga sú, er gengur út á milli Svörtukvíslar og Blöndu, hefir að mörgum verið kölluð Svartabunga, og svo fram í hér um bil miðjum Tungunum, rennur

lítil lækjarspræna í Blöndu, sem fjórði varðskálinn stóð við og kallaður var Keldubakki." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarstaðaheiði, 21-22

HV-273b:021 *Einarsdalur* heimild um sel
Fjallgarðurinn sunnan Kiðaskarðs er klofinn af Sauðadal, og heitir Stafnsfjall vestan hans, sunnan við Stafnsfjall er smádalur frá vestri til austurs, sem heitir Einarsdalur, og er afrennsli úr honum vestur í Svartá. Þar eru ævafornar rústir af þremur eða fjórum seljum.
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 422

HV-273c Eyvindarstaðir (Ásgeirstungur)
HV-327:010 *Pokamýri* heimild um áfangastað
"Vestan við holtið [Pokamýrarholt] heitri Pokamýri (gamall áningastaður ferðamanna á Skagstrandarleið)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Síða, 1

HV-327:011 heimild um hesthús
"Suðvestur af bænum er Hesthúshóll ..." segir í örnefnaskrá Í svörum við spurningum segir að hesthús standi ekki lengur á Hesthúshól.
Heimildir: Ö-Síða, 2; Ö-Síða svör við sp, 2

HV-327:012 heimild um kvíar
Í svörum við spurningum segir að kvíar hafi verið á nokkrum stöðum í landinu og að þess sjáist merki.
Heimildir: Ö-Síða svör við sp, 1

HV-327:013 heimild um mógrafir
"Í landi síðau var mótal og teinn upp þónokkur mór; um magn hans og gæði eit ég ekki, líklega hefur síðast verið tekinn upp mór um 1940. Mótakið var austan við Bæjarhólinn." Segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Síða svör við sp, 2

HV-327:014 heimild um ristu
"Torfrista var nóg og góð, torfið var notað til að þekja hey og gera við gömul torfhús, meðan þau voru við líði." Segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Síða svör við sp, 2

HV-328 Svangrund

5 hdr. 1708. Höskuldsstaðakirkjueign. Svansgrund réttara nafn. HÞ: "Rannsókn og leiðrjettingar" Árbók 1923, 65. 1395 á Höskuldarstaðakirkja alla Svansgrund. DI III, 601. Sama 1399. DI III, 532 Í eyði frá um 1946. Ö-Svansgrund, 3 Svansgrund talin byggð úr landi Sölvabakka. Húnaþing II, 161. 1708: "Túninu grandar sandfok úr melholtum, sem í grend liggja. Engjar öngvar." JÁM VIII, 415 1918: Tún 2,1 ha, 2/5 slétt, gaðrar 358m2.

HV-328:001 *Svangrund* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-328:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-328:003 heimild um vatnsból
"Austan við bæinn er Brunnbolli. Í honum var vatnsból fyrir Svansgrund. Heldur var þar vont vatn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Svansgrund, 3

HV-328:004 heimild um uppsátur
1708 á Síða uppsátur í Selvík í landi Svansgrundar. "Norður af Friðvík er Syðri-Selvíkurnöf. Þá tekur við Selvík. Norðan við hana heitir Norðari-Selvíkurnöf, svolítið klettanef, sem nær fram í sjó, en fellur út af því á fjöru. Það er einnig stundum nefnt Selvíkurhorn. Fram undan því er Nónsker. þar norður af Flátta. Selvík er þó nokkuð stór. ú hefur hún að mestu verið tekinn undir kálgarða, einkum frá Blöndósi, en einnig framan úr sveigum og utan af Skagatrönd." segir í örnefnaskrá
Heimildir: JÁM VIII, 417; Ö-Svansgrund, 2

HV-328:005 varða landamerki
"Norðvesturhorn er norðurhorn á Miðmundagili. Þaðan er bein stefna austur í litla vörðu, sem er skammt fyrir sunnan norðari Langavatnsenda." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Svansgrund, 1

HV-328:006 *Ullartjörn* heimild um þvottastað
"Skammt norðaustur af Steintjörn er Ullartjörn. Steundum var þgegin ull í henni hér áður. Suðaustur af bænum fyrir austan Ullartjörn; eru Syðra-Króklágar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Svansgrund, 1

HV-328:007 heimild um stekk
"Suðaustur af bænum, fyrir austan Ullartjörn, eru Syðri-Króklágar. Austan við þær Djúpsketill. Þar

suður af austur af er stekkjarlaut. Í henni er stór tjörn, nafnlaus. Að norðanverðu við tjörnira eru tóftir af stekk." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Svansgrund, 2

HV-328:008 heimild um legstað
"Austan við Stekkjarlaut er Heljarsíki, lítil staratjörn vestur úr Langavatni." segir í örnefnaskrá
FF: "Nema ef telia skal lítilfiörlega Þúfu i litlumm Tánga framm í Tiörn vid alfaraveg á Refasveit, kallada Svönuleidi, og er í Munnmælum haft ad Svana, sem Höskulldsstada Kyrkiu Kot Svansgrund, mun vera kiend vid, hafi bedid ad grafa sig þar, sem ecki yrdi ad komist nema á einn veg, enn vatn hielldi ad á þria vega, og liggi hún þar disiud."

Í miðri Refasveit sem er hérað eitt í Húnavatnssýslu er vatn nokkurt sem kallað er Langavatn; vestur úr vatni þessu gengur síki sem kallað er Heljardíki og er þessi saga sögð frá því. Í vatninu var í fyrri tíð mikil veiði og veiddu í vatninu ásamt öðrum fleirum konur tvær, Svana er bjó á Svangrund og Síða sem bjó á Síðu, og voru oft deilur milli þeirra út af veiðinni í vatninu. Eitt sinn hittust þær að vestanverðu við vatnið og leiddu þar hesta sína saman eins og fyrri; en í þetta skipti lauk svo að þær hétust og opnaði þá jörðin sig og svalg þær báðr, og sprakk þá fram díkið sem síðan er kallað Heljardíki. Þau álög eru síðan á vatninu að aldrei gengur silungur í það eða aðrir ætir fiskar sem þó er sagt að séu í öðrum vötnum þar í kring, en nóg er þar af hornsílum sem enginn maður leggur sér til munns.

"Sú sögn er tengd Heljarsíki, að í fyrndinni hafi búið tvær kerlingar, önnur á Síðu, en hin á Svansgrund. Hét þær Síða og Svana og draga bæirnir nafn sitt af þeim. Þær deildu um silungsveiði í Langavatni. eitt sinn hittust þær við síki þetta og hófu strax að deila um veiðiréttinn. Lauk því svo að þær börðust og drápu hvor aðra, en áður en þær drápust lögðu þær það á, að aldrei skyldi veiðast silungur í Langavatni. Síkið heitir Heljarsíki. í því miðju eru tveir hólmar, sem sagðir eru dysjar kerlinga." segir í örnefnaskrá
Heimildir: FF, 482; Ö-Svansgrund, 2-3; Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I, 461

HV-329 Sölvabakki
10 hdr 1708, að hálfu konugseing og að hálfu Höskuldsstaðakirkjueing. Áður var jörðin hálf hálf Þingeyrarklausturseign. 1395 á Höskuldarstaðakirkja hálfan Sölvabakka hin ytra. DI III, 601. Sama 1399. DI III, 532. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Svansgrund talin byggð úr landi S. Húnaþing II, 161. 1708: "Túninu grandar sandfok úr fjörunni til stórskaða. Engjar öngvar í heimalandi." JÁM VIII, 416 1918: Tún 3,4 ha, 1/4 slétt, garðar 306m2.

HV-329:001 *Sölvabakki* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-329:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-329:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-329:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-329:005 *Hádegisvarða* varða eyktamark
"Á því [Neðra-Leyti] er allstór varða, sem heitir Hádegisvarða." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sölvabakki EG, 1

HV-329:006 álagablettur
"Að norðanverðu í Sandgili er álagablettur sem ekki má slá." segir í örnefnaskrá EG. "Í Sandgili, nálægt miðju, norðan megin viðp Sandgilslæk, er bunga, sem skagar nokkuð til suðurs. Er hún talin álagablettur og mátti aldrei slá hann, átti þá einhver óhöpp að verða. Var því trúað, að huldufólk, sem bjí í Bóndakletti

[sjá 017] hefði blettinn til afnota." segir í örnefnaskrá KE
Heimildir: Ö-Sölvabakki EG, 1; Ö-Sölvabakki KE, 2

HV-329:007 heimild um vatnsból
"Vestan í túninu, næst Sandgili er Sandgilshryggur, þar næst norðar er nokkuð stór hvammur, sem heitri Brunnhvammur, þar var fyrrum vatnsból, þar rétt norðar Brunnhvammshryggur ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sölvabakki EG, 1

HV-329:008 *Öskuhvammur* öskuhaugur
"Vestan í túninu, næst Sandgili er Sandgilshryggur, þar næst norðar er nokkuð stór hvammur, sem heitri Brunnhvammur, þar var fyrrum vatnsból, þar rétt norðar Brunnhvammshryggur, norðan við hann er Öskuhvammur ..." segir í örnefnaskrá Í svörum við spurningum segir að hvammurinn sé fyrir neðan Öskuhauginn.
Heimildir: Ö-Sölvabakki EG, 1; Ö-Sölvabakki svör við sp, 1

HV-329:009 *Skiptagata* heimild um leið
"Um hann [Skiphólshrygg] lá Skipagata niður í Skiphól, sem er ávöl grasigróin bunga í fjörunni. Við hliðina á Skiphól var aðal bátauppsátur í Sölvabakkavík og á hann var borinn afli af bátunum til skipta milli áhafnanna." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sölvabakki EG, 1-2

HV-329:010 heimild um uppsátur
"Um hann [Skiphólshrygg] lá Skipagata niður í Skiphól, sem er ávöl grasigróin bunga í fjörunni. Við hliðina á Skiphól var aðal bátauppsátur í Sölvabakkavík og á hann var borinn afli af bátunum til skipta milli áhafnanna." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sölvabakki EG, 1-2

HV-329:011 heimild um lendingu
1708: "Heimræði er hjer sæmilegt og lendíng góð fyri landi, gánga skip bóndans eftir sem hann fær við komið, sjaldan fleiri en eitt; varir þetta heimræði vor, sumur, og haust meðan aflavon er." "Næst Skipahrygg er Skipagil, en niðurundan því er aðallendingarstaður í Sölvabakkavík, sem talinn er sá bezti þar út og suður." segir í örnefnaskrá
Heimildir: JÁM VIII, 416; Ö-Sölvabakki EG, 2

HV-329:012 *Stekkjarvík* heimild um stekk
"Þar norðan við [011] er Skipakinn, framan á sjávarbakkanum allt norður að Stórgýti, sem er örnefni í fjörunni. Horn þar upp af heitir Skiphorn, þar talsvert norðar í fjöruborðinu Saltklettur, þar norðaustur af Kerlingabrekkur, norðast í þeim er Svartkolluhellur, þar næst Stekkjarvíkurhellar. Þá tekur við Stekkjarvík, upp úr henni 2 gil, Syðra- og Norðara-Stekkjarvíkurgil ..." segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum segir að stekkur hafi verið í Stekkjarvík en sléttaður út 1950-1951 þegar þar var gerður kartöflugarður.
Heimildir: Ö-Sölvabakki EG, 2; Ö-Sölvabakki svör viðsp, 2

HV-329:013 *Sveinsstekkjarlaut* heimild um stekk
"Sunnan við Tungur er Sveinsstekkjarlaut, þá taka við nafnlaustir móar, norðarlega á þeim liggur Fagrabrekka frá norðvestri til suðausturs." segir í örnefnaskrá Í örnefnaskrá KE segir að tóftarbrot hafi sést í lautinni.
Heimildir: Ö-Sölvabakki EG, 2; Ö-Sölvabakki KE, 3

HV-329:014 heimild um stekk
"Norðast í túninu er Stekkjarlaut ..." segir í örnefnaskrá. "Stekkjarrústir voru í Stekkjarlaut miðri, en lautinni var bylt og ræktað tún þar árið 1957 og voru þá rústirnar sléttaðar. Ekki er vitað hvenær kváir þessara hafa verið notaðar en það mun vera langt síðan." Segir í svörum við spurningum.
Heimildir: Ö-Sölvabakki EG, 3; Ö-Sölvabakki svör við sp, 3

HV-329:015 heimild um hjall
"Norðarst í túninu er Stekkjarlaut, sunnan við Stekkjarlaut er Fiskhóll. Þar voru áður fiskihjallar, -verkaður hákall, þurrkaður, hertur og saltaður fiskur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sölvabakki EG, 3

HV-329:016 *Arnbjargarþúfa* varða
"Upp á melnum suðaustur af hellragili, er stór rúnuð þúfa. Hefur þar líklega verið hlaðin grjótvarða til forna og hún síðan gróið upp af fugladriti. Þúfa þesi heitri Arnbjargarþúfa." segir í örnefnaskrá Í svörum við spurningum segir að Arnbjargarþúfa sé þar sem tröllið Arnbjörgu dagaði uppi.
Heimildir: Ö-Sölvabakki EG, 5; Ö-Sölvabakki svör við sp, 2

HV-329:017 heimild um huldufólksbústað
"Rekamörk til forna milli Svansgrundar og Sölvabakka voru í Sandgilslækjaós, rétt sunnan við Bóndaklett, sem er stór klettur þar fram af fjörunni. Á flóði fellur upp fyrir han. Talið var, að huldufólk byggi í Bóndakletti." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sölvabakki KE, 1

HV-329:018 heimild um mógrafir
"Austan við Hala eru Mógrafir. Austur af Mógröfunum og upp að Grænulaut hét Mógrafarbolli. Grænalaut og Mógrafarbolli er nú hvorutveggja komið í tún." segir í örnefnaskrá Hætt að taka mó um 1946 eða 1947
Heimildir: Ö-Sölvabakki KE, 4; Ö-Sölvabakki svör við sp, 3

HV-329:019 *Markúsarhvammur* þjóðsaga
Markúsarhvammur er norður af Öskuvammi, sjá 008, en þar á Markús nokkur að hafa grafið fjársjóð í jörðu segir í svörum við sp.
Heimildir: Ö-Sölvabakki svör við sp, 1

HV-329:020 *Ósvík* heimild
"Útræði er á Sölvabakka, úr Ósvík (Sbr. Söguna um hina spænsku víkinga.), úr Ytrahólsbás (á sumrum), við Eyjarnes (Þar er hvað bezt lending.) og í Hafurstaðavík. "
Heimildir: SSH, 155

HV-330 Blöndubakki
40 hdr 1708, þá í eyði. Útirkja var á jörðinni. Jarðarinnar er getið í Sturlungu. Sturlunga saga I, 145. 1318: "[frá Höskuldsstöðum skal] syngia ...v. messur oc. xx. a backa oc mork kaups ..." DI II 470-471. [1360(89]: "[af Höskuldsstöðum skal] sungid ... .v. messur oc .xx. til Backa og mork kaupz ..." DI III, 170-172 1395: "[af Höskuldsstöðum skal] syngia ... vij. messor oc. xx. til backa. oc mork kaups ..."DI III, 599. 1399: "[af Höskuldsstöðum skal] syngia ... fiorar messur og xx. til Backa. og mork kaups ..." DI III 532-533. 1486: lítt standandi kirkja DI V, 354. 1666: Þorvarður Runólfsson sleur Erlendi Ólafssyni 10 hdr í jörðinni. Erlendur Ólafsson selur 10 hdr í jörðinni. Jarðabréf, 198. 1708 er Bakkakot eyðihjáleiga, einnig til Neðrabakkakot ekki vitað hvenær það var í byggð. 1841 er talið að Enni sé byggt úr landi Blöndubakka enda á Blöndubakki hvergi land að Blöndu, og telja jafnvel að Blöndubakkabærinn hafi staðið þar sem Ennisbærinn er nú. SSH, 122

1708: "Túninu grandar sandfok úr nálægum melholtum, og er þes vegna mjög erfitt að vinna völlinn. Engjarnar eru litlar og snöggar og bregðast oft." JÁM VIII, 413-414 1918: Tún 2,4 ha, 3/4 slétt, garðar 305m2. "Eins og annars staðar á þessum slóðum er land þarna, að hluta gróðursnauðir melar, en auðgræddir og þegar að nokkru komnir í rækt." Húnaþing II, 163

HV-330:001 *Blöndubakki* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-330:002 heimild um útkirkja
BAKKI Í REFASVEIT (HÖSKULDSSTAÐAÞING) (AH) ? FJÓRÐUNGSKIRKJA
1318: [frá Höskuldsstöðum skal] syngia ...v. messur oc. xx. a backa oc mork kaups; Máld DI II 470?471 [Höskuldsstaða]
[1360?89]: [af Höskuldsstöðum skal] sungid ... .v. messur oc .xx. til Backa og mork kaupz; Máld DI III 170?172 [Höskuldsstaða]
2.7.1395: [af Höskuldsstöðum skal] syngia ... vij. messor oc. xx. til backa. oc mork kaups; Máld DI III 599 [Höskuldsstaða]
1399: [af Höskuldsstöðum skal] syngia ... fiorar messur og xx. til Backa. og mork kaups; Máld DI III 532?533 [Höskuldsstaða]
1486: lítt standandi DI V 354
Heimildir: DI

HV-330:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-330:004 *Uppgönguvík* örnefni leið
"Skammt fyrir sunnan landamerki milli Bakkakots og Blöndubakka heitir Uppgönguvík, sunnan við hana Uppgöngunöf ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Blöndubakki, 1

HV-330:005 *Þvottanöf* örnefni þvottastaður
"Suður af [Kerlinga]víkinni er þvottanöf ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Blöndubakki, 1

HV-330:006 heimild um stekk
"Fyrir sunnan túnið í bökkunum er Sandgil, þar fyrir sunnan Stekkjarhvammur, í honum sjást fornar tóftarrústir ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Blöndubakki, 1-2

HV-330:007 *Ullarskurður* örnefni þvottastaður
"Norðurhluti túnsins hét Rani, vestur af honum skurður, sem náði fram af bakkabrún hét Ullarskurður." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Blöndubakki, 2

HV-330:008 varða
"Upp undan Bakkakotsbæ er melhryggur sem liggur úr og suður. Hann nefnist Hæð. Suður af Hæðinni er Sjónarhóll, hóll með hlaðinni vörðu íu toppinn. Hann tilheyrir Blöndubakka." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakkakot, 3

HV-330:009 *Neðrabakkakot* heimild um býli
"Eyðijarðir .. Neðrabakkakot hjá Blöndubakka ..."
Heimildir: SSH, 158-59.

HV-331 Bakkakot

Eyðihjáleiga Blöndubakka 1708. "Backakot, eyðihjáleiga hygð fyri manna minni í heima landi, og varaði bygðin inn til næstu tíu ára." JÁM VIII, 414. Syðrabakkakot eyðihjáleiga.
1918: Tún 1,6 ha, 1/3 slétt, garðar 224m2.

HV-331:001 *Bakkakot* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-331:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

HV-331:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-331:004 *Þríhólagata* heimild um leið
"Hrísmóar eru á stóru svæði austur frá Baunalág. Þeir liggja frá vestri til austurs. Þríhólagata nefnist götutroðningar sem liggja heiman frá Bakkakoti, með Þríhólum að norðan, og þaðan austur í Brennilágar, sem eru hrís- og lynglágar norðan við svonefnt Hólmavatn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakkakot, 2

HV-331:005 heimild um mógrafir
SSH: "Mótak er í Bakkakoti". "Botnar heita fjórir bollar sem ná suður að norðari enda Hólmavatns. Þeir nefnast, í röð frá austri til vesturs; Efstibotn, Móbotn, Miðbotn og Neðstibotn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: SSH, 121; Ö-Bakkakot, 2

HV-331:006 heimild
SSH: "Í Bakkakotslandi er garðlag á mýri, er kann að hafa verið brúargarður fyrir fé til sjávar á vetrum."
Heimildir: SSH, 163

HV-331:007 *Syðra-Bakkakot* bæjarstæði býli
"Sunnar og neðar en Bakkakot var Syðra-Bakkakot, sem hefur við í eyði a.m.k. síðstur 110 árin." 1458 er getið um jörðina Syðribakka í Höskuldastaðakirkjusókn. Gæti verið sama jörðin.
Heimildir: Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi, 291, DI I, 175

HV-332 Enni

20 hdr 1708, Hólastólseign. 1567: Vitnisburður um landamerki milli Ennis og Blöndubakka. DI XIV, 623-624. 1708 eru Melaberg eyðihjáleiga. Þórdísarkot, Grund, Litla-Enni og Enniskot allt eyðihjáleigur. 1841 er talið að Enni sé byggt úr landi Blöndubakka enda á Blöndubakki hvergi land að Blöndu, og telja jafnvel að Blöndubakkabærinn hafi staðið þar sem Ennisbærinn er nú. SSH, 122 Frá 1936 tilheyrir hluti Ennislands Blönduósbæ. 1708: "Túninu grandar sandfok, sem í stórveðrum er mikið bragð að, og er sendið mjög og seinunnið. Engjar öngvar, nema hvað hent er úr valllendisbrekkum, sem þó spillast af leir og grjóthruni." JÁM VIII, 412 1918: Tún 3,3 ha, 2/3 slétt, garðar 961m2.

HV-332:001 *Enni* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-332:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-332:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-332:004 heimild um lendingu
1708: "Heimræði er hjer og lendíng ein fyri áður umgetnu þrætulandi gánga skip heimabóndans eftir sem hann fær viðkomið, sjaldan fleiri en eitt, og þetta skipsuppsátur hefur brúkast meir en í xx ár átölulaust."
Heimildir: JÁM VIII, 412-413

HV-332:005 *Melaberg* bæjarstæði býli
1708: "Melaberg heitir örnefni eitt í fyrr áminstu þrætulandi [við Blöndubakka]; þar halda menn að í gamallri tíð muni hafa bygð verið, og sjást enn þess merki af garðleifum og tóftarústum, en ekki vita nálægir hjer um framar að undirrjetta." "[Í landi Blönduóss] Þar nokkru norðar Langalá (þar sem liggur

vegur til Skagastrandar). Þar lítið norðar Reiðmannsklauf. Milli þeirra er Melgerði, allstór grasblettur með fornu garðlagi í kring." segir í örnefnaskrá SSH:"Eyðijarðir ... Enniskot og Melgerði í Ennis landi ..." Kolka: "Fyrir sunnan Enni og vestan veginn niður að Blönduósi er fyrir ofan brekkubrúnirnar eldgamalt eyðibýli sem hét Melaberg."
Heimildir: JÁM VIII, 413; Ö-Enni, 3; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 62-63; SSH, 158-159

HV-332:006 *Sölvatóft* heimild
"Norðvestur af túninu er tóftarrúst, sem heitir Sölvatóft." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Enni, 1

HV-332:007 *Bakkagata* heimild um leið
"Frá túninu til N.V., í átt að Blöndubakka, sést víða fyrir götutroðningum; nefnd Bakkagata." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Enni, 1

HV-332:008 *Húsavarða* varða
"Austan við Höllin, vestan til á háásnum eru 3 vörður, sem heita Húsavarða, Miðvarða og Norðastavarða." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Enni, 1

HV-332:009 *Miðvarða* varða
"Austan við Höllin, vestan til á háásnum eru 3 vörður, sem heita Húsavarða, Miðvarða og Norðastavarða." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Enni, 1

HV-332:010 *Norðastavarða* varða
"Austan við Höllin, vestan til á háásnum eru 3 vörður, sem heita Húsavarða, Miðvarða og Norðastavarða." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Enni, 1

HV-332:011 *Réttarvatn* örnefni rétt
"Nokkru sunnar er Langamýri, allt suður að Réttarvatni, sem einnig nær lítils háttar inn í Ennisland." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Enni, 2

HV-332:012 *Þórdísarkot* bæjarstæði býli
"Syðsti hluti Ennislands heitir Stórihvammur, sem nær frá Þórdísarbrekku vestur að Ámundakinn. Vestan við suðurenda Brekkunnar er Þórdísarkot; tóftir fornar, garðlag kringum allstóran blett." segir í örnefnaskrá "Þórdísarkot var undir svonefndri Þórdísarbrekku, sem endar í Þórdísarhorni, skammt þar frá sem Grundarlækur úr Grafarvatni fellur í Blöndu." segir í Húnaþingi
Heimildir: Ö-Enni, 2; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi, 290

HV-332:013 heimild um stekk
"[Í landi Blönduóss] Næst Ámundarkinn við Blöndu er Móhvammur og í honum við Blöndu er Stekkjarhvammur - þar í gamalt stekkjarbrot ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Enni, 2-3

HV-332:014 *Grund* bæjarstæði býli
"Byggð fyrir utan ána, í landi Ennis, hófst ekki fyrr en 1897. Þá um sumarið byggi Guðmundur Guðmundsson bæinn Grund og bjó þar til 1901." segir í Húnaþingi
1918: Tún 0,5ha, 2/5 slétt.
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 427; Túnakort 1918

HV-332:015 *Litla-Enni* bæjarstæði býli
"Sama sumar [1907] byggði Sveinn Kristófersson bóndi á Enni hús rétt fyrir neðan Skúlahorn og bjó þar nokkur ár. Fyrir 1910 kaupir Jakob L. Bergsted Sveinshús og bjó þar lengi. Gaf hann því nafnið Litla-Enni." segir í Húnaþingi
1918: Tún 0,8 ha, allt slétt. Þrjár byggingar.
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 427

HV-332:016 heimild
"Vorið 1898 var byggt fyrsta verzlunarhúsið á lóð Kaupfélagsins. ... Árið 1906 byggði félagið timburskúr sunnan við vörðuhús sitt ..." segir í Húnaþingi
Heimildir: Pétur Sæmundsen: Blönduós, 427

HV-332:017 *Enniskot* bæjarstæði býli
"Eyðijarðir ... Enniskot og Melgerði í Ennis landi ..." "Enniskot, 10 hdr. Landrými og haggæði í meðallagi, heyskapur lítill og reytingslegur."
Heimildir: SSH, 66, 158-59

HV-333 Vatnahverfi

30 hdr 1536. 20 hdr 1708. Útkirkja var á jörðinni. 1318: "[frá Höskuldsstöðum skal] syngia ...v. messur oc. xx. a backa oc mork kaups slijkt hid sama j Vatnahuerfi ..." DI II 470-471. [1360-89]: "[af Höskuldsstöðum skal] sungid ... .v. messur oc .xx. til Backa og mork kaupz. slylt hid sama j vatna huerfi ..." DI III 170-172. 1395: "[af Höskuldsstöðum skal] syngia ... vij. messor oc. xx. til backa. oc mork kaups slikt it sama j vatna herfi ..." DI III 599. 1399: "[af Höskuldsstöðum skal] syngia ... fiorar messur og xx. til Backa. og mork kaups. slijkt hid sama j vatnahuerfi ..." DI III 532-533. 1418: "skillde ... einar [Bessason kaupandi] suara fyrnd a kirkiu allre þeirrer er styrr [Snorrason seljandi] atti at suara ..." DI IV, 267. 1486: lítt standandi DI V 354. 1536: Ari Jónsson seldi Páli Grímssyni jörðina. DI XI, 115. Í eyði frá 1970.

1708: "Túninu grandar vatnsuppgángur, sem víða gjörir grasleysumýri og mosadý í vellinum. Enginu grandar vatn, sem jetur úr róstina og smálækir, sem bera á engið sand og leir." JÁM VIII, 411.
1918: Tún 4,4 ha, 3/5 slétt, garðar 440m2. "Jörðin er landlítil og ræktunarmöguleikar takmarkaðir." Húnaþing II, 153

HV-333:001 *Vatnahverfi* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-333:002 heimild um útkirkja
1708: "Hjer segja menn að fornu muni kirkja eður bænhús verið hafa, og sjest hjer merki til kirkjugarðs og tóftar, og hjer um fyrir þrjátíu árum vildi ábúandi byggja hús á þessum tóftum eður rústum, og þegar hann gróf til varð hann var við mannabein og hætti því verkinu."
VATNAHVERFI Í REFASVEIT (HÖSKULDSSTAÐAÞING) (AH) ? FJÓRÐUNGSKIRKJA
1318: [frá Höskuldsstöðum skal] syngia ...v. messur oc. xx. a backa oc mork kaups slijkt hid sama j Vatnahuerfi; Máld DI II 470?471 [Höskuldsstaða]
[1360?89]: [af Höskuldsstöðum skal] sungid ... .v. messur oc .xx. til Backa og mork kaupz. slylt hid sama j vatna huerfi; Máld DI III 170?172 [Höskuldsstaða]
2.7.1395: [af Höskuldsstöðum skal] syngia ... vij. messor oc. xx. til backa. oc mork kaups slikt it sama j vatna herfi; Máld DI III 599 [Höskuldstaða]
1399: [af Höskuldsstöðum skal] syngia ... fiorar messur og xx. til Backa. og mork kaups. slijkt hid sama j vatnahuerfi; Máld DI III 532?533 [Höskuldsstaða]
18.10.1418: skillde ... einar [Bessason kaupandi] suara fyrnd a kirkiu allre þeirrer er styrr [Snorrason seljandi] atti at suara; DI IV 267
1486: lítt standandi DI V 354

Heimildir: DI; JÁM VIII, 411

HV-333:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-333:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-333:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-333:006 varða landamerki
“Norðvesturhornmerki er úr sunnanverðri Pokamýri við Hólmavatn, þaðan til austurs norðanvert í Stekkjarhól (litla vörðu þar) ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vatnahverfi, 1

HV-333:007 *Stekkjarhóll* örnefni stekkur
“Norðvesturhornmerki er úr sunnanverðri Pokamýri við Hólmavatn, þaðan til austurs norðanvert í Stekkjarhól (litla vörðu þar) ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vatnahverfi, 1

HV-333:008 varða landamerki
“Norðvesturhornmerki er úr sunnanverðri Pokamýri við Hólmavatn, þaðan til austurs norðanvert í Stekkjarhól (litla vörðu þar), þaðan í torfvörðu norðan í Grjóthól ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vatnahverfi, 1

HV-333:009 varða
“Fyrir sunnan Grjóthól er Höfðabreiðin, syðst í henni er melhóll með vörðu sem Höfði Heitir ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vatnahverfi, 1

HV-333:010 *Ullarvík* örnefni þvottastaður
“... þar norður og vestur af er Hólmavatn, út í það norðan við tanga heitir Ullarvík ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vatnahverfi, 1

HV-333:011 *Stekkjarvík* örnefni stekkur
“... þar norður og vestur af er Hólmavatn, út í það norðan við tanga heitir Ullarvík, þar norður af er hár melur, sem heitir Miðafansmelur, norðan við hann er lítil tjörn, sem heitir Lestapollur, þar norður af Stekkjarlaut, þar norðvestur af er Stekkjarvík við Hólmavatn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vatnahverfi, 1

HV-333:012 *Ærhúsgerði* örnefni fjárhús
“Austan við bæinn í túninu hét Siggumór, vestur hluta túnsins hét Norðast, Ærhúsgerði, þá Hesthúsgerði þá Lambhúsgerði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vatnahverfi, 1

HV-333:013 *Hesthúsgerði* örnefni hesthús
“Austan við bæinn í túninu hét Siggumór, vestur hluta túnsins hét Norðast, Ærhúsgerði, þá Hesthúsgerði þá Lambhúsgerði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vatnahverfi, 1

HV-333:014 *Lambhúsgerði* örnefni lambhús
“Austan við bæinn í túninu hét Siggumór, vestur hluta túnsins hét Norðast, Ærhúsgerði, þá Hesthúsgerði

þá Lambhúsgerði." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vatnahverfi, 1

HV-333:015 heimild um vatnsból
"Vatnsból í Kaldavermislind nokkuð fyrir vestan bæinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vatnahverfi, 1-2

HV-334 Breiðavað

50 hdr að fornu, 40 hdr frá um 1700. Breiðavaðs getið í Vatnsdælu. ÍF VIII, 129 Jarðarinnar getið í Heiðarvígasögu. ÍF III, 272. 1708 er Breiðavaðskot eyðihjáleiga. Einnig var búið í Breiðavaðsseli um tíma. 1708: "Túninu grandar lækur úr brattlendi, sem ber á það grjót og sand til stórskaða, so að mikið stykki er þar fyri úr vellinum gengið og orðin meleyri. Enginu grandar sami lækur, sem ber á það leir og sand." JÁM VIII, 410 1839: "Þar er heyskapur ekki mikill, en hagbeit óð, og jarðsælt á vetrum." SSH, 109. 1918: Tún 6,8 ha, 5/6 slétt, garðar 101m2. "Vestan túns er lítt gróið melasvæði, sem nær um þvert land jarðarinnar, og nefnist Breiðavaðsmelar." Húnaþing II, 152.

HV-334:001 *Breiðavað* bæjarhóll bústaður
"Gamli bærinn stóð efst í túninu, sunnan Breiðavaðslækjar. Hann stóð þar efst á dálitlum valllendishól." segir í örnefnaskrá "Bæjardyr snéru mót vestri. Norðan þeirra var skemma og önnur skemma norðast í húsaröðinni. Smárétt var á milli þessara tveggja skemma. Hún var einkum notuð til að stinga inn í hana hestum. Fram undan norðustu skemmunni stóð hestasteinn á hlaðin með keng í. Bæjardyr og skemmurnar voru með tréþiljum mót verstri. Inn af bæjardyrum voru allbreið torfgöng, sem lágu beint að búri og hlóðaeldhúsi austast í húsaþyrpingunum. Eldhúsið var fyrir enda ganganna, er búrið til hægri handa, þegar inn var gengið. Um mið göngin , til hægri handar, var gengið inn í baðstofuna, upp fjórar lágar tröppur. Baðstofan var þrjú stafngólf, þriggja álna. Hún var alþiljuð og með skarsúð. Gluggi var á henni mót suðri, - hann var í hálfþili; hann var fjögra rúðna. Tveir smágluggar voru mót norðvestri, neðst við súð. Norðasta stafgólfið var að nokkru afþiljað og var gluggi upp undir súð mót norðvestri. Beint á móti inngangi í baðstofuna var gengið inn í svokallaða gömlu baðstofu, sem var algerlega óþiljuð og sperrureist með röftum og hrístróði. Austan við réttina og skemmurnar, norður af gömlu baðstofunni, voru tveir kofar. Þeir lágu hlið við hlið, andstætt við skemmurnar og snéri dyr þeirra til norðurs." Gamla baðstofan byggð um 1800, hinn hlut bæjarins byggður um miðja 19. öld. segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Breiðavað, 5-6

HV-334:002 heimild um útkirkja
1708: "Hjer segja menn að áðru hafi verið bænhús, og var þar skemmuhús í manna minni sem kirkjan skyldi staðið hafa. Enginn veit að hjer hafi tíðir veittar verið."
BREIÐAVAÐ Í LANGADAL (AH) (HOLTASTAÐAÞING) ? HÁLFKIRKJA
Heimildir: JÁM VIII, 409

HV-334:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-334:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-334:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-334:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-334:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-334:008 *Breiðavaðskot* bæjarstæði býli
1708: “Breidavadskot heitir örnefni hjer í landinu, sem men ætla að einhvörntíma muni hafa bygt verið, og sjást hjer líkindi til garðleifa og lítillra tóftarbrota, so sem að þar mætti hafa staðið eitt hús eður tvö; hjer um vita nálægtir ei framar að undirrjetta. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæðið er alt komið í flög og gámosamóa.”
Heimildir: JÁM VIII, 410

HV-334:009 *Gullkista* þjóðsaga
“Í melum þessum [Breiðavaðsmelum], að kalla beint vestur af íbúðarhúsi, er lítil tjörn í alldjúpri kvos, sem heitir Gullkista. Þar er sagt að fjársjóður sé falinn.” segir í Húnaþingi “Sunnan Breiðavaðslækjar er svæði, sem heitir Torfur fyrir ofan Breiðavaðshaga. Í þeim er tjörn, er Gullkistutjörn heitir. Sagt var, að þar hefði einhver maurapúki sökkt gullkistu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Húnaþing II, 152; Ö-Breiðavað, 2

HV-334:010 heimild um fjárhús
“Norðan Breiðavaðslækjar voru fjárhús á þremur stöðum. Ein þeirra stóðu nálægt miðju túni og hin utar, nálægt túnjaðrinum. Þessi þrenn hús hafa tekið nálægt 150 fjár. Þessi hús voru bæði notuð sem fjárhús og hesthús (þ.e. einhöluhesthús við hliðina).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Breiðavað, 6

HV-334:011 *Breiðavað* heimild um vað
“Rétt er að nefna gömul vöð á Blöndu, áður en skilizt er að öllu við þetta mesta og mannskæðasta vatnsfall héraðsins. ... Þá er Breiðavað, sem getið er í Vatnsdælu ...” “Yzti bær í Langadal er Breiðavað, suður af enda Kaldbaks, þar sem Blanda hefur beygt til vesturs. Bæjarnafnið er dregið af mjög gömlu vaði á ánni, því að þess er getið í Vatnsdælasögu. Áin hefur verið reið þarna á nokkrum kafla, og lá þar yfir aðalkaupstaðarleiðin framan úr héraðinu, meðan sótt var verzlun í Höfðakaupstað. Hét þar þá Hrafnseyrarvað, en Strákavað litlu neðar, enda tæpara .. Vegurinn yfir Hrafnseyrarvað lagðist niður, er brúin kom á Blöndu nokkurum km. neðar 1897, enda mun áin hafa breytt sér þar.”
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 68-69, 199-200

HV-334:012 varða landamerki
“Að vestan er merkjalínan úr Syðra-Þórdísarbrekkuhorni við Blöndu. Þaðan til norðurs í stórastein við Réttarvatn. Þaðan, að norðan, ræður Réttarvatn að vík í sunnanverðu Réttarvatni, rétt sunnan við Vatnhverfishólma. Í þessari vík eru merkin beina sjónhendingu í vörðu á há Breiðavaðskúlu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Breiðavað, 1

HV-334:013 *Brattagata* heimild um leið
“Norðan við Breiðavatnslæk er Laugarhvammur við Blöndu ... Norðan við Laugarhvamm var kölluð Brattagata. Hún lá á klettastalli meðfram Blöndu. Hættulegt var að ganga hana að vetrarlagi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Breiðavað, 1

HV-334:014 heimild um þvottastað
“Norðan við Breiðavaðslæk, neðan þjóðvegar, var Þvottahvammur við lækinn. Þar var ull þveginn frá Breiðavaði, Enni og stundum Vatnahverfi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Breiðavað, 2

HV-334:015 *Stekkjarmelur* örnefni stekkur
“Þar austan við melana, litlu sunnar, er Stekkjarhvammur. Í honum er Stekkjartjörn og í hana rennur Stekkjarlind, sem kemur upp í dýi í svonefndum Bana, mjög þýfðu mýrarstykki, þar fyrir ofan. Melurinn fast austan við Stekkjartjörn er nefndur Stekkjarmelur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Breiðavað, 2

HV-334:016 *Breiðavaðssel* bæjarstæði býli/sel
"Rétt norðan merkja, milli Björnólfsstaða og Breiðavaðs, rennur Sellækur. ... Norðan Sellkjar, nokkru ofar en Stórhóll, stóð Breiðavaðssel, og sjást rústir þess enn. Það mun hafa verið síðast í byggð fyrir u.þ.b. 100 árum. (Bjarni man eftir konu, sem fædd var í Breiðavaðsseli)." Kolka: "Í Breiðavaðsseli, fram og upp af Breiðavaði, bjó einnig á síðustu öld Guðmundur "hreppur", en ekki munu þessi kot hafa verið byggð af öðrum."
Heimildir: Ö-Breiðavað, 3; Páll V.G. Kolka: Föðurtún, 71

HV-334:017 heimild um ristu
"Í norður frá túninu, þó nokkuð ofar en túnið, er engjastykki, sem heitir Torflág. Þar hefur líklega verið skorið torf, en síða var erfitt um torfristu á þessum slóðum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Breiðavað, 3

HV-334:018 *Húsalág* örnefni
"Norðaustur af túninu er Húsalág og norðan við hana, neðarlega, er Húsamelur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Breiðavað, 3

HV-334:019 *Bensagerði* heimild
"Ofan Flóahæðar er lítill melhóll með stórum steinum. Það er enfnt Bensagerði. Þar hefur sennilega einhvern tímann verið smalakofi og mátti sjá óljós merki um vegghleðslu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Breiðavað, 4

HV-334:020 heimild um fjós
"Fjósið stóð u.þ.b. 100 m fyrir framan bæinn, nær Breiðavaðslæk. Það rúmaði eina 6-8 gripi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Breiðavað, 6

HV-334:021 heimild um fjárhús
"Aðalfjárhúsin stóðu á áðurnefndri Fit, sunnan Breiðavaðslækjar. Þau muni hafa tekið nálægt 150 fjár." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Breiðavað, 6

HV-334:022 heimild um fjárhús
"Norðan Breiðavaðslækjar voru fjárhús á þremur stöðum. Ein þeirra stóðu nálægt miðju túni og hin utar, nálægt túnjaðrinum. Þessi þrenn hús hafa tekið nálægt 150 fjár. Þessi hús voru bæði notuð sem fjárhús og hesthús (þ.e. einhöluhesthús við hliðina)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Breiðavað, 6

HV-334:023 heimild um fjárhús
"Norðan Breiðavaðslækjar voru fjárhús á þremur stöðum. Ein þeirra stóðu nálægt miðju túni og hin utar, nálægt túnjaðrinum. Þessi þrenn hús hafa tekið nálægt 150 fjár. Þessi hús voru bæði notuð sem fjárhús og hesthús (þ.e. einhöluhesthús við hliðina)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Breiðavað, 6

HV-335 Björnólfstaðir
12 hdr 1708. 1405: Jón Ófeigsson selur Bjarna Einarssyni Jórsalafara jörðina. DI IX, 26. 1639: Gísli Brynjúfsson vottar að hafa selt Guðrúnu Pétursdóttur jörðina fyrir Skottastaðir. 1661: Jón Ólafsson selur Jóni Egilssyni Björnúlfsstaðu og Gunnfríðarstaði. Jarðabréf, 198 Í eyði frá 1974.

1708: "Túninu grandar stórviðri á vetur, so grasrót fer víða af áveðra. Engjar spillast af vatni, sem jetur úr rótina, bera og smálækir leir og sand á engið í vatnavöxtum." JÁM VIII, 409. 1839: "Þar eru heyskapur mikill, en létt til haga." SSH, 109. 1918: Tún 3,5 ha, 5/6 slétt, garðar 306m2. "Jörðin er sæmilega landrúm, og landið allgróið að kallað, utan melröðull, sem gengur um þvert land, vestan

þjóðvegar, þar sem dregur til gils að Blöndu." Húnaþing II, 151

HV-335:001 *Björnólfstaðir* bæjarhóll bústaður
"Gamli bærinn, sem var byggður úr torfi og timbri um síðustu aldamót, var notaður fram um 1930. Faðir Bjarna byggði þann bæ á sama stað og bærinn hafði áður staðið, u.þ.b. 500 m fyrir ofan þjóðveginn, sem nú er. Steinhús var byggt á Björnólfsstöðum á árunum 1929-30, neðar á túninu, u.þ.b. 300 m frá þjóðvegi." segir í örnefnaskrá

"Bæjarlækurinn rann fast fyrir norðan gamla bæinn. Hlóðaeldhús og fjós var áfast norðan við bæinn. Úr fjósinu var byggður rang(h)ali út yfir lækinn. Við endann á ranghalanum var byggður kofi og í honum var vatnsmylla til kornmölunnar um nokkurra ára bil (u.þ.b. frá aldamótum og fram til 1912)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Björnólfsstaðir, 3

HV-335:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-335:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-335:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-335:005 varða landamerki
"Landamerki: ... Hornmerki að norðan miðast við Reiðskarð vestan Blöndu. Eru þau um Tjaldhól, sem er fast við Blöndu að austan. Þaðan er sjónhendin norðanvert á há Breiðavaðshnjúk. Þar er varða." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 1

HV-335:006 varða landamerki
"Landamerki: ... Hornmerki að norðan miðast við Reiðskarð vestan Blöndu. Eru þau um Tjaldhól, sem er fast við Blöndu að austan. Þaðan er sjónhendin norðanvert á há Breiðavaðshnjúk. Þar er varða. Þaðan er sjónhending í vörðu á Nónhrygg, en Nónhryggur skilur lönd Langadals og Laxárdals." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 1

HV-335:007 varða landamerki
"Landamerki: ... Hornmerki að norðan miðast við Reiðskarð vestan Blöndu. Eru þau um Tjaldhól, sem er fast við Blöndu að austan. Þaðan er sjónhendin norðanvert á há Breiðavaðshnjúk. Þar er varða. Þaðan er sjónhending í vörðu á Nónhrygg, en Nónhryggur skilur lönd Langadals og Laxárdals. Suðvestur hornmerki er í Merkjagil, gil sem liggur að Blöndu. Þaðan er sjónhending í vörðu á Björnólfsstaðahnúkshala." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 1

HV-335:008 *Hrafnseyrarvað* heimild um vað
Kolka: "Um Reiðskarð, vestan Blöndu, var fyrrum alþjóðaleið að Hrafnseyrarvaði. Úr Reiðskarði voru sneiðingar til suður að Hrafnseyrarvaði. Hrafnseyri liggur þar lítið eitt vestar en um miðja Blöndu. Vaðið lá um eyraroddann." segir í örnefnaskrá "Ekki er nú vitað hvar var það var á Blöndu, er jörðin tók nafn sitt af, en tvö vöð eru fyrir landi jarðarinnar, og heitir hið syðra Hrafnseyrarvað, en hið nyrðra Strákavað." segir í Húnaþingi

Kolka: "Rétt er að nefna gömul vöð á Blöndu, áður en skilizt er að öllu við þetta mesta og mannskæðasta vatnsfall héraðsins. ... Þá er Breiðavað, sem getið er í Vatnsdælu, en nokuru neðar Hrafnseyrarvað, þar sem kaupstaðarleiðin til Höfðakaupstaðar lá yfir ána." "Vöð voru allmörg með sérstökum nöfnum á Blöndu, en auk þess er hún víða reið, þegar hún er ekki í vexti. Hrafnseyrarvað er niður af Björnólfsstöðum, og var það tíðast farið áður en brúin kom. Vaðið dregur nafn af hnullungseyri, ekki stórgrýttri, vestanhallt í ánni. Var riðið ofanhallt í eyrina. Komið er úr ánni syðst í Breiðavaðshaga að

austan, stóran hvamm suður og ofan frá samnefndum bæ. Heitir Tjaldhóll lítill bali á árbakkanum, en nú stendur þar veiðimannaskáli. Litlu ofar er Björnólfsstaðahagi. ... Hrafneyrarvað er nú afrækt með öllu. Bjarni bóni Gestsson á Björnsólfsstöðum reið það síðast 1945. Þá hafði áin grafið sig niður við vesturlandið og myndað djúpan ál. Strákavað er 400-500 m neðan Hrafnseyrar. Þar eru klettahleinar út frá landi að vestan, og brotið er mjög straumþungt. Litlu neðar fellur áin á flúðum milli klappabakka."
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 1; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 199-200; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 30; Húnaþing II, 152

HV-335:009 *Tjaldhóll* heimild um tjaldstæði
"Landamerki: ... Hornmerki að norðan miðast við Reiðskarð vestan Blöndu. Eru þau um Tjaldhól, sem er fast við Blöndu að austan. ... orðast í Björnólfsstaðahaga er Tjaldhóll og liggja merkin norðast um hann. Hann dregur nafn sitt af því að lestamenn, sem fóru um Hrafnseyrarvað tjölduðu þar. Mikil umferð var um þetta vað, áður en Blöndubrúin var byggð 1897." segir í örnefnaskrá. "Á Tjaldhól var byggt lítið timburhús 1956, nefnt Árbakki."
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 1-2

HV-335:010 *Breiðavaðsflói* álagablettur
"Sunnan við Tjaldhól rennur Sellækur í Blöndu. Hann kemur úr svokölluðum Breiðavaðsflóa í landi Breiðavaðs." segir í örnefnaskrá "Sú þjóðtrú var á Björnólfsstaðahaga, sð bóndinn á Björnólfsstöðum mátti ekki slá hann og flytja heyið heim til sín. Átti þá eitthvað óhapp að kom fyrir. Faðir Bjarna trúði þessu og heyjaði hann aldrei sjálfur, en leigði hann til slægna. Bjarni lagði lítinn trúnað á þetta og sló hagann einu sinni og flutti heyið heim. En hann hafði lokið við að flytja heyið heim, fann hann stóðhryssu, þá einu,sem hann átti, svo slasaða að henni varð að lóga." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 2

HV-335:011 heimild um huldufólksbústað
"Norðast við Björnólfsstaðahaga, við Sellæk, er Þórarinsbrekka. Hún er nokkuð grýtt og liggur frá norðri til suðurs. Þrír stórir, sérkennilegir steinar eru syðst í henni. Trú var á að huldufólk byggi í þessum steinum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 3

HV-335:012 *Jósefstættur* bæjarstæði bústaður
"Nálægt miðjum Björnólfsstaðahaga var fyrrum húsmennskubýli á klapparnefi niður við Blöndu. Þar heita nú Jósefstóftir. Þar bjó um tíma Jósef sá er býlið er kennt við. Hafði hann smá ferju, sem hann ferjaði á yfir Blöndu á hyldum ofan (sunnan) við Hrafnseyrarvað." segir í örnefnaskrá

"Hrafnseyrarvað er niður af Björnólfsstöðum, og var það tíðast farið áður en brúin kom. ... Var riðið ofanhallt í eyrina. Komið er úr ánni syðst í Breiðavaðshaga að austan, stóran hvamm suður og ofan frá samnefndum bæ. Heitir Tjaldhóll lítill bali á árbakkanum, en nú stendur þar veiðimannaskáli. Litlu ofat er Björnólfsstaðahagi. Milli haganna er flatur klappahryggur, kallaður Jósepsklappir. Þar byggði eitt sinn maður með því nafni og hafði nokkrar tekjur af því að ferja fólk yfir ána á bátskríli. Hrafneyrarvað er nú afrækt með öllu. Bjarni bóni Gestsson á Björnsólfsstöðum reið það síðast 1945. Þá hafði áin grafið sig niður við vesturlandið og myndað djúpan ál."
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 3; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 30

HV-335:013 heimild um ferju
"Nálægt miðjum Björnólfsstaðahaga var fyrrum húsmennskubýli á klapparnefi niður við Blöndu. Þar heita nú Jósefstóftir. Þar bjó um tíma Jósef sá er býlið er kennt við. Hafði hann smá ferju, sem hann ferjaði á yfir Blöndu á hyldum ofan (sunnan) við Hrafnseyrarvað." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 3

HV-335:014 heimild um vatnsból
"Í túninu voru engin örnefni, en í gengum túnið rennur smálækur, sem kallaður var Bæjarlækur. Hann var alltaf nokkurn veginn öruggt vatnsból fyrir heimilið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 3

HV-335:015 heimild um fjárhús
“Steyptu fjárhúsin standa á sama stað og áður voru önnur aðalfjárhús jarðarinnar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 5

HV-335:016 heimild um fjárhús
“Hin aðalfjárhúsin voru skammt fyrir sunnan steyptu fjárhúsin, á hólbarði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 5

HV-335:017 heimild um stekk
“Rétt norðan við Magnúsarlægju er Stekkjarbreið. Efst í henni eru gamlar stekkjartóftir og gömul heygarðsbrot, aðeins brekkumegin við stekkjarbrotin.” segir í örnefnaskrá “Bjarni heyrði sagt, að þau væru síðan rétt eftir Móðuharðindin, þegar engir hestar voru til að flytja á heyið heim.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 6

HV-335:018 náma
“Fast norðan við Stekkjarbreið [sjá 017] var kallað Grænavarð. Ofan þess er Sortubreið. Þar fannst í smápyttum sorta, sem höfð var til litunar hér áður fyrr.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 7

HV-335:019 varða landamerki
“Fyrir ofan Svanhildarbreið var Steinabrú. Norðast á henni er Merkjavarða.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 7

HV-335:020 varða landamerki
“Syðst á merkjum, suður af Umvörpum, er lágur melhóll, sem kallaður er Strympumelur. Upp af Strympumel er svokallaður Hnjúkshali. Á honum er merkjavarða.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 7

HV-335:021 *Strákavað* heimild um vað
Kolka: “Rétt er að nefna gömul vöð á Blöndu, áður en skilizt er að öllu við þetta mesta og mannskæðasta vatnsfall héraðsins. ... Þá er Breiðavað, sem getið er í Vatnsdælu, en nokuru neðar Hrafnseyrarvað, þar sem kaupstaðarleiðin til Höfðakaupstaðar lá yfir ána. Lítið eitt neðar er Strákavað, sem er tæpt.” “Ekki er nú vitað hvar var það var á Blöndu, er jörðin tók nafn sitt af, en tvö vöð eru fyrir landi jarðarinnar, og heitir hið syðra Hrafnseyrarvað, en hið nyrðra Strákavað.” segir í Húnaþingi

Árbók: “Strákavað er 400-500 m neðan Hrafnseyrar. Þar eru klettahleinar út frá landi að vestan, og brotið er mjög straumþungt. Litlu neðar fellur áin á flúðum milli klappabakka.” “Síðar var aðalvaðið kallað Hrafneyrarvað milli Breiðavaðs og Björnólfsstaða. ... Nokkru neðar var Strákavað, og þótti viðsjárvert, því að neðan þess fer áin að kastast á flúðum.”
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 199-200; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 30, 75; Húnaþing II, 152

HV-335:022 heimild um leið
“Síðar var aðalvaðið kallað Hrafneyrarvað milli Breiðavaðs og Björnólfsstaða. Má enn sjá marga götuslóða, hálfgróna, niður í hvamm nokkurn vestan ár skammt frá þeim stað, er lítill lækur kemur úr Hnjúkatjörn í Blöndu.”
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 75

HV-335:023 *Hagi* bæjarstæði býli
Kolka: “Í Haga niður frá Björnólfsstöðum bjó á sínum tíma Jósep draugur ... ekki munu þessi kot hafa verðir byggt af öðrum.”
Heimildir: Páll V Kolka: Förðutún, 71

HV-336 Yzta Gil

20 hdr 1708. 1405: Jón Ófeigsson selur Bjarna Einarssyni Jórsalafara jörðina. DI IX, 26. . 1453; Vitnisburður um að jörðin sé í Holtastaðakirkjusókn. DI V, 104. 1459 Þorvaldur Finnsson samþykkir gjöf Teits þar sem klaustrinu á Stað í Reynisnesi er gefin hálf Engihlíð og hálft Gil í Holtastaðakirkjusókn. DI V, 192, gæti verið sama jörð. 1527: Jón Hólabiskup selur Guðmundi Þorsteinssyni Hól sem var eign dómkirkjunnar fyrir Ystagil í Langadal. DI IX, 400. Í eyði frá 1950.

1708: "Túninu grandar stórviðri á vetur, sem spilla grasrótinni, og verða þúfur allvíða graslausar áveðra, og í sma máta uatnsuppgángur, sem víða gjörir grasleysumýri í vellinum. Enginu grandar smá lækir, sem bera í vatnavöxtum sand og leir og spilla allvíða grasvexti." JÁM VIII, 408. 1839: "Þar er heyskapur sæmilegur og hagbeit allgóð." SSH, 109. 1918: Tún 3,8 ha, 3/5 slétt, garðar 611m2.

HV-336:001 *Yzta Gil* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-336:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-336:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-336:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-336:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-336:006 varða landamerki
"Suðurmerki eru melhóll sem smá vörðu, vestan við Hrossamýri." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Yztagil, 1

HV-336:007 varða landamerki
"Suðurmerki eru melhóll sem smá vörðu, vestan við Hrossamýri. Þaðan er sjónhending til austus um Merkjalaut. Þaðan í vörðu sunnantil á Dýhólum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Yztagil, 1

HV-336:008 *Yztagilsvað* heimild um vað
"Nokkru fyrir sunnan klappirnar, um miðjan Hagann, var vað á Blöndu nefnt Yztagilsvað. Það var jafndjúpt og nokkuð gott." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Yztagil, 1-2

HV-336:009 heimild
"Lækurinn var virkjaður 10-15 m fyrir ofan fossinn, en þar var byggð stífla í lækinn og vatnið leitt í járnrörum niður í stöðvarhús - 360 m vegalend. Fallið var 60 m. Þessi stöð var byggð 1930 af Bjarna Gestssyni á Björnólfsstöðum og leiddi hann rafmagn heim í Björnólfsstaði 700 m vegalend. Þetta mun vera fyrsta virkjun í Austur-Húnavatnssýslu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Yztagil, 2

HV-336:010 heimild um myllu
"Sunnantil um miðjan Haga rennur Stórilækur í Blöndu ... Á milli tveggja neðstu fossanna í Stóralæk var eitt sinn reist mylla sunnanvert við lækinn." segir í örnefnaskrá Notuð í nokkur ár.
Heimildir: Ö-Yztagil, 2-3

HV-336:011 heimild
"Sunnan Hrossagils er valllendishvammur. Í honum sést fyrir gömlum húsatóftum. Etv. er þetta gamall heygarður, en í rossmýri var gott slægjuland og lá beint við að setja þarna í hey." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Yztagil, 3

HV-336:012 heimild um fjárhús
"Yzt og efst í túninu, norður undan Stóralækjargilinu, voru fjárhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Yztagil, 3

HV-336:013 heimild um hesthús
"Hesthús var sunnan Bæjarlækjar og túnið þar í kring kallað Hesthúsvöllur." Þar stendur núverandi fjárhús. segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Yztagil, 3

HV-336:014 heimild um fjárhús
"Niður á túninu, á gilbarminum, er hóll, sem kallaður var Stórhóll. Beint ofan hans var annar minni, sem kallaður var Gamlihóll. Þar sést fyrir húsatóftum, líklega af fjárhúsum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Yztagil, 3

HV-336:015 heimild um fjárhús
"Syðst ogf efst á túninu var fjárhús. Það stóð fram um 1920." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Yztagil, 3

HV-337 Miðgil

10 hdr 1708. 1405: Jón Ófeigsson selur Bjarna Einarssyni Jórsalafara jörðina. DI IX, 26. 1459 Þorvaldur Finnsson samþykkir gjöf Teits þar sem klaustrinu á Stað í Reynisnesi er gefin hálf Engihlíð og hálft Gil í Holtastaðakirkjusókn. DI V, 192, gæti verið sama jörð. Í eyði frá 1962. 1541: Neðstagil í Langadal gefið ásamt 6 hdr í peningum fyrir Öndóttsstaði í Reykjadal. DI X, 662. Talin sama jörð og Miðgil.

1708: "Enginu grandar jarðfallsskriður úr fjalli og vatn, sem jetur úr rótina til stórskaða." JÁM VIII, 408. 1839: "Er þar heyskapur gróðut og allgott til haga." SSH, 109. 1918: Tún 3,9 ha, 5/6 slétt, garðar 456m2. "Jörðin er landlítil, en mesti hluti þess gróinn og frjór." Húnaþing II, 150.

HV-337:001 *Miðgil* bæjarhóll bústaður
"Skömmu fyrir aldamót [1900] byggði afi minn, Guðmundur Þorkelsson, Miðgilsbæinn. Bærinn var svonefnd vinkilbygging, það er að framhlið og suðurgafl voru timburþil en norður- og austurveggir voru mjög þykkir, byggðir úr torfi og grjóti."
Heimildir: Túnakort 1918; Anna Árnadóttir: "Húsaskipun á Miðgili í Langadal", 114

HV-337:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-337:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-337:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-337:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-337:006 varða landamerki

“Landamerki: Úr vörðu sunnan við Hrossgil á Efrabarði ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miðgil, 1

HV-337:007 varða landamerki
“Landamerki: Úr vörðu sunnan við Hrossgil á Efrabarði, þaðan bein lína til austurs í vörðu vestan við Hraunbrekku ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miðgil, 1

HV-337:008 *Torfholt* örnefni rista
“Norður af túninu er Torfholt, og austur af því brekka, sem heitir Kinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miðgil, 1

HV-337:009 *Stekkjarlækur* örnefni stekkur
“Norður af túninu er Torfholt, og austur af því brekka, sem heitir Kinn. Sunnan við hana og Torfholt rennur lækur, sem heitir Skuggalækur; í honum Skuggafoss. Skammt sunnar er Stekkjarlækur, sem hefir upptök sín uppi á Langadalsfjalli.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miðgil, 1

HV-337:010 heimild um stekk
“Norðaustur af túninu er tóftarrúst, sem hét Stekkur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miðgil, 1

HV-337:011 *Fjárhúshóll* örnefni fjárhús
“Syðst í túninu sunnan við lækinn var hóll, sem hét Fjárhúshóll ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miðgil, 2

HV-337:012 *Hólhústún* örnefni
“Syðst í túninu sunnan við lækinn var hóll, sem hét Fjárhúshóll; sunnan við hann hét Hólhúslaut, Kringum hólinn hét Hólshústún.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miðgil, 2

HV-338 Engihlíð

30 hdr 1708, 50 hdr með Glaumbæ sem er 2/5 hlutar Engihlíðar. Útkirkja var á jörðinni. Jarðarinnar getið í Landnámu og Vatnsdælu. ÍF VIII, 126. [1360/89]: “[á Holtastöðum] er prestz skylld. tekur hann heima fiorar merkur. ... j Eingihlyd .ij. merkur ...” DI III, 170. 1405: Jón Ófeigsson selur Bjarna Einarssyni Jórsalafara jörðina. DI IX, 26. 1459 Þorvaldur Finnsson samþykkir gjöf tietis þar sem klaustrinu á Stað í Reynisnesi er gefin hálf Engihlíð og hálft Gil í Holtastaðakirkjusókn. DI V, 192. 1532: Vitnisburður um landamerki. DI IX, 627-628. Á jörðinni var þingstaður. Jörðin í eyði 1708. Jörðin í eyði frá 1964.

1708: “Túninu grandar vatnsuppgángur, sem gjörir mýrarblettir og mosadý allvíða til stórskaða. Enginu grandar skriðulækur með grjótsáburði, sem áeykst árlega með vatnsgángi, sem jetur úr rótina.” JÁM VIII, 407 1839: “Er þar gott til heyskapar og sæmileg beit.” SSH, 109. 1918: Tún 4,1 ha, 2/3 slétt, garðar 311m2. “Jörðin er landþröng, en mestur hluti þess gróðurlendi og mjög grösugt.” Húnaþing II, 149

HV-338:001 *Engihlíð* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-338:002 heimild um útkirkja
1708: “Bænhús segja menn jer hafi verið, en er nú af fallið, og sjest enn tóftarbrotið, sem þó er alt grasi vaxið, en kallast almennilega bænhústóft.”
ENGIHLÍÐ Í LANGADAL (AH) (HOLTASTAÐAÞING) ? HÁLFKIRKJA
[1360?89]: [á Holtastöðum] er prestz skylld. tekur hann heima fiorar merkur. ... j Eingihlyd .ij. merkur; Máld DI III 170 [Holtastaða]

Heimildir: DI; JÁM VIII, 407

HV-338:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-338:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-338:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-338:006 heimild um þingstað
"Hér er þingstaður sveitarinnar ..." segir í Húnaþingi
"Tekur þá við Miðgil og næst því Engihlíð, sem stendur undir brekku á eyri fast niður við ána. Það er gamall þingstaður, sem hreppurinn er kenndur við. Landnáma getur þess, að þar hafi búið Fóstólfur og Þjóstólfur, sem verið hafa talsverðir ofstoppamenn, og höfðu Langdælir svipað orð á sér löngu síðar. " "Þar stendur Engihlíð, sem hreppurinn er kenndur við, og var þar löngum þingstaður. Í Engihlíð bjuggu á söguöld bræður tveir með gustmiklum nöfnum, Fóstólfur og Þróttólfur. Þeir unnu á Úlfhéðni frá Móbergi, en höfðu áður fært byggð sína að Holti á Kólkumýrum."
Heimildir: Húnaþing II, 149; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 71; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 76

HV-338:007 varða landamerki
"Úr norðurenda þessara kletta [Hrafnakletta] liggja nú merkin niður á við í Engihlíðarhnjúk, sem kallaður er, og svo áfram niður í mel, sem kallaður er Strýta. Á þeim mel hefir verið hlaðin varða, sem stendur að nokkru leyti ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Engihlíð, 1

HV-338:008 garðlag landamerki
"... og áfram [frá 007] liggur línan niður í hól sunnan við Engihlíðartúnið, og kallast hann Stórhóll. Þar hefir verið hlaðinn garður á merkjum, sem sést vel fyrir ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Engihlíð, 1

HV-338:009 heimild um stekk
"Norðast í túninu er slétta, sem kölluð er Merkjaslétta ... Sunnan við hana er önnur slétta, sem kölluð er Ytri-Ferhyrningur. Þá kemur Syðra-Ferhyrningur ... Sunnan við Syðri-Ferhyrning er slétta, sem kölluð er Stekkjartún. Það nær neðan frá Blöndu og nokkuð upp í brekku þarna fyrir ofan, en þar var áður stekkur og sást fyrir rústum, áður en sléttað var." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Engihlíð, 2

HV-338:010 heimild um fjárhús
"Sunnan við þetta tún [Stekkjartún 009] eru tvær sléttur, og heitir sú norðari Vinkilslétta, og nær hún nokkuð upp í brekkuna fyrir ofan, og efri partur hennar að læk, sem rennur þar fyrir sunnan. Ofan við hana eða uppi á brekkunni heitir Húsatún. Þar stóðu áður fjárhús, sem nú er búið að jafna við jörðu." "Fjárhúshóll heitir, þar sem nú kallast Húsatún." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Engihlíð, 2, 3

HV-338:011 *Gerði* örnefni
"Gerði hét norðast í Gamlatúni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Engihlíð, 3

HV-338:012 *Litlagerði* örnefni
"Litlagerði hét í sléttu, sem nú kallast Gulrót ..." segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Engihlíð, 3

HV-339 Glaumbær

20 hdr 1708, 2/5 hlutar Engihlíðar. Í eyði frá 1968, nytjað. 1708: "Túninu grandar vatnsuppgángur, sem gjörir mýrarblettir og mosadý allvíða til stórskaða. Enginu grandar skriðulækur með grjótsáburði, sem áeykst árlega með vatnsgángi, sem jetur úr rótina." JÁM VIII, 407. 1839: "Þar er heyskapur góður, en lítið beitarland og létt." SSH, 109. 1918: Tún 3 ha, 1/2 slétt, garðar 334m2. "Land jarðarinnar, sem ekki er mikið, er grýtt og fremur gróðurrýrt til fjallsins en grösugt hið neðra." Húnaþing II, 149

HV-339:001 *Glaumbær* bæjarhóll bústaður
"Þarna fyrir ofan, norðarlega , er Gamla-Glaumbæjartúnið, og ofarlega í því stóð bærinn, sem nú er að mestu hruninn, en uppi standa fjós, hlaða og haughaus, ennfremur gömul fjárhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Glaumbær, 2

HV-339:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-339:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-339:004 varða landamerki
"Að norðan eru merki úr hól skammt frá Blörnu, sem heitir Stórhóll, til austurs, eða upp hlíðina, í melhól, sem kallaður er Strýta. Á honum er hlaðin varða, sem er hrunin að nokkru leyti." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Glaumbær, 1

HV-339:005 heimild um fjárhús
"Meðfram Blöndu norðast hét áður Eyrar, nú er þarna stór túnslétta, sem kölluð er Húsatún; upp undan því er Stórhóll ...Húsatún nær suður með Blöndu, að læk, sem heitir Silungalækur; norðan við lækinn, svona mitt í milli Blöndu og vegarins þarna fyrir ofan, standa fjárhús, stór og mikil, taka 600 fjár, með hlöðu og haughúsi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Glaumbær, 1-2

HV-339:006 heimild um fjós
"Þarna fyrir ofan, norðarlega , er Gamla-Glaumbæjartúnið, og ofarlega í því stóð bærinn, sem nú er að mestu hruninn, en uppi standa fjós, hlaða og haughaus, ennfremur gömul fjárhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Glaumbær, 2

HV-339:007 heimild um fjárhús
"Þarna fyrir ofan, norðarlega , er Gamla-Glaumbæjartúnið, og ofarlega í því stóð bærinn, sem nú er að mestu hruninn, en uppi standa fjós, hlaða og haughaus, ennfremur gömul fjárhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Glaumbær, 2

HV-339:008 heimild um hesthús
"Ofarlega í þessari sléttu [Brattasléttu] stóð áður hús, ég held hesthús, sem nú sést ekki lengur fyrir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Glaumbær, 3

HV-339:009 *Gerði* heimild
"Sunnan við Silungalæk, í sömu hæð og bæjarhúsin gömlu, eru gamlar húsarústir, sem kallaðar eru Gerði. Í kring um það og alveg niður að vegi og suður að merkjum milli Glaumbæjar og Fremstagils eru stórar túnsléttur, sem heita Gerðissléttur. Kringum allt þetta tun er fjárheld girðing." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Glaumbær, 3

HV-339:010 *Lambhúshóll* örnefni lambhús
"Ofan við túngirðinguna norðast eru aflangur hóll, sem heitir Lambhóll eða Lambhúshóll. Ekki veit ég um skýringu á þessu nafni, en þykir líklegt, að hann dragi naf af lambhúsi, sem staðið hefir þarna einhvers staðar, þó ekki sjáist merki þess." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Glaumbær, 3

HV-340 Syðsta (Fremsta) Gil

20 hdr. 1708. 1405: Jón Ófeigsson selur Bjarna Einarssyni Jórsalafara jörðina. DI IX, 26. 1459 Þorvaldur Finnsson samþykkir gjöf Teits þar sem klaustrinu á Stað í Reynisnesi er gefin hálf Engihlíð og hálft Gil í Holtastaðakirkjusókn. DI V, 192, gæti verið sama jörð. 1565: Lýsing á skiptum á Syðsta Gili. Sama ár einnig kaupabréf fyrir jörðinni. DI XIV, 365, 435-436.

1708: "Enginu grandar til stórskaða smálækir, sem renna úr brattlendi og bera á það leir og sand, so og jetur vatn úr þessum lækjum rótina úr allvíða." JÁM VIII, 406. 1839: "Góð heyskapar- en létt hagajörð." SSH, 109. 1918: Tún 4,8 ha, 3/4 slétt. "Jörðin er ekki landmikil, en graslendi frjótt og ræktunarmöguleikar sæmilegir." Húnaþing II, 148.

HV-340:001 *Syðsta (Fremsta) Gil* bæjarhóll bústaður
"Íbúðarhúsið nýja stendur rétt vestan við, þar sem gamlibærinn stóð. Það var byggt árið 1912 eða ´13 - en síðar hefur verið byggt við það." segir í örnefnaskrá Rituð hefur verið nákvæm lýsing á húsaskipan í Fremstagili
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Fremstagil, 2; Ö-Húsaskipan á Fremstagili, 1-4

HV-340:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-340:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-340:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-340:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-340:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-340:007 áletrun landamerki
"Suðvestur hornmerki eru við Blöndu í stein, sem merktur er LM." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 2

HV-340:008 heimild um fjós
"Áður var fjós rétt sunnan við gamla bæinn og brunnhús áfast við það að sunnan." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 2

HV-340:009 *Lambhús* heimild um fjárhús
"Sunnan við Bæjarlæk, beint suður af bænum, var eitt fjárhús kallað Lambhús. Þar er nú steypt fjárhús og hlaða." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 3

HV-340:010 *Hólhús* heimild um fjárhús

“Norðaustur af bænum, efst í túninu, var fjárhús, nefnt Hólhús. Það stóð á dálitlum hól. Niður undan því var nefnt Hólhústún.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 3

HV-340:011 *Réttarhús* heimild um fjárhús
“Skammt fyrir norðan Hólhús var fjárhús nefnt Réttarhús. Rétt var byggð sunnan við það og voru kvíærnar mjólkaðar í henni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 3

HV-340:012 heimild um rétt
“Skammt fyrir norðan Hólhús var fjárhús nefnt Réttarhús. Rétt var byggð sunnan við það og voru kvíærnar mjólkaðar í henni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 3

HV-340:013 heimild um myllu
“Rétt norðan við Réttarhús rennur Stórilækur. Hann á upptök sín í Bæjarskarði, stóru skarði í Langadalsfjalli, norður og upp frá bænum. Mylla var við Stóralæk beint norður undan honum. Hana byggði faðir, Árna, Erlendur Einarsson, en hann bjó á Fremstagili í 33 ár.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 3

HV-340:014 heimild
“Fyrir utan og ofan túnið, út við Stóralækinn, var árið 1930 byggt rafstöðvarhús og var vatnið úr Stóralæk notað til að knýja stöðina.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 3

HV-340:015 heimild um hesthús
“Bæjarlækurinn rann niður rétt fyrir norðan hesthús, sem byggt var á svonefndum hesthúsvelli neðst í túninu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 3

HV-340:016 garðlag vörslugarður
“Efst í túninu, norðarlega sást fyrir miklum garði og virðist hann hafa verið vörzlugarður. Hann lá frá norðri til suðurs. Víða sést fyrir slíkum görðum í Langadal m.a. á milli Hvamms og Holtastaða.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 4

HV-340:017 *Þrælagerði* örnefni
“Sunnan við Brekkurnar, vestast, er grasblettur, sem heitir Þrælagerði (ath. Árni heyrði það einungis nefnt Gerði).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 4

HV-340:018 *Torflág* örnefni rista
“Austur af því [017] er laut, sem heitir Torflág. Sunnan við Torflág er Torfholt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 4

HV-340:019 *Harðeyrarbrekka* álagablettur
“Harðeyrarbrekku norðan Stekkjargils [sjá 020], mátti aldrei slá, -áttu þá að misfarast skepnur. Einar, bróður Árna, sló eitt sinn Harðeyrarbrekku og missti veturinn eftir fylfulla meri.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 5

HV-340:020 *Stekkjargil* örnefni stekkur
“Árið 1972 var lagður nýr vegur eftir Langadal. Var þá lagður vegur niður í Stekkjargil og niður úr því og möl tekin úr horninu norðan við Stekkjargil. Við það stækkaði og breyttist Stekkjargil til muna.” segir

í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 6

HV-340:021 heimild um stekk
"Í Hryggnum eru margar lautir, en tvær þeirra eru nafnkenndar: Stekkjarlaut, neðarlega í Hryggjunum norðantil, beint suður af Langhól. í henni eru stekkjarbrot." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 7

HV-341 Þorbrandstaðir

20 hdr 1708. Hjáleiga frá Skarði fjórðungur jarðarinnar. Í eyði frá 1913/22 og lögð undir Geitaskarð. 1708: "Kostir og ókostir sem segja um sjálfa heimajörðina, nema túninu grandar hjer grjótsuppgángur til stórskaða, en skriðufall ekkert." JÁM VIII, 405. 1839: "Er þar heyskapur allgóður, en beit létt." SSH, 109.

HV-341:001 *Þorbrandstaðir* bæjarhóll bústaður
"Byggingar hafa allar verið þar minni en á Buðlunganesi, eftir rústum að dæma, en sökum þess, hversu skammt er síðan hús voru rofin, má nokkuð glöggt sjá, hversu þeim hefir verið skipað. Bæjarhús ásamt fjós- og hesthúskofa hafa staðið á Bæjarhól, sem er hár og brattur, syðst og efst í túni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 5

HV-341:002 heimild um fjárhús
"Nyrzt í túni, beint gegn Bæjarhól, á hólflöt allstórri, er heitir Húsaflöt, eru fjárhúsarústir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 5

HV-341:003 heimild um hesthús
"Skammt sunnan Bæjarhóls er hólkúpa eða ávali, sem heitir Gerði. Þar eru rústir peningshúsa, er sýnilega eru fallin fyrir allmiklu lengra síðan en önnur mannvirki. Ekki ólíklegt, að þar hafi staðið hesthús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 5

HV-341:004 heimild um kvíar
"Norðan túns, í suðurjaðri Hóla, í melkrika kröppum, eru rústir réttar eða kvía. Krikinn er kallaður Kvíalaut (39)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 5

HV-341:005 heimild um fjárhús
"Norðaustan melhólanna, er mynda Kvíalaut, er votlendisflesja með smápollum og keldum. Flesjan heitir Vætu. Í jaðri Vætanna suðaustanverðum, á hólbala, sést móta fyrir rústum einhverra mannvirkja, sennilegast fjárhúsa." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 5

HV-342 Geitaskarð

60 hdr 1708, 80 hdr með Þorbrandsstöðum sem voru byggður úr landi G. Útkirkja var á jörðinni. Jarðarinnar getið í Sturlungu og Hallfreðarsögu. Sturlunga saga I, 500; ÍF VIII, 144. 1318: "[á Holtastöðum] er ij. presta skylld. takast heima. iiij. merkr j leýgu. ad skardi. iiij. merckr ..." DI II 471-472. [1360-89]: "[á Holtastöðum] er prestz skylld. tekur hann heima fiorar merkur. ad skardi .iiij. merkur ..." DI III, 170 1360 Jörðin gefin kirkjunni á Holtastöðum. DI III, 143. 1384: "Geitaskarð selt, Svo ej sijdur þann jardar part kyrkian ath Gæitaskarde var þa eigand ordenn med hverium hætte sem profvast ad Jon hæiten Benedichtson hefde hann kykunne giefed. Skilde [seljandi] af sier alla abyrd um fyrnd ä kirkiunne ..." DI III 378-379. 1405: Jón Ófeigsson selur Bjarna Einarssyni Jórsalafara hálfa jörðina. DI IX, 26. 1432: "halfkirkia j skardæ ... giordh firir xiiij hundrot. En firir fyndh vj hundrot ..." DI IV 514 Buðlunganes byggt úr landi Geitaskarðs, einnig Fosskot. Geitaskarð hefur greinilega átt hluta af Laxárdal

því jarðirnar Núpsöxl og Illugastaðir eru byggðir úr landi Geitaskarð sem hafa sennilega átt landi norðan frá mynni Skarðarskarðs og að landi Úlfagils.

1708: "Túninu grandar lækur úr brattlendi, sem ber grjót á völlinn til stórskaða, sem áeykst árlega. Enginu grandar lækir, sem renna úr brattlendi og bera grjót og leir á það til stórskaða." JÁM VIII, 404-405. 1863: "Þar eru heyskapur sæmilegur, en lítið um haga heima ..." SSH, 109. 1918: Tún 10,1 ha, 4/5 slétt, garðar 979m2.

HV-342:001 *Geitaskarð* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-342:002 heimild um útkirkja
GEITASKARÐ Í LANGÁRDAL (HOLTASTAÐAÞING) (AH) ? Jóni baptista ? HÁLFKIRKJA
1318: [á Holtastöðum] er ij. presta skylld. takast heima. iiij. merkr j leýgu. ad skardi. iiij. merckr; Máld DI II 471?472 [Holtastaða]
[1360?89]: [á Holtastöðum] er prestz skylld. tekur hann heima fiorar merkur. ad skardi .iiij. merkur; Máld DI III 170 [Holtastaða]
10.12.1384: Geitaskarð selt, Svo ej sijdur þann jardar part kyrkian ath Gæitaskarde var þa eigand ordenn med hverium hætte sem profvast ad Jon hæiten Benedichtson hefde hann kykunne giefed.
Skilde [seljandi] af sier alla abyrd um fyrnd ä kirkiunne; DI III 378?379
17.8.1432: halfkirkia j skardæ ... giordh firir xiiij hundrot. En firir fyndh vj hundrot; Vísitasíugerð DI IV 514
1708: Á Geitaskarði eru enn sungnar tíðir; (PP, 232)
Heimildir: DI

HV-342:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-342:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-342:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-342:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-342:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-342:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-342:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-342:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-342:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-342:012 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-342:013 *Strengjavað* heimild um vað
"Fyrir landi jarðarinnar er vað á Blöndu, er Strengjavað nefnist." segir í Húnaþingi "Um það bil miðja vega milli steins þessa og lækjaróssins er vað á Blöndu, er heitir Strengjavað, í daglegu tali kallað Strengir. Vaðið er nokkuð stórgrýtt, en talið öruggt samt, sé ekki hærra í ánni en svo, að tvö fet lifi steinsins, er áður er nefndur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Húnaþing II, 147; Ö-Geitaskarð, 3

HV-342:014 garðlag landamerki
"Að sunnan ræður garður sá, er liggur milli Holtastaðakots og Geitaskarðs, neðan frá Blönduárbakka, beint til fjalls upp, svo langt, sem gras nær." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 1

HV-342:015 *Hlóðasteinn* örnefni
"Að norðan ræður bein lína frá Blönduárbakka syðst á Harðeyri fyrir utan Buðlunganes. Þaðan beint í austur í Hlóðarstein norðan í Einbúahól, þaðan beina línu í mitt Kolluberg, og þaðan beint til austurs á fjall upp, eins og vötn draga." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 1

HV-342:016 *Buðlunganes* bæjarstæði býli
1405 jörðin seld Birni Jórsalafara. "Land þess liggur vestan þjóðvegar, gegnt Þorbrandsstöðum. Um landamerki milli þessara jarða er engin örugg heimild til, en að líkum hafa þau verið um það bil, er þjóðvegurinn liggur nú. Að vestan ræður Blanda merkjum. Að norðan ræður lína, dregin af Blöndubakka syðst á Harðeyri til austurs í áðurnefndan Hlóðarstein. Að sunnan eru merkin úr svonefndum Mólækjarós, þar sem Mólækur fellur í Blöndu, og beina línu í austur í norðurbrún Móholts. Á Buðlunganesi mun ekki hafa verið búið, síðan um miðja 17. öld, og hafði ábúandi Þorbrandsstaða, þá þar var búið, flestar nytjar beggja jarða. Lendur þessara býla (Þorbrandsstaða og Buðlunganess) eru girtar hvor fyrir sig á merkjum, eins og þeim er lýst hér að framan." segir í örnefnaskrá

"Á Nestánni vestast sést glöggt móta fyrir túnstæði og tóftum bæjar- og peningshúsa Buðlunganess. Tóftirnar eru allfyrirferðarmiklar og bera þess vott, að um mikinn húsakost hafi verið að ræða. Túnið hefir verið allstórt, girt allt vallargarði, víðast hlöðnum úr torfi, en með köflum úr torfi og grjóti. Leifar þessa garðs segja manni ótvírætt, að þar hafi verið geysimannvirki, svo há og breið er rúst hans."
Heimildir: DI IX, 26Ö-Geitaskarð, 2, 3

HV-342:017 heimild um kvíar
"Rétt norðan Mólækjaróss, syðst á Buðlunganesi, var sumarið 1929 brotin landspilda til ræktunar, tæpl. 2 ha. að stærð. Túnspilda þessi er nefnd Blettur. Skammt norðan við Blettinn, fram á árbakkanum, eru Kvíar, tvær hringmyndaðar réttir samstæðar, byggðar vorið 1927 af þáverandi bónda á Geitaskarði, Þorbirni Björnssyni. Þá um sumarið var fært frá og hafðar í kvíum 50 ær. Örskammt norðan Kvía rennur Buðlungalækur í Blöndu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 3

HV-342:018 garðlag
"Þar, sem lækurinn fellur úr suðurenda tjarnarinnar, heitir Vik. Vikið er vaxið mjög stórvaxinni stör (gulstör), og er það í daglegu tali kallað Sef. Skammt suðvestan við Vikið er garður hlaðinn úr torfi þvert fyrir Buðlunga- lækinn, en hann á upptök sín í Vikinu. Með garði þessum er læknum, eða hluta hans, veitt í djúpa laut milli tveggja mela örskammt vestan lækjarins. Pollurinn, sem þarna myndaðist, heitir Sundpollur. Var hann í nokkur sumur notaður til sundiðkana af ungmennafél. sveitarinnar (Vorboðinn), er hlóð nefndan garð."
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 3

HV-342:019 *Sundpollur* heimild um sundlaug
"Þar, sem lækurinn fellur úr suðurenda tjarnarinnar, heitir Vik. Vikið er vaxið mjög stórvaxinni stör

(gulstör), og er það í daglegu tali kallað Sef. Skammt suðvestan við Vikið er garður hlaðinn úr torfi þvert fyrir Buðlunga- lækinn, en hann á upptök sín í Vikinu. Með garði þessum er læknum, eða hluta hans, veitt í djúpa laut milli tveggja mela örskammt vestan lækjarins. Pollurinn, sem þarna myndaðist, heitir Sundpollur. Var hann í nokkur sumur notaður til sundiðkana af ungmennafél. sveitarinnar (Vorboðinn), er hlóð nefndan garð."
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 3

HV-342:020 *Húsadalur* örnefni
"Fram af þessari brekku austanverðri fellur Þorbrandsstaða- lækurinn (44). Hann á upptök sín neðarlega í dalskoru, er gengur til austurs frá Bröttubrekku milli hárra mela allt til fjalls. Dalskoran heitir Húsadalur (45). Hann er grösugur í botni, en melarnir beggja vegna eru gróðurrýrir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 5

HV-342:021 heimild um áveitu
"Vestan vegarins, niður og suður af gamla túninu, sem að austan takmark- ast af alldjúpum, grónum skurði, eru löngu uppgrónar eyrar, sem einu nafni heita Flæði. Þar var fyrir nokkru síðan áveituengi, en er nú að mestu ræktað tún. Engi þessu var skipt með hlöðnum áveitugörðum, er lágu í austur og vestur, í þrjá hluta. Heitir syðsti hlutinn Suðurflæði, miðhlutinn Miðflæði og yzt Yztaflæði." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 7

HV-342:022 heimild um áveitu
"Vestan suðvesturhorns Yztaflæðis [sjá 021] var hringlaga blettur, umhlaðinn garði. Blettur þessi er nefndur Kringlóttaflæði. Þótt garðarnir sumir séu jafnaðir við jörð, eru nöfn þessi notuð." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 7

HV-342:023 heimild um hesthús
"Gegnum túnið á Geitaskarði rennur Skarðslækurinn. Hann skiptir túninu í tvennt, Úttún og Suðurtún. Suðurtúnið er allmiklu minna. Syðst í því stendur hesthús úr torfi og grjóti, er rúmar 18 hross." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 7

HV-342:024 heimild um hesthús
"Beint út undan hesthúsinu, út við lækinn, standa fjós og tvö hesthús, ásamt með áburðargeymslum. Fjósið er úr steinsteypu og rúmar 32 kýr. Hesthúsin eru úr torfi og grjóti með járnvörðu þaki. Þau rúma samtals ca. 30 hross. Áburðargeymslurnar eru úr steinsteypu. Hlaða fyrir þessi gripahús rúmar 1400 hestburði. Þrjár votheystóftir eru við þessi hús, er rúma samtals 300 hestburði." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 7-8

HV-342:025 *Hólhús* heimild um fjárhús
"Ofar í túninu, upp undan íbúðarhúsinu, á ytri gilbarmi, stendur fjárhús og hlaða. Húsið rúmar 90 kindur og hlaðan ca. 280 hestb. Húsin heita Hólhús. Í gilinu vestan Hólhúsa er matjurtagarður mót suðri. ... Bæði þessi hús ásamt hlöðum eru úr torfi og grjóti, en þök járnvarin." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 8

HV-342:026 heimild um fjárhús
"Sunnan gilsins, gegnt Hólhúsum eða litlu austar, standa önnur fjárhús með hlöðu. Húsin rúma 110 kindur, en hlaðan liðlega 300 hestburði. Bæði þessi hús ásamt hlöðum eru úr torfi og grjóti, en þök járnvarin." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 8

HV-342:027 heimild um leið
"Milli smiðjunnar og matjurtagarðsins er gata eða stígur, er liggur austur túnið og til fjalls á norðari barmi Skarðslækjargilsins, upp í Skarðið og austur það. Gata þessi var hreppavegur, þá Engihlíðarhreppshluti

Laxárdals var í byggð, og fjölfarin þá nokkuð." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 8

HV-342:028 *Gerðishús* heimild
"Túnskikinn sunnan götunnar, þar sem hún liggur í gegnum túnið, heitir Dagslátta. Austan Dagsláttu, út og austur af Hólhúsum, er brött brekkukinn, er heitir Útauki. Neðst í Úttúni, austan vegarins, er löng, ávöl hólbunga, er liggur út og suður endilangan jaðarinn á gamla túninu, skorin í sundur utarlega af allbreiðu, þurru dragi. Hóll þessi heitir Langhóll. Norðan dragsins, er skiptir Langhól, og austan hólsins er flöt slétta, er nefnist Gerðistún. Yzt á Gerðistúni, á norðurenda Langhóls, stóðu fjárhús, er hétu Gerðishús. Þau eru fyrir nokkru jöfnuð við jörðu. " segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 8

HV-342:029 *Syðrihús* heimild
"Túnskikinn sunnan götunnar, þar sem hún liggur í gegnum túnið, heitir Dagslátta. Austan Dagsláttu, út og austur af Hólhúsum, er brött brekkukinn, er heitir Útauki. Neðst í Úttúni, austan vegarins, er löng, ávöl hólbunga, er liggur út og suður endilangan jaðarinn á gamla túninu, skorin í sundur utarlega af allbreiðu, þurru dragi. Hóll þessi heitir Langhóll. Norðan dragsins, er skiptir Langhól, og austan hólsins er flöt slétta, er nefnist Gerðistún. Yzt á Gerðistúni, á norðurenda Langhóls, stóðu fjárhús, er hétu Gerðishús. Þau eru fyrir nokkru jöfnuð við jörðu. Sunnan dragsins stóðu önnur hús, er nefndust Syðrihús (74). Þau er einnig búið að rjúfa." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 8

HV-342:030 heimild um rétt
"Ofan túns, beint upp undan íbúðarhúsinu, er fjárrétt. Sunnan hennar er matjurtagarður, kallaður Réttargarður." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 9

HV-342:031 *Vörðumelur* örnefni
"Skammt upp undan réttinni og litlu utar er stór melur, sem heitir Vörðumelur. Út og vestur af Vörðumel, upp undan ytra túnhorni, er slétt, ávöl valllendisbunga, sem heitir Enni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 9

HV-342:032 heimild um mógrafir
"Út og vestur af Vörðumel [031], upp undan ytra túnhorni, er slétt, ávöl valllendisbunga, sem heitir Enni. Þar út og austur af eru víðlendar brekkur, er heita Breiðar. Í út- og vesturjaðri þeirra er áðurnefnt Móholt. Kippkorn austur af Móholti er mótekjusvæði. Grafirnar og næsta umhverfi þeirra er kallað Mógrafir. Síðastliðin ca. 20 ár hefur mór ekki verið unninn þarna." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 9

HV-342:033 þjóðsaga
"Beint upp af Hámelunum, upp undir brún á fjallinu, er stallur allvíður, girtur háu klettabelti að sunnan, norðan og vestan. Stallurinn er mjög leitóttur og allmikið gróinn. Hann heitir Fögrudalir. Útsýn er mjög fögur af Fögrudölum; sést þaðan vítt vestur yfir Húnaþing og fram á öræfi allt til jökla. Sú sögn er til um Fögrudali, að þar hafi í fyrndinni búið seiðkerling ein og hafi hún við dauða sinn látið svo um mælt, að hver sá, er talið gæti Fögrudalina rétt, fengi eina ósk uppfyllta. Um búsetu kerlingar þarna er engar menjar að sjá, en tafsamt mun að telja dalina, svo margir eru skorningarnir og óreglulegir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 9

HV-342:034 heimild um ristu
"Sunnan Suðurtúns, suður undir merkjum, ofan vegar, er grýtt valllendis- bunga, sem nefnd er Torfholt. Á Torfholt hefir verið flutt til þerris heytorf, sem skorið hefir verið í mýri norður af því, og er nafnið þannig til komið. Upp undan Torfholtinu, skammt norðan merkja, er víður hvammur móti suðvestri. Austur- og norðurhlíðar hvammsins heita Sláttukinn." segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Geitaskarð, 10

HV-342:035 heimild um stekk
"Rétt sunnan Skarðslækjar, skammt suðaustur af Fosskotslaut, eru rústir gamallar fjárréttar. Þar heitir Stekkur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 10

HV-342:036 *Fosskot* bæjarstæði býli
"Rétt sunnan Skarðslækjar, skammt suðaustur af Fosskotslaut, eru rústir gamallar fjárréttar. Þar heitir Stekkur. Skammt suðvestan Stekkjar, neðar við gilið, sést óglöggt móta fyrir tóftabrotum. Sagt er, að þar hafi verið smábýli eða kot, sem kallað var Fosskot. Rústir þessar eru svo grónar orðnar og fallnar inn í umhverfið, að ekki er hægt að átta sig á skipan húsa. Það eitt er sýnilegt, að húsa- kynni hafa þar öll verið smáskorin. Ekkert er um það vitað, hvenær þarna var hafzt við síðast, né heldur er til nein sögn, er geymzt hefir um neinn, er þar bjó." segir í örnefnaskrá "Upp undir Geitaskarði, nokkuð fyrir neðan mynni Skarðsskarðs, er gamalt eyðikot, er Fosskot heitir. Aðrar hjáleigur voru frá Skarði uppi á Laxárdal."
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 10-11; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 77

HV-342:037 heimild um huldufólksbústað
"Í lækjargilinu miðja vega milli Vörðumels og Fosskotslautar eru allháir klettar." segir í örnefnaskrá "Huldufólk er sagt eiga aðsetur í klettum þessum, og er til sögn um það, að eitt sinn á gamlárskvöld hafi Bjarni Magnússon, sá, er síðastur sýslumanna Húnvetninga sat á Geitaskarði, gengið út á hlað og þá séð álfa marga eða huldufólk að dansi og leikjum á gilbarminum norðan klettanna. Fylgir það sögunni, að Bjarni hafi kallað heimafólk sitt út og að það hafi góða stund haft skemmtun af að horfa á leik og látæði klettabúanna, er að síðustu hurfu í gilið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 11

HV-342:038 *Skarðssel* tóft sel
"Skammt austan vatnaskila tekur við sléttur flói, vaxinn stórgerðri stör (gulstör). Flói þessi, sem heitir Pyttaflói, í daglegu tali nefndur Flói, nær austur að Seli, sem er því nær í miðju Skarðinu. Þar var haft í seli frá Geitaskarði fram undir síðustu aldamót. Nokkuð sér móta fyrir rústum mannvirkja þeirra, er þar hafa verið, og má sjá, að húsakynni hafa verið allrúm. Selið er sunnanvert í Skarðinu, við mynni dalskoru, er gengur úr því til suðurs og heitir Brunnárdalur. Sá tilheyrir Holtastöðum. Úr dalnum fellur á, er heitir Brunná, og er Selið á vestri bakka hennar, þar sem hún kemur fram úr dalnum." segir í örnefnaskrá

SSH: "Engir bæir í Blöndudal eiga selstöðu, Þessir bæir í Langadal eiga og brúka selstöðu: Gunnsteinsstaðir, Strjúgsstaðir og Geitaskarð. Frá þessum bæjum er verið í selinu frá fráfærum til þess í 18 viku sumarviku. ... Rök eru fyrir því að Laxárdalur hafi í fornöld lítið eða ekki byggður verið, heldur brúkaður af Langdælingum til selja." "Skarðssel heita seltóftir, sem eru vestan við Brunná norður undir Seltaglinu. Þar var haft í seli frá Geitaskarði og Holtastöðum. Síðast, er haft var í seli frá Holtastöðum, þá var móðir mín selráðskona. Vóru þá 100 ær í kvíum. ... Þá var líka haft í seli frá Geitaskarði." segir í örnefnaskrá Árbók: "Á miðju Skarði í 380 m hæð var Skarðssel, en jörðin hefur einnig átt selstöðu á Laxárdal í Núpslandi og Illugastaða. Þá átti Geitaskarð líka beitarítak vestan Blöndu, milli Köldukinnarklifa og Svarthamars. Þar heitir Hagi eða Skarðsreitur." Kolka: Upp frá Geitaskarði er samnefnt skarð, venjulega nefnt Skarðsskarð, "var þar Skarðssel, sem búið var í öðru hvoru fyrir aldamót, við mynni lítils afdals, er liggur suður í fjallið og heitir Brunnárdalur ..."
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 12; Ö-Holtastaðir, Holtastaðakot og Holtastaðareitur, 6-7; SSH, 110; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands, 76; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 96

HV-342:039 *Dysхóll* örnefni
"Þar sem Skarðið opnast austur á Laxárdalinn, er stór melur fyrir miðju mynni þess; hann heitir Leitismelur. Skammt vestan þessa mels er hvammur í Skarðinu sunnanverðu, sem heitir Bardagahvammur. Nyrzt í hvamminum, fyrir honum miðjum, er hólkollur, sem heitir Dyshóll. Um þessi nöfn er ekkert frekar vitað en það, er þau sjálf benda til; sem sagt, að í hvamminum hafi verið barizt og að

sá eða þeir, er þar féllu, hafi hlotið leg í Dyshól. Sagt er reimt á þessum slóðum" segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Geitaskarð, 13

HV-342:040 heimild um vað
"Rétt er að nefna gömul vöð á Blöndu, áður en skilizt er að öllu við þetta mesta og mannskæðasta vatnsfall héraðsins. ... Norðan Geitaskarðs var vað, sem nú er orðið ófært með öllu."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 199-200.

HV-343 Holtastaðir

90 hdr 1536. 90 hdr með Sneis og Holtastaðarkoti, 80 hdr án kotsins 1708. Kirkjustaður 1708, þá hálf jörðin í eyði. Landnámsjörð ÍF I, 226. 1318: "Kyrckia hins heilaga Nicholas ä holltastodum ä land j huamme. ccc. kyrkiu skard. hamra land. hol halfann. ... Liggr þangad Tyund oc lysistollur af. vij. Bæium. heytollur af. xiij. bæium." DI II 471-472. 1344: "aa hvam. kirkiuskard. hamra hol halfan et cetera." DI IV 10 1360: "... jon biskup selldi fyrnefndum hionum brandi [Ásgrímssyni] ok gudnyiu [Sólmundardóttur] jordina aa holltastodum med allum þeim gognum ok giædum Rekum ok jtokum sem þar hafua til legit at forno ok at nyiu. skolo her til leggiazst iardir þeer allar sem þar hafua aadr fylgt ok so jtala su sem jon benedikzson gaf kirkiunni aa holltastodum j jordina at geitaskardi ok slykt meira sem herra biskup vill her til leggia." DI III 143. [1360/89]: "Kyrkia ä Holltastodum ä land j huamme. kyrkiu skard. heima land. hulfann fiordung j Geyta skardi med þessum ummerckium. j millum kambs þess er geingur af Holltastada fialli. og vt ad selhvamme. og austur til ausugilz. og rekstur j skardz jord til hagbeytar. þar sem veigir liggia ädur." DI III, 170. 1379: Úrskurðað gegn Holtastaðarkirkju um jarðarteig milli kirkjujarðarinnar Hvamms og Móbergs; DI III, 339. 1395: "Kyrckia j holltum er helgud med Gudi hinum heilaga Nicholao. hun ä land j huamme. kyrkiuskard. hamra land. kagadarhol halfann. Geytaskard fyrer sunnann framm. millum kambs giegnt selhuammi og ausugils helming þess hlutar til hagbeytar ad eins og frialsann rekstur vm skards jord til og fra þar sem veiger liggia adur. partur j späkonu arffvi. so micill sem skrär ganga til." DI III 546-547 1397: "kirkiunnar eign sieu þessar jardar. huamr. kirkiuskard. hamraland ok halfr kagaraholl. eirnen filge holtastodum ok hennar eignum alt land firir sunnann holsdæld [með ummerkjum, selveiði, reka, skógarhögg]" DI III, 622. "[um 1400]: Skrá Holtastaðakirkju um Spákonuarf ..." DII III, 654 1427: Testamenti Einars Bessasonar: "hvndrad holtastadar kirkiv ..." DI IV, 350. 1431: Testamenti ónafngreinds manns "holtastadakirkiv kv a synzsta g[ili] ..." DI IV, 483. 432: "giordh firir xvj hundrot. Enn firir fyndh fiogur hundrot; Vísitasíugerð" DI IV, 514. 1453: "Jörðin Ystagil stendr j langadal j hunavazþinge j holltastada kirkiu sokn ..." DI V, 104 1459: "Jarðirnar Engihlíð og Gil ... liggia i Holltastadakirkiusokn ..." DI V, 192. 1461: Máldagi kirkjunnar DI V, 249-350. [1461]: 2 prestar og 1 djákn DI V, 361. 1487: "... lofade helga þolle[i]fsdotter [seljandi] ad. suara kirkiu reikninge a holtastaudum suo sem henne bære reiknudvst þar sio hundrat j porcio er fallid hafdi sidan skule bonde loptsson deidi ok henni bar umbod yfer jordvni ok tolf malnitv kvgillde j gamla instædu ..." DI VI, 599-600 . 1507: Bjarni Pálsson selur Jóni Björnssyni hálfa Holtastaði, DI XV, 30-32. 1529: Jón Arason Hólabiskup selur Skúla Guðmundssyni jarðirnar Syðriey, Hvamm og Kúgastaði fyrir Holtastað og part í Kagaðarhóli. DI IX, 489. 1536: Ari Jónsson seldi Páli Grímssyni jörðina. DI XI, 115. 1572: Erlendur Pálsson sleur Jóni Björnssyni hálfan Holtastað. Jarðabréf, 195. 1606: Jón Björnsson staðfestir að hafa gefið helgu Jónsdóttur jörðina f. 90 hdr. Þá eignir staðarins Hvammur, Kagaðarhóll, Hamar og Kirkjuskarð. 1691. Bjarni og Halldór Siguðrssyni erfa 4 0 hdr hvor í jörðinni, Hákon bróður þeirra erfit 10 hr sleur Bjarna svo hann eignast 50 hdr. Jarðabréf, 195, 202.

Holtastaðarkot og Sneis hjáleigur 1708, Eyrarland og Holtastaðareitur eyðibýli byggð síðar það síðarnefnda er í Svínavatnshreppi. Holtastaður hefur greinilega átt stórt landsæði í Laxárdal allt frá merkjum við Refsstaði að norðurhlið Skarðaskarðs. Býlin Kirkjuskarð, Sneir, Tungubakki, Eyrarland og Vesturá eru öll byggð úr landi staðarins. Fagranes nýbýli frá 1937. 1708: "Engjunum grandar Hvammsá, sem ber á þær grjót og sand, en Blanda gjörir landbrot að neðan, hvorutveggja til stórskaða." JÁM VIII, 403 1839: "Þar er heyskapur sæmilegur, en létt beit og jarðsælt á vetrum." SSH, 109. 1918: Tún 9 ha, 3/4 slétt, garðar 1081m2.

HV-343:001 *Holtastaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-343:002 heimild um kirkju
HOLTASTAÐIR Í LANGADAL (AH) ?Nikulási (BLÖNDUDALSHÓLAANNEXÍA)
1318: LXXIV. Holltastada kyrckia.
Kyrckia hins heilaga Nicholas ä holltastodum ä land j huamme. ccc. kyrkiu skard. hamra land. hol halfann.

hun ä Tiolld vm kyrkiu. kross medr. ij. lijkneskium. fornann kross. mariuskript. nicholas lykneski. messuklædi. j. med pells hokle. sloppur. kapur. iij. fontz vmbunadur. alltarisklædi. iij. Glodarkier. ij. Elldbera. alltarisklædi. ij. medur alltarisdvkum framme j kyrkiu. munnlaugar. ij. hin þridia brotin. messingarstykur. iiij. jarnstyka. j. stor. Brykarklædi. ij. barer oc lyka äbreydsl. kluckur. iiij. alltarisblæia blamerckt. stolar. ij. glergluggar. iij. kyrkiukola. psalltare. nichulas saga. legendo Bækur ij. per anni circulum. messubok forn. kalyek. messuserck.

Þar er ij. presta skylld. takast heima. iiij. merkr j leýgu. ad skardi. iiij. merckr. ad halfkyrkium. iiij. merckur. af. ij. Bænhusum mork. Jsumma. xiij. merckr.

Liggr þangad Tyund oc lysistollur af. vij. Bæium. heytollur af. xiij. bæium.

Dedicatio Ecclesiæ in Festo Marci papæ.

kyrckiu Tyund tali anno til sagdrar kyrkiu mork.

pells hokull oc messu serckr. Vatz kietill. Tiolld vm alla kyrkiu. vj. merckur vax. brun oc dwkur med Balldurskins hokul oc serckur med. voru hundrad eitt. Máld DI II 471?472
1344: aa hvam. kirkiuskard. hamra hol halfan et cetera.

þar er tueggia presta skylld. takaz heima fiorar merk[r] i leigu. at skardi .iiij. merkr. at tueim halfkirkium .iiij. merkr; Registur Egils DI IV 10
2.1.1360: ... jon biskup selldi fyrnefndum hionum brandi [Ásgrímssyni] ok gudnyiu [Sólmundardóttur] jordina aa holltastodum med allum þeim gognum ok giædum Rekum ok jtokum sem þar hafua til legit at forno ok at nyiu. skolo her til leggiazst iardir þeer allar sem þar hafua aadr fylgt ok so jtala su sem jon benedikzson gaf kirkiunni aa holltastodum j jordina at geitaskardi ok slykt meira sem herra biskup vill her til leggia.

jtem skal þar vera einn prestr hedan af ok hafua allan songh sem forn er vani til.

Jtem skal þar ok vera einnar neetr gistingh biskupi huenar sem hann gister.

Jtem skolo þaangat liggia tiunder ok lysistollar af so morgum beeum sem vani er til.

Jtem her [a] mot gafuo nefnd hion herra joni biskupi jordina aa flughomyri med allum þeim lutum ok lunnindum sem þar hafua fylght sidan þau urdu eighandi at ok kirkian aa hoolum aadr firer þeim. ... DI III 143 [AM orig dipl fasc II, 10 frumbréf - ATH IOD. Hvorttveggja 100 hdr jarðir] [1360?89]: xxiv. Hollttastader.
Kyrkia ä Holltastodum ä land j huamme. kyrkiu skard. heima land. hulfann fiordung j Geyta skardi med þessum ummerckium. j millum kambs þess er geingur af Holltastada fialli. og vt ad selhvamme. og austur til ausugilz. og rekstur j skardz jord til hagbeytar. þar sem veigir liggia ädur.

Späkonu arfur fra vor hinne fornu og austur thil deylldar hamars. þä næst milli Rafnsär oc fossaar. þa fra raudu skridu til hrafnz är. þa ra Ellisvyk til markz vid finnastadi. fyrer finnstodvm er fimmdeillt. og huerfa þryr hluter til späkonu arfz. og tueyr til finnstada fyrer Arbacka. þä næst [er spakonuarfur ad ollum hluta er ecke a millum finnstada oc arbacka.* Jnn fra þorlaugar dis j midia selvyk.

Þetta ä hun j kuikfie. kyr. iij. hross. iij. xviij. ær.

Þetta j ofrydu .vij. hundrud voru .vj. merkur vax.

Þetta jnnan kyrkiu. kross med tueymur lykneskium. font kross. Mariu lykneski. Nicholaus lykneski. messuklædi tuenn. hokull og serckur vm framm. sloppur. käpur. iij. fontz vmbunadur. alltaris klædi .iij. dvkar .ij. sprangadur og glitadur. Tiolld vm kyrckiu. mercki. Glodar kier. Sacrarium. munnlaug. messingar kietill. messingar stykur. iiij. jarnstyka stor. Elldberi. Brykar klædi eitt. lyka abreydsl. kiertastyka fyrir Nicholao. kluckur .iiij. og ein lest. stolar .ij. Glergluggar .iiij. kalyekur.

Þetta j Bokum. psalltare med Läga songua. Legendo Bækur .ij. per annum. messubok stor per anni circulum. aunnur messu Bok tekur Dominicale de Aduentu framann til paska. Sequentiu Bok. hymnarius. capitularius og handbok. saungbok fra niu vikna fostu og til paska. orda.

Þar er prestz skylld. tekur hann heima fiorar merkur. ad skardi .iiij. merkur. j Eingihlyd .ij. merkur af tueym Bænhusum. tyund. heytollur. lysistollur af þrettan Bæium jnnan þinga.

herra Eigell Byskup hefur vrskurdad; Máld DI III 170
24.7.1379: Úrskurðað gegn Holtastaðarkirkju um jarðarteig milli kirkjujarðarinnar Hvamms og Móbergs;

DI III 339
1395: xxxix. Holltastada kyrckia.
Kyrckia j holltum er helgud med Gudi hinum heilaga Nicholao.
hun ä land j huamme. kyrkiuskard. hamra land. kagadarhol halfann. Geytaskard fyrer sunnann framm. millum kambs giegnt selhuammi og ausugils helming þess hlutar til hagbeytar ad eins og frialsann rekstur vm skards jord til og fra þar sem veiger liggia adur. partur j späkonu arffvi. so micill sem skrär ganga til. Ligur hann fra vor hinne fornu. og vestur til deylldarhamars. þar næst millum Laxär og fossär. þa fra rauduskridu til rafnsar. þa fra hellisvijk til marcks vid finnstadi. fyrer finnastodum er fimmdejllt. huerfua þrijr hluter til spakonuarfs. enn tueyr til finnastada. fyrer arbacka er spakonuarfur ad ollum hluta. enn ecke mille finnastada og arbaka. þar næst jnn fra þorleugardys j midia selvijk.

Þetta jnnann kyrckiu. messuklædi tuenn og hokull oc serckur vondur ad auk. kapur. iij. fontzvmbunadur. sloppr. alltarisklædi. iij. munnlaug og kietill vondt. messingarstykur. iiij. jarnstyka ein. Elldberi. lijka abreydsl. kluckur. iiij. og eru . ij. af þeim lestar. stolar. ij. Glergluggar fiorer og aller lestir. kalyekur lestur. merki. þetta j Bokum. Niculas saga. psalltari. messuBok forn per Anni circulum. ey effter ordu. lesbækur. ij. per Annum. messuBok fra aduentu og til paska. sequentiuBok. Capitularius. Tuær skrär. Graduale j tueym Bokum. Historia Nicholai ä kueri. kross med vndertodum og .ij. krossar adrer. mariu lijkneski og Nichulaus lijkneski med dvk. Jons lijkneski Baptistæ. Brijk oc Tabula. spiolld ij. styka fyrer Nicholao. lijkakräkur. Tiolld vm alla kyrckiu vondt nema vtar vm þuert. Trieskrijn med helgum domum. Backsturjarn faneyt.

Þar er tueggia presta skylld. takast heima j leigu. iiij. merkur. af skardi. iiij. merkur. j Eingihlijd ij. merkr. af tueymur Bænhwsum mork. af Breidavadi tuær merckur.

Tijund. lysistollur og heytollur af. xij. Bæium. epter vrskurdi Eigils Biskupz.

Ecclesia non dedicata.

Tijund. kyrckiuhluti a þui ari. hundrad og halfur siounde Eyrer.

þetta j lausagodzi. viij. kugilldi oc. vij. hundrud voru.

Jtem reyknadist j portionem Ecclesiæ vm fiogur ar sem sijra Eynar bio fiogur hundrud voru.

Jtem gaf magnus kugilldi og hundrad. Enn þorgeyr tuituga vod og tuævett naut. Máld DI III 546?547 [séra Einar keypti Holtastaði af Pétri biskupi, sem getur ekki verið fyrr en 1391, þannig að máld. er í fyrsta lagi frá 1395, en gæti verið yngri, líklegt raunar að hann sé frá 1397 eða litlu síðar þegar séra Einar hafði selt, því talað er um hann í þátíð]

1.11.1397: kirkiunnar eign sieu þessar jardar. huamr. kirkiuskard. hamraland ok halfr kagaraholl. eirnen filge holtastodum ok hennar eignum alt land firir sunnann holsdæld [með ummerkjum, selveiði, reka, skógarhögg]

jtem skillde jngerijdr [Þórðardóttir, kaupandi] a sira Einar [Þorvarðsson seljanda] ad hann skillde lata giora upp kirkiuna a holtastodum a sialfs sijns peninga kost. og hafa þar firir þaug fimtan hundrud sem geord voru a kirkiuna ok hennar ornament sijdan sira Einar keipte ad herra petre biskupe. enn ef nockud kinne a ad bresta upp a kirkiunnar bigging þa skillde sira Einar edr hans erfingiar luka jngerijde firsogd fimtan hundrud. sio kugillde. atta hundrud j uoru; DI III 622

[um 1400]: Skrá Holtastaðakirkju um Spákonuarf; DII III 654

4.12.1427: Testamenti Einars Bessasonar: hvndrad holtastadar kirkiv; DI IV 350

[1429]: prestar ij; DI IV 382 [skafið og þetta ritað ofaní með yngri hendi]

3.12.1431: Testamenti ónafngreinds manns
holtastadakirkiv kv a synzsta g[ili]; DI IV 483

17.8.1432: giordh firir xvj hundrot. Enn firir fyndh fiogur hundrot; Vísitasíugerð DI IV 514

19.4.1453: Jörðin Ystagil stendr j langadal j hunavazþinge j holltastada kirkiu sokn; DI V 104

10.9.1459: Jarðirnar Engihlíð og Gil ... liggia i Holltastadakirkiusokn; DI V 192

1461: Máld DI V 249?350

[1461]: 2 prestar og 1 djákn DI V 361

14.6.1487: ... lofade helga þolle[i]fsdotter [seljandi] ad. suara kirkiu reikninge a holtastaudum suo sem henne bære reiknudvst þar sio hundrat j porcio er fallid hafdi sidan skule bonde loptsson deidi ok henni bar umbod yfer jordvni ok tolf malnitv kvgillde j gamla instædu ... [Oddur Steinsson keypti] DI VI, 599-600

1572: Holltastada kirkiu reikningur
j fiogur ar. til anno 1572. portio af halfum heimagardi. og vtþingum. xvj aurar ad audru hundradi. jtem a sama tima af audrum helmingi fallit 9 aurar. BG, 7

1575: anno 1575. a Holltastodum.

sijdan fyrri reikningur var gior fallit j porcio ijc og viij aurar. Summa iiijc. og iiij aurar. BG, 9
27.2.1880: Blöndudalshólaprestakall lagt niður og Blöndudalshólasókn lögð til Bergsstaðaprestakalls, en Holtastaðasókn til Hjaltabakka; (PP, 232) [lög]
4.11.1881: Holtastaðasókn lögð til Höskuldsstaða en Hjaltabakkasókn til Þingeyraklausturs; (PP, 225) [lög]
16.11.1907: Holtastaðasókn lögð til Bergsstaðaprestakalls; (PP, 233)
Heimildir: DI; PP, 233; Túnakort 1918

HV-343:003 kirkjugarður legstaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-343:004 kirkjugarður legstaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-343:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-343:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-343:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-343:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-343:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-343:010 tóft **Friðlýstar fornleifar**
ÁG: Tvær fornar tóftir og girðing miðða vegu milli Holtastaða og Hvamms, vestan við veginn. Hjer um bil mitt á milli Holtastaða og Hvamms í Langadal, í Holtastaðalandi eru 2 fornar tóttir kippkorn fyrir austan veginn og er fornleg girðing umhverfis þær. Önnur er nær frá austri til vesturs og er um 18 metra löng, á að giska, en hin er við vesturenda hennar og er nær frá norðri til suðurs. Dyr virðast ekki hafa verið á milli þeirra, en á vesturgafli hinnar fyrir, miðjum, eru glöggar dyr. Tóttir þessar eru norðan til í þessu gerði og vestan til í því er tjörn, en nær því í miðri girðingunni er allmikil rústabunga og efst á henni er vallgróin tótt, er virðist vera fjárhústótt með heytótt við endann og munu þær vera frá síðari öldum.

Niðri á árbakkanum, nær beint niðurundan gerðinu, er ferhyrnd upphækkun, rjett vestan við veginn; hún snýr nær því frá austri til vestur og er um 2 m. að lengd og 1½ að breidd, og um 1/8 m. að hæð. Steinn er í norðausturhorni og annar í suðvesturhorni. – Virðist helzt muni vera frá síðari öldum, og ef hjer er maður dysjaður, og ekki hestur, mætti til geta að hann hefði fundist hjer dauður, ef til vill í ánni.
Heimildir: ÁG: Fornleifaskrá, 43nm; MÞ: “Smávegis” Árbók 1924, 50-51

HV-343:011 heimild
“Efst í túninu, norðarlega sást fyrir miklum garði og virðist hann hafa verið vörzlugarður. Hann lá frá norðri til suðurs. Víða sést fyrir slíkum görðum í Langadal m.a. á milli Hvamms og Holtastaða.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fremstagil, 4

HV-343:012 heimild um stekk
“Holtastaðanes er fyrir sunnan og neðan Sláttukinnina. Sunnan til á því er byggt nýbýlið Fagranes úr Holtastaðalandi. Mjósund heitir Blanda, þar sem hún rennur fram hjá nesinu. Stekkur er enn þá kallað tóftarbrot æðilangt norðan við nesið neðan við veginn fyrir neðan hátt barð.” segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Holtastaðir, Holtastaðakot og Holtastaðareitur, 5

HV-343:013 heimild um fjós
"Fjósvöllur kallast hólavöllurinn fyrir ofan Orfabjót upp að girðingu og suður að Bæjarlæk." segir í örnefnaskrá Í svörum við spurningum segir að fjós hafi staðið á vellinum, og að nýtt fjós sem byggt var árið 1948 standi þar einnig en hafi aðeins verið flutt til.
Heimildir: Ö-Holtastaðir, Holtastaðakot og Holtastaðareitur, 2; Ö-Holtastaðir svör við sp, 1

HV-343:014 *Brennitóft* bæjarstæði bústaður
"Brennivöllur heitir túnið fyrir norðan skurðinn, sem er í túninu, og út að girðingu. Á þeim velli var tóftarbrot, sem hét Brennitóft. Hafa þar verið einhver hús og gæti vel hafa verið húsmannskofi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Holtastaðir, Holtastaðakot og Holtastaðareitur, 2

HV-343:015 *Ullarhóll* örnefni þvottastaður
"Ullarhóll heitir hóllinn ofan við Holtastaðatún norðan við lækinn. Var þar lengi þurrkuð ull á vorin." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Holtastaðir, Holtastaðakot og Holtastaðareitur, 3

HV-343:016 heimild um kvíar
"Kvíaból heitir hóllinn sunnan við lækinn, sem heitir Bæjarlækur og kemur upp á Háahjallanum." segir í örnefnaskrá Í svörum við spurningum segir að tóftir hafi verið á bólinu.
Heimildir: Ö-Holtastaðir, Holtastaðakot og Holtastaðareitur, 3; Ö-Holtastaðir svör við sp, 1

HV-343:017 *Húsalækur* örnefni
"Húsalækur og Húsalækjargil heita fyrir sunnan Kvíabólið [016]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Holtastaðir, Holtastaðakot og Holtastaðareitur, 3

HV-343:018 varða
"Hólar heita æði víðáttumiklir hólar, er liggja alla leið ofan fyrir Lágahjallabrún og upp að fjalli ... Vörðumelur heitir melur einn ofarlega og sunnarlega í Hólunum, og er þar vörðubrot." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Holtastaðir, Holtastaðakot og Holtastaðareitur, 3-4

HV-343:019 heimild um leið
"Djúpiketill heitir stallur og laut fyrir neðan Ytri-Hraundalinn. Suður úr honum liggur gata suður í Löngulág yfir svokallaðan Brattamel, sem er rétt fyrir sunnan Djúpaketil." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Holtastaðir, Holtastaðakot og Holtastaðareitur, 4-5

HV-343:020 *Geldsauðatóftir* heimild um fjárhús
"Á Lágahjallabrúninni norðan við Kúhólinn heita Geldsauðatóftir. Hafa þar sýnilega verið fjárhús til forna." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Holtastaðir, Holtastaðakot og Holtastaðareitur, 8

HV-343:021 *Holtastaðareitur* bæjarstæði býli
"Eyðibýli síðan um um 1920. Það liggur gengt Holtastöðum og er þannig nyrzta býli í Svínavatnshreppi við Blöndu." segir í Húnaþingi. 1920 var tún 0,25 ha, allt þýft. Bær og peningahús í einni byggingu. "Holtastaðareitur; heitir ítak er Holtastaðir eiga vestan Blöndu. Ræður þar merkjum að sunnan garðlag er liggur upp nesið og þaðan sjóhending í hæstu þúfuna á Tindatindi (sem er hátt fell á há hálsinum). Þaðan eru merkin sjóhending út vestari Torfhólinn í lágkelduna í Hálsdalnum. Merki að norðan er Hálsdalurinn svo sem vötn að draga (eða lágdalurinn) í læk þann er rennur úr Hálsdalnum í Blöndu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Húnaþing II, 224; Túnakort 1920; Ö-Holtastaðir, 7

HV-343:022 heimild um beitarhús
"Beitarhúsatóftir: eru austan til í Reitnum voru þar beitarhús frá Holtastöðum fram um 1910 og jafnan hafðir þar sauðir meðan faðir minn lifði eða til 1906." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Holtastaðir, 7

HV-343:023 *Dísukofi* bæjarstæði bústaður
"Dísukofi: hét sunnan til í Reitnum hátt í hallinu upp af nesinu sér þar enn fyrir tún skækkli sem þar var. Bjó þar lengi einsetukona er Valdís hét Þorláksdóttir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Holtastaðir, 7

HV-343:024 *Akur* örnefni akur
"Akur heitir stykki í túni, fyrir norðan Brekkuvöll og neðan Brennitóft. Hann var vel sléttur. Í norðurhorni hans var garður, gömul hleðsla, en þar hefur nú verið sléttað. Ekki er vitað um tildrög nafnsins." segir í viðbót við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Holtastaðir viðb, 1

HV-343:025 *Mjósund* heimild um ferju
"Á Holtastöðum var lengi lögferja á Blöndu, úr Holtastaðanesi. Heitir þar Mjósund." "Fyrir landi Fagraness, var fyrr á tíð lögferja á Blöndu, þar sem heitir Mjóasund, og varhenni sinnt frá Holtastöðum." segir í Húnaþingi
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 80; Húnaþing II, 145

HV-343:026 heimild um sel
"Móberg, Holtastaðir og Auðúlfsstaðir eiga selstöðu, en hafa nú ekki í nokkur ár brúkað þær. Rök eru fyrir því að Laxárdalur hafi í fornöld lítið eða ekki byggður verið, heldur brúkaður af Langdælingum til selja."
Heimildir: SSH 110

HV-343:027 *Eyrarland* heimild um býli/sel
"Fram með fjallinu að vestan, suður af Skarðsskarði, eru eyðibýlin Tungubakki, sem var hjáleiga frá Geitaskarði, og Eyrarland, Hjáleiga frá Holtastöðum."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 96

HV-344 Holtastaðakot
10 hdr 1708, hjáleiga Holtastaðar. 1708: "Kostir og ókostir sem segir um sjálfa heimajörðina, nema hvað engjar eru nokkuð mun lakari helfur en þær sem heimabóndinn hefur." JÁM VIII, 403. 1918: Tún 2,5 ha, 1/4 slétt, garðar 291m2.

HV-344:001 *Holtastaðakot* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-344:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-344:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-344:004 heimild um fjárhús
"Járnhaus heitir hár hóll syðst og efst í túninu og nær út að Bæjarlæk. Á honum sér fyrir fjárhústóft." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Holtastaðir, Holtastaðakot og Holtastaðareitur, 2

HV-344:005 heimild um fjárhús
"Hringur heitir hóllinn gengt Járnhaus fyrir utan lækinn. Þar var líka fjárhústóft, en er nú sléttað yfir hana." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Holtastaðir, Holtastaðakot og Holtastaðareitur, 2

HV-345 Hvammur

20 hdr 1708, Holtastaðakirkjueign. 1318 jörðin eign Holtastaðakirkju. DI II, 471-472. Sama 1344. DI IV, 10. 1379. úrskurður um landamerki milli hvamms og Móbergs. DI III, 339. Í eyði 1708. 1708: "Enginu grandar Hvammsá, sem ber á það grjót og sand til stórskaða sem áeykst árlega." JÁM VIII, 401. 1839: "Þar er sæmilegur heyskapur og létt til beitar." SSH, 109. 1918: Tún 4,6 ha, allt slétt, garðar 708m2. "Land jarðarinnar er ekki stórt, en grösugt og gott undir bú." Húnaþing II, 144

HV-345:001 *Hvammur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-345:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-345:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-345:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-345:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-345:006 heimild um áveitu
"Neðan fjallsrótanna er þarna allvíðáttumikið undirlendi, sem áður var áveituengi, en er nú að kalla samfelldur töðuvöllur." segir í Húnaþingi "Guðmundur Frím. Björnsson veitti vatni úr Hvammsánni á mestan hluta Hvammseyra, og voru byggðir miklir flóðgarðar í því sambandi. Nú er því hætt fyrir mörgum árum, en búið að gera þar að mestu að túni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Húnaþing II, 144; Ö-Hvammur, 3

HV-345:007 *Húsalækur* örnefni
"Þar norður af tekur við afarlítið hallandi, grösugt og slétt stykki, sem nær frá brekkurótum ofan að Börðunum og norður að læk, sem heitir Bæjarlækur. Stykki þetta heitir Grundir. Þar norður af er slétt stykki, sem nær norður að Húsalæk." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 2

HV-345:008 heimild um traðir
"Heimreiðargöturnar heim að Hvammi voru úr beygjunni sunnan við Börðin, og þaðan til norðausturs neðst í Hvammsskriðunni, og síðast, þegar upp í túnbrekkuna kom, var upphlaðin tröð norður að bænum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3

HV-345:009 *Gíslahús* heimild um fjárhús
"Túnið sunnan við Bæjarlæk hét Suður- og upptún. Sunnarlega og ofarlega á Suður- og upptúni stóðu fjárhús, sem hétu Gíslahús, kennt við Gísla nokkurn, sem bjó með Ingubjörgu, föðursystir Hilmars, en þau voru til heimilis að Hvammi. Gíslahús eyðilagðist af skriðu að vorlagi. Það hefur líklega verið á árunum 1870-80." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3

HV-345:010 heimild um kvíar
“Upp undan bænum var brött brekka, Kvíabrekka. Uppi á henni voru tóftarbrot eftir kvíar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3

HV-345:011 *Lambhús* heimild um lambhús
“Á milli Bæjarlækjar og Húsalækjar var túnið kallað Á milli lækja. Þar beint norður af bænum var fjárhús, sem hét Lambhús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 4

HV-345:012 *Ærhús* heimild um fjárhús
“Norðan Húsalækjar hét Gerðistún. Á hólum hól í því stóðu þrjú fjárhús, kölluð Ærhús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 4

HV-345:013 heimild um hesthús
“Norðan Húsalækjar hét Gerðistún. Á hólum hól í því stóðu þrjú fjárhús, kölluð Ærhús. Ofan við þau var hesthús og fjárrétt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 4

HV-345:014 heimild um rétt
“Norðan Húsalækjar hét Gerðistún. Á hólum hól í því stóðu þrjú fjárhús, kölluð Ærhús. Ofan við þau var hesthús og fjárrétt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 4

HV-345:015 *Stekkur* heimild um stekk
“Neðan við hana [Stekkjarbrekku] er slétt, grasi vaxin grund, sem liggur neðan undir Bollunum. Syðst á þessari grund eru tóftarbrot, sem heita Stekkur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 4-5

HV-345:016 heimild um myllu
“Alla leið úr gilkjaftinum neðan við þessa grund [015] er lækjarfarvegur, sem er þar syðst [þurr], nema í leysingum, en þegar kemur niður undan bollunum norðan til, koma tvær lækjarsprænur í farveginn, og heitir þá lækurinn Myllulækur, og rennur í Bæjarlæk. Myllulækur var á tímabili notaður til að knýja kornmyllu. Þá var tekið vatn úr Hvammsánni til að auka vatnsmagnið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 5

HV-345:017 heimild um áveitu
“Alla leið úr gilkjaftinum neðan við þessa grund [015] er lækjarfarvegur, sem er þar syðst [þurr], nema í leysingum, en þegar kemur niður undan bollunum norðan til, koma tvær lækjarsprænur í farveginn, og heitir þá lækurinn Myllulækur, og rennur í Bæjarlæk. Myllulækur var á tímabili notaður til að knýja kornmyllu. Þá var tekið vatn úr Hvammsánni til að auka vatnsmagnið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 5

HV-345:018 heimild um leið
“Tvær fjárgötur liggja um Hvammsskarð [að norðanverðu]. Sú efri liggur [af Hvammsskálarhöggi um] Hvammsskál og á Efri-Sóleyjarhjalla.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 6

HV-345:019 heimild um leið
“Tvær fjárgötur liggja um Hvammsskarð [að norðanverðu]. Sú efri liggur [af Hvammsskálarhöggi um] Hvammsskál og á Efri-Sóleyjarhjalla. Hin af Steinahjalla á Neðri-Sóleyjarhjalla.” segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Hvammur, 6

HV-345:020 heimild um leið
"Þriðja gatan liggur í Hvammsgilið, nokkuð neðan við Nautahjallann, og [suður] yfir Hvammsána og sunnan við hana, allt upp á Strympueyrar [og norðaustur þær]. Hún heitir Fjárgata. Eftir henni voru kvíaærnar reknar til hjásetu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 6

HV-345:021 heimild um smalakofa
"Þriðja gatan liggur í Hvammsgilið, nokkuð neðan við Nautahjallann, og [suður] yfir Hvammsána og sunnan við hana, allt upp á Strympueyrar [og norðaustur þær]. Hún heitir Fjárgata. Eftir henni voru kvíaærnar reknar til hjásetu. "En yfir þeim var setið á Brunnárdalnum; fyrri part [dagsins] í Smjörskálinni og þar í kring, en seinni partinn á Efri-Sóleyjarhjalla og nágrenni. Tóftir eftir smalakofa eru á báðum stöðum. [Kofinn í Smjörskálinni til sameiginlegra nota fyrir smalana frá Hvammi og Holtastöðum ...]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 6-7

HV-345:022 heimild um smalakofa
"Þriðja gatan liggur í Hvammsgilið, nokkuð neðan við Nautahjallann, og [suður] yfir Hvammsána og sunnan við hana, allt upp á Strympueyrar [og norðaustur þær]. Hún heitir Fjárgata. Eftir henni voru kvíaærnar reknar til hjásetu. "En yfir þeim var setið á Brunnárdalnum; fyrri part [dagsins] í Smjörskálinni og þar í kring, en seinni partinn á Efri-Sóleyjarhjalla og nágrenni. Tóftir eftir smalakofa eru á báðum stöðum. [Kofinn í Smjörskálinni til sameiginlegra nota fyrir smalana frá Hvammi og Holtastöðum ...]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 6-7

HV-346 Móberg

40 hdr 1708, 50 hdr með Vatnsskarði. Landnámsjörð Véfröðurs Ævarssonar. ÍF I, 225. Bænhús var á jörðini. Jörðin nefnd í Sturlungu, Vatnsdælu, Hallfreðarsögu. Sturlunga saga I, 192; ÍF VIII, 127, 188. 1363: Kaupbréf um Móberg og Harastaði í Dölum. DI XII, 22. 1379. úrskurður um landamerki milli Hvamms og Móbergs. DI III, 339 1424: Bréf ritað á Móbergi. DI IV, 314. 1708 eru í eyði hjáleigurnar Vatnsskarð og Móbergskot. JÁM VIII, 400-401 Aðrar hjáleigur Gullkró og Kjóarvellir. Móberg átti landsvæði á Laxárdal, frá merkjum við Refsstaði að Mörk. Skriðuland nýbýli.

1708: "Engjunum grandar skriður úr snarbröttu fjalli og grjóthrun, hvorutveggja til stórskaða, so að vísu meir en þriðjúngur af enginu er þess vegna eyðilagður." JÁM VIII, 400. 1839: "Þar eru slægjur litlar, en góðar, og sæmileg biet." SSH, 108. 1918: Tún 4,7 ha, 3/5 slétt, garðar 261m2. "Undirlendi, sem þarna er nokkurt, er að kalla allt ræktað. Landið er að öðru leyti bratt fjalllendi með valllendisgeirum og bollum á milli grýttra hóla og mela." Húnaþing II, 144.

HV-346:001 *Móberg* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

HV-346:002 heimild um bænhús
1708: "Bænhús hefur hjer verið, og stendur þar nú skemma, sem kölluð er bænhús. Tíðir hafa hjer verið veittar í mana minnum, en ekki nú í margt ár." "Utan við þessa sléttu [Kirkjudagsláttu] rennur Bæjarlækurinn og er hann úr uppsprettu upp í brekkunni rétt fyrir ofan. Röð af trjám er meðfram læknum alla leið frá trjágarðinum og niður að gamla veginum." segir í örnefnaskrá "Kirkjudagslátta mun draga nafn af því, að það er sagt, að þaf hafi verið kirkja eða bænhús. Líka er hér í þessu sambandi kirkjugarður, en þar sem þetta áður var, er nú trjágarður ..." segir í viðbótum og svörum við örnefnaskrá
MÓBERG Í LAXÁRDAL (AH) (HOLTASTAÐAÞING) ? BÆNHÚS
Heimildir: JÁM VIII, 399; Ö-Móberg, 4; Ö-Móberg svör og við, 1

HV-346:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

HV-346:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-346:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

HV-346:006 heimild
Við héldum frá Blönduósi að Móbergi í Langadal, A-Húnavatnssýslu. Þar mun hafa verið hringlaga garður með tóft innan, samkvæmt Þjóðs. Jóns Árnasonar. Þar hittum við Halldór Einarsson bónda (f. 1944), móður hans Helga Aradóttir (1913) og konu, Bylgju Angantýsdóttur. Ekkert þeirra kannaðist við hoftóft þar, en hún átti að hafa verið framan við bæinn. Síðan frásögnin um hofið var skrifuð, hefur verið mikið rótað. Gamli bærinn er horfinn, og þar stendur nú fjós. Steinhús, byggt 1927 stendur framan við gamla bæjarstæðið. Kirkjudagslátta heitir í túninu vestan við og framan hússins. Sunnan og norðan við steinhúsið er trjágróður. Gróðurinn norðanmegin er innan girðingar og tilheyrir næsta bæ. Í þeim garði segir Helga Aradóttir að hafi fundist mannabein. Hún sagði jafnframt að þar hafi verið þúfur aflangar, áður en garðurinn var sléttaður. Pétur Björnsson (f.1907) mun hafa sléttað þær um 1940 er hann gerði garðinn. Garðurinn er á kafi í villigróðri og er ógjörningur að sjá hvort að þar kunni nokkuð að leynast. Svo virðist sem að þar hafi öllu verið rótað, en ekki er ósennilegt að þetta sé staðurinn þar sem hið meinta hof stóð áður. Hér væri æskilegt að hafa loftmyndir, ef misfellur kynnu að sjást þar sem tóftir hafa verið sléttaðar.
Hofið á Móbergi

Hof hefur verið á Móbergi í Langadal og það frá fornöld, líklega frá dögum Véfreyðar landnámamanns er þar reisti fyrstur bú. Hofið stendur á ská til framanvert við bæinn á Móbergi. Það er fimm faðma langt og fimm faðma breitt og snýr í austur og vestur og dyrnar í vestur. Garður er um hofið kringlóttur; hann er ellefu faðmar að þvermáli. Hoftóftin er nú fallin mjög, en þó sumstaðar 2½ alin á hæð, en víðast 2 álna eða 1¾ álnar á hæð. Það er eigi meir en fimmtíu ár síðan að þar sást blóthellan. Hún stóð í miðjum dyrum og var þá gengin mjög í jörð svo ei stóð hún nema svo sem eitt fet upp úr jörðu. Hún var hvöss ofan og ávöl, en það hyggja menn hún hafi þó stór verið.
Heimildir: AF: Dagbók 1991; Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri IV, 114

HV-346:007 *Móbergsskot* bæjarstæði býli
1708: “Móbergskot, forn eyðihjáleiga í heimalandi, bygð áður fyri manna minni, hefur í eyði legið yfir þrjátíu ár.” “Móberg er landnámsjörð, 50 hndr. að fornu mati, og er þá býlið Litla-Vatnsskarð á Laxárdal talið með heimajörð og metið 10 hndr. Enn fremur var selstaða frá Móbergi á Litla-Vatnsskarði og stundum hjáleigubýli. Móbergskot mun hafa verið skammt fyrir norðan Móberg, á Kjóavöllum. Nú löngu horfið.”
Heimildir: JÁM VIII, 401; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 81-83

HV-346:008 *Gullkró* bæjarstæði býli
“Utan við Silfurtún og aðeins lægra var mjög blaut mýri, sem kölluð er Kotsmýri þó nú sé hún sundurgrafin og þurr og ágætt tún. Utan við hana er slétta sem áður var kargaþýfi, smágerðar kollóttar þúfur hver við aðra svo að segja um allt svæðið og hét það mannshausar, en nú er það kallað Gullkró og dregur nafn af litlu koti sem var þarna til forna og hét þessu nafni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 2

HV-346:009 *Gamli-Stekkur* heimild um stekk
“Einnig var þarna [008] tóftarrot sem kallað var Gamli-Stekkur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 2

HV-346:010 *Gerði* heimild
“Sunnan við Silfurtúnið og nokkuð lægra er slétta sem kölluð er Eyri og er hún meðfram sýki, sem er þar fyrir neðan. Nær þessi eyri alla leið suður að merkjum á milli Strjúgs og Móbergs. Sunnarlega á þessari

sléttu var tóftarbrot sem kallað er Gerði." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 2-3

HV-346:011 heimild um kvíar
"Ofan við bæinn eru fjós og hlöður. Þar fyrir ofan er brött brekka, 50-60 metra há, efri brún hennar er kölluð Brekkubrún. Utan við hana er túnblettur sem kallaður er Kvíaból, þar eru gömul tóftarbrot." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 3

HV-346:012 heimild um lambhús
"Utan við þessa sléttu [Kirkjudagsláttu] rennur Bæjarlækurinn og er hann úr uppsprettu upp í brekkunni rétt fyrir ofan. Röð af trjám er meðfram læknum alla leið frá trjágarðinum og niður að gamla veginum. Utan við lækinn tekur við slétta, efst á henni er hóll sem heitir Lambhúshóll. Hús sem þar voru áður fyrr voru kölluð lambhús. Nú eru þar tvö hundruð kinda fjárhús og hlaða." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 4

HV-346:013 *Fjóshvammur* örnefni fjós
"Utan og ofan við húsin er hvammur í brekkunni sem heitir Fjósahvammur ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 4

HV-346:014 *Ærhúshóll* örnefni fjárhús
"Utan við Miðhól er enn einn hóllinn, og hann er hæstur, hann heitir Ærhúshóll, þar er tvö hundruð kinda fjárhús og hlaða."
Heimildir: Ö-Móberg, 4

HV-346:015 heimild um hesthús
"Utan við Kaldalækjarmýrina er girðing og þá tekur við stór slétta sem heitir Hesthúsvöllur. Neðan til á honum var einu sinni hesthús, en nú er það aflagt, en þar sem það áður stóð er nú fjárrétt." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 4

HV-346:016 heimild um mógrafir
"Neðst á Hesthúsvellinum [015] var í gamla daga tekinn upp mór, og er þar lægt í sléttuna." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 4

HV-346:017 *Torfhóll* örnefni rista
"Upp með skurðinum, ofantil er aflangur hóll sem kallaður var Torfhóll vegna þess að þar var þurrkað torf í gamal daga, er nú er hann kallaður Einbúi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 5

HV-346:018 vegur leið
"Ofan við Brekkubrún, Kvíaból og um Bergið lá gamall vegur eða eldri en sá sem ég hef nefnt og liggur hann norður af Berginu og niður á Hesthúsvöllinn og ofan í fallega laut þar, sem kölluð er Paradís." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 5

HV-346:019 *Kjóavellir* bæjarstæði býli
"Norðan við skurðinn, sem aðskilur Hesthúsvöllinn og sléttuna þar fyrir utan, heitir Kjóavellir. Þar var áður bær og sást fyrir túngarði og tóftarbrotum áður en þetta var sléttað." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 5

HV-346:020 heimild um smalakofa

“Utan og neðan við Stofumelinn er fallegur hvammur, sem heitir Neðri-Stofur. Í botninum á þeim eru gömul tóftarbrot, líklega gamall smalakofi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 6

HV-346:021 heimild um leið
“Í sömu hæð og Efri-Flatir, en vestar, eða upp undan Neðri-Stofum, ofan við klettana er grasstallur, sem heitir Bleikaskjónuhjalli, þaðan er kindagata suður yfir Móbergsklettana.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 7

HV-346:022 *Selgil* örnefni sel
“Rétt austan við Klifið er lægð sem nær neðan frá Hvammsá upp jafnt og Neðri-Flatir og heitir hún Tófuhvammur og enn höldum við áfram og stuttu austar er löng laut, sem nær neðan frá á og upp jafnt og Efri-Flatir, hún heitir Selgil.” segir í örnefnaskrá Í svörum við spurningum segir að ólíklegt sé að sel hafi verið í selgili og að ekki sjáist fyrir tóftum.
Heimildir: Ö-Móberg, 7; Ö-Móberg svör og við, 2

HV-346:023 heimild um smalakofa
“Austan við Strympu eru sléttar eyrar beggja megin við ána, þó minna í hvammslandi, og heita þær Strympueyrar. Austan við þær, að sunnan eða austan mætti eins segja, er fallega grasbrekka sem heitir Kofahlíð, þar sést fyrir gömlum smalakofatóftum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 8

HV-346:024 heimild um leið
“Gata liggur norðan úr Syðra-Grashlíðargili gegn um Kofaskál, yfir Þvergilið, Tungu og Milduxagilið og vestur melana sem þar eru.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg, 8

HV-346:025 heimild um hesthús
“Dálítið norðar á sléttunni [Silfurtúni sjá 008] er lítil laut, sem heitir Hesthúsbolli, kennd við hesthús, sem stóð þar fyrir ofan, en er nú löngu horfið.” segir í viðbótum og svörum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Móberg svör og við, 1

HV-346:026 *Gónapyttur* þjóðsaga
Pyttur einn heitir Gónapyttur. Hann er á milli Refsstaða og Vesturár framan við Laxá. Hún rennur eftir dalnum og rennur í hana lækur úr pyttinum. Eyjólfur hreppstjóri á Móbergi í Langadal hafði í seli upp á Laxárdal. Drengur var í selinu og gætti fjársins. Einn dag veiddi drengurinn í pyttinum og hafði þó Eyjólfur bannað honum það. En er hann kom heim að selinu með veiðina var snemmbær kýr lærbrotin á stöðlinum. Drengurinn hugsaði að eigi skyldi þetta aftra sér frá veiðinni og fór daginn eftir og veiddi. En er hann kom heim var kýrin dauð. Þá fór honum ei að finnast til og hætti að veiða. Síðan hefur engi veitt í pyttinum, enda er nú engi veiði í honum.
Heimildir: Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I, 466

HV-347 Móbergssel
Hjáleiga 1847 Í eyði frá 1895.

HV-347:001 *Móbergssel* bæjarhóll bústaður
“Á sléttri grund norðan tjarnarinnar stóð Móbergssel, forn selstaða frá Móbergi og síðar hjáleiga, sem fór í eyði 1895.” “Þá er og býlið Litla-Vatnsskarð byggt í heimalandi Móbergs og Móbergssel var í sjálfu Skarðinu.” SSH: “Móberg, Holtastaðir og Auðúlfsstaðir eiga selstöðu, en hafa nú ekki í nokkur ár brúkað þær. Rök eru fyrir því að Laxárdalur hafi í fornöld lítið eða ekki byggður verið, heldur brúkaður af Langdælingum til selja.”

MJ: “Rústir þessar skoðaði jeg 24. maí s.l. [um 1924]. Bærinn hefur staðið neðst á sljettri skriðugrund. Lítið markar fyrir veggjum, því þeir hafa hrunið inn og myndað lága, hólmyndaða bungu.

Austan við er lágt fleytingsþýfi og þar eru (fjórar) húsatóftir - og er mjer þó næst að halda að það sjeu seltóftirnar gömlu. Veggirnir sjást allveg, því grjót hefur verið í undirstöðunni. Efst á grundinni ofan við bæjarstæðið eru skýrar rústir af fjárhúsi, tvídyra. Móbergssel lagðist í eyði fyrir 30 árum ..."
Heimildir: MJ: "Ævarsskarð hið forna" Árbók 1924-25, 37nm; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 83, 86; SSH, 110

HV-347:002 heimild um brunn
"Stutt frá Móbergsselstjörn var brunnur. Þar gekk silungur upp frá tjörninni. ... eftir að jörðin fór í eyði, gerði óprúttnir ferðamenn sér til gamans að kasta grjóti í brunninn, og stíflaðist þá uppgangurinn." segir í örnefnaskrá
"Móbergssel. Eyðibýli á Laxárdal. Þar var í túnfæti brunnur og rann úr honum lækur í nálæga tjörn. Úr brunninum mátti ausa silung með vatnsfötu. Var brunnurinn 2-3 m í þvermál og 1.5 m á dýpt og í honum klapparbotn en tvö augu voru á botninum og gekk silungurinn upp um þau, stundum svo mikið að brunnurinn fyllti. Silungurinn var smávaxinn, purpurarauður á kvið og dekkri en silungurinn í tjörninni. Síðast var veitt í brunninum árið 1900 og fengust þá 500 silungar. Nú hefur uppgönguaugunum af stráksskap verið lokað með grjóti."

Við Móbergssel, "um 100 m suðaustur af bæjarhúsunum og austan við tjarnarendann, í þéttu mosaþýfi er Móbergsbrunnur, og rennur úr honum lítill lækur í tjörnina. Þar mátti ausa silungi upp með vatnsfötu. Brunnur þessi er 2-3 m í þvermál og einn og hálfur metri á dýpt. Klöpp er í botni og tvö uppsprettuaugu. Upp um þau kom silungur og gekk í brunninn, "stundum svo stríðar göngur, að brunninn troðfyllir. Mest er það vatnableikja og einstaka urriði. Þegar silungurinn mætir styggð, skýst hann ofan um götin," segir Erlendur Guðmundsson frá Mörk í lýsingu á Laxárdal. .. Árið 1900 var síðast veitt í brunninum, og veiddust þá í einu um 500 silungar (..). - Nú hafa einhverjir gerst til þess að bera grjót í lindina og loka uppgöngunum."
Heimildir: Ö-Litla-Vatnsskarð, 4; Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson, Landið þitt Ísland III, 105; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 86

HV-711 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Engihlíðarhreppi

HV-711:001 vegur leið
"Ofan við engið í Hlíðinni [í landi Refsstaða á Laxárdal] lá hinn forni vegur til Sauðárkróks." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Refsstaðir MJ, 1

HV-711:002 heimild um leið
Leiðin frá Efrimýrum til Blönduóss: "... var ýmist klöngrazt vestur yfir Börðin um reiðholt og niður sunnan við Efrilækjardal, á Vatnsveginn fram um Efribyggð, eða ofan á Neðribyggðarveg, ýmist sunnan við Svansgrund eða Sölvabakka. Var sú leið farin út neðan við Neðrilækjardal, og svo upp yfir Holtin og flóann, og síðan þrætt um helzta þurrlendi Lækjardals og Mýrarflóa og heim um Efrimýrartúnið, þar sem greiðfærast var yfir það, sem ekki var víða, svo stórþýft var það." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Efrimýrar, 14-15

HV-711:003 *Vatnsvegur* heimild um leið
Leiðin frá Efrimýrum til Blönduóss: "... var ýmist klöngrazt vestur yfir Börðin um reiðholt og niður sunnan við Efrilækjardal, á Vatnsveginn fram um Efribyggð, eða ofan á Neðribyggðarveg, ýmist sunnan við Svansgrund eða Sölvabakka. Var sú leið farin út neðan við Neðrilækjardal, og svo upp yfir Holtin og flóann, og síðan þrætt um helzta þurrlendi Lækjardals og Mýrarflóa og heim um Efrimýrartúnið, þar sem greiðfærast var yfir það, sem ekki var víða, svo stórþýft var það." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Efrimýrar, 14-15

HV-711:004 *Neðribyggðarvegur* heimild um leið
Leiðin frá Efrimýrum til Blönduóss: "... var ýmist klöngrazt vestur yfir Börðin um reiðholt og niður sunnan við Efrilækjardal, á Vatnsveginn fram um Efribyggð, eða ofan á Neðribyggðarveg, ýmist sunnan við Svansgrund eða Sölvabakka. Var sú leið farin út neðan við Neðrilækjardal, og svo upp yfir Holtin og

flóann, og síðan þrætt um helzta þurrlendi Lækjardals og Mýrarflóa og heim um Efrimýrartúnið, þar sem greiðfærast var yfir það, sem ekki var víða, svo stórþýft var það." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Efrimýrar, 14-15

HV-711:005 heimild um leið
"Leið Laxdælinga að og frá Blönuósi lá frá Holtunum, austur að Laxá, og yfir hana á Haugvaðskelduvaði og fram austan ár, um Njálsstaðahvamma, og yfir Norðurá, sem fellur í Laxá, nokkuð norðan Skrapatungu, sem er nyrzti bær á Laxárdal." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Efrimýrar, 15

HV-711:006 *Skagstrendingarleið* heimild um leið
"Vestan við holtið [Pokamýrarholt] heitir Pokamýri (gamall áningastaður ferðamanna á Skagstrandarleið)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Síða, 1

HV-711:007 heimild um leið
"Um Reiðskarð, vestan Blöndu, var fyrrum alþjóðaleið að Hrafnseyrarvaði. Ú Reiðskarði voru sneiðingar til suður að Hrafnseyrarvaði. Hrafnseyri liggur þar lítið eitt vestar en um miðja Blöndu. Vaðið lá um eyraroddann." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björnólfsstaðir, 1

HV-711:008 heimild um leið
Þjóðleiðin frá Laxárdal og til Skagafjarðar lá um Litla-Vatnsskarð, Víðidal og Hryggjadali segir í Húnaþingi
Heimildir: Húnaþing II, 138

HV-711:009 heimild um varnargarður
Eftir Langadal í Húnavatnssýslu liggur garður frá Engihlíð fram að Auðúlfsstaðaá. Garður þessi er mjög gamall sem sjá má af því að víða eru skriður fallnar yfir hann svo hann er sumstaðar með öllu sokkinn. Hann liggur neðan til í brekkunum og er skammt eitt upp til hans frá sléttu. Hvergi er hann hærri en tvær álnir, en sumstaðar sést hann eigi þó skriður valdi því eigi, t. a. m. á melum þar sést hann eigi. Það er ætlun manna að þessi garður hafi verið hlaðinn til að verja engi, og fyrir því að slíkir garðar eru víðar á Íslandi þá er það alllíklegt.
Heimildir: Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri IV, 115

SK-027 Illugastaðir

14 hdr 1709, þá í eyði frá 1707. 1390. Jörðin nefnd í sölubréfi. DI III, 448 "Landspildu þessa eignast Engihlíðarhreppur með afsalsbréfi, útgefnu af eiganda Illugastaða í Skefilsstaðahreppi, Lúðvíg R. Kemp, þ. 22. okt. 1921. Er land-stykki þetta allt land Illugastaða norðan frá Engjalæk og fram að Ambáttará og vestan frá sýslumörkum, þ. e. frá merkjum afréttarlands Vindhælishrepps (Hvamms-hlíðarlands)." Ö-Afréttarland-Engihlíðarhrepps, 10 Jörðin í eyði frá 1957. 1709: "Enginu granda skriður úr brattlendi." JÁM IX, 25

SK-027:001 *Illugastaðir* bæjarhóll bústaður
"Gamla bæjarstæðið hefur verið jafnað við jörðu og erfitt að segja nákvæmlega til um stært þess. Ekki sér móta fyrir einstökum húsum en neðst er afgirtur garður." Gamla bæjarstæðið er um 10-35 m niður af steypta íbúðarhúsinu. "Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að bærinn viðrist hafa staðið mjög lengi þar sem skurður 1 var grafinn. þar eru mannviskarlög bæjarhólsins þykkust og sennilega hefur bærinn staðið þar frá upphafi. Að þykkt mannvistarlaga og gjóskulagi má ætla að elstu minjar sem þarna voru grafnar fram séu a.m.k. frá 15. öld. vegna steina í botni skurðar var ekki unnt að komast dýpra til að skoða upphaf bæjarins. Grafið var niður á 1,2 m dýpi en ætla má að mannvistarlög geti náð á allt að 2 m dýpt. ... Í skurði 2 er ekki hægt að sjá neinar mannvirkjaleifar og hefur bærinn líklega alltaf staðið ofar í brekkunni. Mannvistarlög eru þó greinileg allt að 12 cm undir Heklugjósku frá 1104. Það sýnir að

Illugastaðir hafa byggst allöngu áður en gjóskan féll."
Heimildir: Guðmundir Ólafsson: Þverárfjallsvegur-Skagavegur, 13; Guðmundir Ólafsson: Illugastaðir í Laxárdal og Neðstibær í Vindhælishreppi, 5-6, 11

SK-027:002 *Biskupskeldulækur* örnefni
"Norðan í Járnhryggnum er allmikið landsvæði, móar og valllendislautir, og gengur það norður yfir landið ofan til út að Engjalæk með hallandi flóabreiðum að Biskupskeldulæk, er fellur austur í Engjalækinn"
Heimildir: Ö-Afréttarlönd-Engihlíðarhrepps, 10

SK-027:003 heimild um beitarhús
"Á gilbarminum út við Engjalæk eru tóftarbrot af beitarhúsum frá Illuga-stöðum. Töluvert gil er að Laxánni undan landstykki þessu, frá Engjalæk að Ambáttará; eru melhólar á gilbarminum hér og hvar. Austan í Járnhryggnum ofan gilbarmsins eru smálautir og bollar, heitir ein sú stærsta Pyttalaut." segir í örnefnaskrá "Beitarhús frá Illugastöðum eru á að giska 2 km fyrir framan Illugastaði, skammt framan við Engjalækinn og spölkorn upp frá Laxánni. Þetta eru ein hús með 8 m löngum krók og heytóft fyrir ofan. Norðan við húsið er einhölikró. Að henni meðtaldri hafa húsin tekið 60-70 kindur. Húsin eru neðst í holti ofan við Húsalækjarmýrina." Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: Ö-Afréttarlönd-Engihlíðarhrepps, 10; BS I; 174

SK-027:004 *Skínandi* heimild um býli
"Skínandi er yzt á Engidal, vestan undir felli, sem heitir Sandfell. Eru rústarleifarnar á ávalri grund eða uppgróinni skriðu austan megin árinnar, engidalsár. Rústir þessar hafa fram á seinni ár verið allglöggvar, en nú 12. júlí 1941 var ekki hægt að átta sig á þeim, vegna þess, að ofan í þær hafði verið sett fyrir nokkru heyfúlga." segir í örnefnaskrá "Mér vitanlega er fornbýlis þessa hvergi getið í prentuðum jarðabókum, og er saga þess að öllu leyti á huldu, annað en þjóðsögn tekur það til Vaglasóknar ásamt fleiri býlum þar í fjöllunum, sem fyrir örófi ára eiga að vera horfnar. ... Uppi í fjallinu, upp undir rústunum, er reglulega mynduð, falleg skál, sem heitir Skínandaskál. Um merki þessa býlis vissu fylgdarmenn mínir ekki, væri það runnið inn í afréttina fyrir löngu."

"... en búskapur [hefur] áreiðanlega verið um eitthvert skeið og trúlega selstaða frá Illugastöðum í annan tíma. Byggt hefur verið úr torfi, því grjót er ekki fáanlegt nærhendis nema uppi í fjallinu. Sjá má þrennar húsarústir. Hæst ber stórþýfða rúst, 7x8 m, sem virðist ekki svo forn og má glögglega greina herbergjaskipan. Önnur aflöng rúst, 11x5 m, er fáeignum metrum sunnar og ofar og loks þriðja rústin, 6x6 m, um 35 metrum neðar. Þarna heyjuðu Illugastaðamenn og meira að segja var dröslast með hestasláttuvél á staðinn. greinilegt fúlgustæði er um 60 metrum suður og upp frá bæjarhólnum 8x3,5m." Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: Ö-Skínandi, 1; BS I, 174

SK-027:005 heimild um mógrafir
"Mótekja var allvíða, bæði utan og sunnan við bæ." Segir í Byggðasögu Skagafjarðar "Mótekja var þó ekki góð, frekar grunn, 5-6 stungur, en það var mikið af kvistum og lurkum í mónum og hann var mjög sundurlaus en samt ágætur til eldiviðar." Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 172

SK-027:006 heimild um fjárhús
"Fjárhústóftir sjást út og niður á túninu og steypt baðker gnæfir upp úr.""Þetta voru samstæðuhús, fjórar krær undir einu risi. Tóku held ég 70 eða 80 kindur." Segir í Byggðasögu Skagafjarðar 5.1. Hlaða: "Rústin er 7 x 3,4 m að innanmáli. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Vegghæði innan í rústinni er 0,3 - 0,5 m að allt að 1,5 m að utanverðu." 5.2. Fjárhús: "Tóft gengur suður af [hlöðu] ... og er um 7 x 5 m að innanmáli. Tveir inngangar á milli 5.1 og 5.2. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Veggjahæð er um 0,1 - 0,2 m. Í tóftinni mótar fyrir tveimur lágum veggjum eða görðum." 5.3. Baðker: "Baðker er seinsteypt, um 2 m langt og 0,7 m breitt að utanmáli. Að innan er breiddin um 0,5 m. Dýpt kersins er 0,7-0,8 m. Tvö þrep eru ofan í kerið.." 5.4 Kofi: "Kofinn er um 1 x 3 m að innanmáli. Hann er fremur ógreinilegur á yfirborði. Veggjabreið er 0,6-0,8 m. Innri veggjabrún er um 0,1 m há. AÐ utanverðu er suðurveggurinn um 0,4 m hár. Hugsanlega gæti hann verið syðsti hluti af stærri tóft. 5.5 Heystæði?:

“Sléttað svæði norðan við hlöðuna nr. 5.1. Norðurbakkinn virðist skorinn um 0,3 m niður til að fá slétt svæði. gaflar eru ekki upphlaðnir og hallar yfirborði til beggja hliða frá pallinum.”
Heimildir: BS I, 172; Guðmundir Ólafsson: Þverárfjallsvegur-Skagavegur, 11-12

SK-027:007 heimild
“Í varpanum austur af norðausturhorni hússins er steinn með talsverðri dæld ofan í. þetta er fiskasteinninn á Illugastöðum og búið að berja hann svona upp.” Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 172

SK-027:008 lind vatnsból
“Neysluvatnið var hins vegar tekið rétt ofan við húsið úr lind sem kom undan brekkunni.” Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 172

SK-027:009 heimild um kvíar
Suður og upp af brekkunni var tún og þangað fluttum við skítinn upp eftir í káfum til að vera á. Þarna eru leifar af afara fornum túngarði í kring og stór og gróðursæll hvammur sem heitir Bælislaut. þar eru tóftir sem líklega hafa verið eftir kvíar.” Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 173

SK-027:010 heimild
“Hér getur víða að líta skurði til þurrkunar. Þeir voru allir handgrafnir.” Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 173

SK-027:011 heimild um stekk
“Ég veit um tvo stekki nálægt Laxánni. Annar er suður og niður í árgilinu í svonefndum Stekkjarhvammi.” Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 173

SK-027:012 heimild um stekk
“Ég veit um tvo stekki nálægt Laxánni. Annar er suður og niður í árgilinu í svonefndum Stekkjarhvammi. Hinn er út frá í djúpum hvammi sunnan undir Sandhólabrekku.” Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 173

SK-027:013 heimild
“Reykhús var út og niður undan Bæjarmelnum þar sem réttin er.” Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 173

SK-027:014 heimild um rétt
“Reykhús var út og niður undan Bæjarmelnum þar sem réttin er. Hana hlóð Ludvig Kemp sjálfur líklega um eða eftir 1920.” Segir í Byggðasögu Skagafjarðar “Hún er hringlaga og talsvert stór var sögð rúma 800 fjár og stendur vel ennþá því ofan á hana hefur verið sett torf.” Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 173

SK-027:015 varða eyktamark
“Nónmelur var í suðvestur frá bænum. Þar var varða og eyktarmark frá Illugastöðum. Hann er nú nánast horfinn, búið að eyðileggja með malartöku í veginn.” Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 173

SK-027:016 *Ambáttarsel* heimild um sel
“Ambáttarsel. Við göturnar í Ambáttargili [SK-028:005], u.þ.b. 100 m fyrir ofan Laxá er dálítill hvammur.” “Þar er mjög glögg þrískipt selrúst, en nokkrum metrum norðar eru langar kvíar, dálitið óglöggar. Þetta sel er nafnlaust en ætti að vera frá Illugastöðum og verður hér kallað Ambáttarsel.

Freistandi er að láta sér detta í hug að þarna sé komið Ársel (Ássel) ...” Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 175

SK-027:017 tóft skotbyrgi
“Fremst á malarási um 15 m frá vegastæði.” “Uppblásinn melur.” GÓ: “Rústin er hlaðin úr grjóti um 1,3x1,3m að innanmáli. Hún er ferhyrnd að innanverðu en hringlaga að utanverðu. Veggirnir eru 0,6-0,,8 m breiðir. Vesturhluti þeirra er aðeins um 0,2-0,3 m hár. Hleðslan dregst að sér upp og efst er hún einföld steinaröð. Inngangur er á norðurhlið. Norðausturhliðin endar við stóran stein sem er um 0,4 x 0,5 m í þvermál. Svo virðist sem veggirnir hafi að hluta verði hlaðnir upp fyrir skömmu. Óvisst [hlutverk]. Hugsanlega er þetta nýlega hlaðið skotbyrgi.”
Heimildir: Guðmundir Ólafsson: Þverárfjallsvegur-Skagavegur, 11

SK-027:018 heimild
Neðan og austan við bæinn á Illugastöðum. “Rúmlega 100 m löng og um 0,4 m djúp rás eða ræsi sem liggur í austur frá bænum í sveig niður túnið. Botn ræsisins er um 0,5 m breiður. Við efri barma er ræsið um 2 m breitt.”
Heimildir: Guðmundir Ólafsson: Þverárfjallsvegur-Skagavegur, 12

SK-027:019 *Gerðishús* tóft fjárhús
Um 50-60 m suður af bæjarhúsi. 8.1: Súrheysgryfja: “Hringlaga kofi. Þakið hefur sigið niður en er enn uppistandandi. Veggir eru úr torfi og vegghæð er um 0,7 m. Inngangur er mót suðri, um 1,2 m á hæð. Bárujárn er undir torfi í þaki.” 8.2. Hlaða?: “Tóftin er um 7 x 3 m að innanmáli. Veggir eru um 1 m breiðir og 0,2-0,3 m háir. Tveir inngangar eru á suðurhlið sem liggja inn í 8.3.” 8.3. Fjárhús: “Tóftin er 7 x 3 m að innanmáli og samsíða 8.2. Veggir eru um 1 m breiðir og um 0,2-0,3 m háir. Suðurhliðin er fremur óljós. Í austurhluta tóftarinnar fyrir framan innganginn í 8,2, mótar fyrir lágum garði eða vegg.” 8.4. Fjárhús: “Tóftin eru um 6 x 3 að innanmáli. Efsti gaflinn er óviss, gæti hugsanlega hafa verið grafinn inn í bakkann. Veggjahæð er allt að 0,4 m. Inni í miðri tóftinni er lágur garði eða veggur sem um 0,1-0,2 m hár og um 0,6 m breiður.” 8.5 Fjárhús: “Tóftin er um 5 x 3 m að innanmáli. Norður- og vesturveggir eru greinilegir, allt að 0,3-0,4 m háir. Austur og suðurveggi vantar alveg.”
Heimildir: Guðmundir Ólafsson: Þverárfjallsvegur-Skagavegur, 13-15

SK-027:020 heimild um fjárhús
I, 150 m frá gamla veginum og um 100 m frá áætlaðri veglínu í Engjadal er fjárhús eða heystæði. “Tóftin er tvískipt, um 9 x 8 m að utanmáli. Veggir eru að mestu horfnir, blásnir upp eða sokknir í jörð. Minna hólfið er um 3 m breitt og 6 m langt. Útlínur þessa hólfs eru nokkuð greinilegar þó að lítið sé eftir af tóftinni. Vesturhlið er allt að 0,6 m hár að utanverðu. Að innanverðu er hún um 0,1-0,2 m. Tóftin er mikið uppblásin að innanverðu.”
Heimildir: Guðmundir Ólafsson: Þverárfjallsvegur-Skagavegur, 15

SK-028 Fannstaðir
8 hdr 1823. Jörðin oftar nefnd Fannlaugsstaðir. Jörðin er innan Skrapatunguafréttar sjá HV-406b Sennilega sama og Fannstaðir selstaða frá Ási í Rípuhreppi nefnd 1713. JÁM IX, 64. Árið 1823 var þar stofnað býli í annað sinn, áður komið í eyði fyrir 1775-7, og var búið þar til 1851. BS I, 177-178.

SK-028:001 *Fannstaðir* bæjarstæði býli/sel
“Dalurinn fram með ánni er allvíður með aflíðandi hlíðum, frekar brattalitlum, sérstaklega að vestan. Undirlendi er þó ekki fyrst fram með ánni, þar sem hún fellur í þröngu klettagili (Laxárgili (50)) alldjúpu fram undir Fannlaugarstaðaeyrar. Eru þar eyrar meðfram ánni, fram að Rauðagili, sem áður er nefnt. Eyðibýlið Fannlaugarstaðir stendur þar á hólbarði vestan við ána. Þar bjó Sigurður trölli.” “Fannlaugsstaðir er eyðibýli efst á Saxárdal vestan Laxár. Land jarðarinnar var talið milli Rauðagils að sunnan og Ambáttarár að norðan og tilheyrir nú Skapatunguafrétt en er í Skagafjarðarsýslu. ... Bæjarstæðið er á aflöngum hórana, nefnt Tungugrund í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar, sem rís spölkorn vestur frá Laxá austan undir fjallinu Fannstöð. Túnið er þýft og ekki sjást merki túngarða. Tóftarbrot eru á nokkrum stöðum, m.a. syðst í túninu, bærinn norðan til og eru veggjabrot hans óljós, víða

sem blásin burt. Tóftarbrot eru á nokkrum stöðum, m.a. syðst í túninu, bærinn norðan til og eru veggjabrot hans óljós, víða sem blásin burt." Segir í Byggðasögu Skagafjarðar

SSH: "Olavíus telur meðal eyðijarða í Höskuldsstaðasókn Ássel við Laxá [sjá 006], er menn ætla býli verið hafa. En eigi hafa menn ú sögur um byggð þar til forna, en gömul sögn (vottorð gamalla manna 1831) segir, að Ássel hafi Skrapatungu-bóndi léð bóndanum að Ási í Hegranesi (fyrir selstöðu) fyrir hrossabeit (í Hegranesi) á vetrum. Það segja gamlir menn víst, að Ássel sé nið sama, sem og er nefnt Fannlaugarstaðir ... eða Fannstaðir. Nú nefnir Ólavíus Fannlaugarstaði meðal eyðibýla í Fagranessókn, og mun það eflaust vera hin saman jörð og nú er nefnd Fannlaugarstaðir og um hlíð hefur verið selstöðujörð frá Ási og þá nefnd Ássel."
Heimildir: Ö-Afréttarlönd Engihlíðarhrepps, 5; BS I, 176; SSH, 138

SK-028:002 *Fannlaugarstaðasel* heimild um sel
"Selstöður, er menn þekkja, hafa áður verið nefndar, en skulu ítrekaðar hér. ... Fannlaugarstaðasel við Fífugil ..." "Fannlaugsstaðabóndi hafði að sögn í seli á Ambáttardal við Fífugilslæk niður á eyrunum, norðvestan í Fannsóðsöxl. ... Ekki hefur textahöfundi tekist að finna selrústirnar." Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: SSH, 156-57; BS I, 177

SK-028:003 heimild
"Athygli vekur djúp gryfja í hólinn vestast, aflöng og mannhæðardjúp , að að giska 4 m breið og 8-9 m löng en glögglega sér fyrir grjóthleðslu innan í opið til suðurs." Segir í Byggðasögu Skagafjarðar "Þar ætluðu Enghlíðingar að gera gangnamannahús og fengu Ludvig Kemp á Illugastöðum til að hlaða kjallara á árunum 1923 eða 1924 en aldrei varð meira úr byggingunni." Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 176

SK-028:004 heimild um kvíar
"Ofan og vestan við hólranann eru fornar rústir e.t.v. af stórum kvíum og skýtur það þá stoðum sagnir um selstöðu á þessum stað." Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 176

SK-028:005 heimild um leið
"Síðan taka við hallandi mýrar og víðáttumiklar breiðar þar til dregur í aflíðandi hlíðar Fannstóðs. ... Norðan í brúninni dregur í lægð eða lítið skarð og heitir Nónskarð, eyktarmark frá Fannlaugarstöðum. þar liggja götur yfir á Ambáttardal og niður norðan við Fífugil." segir í örnefnaskrá
Heimildir: BS I, 176

SK-028:006 tóft
"U.þ.b. 100 metrum norðar [en 005]er annar þýfður hólrani lægri og þar rústir eftir fimmhólfa byggingu, u.þ.b. 13-14 m langar en heildarbreidd um 7 m. ekkert verður fullyrt hvaða bygging þetta hefur verið en hugsanlegt að þar séu rústir Ássels ..." Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 176

SK-028:007 heimild
"Utan frá Ambáttará og langt fram Fannlaugarstaðahlíðina mótar fyrir fornu garðlagi, trúlega til vörslu engjalanda, en hefur líklega einnig hentað vel sem göngugarður. Garðurinn er mjög sokkinn því hann liggur lengst af í flötum mýrum, fram fyrir ofan Dysina og áfram suður neðan við hlíðarbrekkuna allt suður undir Fannlaugarstaði þar sem hann beygir niður með læk fram á hólbrún ofan við Laxá. Garðurinn er a.m.k. kílómeterslangur og skýtur frekari stoðum undir kenninguna að Fannlaugarstaðir hafi verið fornbýli." Segir í Byggðasögu Skagafjarðar
Heimildir: BS I, 177

SK-028:008 garðlag landamerki
"Enn fremur er sagður landamerkjagarður Illugastaða og Fannlaugarstaða upp frá Laxá u.þ.b. 600 metrum framan við Ambáttará." Segir í Byggðasögu Skagafjarðar

Heimildir: BS I, 177

6.7. Fornleifar í Vindhælishreppi

HV-348 Ásbúðir

10 hdr 1708, Mælifellskirkjueign. 1708: "Túninu grandar grjótsuppgángur til stórskaða, hvört eð áeykst meir og meir, so það verður nú valla unnið. Engjar öngvar." JÁM VIII, 482. 1920: Tún 2,6 ha.

HV-348:001 *Ásbúðir* bæjarhóll bústaður
"Á bakkanum, þar sem Ásinn endar, niður við sjóinn, stóð gamli bærinn. Þar standa nú ný fjárhús - byggð um 1968. Sunnan við þau er skemma, sem áður tilheyrði gamla bænum. Íbúðarhúsið nýja stendur nálægt 15-20 m suðaustur frá fjárhúsunum. Þar er steinhús byggt 1928." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 1-2

HV-348:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-348:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-348:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-348:005 heimild um lendingu
1708: "Heimræði er hjer árið um kríng meðan aflavon er, og lendíng góð fyrir landi ..."
Heimildir: JÁM VIII, 482

HV-348:006 *Ærhús* heimild um fjárhús
"Gömul fjárhús síðu á Ásnum c.a. 50 m norðan við íbúðarhúsið. Þau voru alltaf nefnd Ærhús og stóðu örskammt fyrir ofan gamla bæinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 2

HV-348:007 *Sauðahús* heimild um fjárhús
"Í háaustur frá Ærhúsum, niður undir Ásbúðarvatni, hétu Sauðhús. Þau stóðu í svonefndum Leyningi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 2

HV-348:008 *Vatnshús* heimild um fjárhús
"Neðst í túninu, alveg á vatnsbakkanum, upp af Þórðarvíkinni, sem síðar verður nefnd, byggði Ásmundur Árnason fjárhús fyrir u.þ.b. 70-80 fjár. Þau voru nefnd Vatnshús. Þau tók af í brimi haustið 1934." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 2

HV-348:009 heimild um hesthús
"Hesthúskofi, sem Leifur byggði, stóð í hásuður frá Sauðhúsi í suðurjaðri túnsins." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 2

HV-348:010 *Grundarhús* heimild um fjárhús
"Skepnuhús stóðu eina 10-15 m suðaustur af íbúðarhúsinu." segir í örnefnaskrá "Syðra húsið var upphaflega notað fyrir hesthús, en það ytra sem fjárhús. þau voru svo bæði notuð með fjárhús. Hús þessi voru nefnd Grundarhús." segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Ásbúðir, 2

HV-348:011 heimild um kvíar
“Halli niður að Tjörninni, niður frá Grundinni, hét Kvíamór. Heimast í honum voru Kvíarnar.” segir í örnefnaskrá “Ásmundur Árnason kom í Ásbúðir 1911, og var aldrei fært frá í hans tíð. Sennilega hefur ekki verið fært þar frá eftir 1900.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 2

HV-348:012 *Tröð* heimild um traðir
“Þær [Dagmálasléttur] náðu upp að heimreiðinni, sem nefnd var Tröð. Hún lá heim að gamla bænum, rétt fyrir neðan, þar sem íbúðarhúsið er nú.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 2

HV-348:013 heimild um túngarð
“Gamli túngarðurinn lá fast fyrir sunnan íbúðarhúsið úr Tjörninni og suður í Ásbúðarvatn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 2

HV-348:014 *Bangsavarða* varða
“Austan við túnið er Þórðarvík ... Vestan við víkina, á bakkanum, stendur Bangsavarða, beint í hánorður af [svo].” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 2

HV-348:015 *Grjótgarður* garðlag
“Garður lá fram á grjóthornið, austan Grjótgarðsvíkur, af malarkambinum og ofan í vatnið. Hann var kallaður Grjótgarður. Auðkúla í Svínadal átti rekapart á Háuröl að Grjótgarði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 3

HV-348:016 *Hólmagirðing* heimild
“Hlaðinn torfgarður með streng á að meðfram vatninu og þar yfir nes fram í vatnið. Girðing þessi nefndist Hólmagirðing.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 4

HV-348:017 *Tóftarnes* heimild
“Hlaðinn torfgarður með streng á að meðfram vatninu og þar yfir nes fram í vatnið. Girðing þessi nefndist Hólmagirðing. Þar heiman (vestan) við er annað nes nefnt Tóftarnes. í því voru tóftarbrot. Seinna var byggt hesthús á þeim tóftum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 4

HV-348:018 heimild um mógrafir
“Upp af Ábúðarvatni, vestan til, gengur mýri, nefnd Austurmýri. Í henni voru mógrafir á víð og dreif. Var þar tekinn upp mór framundir 1960.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 4

HV-348:019 *Rindavarða* varða samgöngubót
“Þar fyrir ofan [Einbúa] eru Rindarnir, gamlir sjávarkambar síðan eftir ísöld. Á Rindanum fyrir ofan Austurmýrarkrók er leiðarvarða nefnd Rindavarða.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 4

HV-348:020 *Tíðavarða* varða landamerki
“Grensbolli er lítill grasbolli fyrir vestan grenið sjálf. Þar fyrir ofan er Tíðavarða á Tíðavörðurinda og Tíðavörðuflötur þar sunnar og liggur til suðurs. Tíðavarða er einnig merkjavarða.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 5

HV-348:021 heimild um leið
"Klif eru lágir klettar og liggur fjárgata undir þeim, fast við flóajaðarinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 6

HV-348:022 heimild um brú
"Klifskelda rennur síðan áfram og vestan við svonefnt Brúarkelduholt og nefndist hún þá brúarkelda og rann niður í Sellæk. Úr Brúarkelduholti var brú yfir Brúarkeldu uppi í flóajaðarinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 6-7

HV-348:023 *Ásbúðnasel* heimild um sel
"Sellækur rennur svo úr Mánavíkurflóa og vestur með brekkum, svo heita Selbrekkur. Í þeim er Ásbúðnasel. Þar sjást ennþá tóftir vestast í brekkunum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 6-7

HV-348:024 heimild um heygarð
"Úr Austurbotni, að vestan, rennur lækur úr dálítilli tjörn, norður miðjan flóann, norður í Sellæk. Þessi lækur var oftast nefndur Miðflóalækur. Meðfram honum voru sléttar eyrar og var þar grunnt á grjót. Hét sú fremri (syðri) Grænaeyri og sú norðari Heygarðseyri. Á henni var gamall heygarður." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 7

HV-348:025 heimild um mógrafir
"Vestan við Neðri-Brokhæðahaus er mýrarfláki, sem heitir Mjóengi. Í því var tekinn upp mór hér áður og á holti austan við mitt engið er gamalt móbyrgi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 8

HV-348:026 heimild
"Vestan við Neðri-Brokhæðnahaus er mýrarfláki, sem heitir Mjóengi. Í því var tekinn upp mór hér áður og á holti austan við mitt engið er gamalt móbyrgi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 8

HV-348:027 heimild um leið
"Vestast á Mánahæðum, norður af Mánatjarnaregni er klettabelti nefnd Miðmundarklettar, sennilega eyktarmark frá Víkum. Vestan í Miðmundarklettum er gren. Vestan við Miðmundarkletta er Hæðatagl og lá þar um heybandsvegurinn úr Ásbúðum fram í Mánavíkurflóa." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásbúðir, 9

HV-349 Mánavík

40 hdr. 1708. Landnámsjörð Hólmgöngu-Mána. ÍF I, 227. 1708 er Mánavíkurkot eyðihjáleiga. Jörðin í eyði frá 1917/20 1708: "Tún var mjög hart og graslítið, en er nú mestalt komið í mosa með litlum grashýjungi. Engjar öngvar." JÁM VIII, 481. 1920: Tún 1,5 ha.

HV-349:001 *Mánavík* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-349:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-349:003 *Mánavíkurkot* heimild um býli
"Nokkru vestar [á Húnaskaga] og innar er Mánavík. Þar bjó Hólmgöngu-Máni, sá er land nam yzt á Skaga að vestan inn til Fossár. Þar er Mánaþúfa, sem er sögð að vera haugur Mána landnámsmanns. Jörð þessi

hefur verið í eyði frá því um aldamót, en hjáleigan Mánavíkurkot miklu lengur." 1708: "Manavykur kot, eyðihjáleiga bygð í heimalandi fyrir meir en þrjátíu árum og varaði bygðin sex ár, síðan legið í auðn."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 14; JÁM VIII, 481

HV-349:004 heimild um mógrafir
Túnakort 1920, tún 0,6 ha. Þá bæ auk eins útihúss. "Skálavík nær að Skálavíkurtanga. Býli var við Skálavík og hét það Skálavík eftir víkinni. Ennþá sést fyrir bæjarrústunum. Á þeim tóftum var síðan byggt hesthús. Skálavík var byggð úr Tjarnarlandi og stóðu bæjarhúsin öskammt frá sjó við norðanverða víkina. Fjárhús Skálavíkur voru stutt suður af bænum, fast suður undir merkjum. ... Skálavík hefur líklega farið í eyði 1922." segir í örnefnaskrá Kolka: "Mörg eyðikot eru í Tjarnarlandi, byggð af mönnum, sem stundað hafa þar sjó, og voru sum þeirra jafnvel byggð eftir síðustu aldamót. Þau voru ... Tjarnarland niður við sjó, beint undan bænum, Hjallar nokkuru utar, en Ranaskáli nokkuru sunnar. Það var síðar byggt upp aftur og kallað Skálavík. ... Sum af þessum kotum voru byggð eftir síðustu aldamót, en byggðin varaði stutt."

"Í landamerkjaskrá er sagt, að landamerkin liggi í Ran(hól)askála. Þar mun vera um að ræða smáhamar, sem stendur upp úr möl við sjó. Byggð stóð stutt í Skálavík. Þar bjó Frímann Guðjónson, faðir bóndans á Tjörn, frá því eftir 1910 fram til 1922. Frímann Lárusson, sem bjó á Hjallalandi, var tengdasonur Frímanns Guðjónsonar. Þeir stunduðu sjóróðra suður í Kálfshamarsvík og höfðu nokkrar

skepnur." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 23; Ö-Tjörn, 2; Ö-Tjörn ath, 2

HV-353:017 *Landsendaforvaði* heimild um leið
"Utan Landsenda er Landsendaforvaði." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 2

HV-353:018 *Forvaði* örnefni leið
"Norðan til í Kerlingarbjargi eru grasi grónar skriður. Þar heitir Gósenland. ... Sunnan við Gósenland er Forvaði." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 3

HV-353:019 *Torfdalur* örnefni rista
"Nokkru austan við Kerlingarbjarg er Torfdalur frá norðri til suðurs. Í honum er stórt vatn, Torfdalsvatn. Þjóðvegurinn liggur nú rétt vestan við Torfdalsvatn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 3

HV-353:020 *Grafarbrekka* örnefni
"Þar sem Vestur-Núpur myndast á Kerlingarbjarginu að sunnan heitir Grafarbrekka." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 3

HV-353:021 *Tjarnarbrú* heimild um leið
"Ofan við Tjarnarflóa, meðfram Hlíðinni, norður af túninu, er Tjarnarurð, gamalt hrun úr Tjarnarfjalli. Þjóðvegurinn liggur neðst í Tjarnarurð. Þar var feiknalegt stórgrýti og vegagerð erfið. Var vegurinn því hlaðinn þarna upp um 1880 og hét þar Tjarnarbrú. Nú er búið að breikka veginn þarna, en þó er gamla undirstaðan notuð." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 3

HV-353:022 *Kúagata* heimild um leið
"Upp af Hlíðinni heitir Háafjall, þar sem Tjarnarfjall er hæst í norðaustur frá bænum. Sunnan við það er Kúaagata upp frá Tjarnartúni norðanverðu." segir í örnefnaskrá "Kúagata var brött gata, sem kýr fóru yfirleitt ekki. Þorgeiri var sagt, að nafnið væri til komið, af því að kýr hefði einhverju sinni farið þar." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 4, Ö-Tjörn ath, 4

HV-353:023 heimild um túngarð
"Um túngarðinn að norðan voru tóftir og sést ennþá móta lítillega fyrir þeim." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 4

HV-353:024 heimild
"Um túngarðinn að norðan voru tóftir og sést ennþá móta lítillega fyrir þeim." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 4

HV-353:025 heimild um skemmu
"Skemma stóð u.þ.b. 5 m norðvestan við gamla bæinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 4

HV-353:026 heimild um brunn
"U.þ.b. 10 m suðvestur af bæjardýrunum var brunnhús, byggt yfir uppsprettu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 4

HV-353:027 *Dráputóft* heimild
"Beint í austur frá honum [Taðbala], u.þ.b. 20-30m, var Dráputóft. Þar áttu eitt sinn að hafa drukknað 40

fjár, er krapastífla myndaðist fyrir framan húsin. Í suður frá Dráputóft var byggt 30 kinda hús árið 1929. Það var nefnt Lambhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 5

HV-353:028 heimild um fjárhús
"Rétt suðvestur af Lambhúsi [sjá 027], nálægt 40-60m eru fjárhús. Þar voru einnig fjárhús áður." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 5

HV-353:029 heimild um fjárhús
"Rétt vestan við þau [028] var fjárhúskofi, þar sem nú standa aðalfjárhús jarðarinnar, 300 kinda hús úr steinsteypu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 5

HV-353:030 heimild um kvíar
"Kvíaból er utangarð suðaustur af Dráputóft. það er nú að mestu komið undir veginn. Kvíar stóðu á Kvíabóli og telur Þorgeir, að þar hafi verið fært frá fram undir 1910." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 5

HV-353:031 *Íshús* heimild
"Í suðaustur frá Tjarnartúni er íshúsgeiri. Tóftir af íshúsi eru norðan við hann. Í því var geymdur klaki og beitusíld." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 5

HV-353:032 *Njörvi* bæjarstæði býli
"Suður frá Tjarnartúni voru Móar suður að merkjum Óss. Móar eru nú allir komnir í tún. í þeim var Njörvi, gamalt eyðibýli, og Gamlarétt beint upp af Njörva. Njörvi stóð á dálitlum hól, og ver það nú hæst suður á túninu, séð frá bæ. Hóll þessi var u.þ.b. 70 m norðan við merki." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 5

HV-353:033 *Gamlarétt* heimild um rétt
"Suður frá Tjarnartúni voru Móar suður að merkjum Óss. Móar eru nú allir komnir í tún. í þeim var Njörvi, gamalt eyðibýli, og Gamlarétt beint upp af Njörva. ... Gamlarétt mun hafa verið lögð niður, þegar Ósrétt var byggð og þá hlotið nafn sitt. Áður hét hún Tjarnarrétt." segir í örnefnaskrá
Í athugasemdum segir að Gamlarétt hafi öll verið úr torfi.
Heimildir: Ö-Tjörn, 5; Ö-Tjörn ath, 4

HV-353:034 *Tjarnarrétt* heimild um rétt
"Á sunnanverðu Tjarnarfjalli, sunnan við háfjall, eru kallaðir Vestur-Móar og þaðan í austur Austur-Móar. Austur-Móar eru heldur lægri en Vestur-Móar. Fyrir austan þá er Litlalækjargil. Austan þess heitir Klittaurð. Þar suðvestan undir er Klittabrekka, norðaustan við Laxárvatn. Þar stendur Tjarnarrétt ... Hún er einnig stundum nefnd Klittarétt." segir í örnefnaskrá "Seinni Tjarnarrétt var öll úr torfi eins og eldri réttin nema milligerðir milli dilka, sem voru úr timbri. Nú hefur hún verið lögð niður." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 5-6; Ö-Tjörn ath, 4

HV-353:035 *Draugahylur* örnefni draugur
"Suðaustur af Þorkelssundum eru Enni en þaðan í vestur eru Stórutjarnarsund. Þaðan í suður er Draugahylsflói suður að Draughyl í Laxá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 7

HV-353:036 *Smalaskálaholt* örnefni smalakofi
"Suðaustan við langalækjarbreiðar er Langalækjarhóll, stór einstakur hóll. Þaðan í suðaustur eru

Smalaskálaholt, mishæðótt holt." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 8

HV-353:037 heimild um býli
"Austan við Þríhólmavatnsurðir er Stórimór suður við Laxá. Tóftarbrot eru í Stóramó og hafa þeir bræður heyrt að býli hafi einhvern tímann verið í Stóramó." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn, 8

HV-353:038 heimild um mógrafir
"Mór var tekinn upp í flóa rétt fyrir sunnan Mókrika. Þarna var heldur lélegur mór og erfitt að ná honum fyrir vatni. Hann var notaður til eldsneytis á þessum slóðum fram um miðja 20. öld." segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Tjörn ath, 2

HV-354 Ós

8 hdr. 1708. Þingeyrarklausturseign. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Jörðin í eyði frá 1973. Þjóðsagnabýlið Gullbrekka á að hafa verið í landi Óss og einni er nefnt býlið Litliós. 1708: "Engjar öngvar, nema það lítið sem hent er úr fúa brokflóum, sem þó er valla teljandi." JÁM VIII, 473. 1920: Tún 1,9 ha, garðar 50m2.

HV-354:001 *Ós* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-354:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-354:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-354:004 *Litliós* heimild um býli
"Austur af Barðhúsum [sjá Saura], á dálitlum hól rétt fyrir sunnan Laxá, eru tóftarbrot sem heita Litliós. Sagnir eru um að þar hafi gamli bærinn á Ósi eitt sinn staðið." segir í örnefnaskrá 1708: "þessi jörð segjast menn heyrt hafa, að áður hafi staðið fyrir sunnan Laxá, þar sem nú er kallaður Litliós, og er þetta landpláts milli þeirra takmarka, sem nú er ágreiningur um millum jarðanna."
Heimildir: Ö-Saurar, 2; JÁM VIII, 472-473

HV-354:005 *Gullbrekka* þjóðsaga bústaður
1525: Gullkelda nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs, þá í eyði. GULLKELDA. "Þar á bærinn Gullbrekka að hafa sokkið í jörð með fólki og fé og fögru sönghúsi við andlát Þorgerðar eða Þorbjargar Kólku á Kólkunesi, en bænhús í staðinn verið reist í Höfnum, og ber Bólu-Hjálmar sr. Eyjólf lærða á Völlum fyrir þessum fræðum." "Út frá Laxá, u.þ.b. 20 mínútna gang upp frá túni, liggur Gullbrekka frá norðri til suðurs." segir í örnefnaskrá

FF: "Þó er enn siáannlegur Stór Vallargardur kringumm Floótande díke, í Os lande, sem sagt er ad Gullbrecka /.Stór bær/: hafe sokked fyrr i Einne Iolaglede, með Fokle og gósse í brada haste umm nott, og ekkert afftur nadst, nema sidar laungu fundest, liklega med Slædu, Eyr ketell Stór, af hveriumm Eyrad sveik, sem ikræktest, og nádest ekke og ekkert sídann ad Sunnann vedru vid þetta fliotande díke, siest til tóffta." Vallargarður utan um þjóðsögulega horfinn bæ, Gullbrekku "Út og suður, neðan við Gullbrekku, heitir Gullkelda, stórhættuleg skepnum. Þar út af eru Löngusý. Sú sögn er til, að einu sinni hafi staðið kirkja þar sem Gullkelda er nú, en hún hafi sokkuð. Seitt sinn á að hafa komið upp eirketill úr Gullkeldu. Fast norðan við Gullkeldu eru tóftir nefndar Gullkeldutóftir. E.t.v. eru það bara brot af gömlum heygörðum." segir í örnefnaskrá Kolka: "Mörg eyðikot eru í Tjarnarlandi, byggð af mönnum, sem stundað hafa þar sjó, og voru sum þeirra jafnvel byggð eftir síðustu aldamót. ... Sum af þessum kotum voru byggð eftir síðurstu aldamót, en byggðun varaði stutt. Suður við Laxá var Gullkelda, sem er talin

meðal eyðijarða Þingeyraklausturs og ekki mun hafa verið byggð í margar aldir, en örnefnið lifir þó enn."
Heimildir: FF, 485; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 65; Ö-Ós, 2-3; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 23; DI IX, 314

HV-354:006 *Gilvað* heimild um vað
"Við Gullbrekkuendann syðst var vað á Laxá nefnt Gilvað, en þar ofan við heitir Laxárgil. Nú liggur brúin yfir þar sem Gilvað var." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ós, 3

HV-354:007 *Tjarnarvegur* varða leið
"Í Ósmóunum er Heydalur. Liggur hann frá suðvestri til landnorðurs. Vestur móana liggur heybandsvegur, sem Tjarnarvegur heitir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ós, 4

HV-354:008 heimild um stekk
"Fyrir utan bæinn, Ós, er Ósvík. Tanginn norðan við Ósvík heitir Stekkjartangi. Á honum uppi á bakkanum, er Stekkur." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ós, 1-2

HV-354:009 *Ósrétt* heimild um rétt
"U.þ.b. 400 föðmum norðan Stekkjartanga [008] er Réttartangi og eru sker og flúðir fram af honum. Koma þær upp úr með fjöru. Á Réttartanga er Ósrétt. Hún var áður fjárrétt sveitarinnar í mörg ár. Hún var byggð í tíð Jóseps, föður Jóhanns. Ósrétt var lögð niður 1926 og í staðinn upp tekin Klittarétt í landi Tjarna." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ós, 2

HV-354:010 *Grafarvað* heimild um vað
"Upp frá Ósnum er Hylur í Laxá. Rétt neðan hans er Grafarvað en nokkru ofan hans Skjölduvað, beint suður og niður af Ósbænum."segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ós, 2

HV-354:011 *Skjölduvað* heimild um vað
"Upp frá Ósnum er Hylur í Laxá. Rétt neðan hans er Grafarvað en nokkru ofan hans Skjölduvað, beint suður og niður af Ósbænum."segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ós, 2

HV-354:012 heimild um stekk
"Stekkur er rétt norðan við Laxá, alllangt ofan við túnið. Hann stendur á dálítilli flöt, fast vestan við dálitið klettabelti. Rétt norðan hans er Stekkjarvað á Laxá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ós, 2

HV-354:013 *Stekkjarvað* heimild um vað
"Stekkur er rétt norðan við Laxá, alllangt ofan við túnið. Hann stendur á dálítilli flöt, fast vestan við dálitið klettabelti. Rétt norðan hans er Stekkjarvað á Laxá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ós, 2

HV-355 Saurar
10 hdr 1708. Einarsnes eyðijörð lögð til Saura fyrir 1708. Mikið af þurrabúðum og verbúðum í landi Saura. 1708: "Túninu grandar vatnsgángur úr foræðisflóa, sem liggur fyrir ofan völlinn, þetta vatn jetur úr rótina og gjörir víða svarðleysu til stórskaða. Engjar öngvar, nema hvað hent er úr brokflóum, sem mjög eru blautir og votsóktir." JÁM VIII, 472. 1920: Tún 1,4 ha, garðar 84m2. "Tún er raklent, en beit allgóð, bæði til lands og sjávar." Húnaþing II, 84

HV-355:001 *Saurar* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-355:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-355:003 heimild um mógrafir
1708: "Móskurður til eldiviðar nægur og brúkast árlega í landsplátri því, sem liggur inn frá Laxá suður að Grásteini, sem er við sjóinn, og þaðan sjóhendíng í Reiðgötu, og hafa báðir jarðareigendur, hvor fyrir sig lögfest þetta land til nefndra merkja út við Laxá til Saura, en í Grástein og reiðgötu til Óss ..."
Heimildir: JÁM VIII, 472

HV-355:004 heimild um leið
1708: "Móskurður til eldiviðar nægur og brúkast árlega í landsplátri því, sem liggur inn frá Laxá suður að Grásteini, sem er við sjóinn, og þaðan sjóhendíng í Reiðgötu, og hafa báðir jarðareigendur, hvor fyrir sig lögfest þetta land til nefndra merkja út við Laxá til Saura, en í Grástein og reiðgötu til Óss ..."
Heimildir: JÁM VIII, 472

HV-355:005 heimild um lendingu
1708: "Heimræði er hjer sæmilegt og lendíng ein fyrir landi; skip gánga hjer so mörg sem ábúandi færi við komið, sjaldan fleiri en tvö."
Heimildir: JÁM VIII, 472

HV-355:006 *Einarsnes* bæjarstæði býli
1708: "Einarsnes í Nesium. Þetta er forn eyðijörð og hefur ei bygð verið í manna minni, en er brúkuð lángvarandi frá Saurum, og segja menn, að þetta eyðiból sje talið jafnt við Saura, áður þetta lagðist til. Þetta hefur verið haldin ein jörð til alld fyrirsvars meir en í sextíu ár, og ekki hjer síðan bygt verið. Ekki má hjer aftur byggja fyrir landþröng."
Heimildir: JÁM VIII, 472

HV-355:007 *Spönskudysjar* heimild um legstað
"Fremst á Framnesi eru þrjár dysjar sem heita Spönskudysjar. Munnmæli herma að þarna hafi verið dysjaðir Spánverjar, sem þar voru drepnir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurar, 1

HV-355:008 *Búðarhús* heimild um verbúð
"Norðan við Framnes er Sauravík. Við hana sunnanverða er svonefnt Búðarhús." segir í örnefnaskrá "Í Búðarhúsi héldu sjómenn til, - aðallega yfir haustvertíðina. Þeir komu víða að úr Húnaþingi. Að Ósi fengu þeir oft bakað brauð og þveginn þvott. Verstöð þessi lagðist niður rétt eftir síðustu aldamót." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurar, 2

HV-355:009 bæjarstæði bústaður
"Rétt fyrir neðan Búðarhús er allstór hóll nefndur Gónhóll. Hann er mitt á milli Búðarhúss og sjávarbakkans." segir í örnefnaskrá "Eitt sinn var grafið jarðhús niður í Gónhól og búið þar. það mun hafa verið um 1904 eða ´5." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurar, 2

HV-355:010 *Barðhús* bæjarstæði bústaður
"Fyrir norðan bæinn standa Barðhús. Nú eru þar fjárhús, en var áður húsmannsbýli." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurar, 2

HV-355:011 heimild um hesthús

“Lyngnes er fyrir ofan Litlaós. Þar stendur hesthús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurar, 3

HV-355:012 *Ægissíða* bæjarstæði bústaður
“Sunnarlega á Smáholtunum eru húsatóftir, sem heita Ægissíða. Þar var síðast búið 1924. ... Þessi þrjú býli voru öll tómthús. Þau stóðu öll á holti, sem nefnist Steinholt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurar, 3

HV-355:013 *Holt* bæjarstæði bústaður
“Nokkru fyrir utan (norðan) Ægissíðu, ca. 100-150 föðmum, eru tóftir af býlinu Holti. Síðasti ábúandinn þar hét Guðlaugur Eiríksson. Hann drukknaði árið 1914 ásamt bóndanum í Steinholti, Rögnvaldi Jónssyni. ... Þessi þrjú býli voru öll tómthús. Þau stóðu öll á holti, sem nefnist Steinholt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurar, 3

HV-355:014 *Steinholt* bæjarstæði bústaður
“Nokkru fyrir utan (norðan) Ægissíðu, ca. 100-150 föðmum, eru tóftir af býlinu Holti. Síðasti ábúandinn þar hét Guðlaugur Eiríksson. Hann drukknaði árið 1914 ásamt bóndanum í Steinholti, Rögnvaldi Jónssyni. Steinholt fór þá í eyði, en það stóð nokkru ofar en Ægissíða. Þessi þrjú býli voru öll tómthús. Þau stóðu öll á holti, sem nefnist Steinholt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurar, 3

HV-355:015 *Leiðavarða* varða samgöngubót
“Beint austur af Steinholti er Leiðavarða sem er miðuð við innsiglingarmerki á Saurmöl.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurar, 3

HV-355:016 *Grænatóft* örnefni
“Á miðjum Rinda er Grænatóft.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurar, 3

HV-355:017 *Saurasel* heimild um sel
“Fyrir ofan Rindann, út við ána, eru Árgilshólar. Þar fyrir ofan Saurasel.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurar, 3

HV-355:018 *Borgir* örnefni
“Fyrir austan Rinda, en sunnan Árgilshóla heita Borgir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Saurar, 4

HV-356 Kálfshamar

10 hdr 1708, þá í eyði. Þingeyrarklausturseing. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs, þá í eyði. DI IX, 314. Mikið af verbúðum og þurrabúðum í Kálfshamarsvík. Jörðin í eyði fyrir 1985. 1708: “Túninu spillir grjótsuppgángur og vatn, sem stígur á völlinn úr votsóktum foræðisflóa, sem jetur úr rótina til stórskaða. Engjar öngvar, nema hvað hent er úr hagamýri og votsóktum brokflóum.” JÁM VIII, 471. 1920: Tún 2 ha, garðar 60m2.

HV-356:001 *Kálfshamar* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-356:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-356:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-356:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-356:005 heimild um verbúð
“Kálfshamarsvík. Eftir að hætt var að róa frá Hafnabúðum, var farið að róa stöðugt frá Kálfshamarsvík. Hún var þá nyrzta verstöð á vestanverðum Skaga og “kjörvogur” sjómanna austanmegin flóans .. Þarna var hin ákjósanlegasta aðstaða til sjósóknar, auðug fiskimið fyrir landi, en landtaka svo góð sem á varð kosið, án umbóta. Það mun hafa verið um 1890, sem stöðugt útræði hófst úr Kálfshamarsvík.”
Heimildir: Sigurður Björnsson: “Um sjósókn við austanverðan Húnaflóa.” Húnaþing, I, 263

HV-356:006 heimild
“Kálfshamarsvík. Eftir að hætt var að róa frá Hafnabúðum, var farið að róa stöðugt frá Kálfshamarsvík. ... Fyrir því hef ég þær heimildir, að 1938 þegar Salthúsið var rifið, sagði mér gamall maður, að það væri búið að standa þar í 50 ár.”
Heimildir: Sigurður Björnsson: “Um sjósókn við austanverðan Húnaflóa.” Húnaþing, I, 263

HV-356:007 *Holt* bæjarstæði bústaður
Holt var kot byggt á þessari öld.
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 25

HV-356:008 heimild um lendingu
1708: “Heimræði er hjer sæmilegt og lendíng góð fyrirlandi; gengur skip heimabóndans eftir sem hann fjekk við komið, sjaldan fleiri en eitt.” Í athugasemdum við örnefnaskrá segir að lending við Naustin 016 hafi alltaf verið mjög góð.
Heimildir: JÁM VIII, 471; Ö-Kálfshamar ath og viðb, 1

HV-356:009 varða landamerki
“No. 1. við sjó að norðan; landamerki úr hamri á Vog; bein lína í vörðu sunnan við Syðra-Grenjaláarhorn ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 1

HV-356:010 *Austari-Borgarbrún* örnefni
“No. 1. við sjó að norðan; landamerki úr hamri á Vog; bein lína í vörðu sunnan við Syðra-Grenjaláarhorn; þaðan í stóran stein á Austari-Borgarbrún ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 1

HV-356:011 varða landamerki
“No. 1. við sjó að norðan; landamerki úr hamri á Vog; bein lína í vörðu sunnan við Syðra-Grenjaláarhorn; þaðan í stóran stein á Austari-Borgarbrún; þaðan í vörðu á holti við Laxá ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 1

HV-356:012 varða landamerki
“No. 1. við sjó að norðan; landamerki úr hamri á Vog; bein lína í vörðu sunnan við Syðra-Grenjaláarhorn; það-an í stóran stein á Austari-Borgarbrún; þaðan í vörðu á holti við Laxá; þaðan í vörðu norðan í Klaufarhól ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 1

HV-356:013 varða landamerki
“No. 1. við sjó að norðan; landamerki úr hamri á Vog; bein lína í vörðu sunnan við Syðra-Grenjaláarhorn; það-an í stóran stein á Austari-Borgarbrún; þaðan í vörðu á holti við Laxá; þaðan í vörðu norðan í

Klaufarhól; þaðan í vörðubrot á holti vestan við læk, sem rennur úr Selreiðartjörn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 1

HV-356:014 *Bárutóftir* bæjarstæði bústaður
"Er þá komið út að túni. Utan við Kálfshamar tekur við Kálfhamarsvík. Á Kálfshamarsvíkurmöl eru Bárutóftir, þá Mallandstóftir ..." segir í örnefnaskrá "Malarland og Bárubrúð (Bára) voru á Mölinni inn af lendingunni. Þar eru nú Malllandstóftir og Bárutóftir. Árið 1901 eða 1902 keypti Sigurður Jóhannsson Hafsstaðabúð (við Hafsstaðavík í Höskuldsstaðasókn) og reif hana og flutti á Kálfshamarsmöl og byggði þar; kallaði húsið þá Báru eða Bárubúð. Var búið þar í nokkur ár, stóð húsið síðan autt um tíma, en síðar var búið þar aftur. Loks var húsið rifið (Bárutóftir nú). Björn Árnason byggði nokkru á eftir Sigurði aðra búð, Malarland. Það fór eins, þar var búið í nokkur ár, en síðar var húsið rifið." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 1, Ö-Kálfshamar ath og viðb, 4

HV-356:015 *Mallandstóft* bæjarstæði bústaður
"Er þá komið út að túni. Utan við Kálfshamar tekur við Kálfhamarsvík. Á Kálfshamarsvíkurmöl eru Bárutóftir, þá Mallandstóftir ..." segir í örnefnaskrá. "Malarland og Bárubrúð (Bára) voru á Mölinni inn af lendingunni. Þar eru nú Malllandstóftir og Bárutóftir. Árið 1901 eða 1902 keypti Sigurður Jóhannsson Hafsstaðabúð (við Hafsstaðavík í Höskuldsstaðasókn) og reif hana og flutti á Kálfshamarsmöl og byggði þar; kallaði húsið þá Báru eða Bárubúð. Var búið þar í nokkur ár, stóð húsið síðan autt um tíma, en síðar var búið þar aftur. Loks var húsið rifið (Bárutóftir nú). Björn Árnason byggði nokkru á eftir Sigurði aðra búð, Malarland. Það fór eins, þar var búið í nokkur ár, en síðar var húsið rifið." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 1, Ö-Kálfshamar ath og viðb, 4

HV-356:016 heimild um naust
"... þá Ræsið afrennsli úr Kálfshamarstjörn, sem er þar strax bak við mölina. Þá Naustin og Bryggjan." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 1

HV-356:017 heimild
"... þá Ræstið afrennsli úr Kálfshamarstjörn, sem er þar strax bak við mölina. Þá Naustin og Bryggjan." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 1

HV-356:018 *Klöpp* bæjarstæði bústaður
"Á nesinu sjálfu voru mörg tómthúsbýli, m.a. Klöpp og Klettur." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
1920: Tún 0,2 ha. "Á Klöpp var fyrst búið um miðja síðustu öld, en hún féll úr ábúð. Þar var byggt aftur fyrir aldamót og búið þar fram um 1930-40, en þá lögðust Klöpp og Klettur og öll byggðin á nesinu í eyði." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 4; Túnakort 1920

HV-356:019 *Klettur* bæjarstæði bústaður
"Á nesinu sjálfu voru mörg tómthúsbýli, m.a. Klöpp og Klettur. Á Kletti var búið í stuttan tíma. "Þar var byggt aftur fyrir aldamót og búið þar fram um 1930-40, en þá lögðust Klöpp og Klettur og öll byggðin á nesinu í eyði." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 4

HV-356:020 *Lambastaðir* bæjarstæði bústaður
"Á Kálfshamarsnesinu (nesinu milli Vogs og Kálfshamarsvíkur) er fremst Kálfshamarsnesviti, þá Klöpp og Klettur. Lambastaðir og Iðavellir. Hátún og Skólahús." segir í örnefnaskrá Voru einnig nefndir Miðhús segir í Húnaþingi "Þarna voru líka Lambastaðir, Iðavellir, Hátún, Hvammur, Kjartansgrunnur og fleiri hús. Þetta voru allt íbúðakofar. Enginn þeirra stendur nú, en af sumum sjást rústir, öðrum ekki.

þeir voru byggðir frá því fyrir aldamót og fram til 1930-40. Nú er aðeins búið á bænum sjálfum." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 1-2; Ö-Kálfshamar ath og viðb, 4-5; Hjördís Gísladóttir: "Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi, 281

HV-356:021 *Iðavellir* bæjarstæði bústaður
"Á Kálfshamarsnesinu (nesinu milli Vogs og Kálfshamarsvíkur) er fremst Kálfshamarsnesviti, þá Klöpp og Klettur. Lambastaðir og Iðavellir. Hátún og Skólahús." segir í örnefnaskrá "Þarna voru líka Lambastaðir, Iðavellir, Hátún, Hvammur, Kjartansgrunnur og fleiri hús. Þetta voru allt íbúðakofar. Enginn þeirra stendur nú, en af sumum sjást rústir, öðrum ekki. þeir voru byggðir frá því fyrir aldamót og fram til 1930-40. Nú er aðeins búið á bænum sjálfum." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 1-2; Ö-Kálfshamar ath og viðb, 4-5

HV-356:022 *Hátún* bæjarstæði bústaður
"Þarna voru líka Lambastaðir, Iðavellir, Hátún, Hvammur, Kjartansgrunnur og fleiri hús. Þetta voru allt íbúðakofar. Enginn þeirra stendur nú, en af sumum sjást rústir, öðrum ekki. þeir voru byggðir frá því fyrir aldamót og fram til 1930-40. Nú er aðeins búið á bænum sjálfum." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 4-5

HV-356:023 *Hvammur* bæjarstæði bústaður
"Þarna voru líka Lambastaðir, Iðavellir, Hátún, Hvammur, Kjartansgrunnur og fleiri hús. Þetta voru allt íbúðakofar. Enginn þeirra stendur nú, en af sumum sjást rústir, öðrum ekki. þeir voru byggðir frá því fyrir aldamót og fram til 1930-40. Nú er aðeins búið á bænum sjálfum." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 4-5

HV-356:024 *Kjartansgrunnur* heimild
Var aldrei meira en grunnur. "Þarna voru líka Lambastaðir, Iðavellir, Hátún, Hvammur, Kjartansgrunnur og fleiri hús. Þetta voru allt íbúðakofar. Enginn þeirra stendur nú, en af sumum sjást rústir, öðrum ekki. þeir voru byggðir frá því fyrir aldamót og fram til 1930-40. Nú er aðeins búið á bænum sjálfum." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 4-5

HV-356:025 heimild
"Byrgislækur [026] gæti hafa verið nefndur svo vegna móbyrgja. Móbyrgi voru hlaðin utan um mófúlgur, sem voru móstaflar (hleðslan var kölluð móbyrgi). Mörg móbyrgi voru í flóanum, og e.t.v. þarna nálægt læknum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 7

HV-356:026 *Byrgsilækur* örnefni
"Byrgislækur kemur ofan úr Ytri-Flóa og fellur fram af Húsabrún og heitir síðar Stokkur." segir í örnefnaskrá Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir að lækurinn gæti dregið nafn af móbyrgjum, þá sama og 025, eða því að hann var byrgður að hluta.
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 2; Ö-Kálfshamar ath og viðb,7

HV-356:027 heimild um brunn
"Einn brunnur var þó til [á nesinu] en hann var yfirleitt þurr og vatnið vont, þegar það var til staðar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 6-7

HV-356:028 *Borgir* örnefni
"Austan við Rindann er Leirdalur. Í honum er Leirdalstjörn, þá Leirdalsbrekka, þá Leirdalsbrún, og er þá

komið upp á Borgir. Þar er Borgartjörn, Borgardalur og Borgarstykki." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 2

HV-356:029 heimild um mógrafir
"Mógrafir var annars í næstum öllum flóum í landinu, í öllum áttum, líka í fjörunni, úti í sjó." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá "Hann var misgóður og misdjúpur. Algengt var fjórar stungur, varla meira en það. E.t.v. var hann á stöku stað fimm til sex stungur." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 13

HV-356:030 *Klauf* bæjarstæði býli/sel
"Fyrir austan Borgir að sunnan er Ferðamannaás, en norður af honum Ferðamannaflói og þar norðar Sellág. Austan við Ferðamannaflóa er Kaufarhóll. Þar í er Klaufarhólsgren. Fyrir austan Klaufarhól er Klaufin. Þar er samnefnt eyðisel." segir í örnefnaskrá "Klaufarflói er í Klaufunum eða Klaufinni, eins og hvammurinn hét líka. Norðan í Klaufarhól var mannabústaður; hét hann í Klaufinni eða Klaufi; þar var kot frá Kálfshamri." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 2; Ö-Kálfshamar ath og viðb, 10

HV-356:031 *Skógarmannavík* örnefni
"Skógarmannavík er vík inn í Kálfshamarsnesið utan við Sendlingaklett." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá "Munnmæli segja, að þar hafi verið drepnir útlendir menn, sem hafi komið þar að landi og líklega sýnt af sér nokkurt ofríki." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá "Í Kálfshamarsvík, utar á Skagaströndinni, eða Skógarmannavík, höfðu erlendar þjóðir rekið verslun fyrr á öldum og sáust lengi búarústir þeirra á nesi einu þar í grendinni, en lendingin var jafnan síðan kölluð "Varningsvogur"."
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 5-6; Bjarni Guðmarsson: Byggðin undir borginni, 50

HV-356:032 *Varningsvogur* heimild um lendingu
"Í Kálfshamarsvík, utar á Skagaströndinni, eða Skógarmannavík, höfðu erlendar þjóðir rekið verslun fyrr á öldum og sáust lengi búarústir þeirra á nesi einu þar í grendinni, en lendingin var jafnan síðan kölluð "Varningsvogur"."
Heimildir: Bjarni Guðmarsson: Byggðin undir borginni, 50

HV-356:033 heimild um fjárhús
"Í suður frá Steinholtsbrekku er Húsabrún, á henni Jaðar, Garðholt og Blómsturvellir." segir í örnefnaskrá Í athugasemdum við örnefnaskrá segir að fjárhús hafi verið nálægt brúnni.
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 2; Ö-Kálfshamar ath og viðb, 8

HV-356:034 *Jaðar* bæjarstæði bústaður
"Í suður frá Steinholtsbrekku er Húsabrún, á henni Jaðar, Garðholt og Blómsturvellir." segir í örnefnaskrá 1920: Tún 0,3ha. "Suður eða suðaustur frá Steinholtsbrekkum er Húsabrún. ... Þar voru tómthúsmannabústaðir, Jaðar, Blómsturvellir og Garðshorn, allt saman kot, sem öll eru löngu komin í eyði." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 2; Ö-Kálfshamar ath og viðb, 8

HV-356:035 *Garðholt* bæjarstæði bústaður
"Í suður frá Steinholtsbrekku er Húsabrún, á henni Jaðar, Garðholt og Blómsturvellir." segir í örnefnaskrá "Suður eða suðaustur frá Steinholtsbrekkum er Húsabrún. ... Þar voru tómthúsmannabústaðir, Jaðar, Blómsturvellir og Garðshorn, allt saman kot, sem öll eru löngu komin í eyði." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 2; Ö-Kálfshamar ath og viðb, 8

HV-356:036 *Blómsturvellir* bæjarstæði bústaður
"Í suður frá Steinholtsbrekku er Húsabrún, á henni Jaðar, Garðholt og Blómsturvellir." segir í örnefnaskrá

“Suður eða suðaustur frá Steinholtsbrekkum er Húsabrún. ... Þar voru tómthúsmannabústaðir, Jaðar, Blómsturvellir og Garðshorn, allt saman kot, sem öll eru löngu komin í eyði.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 2; Ö-Kálfshamar ath og viðb, 8

HV-356:037 *Nýibær* bæjarstæði býli
“Fyrir austan Flóann er Rindinn, þvert yfir landareignina frá suðri til norðurs. Vestan á honum sunnan vegarins er Nýibær (eyðibýli).” segir í örnefnaskrá “Fyrir austan flóann, sunnan vegar, var Nýibær. Nokkuð langt er síðan hann var byggður, lagðist hann í eyði, og var byggður aftur 1913. Eftir það var hann fá ár í byggð. Vegur liggur frá Nýjabæ og fyrir norðan Kálfshamarstún.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 2; Ö-Kálfshamar ath og viðb, 8

HV-356:038 *Brunndý* örnefni brunnur
“Landamerkin liggja úr stórum steini í Leirdalsbrekku og í sveig framhjá túninu í Brunnþúfu, sem er við eða úti í stóru dýi, sem kallað er Brunndý. Það er á merkjunum. E.t.v. var sótt vatn í dýið frá Sviðingi. Þar var ekkert vatnsból nema lélegur brunnur.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 13

HV-356:039 *Stekkjarhamar* örnefni stekkur
“Stekkjarhamar er í Skurðabrekkum. Þó man Jón það ekki greinilega. Hann man ekki eftir stekk þarna. Óvíst er, hvort sá stekkur hefur verið í Sviðings- eða Kálfshamarslandi. Trúlega hefur ekki verið fært frá þarna eftir aldamót.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 13

HV-356:040 heimild um draug
“Reimt var við Klettinn á Vognum. Dys var við Klettinn, og átti að vera þar eitthvað óhreint. Spánverjar höfðu verið unnir á Einarsnesi, og voru þar dysjaðir.” segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath, 1

HV-356:041 heimild um brú
“... þá Ræsið afrennsli úr Kálfshamarstjörn, sem er þar strax bak við mölina. Þá Naustin [016] og Bryggjan.” segir í örnefnaskrá “Ræsið braut svo djúpt, að erfitt var að komast yfir það. Stundum var sett á það brú.” segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 1; Ö-Kálfshamar ath, 2

HV-356:042 *Háborgir* heimild um huldufólksbústað
“Háborgir eru líka fyrir sunnan dalinn. Sagt var, að huldufólk væri í Borgunum; átti að vera þar kirkja.” segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar, 1; Ö-Kálfshamar ath, 2

HV-356:043 heimild um mógrafir
“Mór var tekinn rétt ofan við malarkambinn.” segir í athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath, 4

HV-356:044 heimild um vatnsból
“Vaðall er mýri eða flói, sem liggur meðfram Kálfshamarsmölinni að norðanverðu. Lækur rennur um Vaðal, straumlaus.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá “Lækurinn var kallaður Stokkur, en það nafn er nokkurs konar samnefni á straumlausum lækjum. ... Lækurinn er mjög grunnur (e.t.v. í hné) og lítið vatn í honum yfirleitt. Þetta var vatnsbólið á nesinu. Íbúar sóttu vatn þangað, því ekkert annað vatn var að fá á nesinu.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 6

HV-356:045 heimild um leið
Kolka: “Frá Kálfshamarsvík er lagður vegur upp á melana sunnan við Laxá. Kvennfélag Kálfshamarsvíkur ruddi veg eftir melum þessum í út og suður fyrir hálfum öðrum áratug ...”
Heimildir: Páll V.G. Kolka: Föðurtún, 24

HV-356:046 *Einarsnes* bæjarstæði bústaður
Kolka: “Á Kálfshamarsnesi voru Iðavellir, Hátún, Klettur, Klöpp, Hvammur og Einarsnes eða Framnes, og voru einsetumenn að lokum í tveimur þeim síðastnefndu.”
Heimildir: Páll V.G. Kolka: Föðurtún, 25

HV-357 Sviðníngur

3 hdr 1708, Þingeyrarklausturseing. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs, þá í eyði. DI IX, 314. 1708: “Engjum grandar Sviðíngslækur, sem hleypir vatni á engið, sem jetur úr rótina til stórskaða og hefur gjört úr engjum svarðleysumýri að öngvu nýtandi.” JÁM VIII, 470. 1920: Tún 1,7 ha, garðar 81m2.

HV-357:001 *Sviðníngur* bæjarhóll bústaður
“Bærinn, sem stendur nú, var byggður 1930; bærinn þar á undan var torfbær og stóð rétt austan við.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Sviðingur, 4

HV-357:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-357:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-357:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-357:005 heimild um sel
1708: “Skipsuppsátur á jörðin í Kálfshamarsnesi árið um kríng, mót selstöðu í Sviðíngslandi, og hefur ábúandi brúkað þetta skipsuppsátur átölulaust.”
Heimildir: JÁM VIII, 470

HV-357:006 varða landamerki
“Í skrá Friðgeirs Eiríkssonar er landamerkjum lýst þannig: Við sjó að norðan úr Sviðingslækjarós í brunnþúfu norðvestan við Sviðingstún, þaðan í stóran stein í leirdal, er Grásteinn heitir, þaðan í vörðu norðan í Öfuguggahól ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sviðingur, 2

HV-357:007 örnefni leið
“Sauðgötuhóll er smáhóll, áframhald af Rauðusvuntu og bökkunum þar fyrir ofan, í norðurátt. Hann dregur nafn af kindagötum, en sauðfé fór alltaf þarna um þennan hól, þegar það var uppi á bökkunum við sjóinn.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sviðingur, 2

HV-357:008 *Rústir* örnefni
“Þá er komið norður að Sviðíngslæk. Landamerki milli Sviðíngs og Kálfshamars eru í Sviðíngslækjarós, þar sem lækur fellur í fossi fram af Bökkunum. Sviðíngslækur rennur úr Sviðingstjörn, sem er tjörn milli Bjarga og Sviðings. Hann rennur gengnum Rindann, eftir flóanaum ofan við Bakkana. Þar var engjaheyskapur í gamla daga - óx gulstör þar. Síðan rennur lækurinn framhjá Rústunum, niður í gengum Efri- og Neðribrún til sjávar, fram af nokkuð háum bökkum.” segir í örnefnaskr “Í suðvestur frá túni heita

Rústir. Þær eru ofan við Efribrún. Rústirnar sjást enn. Svanfríður telur, að þetta séu ekki bæjarrústir, fremur fjárhúsrústir. Rústirnar eru alveg við lækinn. Ull var þveginn við Rústir og líka inni í Lækjargili ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sviðingur, 3, 4

HV-357:009 heimild um fjós
“Í norður frá bænum er Fjósbali í túninu, sléttlendur bali norðvestur af fjósinu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sviðingur, 4

HV-357:010 *Fornibær* heimild
“Í suður frá bænum er Fornibær. Sennilega hefur bær verið þar til forna, en tóftir sáust ekki, eftir að Svanfríður man eftir. Þarna var gerður kálgarður í halla niður frá hól ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sviðingur, 4

HV-357:011 heimild um þvottastað
“Í suðvestur frá túni heita Rústir [008]. Þær eru ofan við Efribrún. Rústirnar sjást enn. Svanfríður telur, að þetta séu ekki bæjarrústir, fremur fjárhúsrústir. Rústirnar eru alveg við lækinn. Ull var þveginn við Rústir og líka inni í Lækjargili, rétt neðan við, þar sem lækurinn fer úr tjörninni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sviðingur, 4

HV-357:012 heimild um þvottastað
“Í suðvestur frá túni heita Rústir [008]. Þær eru ofan við Efribrún. Rústirnar sjást enn. Svanfríður telur, að þetta séu ekki bæjarrústir, fremur fjárhúsrústir. Rústirnar eru alveg við lækinn. Ull var þveginn við Rústir og líka inni í Lækjargili, rétt neðan við, þar sem lækurinn fer úr tjörninni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sviðingur, 4

HV-357:013 *Gamlistekkur* heimild um stekk
“Þar austan við [Rústadý hjá 008] er Stekkjardý. Ofar er Stekkur, sem kallaður var Gamlistekkur. Þar sáust rústir, þegar Svanfríður áti heima á Sviðingi fram til 1947, en fáum árum seinna var sléttað þarna yfir og gert að túni.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sviðingur, 4-5

HV-357:014 heimild um kvíar
“Kvíar voru hjá Gamlastekk [013], en sjást ekki lengur.” segir í örnefnaskrá
Hætt að nota kvíar um 1918-19.
Heimildir: Ö-Sviðingur, 5

HV-357:015 *Sviðingsbrú* vegur leið
“Ennið er í suður frá bænum, suðvestan í Rindanum, áður en kemur að engjastykkinu við lækinn, eiginlega ofan við Sviðingsbrúna, og nær langleiðina að Gamlastekk. Vestur af Enninu syðst liggur Sviðingsbrú. Það er gamall kerruvegur, sem smávegir hefur verið hlaðið í.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sviðingur, 5

HV-357:016 *Hvammavarða* varða
“Austur um Stórholt er Rjúpnalaut. Mikið er af rjúpu þarna um allt. Sunnan við hana er holt og á því varða, sem heitir Hvammavarða. Ekki veit Svanfríður, í hvaða tilgangi hún var hlaðin.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sviðingur, 7

HV-357:017 *Byrgishóll* örnefni smalakofi
“Vestan við Djúpahvamm er Byrgishóll. Ekki man Svanfríður eftir neinu byrgi þar, en hóllinn gæti hafa byrgt fyrir útsýni niður í Hvammana, þegar verið var í Djúpahvammi, t.d. við smalamennsku.” segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Sviðingur, 7

HV-357:018 heimild um mógrafir
"Mór var alltaf tekinn upp á vorin. Grafirnar voru misjafnlega djúpar. Bezti mórinn var syðst og neðst í túninu, sem þá var flói, er síðar var þurrkaður upp og gerður að túni." segir í örnefnaskrá "Grafirnar voru 3-4 skóflustungur mór, ein ruðningur og síðan grasrót." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sviðingur, 9

HV-357:019 heimild um ristu
"Torf var rist, þegar þurfti að byrgja með því heytóftir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sviðingur, 9

HV-357:020 heimild um brunn
"Landamerkin liggja úr stórum steini í Leirdalsbrekku og í sveig framhjá túninu í Brunnþúfu, sem er við eða úti í stóru dýi, sem kallað er Brunndý. Það er á merkjunum. E.t.v. var sótt vatn í dýið frá Sviðingi. Þar var ekkert vatnsból nema lélegur brunnur." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 13

HV-357:021 *Óssel* heimild um sel
1708: "Tóftarústir eru í Sviðíngslandi, sem kallað er Ósssel, en ekki vita menn hvort jörðin á hjer selstöðu eður hún hefur áður verið til keypt."
Heimildir: JÁM VIII, 473

HV-358 Bjargir

10 hdr 1708, Blöndudalshólaeign. 1394: á Blöndudalshólakirkja Bjargaland á Skaga. DI III, 543-4. Jörðinni nú skipt í Ytri- og Syðri-Björg (frá 1920). 1708: "Engjunum grandar vatn, sem jetur úr rótina til stórskaða." JÁM VIII, 469. 1920: Tún 2,6 ha, garðar 200m2. "Á Björgum er graslendi heima um sig og heiðarland víðáttumikið." Húnaþing II, 87.

HV-358:001 *Bjargir* bæjarhóll bústaður
"Norðaustast á Bjargatúni standa Bjargabæir. Sambyggð steinhús fyrir tvær fjölskyldur. Gamli bærinn stóð áður þar sem þessi steinhús standa. Fjós var áfast við gamal bæinn og er það hið eina, sem ennþá stendur af gamal bænum og er nú komið að falli." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Björg, 4

HV-358:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-358:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-358:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-358:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-358:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-358:007 heimild um lendingu
1708: "Heimræði er hjer um sjálfan sumartíma en er þó mjög erfitt, því lendíngin er undir háum björgum

og er gengið eitt einstigi naumt og hættusamt, (sem klappað er af mönnum) ofan í fjöruna, og er skipsuppsáturið ei annað en undir björgin, og hefur sjáfargángur oftlega brotið skipið í spón, og er þetta heimræði því svipult mjög."
Heimildir: JÁM VIII, 469

HV-358:008 heimild um leið
1708: "Heimræði er hjer um sjálfan sumartíma en er þó mjög erfitt, því lendíngin er undir háum björgum og er gengið eitt einstigi naumt og hættusamt, (sem klappað er af mönnum) ofan í fjöruna, og er skipsuppsáturið ei annað en undir björgin, og hefur sjáfargángur oftlega brotið skipið í spón, og er þetta heimræði því svipult mjög."
Heimildir: JÁM VIII, 469

HV-358:009 heimild um uppsátur
1708: "Heimræði er hjer um sjálfan sumartíma en er þó mjög erfitt, því lendíngin er undir háum björgum og er gengið eitt einstigi naumt og hættusamt, (sem klappað er af mönnum) ofan í fjöruna, og er skipsuppsáturið ei annað en undir björgin, og hefur sjáfargángur oftlega brotið skipið í spón, og er þetta heimræði því svipult mjög."
Heimildir: JÁM VIII, 469

HV-358:010 varða landamerki
"Landamerki milli Bjarga og Svíðings eru í Leirsvuntu framan í bjarginu á Háubökkum, þaðan í vörðu á Vægilsborg ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 1

HV-358:011 *Bjargastekkur* heimild um stekk
"Norðan við Breiðar er Bjargastekkur. Hætt mun hafa verið að færa frá Björgum upp úr 1910." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 2

HV-358:012 vegur leið
"Norðan við Breiðar er Bjargastekkur. Hætt mun hafa verið að færa frá Björgum upp úr 1910. Gamli reiðvegurinn lá rétt fyrir ofan Bjargastekk en suður af Bjargastekk er Götubakki." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 2-3

HV-358:013 *Bjargagata* heimild um leið
"Norðan við Breiðar er Bjargastekkur. Hætt mun hafa verið að færa frá Björgum upp úr 1910. Gamli reiðvegurinn lá rétt fyrir ofan Bjargastekk en suður af Bjargastekk er Götubakki. Þar er Bjargagata niður bakkana, Er hún 20 faðma há. Af heimafólki var hún alltaf nefnd Gata." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 3

HV-358:014 *Balahús* heimild
"Túnið suður frá gamla bænum heitir Pásvöllur. Heimreiðin lá fyrir ofan Pálsvöll. Ofan hennar hét Bali og Balahús stóðu syðst á honum, nú fallin." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 4

HV-358:015 *Fornibær* heimild
"Vestan við Pálsvöll er Leyningur og þá Langibali og nyrzt á honum Fornibær. Að hreyfa við í Fornabæjartóftum á að hafa óhöpp í för með sér." segir í örnefnaskrá "Vildi svo til, er núlifandi maður flutti að Björgum sem bóndi 1906, að hann gerði sléttu við tóftirnar og hreyfði þar við mildum. Fékk hann handarmein svo illkynjað, að hann varð frá verki næstum allan sláttinn. ... Sögn var um, að áður hafi verið bænhús á Björgum og staðið nálægt Fornabænum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 4

HV-358:016 heimild um rétt
“Norður frá Langabala, neðan við Nýjatún, er Réttarholt. Tóftir voru áður á Réttarholti, líklega af rétt. Nú er búið að byggja þar fjárhús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 4

HV-358:017 *Helluvað* heimild um vað
“Skammt fyrir ofan Fossárfoss, í Fossá, er Helluvað. Þar norðan við ána heita Hvammar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 5

HV-358:018 *Selvað* heimild um vað
“Í norður frá Króksseli heitir Selvað, á Fossá.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 5

HV-358:019 *Brangatangavað* heimild um vað
“Þar sunnan við er flóablettur nefndur Steinkublettur, en þaðan til suðvesturs eru vaðmóar að Fossá. Þar er Brangatangavað (Breiðugatnavað).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 6

HV-358:020 *Breiðugatnavað* örnefni leið
“Þar sunnan við er flóablettur nefndur Steinkublettur, en þaðan til suðvesturs eru vaðmóar að Fossá. Þar er Brangatangavað (Breiðugatnavað).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 6

HV-358:021 *Bjargasel* heimild um sel
“Vestan við Selás er nefnt Austur-Jaðar, en austan við hann er Seldalur. Þar í er Bjargasel og Seldalslækur, er kemur úr einni Hrútatjarna, en Hrútatjarnir heita tjarnir á merkjum Bjarga og Kálfshamars.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 6

HV-358:022 *Stígur* heimild um leið
“Upp frá Bæjarholtinu og upp í Slakka var heybandsvegur, hlaðinn yfir mýrarsundin. Nefndist hann Stígur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 7

HV-358:023 *Miðdegisvarða* varða eyktamark
“Yzt á Grófarholti, fast ofan Háubakka, er Miðdegisvarða, eyktarmark frá Sviðningi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Björg, 7

HV-359 Krókur
10 hdr 1708. Í eyði frá 1957. 1477 Þingeyrarklaustur selur jörðina. DI VI, 116. 1477: Vottun um að Krókur sé í Hofskirkjusókn. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs, þá í eyði. DI IX, 314 Króksel hjáleiga enn í byggð. 1708: “Engjar eru litlar mjög heima, en við Fossá er engjatak en er mjög erfitt til að sækja, og er ábúandi sjaldan so efnaður að hann geti aðsókt þessar slægjur.” JÁM VIII, 468

HV-359:001 *Krókur* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-359:002 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-359:003 heimild um fjárhús

Heimildir: Túnakort 1920

HV-359:004 heimild um lendingu
1708: “Heimræði er hjer sem áður segir um Hróastaði, nema hvað lendíng er stórgrýttari, og gánga hjer skip heimabóndans, eitt eður fleiri, ef hann fær so við komið.”
Heimildir: JÁM VIII, 468

HV-359:005 *Krókssel* bæjarstæði býli
“Bærinn stendur við Heylæk, skammt fyrir sunnan Fossá, en drjúgan spöl frá sjó. Það er beitiland nærtækt og dágott.” segir í Húnaþingi “Krókssel er skammt innan við Fossá og stendur í neðri bæjaröð. Þar er nýlega byggt, snoturt býli. Lengra upp með Fossá voru fyrrum nokkur sel og kotbýli. Þar er vel byggilegt.”
Heimildir: Húnaþing II, 89; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 61

HV-359:006 *Stráknesvörðu* varða landamerki
“Landamerki að norðan milli Króks og Krókssels úr Stráksnesvörðu í vörðu við Flæðitjarnir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Krókur, 1

HV-359:007 varða landamerki
“Landamerki að norðan milli Króks og Krókssels úr Stráksnesvörðu í vörðu við Flæðitjarnir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Krókur, 1

HV-359:008 varða landamerki
“Þaðan [Hellissgili] liggja merkin suður og ofan milli krók og Hróarsstaða í vörðu á Töglum og þaðan sjónhending í Skollhamar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Krókur, 1

HV-359:009 garðlag landamerki
“Þaðan [Hellissgili] liggja merkin suður og ofan milli krók og Hróarsstaða í vörðu á Töglum og þaðan sjónhending í Skollhamar. Þaðan ræður Torfgarður til sjóar [svo].” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Krókur, 1

HV-359:010 *Torfnes* örnefni rista
“... og Bæjarvík þar fyrir utan og enn utar Stráksvík. Nesið á milli þessara víka heitir Torfanes, en nesið utan við Stráksvíkina Stráksnes ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Krókur, 1

HV-359:011 *Krókshús* heimild um beitarhús
“Suður og upp frá bænum er klettur í brekunni, kallaður Dagmálahamar. Skammt þar fyrir utan og ofan er stór steinn, nefndur Hæra, og dálitlin spöl þar fyrir utan eru gamlar beitarhúsarústir, sem kallaðar eru Krókshús, og nú nýlega var byggt þar hús fyrir útigangshross.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Krókur, 1

HV-359:012 *Króksstekkur* heimild um stekk
“Lengra út á bjarginu er gömul stekkjarrúst og kallast Króksstekkur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Krókur, 1

HV-359:013 *Gatnaholt* örnefni leið
“En fyrir utan flána og tjörnina tekur við holt, sem kallast Gatnaholt. Nær það alla leið frá bjargi og upp í Bruna.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Krókur, 2

HV-359:014 *Seldalur* örnefni sel
"Fyrir utan Gatnaholtið [013] er lítill dalur, sem gengur upp í ytri enda Brunans, kallaður Seldalur, og neðri partur hans í Krókslandi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Krókur, 2

HV-360 Hróastaðir

10 hdr 1708. Þingeyrarklausturseign. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Um tíma var búið í Hróarsstaðaseli og Hróarsstaðakoti. 1708: "Túninu grandar snjóvatn ut supra. Engjar eru valla teljandi, nema hvað hent er úr votsóktum mýrarblettum undan penínga fótum." JÁM VIII, 466. 1920: Tún 4 ha, garðar 150m2.

HV-360:001 *Hróastaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-360:002 heimild um skemmu
Heimildir: Túnakort 1920

HV-360:003 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-360:004 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-360:005 heimild um fjós
Heimildir: Túnakort 1920

HV-360:006 heimild um naust
1708: "Heimræði meina menn hjer hafi áður verið undir bænum og er hjer eitt naust fornt, en lendíng mjög lök, en annarstaðar fyrir landiu, sem heitir á Naustavöllum, er lendíng og heimræði, sem brúkast; varir þetta heimræði vor, sumar og haust, og hefur ei gengið manna minni fleiri en eitt skip heimabóndans."
Heimildir: JÁM VIII, 467

1708: "Heimræði er hjer í betra lagi og lendíng góð fyrir heimalandi, ganga ábúandans skip stundum fleiri eður færri eftir því sem hann fær við komið, og varir þetta heimræði á vor, sumur og haust og hefur oft að góðu gagni orðið."
Heimildir: JÁM VIII, 452

HV-379:013 heimild um lendingu

1708: “Við lendínguna niður við sjóinn í kríngum Spákonufellshöfðakaupstað byggir ábúandinn þrjú tómthús ...” “Skagstrendingavör. Lendingastaður í víkinni vestan Einbúans. Nú er búið að fylla upp í hana.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: JÁM VIII, 453; Ö-Höfðahreppur, 3

HV-379:014 heimild um bústað
1708: “Við lendínguna niður við sjóinn í kríngum Spákonufellshöfðakaupstað byggir ábúandinn þrjú tómthús ...”
Heimildir: JÁM VIII, 453

HV-379:015 *Spákonufellskot* bæjarstæði býli
1708 er hjáleigan sögð byggð fyrir manna minni í túninu. “Milli girðingar og traðar, sem var með garðhleðslu beggja vegna, var stórþýft túnstykki. Þar var stór hóll, líklega öskuhaugur, þar var fyrir eina tíð Spákonufellskot, sem þó eru lagt í eyði fyrir síðustu aldamót. Í búskapartíð B.Fr.M. var þar byggt stórt hesthús og hlaða.” segir í örnefnaskrá PJ “Áður fyrr stóðu tvær hjáleigur í Spákonufellstúni; hét önnur Spákonufellskot og stóð vestast í túnjaðrinum. Kothóll hét það, þar sem tóftanna sáust merki. Hin hjálegan stóð nyrzt og efst í túnjaðrinum og hét Spákonufellsgerði.” segir í örnefnaskrá Kolka: “Spákonufellskot var áður hjáleiga í heimatúni. Það er nú kallað Neðra-Fell.”
Heimildir: JÁM VIII, 452-453; Ö-Spákonufell PJ, 1; Ö-Spákonufell, 1; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 43

HV-379:016 *Spákonufellsgerði* bæjarstæði býli
1708 er hjáleigan sögð byggð fyrir manna minni í túninu. “Milli girðingar og traðar, sem var með garðhleðslu beggja vegna, var stórþýft túnstykki. Þar var stór hóll, líklega öskuhaugur, þar var fyrir eina tíð Spákonufellskot, sem þó eru lagt í eyði fyrir síðustu aldamót. Í búskapartíð B.Fr.M. var þar byggt stórt hesthús og hlaða.” segir í örnefnaskrá PJ “Áður fyrr stóðu tvær hjáleigur í Spákonufellstúni; hét önnur Spákonufellskot og stóð vestast í túnjaðrinum. Kothóll hét það, þar sem tóftanna sáust merki. Hin hjálegan stóð nyrzt og efst í túnjaðrinum og hét Spákonufellsgerði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: JÁM VIII, 452-453; Ö-Spákonufell PJ, 1; Ö-Spákonufell, 1

HV-379:017 *Réttarholt* bæjarstæði býli
“Réttarholt er með elstu grasbýlum í kaupstaðnum. Það stendur yzt undir Spákonufellshöfða. Þar var um áratug skilarétt Skagstrendinga sem nefndist Landsendarétt. Árið 1965 var Réttarholt gert að nýbýli. Áður var býlið við sjávarvíkina og var þar áður fyrr útræði.” segir í Húnaþingi “Þar norðan við Höfðann var Landendarétt og bærinn Réttarholt. Landsendarétt og bærinn Réttarholt. Landsendarétt mun hafa verið byggð um 1880-1890. Hún var hlaðin úr grjóti og notuð til ársins 1952-´53.” segir í örnefnaskrá PJ
1920: Tún 0,6 ha.
Heimildir: Húnaþing II, 108; Ö-Spákonufell PJ, 6; Túnakort 1920

HV-379:018 *Landendarétt* heimild um rétt
“Réttarholt er með elstu grasbýlum í kaupstaðnum. Það stendur yzt undir Spákonufellshöfða. Þar var um áratug skilarétt Skagstrendinga sem nefndist Landsendarétt. Árið 1965 var Réttarholt gert að nýbýli. Áður var býlið við sjávarvíkina og var þar áður fyrr útræði.” segir í Húnaþingi “Þar norðan við Höfðann var Landsendarétt og bærinn Réttarholt. Landsendarétt og bærinn Réttarholt. Landsendarétt mun hafa verið byggð um 1880-1890. Hún var hlaðin úr grjóti og notuð til ársins 1952-´53.” segir í örnefnaskrá PJ. Búið að rífa réttina.
Heimildir: Húnaþing II, 108; Ö-Spákonufell PJ, 6; Ö-Höfðahreppur, 4

HV-379:019 heimild um traðir
“Milli girðingar og traðar, sem var með garðhleðslu beggja vegna, var stórþýft túnstykki. Þar var stór hóll, líklega öskuhaugur, þar var fyrir eina tíð Spákonufellskot, sem þó eru lagt í eyði fyrir síðustu aldamót. ... Tröðin fyllt upp og það liggur nú upphleyptur malarvegur heim að kirkjugarði.” segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 1

HV-379:020 heimild um túngarð
“Á suðurtúni voru þessi örnefni, Vikuverk lá suður með túngarði að ofan og niður á bala, sem lá neðar í túninu, heldur stórþýft.” segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 1

HV-379:021 heimild um hesthús
“Á suðurtúni voru þessi örnefni, Vikuverk lá suður með túngarði að ofan og niður á bala, sem lá neðar í túninu, heldur stórþýft. Hesthús var neðan við balann, mjög gamalt. Þar var (oft) kallaður Hesthúsvöllur með smá sléttum klettum, en smáþýft á milli.” segir í örnefnaskrá PJ
Allt sléttað
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 1

HV-379:022 heimild um brunn
“Norðan við bæinn rann Bæjarlækurinn, lítill, úr gili í Brekkunni. Hann þornaði oft að mestu á sumrin, þegar miklir þurrkar voru. Upp í gilkjaftinum var síðan grafinn lítill brunnur og leitt þaðan vatn í íbúð og fjós. Reyndist það gott og nægilega tryggt vatn.” segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 1

HV-379:023 *Lækjarhús* heimild um fjárhús
“Norðan við lækinn stóð fjárhús, Lækjarhúsið. Utar á túninu stóðu Lambhúsið, síðast kallað Austurhús.” segir í örnefnaskrá PJ. Allt sléttað
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 1

HV-379:024 *Lambhús* heimild um lambhús
“Norðan við lækinn stóð fjárhús, Lækjarhúsið. Utar á túninu stóðu Lambhúsið, síðast kallað Austurhús.” segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 1

HV-379:025 *Grundarhús* heimild
“Næst [á eftir 024] tvö samstæð hús, með rétt á milli kallað Grundarhús.” segir í örnefnaskrá PJ. Allt sléttað
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 1

HV-379:026 heimild um fjárhús
“Enn utar á túninu [en 025] var enn fjárhús, sem ekki hafði sérstakt nafn.” segir í örnefnaskrá PJ. Allt sléttað
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 1

HV-379:027 heimild
“Ofar í túninu voru húsarústir upp undir túngarðinum, sem lá um túnið neðan við brekkuna.” segir í örnefnaskrá PJ. Allt sléttað
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 1

HV-379:028 heimild
“Ofan við bæinn voru tveir eða þrír öskuhaugar gamlir.” segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 1

HV-379:029 *Þverfellsvarða* varða landamerki
“Landamerki: Að sunnan ræður Hrafná merkjum frá Höfðahólalandi neðan Fellstúns til Kambadalsár. Austan við Kambadalsá á Spákonufell land allt austur fyrir Þórðarhlíðar, sem eru austan við Kambá. Þar beygir merkjalínan til austurs norðaustur allt til Þverfellsvörðu, eða Almenningssteina. Þar eiga að koma saman landamerki þriggja jarða, Spákonufells, Bergsstaða og Þverár í Hallárdal.” segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 1-2

HV-379:030 varða landamerki
"Þar [029] liggur landamerkjalínan til norðurs í stefnu á hólma í Hraunvatni. Þar beygir merkjalínan vestur um Arnarbæli, hár melhóll með klettaborg efst, norðan við Grasás í Norðara Botnalækjargili. Frá botninum liggur merkjalínan um Stallinn frá Brandsskarðsgili. Frá Brandsskarðsgili í vörðu á Selhrygg þaðan sjónhending í Norður spena á Spákonufelli ..." segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 2

HV-379:031 heimild
"Kotaflói nær frá Jöðrum að Háagerðislandi. Þar eru rústir." segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 2

HV-379:032 *Gildrumelur* örnefni refagildra
"Norður upp af Fellstúni liggja slægjuteigar upp fellið, kallaðir Teigar. Liggja þeir að háaum mel austur af Teigunum, sem heitir Gildrumelur." segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 3

HV-379:033 *Þúfnavellir* bæjarstæði býli/sel
"Austan við Ógöngugil, austara heitir fjallið Náttmálafjall, nær það austur að Brandsskarði og Brandsgili. Austan við Brandaskarðsgil og Brandaskarðslæk, sem rennur í Hrafná, taka við miklir móar. Þar heitir Þúfnavellir. Þar var býli til forna." segir í örnefnaskrá PJ "Frá Syðri-Botnalæk suður að Brandsskarði heitir Kofahlíð. Norðarlega í henni er Ölduhólar, en suður við Brandsskarðslæk eru Þúfnavellir , þar eru seltóftir." segir í örnefnaskrá HJ "Þúfnastykki við Brandaskarðslæk (utan við Brandaskarðsgil). Sagnir eru um tóftir þar og að þar hafi verið býli fyrir Svartadauða en vafasamt að svo hafi verið." segir í örnefnaskrá Höfðahrepps "Efst á Hrafnadal eru Þúfnavellir, ævafornt eyðibýli, en neðar Spákonufellssel og Árbakkasel, en ekki er kunnugt um, að þar hafi verið búið. Austast í Brandaskarði er og fornt eyðibýli, Ölduhólar, og örnefnið Önstaðir eða Önnustaðir er til að fjallabaki."
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 4; Ö-Spákonufell HJ, 1-2; Ö-Höfðahreppur, 10; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 43

HV-379:034 *Ölduhólar/Eldhólar* bæjarstæði býli
"Framan í Stallinum norðar en Þúfnavellir er enn gamalt eyðibýli; Ölduhólar. Þar var bænhús til forna." segir í örnefnaskrá PJ "Þúfnavellir [034] heita valllendismóar og breiður austan við lækinn, en austan þeirra taka við Eldhólar, rauðamelshólar margir. Á þessum slóðum mun hafa verið byggð til forna, og segja sögur, að þar hafi verið um heila sókn að ræða og hafi Kirkja verið í Eldhólum." segir í örnefnaskrá "a) Hólar nálægt Syðri-Botnalæk þar sem hann rennur í hrafná. Sagnir eru um að þar hafi verið býli fyrir Svartadauða. b) Hólarnir á milli lækjanna vestan við Syðri-Botnalæk." segir í örnefnaskrá Höfðahrepps.
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 4; Ö-Spákonufell, 10; Ö-Höfðahreppur, 10

HV-379:035 *Selhlíðar* örnefni sel
"Þröskuldur. Þar sem Brandaskarðið er hæst. Þar eru vatnaskil. Selhlíðar. Brekkur frá Þröskuldi, allt að Leynidölum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Höfðahreppur, 10

HV-379:036 heimild
"Norðan við Einbúann stóð gömlu verzlunarhúsin dönsku kaupmannanna. Spákonufellseigendur seldu á sínum tíma dönsku versluninni stóra landspildu undir verzlunarhúsin og upp undir Höfðanum. Svæði þetta er kallað Skagastrandartún." segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 5

HV-379:037 *Vör* heimild um uppsátur
"Fjaran frá Einbúa og vestur í Höfða kallast Vör. Þar var uppsátur." segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 5

HV-379:038 heimild
“En uppskipunarbryggja var austan við Einbúann.” segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 5

HV-379:039 heimild
“Síðar var byggt bryggja úr grjóti vestast í Vörinni til að taka á móti fiski.” segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 5

HV-379:040 *Tjaldklauf* heimild um tjaldstæði
“Norðast í Skagastrandar túni gengur dalur eða lág norðvestur í Höfðann. Tjaldklaufin. Í Tjaldklauf reistu ferðamann (sveitamenn) tjöld sín í sumar- og haust - kauptíð, er þeir komu í verzlunarerindum.” segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 6

HV-379:041 varða
“Á háhöfðanum eru legu-merki, vörður. Hlaðnar úr grjóti með steini. Önnur syðst, en hin á Háhöfða.” segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 6

HV-379:042 varða
“Á háhöfðanum eru legu-merki, vörður. Hlaðnar úr grjóti með steini. Önnur syðst, en hin á Háhöfða.” segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 6

HV-379:043 heimild
“Norðan við Vékelsvík eru klettasker, Sauðasker. Við stærra skerið er mjög djúpur áll eða gjá. Þangað voru skipin leidd og bundin. Verzlun fór fram í skipunum.” segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 6

HV-379:044 heimild
“Sunnan við Vékelsvík var gamall festarhringur sýnilegur til skamms tíma, festur í klöpp.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 6

HV-379:045 heimild
“Syðst á Höfðatá var (Kanona) tveir fallbyssuhólkar, sem var skotið af við skipkomur. Önnur var flutt suður á Þjóðminjasafn.” segir í örnefnaskrá PJ
Heimildir: Ö-Spákonufell PJ, 6

HV-379:046 *Selhæðir* örnefni sel
“Ofan við Miðmýri er Skriðuengi er teygir sig upp í rætur Spákonufellsborgar og norður í Selhæðir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Spákonufell, 1

HV-379:047 *Stekkjarbrekkur* örnefni stekkur
“Ofar Fellsmela utan Löngumýrar eru Stekkjarbrekkur og ofan þeirra Enni ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Spákonufell, 1

HV-379:048 *Fellsrétt* heimild um rétt
“Neðan við fyrrnefnda Ennagirðingu er fjárrétt, sem stendur á svonefndum Borgum og inn úr áðurnefndum Flóa ganga svokallaðir Jaðrar og liggja inn með Höfðahólagirðingunni og inn á Syðrimerkin.” segir í örnefnaskrá MJ “Fellsrétt. Gömul rétt sem var rétt fyrir neðan Ennagirðingu.” segir

í örnefnaskrá Höfðahrepps
Heimildir: Ö-Spákonufell MJ, 2; Ö-Höfðahreppur, 4

HV-379:049 heimild um fjós
"Túnstykkið hét austan til Fjósvöllur. Á honum voru gamlar rústir af fjósi, en vestan til hét að Kotsvöllur." segir í örnefnaskrá HJ
Heimildir: Ö-Spákonufell HJ, 1

HV-379:050 *Kofahlíð* örnefni
"Frá Syðri-Botnalæk suður að Brandsskarði heitir Kofahlíð. Norðarlega í henni er Ölduhólar, en suður við Brandsskarðslæk eru Þúfnavellir [032] , þar eru seltóftir." segir í örnefnaskrá HJ
Heimildir: Ö-Spákonufell HJ, 1-2

HV-379:051 heimild um huldufólksbústað
"Spákonufellseyja. Stuðlabergseyja suður af Höfðanum. Þar var áður æðavarp. Eyjan var brotin niður að mestu við hafnargerð 1935 og er nú hluti af núverandi hafnargarði. Þar var álfabyggð." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Höfðahreppur, 3

HV-379:052 *Einbúi* heimild um huldufólksbústað
"Einbúi. Stakur klettur, áður við sjó suðaustur af Höfðanum. Nú er búið að fylla upp fyrir framan hann og standa þar hús SR. Áður á landamerkjum Höfðahóla og Spákonufells. Þar var álfabyggð." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Höfðahreppur, 3

HV-379:053 *Réttarholtsvör* heimild um lendingu
"Réttarholtsvör. Lendingarstaður austan Landsenda [017-018]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Höfðahreppur, 4

HV-379:054 heimild um stekk
"Stekkjarhvammur. Í Hrafnsá við Árbakka. Þar var stekkur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Höfðahreppur, 4

HV-379:055 *Borgargötur* heimild um leið
"Borgargötur. Gatan Náttmálafjallsmegin að Brandaskarðsgili." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Höfðahreppur, 8

HV-379:056 *Greiði* varða
"Greiði. Steinn á Refshala við gamla leið upp Hrafndal yfir Refshala og austur að Fossi á Skaga. Menn átti að leggja stein þar í vörðu. Greiða er getið í Þjóðsögum J.Á." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Höfðahreppur, 10

HV-379:057 *Vækilvík* heimild
"Norðan við höfðann er vík, sem kölluð er Vækilvík. Við vík þessa eru fornar rústaleifar. Eru þær óljósar sést aðeins sumstaðar fyrir undirstöðum." segir í örnefnaskrá "Fornar sagnir herma, að einmitt þessar rústir séu leifar af fyrstu verzlunarhúsunum á Skagaströnd. Veggir hafa verið úr grjóti og torfi, en tjaldað yfir með vaðmáli." segir í örnefnaskrá "Getgátur hafa verið uppi um það, að Höfðaverzlun hafi upphaflega verið við s.n. Vækilvík, sem gengur inn í höfðann norðvestanverðan, en hefur virðist það ótrúlegt, þegar á allar aðstæður er litlið. Skipalæki er þar t.d. mjög þröngt og enn ótryggara en það hefir nokkru sinni verið á víkinni innan við höfðann ..." segir í Húnaþingi
Heimildir: Ö-Skagastrandarhöfði, 1; Sigfús Haukur Andrésson: "Þegar Höfðakaupstaður", 475

HV-379:058 heimild

“Gamla íbúðarhúsið var byggt 1778. Rifið 1908.” segir í örnefnaskrá “Í Höfðakaupstað var t.d. byggt bjálkahús árið 1778 til íbúðar fyrir kaupmanninn, en þá voru þar fyrir 4 timburhús. Var hið nýjasta þeirra sláturhús, sem Almenna verzlunarfélagið hafði byggt árið 1771, en hin voru gamalt sláturhús, sem tekið hafði verið til annarra þarfa, búða og s.n. kokkhús” segir í Húnaþingi
Heimildir: Ö-Skagastrandarhöfði, 2

HV-379:059 *Assistantstofa* heimild
“Það eina hús, sem stendur, er assistantastofa, 12x6 álnir.” segir í örnefnaskrá “Vegghæð 3 1/2 álnir. Er hún hrörleg mjög, neglt fyrir glugga, þakið gult af mosa.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skagastrandarhöfði, 2

HV-379:060 heimild
“Norður af assistantastofunni stóð stóra pakkhúsið, er rifið var fyrir fám árum. Var hús þetta mjög langt, sem miklu bröttu þaki; öll voru hús þessi tjörguð að utan.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skagastrandarhöfði, 2

HV-379:061 *Viðvík* bæjarstæði bústaður “Fyrir botni hafnarvogsins stóðu fyrrum grasbýli útvegsmanna og helstu sjósóknara, en eru nú senn horfin. Nyrst er Lækur, þá “Lækjarbakki, Karlsskáli og syðst er Viðvík. Í Viðvík var um skeið gististaður og veitingahús, og hélt það Ólafur “vert” Jónsson frá Helgavatni.”

Veitingahúsið reis 1867: “Húsið var u.þ.b. 15 álna langt og 10 álna breidd, gaflar og efri hlið úr torfi og grjóti að mestu og ris með torfþekju. Gengið var sjávarmegin inn í forstofu, þar var setustofa á hægri hönd og þar inn af hjónaherbergi. Uppi á lofti voru þrjú herbergi, m.a. fyrir vinnuhjú. Vinstra megin við innganginn var sjálf veitingastofan og eldhús og búr þar inn af. í eldhúsinu var stór og góð eldavél, með þremur potthólfum, vatnshólfi og bökunarofni.” 1920: Tún 1,3 ha, óræktað 0,3ha, þá þar bæjarstæði og hesthús.
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 58; Bjarni Guðmarsson: Byggðin undir borginni, 94

HV-379:062 *Lækjarbakki* bæjarstæði bústaður “Fyrir botni hafnarvogsins stóðu fyrrum grasbýli útvegsmanna og helstu sjósóknara, en eru nú senn horfin. Nyrst er Lækur, þá “Lækjarbakki, Karlsskáli og syðst er Viðvík. Í Viðvík var um skeið gististaður og veitingahús, og hélt það Ólafur “vert” Jónsson frá Helgavatni.”
1920: Tún 0,5 ha.
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 58

HV-379:063 *Karlsskáli* bæjarstæði bústaður “Fyrir botni hafnarvogsins stóðu fyrrum grasbýli útvegsmanna og helstu sjósóknara, en eru nú senn horfin. Nyrst er Lækur, þá “Lækjarbakki, Karlsskáli og syðst er Viðvík. Í Viðvík var um skeið gististaður og veitingahús, og hélt það Ólafur “vert” Jónsson frá Helgavatni.”
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 58

HV-379:064 *Lækur* bæjarstæði bústaður “Fyrir botni hafnarvogsins stóðu fyrrum grasbýli útvegsmanna og helstu sjósóknara, en eru nú senn horfin. Nyrst er Lækur, þá “Lækjarbakki, Karlsskáli og syðst er Viðvík. Í Viðvík var um skeið gististaður og veitingahús, og hélt það Ólafur “vert” Jónsson frá Helgavatni.” 1920: Tún 1,3 ha, garðar 135m2. Þá bær og fjós.
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 58; Túnakort 1920

HV-379:065 heimild
“Í Höfðakaupstað var t.d. byggt bjálkahús árið 1778 [058] til íbúðar fyrir kaupmanninn, en þá voru þar fyrir 4 timburhús. Var hið nýjasta þeirra sláturhús, sem Almenna verzlunarfélagið hafði byggt árið 1771, en hin voru gamalt sláturhús, sem tekið hafði verið til annarra þarfa, búða og s.n. kokkhús” segir í Húnaþingi
Heimildir: Sigfús Haukur Andrésson: “Þegar Höfðakaupstaður”, 475

HV-379:066 heimild
"Árið 1686 komu tvær hollenskar duggur á Skagaströnd. Fóru duggararnir í land 20 saman á tveimur stórum bátum, rufu þakið á svokallaðri "Kaupmannsbúð" og hlóðu báta sína með alls konar varningi ..."
Heimildir: Bjarni Guðmarsson: Byggðin undir borginni, 55

HV-379:067 heimild
Fyrir 1815 hafði bæst við annað íbúðarhús en 058
Heimildir: Bjarni Guðmarsson: Byggðin undir borginni, 55

HV-379:068 *Höpfnerstún* bæjarstæði býli
1920: Tún 1,9 ha, garðar 120m2. Bær, hesthús og fjós.
Heimildir: Túnakort 1920

HV-379:069 *Hnappstaðir* bæjarstæði býli
1920: Tún 0,4 ha, bær og fjárhús.
Heimildir: Túnakort 1920

HV-379:070 *Brúarland* bæjarstæði býli
1920: Tún 0,4 ha, garðar 02ha, þá bær, fjárhús og íshús.
Heimildir: Túnakort 1920

HV-379:071 *Berg* bæjarstæði býli
1920: Tún 0,3 ha, óræktað 0,2ha, þá tvíbýli.
Heimildir: Túnakort 1920

HV-379:072 *Karlsmynni* bæjarstæði býli
1920: Tún 2,2 ha, óræktað 0,4 ha, garðar 280m2. Þá bær og fjós.
Heimildir: Túnakort 1920

HV-379:073 *Melstaður* bæjarstæði býli
1920: Tún 0,4 ha.
Heimildir: Túnakort 1920

HV-379:074 *Mói* bæjarstæði býli
1920: Tún 0,5 ha.
Heimildir: Túnakort 1920

HV-379:075 *Óseyri* bæjarstæði býli
1920: Tún 0,3 ha.
Heimildir: Túnakort 1920

HV-379:076 *Stiensentún* bæjarstæði býli
1920: Tún 0,2ha.
Heimildir: Túnakort 1920

HV-379:077 *Sæborg* bæjarstæði býli
Tún 0,4 ha, óræktað 0,12 ha
Heimildir: Túnakort 1920

HV-379:078 *Sæból* bæjarstæði býli
1920: Tún 0,2ha

Heimildir: Túnakort 1920

HV-380 Árbakki

20 hdr 1708, Þingeyrarklausturseign. 1318: Jarðarinnar getið í máldaga Spákonufellskirkju. DI II, 469-470. 1474: Hluti jarðarinnar seldur með Spákonufelli fyrir Hof í Vatnsdal. DI V, 769. Árbakkabúð hjáleiga. 1708: "Túninu grandar lækur úr brattlendi, sem ber grjot, leir og sand á völlinn til stórskaða; item spillist túnið af möl og sandi, sem stórveður bera á völlinn og rennur á hann úr brattlendi í leysíngum á vor og vetur. Engjar öngvar, nema hvað hent er úr hagmýrum." JÁM VIII, 451 1840: "... sem á haglendi til Axlarinnar einnig flóaland til sjávar og víðs vegar reytingsheyskap norður undir Vindhælisland hið neðra." SSH, 166. 1920: Tún 5,2 ha, garðar 70m2. "Árbakkaland er víðlent og grösugt - ræktunarmöguleikar eru miklir, en þó er sums staðar þörf á framræslu." Húnaþing 119

HV-380:001 *Árbakki* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-380:002 heimild um skemmu
Heimildir: Túnakort 1920

HV-380:003 heimild um fjós
Heimildir: Túnakort 1920

HV-380:004 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-380:005 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-380:006 heimild um heygryfja
Heimildir: Túnakort 1920

HV-380:007 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-380:008 heimild um túngarð
Heimildir: Túnakort 1920

HV-380:009 *Gamlistekkur* heimild um stekk
"Syðsti hluti hans [Flóa] heitir græniflói. Þá er í Flóa þessum hæð ein, er liggur frá norðri til suðurs, heitir hún Leiti. Vestan við það nær sjó er hæð ein, er Stórholt heitir. Þaðan í vestur átt er nes eitt, er gengur í sjó fram, Skjalnes. Norður af Stórholti er Litlaholt. Litlu norðan nálægt ánni er Gamlistekkur."segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Árbakki, 1

HV-380:010 *Árbakkabúð* bæjarstæði býli
"Á syðri bakka árinnar, þar sem nú fellur til sjávar, var byggt býli, en er nú komið í eyði, heitir það Árbakkabúð." segir í örnefnaskrá. 1920 tún 1,1 ha, óræktað 0,2 ha, þá var þar bær og kálgarður. "Atvinnuhættir hafa frá fornu fari verið með nokkuð öðru móti á Skagaströnd en annars staðar í héraðinu, því að sjór var þar víða stundaður jafnhliða landbúnaðinum. Róið var frá ... Árbakka, Vindhæli, úr Hafstaðavör, Eyjarnesi og frá Laxárósi, a.m.k. með köflum. Sums staðar voru verbúðir við sjóinn og var oft búið í þeim, t.d. á ... Árbakkabúð, sem enn er byggð, Vindhælisbúð og Hafstaðabúð."
Heimildir: Ö-Árbakki, 1; Túnakort 1920; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 58

HV-380:011 *Móhvammur* örnefni mógrafir
"Austur með ánni skammt frá Gamlastekk [009] er Móhvammur. Takmarkast hann að austan af læk, er rennur úi ána, hefir hann upptök sín lengra suður í Flóanum og heitir Kelda. Austan við þennan læk er Torfhvammur og enn austar Skeiðmelshvammur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Árbakki, 1

HV-380:012 *Torfhvammur* örnefni rista
"Austur með ánni skammt frá Gamlastekk [009] er Móhvammur. Takmarkast hann að austan af læk, er rennur úi ána, hefir hann upptök sín lengra suður í Flóanum og heitir Kelda. Austan við þennan læk er Torfhvammur og enn austar Skeiðmelshvammur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Árbakki, 1

HV-380:013 *Árbakkasel* tóft sel
"Stutt frá ármótunum suðvestan við Kambadalsá er Árbakasel. Gengt því hinumegin árinnar er Spákonufellssel. Má enn sjá þess glögg merki, að þar hafi mannshöndin verið að verki." segir í örnefnaskrá Kolka segir ekki vitað til þess að búið hafi verið á Árbakkaseli.
Heimildir: Ö-Árbakki, 2; Páll V.G. Kolka: Föðurtún, 43

HV-380:014 *Smiðjugil* örnefni smiðja
"All langt fyrir austan Kamba er gil, er Smiðjugil heitir, fellur lækur eftir því í kambadalsá. Neðarlega í læknum er foss, og heitir hann Smiðjufoss." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Árbakki, 2

HV-380:015 *Presthóll* örnefni huldufólksbústað
"Skammt frá Stórholti eða aðeins austan við hann [svo] er hóll, sem er hálfur í Árbakkalandi. Hann heitir Presthóll. Kann nafnið að vera í einhverjum tenglum við álfatrú." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Árbakki ath og við, 1

HV-380:016 *Sleðabraut* heimild um leið
"Inn Flóann frá ánni og í gengum Árbakkaland lá vetrarvegur, nefndur Sleðabraut." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Árbakki ath og við, 1

HV-381 Vindhæli

40 hdr 1708. Útkirkja var á jörðinni. 1318: Jarðarinnar getið í máldaga Spákonufellskirkju. DI II, 469-470. 1486: jarðarinnar getið. DI V, 354 1603: Brandur Jónsson sleur Guðbrandi Þorlákssyni hálfa jörðina. Jarðabréf, 196. Vindhælisbúð þurrabúð. Þingstaður á jörðinni 1708: "Túninu spilla stórviðri, sem bera smámöl og leir á völlinn til skaða. Engjar öngvar í heimalandi, nema það lítið sem hent er úr hagmýrum." JÁM VIII, 450. 1920. Tún 7,4 ha.

HV-381:001 *Vindhæli* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-381:002 heimild um útkirkja
1708: "Hjer hefur áður bænhús verið, og stendur tóftin enn og er kölluð bænhústóft; ekki hafa hjer verið tíðir veittar í manna minni."
VINDHÆLI Á SKAGASTRÖND (SPÁKONUFELLSÞING) (AH) ? ÚTKIRKJA
1486: er uppi DI V 354
Heimildir: JÁM VIII, 449; DI V, 354

HV-381:003 heimild
Heimildir: Túnakort 1920

HV-381:004 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-381:005 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-381:006 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-381:007 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-381:008 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-381:009 heimild um túngarð
Heimildir: Túnakort 1920

HV-381:010 heimild um lendingu
1708: "Heimræði er hjer vor, sumar og haust, og er ein lendíng fyrir heimalandi sæmileg, gánga skip heimabóndans eftir sem hann fær við komið, sjaldan fleiri en eitt, oft ekkert." "Meðfram sjónum innan frá Hallá og út að Selatanga eru nöfn á víkum og vogum. Talið frá Hallá: Langafjara, Búðarvík (þar var útræði áður fyrr, og má sjá merki að bæjartóftum og bátanausti), Hvalfjara, Litlastapavík, upp af henni er grasi gróinn hóll, sem nefnist Litlistapi." segir í örnefnaskrá LGG
Heimildir: JÁM VIII, 450; Ö-Vindhæli LGG, 1

HV-381:011 *Vindhælisbúð* bæjarstæði bústaður
1708: "Heimræði er hjer vor, sumar og haust, og er ein lendíng fyrir heimalandi sæmileg, gánga skip heimabóndans eftir sem hann fær við komið, sjaldan fleiri en eitt, oft ekkert." "Meðfram sjónum innan frá Hallá og út að Selatanga eru nöfn á víkum og vogum. Talið frá Hallá: Langafjara, Búðarvík (þar var útræði áður fyrr, og má sjá merki að bæjartóftum og bátanausti), Hvalfjara, Litlastapavík, upp af henni er grasi gróinn hóll, sem nefnist Litlistapi." segir í örnefnaskrá LGG "Vindhælisbúð; þar var búið fram undir síðustu aldamót. Síðastur ábúenda hét Jón. Hann drukknaði á heimleið úr kaupstað á sumardaginn fyrsta; árið óvíst." segir í örnefnaskrá GJ

"Atvinnuhættir hafa frá fornu fari verið með nokkuð öðru móti á Skagaströnd en annars staðar í héraðinu, því að sjór var þar víða stundaður jafnhliða landbúnaðinum. Róið var frá Naustavöllum og Markvík undir Brekku, úr Finnstaðarnesi, Frá Höfðakaupstað, Árbakka, Vindhæli, úr Hafstaðavör, Eyjarnesi og frá Laxárósi, a.m.k. með köflum. Sums staðar voru verbúðir við sjóinn og var oft búið í þeim, t.d. á Skeggjastaðabakka, í Finnstaðanesi, Árbakkabúð, sem enn er byggð, Vindhælisbúð og Hafstaðabúð."
Heimildir: JÁM VIII, 450; Ö-Vindhæli LGG, 1; Ö-Vindhæli GJ, 1; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 58

HV-381:012 heimild
"Þar nokkru utar [en 010] Stórastapavík, upp af henni er Vindhælisstapinn; Bátsvík, þar var venjulega hafður bátur til hrognkelsaveiða o. fl." segir í örnefnaskrá LGG
Heimildir: Ö-Vindhæli LGG, 1

HV-381:013 *Álfagröf* örnefni huldufólksbústaðu
"Austur við landamerkin millum Vakursstaða og Vindhælis er grasi gróinn hóll, er nefnist Álfagröf r (Álfagróf)." segir í örnefnaskrá LGG
Heimildir: Ö-Vindhæli LGG, 1

HV-381:014 *Skógarhús* heimild
“Í austur frá bænum, upp undir fjallsrótum, er lítill hóll eða hæð, sem má sjá merki fyrir tóftum, sem nefnast Skógarhús.” segir í örnefnaskrá LGG
Heimildir: Ö-Vindhæli LGG, 1

HV-381:015 *Kolalág* örnefni kolagröf
“Norðaustur frá bænum, uppi í fjallshlíðinni norðanverðri, er lægð, sem nefnist Kolalág.” segir í örnefnaskrá LGG
Heimildir: Ö-Vindhæli LGG, 2

HV-381:016 *Stórastapabrekkur* álagablettur
“Gamlar sagnir greindu frá, að eigi mætti slá Stórastapabrekkurnar, þá yrði Vindhælisbóndinn fyrir skaða eða óhappi. Mér er kunnugt, að bóndi á Vindhæli, sem eigi hafði heyrt þessa getið, sló eitt sinn eina brekkuna í grassprettuleysissumri, því hann hafði ekkert til að slá. Sá bóndi missti snemma næsta vetrar 3 hesta, rauða að lit, bræður, er allir fenntu mjög nálægt þeim stað, er hann hafði slegið.” segir í örnefnaskrá LGG
Heimildir: Ö-Vindhæli LGG, 2

HV-381:017 heimild um þingstað
“Þingstaður hins forna Vindhælishrepps var á Vindhæli.” segir í Húnaþingi “Vindhæli er hinn forni þingstaður hreppsins og stóð þá miðsvæðis, en í hinum nýja Vindhælishreppi er það næstnyrsti bær.”
Heimildir: Húnaþing II, 120; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 52

HV-381:018 heimild um fjós
“Fjósið er norðaustan bæjarins.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vindhæli GJ, 1

HV-381:019 heimild
“Hof er landnámsjörð. Þar byggði Þjóðólfur goði Eilífsson arnar og bróðir Koráns á Giljá í Þingi. Þar hefur verið hof í heiðni, og segir Kaalund, að þar móti fyrir Goðatóft í brekkunni við Hofsá. Er það tóftarbrot 4 x 3 faðmar að innanmáli og umhverfis það hringmyndað garðlag 24 faðma (um 45 m) að utanmáli. Sams konar garðlag kvað vera í Vindhælistúni.”
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 60

HV-382 Vakurstaðir

16. hdr 1708, Þingeyrarklausturseign. Bænhús var á jörðinni 1318: Jarðarinnar getið í máldaga Spákonufellskirkju. DI II, 469-470 1479 Vakursstaða getið. DI IV, 181. 1479 Skúli Loftsson selur Tómasi Þorsteinssyni Vakurstaði fyrir hlut af Hóli í Svartárdal og lausagóss. DI VI, 180. 1486: jarðarinnar getið. DI V, 354 . 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Í eyði frá 1942. 1708: “Túninu grandar lækur, sem ber grjót og sand á völlinn til stórskaða. Engjar litlar og valla teljandi.” JÁM VIII, 449 1920: Tún 2,6 ha.

HV-382:001 *Vakurstaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-382:002 heimild um bænhús
VAKURSSTAÐIR Á SKAGASTRÖND (SPÁKONUFELLSÞING) (AH) ? BÆNHÚS
1486: er niðri DI V 354

HV-382:003 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-382:004 heimild um fjárhús

Heimildir: Túnakort 1920

HV-382:005 *Álagabrekka* álagablettur
"Álagabrekka; hana mátti ekki slá [aðeins nýta til beitar]. Þorsteinn Guðlaugsson missti góðhest, Stefán Jónsson snemmbæra kú. Báðum varð tjónið tilfinnanlegt. Hvort tveggja slys."
Heimildir: Ö-Vakursstaðir GJ, 1

HV-382:006 heimild um sel
"Austur af Hrútafjalli er Seljadalur. Eftir honum liggja merkin milli Vakursstaða og Sæunnarstaða, allgróinn. Seljasetur. ... Seljadalur. Þar voru sel." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vakursstaðir GJ, 1

HV-383 Sæunnarstaðir

20 hdr 1708, Hólastólseign. Í eyði. 1318: Jarðarinnar getið í máldaga Spákonufellskirkju. DI II, 469-470. 1553: Dæmt löglegt tilkall Einars Úlfssonar og systkina hans til jarðarinnar. DI XII, 537. Skriða húsmennskubýli í landi Sæunnarstaða um 1840.

1708: "Túninu spilla lækir tveir, sem renna úr brattlendi og bera grjót og sand á völlinn til stórskaða, sem áeykst árlega." JÁM VIII, 448 1840: "Er þar reisulegur bær á, meðaltún, en afar mikið engjatak, slétt, votlent með kílum og stargresi." SSH, 165-166. 1920: Tún 6,6 ha, garðar 120m2.

HV-383:001 *Sæunnarstaðir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-383:002 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-383:003 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-383:004 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-383:005 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-383:006 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-383:007 *Seljadalur* örnefni sel
"Nóngil, merki milli Blálands og Sæunnarstaða. Nóngilslækur er hin raunverulega merkjalína. Seljadalslækur er merki milli Vakursstaða og Sæunnarstaða. Náttmálafjall er austan Seljadals, eyktamark." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sæunnarstaðir, 1

HV-383:008 *Tóftarskriða* heimild um fjárhús
"Nóngil, merki milli Blálands og Sæunnarstaða. Nóngilslækur er hin raunverulega merkjalína. Seljadalslækur er merki milli Vakursstaða og Sæunnarstaða. Náttmálafjall er austan Seljadals, eyktamark. Náttmálaflói, eyktamark. Tóftarskriða var skriðugrund með fjárhústóftum." segir í örnefnaskrá "Beint á móti Nóngilsskriðu, hinum megin Hallár, eru Tóttarskriður. Í þeim eru miklar tóttir á einum stað, ef til vill hefur þar einhvern tíma verið býli." segir í örnefnaskrá SS
Heimildir: Ö-Sæunnarstaðir, 1; Ö-Sæunnarstaðir SS, 2

HV-383:009 heimild um stekk
"Tóftarskriða [008] var skriðugrund með fjárhústóftum. Starengi er allvíðáttumikið stararstykki austan hennar, engi. Stekkjarskriða er allvíður skriðufótur, stekkjarrúst." segir í örnefnaskrá "Stekkur var í lág neðst í [Stekkjar]skriðunni. Stekkjartungur heitir beitiland milli skriðanna." segir í örnefnaskrá SS
Heimildir: Ö-Sæunnarstaðir, 1;Ö-Sæunnarstaðir SS, 3

HV-383:010 *Smiðjugil* örnefni smiðja
"Tjarnarholt er holtaklasi lítill nokkru ofar [en 009]. Smiðjugil gengur niður fjallið ofan Tjarnarholts." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sæunnarstaðir, 1

HV-383:011 heimild um stekk
"Stekkjarskál er austan þess [010], alldjúp skál. Neðan hennar er Stekkjarlaut með stekkjarrúst." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sæunnarstaðir, 1

HV-383:012 *Kollugerði* örnefni
"Stekkjarskál er austan þess [010], alldjúp skál. Neðan hennar er Stekkjarlaut með stekkjarrúst. Austan hennar er Kollugerði." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sæunnarstaðir, 1

HV-383:013 *Kvíagil* örnefni kvíar
"Stallur heitir ofan þess [012]. Ofan hans er Bæjarskál. Bæjarhnjúkur er allmiklu ofar. Austan hans er Kvíagil. Kvíagilsbotn heitir efsti hluti þess." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sæunnarstaðir, 1

HV-383:014 *Goðatóftir* örnefni
"Sæunnarstaðaskriða er austan túnsins. Goðatóftir eru austan hennar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sæunnarstaðir, 1

HV-383:015 *Skriða* bæjarstæði bústaður
"Eru rústirnar á Skriðu suður og yfir frá Sæunnarstöðum og í Sæunnarstaðalandi sunnan árinnar. Rústirnar eru furðu óljósar. Átti þar að hafa verið bygg húsmennskubýli frá Sæunnarstöðum 1840. Hefur byggðin sú varað stutt. Af peningshúsum eða rústum er aðeins nú yfir hér um bil 15-16 kindur." segir í örnefnaskrá "Um miðja síðustu öld var og í byggð hjáleiga frá Sæunnarstöðum, er hét Skriða eða Haukaskriða sunnan árinnar. Þessar jarðir hafa lagzt í eyði á síðustu árum, svo að í dalnum er nú aleydd byggð ..."
Heimildir: Ö-Skriða, 1; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 45-46

HV-383:016 heimild um draug
"Á Sæunnarstöðum bjó á 18. öld bóndi er Jón hét Sigurðsson. Hafði hann á snærum sínum 7 drauga og hýsti þá í sérstökum kofa, en þeir þóttu aðsúgsmiklir." segir í Húnaþingi
Heimildir: Húnaþing II, 117

HV-384 Bergstaðir
10 hdr 1708, þá í eyði. Hólastólseign. [1300] Bergstaðir nefndir í bréfi um kristfé gefið Hvammskirkju, gæti verið sama jörð. DI II, 330. 1318: Jarðarinnar getið í máldaga Spákonufellskirkju. DI II, 469-470 Jörðin í eyði frá 1934. Túnið nytjað frá Sæunnarstöðum. 1920: Tún 2,7 ha.

HV-384:001 *Bergstaðir* bæjarhóll bústaður
"Túnið mynda 9 hólar: Vestari-Bæjarhóll, Austari-Bæjarhóll, Hesthúshóll, Langihóll, Fjárhúshóll, Guðríðarhóll, Stekkjarhóll ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Bergsstaðir, 1

HV-384:002 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-384:003 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-384:004 heimild um huldufólksbústað
“Út og upp í túnjaðrinum er stór steinn, er átti að hafa verið bústaður álfa. Drag er á milli túnsins og melsins; er steinn í því, má ekki slá það, atti af því að hljótast illt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bergsstaðir ÞK, 1

HV-384:005 *Kvíagilsbotn* örnefni kvíar
“Goðatóftir, sjá Sæunnarstaði. Bein lína úr þeim í Kvíagilsbotn og þaðan í Kambá á Kambárdal.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bergsstaðir, 1

HV-384:006 varða
“Upp af Goðatóftum víðáttumiklar, grónar Breiðar, gott engi. Upp af þeim er stallur, heitir Brúnir. Austast á þeim er Vörðumelur, allhár.” segir í örnefnaskrá “Norður af þeim [Breiðum] liggur brekknabelti, sem nefnist Brúnir. Á þeim er hár melhóll með vörðu á, sem Vörðumelur heitir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bergsstaðir, 1; Ö-Bergsstaðir JÓL, 2

HV-384:007 heimild um hesthús
“Túnið mynda 9 hólar: Vestari-Bæjarhóll, Austari-Bæjarhóll, Hesthúshóll, Langihóll, Fjárhúshóll, Guðríðarhóll, Stekkjarhóll ...” segir í örnefnaskrá “Suðaustur af Bæjarhól er stór hóll, sem Guðríðarhóll heitir, á honum er tóftarbrot, sem Guðríðartóft heitir [012]. Norðan við hann er stór slakki, sem heitir Leynir. Norðan við Leynir er hóll, Hesthúshóll.” segir í örnefnaskrá JÓL “Hesthúsrúst suður á túninu yfir 6 hross.” segir í örnefnaskrá ÞK
Heimildir: Ö-Bergsstaðir, 1; Ö-Bergsstaðir JÓL, 1; Ö-Bergsstaðir ÞK, 1

HV-384:008 *Fjárhúshóll* örnefni fjárhús
“Túnið mynda 9 hólar: Vestari-Bæjarhóll, Austari-Bæjarhóll, Hesthúshóll, Langihóll, Fjárhúshóll, Guðríðarhóll, Stekkjarhóll ...” segir í örnefnaskrá “Sunnan og austan við Leynir [sjá 007] er Fjárhúshóll.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bergsstaðir, 1; Ö-Bergsstaðir JÓL, 1

HV-384:009 *Stekkjarhóll* örnefni stekkur
“Túnið mynda 9 hólar: Vestari-Bæjarhóll, Austari-Bæjarhóll, Hesthúshóll, Langihóll, Fjárhúshóll, Guðríðarhóll, Stekkjarhóll ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bergsstaðir, 1

HV-384:010 *Stekkjargil* örnefni stekkur
“Ofan túns er djúpt gil, Bæjargil. Langimelur liggur austan Bæjargils. Austan hans er Stekkjargil, eftir því fellur Stekkjarlækur. Austur af Stekkjargili eru víðáttumiklar melbreiður, Stekkjartungur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bergsstaðir, 1

HV-384:011 varða landamerki
“Austan Stóralækjar er Mógrund, víðáttumikil, greiðfær. Mólækjargil er austan hennar. Eftir því fellur Mólækur. Austan hans eru allvíðar grasbreiðar, sem heita Enni. Um þau liggja merkin milli Bergsstaða og Þverár. Eru þau merkt vörðu á brúninni og Klofasteini við Hallána um jarðfall, sem liggur þar nær

miðja vega milli Klofasteina og vörðunnar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bergsstaðir, 1

HV-384:012 heimild
“Suðaustur af Bæjarhól er stór hóll, sem Guðríðarhóll heitir, á honum er tóftarbrot, sem Guðríðartóft heitir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bergsstaðir JÓB, 1

HV-384:013 heimild um rétt
“Suður af honum [008] er stór grund, sem heitir Réttargrund. Á henni eru gamlar réttartóftir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bergsstaðir JÓB, 1

HV-385 Þverá

10 hdr 1708. 1318 er getið Efstabæjar í Hallárdal, sennilega sama jörðin.. DI II, 469-470. 1603 jörðin í eyði. Jarðabréf, 196. Jörðin Vaglir skráð með Þverá. Í eyði frá 1938

1708: “Túninu grandar Þverá með landbroti og grjótsáburði, so og grefur bæjarlækurinn sundur völlinn, so þar verða eftir dý og flagleysur. Engjunum grandar leikskriður, sem hlaupa úr brattlendi, og snjór, sem liggur oftlega á enginu framyfir mitt sumar, skemmir rótina og hindrar grasvöxtinn.” JÁM VIII, 447. 1920: Tún 5ha.

HV-385:001 *Þverá* bæjarhóll bústaður
“Bæjarlýsing: Vestast stóð mjólkurskemma, rétt fyrir austan hana Baldvinsskemma. Í austari húsaröðinni var vestast Stóraskemma, þá hrossarétt og þá íbúðarhús. Í næstu húsalengju var vestast búr, þá eldhús, þá fjós, þá Vatnsranghali, þá hlaða, þá hesthús.” segir í örnefnaskrá “Stór og mikill bær, heyhlöður og stórt timburhús, byggt 1847.” segir í örnefnaskrá ÞK

“Á Þverá mun hafa verið reist fyrsta timburhús í húnvetnskum sveitum árið 1847, í tíð Björns Þorlákssonar hreppstjóra (d. 1858) .. Þar uppi á lofti skar sig á háls Baldvin Hinriksson á jólum 1853, sá er samdægurs mætti Bólu-Hjálmari hauslaus í Æsustaðaskriðum. Varð kerlingu móður Baldvins að orði, er hún frétti lát sonar síns: “Oft hefur Baldi reiðzt, en aldrei hefur hann tekið upp á þessu.”“
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þverá, 3; Ö-Þverá ÞK, 1; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 46

HV-385:002 heimild um skemmu
Heimildir: Túnakort 1920

HV-385:003 heimild um smiðju
Heimildir: Túnakort 1920

HV-385:004 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-385:005 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-385:006 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-385:007 *Smalakofamelur* örnefni smalakofi
“Vestan við Pokalæk eru Öldur. Austan við Öldur er vesturhluti kvíslanna, vestan við kvíslar Smalakofamelur, suður af honum Bungur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 1

HV-385:008 *Vaglir* bæjarstæði býli
1708 eru Vaglir taldir forn eyðijörð. Reynistaðaklausturseign. "Engin von er til að hjer kunni aftur að byggjast, því hús eru niðri öll og tóftir niður fallnar til grunna, tún ekkert eður túnstæði, slægjur öngvar, sumarhagi nægur en vetrarhart úr máta." "Vestan undir Smalakofamel l[007] er eyðibýlið Vaglir. Frá Smalakofamel að Ákagili heitir Vaglaland." segir í örnefnaskrá

"Fornbýli þetta liggur upp af Hallrádalnum inn á milli fjallanna, er þar nú ekkert nema örnefnið. Skal því að nokkru lýst. Það liggur hátt, og því ekki ofsagt, að vetrarríki muni mikið. Sunnan árinnar. Rústarleifar allar mjög fornar, og mjög illt að átta sig á þeim. Virðist jafnvel hafa verið byggt ofan í eldri rústir. Túnmál óglöggt, allt fyrir löngu komið í hrjóstur, en víst er, að mjög hefir það verið lítið. Húsakynni hafa einnig verið mjög lítil. Alls virðist votta fyrir 6 húsum, og standa þau öll saman, nema eitt, er virðist hafa verið fjárhús, tóftin 3 x 3 m, en húsið 12 x 3 m. Í sambandi við Vagla er þjóðsögn um, að þar hafi verið kirkja og grafreitur, en ekkert skal um það sagt, og verður ekki úr skorið nema með uppgreftri. Engin byggð er þar inn af, fyrr en komið er yfir í Engidal, sem liggur lengra austur í fjöllunum, en þar aðeins um eitt fornbýli að ræða, Skínanda ... Rita hér þjóðsöguna um Vagla. Á Vöglum er sagt, að hafi verið prestsetur fyrrum, og legið til kirkjusókn þar í fjöllunum. Sú saga er sögð þaðan, að prestur einn frá Vöglum hafi einhverju sinni verið á heimleið að vetrarlagi neðan úr Höfðakaupstað seina á degi. Reið hann upp Sæunnarstaðaengi, en þar eru víða afætur, fen og kílar, keldur og síki. Lenti prestur með hest sinn í einu feninu og sökk þar. Hefir prestur ekki fundizt síða, en hestinn rak af sjó á Ásbúðum á Skaga, en sumir segja norður í Fljótum. Heitir fen þetta síðan Prestsíki, og var því lengi trúað, að hann væri botnlaus." segir í örnefnaskrá
Heimildir: JÁM VIII, 446; Ö-Þverá, 1-2; Ö-Vaglir, 1-2

HV-385:009 heimild um fjárhús
"Frá Smalakofamel [007] að Ákagili heitir Vaglaland. þar vestur af heitir Sauðdalur, Að austan við hann er Sauðadalsbrún. Þar austur af eru fjárhús (notuð, meðan jörðin var í byggð.)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 2

HV-385:010 heimild um rétt
"Vestan við Þverá við túnið er grjótrétt." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 2

HV-385:011 *Kvíasléttur* örnefni kvíar
"Í tungunni milli Þverá og Hallár heitir Dagslátta. Austur af henni meðfram hallá heita Kvíasléttur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 2

HV-385:012 *Húsahvammur* örnefni
"Milli Þverár og bæjarins heitir Húsahvammur, norður af honum Kerlingabrekka ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 2

HV-385:013 *Hesthússléttur* örnefni hesthús
"Milli Þverár og bæjarins heitir Húsahvammur, norður af honum Kerlingabrekka ... Austur af Húsahvammi Hesthússléttur ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 2

HV-385:014 *Brunnhússléttur* örnefni
"Milli Þverár og bæjarins heitir Húsahvammur, norður af honum Kerlingabrekka ... Austur af Húsahvammi Hesthússléttur, fyrir austan þær rennur Bæjarlækur, þar fyrir austan eru Brunnhússléttur ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 2

HV-385:015 *Sortuhóll* örnefni
Merki milli Þ og Vagla að norðan í Vaglalandi: "Stórlækur, Mánalækur, Skúti, Almannaborg, Sortuhóll ..." segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Þverá ÞK, 1

HV-386 Bláland

10 hdr 1708, þá í eyði. Hólastólseign. Jörðin fór í eyði árið 1935. 1708: "Engjunum grandar Hallardalsá með grjóts og sand áburð að neðan, en skriður úr fjalli að ofan, hvortveggja til stórskaða." JÁM VIII, 446 1920: Tún 2,2ha.

HV-386:001 *Bláland* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-386:002 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-386:003 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-386:004 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-386:005 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-386:006 *Vesturhúsbali* örnefni
"Fyrir vestan bæinn hét Vesturhúsbali, gegnum túnið rennur Bæjarlækur, skammt austur af bænum var Felixarslétta, á henni var kofarúst, sem hét Felixarkofi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bláland, 1

HV-386:007 *Felixarkofi* heimild
"Fyrir vestan bæinn hét Vesturhúsbali, gegnum túnið rennur Bæjarlækur, skammt austur af bænum var Felixarslétta, á henni var kofarúst, sem hét Felixarkofi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bláland, 1

HV-386:008 *Stekkjarlaut* örnefni stekkur
"Vestan við túnið eru Blálandsmelar, vestan við þá er Stekkjarlaut, austan og sunnan við túnið heitir Háimelur, en austur af túninu heitir Blálandsflói." segir í örnefnaskrá "Kofatóft er austur á túninu, sem Felixartóft heitir. Munnmæli segja, að Felix hafi hengt sig þar. Þar þótti reimt" segir í örnefnaskrá GJ
Heimildir: Ö-Bláland, 1; Ö-Bláland GJ, 1

HV-386:009 *Álfasteinar* heimild um huldufólksbústað
"Austan túns eru tveir steinar allstórir, sem heita Álfasteinar. Heitið sýnir eðli þeirra." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bláland GJ, 1

HV-387 Kjalarland

16 hdr 1708, þá í eyði. Jörðin fór í eyði á 20. öld. 1708: "Túninu grandar sandfok úr melholti, sem nálægt er túninu. Engjar öngvar." JÁM VIII, 445 1920: Tún 4 ha, garðar 48m2.

HV-387:001 *Kjalarland* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-387:002 heimild um skemmu
Heimildir: Túnakort 1920

HV-387:003 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-387:004 heimild
Heimildir: Túnakort 1920

HV-387:005 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-387:006 heimild um brunn
Heimildir: Túnakort 1920

HV-387:007 heimild um sel
SSH: "Selstöður, er menn þekkja, hafa áður verið nefndar, en skulu ítrekaðar hér ... Kjalarlandssel í Selhvammi, skammt fyrir norðan Brunná." "Í norður frá Kambakotsbæ liggur hvammur í Brunnárgili, sem heitir Selhvammur. Seltóftir eru hinum megin ár, í Kjalarlandslandi, sem hvammurinn dregur nafn af." segir í örnefnaskrá Kambkots. "Selhvammur er ofarlega við Hafursstaðaána." segir í örnefnaskrá Kjalarlands. "Suður af Syðrahorni, vestan við Kjöl, hét Kjalarflói, suður af Kjöl hét Kjalarbreið. Skammt suður og austur af henni hér Selshvammsholt, austur af því Selhvammur, þar austur af Brunnárdalur." segir í örnefnaskrá Kjalarlands JÓB
Heimildir: Ö-Kambakot, 1; Ö-Kjalarland, 1; Ö-Kjalarland JÓB, 1; SSH, 156-57

HV-387:008 *Frímannshús* heimild um fjárhús
"Frímannshús var lítill kindakofi suður á túni, sem kenndur var við Frímann Guðmundsson bónda [í Kjalarlandi]."
Heimildir: Ö-Kjalarland, 1

HV-387:009 *Kvíaból* örnefni kvíar
"Kvíaból var sunnan túns, nú orðið töðuvöllur [komið í tún]."
Heimildir: Ö-Kjalarland, 1

HV-387:010 *Veita* örnefni
"Veita er ofan Kjalar, [allstórt] flóastykki allt norður að Hallá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kjalarland, 1

HV-387:011 *Fjósabali* örnefni fjós
"Fyrir norðan bæinn hét Fjósabali, norðvestur af honum hét Leynir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kjalarland JÓB, 1

HV-387:012 *Kálgarðsmóar* örnefni kálgarður
"Suður af túninu voru Kálgarðsmóar ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kjalarland JÓB, 1

HV-387:013 heimild um stekk
"Suður af túninu voru Kálgarðsmóar, þar skammt suður hétu Ytra- og Syðrahorn; austan við þau var Kjölur, vestur í honum Kjalbrekka, syðst í henni Stekkur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kjalarland JÓB, 1

HV-387:014 *Hafursstaðasel* heimild um sel
"Nokkuð fram á dalnum [lengra en 007] var Hafursstaðasel, norðaustur af því Hrísholt, þar austur af Hrísholtsbreið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kjalarland JÓB, 1

HV-387:015 *Hesthúsgrund* örnefni hesthús
"Þar vestur af Kattarhóll, og er það norðurendi á Kjöl, sem er rétt fyrir austan túnið. Vestur af Katthóll er Hesthúsgrund." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kjalarland JÓB, 2

HV-388 Hafstaðir

50 hdr. 1708 með hjáleigunum Hafstaðakoti og Kambakoti sem hvor um sig töldust 10 hdr. Útkirkja var á jörðinni. Jörðin heitir nú Hafursstaðir sem HÞ telur réttnefni. HÞ: "Rannsókn og leiðrjettingar" Árbók 1923, 66. 1318: "[frá Höskuldsstöðum skal] syngia ... v. messur oc. xx. a backa oc mork kaups slijkt [hid] sama ä hafurstodum ..." DI II 470-471. [1360-89]: "[af Höskuldsstöðum skal] sungid ... .v. messur oc .xx. til Backa og mork kaupz. slykt hid sama a hafstodum ..."DI III 170-172. 1395: "[af Höskuldsstöðum skal] syngia ... vij. messor oc. xx. til backa. oc mork kaups slikt it sama a hafrs stodum ..."DI III 599. 1399: [af Höskuldsstöðum skal] syngia ... fiorar messur og xx. til Backa. og mork kaups. slijkt hid sama a hafurstodum ..."DI III 532-533. 1486: öll niðri DI V, 354 1520: Landamerki jarðarinnar. DI VIII, 751. Hafstaðakot og Kambakot hjáleigur, einnig var Hafursstaðabúð hjáleiga eða þurrabúð. Síðan var búið um tíma í Hafursstaðaseli/Brunnárdalsseli.
1708: "Túninu spillir til stórskaða á heimajörðunni og kotinu, sem í túninu stendur, óbærilegur átroðningur af ferðafólki því, sem sækir Spákonufellshöfðakaupstað, sem reka sínar lestir oftlega um túnið og spilla gasi og gjöra nýjar götur ... Engjar eru bæði litlar og snöggvar og valla tlejandi til stórra gagnsmuna." JÁM VIII, 444. 1920: Tún 5,6 ha, garðar 60m2.

HV-388:001 *Hafstaðir* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stendur nú á norðurbakka Hafursstaðaár neðan vegar. Áður var bærinn sunnan ár og ofan þjóðvegar undir skýlli brekku." segir í Húnaþingi
Heimildir: Túnakort 1920; Húnaþing II, 121

HV-388:002 heimild um útkirkja
1708: "Bænhús segja menn að hjer muni áður verið hafa, og er þar tótt ein við bæinn, sem kölluð er bænhústótt; ekki vita nálgir hjer um framar að undirrjetta.
HAF(UR)SSTAÐIR Á SKAGASTRÖND (HÖSKULDSSTAÐAÞING) (AH) - FJÓRÐUNGSKIRKJA
1318: [frá Höskuldsstöðum skal] syngia ... v. messur oc. xx. a backa oc mork kaups slijkt [hid] sama ä hafurstodum; Máld DI II 470-471 [Höskuldsstaða]
[1360-89]: [af Höskuldsstöðum skal] sungid ... .v. messur oc .xx. til Backa og mork kaupz. slykt hid sama a hafstodum; Máld DI III 170-172 [Höskuldsstaða]
2.7.1395: [af Höskuldsstöðum skal] syngia ... vij. messor oc. xx. til backa. oc mork kaups slikt it sama a hafrs stodum; Máld DI III 599 [Höskuldstaða]
1399: [af Höskuldsstöðum skal] syngia ... fiorar messur og xx. til Backa. og mork kaups. slijkt hid sama a hafurstodum; Máld DI III 532-533 [Höskuldsstaða]
1486: öll niðri DI V 354
Heimildir: DI; JÁM VIII, 442

HV-388:003 heimild um skemmu
"Skemmuhóll, fram undan gamla bænum [ofan Kotstúns]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Hafursstaðir, 1

HV-388:004 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-388:005 gripir
1865: "Tvær hliðar af BRONZKÍNGU. Hún hefir verið hol að innan og gjör til að geyma í helga dóma (?), og hefir verið borin um hálsinn. Hliða-umgjörðin er úng, og gjör í líkingu við þá, er var á kíngunni, er hún fannst, en datt í sundur er við var hrært. Annars vegar á kíngu þessa (á aðra hliðina) er markað "I H

S” (mark trúarinnar), en hins vegar hjörtur, sem á riddaraöldinni var mjög algengt einkenni kvenna ástar, og má nokkuð ráða af því um aldur kíngu þessarar ... Kínga þessi fannst fyrir nokkrum árum síðan við grasatekju á eyðidal, er nefnist Brunnárdalur, sem er upp frá Hafstöðum á Skagaströnd.”
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 109

HV-388:006 heimild um lendingu
1708: “Heimræði er hjer einasta um hásumar, og lendíng ein og þó slæm fyrir landi; hjer gengur stundum um sumar bátur, oft enginn og er gangsemd á þessu heimræði svipul mjög.”
Heimildir: JÁM VIII, 444

HV-388:007 *Borgir* örnefni
“Borgir eru fjórir lágir klettar suður við merkin, [ofan Ófærubáss ? Fyrir ofan Melana.]”
Heimildir: Ö-Hafursstaðir, 2

HV-388:008 *Búðarlækur* örnefni
“Búðalækur fellur úr flóanum norðan til. Hann heitir Úlfsflói, engi Hafursstaðakots [Útflói, er milli Hafursstaðaár og Hallár].”
Heimildir: Ö-Hafursstaðir, 2

HV-388:009 *Vaðhvammur* örnefni vað
“Norður við Hallána er Vaðhvammur. Þar er Laxaklettur neðst við Hallána.”
Heimildir: Ö-Hafursstaðir, 2

HV-388:010 *Vaðhvammur* örnefni vað
“Eyrar eru norðan Hafursstaðaárinnar, grassælar. Útbrekka er frá Hafursstaðaánni, út undir Klofasteina (svo). Bæjarhvammur er upp með henni að norðan. Vaðhvammur, nokkru ofar með ánni.”
Heimildir: Ö-Hafursstaðir, 2

HV-388:011 *Hafursstaðabúð* bæjarstæði býli
“Eyðijarðir ... Brunnárdalssel og Hafursstaðabúð. Kirkjubækur sýna eigi, nær byggð hafi verið, né nær þau hafa lagzt í eyði.”
Heimildir: SSH, 158-59

HV-388:012 *Hafursstaðasel* bæjarstæði býli/sel
SSH: “Selstöður, er menn þekkja, hafa áður verið nefndar, en skulu ítrekaðar hér. ... Hafursstaðasel hið gamla og hið nýja á Brunnárdal ...” “Hafursstaðasel stóð að fornu rétt fyrir framan Hrísgil, en nú stendur þar gangvart Smjörskál norðan undir Selhólum. Þar var byggð 1859-69 og var nefnd Brunnárdalssel. Nú er þar selstaða frá Hafursstöðum.” “Brunnárdalur er sellland frá Hafursstöðum. ... Skriðulækur er skammt austan Hrísholtsfláar. Skriðulækjarskál [þar sem hann á upptök sín] er allhátt í fjallinu. Þaðan fellur hann. Selhólafjall er austan Skriðulækjarskálar. Selflá er niður við ána, allt austur að Hafursstaðaseltóftum. Selhólar eru austan við selið, gróðurlítið framhlaup.” segir í örnefnaskrá

“Fyrir sunnan Hallá stendur bærinn Kjalarland vestan í tagli því, sem liggur fyrir mynni Hallárdals. Nokkuru innar eru Hafursstaðir (Hafsstaðir) við á, sem dregur nafn af bænum og kemur ofan úr litlum dal, sem Brunnárdalur heitir. Hafursstaðakot stóð neðar með ánni og voru túnin samföst. Það er komið í eyði fyrir um 30 árum, en í Hafursstaðaseli á Brunnárdal var búið um miðja síðustu öld.” “Eyðijarðir ... Brunnárdalssel og Hafursstaðabúð. Kirkjubækur sýna eigi, nær byggð hafi verið, né nær þau hafa lagzt í eyði.”
Heimildir: Ö-Hafursstaðir, 2; SSH, 152, 156-157; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 50

HV-388:013 *Hafurstaðasel gamla* heimild um sel
SSH: “Selstöður, er menn þekkja, hafa áður verið nefndar, en skulu ítrekaðar hér. ... Hafursstaðasel hið gamla og hið nýja á Brunnárdal ...” “Hafursstaðasel stóð að fornu rétt fyrir framan Hrísgil, en nú stendur þar gangvart Smjörskál norðan undir Selhólum. Þar var byggð 1859-69 og var nefnd Brunnárdalssel. Nú er þar selstaða frá Hafursstöðum.

Heimildir: SSH, 152, 156-157

HV-389 Hafstaðakot

10 hdr 1708, hjáleiga Hafstaða og stendur þar innangarðs, talinn fimmtungur jarðarinnar. 1920: Tún 2,8ha, garðar 110m2.

HV-389:001 *Hafstaðakot* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-389:002 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-390 Kambakot

10 hdr 1708, hjáleiga Hafstaða, talin fimmtungur jarðarinnar. 1920: Tún 3,7 ha, garðar 77m2. "Þröngt er um ræktanlegt land. Sumarhagar eru góður á Brunnárdal, sem er í austur frá bænum." Húnaþing II, 122.

HV-390:001 *Kambakot* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-390:002 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-390:003 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-390:004 *Móholt* örnefni mógrafir
"Í vestur frá Kambakotsbæ er svokallað Móholt; þar var þurrkaður mór (svörður), meðan hann var notaður til eldsneytis. Norðan í Brekkunum eru gamlar rústur[svo] , Stekkur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kambkot, 1

HV-390:005 heimild um stekk
"Í vestur frá Kambakotsbæ er svokallað Móholt; þar var þurrkaður mór (svörður), meðan hann var notaður til eldsneytis. Norðan í Brekkunum eru gamlar rústur[svo] , Stekkur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kambkot, 1

HV-391 Ytriey

24 hdr 1708, Hólastólseign einnig Þingeyrarklausturseign. 1403: Vottorð um að klaustrinu hafi verið gefin Ytriey pláguveturinn. DI III, 683-684. 1424 selur klaustrið jörðina fyrir lausafé. DI IV, 319-320. 1439 hefur klaustrið eignast jörðina aftur. DI IV, 601-602. 1449: Kvittun um að Ytriey sé eign Þingeyrarklausturs. DI V, 26. 1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Steinkot, Ketilsárgrund og Dúfukot hjáleigur. 1708: "Túninu grandar stórviðri, sem ber möl og sand á það úr nálægum melum. Engjar litlar og bregðast oft." JÁM VIII, 442 1920: Tún 5,5 ha, garðar 210m2.

HV-391:001 *Ytriey* bæjarhóll bústaður
"Í gegnum túnið rennur Eyjará og stóð Gamli bærinn fast norðan við hana. Steinhús stendur nú fast ofan við þar sem gamli bærinn stóð." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Ytri-Ey, 2

HV-391:002 heimild um fjós
"Fjós og hlaða var fast vestan við Gamla bæinn. Þar voru einnig fjárhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Ytri-Ey, 2

HV-391:003 heimild
Heimildir: Túnakort 1920

HV-391:004 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-391:005 heimild um smiðju
Heimildir: Túnakort 1920

HV-391:006 heimild um hesthús
"Fjárhús voru fyrir ofan bæ, rétt neðan við þjóðveginn sem nú er. U.þ.b. 20 faðma norður af þeim var hesthús. Austan undir því var torfrétt. Nú hefur verið sléttað úr öllum þessum torfhúsum ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920, Ö-Ytri-Ey, 2

HV-391:007 heimild um fjárhús
"Fjárhús voru fyrir ofan bæ, rétt neðan við þjóðveginn sem nú er." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920, Ö-Ytri-Ey, 2

HV-391:008 *Gildra* örnefni refagildra
"Landamerki: Að norðvestan eru hornmerki úr Stapa úti í sjó sunnanvert við Ófærubás og þaðan í Gildru á Borgum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Ey, 1

HV-391:009 *Hádegisvarða* varða landamerki
"Landamerki: Að norðvestan eru hornmerki úr Stapa úti í sjó sunnanvert við Ófærubás og þaðan í Gildru á Borgum. - Þaðan í stóran stein vestast í Grensás; þaðan í Grenshjallahöfuð; þaðan í grjóthrúgu, sem áður hét Hádegisvarða, en er nú hrunin." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Ey, 1

HV-391:010 *Pálsbyrgi* varða landamerki
"Þaðan [009] eru merki í Pálsbyrgi, sem er hlaðin varða upp á lágum klettum (ca. hnéháum). Pálsbyrgi er uppi á Kömbum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Ey, 1

HV-391:011 *Mókofi* heimild
"Nokkru neðan við húsið stóð lítill kofi , nefndur Mókofi. Í honum var geymdur mór fyrir skólann." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Ey, 2

HV-391:012 *Steinkot* bæjarstæði býli
SSH: "Eyðijarðir ... Steinkot og Ketilásgrund í Ytrieyjar landi ..." "Fyrir neðan Flóa, beint upp af Ytri-Eyjarnesi, er grasblettur og tóftir á honum. Heitir þar Steinkot." segir í örnefnaskrá "Í landi Ytri-Eyjar eru þrjú gömul eyðibýli: Steinkot, niður undir sjó, Dúfukot, ofan við veginn og upp frá bænum, og Ketilsárgrund, nokkuð upp með Eyjará."
Heimildir: Ö-Ytri-Ey, 3; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 52; SSH, 158-59

HV-391:013 *Dúfukot* bæjarstæði býli
"Fyrir ofan Mela, norður undir landamerkjum, voru fornar rústir og nokkrar garðhleðslur. Þar hét Dúfukot. Nú er Dúfukot komið í tún." segir í örnefnaskrá "Í landi Ytri-Eyjar eru þrjú gömul eyðibýli: Steinkot, niður undir sjó, Dúfukot, ofan við veginn og upp frá bænum, og Ketilsárgrund, nokkuð upp með Eyjará."

Heimildir: Ö-Ytri-Ey, 3; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 52

HV-391:014 *Svarðarholt* örnefni mógrafir
"Neðan við Selbreiðar[sjá 013] er holt sem heitir Svarðarholt. Í því eru sléttar breiðar sem heita Svarðarholtsbreiðar. Þær ná niður undir Keldu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Ey, 4

HV-391:015 *Ytra-Eyjarsel* heimild um sel
"Sunnan við Selbreiðar, fyrir ofan norðanvert Svarðarholt, eru tóftir af Ytri-Eyjarseli. Kippkorn fyrir ofan selið er hvolft sem heitir Ytri-Eyjarketill. Pálsbyrgi [010] er upp af honum norðanverðum." segir í örnefnaskrá SSH: "Selstöður, er menn þekkja, hafa áður verið nefndar, en skulu ítrekaðar hér. ... Syðrieyjarsel og Ytrieyjarsel í Dínufjalli ..."
Heimildir: Ö-Ytri-Ey, 4; SSH, 156-57

HV-391:016 *Stekkjarsker* örnefni stekkur
"Stekkjarsker við Eyjarnes í Syðri-Eyjarlandi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Ey IB, 1

HV-391:017 heimild um bústað
"Á Ytri-Ey bjó Arnór Árnason sýslumaður og kammerráð á árunum 1847-59, einkennilegur maður og flaumósa, sem ýmsar skrýtnar sagnir lifa um ... Arnór reisti á Ey timburhús, sem síðar var stækkað, er jörðin var keypt undir kvennaskóla Húnvetninga, sem starfar þar 1882-1901, en var síðar fluttur að Blönduósi. Á húsi Arnórs sýslumanns voru karldyr gegnt suðri, en bakdyr til norðurs."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 51.

HV-391:018 *Eyjaklettur* heimild um huldufólksbústað
"Syðriey stendur sunnan Syðri-Eyjarár, en Eyjarkot á nyrðri bakka. Ytriey stendur á syðri bakka Ytri-Eyjarár. Eru klappaköst og smáhamrar milli ánna og örskammt milli bæja. Stærsti hamarinn er kallaður Eyjaklettur. Þar var álfabyggð mikil."
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 48

HV-391:019 *Ketilsárgrund* heimild um býli
"Í landi Ytri-Eyjar eru þrjú gömul eyðibýli: Steinkot, niður undir sjó, Dúfukot, ofan við veginn og upp frá bænum, og Ketilsárgrund, nokkuð upp með Eyjará."
SSH: "Eyðijarðir ... Steinkot og Ketilásgrund í Ytrieyjar landi ..."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 52; SSH, 158-59

HV-391:020 heimild
Skólahúsið. Skólinn á Ytri á Skagaströnd hóf starfsemi árið 1879
Heimildir: Hulda á Stefánsdóttir. "Aldarafmæli Ytri-Eyjaskóla á Skagaströnd", 108

HV-392 Syðri-ey

40 hdr 1708, heimajörðin. Útkirkja var á jörðinni. 1318: "[frá Höskuldsstöðum skal] syngia annann hourn dag helgann j Tungu. Tuær merkr kaupstil Eyjar slijkt hid sama ..."DI II 470-471. [1360/89]: "[af Höskuldsstöðum skal] sungid annad huorn dag helgann j Tungu. og tuær merckur kaupz. til Eyiar slykt hid sama ..."DI III, 170/172. 1395: [af Höskuldsstöðum skal] syngia annan huern dag helgan til tungu oc taka þar. ij. marka kaup. til eyiar slikt it sama; Máld DI III, 599. 1486: er uppi DI V, 354. 1523: Ögmundur Skáholtsbiskup fær Pétri Pálssyni jörðina. DI IX, 184. 1529: Jón Arason Hólabiskup selur Skúla Guðmundissyni jörðina. DI IX, 489. 1541: Jón Arason Hólabiskup selur Skúla Guðmundssyni jörðina Æsustaði fyrir Syðriey á Skagaströnd. DI X, 612-613. 1551: Kristín Gottskálksdóttir gefur sr. Gottskálki alls 60 hdr í jörðinni. DI XII, 293-294. 1671: Magnús Tumason selur Þorleifi Kortssyni 20 hdr í jörðinni. 1671: Gottskálk Eyjólfsson selur Magnúsi Tumasyni 2,5 hdr í jörðinni. 1671: Þorleifur Ólafsson selur Þorleifi Kortssyni 20 hdr í jörðinni fyrir hálfan Torfalæk auk lausafés. 1671: Gottskálk

Eyjólfsson færi Þorleifi Kortssyni til eignar 20 álnir í jörðinni. 1672: Jón Eyjólfsson selur Þorleifi Kortssyni 14 hdr 80 álnir í jörðinni. 1676: Halldór Þórðarson selur Þorleifi Kortssyni 2 hdr og 80 álnir í jörðinni. Jarðabréf, 194-195. "Hún var 60 hdr að fornu mati en hækkaði síðan upp í 117 hndr. vegna æðarvarps í Eyjaey." Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 112. "Þessi jörð er sundurskift í þrjá sundurlausa bæi, og er sinn eigandi að hvörjum, þeir standa allir innan garða, og er sundir skipft túni og engjum milli býlanna." Hinar jarðirnar eru Efrakot og Neðrakot bæði í byggð 1708, annað hvort sama og HV-393, þá er einnig nefnd eyðihjálegan Ólafshjáleiga. JÁM VIII, 439-440. Einnig voru á jörðinni hjáleigurnar Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga.

1708: "Túninu spillir lækur, sem ber á það grjót og sand, og so er bænum hætt í vatnagángi fyrir þessum læk, og hefur stundum fyllt upp bæinn með vatni. Engjar eru litlar og snöggvar og bregðast oftlega." JÁM VIII, 441. 1920: Tún 7 ha, garðar 280m2.

HV-392:001 *Syðri-ey* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-392:002 heimild um útkirkja
1708: "Hjer hefur áður bænhús verið og messa súngin þegar heimafólk meðtók sakramenti. Ekki hafa hjer tíðir veittar í þrjátíu ár eður lengur, húsið stendur þó enn."
EY Á SKAGASTRÖND (HÖSKULDSSTAÐAÞING) (AH) ? HÁLFKIRKJA
1318: [frá Höskuldsstöðum skal] syngia annann hourn dag helgann j Tungu. Tuær merkr kaups til Eyjar slijkt hid sama; Máld DI II 470?471 [Höskuldsstaða]
[1360?89]: [af Höskuldsstöðum skal] sungid annad huorn dag helgann j Tungu. og tuær merckur kaupz. til Eyiar slykt hid sama; Máld DI III 170?172 [Höskuldsstaða]
2.7.1395: [af Höskuldsstöðum skal] syngia annan huern dag helgan til tungu oc taka þar. ij. marka kaup. til eyiar slikt it sama; Máld DI III 599 [Höskuldsstaða, sbr 1399]
1486: er uppi DI V 354
Heimildir: DI; JÁM VIII, 439

HV-392:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-392:004 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-392:005 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-392:006 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-392:007 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-392:008 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-392:009 *Efrakot* bæjarstæði býli
10 hdr 1708, hjáleiga.
Heimildir: JÁM VIII, 441

HV-392:010 *Neðrakot* bæjarstæði býli
10 hdr 1708, hjáleiga. 1708: "Túninu á Neðrakotinu spillir grjótsuppgángur, sem eykst árlega." SSH: "Eyðijarðir ... Neðrakot, Ólafskot og Háibær í Syðrieyjar landi; ... Kirkjubækur sýna eigi, nær byggð hafi

verið, né nær þau hafa lagzt í eyði."
Heimildir: JÁM VIII, 441; SSH, 158-59

HV-392:011 *Ólafshjáleiga* bæjarstæði býli
1708: "Olafshialeiga. Þar er gömul eyðihjáleiga í túninu, hefur bygð verið fyrir meir en xxx árum, og varaði bygðin hvorki vel nje lengi, og hefur í eyði legið yfir xx ár." "Eyðijarðir ... Ólafskot og Háibær í Syðrieyjar landi ... Kirkjubækur sýna eigi, nær byggð hafi verið, né nær þau hafa lagzt í eyði. Einnig hafa stundum verið í eyði Svangrund, Bakkakot, Mýrakot, Mýrahús, Hvammshlíð, Sléttárdalssel, Kollugerði, Syðrieyjarkot og Hafursstaðakot..."
Heimildir: JÁM VIII, 441; SSH, 158-59.

HV-392:012 *Stekkjarsker* örnefni stekkur
"Beint vestur af Syðri-eyjarnesi er Stekkjarsker ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Syðri Ey, 1

HV-392:013 heimild um lendingu
1708: "Heimræði er hjer á vor, sumar og haust ... og er lendíng góð fyrir landi, skip gánga so mörg sem ábúandi fær viðkomið, þó sjaldan fleiri en eitt." "Niður undan Syðri-Ey er Eyjarnes. Þaðan var útræði og stundum þrautalending, meðan sjór var stundaður á róðrarskipum frá Ströndinni."
Heimildir: JÁM VIII, 441; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 52

HV-392:014 heimild um verbúð
"Á Syðri-Eyjarnesi voru fyrrum verbúðir, og sézt enn fyrir tóftarrústum þar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Syðri Ey, 1

HV-392:015 *Kvíamóar* örnefni kvíar
"Austur af túninu er Skammt [svo] er Melur, austan við hann heitir Kvíamóar, austan við þá heita Stekkjarmelur, vestan í þeim var fornt stekkjarbrot." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Syðri Ey, 1

HV-392:016 heimild um stekk
"Austur af túninu er Skammt [svo] er Melur, austan við hann heitir Kvíamóar, austan við þá heita Stekkjarmelur, vestan í þeim var fornt stekkjarbrot." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Syðri Ey, 1

HV-392:017 *Syðra-Eyjarsel* heimild um sel
"Spölkorn austan við Hrafnabríkurhvamm breytir Eyjará um nafn og heitir þar fyrir ofan Kvísl. Utan við kvísl byrjar Dýnfjall [?], vestan í því norðarlega stóð Syðra-Eyjarsel, þar sunnan við Sellækur ..." segir í örnefnaskrá SSH: "Selstöður, er menn þekkja, hafa áður verið nefndar, en skulu ítrekaðar hér. Syðrieyjarsel og Ytrieyjarsel í Dínufjalli ..."
Heimildir: Ö-Syðri Ey, 2; SSH, 156-57

HV-392:018 *Álfhólar* álagablettur huldufólksbústað
"Austast í Syðri-Eyjartúni voru tveir hólar, sem hétu Álfhólar, þá mátti ekki slá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Syðri Ey, 2

HV-392:019 *Háibær* bæjarstæði býli
"Austan við Kotstúnið norðan Bæjarlækjar var fyrrum smábýli, sennilega húsmennskufólk, sem þar bjó, hét það Háibær, þar voru talsverðar tóftarrústir og var þar nokkurt tún í kring." segir í örnefnaskrá "Í tíð maddömu Elísabetar voru á Syðri-Ey auk Eyjarkots heimahjáleigurnar Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga. SSH: "Eyðijarðir ... Háibær í Syðrieyjar landi ... Kirkjubækur sýna eigi, nær byggð hafi verið, né nær þau hafa lagzt í eyði. Einnig hafa stundum verið í eyði Svangrund, Bakkakot, Mýrakot, Mýrahús, Hvammshlíð, Sléttárdalssel, Kollugerði, Syðrieyjarkot og Hafursstaðakot ..."

Heimildir: Ö-Syðri Ey, 2; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 52; SSH, 158-59

HV-392:020 *Auga* bæjarstæði býli
"Í tíð maddömu Elísabetar voru á Syðri-Ey auk Eyjarkots heimahjáleigurnar Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga.
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 52

HV-392:021 *Skemmubær* bæjarstæði býli
"Í tíð maddömu Elísabetar voru á Syðri-Ey auk Eyjarkots heimahjáleigurnar Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga.
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 52

HV-392:022 *Suðurbær* bæjarstæði býli
"Í tíð maddömu Elísabetar voru á Syðri-Ey auk Eyjarkots heimahjáleigurnar Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga.
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 52

HV-392:023 *Eyjarkot* bæjarstæði býli
"Í tíð maddömu Elísabetar voru á Syðri-Ey auk Eyjarkots heimahjáleigurnar Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga.
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 52

HV-392:024 *Ósvíkurbúð* bæjarstæði býli
"Eyðijarðir ... Ósvíkurbúð ... í Syðrieyjar landi ..."
Heimildir: SSH, 158-59

HV-393 Syðri-eyjarkot

1708 eru nefndar tvær hjáleigur frá Syðri-Ey, Efra og Neðra-kot, þetta sama og annað hvort þeirra. Hjáleiga 1847, talin 1/4 af Syðri-Ey.

HV-393:001 *Syðri-eyjarkot* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-393:002 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-393:003 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-394 Ytrihóll

20 hdr 1708, Höskuldsstaðakirkjueign. 1318 segir í máldaga Höskuldarstaðakirkju að hún eigi Hólsland. DI II, 470-471 Sama 1360. DI III, 170-171. 1395 segir hins vegar að jörðin eigi allt land á Ytra Hóli. DI III, 599-601 1399. Segir að kirkjan eigi allt Hólsland en síðan segir að hún eigi allan Syðra-Hól. DI III, 532 1708: "Túninu grandar grjótuppgángur og stórveður, sem bera möl og sand á það því til stórskaða." JÁM VIII, 439. 1920: Tún 3,5 ha, garðar 408m2.

HV-394:001 *Ytrihóll* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-394:002 heimild um fjárhús
"Syðst í gamla túninu var hóll, sem hét Hólhúshóll." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Ytri-Hóll, 1

HV-394:003 heimild um lendingu
1708: “Heimræði er hjer um hásumartíma, og er lendíng fín, en skipsuppsátur mjög erfitt og því varir heimræðið so skamma stund.” “... síðan Ófærubás, þá Sandvík, næst Hólabás, þaðan var fyrrum útræði að sumrinu, en ekki hægt að hafa þar bát að vetrinum vegna snjóa.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: JÁM VIII, 439; Ö-Ytri-Hóll, 1

HV-394:004 álagablettur
“Sunnarlega í gamla túninu er klöpp, sem núverandi ábúandi hefir ótrú á að slá nærri eða hrófla þar við nokkru.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ytri-Hóll, 1

HV-394:005 heimild um landamerki
SSH: “Til merkigarða fornra sér glögglega á milli Syðrieyjar og Ytrahóls á Kringlumýri ...”
Heimildir: SSH, 163

HV-395 Höskuldsstaðir

1708 er jarðadýrleiki óviss. Kirkjustaður. [um 1200]: Höskuldsstaðir eiga 5/12 úr 1. hluta (8,33%) af Spákonuarfi, 5/6 úr 3. hluta auknum (22,22%) og 5/24 úr 4. hluta auknum (5.55%). Samtals 36.11 %; DI I, 305. 1318: “Kyrkia a allt heima land. holsland allt. þuerä halfa. sliettardal fra kalldalæk oc til marks vid niälstadamenn. ... Tyund. lysitollr oc heytollur af. vj. Bæium oc xx.” DI II, 470-471. [1360(89]: “Kyrckia ä allt heima land. holz land allt. þuera alla. Sliettärdal allann fra kalldalæk til marks vidur nialstada menn. ...Tyund. heytollur og lysistollur aff .vj. Bæium oc .xx. greyda fatækum monnum .ijc.” DI III, 170-172. 1395: “kirkia a allt heimaland. oc allt land a ytra holi.... þuera alla. solua backa hinn jtra halfan oc alla svansgrund. slættardal allan [+ hlut í Spákonuarfi. fimmtungi minna en helming, reka] tiund. lysistollr oc heytollr af vj. bæium oc xx.” DI III 599-601. 1395: “Rekaskrá [samhljóða 2.7.1395 og 1399] Allt land aa sydra hole ok ytra hole. allan slettardal fra kallda læk til marks uid nialstadi. efre myrar allar. halfan Solua backa en ytra ok alla suans grund. þuera alla ...” DI III, 601. 1399: “Kyrckia a allt heimaland og Holzland. og þuerä alla. hinn sydra hol allann. gaf sijra Marteinn halfann j testamentum sitt. en halfur var gior kyrckiunne fyrer þa hrornan sem ä henni hafdi vordid j abvd sijra Marteins og þa hlute sem henni brustu jnnann kyrckiu. SauluaBacki hinn ytri halfur. med suansgrund. sliettardal allann fra kalldalæk til markz vidur Nialsstadi. ... Tijund. heytollur og lysistollur af vj. Bæium. og xx.” DI III, 532-533. [um 1400]: Skrá Holtastaðakirkju um Spákonuarf; DII III, 654. 1403: “Jörðin Ytriey á Skagaströnd er ... j hoskullztada þingum ...” DI III, 683. 1418: “Jörðin Vatnahverfi .. liggr j hauskaulldzstada þingum ...” DI IV, 267. 1424: “Jörðin Ytri Ey á Skagaströnd er ... j hauskuldstada þingum ...” DI IV 319-320. [1429]: prestar ij; DI IV, 382. 1431: “Testamenti ónafngreinds manns kvgillde havskvlzstada kirkiv er stendr i enne ...” DI IV, 483. 1438: “Jörðin Neðstibær í Norðurárdal ... liggur i Hoskullstadaþingum ...” DI IV, 578. 1443: “Jörðin Kirkjubær í Norðurárdal ... stendr i Hoskullzstada þijngum ...” DI IV, 636. 1446: “Jörðin Neðstibær í Norðurárdal er ... j hauskollzstadar þingum ...” DI IV, 696. 1458: “Jörðin Syðribakki er j hoskullzstada kirkiu sokn ...” DI V, 175. 1461: Máldagi kirkjunnar. DI V, 344-346 [1461]: 2 prestar og 1 djákn DI V, 361. 1479: Jörðin Vakurstaðir í Halladal er í Spákonufellskirkjusókn. DI VI, 181. 1486: Höskuldsstaðaþingum fylgja 2 hálfkirkjur, 4 fjórðungskirkjur og 1 bænhús DI V, 354. 1488: Máldagi kirkjunnar DI V, 346. 22.5.1496: Jörðin Mánaskál er í Höskuldsstaðakirkjusókn. DI VII, 298. 1501: Máldagi kirkjunnar DI V, 346. Kuml fannst í landi jarðarinnar. 1708 er Fitjarkot eyðihjáleiga. Einnig var um tíma búið á nokkrum seljum frá Höskuldsstöðum, sennilega 3-4. 1708: “Túninu grandar vatn, sem stendur á því og jetur úr rótina. Engjar spillast af grjóthruni úr brattlendi og leir og sandi, sem fýkur á þær í stórveðrum.” JÁM VIII, 438 1920: Tún 9,5 ha, garðar 480m2.

HV-395:001 *Höskuldsstaðir* bæjarhóll bústaður
“Öldum saman hefur bærinn staðið undir brattri brekku neðan Núpa. Nú er risið nýtt íbúðarhús á Höskuldsstöðum, nokkuð í suðvestur frá gamla húsinu.” segir í Húnaþingi
Heimildir: Húnaþing II, 127; Túnakort 1920

HV-395:002 heimild um kirkju

"Niður undan kirkjunni norðan við Tröðina heitir Kirkjuvöllur." segir í örnefnaskrá

HÖSKULDSTAÐIR Á SKAGASTRÖND (AH) ?Maríu, Pétri

[um 1200]: Höskuldsstaðir eiga 5/12 úr 1. hluta (8,33%) af Spákonuarfi, 5/6 úr 3. hluta auknum (22,22%) og 5/24 úr 4. hluta auknum (5.55%). Samtals 36.11 %; DI I 305.

1318: LXXIII. Hoskulldstada kyrckia.

Kyrckia ä Hoskulldstodum er helgud heilagre Gudz modur Mariæ. og hinum heilaga petro.

Þar er. ij. presta skylld. syngia annann huorn dag helgann j Tungu. Tuær merkr kaups. til Eyjar slijkt hid sama. v. messur oc. xx. a backa oc mork kaups. slijkt hid sama j Vatnahuerfi. slijkt [hid] sama ä hafurstodum. xvj. messur a kyrkiu Bæ oc slijkt [hid] sama kaup. xij. messur til manaskäla. half mork.

Kyrkia a allt heima land. holsland allt. þuerä halfa. sliettardal fra kalldalæk oc til marks vid niälstadamenn.

kýr. xviij. asaudur þrennur fatt j. lx. Ross. iij. halft .... [eyða þar sem ekki hefur verið lesið úr frumriti]

Späkonu arfur er fra vör hinne fornu oc vestr til deilldar hamars. þä næst milli laxär og forsär. þä er frä Raudaskida til hramnsar. þa er fra hellisvijk til marks vid finnstadi. fyrer finnzstodum er fimmdeillt. oc huerfa. iij. luter til Späkonu arfs. enn. ij. til finnstada. fyrer ärbacka er spakonu arfur. ad aullum hluta. enn eci milli finzstada oc arbacka. þa næst jnn fra þorlaugar dyss. j midia Seluijk.

J Späkonuarfi ä stadurinn ä hoskulldstodum fimtungi minna enn helming.

þetta er jnnan kyrkiu. messuklædi. iij. kaleykr. j. alltarisklædi. iij. Brijkarklædi. j. oc Tabla. Bækr per anni circulum vondar. Tiolld vm kyrkiu. krossar. iij. mariuskript. peturs likneski. kapur. iij. fornar. yfersloppar. iij. Elldbere. Elldkier. fontz vmbunadr. vatnkietill. sacrarium. munnlaug. messingar stykr. ij. jarnstykr. iiij. Biarnfell. Baarir. kistr. ij. Broddstafr. þionustu hus af sylfre. skrijn oc kistill. glergluggur. [vax oc Reykelse vij* merkr. merki ij.

Tyund. lysitollr oc heytollur af. vj. Bæium oc xx.

greyda fatækum monnum. cc.

Dedicatio Ecclesiæ proxima die post festum Fransisci.

+Þetta hefr sijra þorsteinn lagt til kyrkiunnar. klucku. j. Refil. Bok. slopp. peturs sogu. suffragium. dominiciuBok.

Þetta lagdi syra Einar til kyrkiu. glerglugga. iij. alltare. ij. med skruda. Brykarklædi. ij. kaleik. alltarisdvk nyiann. oc balldikins stolu. glitadan dvk. Brun. kiertistyka. kyrkiu läs. slopp. kross. Elldbere nýr. baksturjarn sæmilig. [* á spássíu m. annari h. Frá + telur JÞ vera frá 1330-40 eða síðar enda kom Einar Hafliðason að Höskuldsstöðum 1334. Máld DI II 470?471

1334: sira Einar Haflida for bygdum vm varit aa Hoskullstade. þuiat hann þa kirkiuna vm vetrinn jn purificacione sancte Marie; Lögmannsannáll, IA, 271

1344: um Spákonuarf; Registur Egils DI IV 11

1344: Athugasemd Björns á Skarðsá um Spákonuarf:

J registre Eigils biskups um kirkiu eigner seiger og hvar spakonuarfur er, sem saman ber vid þingeyraskrä, þad registrum samanskrifad MCC[C] xliiij. ar. þar seiger.

J spakonuarfi a Höskulldzstader fimtungi minna enn helming.

ad skilia þetta hefr mörgum bägt veitt. Ecki vill þessu og bera saman vid þingeyra rekaskrä, i hvörugu þessu, sem adur er skipt, fä hoskulldzstader xlviij. vætter ur c. vættum, sem eru fiorer hluter ur fimtungenum helmingsens, og monnum skilst nær komist hoskulldzstader eigi. Enn xij af hundradi; DI IV 12

[1360?89]: xxv. Hoskuldstada kyrkia.

Kyrckia ä Hoskulldstodum er helgad hinni heilagre Guds modur Mariæ. og hinum heilaga petro postula.

Þar er tueggia presta skylld. sungid annad huorn dag helgann j Tungu. og tuær merckur kaupz. til Eyiar slykt hid sama .v. messur oc .xx. til Backa og mork kaupz. slykt hid sama j vatna huerfi. slykt hid sama a hafstodum .xvj. messur ä kyrckiu bæ. og slykt sama kaup .xij. messur thil manaskälar.

Kyrckia ä allt heima land. holz land allt. þuera alla. Sliettärdal allann fra kalldalæk til marks vidur nialstada menn. Enn spakonu arfur er fra vor hinne fornu. og vestur til dælldar hamars þa vestur milli Laxär og fossär. þa er fra Rauda skridu til Raffns ar. þa fra hellis vyk til marcks vid finnstadi. fra finnstodum fimmdeillt. og huerfa þrijr hluter til spakonu arffs. og .ij. til finnstada. fyrer Arbacka er spakonu arfur ad ollum hluta. Enn ecki ä millum Finnstada og Arbacka. þa næst jnn fra þorlaugar dys j midia Selvyk.

J Späkonu arffe ä stadurinn a Hoskulldstaudum fimtunge minna enn helming.

Þetta er jnnan kyrkiu. messu klædi þrenn ad auk hokull. stola. handlijn. corporale med fodri. tueyr

kaleykar. alltaris klædi .vj. Brykar klædi .ij. dvkar .ij. og Tabulum. Bækur per anni circulum vondar. krossar fiorer. Mariu skriptt. og peturs lykneski. kapur .iij. fornar. yfer sloppar fiorer. Elldbere. Elldkier. fontz vmunadar. vatnkietill. sacrarium. munnlaug. messingar stykur .iij. jarnstykur fiorar. Biarnfells slytur. kistur .ij. þionustu hvs med sylfr. skryn. kistill. Glergluggar. vij. vax og Reykelse sio merkur. mercki .ij. Broddstafur. kluckur fiorar. Tueyr dvkar glitadir .iij. ovygder lectara dvkar. Brvn. Bakstur jarn. peturs saga. Mariu saga. Thomas saga.

Jnnan veggia .x. hundrud. sex hundrud j flytianda Eyrer.

Þetta j kuikfie .xx. kyr. asaudur .lx. v. sauder veturgamler. Ross .iij.

Tyund. heytollur og lysistollur aff .vj. Bæium oc .xx. greyda fatækum monnum .ijc.

fiordung allz reka j Bäsum. og þad meira sem meira proffast ad Benedicktt kolbeinsson hefur att.

psalltarar .ij. paxspiolld .ij. kugilldi og hundrad er herdys gaf. tapetum og lyka sälun.

Þetta ä stadurinn j koti .ij. vætter skreydar. vætt smiors. vætt kiotz. Bytta skyrz. Máld DI III 170?172

2.7.1395: war kirkia a hoskullzstodum vigd oc helgud [Maríu, Pétri og Páli] af ... herra petre biskupi.

er þar tueggia presta skylld. syngia annan huern dag helgann til tungu oc taka þar. ij . marka kaup. til eyiar slikt it sama. vij. messor oc xx. til Backa. oc mork kaups. slikt it sama j vatna huerfi. oc slikt it sama a hafrs stodum. xvj. messor a kirkiubæ. oc mork kaups. xij. messor til manaskalar.

kirkia a allt heimaland. oc allt land a ytra holi.

skal þar af lukazst fatækum monnum halft annat hundrat j kristfee. sydra hol allan gaf sira martæinn halfuan j testamentum sitt en halfr eyrer gioR kirkiuni fyrer þa hrornan sem a henne hafde vordit j abud sira martæins firer þa luti sem brustu jnnan kirkiu. þuera alla. solua backa hinn jtra halfan oc alla svansgrund. slættardal allan [+ hlut í Spákonuarfi. fimmtungi minna en helming, reka]

tiund. lysistollr oc heytollr af vj. bæium oc xx. dedicatio ecclesie. secunda die mensis iulij jn festo sancti suithuni episcopi.

A þeim sama degi er krikian war vigd war alitid kirkivna a hoskulldzstodvm. oc reiknad porca ecclesie. vard kirkian þa skylldug sira þorde. halft þridia hundrat. gaf sira þordr kirkivnni Refl[a v]m framkirkiuna. þo suo ef hann kynni sidarr meirr kirkiunne nockura peninga skulldo[gr verd] i porcionem edr hrornan stad[arins þa sk]yllde þat þar vpp j snuazst sem þa [vantar]

Jtem forkirkiu efni þat sem sira marteinn hafde latit stofna med fäm fiolum er þar woro þa til virdt firir halft. fiorda hundrath.

yngra Þetta hefuer gefuizst til kirkiunnar sidan reiknad var næst. sigridur ku. þorfinnr ku. einar ku m . . . . eirekr ku . . . . .

Þetta hefver gefizst [til] kirkiunnar medann sira magnvs hiellt. oc Eir . . . . . hann sialfr kwgilldi [afgangur nánast ólæsilegur]; Máld DI III 599?601 [messudagur Swithuns er annars 15. júlí]

1395: Rekaskrá [samhljóða 2.7.1395 og 1399]

Allt land aa sydra hole ok ytra hole. allan slettardal fra kallda læk til marks uid nialstadi. efre myrar allar. halfan Solua backa en ytra ok alla suans grund. þuera alla; DI III 601

1399: xxv. Hoskulldstada kyrckia.

Kyrckia ä Hoskulldsstodum er helgud heilagri Gudz modur Mariu og hinum heilaga petre postula.

þar er tueggia presta skylld. syngia annan huorn dag helgann til tungu og. ij. merckur kaup. Til Eyiar slijkt hid sama. fiorar messur og xx. til Backa. og mork kaups. slijkt hid sama j vatnahuerfi. slijkt hid sama a hafurstodum. xvj messur a kyrckiu Bæ. og slijkt hid sama kaup. Tolf messur thil manaskälar.

Kyrckia a allt heimaland og Holzland. og þuerä alla. hinn sydra hol allann. gaf sijra Marteinn halfann j testamentum sitt. en halfur var gior kyrckiunne fyrer þa hrornan sem ä henni hafdi vordid j abvd sijra Marteins og þa hlute sem henni brustu jnnann kyrckiu. SauluaBacki hinn ytri halfur. med suansgrund. sliettardal allann fra kalldalæk til markz vidur Nialsstadi. Späkonuarfur er frä fornu vor. og vestur til deilldarhamars. þa næst vestur mille Laxär og forsär. þa er fra rauduskridu til Hrafnzär. þa fra hellisvijk til markz vid finnstadi. fyrer finnstodum fimmdeylld. huerffa þrijr hluter til spakonuarffz. enn tueyr til lands. fyrer arbacka er spakonu arffur ad aullum hluta. enn ecke millum finnstada og arbacka. þa næst jnn fra þorlaugardys og j midia selvijk. J spakonuarffui a Hoskulldstada kyrckia fimtungi minna enn helming.

þetta er jnnann kyrckiu. messuklædi þrenn og tuenn af þeim vond. hokull ad auk. kaleykar. ij. alltarisklædi. v. Brijkarklædi. ij. Brijkur. ij. og tabulum. kaapur þriar vondar. sloppar ij. Elldberi. Glodarkier. fontz vmmbvnadur. vatnzkietill. sacrarium munnlaug. messingarstykur. iij. jarnstykur. iiij. Tapetum. skruda kista lijtil. þionustuhvs med sylfur. skrijn og kistill. Crismakier. Glergluggar. vj. oc aller lester. vax og reykelsi. vij. merckur. Baksturjarnn. Broddstafur. kluckur. iiij. dvkar. ij. glitader. og þrijr ovijgder. lectaradvkur og lectari. koghur og lijkasalun allvondt. mariu lijkneski. peturs lijkneski. krossar

ij.

Bækur per Anni circulum vondar. mariu saga med jarteyknum. peturs saga. Thomas saga. Jnnan veggia. x. hundrada og xiij. hundrada j flytianda Eyri.

þetta j kuikfie. xx. og iij. sextiger asaudar og. vj. ær. hross. Bytta skyrs.

þetta j rekum. fiordungur alls reka j Bäsum. og þad meira sem profast ad Benedickt kolbeinsson hafdi ätt. vidreki ad Hrauni fra fornu vor til þriggia teina helmingur. enn j vestri hofs vijk fiordungur.

Tijund. heytollur og lysistollur af vj. Bæium. og xx.

Dedicatio Ecclesiæ secunda die Julij.

Luka af holi j christzfie halft annad hundrad.

Jtem lagdi sijra þordur til. ij. reffla. xl. alna sæmiliga. vm frammkyrckiu. kyrckiunne til Eignar þo suo ad þeir skylldu snuast vpp j kyrckiunnar reykningskap. ef sijra þordur yrdi henni sijdar meir reykningskap skylldugur.

Jtem ä kyrkian ordinem nyia. Nichulaus lijkneske. hokul. huijtann nyiann. var kyrkian þa skylldug sijra þordi halfft þridia hundrad. anno domini M°. ccc°. xc°. ix°.

Kyrckiu tijundar hluti ä þui ari halft fiorda hundrad; Máld DI III 532?533

[um 1400]: Skrá Holtastaðakirkju um Spákonuarf; DII III 654

28.7.1403: Jörðin Ytriey á Skagaströnd er ... j hoskullztada þingum; DI III 683

18.10.1418: Jörðin Vatnahverfi .. liggr j hauskaulldzstada þingum; DI IV 267

11.10.1424: Jörðin Ytri Ey á Skagaströnd er ... j hauskuldstada þingum; DI IV 319?320

[1429]: prestar ij; DI IV 382

3.12.1431: Testamenti ónafngreinds manns

kvgillde havskvlzstada kirkiv er stendr i enne; DI IV 483

17.8.1432: giordh firir halfan þridiatigæ hundradha. En firær fyndh xv hundrot.

Porcio iij markr aa huerio aræ.

Ecclesia dedicata in festo sancti suiptuni Episcopi; Vísitasíugerð DI IV 514

16.7.1438: Jörðin Neðstibær í Norðurárdal ... liggur i Hoskullstadaþingum; DI IV 578

30.5.1443: Jörðin Kirkjubær í Norðurárdal ... stendr i Hoskullzstada þijngum; DI IV 636

30.10.1446: Jörðin Neðstibær í Norðurárdal er ... j hauskollzstadar þingum; DI IV 696

28.12.1458: Jörðin Syðribakki er j hoskullzstada kirkiu sokn; DI V 175

1461: Máld DI V 344?346

[1461]: 2 prestar og 1 djákn DI V 361

15.2.1479: Jörðin Vakurstaðir í Halladal er í Spákonufellskirkjusókn. DI VI, 181

1486: Höskuldsstaðaþingum fylgja 2 hálfkirkjur, 4 fjórðungskirkjur og 1 bænhús DI V 354

1488: Máld DI V 346

22.5.1496: Körðin Mánaskál er í Höskuldsstaðakirkjusókn. DI VII, 298.

1501: Máld DI V 346

1597: Þjsks. Bps. B,III, 2, s. 18?19

4.11.1881: Holtastaðasókn lögð til Höskuldsstaða; (PP, 225) [lög]

16.11.1907: Holtastaðasókn lögð til Bergsstaðaprestakalls, en Hofs? og Spákonufellssóknir lagðar til Höskuldsstaðaprestakalls; (PP, 235)

“Í Kyrkiu gardinum hefur nú fyrir fáum árum fundist nidur sockinn fimkantadur studul edur Basalt Steinn, sem þar var upp grafinn, hann er vel 2 3/4 al á Leingd og nær því 1/2 al á breidustu kanta, á einn kantin hefur verid klöppud ein lína af Rúnaletri, sem - bædi vegna Steinsins náttúrulegu ósliettu og líka hins, ad grunt hefur verid klappad, og nú sumstadar úr sprúngid - verdur naumlega lesid; Enn eptir því sem eg gat nærst komist, med því ad draga med bleki ofann í krotid, hafa Stafirnir þetta útlit: [tákn...] FF,482-3

Heimildir: FF, 482-3; PP, 225, 235; DI; Biskupasögur B,III, 2, 18-19; Túnakort 1920; Ö-Höskuldsstaðir, 1

HV-395:003 heimild um fjós

“Skák í túninu niður frá fjósi ofan að túngarði, milli heimreiðartraðar og bæjarlækjar kallast Fjósvöllur.” segir í örnefnaskrá

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Höskuldsstaðir, 1

HV-395:004 heimild um fjárhús

Heimildir: Túnakort 1920

HV-395:005 kuml legstaður
"Snertispöl sunnar en Grenjagil er bás við sjóinn. Norðan við hann er nöf sú, er ber nafnið Rauðanöf af rauðum leirsteini á kolli hennar. Bás þessi kallast Hellir, slútir bergið þar nokkuð yfir sig, og mun það vera ástæðan til nafnsins, en hellir er þetta ekki í eiginlegum skilningi. Hellirinn mun vera sá sami, sem jarðabók Árna Magnússonar nefnir Hundabás. Hellirinn skiptist í tvennt, Ytri- og Innri-hellir, og sunnan við Innra-Hellir er annar bás, djúpur, en lítill um sig. Nefnist hann Ræningjabás og lokast að sunnan af nöf, sem heitir Spanskanöf. Fellur sjór upp að Spönskunöf, og verður ekki komist í Ræningjabásinn nema á bát, en í hellirinn er hægt að ganga þurrum fótum, fyrir Rauðunöf um fjöru." "Niður við sjóinn, skammt af Laxárósi, heitir Spænskanöf, bergsnös nokkur. Segir sagan, að spænskir sjóræningar hafi gengið á land og stefnt heim á prestsetrið. Prestur safnaði mönnum og stóðhrossum, lét binda hrísklyfjar á þau og kveikja í klyfjunum. Síðan keyrðu menn stóðið með miklum ólátum móti víkingum. Féllu sumir þar á melunum og voru dysjaðir þar, en aðrir á Spænskunöf. Sést dysin enn, og á þar að hafa fundist sverð og brýni í tíð séra Björns Þorlákssonar."

Séra Eggert Ó. Briem segir svo í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar 1873: „Spánskanöf heitir bergsnös ein rétt fyrir norðan Laxá, upp undan Ósvík, og segir rök nafnsins í Ísl. þjóðsögum II, 103. Ég hefi heyrt söguna fyllri en hún er þar. Segir, að Höskuldsstaðaprestur safnaði mönnum og stóði sem mestu og byndi menn hrísklyfjar á og kveikti svo í hrísinu og keyrði svo stóðið með miklun ólátum móti víkingum, er komnir voru heim undir bæinn á Höskuldsstöðum. Féllu nokkrir af þeim þar á melunum og eru dysjaðir þar við veginn. Sú dys á að hafa verið rænd af manni, er enn lifir. Aðrir féllu á nöfinni rétt upp undan Ósvík og voru þar dysjaðir (ekki heygðir, því að enginn er þar hóll eða haugur). Sést dysin enn, og á þar að hafa fundizt í tíð séra Björns Þorlákssonar (þ.e. 1844-62) sverð og brýni." Þó að sögnin um ræningjana sé ósvikin þjóðsaga, hefur frásögn prests um haugrof, sverð og brýni á sér sennileikablæ. Fundurinn er því hér talinn með kumlum, enda hefur Kålund gert svo áður.
Heimildir: KEKH 2000, 132; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 47

HV-395:006 *Fitjarkot* bæjarstæði býli
1708: "Fitiarkot. Hjáleiga af staðnum, bygt í fyrstu hjer um fyrir xl árum og varaði bygðin inn til næstu x eður xii ára, hefur síðan verið í auðn."
Heimildir: JÁM VIII, 438

HV-395:007 heimild um traðir
"Skák í túninu niður frá fjósi ofan að túngarði, milli heimreiðartraðar og bæjarlækjar kallast Fjósvöllur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Höskuldsstaðir, 1

HV-395:008 heimild
"Neðst í brekkunum rétt ofan við veginn og snertispöl suður frá túninu er allstór hóll, grasi og lyngi vaxinn utan um sig, en lítt gróinn melur í kollinn. Hóll þessi heitir Krosshóll. Er mælt, þar þar hafi kross staðið áður fyrr. Í hólinn eða við hann, segna sagnir, að Magnús prestur á Höskuldsstöðum hafi grafið peninga sína. Eftir að prestur dó, vitjaði hann fjárins og vakkaði kringum hólinn."
Heimildir: Ö-Höskuldsstaðir, 1

HV-395:009 þjóðsaga draugur
"Neðst í brekkunum rétt ofan við veginn og snertispöl suður frá túninu er allstór hóll, grasi og lyngi vaxinn utan um sig, en lítt gróinn melur í kollinn. Hóll þessi heitir Krosshóll. Er mælt, þar þar hafi kross staðið áður fyrr. Í hólinn eða við hann, segna sagnir, að Magnús prestur á Höskuldsstöðum hafi grafið peninga sína. Eftir að prestur dó, vitjaði hann fjárins og vakkaði kringum hólinn."
Heimildir: Ö-Höskuldsstaðir, 1

HV-395:010 *Vörðubolli* örnefni
"Nokkru austar er Vatnadalur og Einbúi. Vestur úr Vatnadal gengur vík inn í mel og grjóthrygginn og heitir Urðarbolli eða Vörðubolli." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Höskuldsstaðir, 2

HV-395:011 *Fjárgötur* heimild um leið
"Norðurhallið á Núpnum heitir einu nafni Strokahlíð. Í henni neðanverðri eru götutroðningar gamlir. Þeir heita Fjárgötur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Höskuldsstaðir, 2

HV-395:012 heimild um lendingu
1708: "Heimræði er hjer á vor, sumar og haust, og lendíng sæmileg góð fyrir landi og gengur sjaldan fleiri en eitt skip. Að þessu heimræði hefur áður verið oft stórt gagn, en hefur um nokkur ár verið svipult mjög."
Heimildir: JÁM VIII, 438

HV-395:013 *Ósvíkurbúð* heimild um sjóbúð
"Norðan við Spönskunöf [005] heitir Ósvík. Út í hana fellur Laxá. Eru að víkinni brekkur grasi vaxnar, en niðri í henni voru áður rústir af sjóbúð og tveim eða þrem naustum. Nú hefur sjór brotið, svo menjar þeirra eru horfnar." segir í örnefnaskrá SSH: "Í Ósvík er útræði, og á Ósvíkurbakkanum er sjóbúð, er eitt ár hefur byggð verið fyrir skemmstu (Ósvíkrubúð)."
Heimildir: Ö-Höskuldsstaðir, 3-4; SSH, 148

HV-395:014 heimild um stekk
"Við Laxá eru þrír hvammar í landareign Höskuldsstaða, Brattihvammur neðst ofan við Ósvík, þá Stekkjarhvammur og Langihvammur efst. Stekkjarrústir miklar eru í Stekkjarhvammi. Segja munnmæli jafnvel, að Höskuldsstaðabær hafi áður staðið efst í Stekkjarhvammi, en engar líkur benda til þess, að svo hafi verið." segir í örnefnaskrá SSH: "Við Laxá neðanverða heitir Staðarhvammur eða Staðarstekkjarhvammur, og eru þar rústir allmiklar. Segja menn, að staðurinn muni hafa staðið þar í öndverðu, en síðan hjáleiga, og síðar hafi þar stekkur verið. Þar heita og Snákahvammar."
Heimildir: Ö-Höskuldsstaðir, 4; SSH, 148

HV-395:015 *Lestarvegur* heimild um leið
"Skammt fyrir ofan Hlaupið er Lestavað, sem nefnt er í örnefnaskrá Syðra-Hóls [HV-398:018]. Frá því lá lestarvegur undir Löngubrekku, er náði frá Sjómannabrekku út undir Höskuldsstaði." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Höskuldsstaðir, 4

HV-395:016 *Sléttudalur* bæjarstæði býli/sel
SSH: "Selstöður, er menn þekkja, hafa áður verið nefndar, en skulu ítrekaðar hér. ... Höskuldsstaðasel hið gamla á Ambáttardal; ... Sléttárdalssel eða Höskuldsstaðasel hið nýja (nú grashúsbýli) ..." "... uppi á Kaldbaksdal var annað býli um tíma, Kaldbakssel. Var það eitt af Höskuldsstaðaseljum, en þau voru alls þrjú og þó eigi notuð nema eitt í einu og öll í tíð síra Björns Þorlákssonar. Annað var á Hvammshlíðardal, en það lagðist skjótlega af sökum draugagangs. Hið þriðja var á Sléttudal bak við Höskuldsstaðanúpa. Í öllum þessum seljum var búið." "Á Sléttudal var áður sel frá Höskuldsstöðum og búið í því . Var það ýmist kallað Höskuldsstaðasel eða Sléttudalssel."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 51, 60; SSH, 156-57

HV-395:017 bæjarstæði býli/sel
"... uppi á Kaldbaksdal var annað býli um tíma, Kaldbakssel. Var það eitt af Höskuldsstaðaseljum, en þau voru alls þrjú og þó eigi notuð nema eitt í einu og öll í tíð síra Björns Þorlákssonar. Annað var á Hvammshlíðardal, en það lagðist skjótlega af sökum draugagangs. Hið þriðja var á Sléttudal bak við Höskuldsstaðanúpa. Í öllum þessum seljum var búið."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 60

HV-395:018 *Kaldbakssel* bæjarstæði býli/sel
"... uppi á Kaldbaksdal var annað býli um tíma, Kaldbakssel. Var það eitt af Höskuldsstaðaseljum, en þau voru alls þrjú og þó eigi notuð nema eitt í einu og öll í tíð síra Björns Þorlákssonar. Annað var á Hvammshlíðardal, en það lagðist skjótlega af sökum draugagangs. Hið þriðja var á Sléttudal bak við

Höskuldsstaðanúpa. Í öllum þessum seljum var búið."
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 60

HV-395:019 *Höskuldsstaðasel gamla* heimild um sel
"Selstöður, er menn þekkja, hafa áður verið nefndar, en skulu ítrekaðar hér. ... Höskuldsstaðasel hið gamla á Ambáttardal; ... Sléttárdalssel eða Höskuldsstaðasel hið nýja (nú grashúsbýli) ..." "Sé haldið norður (og niður) með Gálgagili, er brátt komið á dalamót sunnan undir kolló ttu fjalli, sem heiti Hvammshlíðarfjall (555 m). Þar við ármótin eru rústir af fornu Höskuldsstaðaseli (um 280 m yfir sjó). Dalur liggur þaðan norðvestur í Norðurárdal, Hvammshlíðardalur, um þriggja km langur. Þar voru bærnir Barð og Hvammshlíð, stundum selstöður, stundum býli til skamms tíma."
Heimildir: SSH, 156-57; Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 35

HV-395:020 heimild um landamerki
"Til merkigarða fornra sér glögglega á ... milli Höskuldsstaða og Syðrahóls í Núpafjallshliðinni ..."
Heimildir: SSH, 163

HV-396 Hvammshlíð
HV-403:004 heimild
"Niður undan bænum var kallað Niðurtún. Heimreiðin lá upp Niðurtúnið rétt á bakka Bæjarlækjarins. Á Niðurtúni voru tvö lítil hús. Annað niður undir Norðurá og voru það tóftir einar þegar Eggert og Jóninna

komu að Skúfi. Annar kofi var skammt þar fyrir ofan." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skúfur, 2-3

HV-403:005 heimild
"Niður undan bænum var kallað Niðurtún. Heimreiðin lá upp Niðurtúnið rétt á bakka Bæjarlækjarins. Á Niðurtúni voru tvö lítil hús. Annað niður undir Norðurá og voru það tóftir einar þegar Eggert og Jóninna komu að Skúfi. Annar kofi var skammt þar fyrir ofan." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skúfur, 2-3

HV-403:006 *Álagahvamur* álagablettur
"Við Bæjarlækinn að austanverðu var lítill hvammur, nokkru neðar en Hesthúshóll. Hann hét Álagahvammur. Aldrei mátti slá hann. Hann var ávið stærstur af hvömmunum sem þarna voru við lækinn. Eitt sinn sló þennan hvamm vegna ókunnugleika, kaupamaður sem var á Skúfi. Veturinn eftir misstu Eggert og Jóninna gráan hest, úrvalsgrip." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skúfur, 3

HV-403:007 heimild
"Handgrafinn skurður var fyrir austan tún og náði hann upp á móts við Hesthúshólinn og niður undir Norðurá." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skúfur, 3

HV-403:008 heimild um mógrafir
"Vestan við túnið, beint vestur af bænum, voru mógrafir. Gengum þær rann Grafarlækur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skúfur, 3

HV-403:009 *Húsadalsfjall* örnefni
"Upp af Reitisbrúnum er Húsadalsfjall. Austasti hluti þess tilheyrir Skúfi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skúfur, 4

HV-403:010 heimild um stekk
"Fyrir ofan túnið var hvammur í Skúfsgili að austan. Hann hét Stekkjarhvammur. Stekkjartóftir voru efst í honum. Fráfærum á Skúfu mun hafa verið lokið stuttu eftir aldamót." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skúfur, 4

HV-403:011 *Háistekkur* heimild um stekk
"Beint austan af efsta hluta túnsins, nokkru fyrir ofan Flóa, hétu Neðribörð, móabörð sem voru slegin. ... Neðribörð náði alveg fram (austur) undir svonefndan Háastekk. Þar voru nokkur tóftarbrot á aflangir hæð upp og niður og var svæðið þarna í kringum nefnt svo, (þ.e. Háistekkur)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skúfur, 5

HV-403:012 heimild
"Smá tóftarbrot var niður við Norðurá, rétt fyrir framan eyrina áðurnefndu - heldur heimar en Háistekkur [011]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skúfur, 5

HV-403:013 *Óttarsstaðir* bæjarstæði býli
SSH: "Gagnvart Skúfi heitir Slaggil og Slaggilsbungur, en nokkru norðar Sellækur. Við lækinn hefur vafalaust verið býli, því að þar eru talsverðar rústir og túnstæði. Þar er kallað á Óttarsstöðum." "Sumir nefna Óttastaði og segja þá sögu til, að húsmaður nokkur á Skúfi hafi í gamalla manna minni farið að byggja sér þar kofa, en áður verið þar selrústir, en þá hafi Kirkjubæjar-bóndinn bannað, og hafi hinn orðið skelkaður mjög og hætt við. Hafi hann því fengið auknefndið "Ótti" og hafi tótt hans í skopi verið nefnd Óttastaðir. En með því að þar er túnstæði talsvert og tóttabrot mörg, er varla annað hugsandi en þar hafi

til forna verið býli."
Heimildir: SSH, 136

HV-404 Efri Skúfur

16 hdr 1708, aðeins ein jörð og þá í eyði. Tvíbýli fyrir 1847 en sameinaðar aftur 1906. Í eyði frá 1949. 1708: "Túninu grandar lækur, sem rennur um völlinn úr snarbröttu fjalli og ber grjót og sand á túnið því til stórskaða." JÁM VIII, 432

HV-404:001 *Efri Skúfur* bæjarhóll bústaður
"Bærinn á Efri-Skúfu stóð aðeins ofar og norðar en bærinn á Neðri-Skúfu. Lítið sund var á milli þeirra." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skúfur, 1

HV-404:002 heimild um hesthús
"Allbrattur hóll beint upp undan bænum á Efri-Skúfi, var nefndur Hesthúshóll. Á þessum hól stóð áður útihús sem var stækkað í tíð Jónínu og Eggerts og það notað bæði fyrir fjárhús og hesthús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skúfur, 2

HV-405 Þverá

10 hdr 1708. Höskuldsstaðaeign. 1318 á Höskuldarstaðakirkja hálfa Þverá. DI II, 470-471 1360 hefur kirkjan eignast alla Þverá. DI III, 170-171. Sama 1395 og 1399. DI III, 532, 601 1471: Skrapatunga á allan Mjóadal fyrir austan fram Mjóadalsá, Gulltungur, Bárðardal og Almbáttardal til móts við Þverá í Norðurárdal. DI V, 612 1708: "Túninu grandar grjótuppgángur, sem áeykst árlega." JÁM VIII, 432. 1920: Tún 2,7 ha, garðar 380m2. "Erfitt er um ræktun, sumarhagar með ágætum, kjarnmiklir og grösugir." Húnaþing II, 135

HV-405:001 *Þverá* bæjarhóll bústaður
"Gamli bærinn stendur að hlut enn og er húsið byggt við hann að austan." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þverá, 4

HV-405:002 heimild um hesthús
"Hesthús á Hesthúshól, vestan og neðan við bæinn." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þverá, 4

HV-405:003 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-405:004 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-405:005 varða landamerki
"Söndugihóll er í daglegu tali nefndur Sönduhóll. Hann er brattur, strýtumyndaður melhóll, gróðurlaus og sést víða að. - Úr Söndugahól eru merkin í þrjár hlaðnar torfvörður á há Hamarshlíðarfjalli." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 1-2

HV-405:006 varða landamerki
"Þaðan [005] er lína eftir Hlíðarás eins og vötn falla í vörðu á há Pokafelli og er þá komið á merki Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 2

HV-405:007 heimild um ristu
“Austan við Engi tekur við svæði, sem kallað er Holt ft. Neðsta holtið í þeim, upp af Harðeyri, heitir Torfholt. Torf sem rist var í Flóanum var þurrkað á Torfholti, Stórholt er upp af Torfholti.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 2

HV-405:008 *Húsalækur* örnefni
“Húsalækur fellur vestan til í gengum túnið á Þverá, austan við Heimaraholt og til Norðurár.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 2

HV-405:009 heimild um mógrafir
“Húsalækur [008] á upptök sín í Leirdalsmelum. Hann fellur niður austan við Móbrún, en vestan við Efri-Bæjarbrún og Neðri-Bæjarbrún, sem er rétt ofan við bæinn. ... Mó var áður þurrkaður á Móbrún og mátti sjá grafir þar í kring.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 3

HV-405:010 heimild um stekk
“Stekkjarhólsmýri er neðan við leirdalsmela austast. Stekkhóll er neðst í henni. Stekkur var fast neðan við hólinn og sjást tóftir hans vel. Þessi stekkur var aflagður þegar Einar mundi eftir, en síðast var fært frá á Þverá sumarið 1928. Voru þá hafðar færikvíar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 3

HV-405:011 heimild um fjárhús
“Fjárhús eru austan við bæinn, efst á Húshól, sem er á vesturbakka Stóralækjar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 4

HV-405:012 heimild um kvíar
“Neðan við Neðri-Bæjarbrún var Lambabarð, beint upp af bænum. Austan þess var Kvíaból. Bæjarlækur rann á milli Lambabarðs og Kvíabóls. Nú eru þau bæði komin í tún. Vel man Einar eftir kvíunum á Kvíabóli.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 4

HV-405:013 heimild um fjárhús
“Réttarhóll var á milli Hesthúshóls [002] og bæjar. Á honum var fjárhúskofi. Hefur hann ef til vill verið byggður upp úr gamallri rétt. Réttarhóll hefur nú verið sléttaður.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 4

HV-405:014 *Neðravað* heimild um vað
“Þverá rennur í djúpu gili niður með túninu að austan og sameinast Norðurá. Þar eru kölluð Ármót. Við Ármót er var á Þveránni, sem heitir Neðravað. Efravað er nokkru ofar. Um bæði þessi vöð lá reiðvegur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 5

HV-405:015 heimild um leið
“Þverá rennur í djúpu gili niður með túninu að austan og sameinast Norðurá. Þar eru kölluð Ármót. Við Ármót er var á Þveránni, sem heitir Neðravað. Efravað er nokkru ofar. Um bæði þessi vöð lá reiðvegur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 5

HV-405:016 *Efravað* heimild um vað
“Þverá rennur í djúpu gili niður með túninu að austan og sameinast Norðurá. Þar eru kölluð Ármót. Við Ármót er var á Þveránni, sem heitir Neðravað. Efravað er nokkru ofar. Um bæði þessi vöð lá reiðvegur.”

segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 5

HV-405:017 heimild um leið
"Þverá rennur í djúpu gili niður með túninu að austan og sameinast Norðurá. Þar eru kölluð Ármót. Við Ármót er var á Þveránni, sem heitir Neðravað. Efravað er nokkru ofar. Um bæði þessi vöð lá reiðvegur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 5

HV-405:018 *Heyvað* heimild um vað
"Skammt ofan við brúna er þriðja vaðið á Þverá. Það heitir Heyvað." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 5

HV-405:019 *Biskupskelda* örnefni
"Pokafell er fremur lítið fell og lágt og dálítið toppmyndað. Efst á því eru melar ... Biskupskelda liggur við rætur Pokafells að sunnan. Hún liggur fyrst í suður frá Pokafelli og beygir þá í austur og verður síðan að læk - og er sá lækur upptök Engilækjar, sem fellur til Laxár í Laxárdal í Skagafjarðarsýslu. Hér áður þótti Biskupskelda afar ill yfirferðar. Er sögn um, að guðmundir biskup góði hafi vígt hana og sé nafn hennar dregið af því. Nú er kominn vegur yfir Biskupskeldu. Sýslumerki Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu munu vera yfir Biskupskeldu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 6

HV-405:020 heimild
"Norðan hennar [Pokafellskvíslar] er Hlíðarárkvísl og þá kemur nafnlaus kvísl úr Austari-Leyni. Vestan þeirrar kvíslar er lítill hóll eða hæð við rætur Hamarshlíðar, í beina stefnu á Fannhólahrygg. Á þessum hól var lengi trékross. Var hann til minningar um Helgu nokkra, sem þar hafði einhvern tíma borið beinin." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 7

HV-405:021 heimild um leið
"Við Norðurá eru tvö klif, Heimaraklif og Fremraklif. Heimaraklif er vestan við Stóranesið, en Fremraklif er á milli nesjanna, einmitt þar sem landamerkjaskurðurinn milli Þverár og Hvammshlíðar kemur í Norðurá, heimast á Litlanesi. Tæpar reiðgötur lágu uppi á báðum þessum klifum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 8

HV-405:022 heimild um leið
"Við Norðurá eru tvö klif, Heimaraklif og Fremraklif. Heimaraklif er vestan við Stóranesið, en Fremraklif er á milli nesjanna, einmitt þar sem landamerkjaskurðurinn milli Þverár og Hvammshlíðar kemur í Norðurá, heimast á Litlanesi. Tæpar reiðgötur lágu uppi á báðum þessum klifum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Þverá, 8

HV-406 Skrapatúnga

30 hdr 1708, Hólastólseign. Útkirkja var á jörðinni. 1318: "[af Höskuldsstöðum skal] syngia annann huorn dag helgann j Tungu. Tuær merkr kaups ..." DI II, 470-471. "[1360/89]: "[af Höskuldsstöðum skal] sungid annad huorn dag helgann j Tungu. og tuær merckur kaupz ..." DI III, 170-172. 1395: "[af Höskuldsstöðum skal] syngia annan huern dag helgann til tungu octaka þar. ij. marka kaup ..." DI III, 599. 1471: Skrapatunga á allan Mjóadal fyrir austan fram Mjóadalsá, Gulltungur, Bárðardal og Almbáttardal til móts við Þverá í Noðurárdal. DI V, 612. 1486: Gerið í kirkjuskrá. DI V, 354
1708 á jörðin afrétt, f 10 hdr, á Mjóadal með Gulltungum, öllum Bárðardal og Ambáttardal. JÁM VIII, 430.
1708: "Túninu grandar vatnsuppgángur, sem sprettur upp úr jörðunni, jetur úr rótina og gjörir mikil

grasleysumýrar víða í túninu. Engjunum spilla lækir úr brattlendi, sem bera í leysíngum á þær grjót, aur og sand, so engið er þar fyrir meir en til helmínga ónýtt og eyðilagt." JÁM VIII, 430. 1920: Tún 4 ha, garðar 60m2. "Gróður er fjölbreytilegur og sumarhagar góðir." Húnaþing II, 130.

HV-406:001 *Skrapatúnga* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-406:002 heimild um útkirkja
1708: "Hjer segja men áður hafi hálfkirkja verið, og stendur það hús enn, sem haldið er að kirkjan hafi staðið. Ekki hafa hjer tíðir veittar verið í manna minnum, og kunna nálægir hjer um ei framar að undirrjetta."
SKRAPATUNGA Í LAXÁRDAL (HÖSKULDSSTAÐAÞING) (AH) ? HÁLFKIRKJA
1318: [af Höskuldsstöðum skal] syngia annann huorn dag helgann j Tungu. Tuær merkr kaups; Máld DI II 470?471 [Höskuldsstaða]
[1360?89]: [af Höskuldsstöðum skal] sungid annad huorn dag helgann j Tungu. og tuær merckur kaupz; Máld DI III 170?172 [Höskuldsstaða]
2.7.1395: [af Höskuldsstöðum skal] syngia annan huern dag helgann til tungu octaka þar. ij. marka kaup; Máld DI III 599 [Höskuldsstaða, sbr 1399]
1486: lítt standandi DI V 354
Heimildir: DI; JÁM VIII, 430

HV-406:003 heimild um fjós
Heimildir: Túnakort 1920

HV-406:004 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-406:005 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-406:006 *Draflastaðir* bæjarstæði býli
"Skammt fyrir neðan (vestan) Múrhrygg er Draflastaðaflói. Þaðan skammt vestur er eyðibýlið Draflastaðir, sem eru mjög fornar rústir." segir í örnefnaskrá
SSH: "Eyðijarðir .. Draflastaðir í Tungu landi ..." Kolka: "... en gegnt Neðstabæ í Norðurárdal er gamalt eyðibýli, Draflastaðir."
Heimildir: Ö-Skrapatunga, 1; SSH, 158-59; Páll V.G. Kolka: Föðurtún, 67

HV-406:007 *Svartamýri* álagablettur
"Suður af breiðinni neðst er Hulduhóll og ofan við hann er Svartamýri (álagablettur, mátti ekki slá)." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skrapatunga, 2;

HV-406:008 *Skrapatungurétt* heimild um rétt
"Skammt sunnan við túnið eru Réttareyrar. Þar stóð Skrapatungurétt, en er nú flutt á Ármótaeyrar." segir í örnefnaskrá SSH: "Afréttir. Útbæirnir nota Brunnárdalshnjúka sem afrétt og hafa rétt nálægt Skagastrandarkaupstað, er nefnist kaupstaðarétt. Frá Höskuldsstöðum og einstökum bæjum öðrum er rekið á Höskuldsstaðar afrétt, en flestir reka fé á Skrapatungu afrétt og fjöldi Langdæla þar að auki. Er Skrapatungurétt, skammt fyrir ofan Skrapatungu, aðalréttin, en hún er fallin mjög, og hefur lengi verið í ráði að flytja hana þaðan."
Heimildir: Ö-Skrapatunga, 2; SSH, 157

HV-406:009 *Draugatóft* heimild um fjárhús
"Norðast í túninu er fjárhús, sem hét Draugatóft." segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Skrapatunga, 2

HV-406:010 *Fjósvöllur* örnefni fjós
"Sunnan við lækinn hét Fjósvöllur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skrapatunga, 2

HV-406:011 *Hesthúsholl* örnefni hesthús
"Sunnan við lækinn hét Fjósvöllur. Ofan við hann er Hesthúshóll ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skrapatunga, 2

HV-406:012 *Gamlarétt* heimild um rétt
"Sunnan við lækinn hét Fjósvöllur. Ofan við hann er Hesthúshóll, þar ofar gömlu Réttarmóar, þar ofar Gamlarétt ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skrapatunga, 2

HV-406b Skrapatúnga [Skrapatunguafrétt]

1471: Skrapatunga á allan Mjóadal fyrir austan fram Mjóadalsá, Gulltungur, Bárðardal og Almbáttardal til móts við Þverá í Noðurárdal. DI V, 612. 1472 deilur um afréttaqrlönd í Mjóadal við bónda í Mánaskál. DI V, 677. 1708 á jörðin afrétt, f 10 hdr, á Mjóadal með Gulltungum, öllum Bárðardal og Ambáttardal. JÁM VIII, 430. "Hreppurinn eignaðist þetta land árið 1896, er það var keypt ásamt jörðinni Skrapatungu í Vindhælishreppi ... Í kaupum þessum fylgdi eyðibýlið Fannlaugarstaðir, sem er í Skeflistaðahreppi í Skagafjarðarsýslu. Þegar hreppurinn síðar seldi Skrapatungu, var afrétturinn tekinn undan, og hefir síðan verið nytjaður sem upprekstrarland ásamt Fannlaugarstöðum." Húnaþing II, 141.

"Afréttarland þetta, ásamt heimajörðinni Skrapatungu, eignaðist Engihlíðarhreppur með afsalsbréfi, útgefnu 8. sept. 1896 af Árna Á. Þorkelssyni, bónda að Geitaskarði, sem þá var oddviti Engihlíðarhrepps. Hafði hann ári áður, þ. 11/5 1895, keypt fasteignir þessar að (svo) tveim Skagfirðingum, Guðmundi Péturssyni, Hofs-stöðum, og Jóni Sigurðssyni, Skúfsstöðum. Hefir það strax verið meining hans, að Engihlíðarhreppur fengi fasteignir þessar, þó vegna ýmissa formsatriða og undirbúnings yrði að hafa þá aðferð, að hann persónulega keypti þær fyrst.

Auk heimajarðarinnar og afréttarlands, sem henni fylgdi, þar með þrætuland í fjöllunum móti Skálarhnjúk, fylgdi eyðijörðin Fannlaugarstaðir í Skefilsstaðahreppi. Eftir að Engihlíðarhreppur eignaðist jörðina, byggði hann heimajörðina, en tók afréttarlandið undan og sameinaði það Fannlaugarstaðalandi til upprekstur fyrir Enghlíðinga, og hefur svo haldizt síðan." Ö-Afréttarlönd Engihlíðarhrepps, 1 "Takmörk Skrapatunguafréttar eru að austan Ytri-Laxá, og að hluta að norðan Engjalækur, og liggur afréttur Skagfirðinga þar að, en merki milli Vindhælis- og Engihlíðarhreppa eru um línu hugsaða úr Biskupskeldu, sunnan engilækjar, um vörðu á Hrossskálarhaus, í Sjónarhól, skammt sunnan Ambáttarár. Þaðan ráða merkjum að norðan, Hvammshlíðará og Ambáttará. Að sunnan eru merkin við Tröllá, í Vesturskarð, en að vestan um Mjóadalsá, og tilheyrir fjallið vestan ár Vindhælishreppi." Húnþing II, 141. "Takmörk Skrapatunguafréttar er að nokkru gróðursnaut, illgengt fjalllendi, en að meirihluta gróið land, grösugir, skýldir dalir, flóar, flár, valllendisbrekkur og mólendi, ..." Húnaþing II, 141

HV-406b:001 varða landamerki
"Takmörk Skrapatunguafréttar eru að austan Ytri-Laxá, og að hluta að norðan Engjalækur, og liggur afréttur Skagfirðinga þar að, en merki milli Vindhælis- og Engihlíðarhreppa eru um línu hugsaða úr Biskupskeldu, sunnan engilækjar, um vörðu á Hrossskálarhaus ..." segir í Húnaþingi
Heimildir: Húnþing II, 141

HV-406b:002 *Skrapatungusel* heimild um sel
"Á Mjóadalnum að austan stóðu tóftir að Skrapatunguseli, en eru nú nær horfnar, m.a. vegna landbrots af ánni." segir í örnefnaskrá. SSH: "Selstöður, er menn þekkja, hafa áður verið nefndar, en skulu ítrekaðar hér. ... Skrapatungusel á Mjóadal ..."
Heimildir: Ö-Afréttalönd Engihlíðarhrepps, 2; SSH, 156-57

HV-406b:003 *Gálgagil* örnefni
“Er dalnum sleppir, grefur áin sig í gegnum hæðahrygg og hefir myndað hrikalegt klettagljúfur, sem Gálgagil heitir. Nær það ofan á sléttlendi Hvammshlíðardals um Höskuldsstaðasel, er stendur í horninu að austan, þar sem Hvammshlíðardalur liggur til norðurs en Ambáttardalur til austurs. Er þar kallað Hvammshlíðarhorn og er í afréttarlandi Vindhælishrepps.” segir í örnefnaskrá “Í gilinu er sagt, að 9 útileguþjófar hafi verið hengdir og sé þar ærið reimt síðan.”
Heimildir: Ö-Afréttalönd Engihlíðarhrepps, 2; Jón Eyþórsson: Árbók ferðafélagsins 1964, 37

HV-406b:004 *Höskuldsstaðasel* heimild um sel
“Er dalnum sleppir, grefur áin sig í gegnum hæðahrygg og hefir myndað hrikalegt klettagljúfur, sem Gálgagil heitir. Nær það ofan á sléttlendi Hvammshlíðardals um Höskuldsstaðasel, er stendur í horninu að austan, þar sem Hvammshlíðardalur liggur til norðurs en Ambáttardalur til austurs. Er þar kallað Hvammshlíðarhorn og er í afréttarlandi Vindhælishrepps.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Afréttalönd Engihlíðarhrepps, 2

HV-406b:005 vegur leið
“Liggur vegslóðin norður afréttina, af eyrunum við Bárðardalsá, upp í hornið hjá steininum og austur hlíðina, þar uppi, sem þurrlendara er, austur að Fífugili. Er það alldjúpt gil, sem sker hlíðina ofan frá brún og niður á flatlendið gegnt Sjónarhól. Hefir framburður úr gilinu myndað þar töluverðar valllendisgrundir, sem heita Fífugilseyrar. ... Út og upp undan Fannlaugarstöðum er slakki í fjallsbrúnina, nærri norðast, heitir þar Nónskarð (miðað frá Fannlaugarstöðum). Liggur vegarslóðin þar yfir vestur á Ambáttardalinn og vestur hann, hátt uppi, ofan við flóa- og foræðiskrika, Nónskarðsflá, vestur að Fífugili og niður gilbarminn alllengi og yfir það á slóðirnar vestan [við] dalinn. Nónskarð hefir verið leið Sigurðar tröllа í kaupstað, sem trúlega hefir ekki verið mjög tíðlega.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Afréttalönd Engihlíðarhrepps, 5-6

HV-406b:006 heimild um vað
“Á Ambáttargilbarminum, rétt austan við vaðið á ánni, þar sem farið er, þegar komið er utan Laxárdalinn, eru einhverjar þústir og hleðslur, heitir það Dysin. Á þar að hafa verið dysjaður óbótamaður.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Afréttalönd Engihlíðarhrepps, 6

HV-406b:007 *Dysin* heimild
“Á Ambáttargilbarminum, rétt austan við vaðið á ánni, þar sem farið er, þegar komið er utan Laxárdalinn, eru einhverjar þústir og hleðslur, heitir það Dysin. Á þar að hafa verið dysjaður óbótamaður.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Afréttalönd Engihlíðarhrepps, 6

HV-406b:008 garðlag
“Í graslendinu skammt frá gilbarminum sér öðru hvoru, norðan frá Ambáttará og langt fram hlíðina, fyrir garðlagi, sem legið hefir frá norðri til suðurs. Ekki er vitað, til hverra hluta mannvirki það hefir verið gjört, en margar vinnustundir hafa farið til byggingar þess.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Afréttalönd Engihlíðarhrepps, 6

HV-406b:009 heimild um sæluhús
“Framan við Rauðagil hækkar dalurinn töluvert. Liggur þar á kafla hóla-þyrping þvert yfir dalinn að austurhlíðinni, er þetta svæði kallað Rauðagilshólar. Í suðausturhorni hólanna, skammt frá ánni, eru rústir að gangnamannakofa, sem Enghlíðingar byggðu og notuðu alllengi. Handan árinnar, suðaustur frá kofanum, blasa við tóftarbrotin að eyðibýlinu Þórðarseli.”
Heimildir: Ö-Afréttalönd Engihlíðarhrepps, 7

HV-406b:010 *Þórðarsel* bæjarstæði býli/sel
“Framan við Rauðagil hækkar dalurinn töluvert. Liggur þar á kafla hóla-þyrping þvert yfir dalinn að austurhlíðinni, er þetta svæði kallað Rauðagilshólar. Í suðausturhorni hólanna, skammt frá ánni, eru rústir

að gangnamannakofa, sem Enghlíðingar byggðu og notuðu alllengi. Handan árinnar, suðaustur frá kofanum, blasa við tóftarbrotin að eyðibýlinu Þórðarseli." Í eyði frá 1871
Heimildir: Ö-Afréttalönd Engihlíðarhrepps, 7; SSH, 137

HV-406b:011 *Skálarhnjúkur* bæjarstæði býli
"Hlíðin norðan frá Rauðagili fram að Tröllabotnum heitir Fagrahlíð. Alldjúpt gil liggur til suðvesturs upp í hlíðina framan við miðju, sem heitir Fögruhlíðargil, lækur samnefndur fellur í Laxá út og yfir undan Skálarhnjúk, sem er eyðibýli austan Laxár. Utar í hlíðinni, sunnan við Kofaflá, rennur annar lækur í Laxá, sem Kofalækur heitir; hefir hann upptök í dýjavætum uppi í hlíðinni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Afréttalönd Engihlíðarhrepps, 8

HV-406b:012 *Trölleyrar* bæjarstæði býli
"Er kemur fram á Trölleyrar (þar er eyðibýli), breytir áin stefnu og nafni og heitir Tröllá. Kemur hún suðvestan úr fjallgarðinum, úr Tröllabotnum. Er það eins konar dalverpi, sem liggur þvert við hlíðinni framan við Miðaftansfjallið og Bárðardalinn og takmarkast að norðvestan af Tröllakistu og Klökkum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Afréttalönd Engihlíðarhrepps, 8

HV-406b:013 heimild um kolagröf
"Svæðið neðan við skálarnar, frá Stóralæk upp með Tröllá upp að hólum, heitir Grasahlíð; eru votlendar breiðar neðan til, en ofar móaland með fjallagrösum og öðrum kjarnagróðri. Hátt í Tröllabotnunum eru töluverðar hrafntinnuflesjur, og talið hefir verið, að smíðakol hafi Gunnar í Skálarhnjúk tekið til sinna þarfa þar uppi í botnunum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Afréttalönd Engihlíðarhrepps, 8

HV-406b:014 heimild um sel
1472: Dómur um að Þorsteinn Omarsson bóndi í Mánaskál hafi beitt Mjóadal eign Skrapatungu í óleifi, haft þar sel, austan fram ána, og selför í 2 ár.
Heimildir: DI V, 676-680

HV-407 Balaskarð
20 hdr 1708, Hólastólseign. 1708: "Túninu grandar lækur sem rennur úr bröttu fjalli og ber sand og grjót á völlinn til stórskaða. engjunum spilla smálækir, sem renna úr brattlendi, og bera á þær grjót og sand." JÁM VIII, 429. 1920: Tún 5,2 ha, garðar 150m2. "Jörðin er landmikil og eru sumarhagar þar með ágætum. Gott til ræktunar." Húnaþing II, 131.

HV-407:001 *Balaskarð* bæjarhóll bústaður
"Heimreiðin lá af Sigurlaugareyrinni yfir mýrina og grundina heim að "Skálanum". Það var gömul venja, því þar sunnan við lækinn hafi gamli bærinn staðið." segir í örnefnaskrá "Íbúðarhúsið stendur svotil beint fyrir neðan þar sem gamalt húsið stóð, en eftir af því er aðeins kjallarinn og þar þar á." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Balaskarð ath og við, 3

HV-407:002 heimild um fjós
"... en fjósið og skálinn (skemma) að sunnanverðu." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Balaskarð, 6

HV-407:003 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-407:004 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-407:005 álagablettur
“Ef komið er eftir veginum, eins og hann liggur eftir dalnum, eru þessi örnefni með Laxá: Langitangi, Harðeyri, (aðskilin með sýki), Lyngeyri, (þar er oft mikið af kækiberjum) Sigurlaugareyri, og Undireyri. Eyrar þessar voru oftast slegnar árlega, eða nokkuð af þeim, því oft var veitt vatni á þær úr smálækjum ofan úr flóanum. Undireyrin, sem nær allt að Balaskarðsá, var aldrei slegin. Álög hvíldu á henni, þó sérstaklega Undireyrarbarðinu (-brekkunni). Þá áttu að misfarast skepnur hjá þeim, sem hirti heyið.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 2

HV-407:006 heimild um áveitu
“Ef komið er eftir veginum, eins og hann liggur eftir dalnum, eru þessi örnefni með Laxá: Langitangi, Harðeyri, (aðskilin með sýki), Lyngeyri, (þar er oft mikið af kækiberjum) Sigurlaugareyri, og Undireyri. Eyrar þessar voru oftast slegnar árlega, eða nokkuð af þeim, því oft var veitt vatni á þær úr smálækjum ofan úr flóanum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 2

HV-407:007 heimild um ristu
“Efst í Skriðuflóanum og Skriðufætinum var oft rist heytorf. Það var flutt til þerris á langan og lágan mel sunnan við Skriðuna neðst. Af því var hann kallaður Torfmelur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 2

HV-407:008 heimild um stekk
“Suður og niður frá Ausu eru Breiðarnar. ... Suður af Breiðunum eru Stekkjarbörðin. Nyrst í þeim er Stekkurinn.” segir í örnefnaskrá “Einnig sást rústir af hinum stekknum við Stekkjarbörðin.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 2; Ö-Balaskarð ath og viðb, 2

HV-407:009 heimild um mógrafir
“Syðst á Stekkjarbörðunum er Rauðimelur og ofan við hann Litli-melur, - báðir notaðir til að þurrka á þeim mó, því mikil mótekja var þar ofan við. Sumt af mónum var þurrkað á svokallaðri Mógrund, sem er utanvert við mógrafirnar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 3-4

HV-407:010 heimild um stekk
“Suður frá Mónum liggur laut eða breið. Þegar kemur suður fyrir Bæjarlæk heitir hún Þverlaut. Hún nær allt að Stekkjarlæk (er það annar lækur með samannafni en sá, sem rennur um Stekkjarbörðum [008] utan og neðan við Mó) en hann kemur ofan af Urðum og rennur í geng um Hvörfin ...” segir í örnefnaskrá “Hann [Sekkjarlækurinn] rennur um hvörfin og í Balaskarðsá. Sést þar vel fyrir rústum af stekk á sléttri grund við Balaskarðsárgilið.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 4; Ö-Balaskarð ath og viðb, 2

HV-407:011 *Kofahlíð* örnefni
“Þröskuldur heitir austast í skarðinu [Balaskarðinu], sem lokað þar fyrir skarðið. Grákollugil, Kofahlíð og Leiti eru örnefni að sunnan verði í Balaskarði.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 5

HV-407:012 heimild um brú
“Brú er á [Bæjar]læknum úr timbri og þakin með torfi, og rétt neðar vað fyrir stórgripi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 6

HV-407:013 heimild um vað
“Brú er á [Bæjar]læknum úr timbri og þakin með torfi, og rétt neðar vað fyrir stórgripi.” segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Balaskarð, 6

HV-407:014 heimild um fjárhús
“Utan við lækinn voru þessi nöfn: “Slétturnar utan við lækinn”, “Móarnir utan við lækinn”, Grundin, þar stóðu fjárhús ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 6

HV-407:015 *Tröðin* heimild um traðir
“Að sunnan við skálann lá gömul gata, Tröðin, upp fyrir tún.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 6

HV-407:016 *Litla-Dagslátta* heimild um nátthaga
“Á milli bæjarlækjar og traðarinnar ofan við bæinn er Dagsláttan. Nokkur hluti hennar var stundum kallaður Litla-Dagslátta. en það mun hafa verið gamall nátthagi, því hún var girt lágum torfgörðum allt um kring.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 6

HV-407:017 heimild um túngarð
“Ofan við túnið og að sunnan lá öflugur túngarður.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 6

HV-407:018 heimild um hesthús
“Gamlahesthúsið var syðst og efst í horninu í túninu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 6

HV-407:019 heimild um fjárhús
“Gamlahesthúsið var syðst og efst í horninu í túninu. Þar neðar Suðurtún. Þar stóðu elstu fjárhúsin (sauðahúsin).” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 6

HV-407:020 heimild
“Rústir eftir hús voru neðst í túninu bæði að utan og sunnan við lækinn, en engar sögur fylgdu þeim.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 7

HV-407:021 heimild
“Rústir eftir hús voru neðst í túninu bæði að utan og sunnan við lækinn, en engar sögur fylgdu þeim.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð, 7

HV-407:022 varða
“Melinn sem hann [P.J] nefnir Kollóttamel köllum við Vörðumel, dregið af vörðu, sem stóð á honum. Mig minnir að ég hafi heyrt, að afi minn hafi hlaðið þessa vörðu ...” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð ath og við, 1

HV-407:023 *Brekkuhús* heimild
“Bak við Brekkuhúsin, sem nú eru bara rústir, er hvammur, sléttur og grösugur, Hlöðuhvammur og annar utar og neðar, Neðri-Hlöðuhvammur, en valllendisbrekka á milli þeirra.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð ath og við, 2

HV-407:024 *Hlöðuhvammar* örnefni hlaða

“Bak við Brekkuhúsin, sem nú eru bara rústir, er hvammur, sléttur og grösugur, Hlöðuhvammur og annar utar og neðar, Neðri-Hlöðuhvammur, en valllendisbrekka á milli þeirra.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð ath og við, 2

HV-407:025 *Húsabrekka* örnefni
“Blettur nefnist lítill þríhyrningur, sem afmarkast af túngirðingu, skurði og móabarði að austan. En suður og austur af Blettinum er mjó slétta og Húsabrekkan sem afmarkast með skurði, sem liggur út fyrir ofan húsin.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Balaskarð ath og við, 4

HV-407:026 heimild um leið
“Yfir Balaskarð má ganga austur um Ambáttardal og norður til Gönguskarða.”
Heimildir: Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 94.

HV-408 Mánaskál

20 hdr. 1708. Hólastólseign. Bænhús var á jörðinni. 1318: “[frá Höskuldsstöðum skal] syngia ... xij. messur til manaskäla. half mork [kaups] ...” DI II, 470-471 [1360/89]: “[af Höskuldsstöðum skal] sungid ... .xij. messur thil manaskalar ...” DI III 170-172. 1377: “sagdi [seljandi] til benhus skylldar at manaskal ...” DI III, 317 1395: “[af Höskuldsstöðum skal] syngia ... xij. messor til manaskalar ...” DI III, 599. 1486: er uppi DI V 354. 1496: Sölubréf fyrir 10 hdr í jörðinni. DI VII, 298. 1517: Selur Gilsbright Jónsson Gottskálki biskupi Mánaskál til panta fyrir 35 hdr, er viskup átti hhjá honum, en lausn sé á jörðinni innan þriggja ára. DI VIII, 602. Neskot eyðihjáleiga frá Mánaskál.

1708: “Túninu grandar skriða ein stór, sem lækur hefur borið á það úr brattlendi fyrir nokkrum árum, og tekið burt grasvöxt af miklum parti vallarins, so hann hefur ei síðan slegið orðið. Engjunum grandar til stórskaða grjóthrun úr brattlendisfjalli.” JÁM VIII, 428. 1920: Tún 4,4 ha, garðar 104m2.

HV-408:001 *Mánaskál* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

HV-408:002 heimild um bænhús
MÁNASKÁLI Í LAXÁRDAL (HÖSKULDSSTAÐAÞING) (AH) ? BÆNHÚS
1318: [frá Höskuldsstöðum skal] syngia ... xij. messur til manaskäla. half mork [kaups];
Máld DI II 470?471 [Höskuldsstaða]
[1360?89]: [af Höskuldsstöðum skal] sungid ... .xij. messur thil manaskalar; Máld DI III 170?172 [Höskuldsstaða]
5.5.1377: sagdi [seljandi] til benhus skylldar at manaskal; DI III 317
2.7.1395: [af Höskuldsstöðum skal] syngia ... xij. messor til manaskalar; Máld DI III 599 [Höskuldsstaða, sbr. 1399]
1486: er uppi DI V 354
Heimildir: DI

HV-408:003 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-408:004 *Máni* heimild um legstað
“Fyrir ofan Ollarima og Dýjadalsbotn er allhár hnjúkur, sem Illviðrishnjúkur heitir. Efst á Illviðrishnjúk er hringlaga haugur úr hellugrjóti, 4-5 metrar í þvermál og 1-1 1/2 metri á hæð.” segir í örnefnaskrá FF: “Þá má enn nefna svo kallad Mánaleidi, og er þad - ad kunnugra Sögn - audsiáanlegt Mannaverk, þad er á sliettumm mel fyrir nordann MánaSkálar Tún samanhladid Griót, í líkíng vid stórgiördt leidi, og almenn Sögn ad Mánai, sem Mána Skál byggdi liggi þar.”

“Munnmæli segja að þar sé heygður fornmaður, Máni, sá er fyrstur byggði og bjó á Mánaskál. En hvað sönn sem sú saga er, þá er líklegt, að haugur þessi sé gerður af mannahöndum því grjót líkt því,

sem í haugnum er, finnst þar hvergi nærri. Tvær ferðir hafa verið farnar, svo vitað sé, til að grafa í haug þennan, en misfarist báðar, og ekki verið aðhafst neitt um að grafa í hauginn, og hefir sennnilega ráðið þar mestu um kjarkleysi þeirra, er tilraunina ætluðu að gjöra." segir í örnefnaskrá

"Illviðrahnjúkur í Laxárdalsfjöllum er iett hæsta fjall í Húnavatnssýslu. Á hákolli hans er grjótþúst mikil og heitir Mánahaugur. Munnmæli segja að undir honum hvíli Máni landnámsmaður á Mánaskál, er féll vopnbitinn nærri bæ sínum. Haugurinn virðist upphaflega hafa verið hlaðinn sem verða, ferhyrndur, 2-3 m. á hlið og rösklega 1 m á hæð. Hleðslan er nú hrunin mjög, og segja gamlir menn, að þarhafi menn verið að verki, en hugðust leita fjár á haugsbotninum. Síðast lagði þar hönd að smalapiltur úr Laxárdal á ötðum tug þessarar aldar, en gast upp eftir okkra tilraun ... Hleðsla sést greinilegust í suðvesturhorni, og þar stendur hún óhögguð."
Heimildir: Ö-Núpur, 1-2; FF, 482; Magnús Björnsson: "Mánahaugur", 107

HV-408:005 *Fjósvöllur* örnefni fjós
"... á bak við bæinn er Fjósvöllur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Mánaskál, 1

HV-408:006 heimild um stekk
"Í suður frá Mánaskálartúni eru samfelldar sléttar valllendisgrundir suður að Tröllaskarði, og heita þær Mánaskálargrundir. Á þeim grundum við ána er melur, sem heitir Stekkjarhóll. Hann er grasi gróinn nema á kollinum, þar er tóftarbrot lítið." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Mánaskál, 2

HV-408:007 *Neskot* bæjarstæði býli
"Ólavíus tekur Neskot eða Stekkjarkot eyðibýli í Mánaskálarlandi. Ef til vill hefur það verið á grundunum [sjá 006]." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Mánaskál, 2

HV-408:008 heimild um útihús
"Húsalaut er sunnan peningshúsanna." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Mánaskál GJ, 1

HV-408:009 heimild um smalakofa
"Austan Grjótskálarflóans er Leitisflói. Austan hans rís Leiti yfir flóann. Austan Leitis er Kofahlíð (hjásetukofi)."
Heimildir: Ö-Mánaskál GJ, 1

HV-408:010 *Mánaskálarsel* heimild um sel
SSH: "Selstöður, er menn þekkja, hafa áður verið nefndar, en skulu ítrekaðar hér. ... Mánaskálarsel."
Heimildir: SSH, 156-57.

HV-409 Núpur

10 hdr 1708, Hólastólseign. Í eyði 1708. Hjarðarhagi nýbýli. 1708: "Túninu grandar skriður, sem renna úr fjalli í vatnavöxtum og bera á það grjót og leir til stórskaða. Engjunum grandar Laxá að neðan en skriður að ofan, sem hvorutveggja ber grjót og sand og leir á engið til skaða." JÁM VIII, 428 1920: Tún 2,3 ha. "Undirlendi er lítið, fljótt taka við snarbrattar hlíðar Laxárdalsfjalls." Húnaþing II, 133

HV-409:001 *Núpur* bæjarhóll bústaður
1920 var fjós fast við bæinn.
Heimildir: Túnakort 1920

HV-409:002 heimild um fjárhús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-409:003 heimild um hesthús
Heimildir: Túnakort 1920

HV-409:004 heimild um sel
1708: “Selstöðu á jörðin [Geitaskarð] í Núpslandi á Laxárdal, en beit öngva, og segja menn, að þegar þessi selstaða var brúkuð, hafi búfé verið beitt Illugastaðaland, sem þá hafi verið eign bóndans á skarði.”
Heimildir: JÁM VIII, 404

HV-409:005 heimild um sel
“Í valllendisjörðunum fyrir norðan Slakkann er móastykki, sem grænaþýfi heitir, og þar norðar Dýjadalsflæði. Skriða upp af Merkieyri er nefnd Merkjaskriða, norðantil í henni sézt fyrir gömlum tóftum, sem munu vera gamlar seltóftir.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Núpur, 1

HV-409:006 tóft býli/sel
SSH: “Í Selfjalli neðanverðu sjást rústir talsverðar, sem býli hefði þar verið, upphaflega hefur það eflaust selstaða verið (Núpssel ?) ...”
Heimildir: SSH, 133

HV-721 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Vindhælishreppi

HV-721:001 *Vatnsgötur* heimild um leið
“Neðan túns [Á Spákonufelli], sunnan Þjóðvegarins er Suðurflói, efst í honum er Kerlingarholt, en norðan vegarins markar enn fyrir hinum gömlu lestargötum til Höfðakaupstaðar og kallast Vatnsgötur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Spákonufell, 6

HV-721:002 heimild um leið
“Ferðamannaflói er vestan við Klaufarhólinn og Klaufina og um hann lá fjölfarinn vegur til Hafna og Hafnabúða, sem voru fjölmennar útróðrarstöðvar. Sýnilegt er, að þarna lá fjölfarinn vegur.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá “Þegar farið var norður, var farið yfir Fossá á Brangatnavaði (Jón telur, að göturnar yfir Örlygsstaða-, Kurfs- og Hróarsstaðalönd) hafi heitað Brangötur, en Hofsgötur sunnan við Hof), en hún er í Króksels- og Bjargalöndum. Síðan er haldið áfram norður og kemur þá fljótlega að læk, Leggjabrjót. Yfir hann er farið, og þá er komið á Ferðamannaás. Fyrir norðan hann eru hólar og klettar, grjóthólar og smáfell, og þar yfir liggja göturnar áframhaldandi, og er þá komið að Ferðmannaflóa fyrrnefndum. Fyrir vestan hann (eiginlega austast í Kálfshamarsborgum) liggja margar götur til norðurs, yfir Laxá í Nesjum, fyrir neðan Laxárvatn (Í Tjarnar-, Óss- og Sauralandi), og áfram norður yfir Hæðirnar (Tjarnarfjall) yfir að gömlu Hafnarbúðum.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kálfshamar ath og viðb, 10

HV-721:003 heimild um leið
“... en forn reiðvegur er austur Hallárdal til Laxárdals ytri ...” segir í örnefnaskrá SSH: “Aðalvegurinn til Skagafjarðar liggur upp Hallrádal og yfir fjall að Skíðastöðum.”
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 25; SSH, 159

HV-721:004 heimild um leið
“Úr Norðurárdal liggur gamall þjóðvegur austur yfir fjall.” SSH: “... en vegurinn úr Norðrárdal til Skagafjarðar liggur upp yfir Leiti, fyrir norðvestan Hvammshlíðarfjall, og ofan á Laxárdal ofarlega, og þá annað hvort ofan eða fram dalinn eða yfir Kolhaugafjall.”
Heimildir: Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 46; SSH, 159

HV-721:005 garðlag

SSH: “Vestan í Núpsfjalli er forn merkigarður glöggur, er stefnir frá suðvestri til norðausturs. Er honum fylgt, það sem hann nær.”
SSH: “Að vestanverðu liggur sú stefna yfir svonefnda Kollugerðistjörn og um varphólma í tjörninni, og þaðan um neðanverðan Langahvamm í Laxá, en Langihvammur nær upp að reiðgötum, og er nú aðalengjar Höskuldsstaða. Garðlagsstefnunni er nú aðeins fylgt ofan að tjörninni, beygir svo fyrir hana ofan að reiðgötum, og þaðan frá ráða þær að Laxá.”
Heimildir: SSH, 147

HV-721:006 heimild um leið
SSH: “Að vestanverðu liggur sú stefna yfir svonefnda Kollugerðistjörn og um varphólma í tjörninni, og þaðan um neðanverðan Langahvamm í Laxá, en Langihvammur nær upp að reiðgötum, og er nú aðalengjar Höskuldsstaða. Garðlagsstefnunni er nú aðeins fylgt ofan að tjörninni, beygir svo fyrir hana ofan að reiðgötum, og þaðan frá ráða þær að Laxá.”
Heimildir: SSH, 147

HV-721:007 heimild um leið
SSH: “Alfaravegurinn úr kaupstað fram í Langadal og vestur í sveitir liggur spölkorn fyrir neðan Kjalarland, rétt fyrir ofan Hafursstaði og Ytriey; rétt fyrir neðan Syðriey, Ytrahól og Höskuldsstaði og spölkorn fyrir neðan Kollugerðistjörn; yfir Laxá neðst í Syðrahólsstekkjarhvammi; rétt fyrir neðan Neðrilækjardal og inn Refasveit og fram að Blöndu er hún er farin á Klifum.”
Heimildir: SSH, 159

HV-721:008 heimild um leið
SSH: “Hinn [vegurinn] liggur inn fyrir ofan Kollugerði og neðan Syðrahóls og Njálsstaða. Klofnar hann þá enn, og liggur annar upp með Laxá og Norðrá, en hinn yfir Laxá á Lækjarósvarði gegnt Neðrimýrum.”
Heimildir: SSH, 159

HV-721:009 heimild um leið
SSH: “Hinn [vegurinn] liggur inn fyrir ofan Kollugerði og neðan Syðrahóls og Njálsstaða. Klofnar hann þá enn, og liggur annar upp með Laxá og Norðrá, en hinn yfir Laxá á Lækjarósvarði gegnt Neðrimýrum.”
Heimildir: SSH, 159

HV-721:010 heimild um leið
SSH: “Kvíslast sá vegur enn, svo einn liggur fram Efribyggð á Refasveit, annar fram Kallbak að Breiðavaði og hinn þriðji upp með Laxá að sunnan og fram á dalinn.”
Heimildir: SSH, 159

HV-721:011 heimild um leið
SSH: “Kvíslast sá vegur enn, svo einn liggur fram Efribyggð á Refasveit, annar fram Kallbak að Breiðavaði og hinn þriðji upp með Laxá að sunnan og fram á dalinn.”
Heimildir: SSH, 159

HV-721:012 heimild um leið
SSH: “Kvíslast sá vegur enn, svo einn liggur fram Efribyggð á Refasveit, annar fram Kallbak að Breiðavaði og hinn þriðji upp með Laxá að sunnan og fram á dalinn.”
Heimildir: SSH, 159

HV-721:013 heimild um leið
SSH: “Hinn vegurinn sem liggur með Laxá að norðan og Norðurá, deilist við ármótin, og liggur annar upp Norðrárdal, en hinn yfir hana og upp með Laxá sunnanverðri.”
Heimildir: SSH, 159

HV-721:014 heimild um leið

SSH: “Hinn vegurinn sem liggur með Laxá að norðan og Norðurá, deilist við ármótin, og liggur annar upp Norðrárdal, en hinn yfir hana og upp með Laxá sunnanverðri.”
Heimildir: SSH, 159

HV-721:015 heimild um leið
SSH: “Fara má upp Balaskarð og svo Urður ofan hjá Barði í Norðurárdal, og einnig má fara af Balaskarði fyrir norðan Snúnahnjúk ofan í Mjóadal og þaðan yfir á Ambáttardal austur að Ytrilaxá, og deilast þar vegir ofan í Staðarsveit og norður í Skörð, ofan hjá Sauðá og yfir Kolhaugafjall ofan hjá Heiðarseli og en fyrir Kolhaugafjall og Mörhjallahlíð ofan Laxárdals ytra.”
Heimildir: SSH, 159

HV-722 Óstaðsetjanlegar fornleifar í Vindhælishreppi

HV-722:001 heimild
SSH: “Á Laufskálanesi er gamalt garðlag, en girðir fyrir nesið (Óvíst til hvers. Hvort þar kann að hafa verið veiðiskáli, er óvíst).”
Heimildir: SSH, 163

HV-722:002 *Efstibær* bæjarstæði býli
1318 er Jarðarinnar efstabæjar getið í máldaga Spákonufellskirkju ekki vitað hvaða jörð þetta er, sennilega Þverá í Hallárdal.
Heimildir: DI II, 469-470

HV-723 Almenningur
“Almenningur er landsvæði um miðbik Skaga, sem takmarkast af heimalöndum beggja vegna á skaganum, en lönd ýmsra jarða ná langt upp í heiðina. Almenningur er því talsvert minni landsvæði, en það sem venjulega gengur undir nafninu Skagaheiði. ... “Mun þessi Almenningur með réttu tilheyra sameiginlega til nota öllum austur - og vesturbúum Skagans, en ei annarra sveita fólki” segir í lýsingu Hofsprestakalls 1840. Þessi skipan landnytjar í Almenningi mun ævaforn og er t.d. getið um Almenning í landamerkjaskjali Hofs frá því um 1530.” Ö-Almenningur PS, 1

HV-723:001 *Ketusel* heimild um sel
“Suðurhorn Kjöls heitir Fremri-Kjölshaus, en Trafalaskarð liggur gengum Kjöl, nálægt miðju hans. Frá þessum norðausturhornmerki á miðjum Kili, ræður til suðurs bein lína um Kjöl, austanvert við Arnavatnshaug, sem er strýtuhóll norðast í Ketubruna. Hann er hornmerki Mallands og Ketu og er Ketusel skammt austan hans.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Almenningum P.S, 2

HV-723:002 *Skemmuhóll* örnefni
“Einn Búhóla heitir Skemmuhóll.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Almenningum P.S, 2

HV-723:003 *Þrívörðuhólar* örnefni
“Á vesturjaðri Brunans skammt fyrir norðan miðju hans er Þrívörðuhóll.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Almenningum P.S, 2

HV-723:004 varða
“Úr Miðá vestur undir áðurnefndum Melhól, sem er suðaustur hornmerki, ræður til vesturs bein lína í vörðu, sem hlaðin er austarlega á Urðum ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Almenningum P.S, 2